

**Byggðasöfn á Íslandi**

*Byggðasöfn á Íslandi*

© 2015 Rannsóknasetur í safnafræðum  
við Háskóla Íslands

Ritstjóri: Sigurjón Baldur Hafsteinsson  
Myndritstjóri: Sigurlaug Jóna Hannesdóttir  
Umbrot: Helga Björg Kjerúlf  
Prentun: Oddi  
Leturgerð er Sina Nova & Avenir  
Printed in Iceland

Útgefandi: Rannsóknasetur í safnafræðum  
við Háskóla Íslands

*Bók þessa má afrita með ljósmyndun, prentun,  
hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til,  
svo fremi sem bennar er getið og að sú afritun sé ekki gerð  
í hagnaðarskyni. Sé afritun bókarinnar, að hluta eða í  
heild, gerð í hagnaðarskyni, þarf skriflegt leyfi höfunda,  
réttbafa myndefnis og útgefanda.*

ISBN: 978-9979-72-791-0

Forsíða: Íslenska safna serían [5. útgáfa] –  
Unnar Örn 2004 – 2015

**Byggðasöfn á Íslandi**



	<b>Inngangur</b>	
	Ræktunarstarf byggðasafna, 2015 Sigurjón Baldur Hafsteinsson	7–17
01	Byggðasafn Vestfjarða, 1941 Jón Sigurpálsson	19–31
02	Byggðasafn Borgarfjarðar, 1946 Guðrún Jónsdóttir	33–43
03	Byggðasafn Skagfirðinga Glaumbæ, 1948 Sigríður Sigurðardóttir.	45–56
04	Byggðasafn Rangæinga og Vestur–Skaftfellinga, 1949 Vigdís Finnbogadóttir	59–67
05	Sagnheimar, byggðasafn Vestmannaeyja, 1952 Helga Hallbergsdóttir	69–81
06	Byggðasafn Hafnarfjarðar, 1953 Björn Pétursson	83–95
07	Minjasafn Reykjavíkur, 1954 Helgi Máni Sigurðsson	97–114
08	Byggðasafn Þingeyinga, 1958 Björn Ingólfsson	117–128
09	Byggðasafn Árnesinga, 1964 Jón M. Ívarsson	131–147
10	Byggðasafn Húnavtinga og Strandamanna, 1967 Sólveig Hulda Benjamínsdóttir	149–161
11	Byggðasafn Reykjanesbæjar, 1978 Sigrún Ásta Jónsdóttir	163–171
12	Byggðasafn Austur–Skaftafellssýslu, 1980 Gísli Sverrir Árnason og Vala Garðarsdóttir	173–182
13	Byggðasafnið Hvoll, 1987 Íris Ólöf Sigurjónsdóttir	185–195
14	Byggðasafn Norður–Þingeyinga, 1991 Arndís Bergsdóttir	197–205
	<b>Viðauki</b>	207–210
	Þjóðleg menning Ragnar Ásgeirsson	
	<b>Myndaskrá</b>	212–213



## Ræktunarstarf byggðasafna Sigurjón Baldur Hafsteinsson

Saga byggðasafna á Íslandi er samofin starfi mannsins við að safna og túlka efnislegar minjar um mannkynið, störf þess og tengsl við umhverfi sitt. Fyrstu vísar að þessu starfi eru oft raktir til Forn–Grikkja, en sagan segir að níu gyðjur hafi setið á Parnasus–fjalli í Grikklandi og voru þær fulltrúar fyrir ákveðna þekkingu. Orðið museum er dregið af gríska heitinu yfir gyðjurnar, mousai, og þýtt hefur verið á íslensku sem safn. Fyrstu veraldlegu safnastofnunina er að finna í Alexandríu á þriðju öld fyrir Krist, en þar fengust fræðimenn við túlkun á þekkingu. Þegar Ashmolean–safnið í Oxford opnaði dyr sínar fyrir almenningi árið 1683 var um róttæka breytingu að ræða á starfsemi safna, en fram að þeim tíma höfðu söfn verið leikvangur valdastétta og takmarkaði aðgang almennings að þeim. Á 18. og 19. öld var hvert safnið á fætur öðru opnað í löndum Evrópu og Norður–Ameríku og yfirleitt með þeim formerkjum að þau ættu að stuðla að menntun almennings og gera þá að upplýstum þegnum þjóðríkja. Stofnanalegri sérhæfing safna óx ásmegin á þessum tíma í samhengi við fræðilega sérhæfingu og fóru söfn að líta dagsins ljós sem einblíndu á söfnun og sýningar samkvæmt þeim áherslum; náttúruminjasöfn, listasöfn og menningarminjasöfn, svo dæmi séu tekin.

Fræðimenn hafa bent á að sérhæfingar safnanna stóðu í nánnum tengslum við þjóðríkishugmyndir og hafa þeir sýnt fram á mikilvægi þjóðarsafna í réttlætningu og mótun á yfirlýsingum um sjálfstæði og

sérstæðni þjóðarhópa. Samhliða þeirri þróun stofnuðu staðbundin samfélög og þéttbýliskjarnar söfn sem lögðu áherslu á svæðisbundna söfnun heimilda. Sú þróun hófst seint á 19. öld í Evrópu og víðar. Á Norðurlöndunum voru minjasöfn eins og Nordiska Museet í Stokkhólmi (stofnað 1873), Maihaugen–Lillehammer í Maihaugen (stofnað 1887) og Norsk Folkemuseum í Bygdö (stofnað 1894) sett á laggirnar hvert af öðru og urðu fyrirmyndir að stofnun byggðasafna víða á þessum tíma og reyndar langt fram eftir tuttugustu öldinni.

Kenningar um upphaf byggðasafna hér á landi hafa útskýrt tilurð þeirra í tengslum við samfélagslegar breytingar við upphaf 20. aldar. Ragnheiður H. Þórarinsdóttir gerir því til að mynda skóna að á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar hafi íslensk þjóð staðið frammi fyrir áskorunum um eigið sjálfstæði og stigið hraðfara skref inn í nútímann. Afleiðingarnar voru vaxandi búferlaflutningar og myndun þéttbýlis, sem kveikti hjá brottfluttum íbúum áhuga á menningarsögu héraðsins sem þeir höfðu yfirgefið (Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, 1996). Í ritgerð um upphaf byggðasafna heldur Skúli Magnússon fram svipaðri skoðun nema hvað hann gerir mikið úr því sem hann kallar leit Íslendinga „að þjóðlegum grunni eftir sjálfstæðið 1918“ (Skúli Magnússon, 1995, bls. 4) og byggði á vaxandi þjóðernisstefnu. Leitint birtist með ýmsum hætti, að mati Skúla. Sem dæmi gerir hann mikið úr þeim

umskiptum sem urðu á húskasti Þjóðarinnar á þessu tímabili, þar sem ný byggingarefni ruddu torfhúsum úr vegi og það vakti fólk til vitundar um gildi þess að varðveita hverfandi híbýlahætti. Vakning varð einnig á sviði „Þjóðlegrar listar“, þar sem heimilisiðnaður og listgreinar gerðu þjóðfræðilega arfleifð að viðfangs-efnum sínum með ýmsum hætti. Skúli greinir einnig frá því að á þessum tíma voru birtar bækur og rit um héraðssögu og þjóðhætti, sem hann segir að hafi orðið vinsæl og haft „margvísleg áhrif á þá hreyfingu sem uppi var um söfnun muna í sveitunum og ýttu undir skráningu þjóðháttanna“ (Skúli Magnússon, 1995, bls. 15). Síðar, eða upp úr 1935, kyntu svo áttahagafélögin í Reykjavík enn frekar undir áhuga á gildi sögulegra minja og söfnunar á þeim í tengslum við heimahagana.

Skúli Magnússon gerir að sérstöku umtalsefni í ritgerð sinni erlendar fyrirmyndir að stofnun byggðasafna hér á landi og er sá þáttur í sögu byggðasafna mikilvægur eins og sjá má meðal annars af heimsókn Fartein Valen–Sendstad, forstöðumanns norska byggðasafnsins í Maihaugen, en honum var boðið sérstaklega til landsins árið 1961 til að leggja fram hugmyndir sínar um uppbyggingu Minjasafnsins á Akureyri (Sverrir Pálsson, 1988, bls. 19–20). Frásagnir Íslendinga í blöðum og tímaritum upp úr 1930 er lýsa kynnum þeirra af minjasöfnum erlendis sýna frekar fram á þessi tengsl, en þar er oftar en ekki hvatt til sams konar starf–semi á heimaslóð og undirstrikað menntunarlegt gildi þess fyrir komandi kynslóðir (Skúli Magnússon, 1995, bls. 8–10).

**2 Af heimildum um störf Sigurðar Guðmundssonar „málara“ má sjá að hann og aðrir samferðamenn hans gerðu sér hugmyndir um að í framtíðinni myndu söfn rísa annars staðar en eingöngu í Reykjavík og þá með áherslu á söfnun og sýningar safnkosts sem varpaði ljósi á sögulega áherslur í þeim byggðalögum (Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Edda Björnsdóttir, 2016). Það er hins vegar ekki fyrir en í tíð Matthíasar Þórðarsonar Þjóðminjavarðar sem hugmyndinni fer að vaxa fiskur um hrygg, en á grundvelli laga um menningarminjar frá árinu 1907 beitir Matthías sér fyrir því að bærinn Keldur á Rangárvöllum er friðlýstur sem menningarminjar. Fleiri byggingar hafa síðan verið friðlýstar og tengdar á grundvelli þessarar starfsemi byggðasafna.**

Í lögum um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasófn nr. 8 frá 1947 er litið svo á að byggðasófn eigi að leggja „alveg sérstaka áherslu á að afla safninu gripa og annars þess, er þar á að vera og talið er sér–kennilegt fyrir hlutaðeigandi hérað eða landsfjórðung, en er að hverfa“ Í Þjóðminjalögum frá árinu 1969 er að finna ítarlega ákvæði um byggðasófn en þar segir í 40. grein:

„Hlutverk byggðasafns er að safna þjóðlegum munum, varðveita þá og hafa til sýnis almenningi.

Einkum ber að leggja stund á söfnun muna, sem hafa listrænt gildi eða notagildi í daglegu lífi þjóðarinnar, en eru að víkja eða hverfa úr sögunni vegna breyttra þjóðháttanna. Sérstaklega ber hverju safni að leggja áherslu á öflun muna, sem telja má sérkennilega fyrir hlutaðeigandi hérað eða landsfjórðung, en eru að verða fágætir“ (Þjóðminjalög, 1969).

Í endurskoðuðum lögum um Þjóðminjasafn Íslands frá árinu 2001, hefur áherslan á listrænt gildi og notagildi gripa og breytingar þjóðháttanna horfið. Þess í stað er sagt að byggðasófn leggi „áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir hlutaðeigandi byggðarlag eða landsfjórðung“ (Þjóðminjalög, 2001).

Í tíð Kristjáns Eldjárns Þjóðminjavarðar dregur frekar til tíðinda í stofnun byggðasafna. Í skjalasafni Þjóðminjasafns Íslands er að finna heimildir sem sýna gróskumikla gerjun sem var að finna víða um land og beindist hún meðal annars að því að finna hugmyndum heimamanna um gildi þess að stofnað yrði til safna ákveðinn farveg. Þetta tímabil í sögu byggðasafna og tengsl þeirra við Þjóðminjasafn Íslands útheimtir frekari rannsóknir, en til að gera lesendum grein fyrir mikilvægi tengslanna er gagnlegt að grípa niður í dagbókarfærslur Kristjáns frá tíð hans sem þjóð–minjavarðar. Af dagbókunum að dæma sýndi Kristján byggðasafnsáformum mikinn áhuga og skrásetti hug–leiðingar sínar um þau í ferðum sínum um landið. Í ágúst 1948 segir hann til að mynda frá heimsókn sinni að Reykjum í Tungusveit.

„Bærinn hér er gamall og líkast til að hann verði fljótlega rifinn, því að úr honum er flutt. Bærinn þarf endilega að teikna, því að hann virðist munu vera gerður í einni lotu, ekki smátt og smátt. Eldhús er mjög fornlegt og sömuleiðis badstofa með kálsperrum og reisifjöl (líkt og í Öxnafelli). Samskeyti eru traust og fornleg, stóðir sterklegar og hvíla sumar á geysimiklum köntóttum steinum, eins og í Stöng. Fjöldi margir gripir eru hér sem tilvaldir eru á byggðasafn, brennivínskútur, dýrabogi, strokkar, viðarsagir, rokkar, hesputré ofl.“ (Kristján Eldjárn, 1948–1950).

Síðar sama ár segir Kristján frá því í dagbókarfærslu frá 25. október að Gunnar Gunnarsson rithöfundur hafi komið að máli við sig, en hann sagði honum:

„frá áformi eða tillögum [Eysteins Jónssonar þingmanns og ráðherra] um að gera Skriðuklaustur [hús Gunnars Gunnarssonar sem hann hafði gefið íslenska ríkinu] að byggðasafni Austfjarða. Var að mér skildist ekki alls kostar ánægður með þá hugmynd. Ég sagði honum, að vitanlega gæti





Mynd 1

ég ekki svarað öðru um þetta mál en að það væri sérstakt happ ef byggðasafnið fengi þetta hús, en hins vegar væri hugmyndin ekki mín og skildi ég, að hann hefði ætlað sér annað með gjöfinni“ (Kristján Eldjárn, 1948–1950).

Þann 7. ágúst 1964 skrifar Kristján færslu um að hafa farið að Grenjadarstað og hitt þar Ólaf „bæjarvörð“ Og hann segir síðan:

Allt er í góðu lagi þar, nema hvað alltaf eru einhver brögð að leka á vissum stöðum. Ólafur gerir alltaf mikið úr því sem aflaga fer, en vafalaust hefur hann að miklu leyti rétt fyrir sér. Búið er að setja upp tvöfalt vatnssalerni í pósthúsinu og fer það ágætlega, en eftir er að borga brúsann. Ólafur segir að setja þurfi upp skilti við vegamótin hjá

Einarsstöðum, til þess að minna á safnið, og vafalaust er það rétt, en satt að segja ættu þeir góðu byggðasafnsmenn að gera það. Prófastur var ekki heima, en frúin bað mig að láta gera skilti til þess að segja mönnum að vörðurinn sé í bænum og bægja þannig átröðningi frá presthúsinu. [...] Grenjadarstaður virðist mér að öllu leyti til sóma, og það er mikið Ólafi að þakka. Muna að mála þarf og bika stafna næsta vor. (Kristján Eldjárn, 1964).

Þessi dæmi gefa vísbendingar um bein afskipti Kristjáns af byggðasöfnum víða um land og jafnframt hversu miðlægur hann og starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands hafa verið í mótun byggðasafna. Af dagbókun- um má hins vegar sjá að þrátt fyrir stuðninginn við starfsemi byggðasafna sóttu að honum efasemdir um sum af þeim verkefnum. Við opnun Árbæjarsafns (nú

Borgarsögusafn Reykjavíkur segist hann til dæmis þann 22. september 1957 hafa verið „viðstaddur opnun Árbæjarsafns. Það er satt að segja ekki merkilegt, þegar frá er talið það sem Þorbjörg Bergmann lét eftir sig“ En bætir svo við „en mjór er mikils vísir“ (Kristján Eldjárn, 1951–1955).

Tengslin milli byggðasafna og Þjóðminjasafns Íslands eru á margan hátt flókin þegar kemur að forræði yfir Þjóðminjum og í raun annars konar minjum einnig. En í sýningarbæklingi sem Þjóðminjasafnið gaf út árið 1971 segir til að mynda að þó að byggðasöfn séu í nánnum tengslum við nærumhverfi sitt þá tilheyri þau Þjóðminjasafni Íslands (Summary Guide to the Exhibition Rooms, 1971, bls. 9). Hafa ber í huga að þrátt fyrir að Kristján sé talsmaður byggðasafna og uppbyggingar þeirra, hefur hann einnig því hlutverki að gegna að bera ábyrgð á stöðu og þar með uppbyggingu Þjóðarsafns sem Þjóðminjasafnið var og er. Viðfangsefni Þjóðminjasafnsins er varðveisla á minjum alls staðar að af landinu og ber safnkostur þess merki. Kristjáni var það ljóst að á sama tíma og byggðasöfnin stóðu fyrir söfnun og sýningum á safnkosti sínum, og stuðluðu þar með að varðveislun minja sem telja má til Þjóðminja, þá fólst í því mikil áskorun fyrir Þjóðminjasafn Íslands með tilliti til forræðis yfir minjum. Í greinargerð sem hann skrifar fjárveitinganefnd Alþingis 1. nóvember 1962 um byggðasöfn sést áskorunin sem hann stendur frammi fyrir sem forsvarsmáður safnsins, en í henni segir hann meðal annars að:

„gefnu tilefni vildi ég taka fram [...] að aldrei má í löggjöf fara inn á þá braut að dreifa gripum Þjóðminjasafnsins út meðal byggðasafna. Um það efni á að fara eftir því sem Þjóðminjaverði þykir rétt hverju sinni, en óheimilt ætti honum að vera að láta nokkurn hlut af hendi sem ávafurkræfan. Um þetta skal ekki fjölýrt, því að vonandi kemst byggðasafnshreyfingin aldrei á þær villigötur að krefjast valdbóðs um afhendingu gripa úr Þjóðarsöfnum“ (Kristján Eldjárn, 1964).

Í greinargerðinni bregst hann við samantekt sem Jóhann Skaptason, sýslumaður á Húsavík og hvatamaður að stofnun byggðasafnsins þar, hafði skrifað og er að finna í fylgiskjali með tillögu til þingsályktunar um endurskoðun löggjafar um að stofna eða efla fræða- og listaverkamíðstöðvar í byggðum landsins. Í samantekt Jóhanns segir hann:

„Þjóðminjasafnið varðveitir allmikið af fornun munum, sem það getur sér að meinalausu afhent viðkomandi byggðasöfnum, þegar þau öðlast hæf húsakynni og hætta að láta sér nægja gömlu torfbæina, sem uppúnir á sinn rétta hátt eiga aðeins að vera einn gripur í fórum byggðasafnsins.

Byggðasöfnin eiga smátt og smátt að verða lista- og menningarsögusöfn héraðanna“ (Tillaga til þingsályktunar, 1964).

Af þessum orðum að dæma hefur efling byggðasafna komið þeirri hugmynd af stað að þau eigi að hafa hlutverk sem varðveislustaðir fyrir Þjóðminjar. Tillagan er hins vegar augljóslega álitin ógn við stöðu Þjóðminjasafnsins sem þess aðila sem eitt safna hafi það ábyrgðarhlutverk. Hugmyndin hefur hins vegar aldrei náð fram að ganga þannig að tekist hafi verið á um hana á opinberum vettvangi. Þrátt fyrir að byggðasjónarmiðin sem uppi voru framan af í tengslum við stofnun og vöxt byggðasafna hafi að sumu leyti dofnad, má enn þá greina ákveðinn núning af þessum meidi. Vaxandi fornleifauppgræftir á síðasta áratug eða svo með tilkomu Kristnihátíðarsjóds árið 2001, sem margir hverjir hafa verið unnir í nánu samstarfi og oft að frumkvæði byggðasafna víða um land, sýnir fram á það. Af samtölum mínum við forsvarsmenn byggðasafna og aðra þykir mörgum hverjum sárt að horfa á eftir jarðfundnum gripum til varðveislun á Þjóðminjasafnið, en á grundvelli laga um menningarminjar nr. 80 frá 2012 eru allir jarðfundnir munir skilgreindir sem Þjóðminjar og að varðveisluaðili þeirra sé Þjóðminjasafn Íslands. Í annarri grein laga um menningarminjar segir að Þjóðminjar geti verið varðveittar á vegum Þjóðminjasafnsins „í viðurkenndum söfnum“, en vegna skilyrða um öryggi og fyrirbyggjandi forvörsluadstæður reynist það byggðasöfnum erfitt að skapa slíkar aðstæður vegna mikils kostnaðar.

3 Af ritgerðum hér í bókinni má sjá að fjölmörg félagsamtök hafa lagt hönd á bagga í tengslum við starfsemi byggðasafna. Að öðrum ólöstuðum er hlutur Búnaðarfélags Íslands mikilvægur í þeim efnun, en líta má svo á að einn meginhvatinn fyrir afskiptum félagsins af byggðasöfnum hafi verið að treysta búsetu í dreifðum byggðum landsins og auka lífsgæði íbúa. Á þingi félagsins, sem haldið var í mars 1958, var gerð ályktun sem beint var til menntamálaráðuneytisins þar sem farið var fram á „myndarlegan“ fjárhagslegan stuðning ríkisins á fjárlögum ársins 1959 „við að koma upp byggingum fyrir byggðasöfn.“ Ráðuneytið leitaði álitis Þjóðminjavarðar á tillögunni, sem fjallaði um að veittur yrði styrkur til bygginga húsa yfir byggðasöfn er næmi „hálfum byggingakostnaði, miðað við húsinn fullbúinn til afnota“. Einnig var lagt til að stefnt yrði „að því að sameina samliggjandi héruð um eitt safn og aldrei verði veittur styrkur nema til eins byggðasafns í hverri sýslu“ (Tillaga varðandi byggðasöfn. Ályktun, 1958). Í greinargerð sem fylgdi ályktuninni segir svo eftirfarandi:

„Á síðari árum hefur í allmörgum héruðum landsins verið hafzt handa um stofnun

byggðasafna, en jafnframt því sem söfnun hefur hafizt, hefur komið í ljós, að hentugt húsnæði fyrir þá gripi, sem taldir eru verðir þess að geymast, er óviða fyrir hendi. Það þekkest að vísu, að slíku safni sé komið fyrir í gömlum bæ – eða bæjum – sem ákveðið hefur verið að vernda sem þjóðminjar, en á það verður að líta sem undantekningu, enda munu þær byggingar ekki – að öllu leyti – geta talizt æskileg safnhús. En þegar safnað er til geymslu þeim gripum, sem fágætir eru og merkilegir og tákni fornra og horfinna – eða hverfandi – atvinnu- og lífnaðarháttá, verður fyrst af öllu að gera þá kröfu, að þeim sé búinn öruggur staður, þar sem hvorki grandar þeim eldur eða fú; að safna þeim saman, þar sem illa og ótryggilega er að þeim búið, jafnvel um stundarsakir, er meira en vafasamt. Rétt þykir að benda á, að heppilegt er – og raunar sjálfsagt – að byggja yfir byggðasöfnin, þar sem jarðhiti er, ef því verður við komið. Að sjálfsögðu varðar þetta mál fyrst og fremst viðkomandi héruð eða landshluta og ber þeim því að gera sitt. Hinu verður þó ekki neitað, að þetta varðar þjóðina í heild og sýnist því sanngjarnt, að hér komi til framlög af almannafé. Að undanfögnu hefur Búnaðarfélag Íslands veitt verulega og þakkarverða aðstoð við stofnun byggðasafna, og hefur nú gert ráðstafanir til að sinna málinu í enn ríkara mæli, sýnist því eðlilegt, að þessu máli sé hreyft hér, enda er hér um að ræða minjar frá þeim tíma, er hér var bændaþjóð, nær eingöngu, og menning hennar bændamenning“ (Tillaga varðandi byggðasöfn. Ályktun, 1958).

Af ritgerðum í þessari bók má sjá að einn starfsmaður Búnaðarfélags Íslands, Ragnar Ásgeirsson, lagði mikið af mörkum til upphafs byggðasafna víða um land. Ragnar var ráðinn til starfa af Búnaðarfélaginu til að sinna byggðasafnmálum sérstaklega og skrifaði starfskýrslur í Búnaðarritið á tímabilinu 1951 til 1969, þar sem hann kemur inn á störf sín fyrir byggðasöfn. Í greininni „Þjóðleg menning“, sem Ragnar skrifaði árið 1941 í tímaritið Jörð gerir hann grein fyrir hugmyndum sínum um gildi þess að „safna leifunum af hinu gamla, sem enn eru til og vernda þær frá glötun“ (Ragnar Ásgeirsson, 1941, bls. 32). Ragnar sér söfnun minja sem ræktunarstarf einstaklinga og samfélaga sem miðast að því að skila þekkingu á aðstæðum og þáttum sem hafa mótað líf og viðhorf fyrri kynslóða. Til að gera það mögulegt er mikilvægt, að hans mati, að þráður kynslóðanna sé ekki slitinn og borin sé virðing fyrir minjum sem voru notaðar mann fram að manni. Hið fagra í starfi mannsins og umhverfi hans er einnig eiginleiki sem beri að huga sérstaklega að í ræktunarstarfinu, en að mati Ragnars felst í fegurðarsýninni aflvaki tilfinninga fyrir verðleikum tengsla við minjar, umhverfi og annað fólk. Í greininni kemur

Ragnar víða við og er hún ómetanleg heimild um það hugarfar sem hann hafði í ferðum sínum um landið til aðstoðar byggðasöfnum. Vegna þeirrar stöðu sem Ragnar hefur er greinina að finna í heild sinni í viðauka aftast, en hún er góður spegill á þá fjölmörgu þræði sem koma saman í vangaveltum um tilurð og tilgang byggðasafna á mótunarárum þeirra.

**4** Frá stofnun fyrsta byggðasafnsins á Ísafirði árið 1941 fram til dagsins í dag hafa söfnin haft með sér margvíslegt samráð og samvinnu um starfsemi sína, bæði á landsvisu og eftir landshlutum. Framan af gengdi Þjóðminjasafn Íslands veikamiklu hlutverki við að tengja söfnin saman og hefur staðið fyrir og tekið þátt í fjölmörgum fundum til að treysta þau bönd. Árið 1981 var haldinn fundur á Húsavík þar sem rætt var um stofnun samtaka minjasafna á Norðurlandi sem hefðu það að meginmarkmiði að standa fyrir árlegum fundi safnmanna á svæðinu. Samtökin héldu fund ári síðar á Blönduósi, þann 12. júní 1982, en á þeim fundi hélt Þór Magnússon þjóðminjavörður erindi þar sem hann hélt því fram að söfn stæðu á tímamótum og sagði að „nú væru uppvaxnar kynslóðir sem ekki þekkjá verkmenningu bændasamfélagsins sem við lýði var í landinu fram á þessa öld. Taldi hann því nauðsynlegt að leita nýrra leiða til að söfnin geti rækt hlutverk sitt til að kynna og sýna“, eins og segir í fundargerð (Fundargerð um málefni minjasafna, 1981). Árið 1981 var Félag safnmanna stofnað, en fulltrúar byggðasafna hafa verið allt fram á síðustu ár meginuppistaðan í þeim félagsskap og staðið meðal annars fyrir árlegum Farskóla víðs vegar um land. En markmið Farskólans hefur verið að starfsmenn safna fái starfsfræðslu og endurmenntun á grundvelli jafningjafræðslu. Á síðastliðnum áratug hefur klasasamstarf landsfjórðunga komið til sögunnar, þar sem byggðasöfn hafa verið megindrifjórðurinn í að auka samvinnu safna, safnvísa, setra og sýninga á svæðunum, ásamt öðrum aðilum sem láta sig menningarmál varða. Byggðasöfn hafa einnig verið í fararbroddi við þróun og rekstur menningarsögulega gagnagrunnsins Sarps, en með tilkomu hans hefur aðgengi að menningarminjum opnað nýja möguleika fyrir byggðasöfn að tengja starfsemi sína við samtímann og komandi kynslóðir.

**5** Byggðasöguleg rit hafa mörg hver veitt byggðasöfnun athygli í umfjöllunum sínum enda hafa sveitarstjórnir byggðalaga stutt við bakið á uppbyggingu þeirra og álitid þau helstu menningarstofnanir sínar. Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags er einnig að finna eitt og annað um starfsemi byggðasafna, en um þau skrif má segja að gefi greinagóða innsýn í margvísleg viðfangsefni sem starfsmenn byggðasafna hafa með höndum. Árbækur áthugasfélaga hafa einnig í gegnum tíðina birt greinar sem snerta á starfsemi byggðasafna. Söfnin hafa líka mörg hver komið að útgáfumálum og



Mynd 2





Mynd 3

birt efni sem gefur innstýn í starfsemi þeirra. Útgáfurnar hafa snert á viðfangsefnum þeirra og oft verið gefnar út í tilefni af tímamótum í sögu safnanna.

Fjölmíðlar eins og dagblöð, útvarp, sjónvarp hafa sýnt byggðasöfnum sérstakan áhuga. Það væri hins vegar að æra óstöðugan að rekja öll þau skrif sem finna má í dagblöðum í gegnum tíðina. Gagnasafn Ríkisútvarpsins er fjölbreytilegt þegar kemur að umfjöllunum útvarps og sjónvarps um byggðasöfn, en frá stofnun Ríkisútvarpsins og síðar Ríkisútvarpsins Sjónvarps (nú RÚV) hafa þessir fjölmíðlar beint athygli sinni að byggðasöfnum með margvíslegum hætti. Það er mikilvægt að nefna þessar heimildir sem vísbendingar um hvar heimildir um byggðasöfn eru að finna, en ritgerðir í þessari bók undirstrika hversu víða þræðirnir liggja og þar með hvaða aðferðum þarf að beita til að ná fram sem gleggstri mynd af því samfélagslega afli sem byggðasöfnin eru.

Þrátt fyrir að saga byggðasafna hér á landi sé orðin löng og stofnanirnar hafi haft mikil áhrif í sínum byggðalögum með margvíslegum hætti er það áhugavert hversu litla athygli störf þeirra og staða hafa vakið í fræðasamfélaginu eða orðið fræðimönnum tilefni til að fjalla um þau með fullnægjandi hætti. Með fullnægjandi hætti er átt við ítarlegar rannsóknir á tilurð þeirra, mikilvægi, áhrifum og ekki síst framlagi þeirra til söguskoðunar og myndunar á sögulegu minni (Sigurður Gylfi Magnússon, 2010, bls.

239–243). Á fræðilegum vettvangi má því segja að gæti talsverðs afskiptaleyfis af störfum þeirra. Engar fræðilegar greinar hafa til að mynda verið birtar um byggðasöfn og starfsemi þeirra í gamalgrónum tímaritum á borð við Skírni (stofnað 1827) og Tímariti Máls og menningar (stofnað 1938), sem kenna sig bæði við menntun og menningu. SAGA: Tímarit Sögufélags, sem hóf göngu sína árið 1950, hefur birt átakanlega lítið um byggðasöfn sé tekið mið af því að byggðasöfn eru bæði heimildasöfn um lífið í landinu og helsta birtingarmynd söguskoðunar almennings og sérfræðinga (Eggert Þór Bernharðsson, 2003; Guðbrandur Benediktsson og Rakel Halldórsdóttir, 2006). Á Íslenska söguþinginu sem sagnfræðingar hafa staðið fyrir reglulega frá árinu 2002 hafa það fyrst og fremst verið safnmenn sjálfir sem hafa sýnt byggðasöfnum áhuga með þátttöku sinni (Björn Pétursson, 2002. Hanna Rósa Sveinsdóttir, 2002). Af þessari upptalningu vakna áleitnar spurningar um tengslin á milli fræðilegra útlistana á sögu lands og héraða og svo byggðasafna: Hvers vegna þetta tómlæti sagnfræðinga og annarra fræðimanna á menningarstofnunum sem byggðasöfn eru? Hver eru áhrif skrifa fræðimanna um sögu á uppbyggingu, störf og sýningar byggðasafna? Með hvaða hætti styðja byggðasöfn við viðtekna fræðilega söguskoðun? Er söguskoðun almennings sú sama og sérfræðinga? Hafa byggðasöfn spornað við fræðilegri söguskoðun, en af greinum í þessari bók

má sjá að uppbygging byggðasafna er átak hundruða ef ekki þúsunda einstaklinga, af báðum kynjum, með ólíkan bakgrunn og reynslu?

6 Því hefur verið haldið fram að þjóðarsöfn séu menningarlegar stjórnarskrár þjóðríkja. Í þeim skilningi eru þjóðarsöfn efnislegar birtingarmyndir á þjóðarhugmyndinni á hverjum tíma, sem orðið hefur til á löngum tíma, með samtakamætti fjölmargra einstaklinga (Sigurjón Baldur Hafsteinsson, 2013). Heimfæra má þessa hugmynd yfir á byggðasöfn og líta á þau sem ígildi sáttmála fólks um með hvaða hætti fortíðarinnar skal minnst og hvernig skal tengja þá minningu við samtímann. Að slíku verki koma fjölmargir aðilar, eins og greinar í þessari bók sýna glögg. Segja má að þessi hugmynd, að líta á byggðasöfn sem menningarlegan sáttmála, feli í sér jákvæðan vott af þakklæti en gera má því skóna að þar með sé ekki nema hálf sagan sögð. Byggðasöfn eru afsprengi átaka, en þau spretta upp úr jarðvegi samfélagslegra breytinga, þar sem fólk stendur á tímamótum og ákveðnir efnislegir þættir tilverunnar eru ekki lengur metnir að verðleikum. Þetta sést vel til að mynda í grein Ragnars Ásgeirssonar „Þjóðleg menning.“ Að líta á byggðasöfn með þessum hætti vekur upp spurningar í tengslum við sáttmálahugmyndina eins og: sáttmáli um hvað? Hvaða hlutir eru það sem hafa safnast á söfnin, hverjir hafa átt þá og hvernig eru þeir settir í samhengi við frásagnir í sýningarrýmum safnanna? Er hlutur karla og kvenna, barna eða fólks með skerðingar, jafn í þessum efnunum? Hallar á einhverja sem eru í félagslegri eða fjárhagslega veikri stöðu? Þessar spurningar eru mikilvægar til að skilja betur hvernig byggðasöfn eru í raun saman sett, en á sama tíma og þau virðast á yfirborðinu vera sléttur og felldur sáttmáli fólks, leynist á bakvið tjöldin hrjúfleiði, misræmi, þögn og einnig átök um sameiginlegt og sögulegt minni sem sprettur ekki fram nema spurningar á borð við þessar séu bornar upp.

7 Fyrstu lög um byggðasöfn voru sett árið 1947 og marka mikilvæg tímamót sem samfélagslegur sáttmáli um mikilvægi byggðasafna. Með setningu laga um Þjóðminjasafn Íslands árið 1969 er svo sérstakur kafli um byggðasöfn og tengsl þeirra við Þjóðminjasafnið, en lög in um byggðasöfn frá 1947 runnu saman við hin nýju lög um Þjóðminjasafnið (Pétur Ármannsson, 2006, bls. 183). Í lögunum er sérstök grein um byggðasöfn sem kveður á um ráðgefandi hlutverk Þjóðminjasafnsins gagnvart söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknunum og miðlun byggðasafnanna. Hliðstæðan kafli er að finna í endurskoðuðum lögum um Þjóðminjasafn Íslands frá 1989, en hann er ítarlegri um starfsemi byggðasafna en í fyrri lögum. Með fjórðu endurskoðun laga um Þjóðminjasafn Íslands sem tók gildi 2011, hefur kafliinn um byggðasöfn verið felldur út og í staðinn talað

um ráðgefandi hlutverk Þjóðminjasafnsins gagnvart „menningarminjasöfnum“ og að safnið eigi að „stuðla að samvinnu menningarminjasafna“. Byggðasafnshugtakið er þar því ekki lengur í notkun og má leiða líkum að því að það sé meðal annars vegna breytinga á lögum og stjórnslumhverfi á sviði minjaverndar (Kristín Huld Sigurðardóttir, 2012) og breyttri menningarpólítík (Sigurjón Baldur Hafsteinsson, 2014).

Árið 2001 voru sett í fyrsta skipti safnalög sem er rammalöggjöf í tengslum við safnastarf í landinu og kveður á um „skipulag lista- og minjasafna í þeim tilgangi að varðveita og kynna menningarsögu íslensku þjóðarinnar og náttúrusögu Íslands“ (Safnalög, 2001). Lög in voru síðan endurskoðuð og tóku ný lög gildi árið 2011. Í þeim lögum var kynnt til sögunnar svokallað virðkenningarferli, en því er ætlað að vera vottun um faglegt starf safnastofnana. Líta má á virðkenningarákvæðið í safnalögum sem leiðarenda í langri sögu af opinberum afskiptum af byggðasöfnum í landinu, en um áratugaskeið hefur sú umræða farið fram innan stjórnkerfis menningarinnar að takmarka þurfi fjölda safna, eins og byggðasafna, í landinu. Miðast sú umræða ekki síst við að stemma stigu við opinberan fjárstuðning fyrir starfsemi safna.

Af greinum í þessari bók má sjá að það er ekki ofsögum sagt að tala um byggðasafnshreyfingu. Sú félagslega hreyfing hefur miðast að því að stofnanabinda áhuga þúsunda einstaklinga á sögu og menningu tiltekinnar svæða og væntingar um menntun fyrir komandi kynslóðir. Á sama tíma og hreyfingin hefur kallað fram það besta í fólki eins og fórnfýsi, gjafmildi, virðingu, vinnusemi, þrautseigju, ást og síðast en ekki síst gildi menntunar, hefur starfið þurft að takast á við andstreymi sem dregið hefur úr uppbyggingu byggðasafna. Sem dæmi má nefna að Kristján Eldjárn skrifar ráðuneyttisstjóra menntamálaráðuneytisins bréf 26. maí 1967 um stöðu og ásigkomulag ellefu byggðasafna í landinu. Í bréfinu metur hann fjárförf safnanna og í samantekt í lokin segir hann:

„Mér virðist ekki miklar horfur á að byggðasöfn verði miklu fleiri en þetta. Hugsanlegt er, að örfá smærri söfn kunni að skapast og þykja styrkhæf, en það gefur auga leið, að langt fram úr þessari tölu geta byggðasöfn aldrei farið“ (Kristján Eldjárn, 1967).

Af umræðu um setningu safnalaga árið 2001 má ráða að hið opinbera hefur að markmiði með þeim að efla safnastofnanir í landinu og á það ekki síst við um byggðasöfn. Sú rökstudda gagnrýni hefur hins vegar verið sett fram að efndir laganna séu ekki að skila árangri í þá veru, s.s. með tilliti til fjármagns til handa safnastofnunum (Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, 2008). Þetta er verulegt áhyggjuefni fyrir byggðasöfn, ekki síst nú á tímum þegar mikilvægi fortíðarinnar og þess starfs að minnast liðinnar tíðar hefur aldrei

veridd mikilvægara og aðgengilegra fyrir fólk. Um það vitnar gróskumikið safnastarf út um allt land (Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Heiða Björk Árnadóttir, 2010 og 2012). Það er einnig áhyggjuefni í ljósi þess að aukinn ferðamannastraumur til landsins gerir kröfur um afþreyingu og aukid fræðslustarf um menningu Íslendinga í fortíð og samtíð (Edward H. Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013).

**8** Það er mikilvægt að hafa nokkur orð um þá efnislegu afmörkun sem var sett fyrir útgáfu bókarinnar. Ákveðið var að leita til safna í landinu sem hafa frá upphafi kennt sig við tiltekin byggðalög. Sú afmörkun er hins vegar málum blandin eins og fjölmörg söfn, svo sem Síldarminjasafnið á Siglufirði og Tækniminjasafn Austurlands, eru dæmi um. Á heimasíðu Síldarminjasafnsins á Siglufirði segir til að mynda frá því að árið 1957 kaus bæjarstjórn Siglufjarðar fimm manna nefnd til að stofna byggðasafn. Í júlí það ár kom Ragnar Ásgeirsson á fund nefndarinnar og lagði „áherslu á söfnun muna tengdum sjávarútvegi byggðalagsins“ (Örlygur Kristinnsson, 2013). Áformin um opnun safns á Siglufirði urðu hins vegar ekki að veruleika fyrir en áratugum síðar. Svipaða sögu má segja af Austurlandi, en 15. nóvember 1943 sendu nokkrir aðilar bréfléiðis ákall til Seyðfirðinga um að koma á:

„fót safni fyrir Seyðisfjörð, sem beri nafnið „Byggðasafn Seyðisfjarðar“. Á hlutverk þess að vera, eins og segir í samþykkt bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar, sem gerð var á fundi hennar 3. maí þ.á. „að varðveita menjar og minningu um menn, menningu, starfs- og lifnaðarhætti á Seyðisfirði fyr og síðar, svo og að safna heimildum og gögnum varðandi sögu byggðalagsins, sem ætla má að hafi gildi fyrir komandi kynslóðir“ (Gunnlaugur Jónasson, et al., 1943).

Safnið varð hins vegar ekki að veruleika á þessum tíma, en áratugum síðar, með endurskoðun á skipulagsskrá Tækniminjasafns Austurlands árið 2013, var safninu fengið meðal annars það hlutverk að starfa „einnig sem byggðasafn um almenna sögu Seyðisfjarðar“ (Skipulagsskrá fyrir Tækniminjasafn Austurlands, 2013). Þessi tvö söfn má sannarlega telja til byggðasafna, en á grundvelli sérhæfingar sem þeim hefur verið afmörkuð – og miðar að því að gera ákveðnum atvinnugreinum hátt undir höfði í starfsemi sinni – má segja að þau útheimti sérstaka umfjöllun. Þess ber einnig að geta að nokkrum byggðasöfnum eru ekki gerð skil í þessari bók en það eru söfn eins og Byggðasafn Dalamanna, Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, Minjasafnið á Akureyri, Byggðasafnið í Görðum á Akranesi, Byggðasafnið á Garðskaga, Minjasafn Austurlands og Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla, svo einhver séu talin. Af ýmsum ástæðum

tókst ekki að fá höfunda að skrifa sögu þeirra og er það vissulega skarð fyrir skyldi. Það er sérstaklega bagalegt að ekki hafi tekist að hafa með í þessu riti sögu byggðasafnshreyfingarinnar á Austfirðum, fyrir utan safnið á Höfn í Hornafirði. En Austfirðingar hafa rekið þessi mál á undanförunum áratugum með öðrum hætti en aðrir landshlutar, þar sem rík áhersla hefur verið á samvinnu safnastofnana í fjórðungnum sem hefur skapað þeim ákveðna sérstöðu (Hjörleifur Guttormsson 1972). Þess ber einnig að geta að nokkur söfn sem óneitanlega eru byggðasöfn eru ekki með í þessu verki, en þar má telja Pakkhúsið í Ólafsvík og Langabúð á Djúpvogi, svo einhver séu talin. Í þeim tilvikum hefur starfsemi verið stopul og söfnin ekki náð því flugi sem þeim sæmir s.s. með fastráðna starfsmenn eða starfsemi allt árið um kring. Saga þeirra er hins vegar sannarlega hluti af sögu byggðasafna í landinu.

Það er mikilvægt að lesendur bókarinnar hafi það í huga við lesturinn að tilgangur útgáfunnar er að opna augun fyrir því margbrotna starfi sem söfnin hafa staðið fyrir frá stofnun þeirra og hversu brýnt það er að starfinu sé gefinn meiri gaumur en verið hefur fram að þessu. Bókin er því í þeim skilningi sýnisbók um starfsemi byggðasafna. Höfundar efnis höfðu tiltölulega frjálstar hendur um stíl og áherslur í ritgerðunum, en lögð var áhersla á að þær myndu bregða ljósi á tilurð safnanna og með hvaða hætti starfsemi hefur þróast.

Að endingu vil ég þakka eftirtöldum aðilum fyrir veittan fjárhagslegan stuðning til útgáfunnar; Aðstoðarmannasjóði Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands, Safnasjóði, Íslandsdeild ICOM og Þjóðminjasafni Íslands. Einnig vil ég þakka þeim söfnum og stjórnendum þeirra sem veitt hafa fjárhagslegan styrk til ritunar sögu þeirra, en án þess stuðnings hefði bókin ekki litið dagsins ljós. Ljósmyndasafni Íslands og Borgarsögusafni eru færðar þakkir fyrir leyfi til notkunar á myndum úr safnkosti sínum. Sérstakar þakkir fá þær Berglind Gréta Kristjánsdóttir, Sigurlaug Jóna Hannesdóttir og Helga Björg Kjerúlfr fyrir gott og skemmtilegt samstarf við margvíslegan undirbúning á handritinu. Unnari Erni myndlistarmanni vil ég einnig þakka hönnun á kápu bókarinnar, en hún lýsir vel hvernig byggðasöfn ræktast í þéttriðnu neti tengsla, þekkingar og tilfinninga. Aðrir aðilar sem hafa veitt margvíslega aðstoð við gerð bókarinnar fá einnig þakkir en það eru þau Helgi Máni Sigurðsson, Pétur Kristjánsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, Tinna Grétarsdóttir, Arndís Bergsdóttir, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, Guðbrandur Benediktsson og Margrét Hallgrímsdóttir.

## Heimildaskrá



- Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir. (2008). Menningararfur með strípur: Varðveisla eða miðlun? *Ritið*, 8(1), bls. 7–32.
- Björn Pétursson. (2002). Einn munur getur sagt meira en þúsund orð. *Íslenska söguþingið 30. maí–1. júní 2002*. Erla Hulda Halldórsdóttir (ritstjóri). Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands, bls. 78–81.
- Edward H. Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson. (2013). *Ferðamál á Íslandi*. Reykjavík: Mál og menning.
- Eggert Þór Bernharðsson. (2003). Miðlun sögu á sýningum: Safna- og sýningaferð um Ísland 2002–2003. *SAGA* 2(41), bls. 15–66.
- Fundargerð um málefni minjasafna*. (1981, 27. júní). BB7/1, Þjóðminjasafn Íslands.
- Guðbrandur Benediktsson og Rake Halldórsdóttir. (2006). Til hvers eru söfn? Guðbrandur Benediktsson og Rake Halldórsdóttir ræða um menntunarhlutverk safna við David Anderson hjá Victoria and Albert Museum. *SAGA*, 44(1), bls. 7–19.
- Gunnlaugur Jónasson, Jón Vigfússon, Sigurður Vilhjálmsson og Theodór Blöndal. (1943). *Seyðfirðingar*. Skjalasafn Tækniminjasafns Austurlands.
- Hanna Rósa Sveinsdóttir. (2002). Frá vettlingum til vísakorta: Verður byggðasagan sögð í sýningu? *Íslenska söguþingið 30. maí–1. júní 2002*. Erla Hulda Halldórsdóttir (ritstjóri). Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands, bls. 97–102.
- Hjörleifur Guttormsson. (1972, 1. nóvember). Safnstofnun Austurlands. *Sveitarstjórnarmál*, 5, bls. 231–236.
- Kristín Huld Sigurðardóttir. (2012). Ný lög um minjavernd – Hugleiðingar um breytt umhverfi minjaverndar. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 1(100), bls. 181–196.
- Kristján Eldjárn. (1964, 20. apríl). Stutt greinargerð um byggðasöfn, bls. 2. BB7/1, Þjóðminjasafn Íslands.
- Kristján Eldjárn. (1951–1955). *Minnisbók KE 1951–1955*. EA1/21, Þjóðminjasafn Íslands.
- Kristján Eldjárn. (1948–1950). *Minnisbók KE 1948–1950*. EA1/21, Þjóðminjasafn Íslands.
- Kristján Eldjárn. (1967, 26. maí). BB7/1, Þjóðminjasafn Íslands.
- Lög um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn* nr. 8/1947.
- Pétur Ármannsson. (2006). Hörður Ágústsson listmálarí: 4. febrúar 1922 – 10. september 2005: In memoriam. *SAGA* 44(1), bls. 179–187.
- Ragnheiður H. Þórarinsdóttir. (1996). De islandske museers pacering i kulturdebatten. *Nordisk Museologi*, 1, bls. 39–46.
- Ragnar Ásgeirsson. (1941). Þjóðleg menning. *Jörð*, 2(1), bls. 27–37.
- Safnalög* nr. 106/2001 og nr. 141/2011.
- Sigurður Gylfi Magnússon. (2010). *Wasteland with words: A social history of Iceland*. Towbridge: Reaktion Books.
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson. (2014). *Phallogological Museum*. Munster: LIT Verlag.
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson. (2013). Þjóðarsöfn: Menningarleg stjórnarskrá. *Fréttablaðið*, 4. janúar.
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Heiða Björk Árnadóttir. (2010). Menningarstefna og fagurfræði. *Rannsóknir í félagsvísindum XI: félags- og mannvísindadeild*. Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstjórar). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Heiða Björk Árnadóttir. (2012). Etnógrafísk endurnýjun íslenskra safna. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 1(101), bls. 91–112.
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Edda Björnsdóttir. (2016, væntanleg). *Söguskoðun Sigurðar Guðmundssonar og stofnunar Forngripasafnsins. Sigurður Guðmundsson og menningarsköpun*. Karl Aspelund and Terry Gunnell (ritstjórar). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Skúli Magnússon. (1995). *Byggðasöfn á Íslandi: Upphaf og aðdragandi að stofnun þeirra*. Óbirt BA–ritgerð, Háskóli Íslands.
- Skipulagsskrá fyrir Tækniminjasafn Austurlands*. (2013). Skjalasafn Tækniminjasafns Austurlands.
- Summary Guide to the Exhibition Rooms*. (1971). Reykjavík: National Museum of Iceland.
- Sverrir Pálsson. (1988). *Minjasafnið á Akureyri, 1962–1987*. Akureyri: Minjasafnið á Akureyri.
- Tillaga til þingsályktunar*. (1964). A 204, 118 mál, Alþingi.
- Tillaga varðandi byggðasöfn*. Ályktun. (1958). Búnaðarþing. Erindi til Allsherjarnefndar Alþingis.
- Þjóðminjalög, nr. 52/1969. (1969). *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 66, bls. 13.
- Þjóðminjalög*, nr. 107/2001.
- Örlygur Kristinnsson. (2013). *Saga Síldarminjasafnsins*. Heimasíða Síldarminjasafns Íslands, skoðað 16. apríl 2015 á <http://www.sild.is/um/um-safnid/saga-safnsins/>.



## Byggðasafn Vestfjarða

### Jón Sigurpálsson

Það var ekki friðvænlegt í henni veröld þegar Byggðasafn Vestfjarða var stofnað árið 1941. Seinni heimsstyrjöldin geisaði um víða veröld, Bretar höfðu hernumið landið árið áður og Kanarnir yfirtóku svo herlegheitin á stofnárinu. Á skömmum tíma losnaði Ísland úr kreppuástandi og atvinnuleysi sem hér hafði ríkt frá því fyrir heimskreppu og kvað svo rammt að henni að þjóðin var á barmi gjaldþrots. Íslendingum varð því fljótlega tamt að tala um blessað stríðið. Vestfirðingar upplifðu heimsstyrjöldina með öðrum hætti en flestir aðrir landsmenn. Það fór lítið fyrir dátum í fjórðungnum, þangað voru einungis sendir um 120 svokallaðir strandverðir sem höfðu það hlutverk að gæta lands og lýðs. Það var hins vegar á hafinu sem alvaran blasti við. Vestfirðingar hafa verið harðsnúnir sjósóknarar allt frá landnámi og nú voru fiskveiðar hugsanlega hættulegri en nokkru sinni fyrir. Mannskæð illviðri hafa alla tíð verið fylgifiskur sjósóknar, en á stríðsárunum bættist við hættan af kafbátum, tundurduflum og öðrum vígatólum sem rændu fjölmarga vestfirska sjómenn lífinu þar sem þeir voru við veiðar eða á siglingu með aflann til Bretlands. Í landi bjó fólk við skömmtum á fjölmörgum vörum og þar ofan á bættist dýrtíðin, síhækkandi verðlag á öllu í þjóðfélaginu.

Í þessu umróti varð hugmyndin að Byggðasafni Vestfjarða til. Upphafid er rakið til blaðagreinar sem Bárður G. Tómasson skipaverkfræðingur ritaði í staðarblaðið Vesturland árið 1939 (Bárður G.

Tómasson, 1939). Bárður var það sem gjarnan er kallað „sigldur maður“. Hann var 19 ára þegar hann fór frá Ísafirði til Danmerkur og nam þar og í Englandi næstu 12 árin skipaverkfræði og vélfræði. Til Ísafjarðar kom hann aftur árið 1916 og stofnaði Skipabraut Ísafjarðar sem hann rak til 1944. Í greininni kom hann á framfæri við Ísfrðinga ósk sinni um að þeir tækju sig saman og létu smíða sexæring með gömlu lagi og öllum fargögnum. Bárður hafði það í huga að sexæringurinn yrði fyrsti vísir að héraðs- og sjóminjasafni byggðarlagsins. Hugmyndin fékk allgóðar undirtektir og var Jóhann Bjarnason, bátasmiður á Ísafirði og fyrrum formaður í Bolungarvík, ráðinn til að smíða sexæringinn að fyrirmynd eldri báts sem fenginn var að láni. Jóhann lauk smíðinni 17. júní 1941, sem skorið er í stafnlok bátsins og honum var gefið nafnið Ölver. Tæpu ári eftir að Bárður birti grein sína í Vesturlandi sendi hann bréf til bæjarstjórnar, þar sem fram kom að nú væru „líkur til að hjeradsminjasafn verði að veruleika á komandi vori, en húspláss fyrir slíkt safn ekki fyrir hendi“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1940). Jafnframt gerði hann grein fyrir gangi mála við smíðina á sexæringnum. Bárður falaðist eftir neðri hæð Hæstakaupstaðarþúðarinnar sem snýr að Aðalstræti. Hann fékk stuðning frá blaðinu Vesturlandi í ársbyrjun 1941: „Bárður G. Tómasson skipaverkfr. hefir sýnt mikinn áhuga á því, að hér í bænum þróaðist héraðsminjasafn, einkum um allt er snertir fiskveiðar,



Mynd 4-9

en þar hafa Vestfirðingar alt frá landnáms tíð staðið í fremstu röð. Bárður ritaði bæjarstjórn s.l. sumar og óskaði að hún sæi um húsnæði undir muni þá, er þegar hafa safnast, en málið er óafgreitt enn þá. Má sízt launa áhuga Bárðar með tómlæti“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1956). Einhver hafa viðbrögð bæjaryfirvalda verið því í Vesturlandi í maí þetta ár birtist svohljóðandi frétt. „Á Sjómannadeginum verður sýndur nýsmíðaður sex-æringur, er Bárður G. Tómasson hefir látið gera fyrir sjóminjasafn Vestfirðinga“ (Sexæringurinn, 1941, bls. 1). Í bréfasafni safnsins er til váttryggingarskírteini fyrir „lausafé í eigu Héraðsminjasafns Vestfjarða í húsinu Aðalstræti 37, sexæringur með öllum útbúnaði, ásamt fleiru sem á safninu er“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1941). Hér er því hægt að staðsetja fyrsta húsnæði Byggðasafns Vestfjarða. Í dreifibréfi sem Bárður er skrifaður fyrir 14. apríl 1941 segir m.a..

„Hver þjóð, nærri hvert þorp erlendis geymir sína sögu með táknrænum hætti, er sýna atvinnuhætti og menningu liðinna tíma. Hugmynd þessi er ekki

ný í voru byggðarlagi; málið hefur verið rætt á héraðsmótum og öðrum fundum. Menn hafa skorað hverjir á aðra að hrinda málinu í framkvæmd. En til frekari framkvæmda hefur ekki komið fyrr en nú“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1941).

#### Tveir í stafni

Á fundi þann 23. júní 1941 komu nokkrir menn saman á skrifstofu bæjarstjórans á Ísafirði og ræddu um formlega stofnun Byggða- og sjóminjasafns Vestfjarða. Fundurinn virðist hafa verið að frumkvæði Guðlaugs Rósinkrans, sem þá var yfirkennari Samvinnuskólans í Reykjavík. Guðlaugur gerði grein fyrir hugmyndum sínum um slíkt safn. Framhaldsfundur Byggða- og sjóminjasafns Vestfjarða var haldinn réttum mánuði seinna, 23. júlí 1941, á sama stað. Þar voru mættir, samkvæmt fundarboði Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, þeir „12 menn sem lofað höfðu að hafa for- göngu í málinu“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1941). Þessir menn voru: Guðjón E. Jónsson (1895), útibússtjóri Útvegsbanka Íslands, Jón Auðunn Jónsson, fyrr-

verandi alþingismaður, bæjarstjóri og athafnamaður, Bárður G. Tómasson skipaverkfræðingur, Helgi Guðmundsson bakarameisteri, Arngrímur Fr. Bjarnason prentari, Guðmundur frá Mosdal kennari, Þórleifur Bjarnason kennari, Hannibal Valdimarsson skólastjóri og síðar alþingismaður, og Kristján Jónsson frá Garðsstöðum, erindreki Fiskifélagsins. Fjarverandi voru Rögnvaldur Jónsson skipstjóri og Sigurður Guðmundsson bakarameisteri.

Það má glögglega sjá að umræða hefur verið manna á meðal um málið í nokkurn tíma en ekki er ljóst hvort Bárður og Guðlaugur hafi verið í sambandi sín á milli varðandi þetta sameiginlega áhugamál, en í grein í Vesturlandi kemur fram að

„Bárður skipaverkfr. Tómasson hafði og s.l. ár, á eigin spýtur, ríðið drengilega á þetta vað með því að láta smíða árabát sexróinn, sem bæjarbúar eflaust minnast að var sýndur bæði í róðri og á siglingu á sjómanna daginn s.l. vor, mörgum til ánægju, — og verður sá bátur eign safnsins, ef á stofn kemst“ (Vestfirðingabók og byggðasafnið, 1942, bls. 1).

Það vekur athygli að Bárður er ekki á fyrsta undirbúningsfundinum 23. júní en er hins vegar mættur á stofnfundinn mánuði seinna og er meðal þeirra 12 sem gáfu fyrirheit um forgöngu að safninu og ekki ósennilegt að þar hafi þessir forsprakkar sameinað krafta sína.

Í dreifibréfi, sem Guðlaugur Rósinkranz ritaði til brottfluttra Vestfirðinga í Reykjavík í október 1941, segir hann frá fyrrnefndum Jónsmessufundi, sem hafði það eina markmið að beita sér fyrir stofnun vestfirskis byggðasafns (Skjalasafnið Ísafirði, 1941). Guðlaugur hafði áður kynnt hugmynd sína að stofnun safnsins í ræðu á Vestfirðingamóti sem haldið var á Hótel Borg árið 1940. Sú samkoma var upphafið að stofnun Vestfirðingafélagsins í Reykjavík 16. desember sama ár, en félagið hafði það meginmarkmið „að koma á stofn byggðasafni Vestfjarða“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1956).

Guðlaugur Rósinkranz frá Tröð í Önundarfirði var á þessum tíma yfirkennari Samvinnuskólans í Reykjavík. Hans verður þó lengst minnst fyrir að stýra nýju leikhúsi þjóðarinnar tæpum áratug síðar. Líkt og Bárður G. Tómasson var hann „sigldur maður“. Guðlaugur hóf skólagöngu sína að Núpi í Dýrafirði, en sótti sér framhaldsnám til Bretlands og Svíþjóðar, nam hagfræði í 5 ár, m.a. við Stokkhólmsháskóla. Guðlaugur var ötull fylgismaður safnsins og dró ekki af sér sem sendiherra þess í Reykjavík. Hann stóð að Vestfirðingabók Vestfirðingafélagsins í Reykjavík. Bók þessi fór bæja á milli og ritaði fólk í hana nöfn sín með áheimum um peningagjafir eða gripi til safnsins. Með þessu móti safnaðist nokkurt fé og mörg loforð um muni til varðveislu. Í blaðinu Skutli birtist svohljóðandi auglýsing í maí 1942:

„Vestfirðingabók hefir nú farið allmikil um bæinn, og hafa fjöldamargir bæjarbúar ritað í hana nöfn sín. Hafa safnazt hér 11600 krónur — og má telja, að vel skilji Ísfirðingar það, hve vel sé viðeigandi — og lærdómsríkt fyrir komandi kynslóðir, að hér verði komið upp byggðasafni. Vill nú Skutull vekja eftirtekt á auglýsingunni um Vestfirðingabók í blaðinu í dag“ (Vestfirðingabók, 1942, bls. 72).

Vestfirðingabók er innbundin í selskinn með hörðum spjöldum og geymd í glæsilegri öskju. Bókin var í umferð í á annan áratug og skrifaði Hannibal Valdimarsson, sem var í hópi þeirra sem fyrstir komu að byggðasafnshugmyndinni, grein í Alþýðublaðið 1954 um framgang þessa mikla átaks.

„Því miður eru þær upphæðir, sem söfnuðust fyrir stríð og fyrir gengislækkun nú orðnar lítills virði, og flytur sú staðreynd okkur heim sanninn um það, að vissast er að ljúka fjársöfnun með snöggu átaki og hefja framkvæmdir með það fyrir augum að ljúka a.m.k. einhverjum áfanga í byggingu byggðasafnsins“ (Hannibal Valdimarsson, 1954).

### Vormenn Íslands

Það er freistandi að gera tilraun til að átta sig á hver drifkrafturinn var að baki því að koma upp safni. Það er augljóst að tveir forsprakkar Byggðasafns Vestfjarða voru „sigldir menn“ sem vitnuðu í reynslu sína af söfnum sem þeir höfðu kynnst í útlöndum og áhrif þeirra á menningarlíf þjóðanna. Guðlaugur Rósinkranz sagði í dreifibréfi 1941:

„Vér Íslendingar höfum hingað til lítt gætt þess að varðveita þau verðmæti vor, er lýsa menningu, lifnaðarháttum og kjörum þjóðarinnar á liðnum öldum og áratugum. En flestar aðrar menningarþjóðir leggja á það mikla áherslu. Sökum þess að sögulegja minjar varðveita þekkingu á lífi þjóðanna á liðnum öldum, vekja heilbrigðan þjóðarmetnað og viðhalda tryggð við þjóðleg verðmæti, ber oss, eftir bestu getu, að varðveita þau þjóðlegu menningarverðmæti, er vér eigum, og má ei síðar vera að vér hefjumst handa“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1941).

Það sem einkenndi aldamótakynslóðina var þjóðermisvitund og viljinn til breytinga. Það var margt að gerast í atvinnulífi þjóðarinnar. Íslendingar voru að verða meiri og meiri þátttakendur í því afli sem barst erlendis frá. Vélvæðing atvinnulífsins til sjávar og sveita var í garð gengin.

Á fyrrnefndum fundi 23. júlí 1941 var Byggðasafn og sjóminjasafn Vestfjarða formlega stofnað og var Bárður G. Tómasson kosinn fyrsti formaður þess. Guðmundur Jónsson frá Mosdal, kennari á Ísafirði, var

kosinn framkvæmdastjóri hópsins sem fór fyrir stofnun safnsins. Guðmundur hafði þá þegar kynnt hugmynd sína um húsnæði safnsins í sveitabæ sem hann hafði rissað upp og var samþykkt að sækja um lóð undir hann hjá kaupstaðnum, um leið og formlegri tilkynningu um stofnun safnsins var skilað inn til bæjaryfirvalda. Menn höfðu augustað á nokkrum stöðum í firðinum og á málgöðu það með erindi í júlí, sama ár, að fá lóðarskika til að „bygginga sveitabæ í vestfirskum stíl, naust og ef til vill fleiri byggingar“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1941). Var þá einkum horft til lands í eigu Seljalands í botni Skutulsfjarðar. Eitthvað stóð á svari bæjarins því erindið var ítrekað ári seinna með bréfi. Í svarbréfi bæjarstjórans, Jóns Guðjónssonar, 15. júlí 1943 kemur fram að bréfitari, Guðmundur frá Mosdal, bæjarráð og bæjarstjóri hafi gert sér ferð inn að Seljalandi og athugað staðhætti. Þegar þangað var komið og staðhættir skoðaðir voru menn sammála um að þessi staðsetning hentaði ekki fyrir byggðasafnið. Héldu menn þá heim á leið en komu við á Stakkanesi og urðu allir sammála um að „safninu mundi henta staður neðst á nesinu á húsmannslóð þeirri, sem Ólafur Kárason hefir haft, en nú hefir Eyjólfur Bjarnason. Bæjarráð leggur til að Byggðasafni Vestfjarða verði gefinn kostur á ókeypis landi á þessum stað undir bæjarhús og sjóarhús“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1943).

### Guðmundur frá Mosdal

Það er komið að stríðslokum. Bárður ritar bréf sem hann stílar á Byggðasafn Vestfjarða. Þar tilkynnir hann brottflutning sinn frá Ísafirði og gerir „nokkra grein fyrir tildrögum og smíði sexærings þess, sem ætlaður er „Byggðasafni Vestfjarða““ (Skjalasafnið Ísafirði, 1945). Í bréfinu greinir hann frá smíðinni allt til ársins 1939 og ýmsum vandkvæðum við að afla efnis til verksins vegna stríðsins. Í bréfinu afhendir Bárður stjórn safnsins sexæringinn til eignar skuldlausan. Jafnframt kemur í ljós að „ekkert varanlegt húspláss hefur fengist fyrir skipið, sem nú er á hvolfttrjám í skipabrautinni.“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1945).

Næstu árin eru tíðindalítil hvað málefni safnsins varðar. Stríðinu er lokið, Ísland gengur í Nató með Austurvallarhveli árið 1949, kaldastríðsbrölt hefst og ratsjárstöðvar rjúka upp með tilheyrandi atvinnu-tækifærum. Guðmundur frá Mosdal heldur lífi í glæðum byggðasafnsins og ritar háttvirtri bæjarstjórn bréf og þakkar jákvæðar undirtektir við erindi byggðasafnsins frá júlí 1943. Guðmundur skýrir í bréfinu þann drátt sem orðið hefur á framkvæmdum við sveitabæinn og óskar jafnframt eftir stækkun á reitnum sem safnið fékk úthlutað á Stakkanesi. Guðmundur gefur þá skýringu á framkvæmdaleyfinu að erfitt hafi verið að afla timburs og svo hitt „að ekki hafi fengist mannskapur til að vinna verkið á þessum dýrtíðartímum“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1946).

Ekki blés byrlega fyrir safninu um þetta leyti þar sem allir stjórnarmennirnir voru fluttir úr bænum og ekki kosnir menn í þeirra stað – einhverra hluta vegna. Guðmundur frá Mosdal var hins vegar ódrepanði áhugamaður um vöxt safnsins og hélt ótraudur áfram sínu starfi og fór um sveitir með Vestfirðingabók undir hendinni og hét á mann og annan að ljá málefnum lið með fjárframlögum eða gripum og leggja fé á vöxtu í lófa framtíðarinnar (Jóhann Gunnar Ólafsson, 1956, bls. 114). Líkt og Bárður og Guðlaugur Rósinkranz lagðist Guðmundur Jónsson frá Mosdal í ferðalög og teygði menningu nágretta okkar:

„Strax á unga aldri var hann svo hagr á tré og járn að hann var hvattur til náms í myndskurði og árið 1912 fór hann sem lærlingur til Stefáns Eiríkssonar myndskurðarmeistara í Reykjavík og lauk námi með ágætum vitnisburði 1916. Að loknu námi fluttist hann til Ísafjarðar og hélt þar og í nágrenni námskeið í tréskurði. Árin 1919–1921 dvaldi hann í Noregi, Svíþjóð og Danmörku og kynnti sér heimaiðu og listiðnað og kennslu í þeim greinum, kynnti sér jafnframt fornorræna tréskurðarlist, og rannsakaði í þeim tilgangi fornminjar í söfnum og naut bóklegrar fræðslu um þessa grein“ (Helgi Guðmundsson, 1956, bls. 23).

Guðmundur fékk aldrei að sjá drauminn um sveitarbæ byggðasafnsins rætast. Hann féll frá tæplega sjötugur að aldri árið 1956, en sýndi hug sinn í verki með því að arfleiða safnið að húsi sínu, Sóltúni, ásamt merkilegu bókasafni. Eftirmæli Guðmundar eru þau „að hann sé með sanni stofnandi safnsins og höfuðmáttarstólpi“ (Jóhann Gunnar Ólafsson, 1958, bls. 57).

### Jóhann Gunnar Ólafsson

Nú skal kynna til sögunnar einn talsmann safnsins, Jóhann Gunnar Ólafsson, en hann kom til Ísafjarðar á haustmánuðum 1943 og tók við embætti bæjarfógeta og sýslumanns. Jóhann Gunnar varð strax áberandi vegna baráttu sinnar fyrir menningarmálum almennt og varð snemma vel að sér um sögu og menningu byggðarlagsins. „Gerðist hann fljótlega forystumaður í ýmsum félagsmálum Ísfríðinga, þar sem hann gat beitt sér fyrir framgangi þessara mála og virkjað aðra til samstarfs með sér“ (Jón Páll Halldórsson, 1979, bls. 26). Jóhann Gunnar kom að stofnun Sögufélags Ísfríðinga snemma árs 1953. Eitt af markmiðum félagsins var að efla vöxt og viðgang byggðasafnsins og færa út starfsemi þess. Einnig var félaginu ætlað að halda úti riti með margvíslegum fróðleik um vestfirska hagi. Jóhann Gunnar var kjörinn fyrsti formaður sögufélagsins og gegndi því starfi í 26 ár, eða þar til hann fluttist til Reykjavíkur árið 1968. Hann var einnig einn af 12 stofnendum Tónlistarfélags Ísfríðinga árið 1948, en lét ekki þar við sitja heldur kom hann



Mynd 10

með afgerandi hætti að þrautagöngu byggðasafnsins. Árið 1947 samþykkti Alþingi lög um viðhald fornra mannvirkja og byggðasöfn. Þar segir í 4. grein:

„Nú ákveður hérað eða héraði í sameiningu að koma upp byggðasafni, en ekki eru varðveittar á þeim slóðum fornar byggingar, sem eru taldar til slíkrar safngeymslu, að dómi þjóðminjavarðar, og á þá aðili eða aðilar rétt á styrk úr ríkissjóði til þess að reisa safnhús, allt að ¼ kostnaðar, enda samþykki þjóðminjavörður uppdrátt að húsinu og safnið verði að öllu leyti háð ákvæðum laga“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1947).

Jóhann Gunnar sá þarna sóknarfæri og var litíð til þess að sambærileg söfn voru að verða til víðar um landið. Eitthvað virðist, á þessum tímamarki, nafn safnsins vera á reiki. Jóhann Gunnar hafði af þekktri röggsemi gengið í það að blása lífi í glæðurnar sem voru líklega farnar að kulna í lúnum höndum Guðmundar frá Mosdal. Jóhanni hefur væntanlega þótt vænlegra að hefja nýja sókn með nýju nafni og kynnti Byggðasafn Ísafirðinga til sögunnar og vann að málefnum þess um stund. Jóhann Gunnar varð svo formaður stjórnar í sumarlok 1955 þegar bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar og sýslunefndir Norður- og Vestur Ísafjarðarsýslna höfðu samþykkt og skipað menn í stjórn safnsins. Aðrir í stjórn þessa endurreista safns voru Einar

Guðfinnsson, athafnamaður í Bolungarvík, sem var fulltrúi Norðursýslunnar og Kristján Davíðsson, oddviti í Neðri-Hjarðardal, fulltrúi Vestursýslunnar. Sú ákvörðun Jóhanns Gunnars að breyta nafni safnsins úr Byggðasafn Vestfjarða í Byggðasafn Ísafirðinga var í sjálfu sér rökrétt. Orðið „Ísafirðingar“ hafði frá fornu fari haft víða skírskotun og náð yfir íbúa Ísafjarðarsýslunnanna beggja, þar sem Jóhann Gunnar var nú sýslumaður. Hugsanlega hefur hann reiknað með að þungamiðjan í starfsemi safnsins myndi verða á norðursvæði Vestfjarða – í Ísafjarðarsýslunum – og því tæplega þótt réttmætt að kenna það við landshlutann allan. En allt um það, hver svo sem rök Jóhanns Gunnars voru fyrir þessari breytingu, þá kom fljótlega í ljós að hún naut ekki einróma stuðnings. Guðlaugur Rósinkranz óskaði þess í bréfi 2. nóvember 1956 fyrir hönd Vestfirðingafélagsins í Reykjavík að nafninu yrði breytt úr Byggðasafn Ísafirðinga í Byggðasafn Vestfjarða. Jóhann Gunnar bar erindið undir Kristján Eldjárn þjóðminjavörð „sem telur ekkert mæli gegn því og að það sé ákjósanlegt, til þess að fá samvinnu allra aðila um málefnið“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1956). Nokkru fyrir þetta sama ár hafði bæjarstjórn samþykkt að Byggðasafn Ísafirðinga fengi til afnota hluta af loftinu á Sundhöll Ísafjarðar (Skjalasafnið Ísafirði, 1956). Í bréfi sem dagsett er 16. maí óskar Jóhann Gunnar eftir blessun þjóðminjavarðar á húsnæðinu og svaraði þjóðminjavörður um hæl þremur dögum síðar. Hann

samþykkir húsnæðið fyrir sitt leyti ásamt því að koma með athyglisverða ábendingu:

„Ég tel það happ að eiga kost á þessum samastað, og áreiðanlega verður að öllu leyti viðráðanlega að hafa það þarna heldur en í bæ með gömlu sniði. Ég held, að það sé ekki heldur vel ráðið, að mörg byggðasöfn séu með því sama sniði. Þér vitið, að slíkt fyrirkomulag hefur verið valið í Skagafirði, og Þingeyingar ætla einnig að hafa sitt safn þannig, í bænum á Grenjadarstað. Í Skógum undir Eyjafjöllum hefur hinsvegar verið byggt sérstakt hús handa safninu og virðist það prýðilegt. En semsagt, mér virðist heppilegt, að ekki séu öll byggðasöfn eins og gerð eftir sömu forskrift“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1956).

Þjóðminjavörður er nokkuð afdráttarlaus um að fjölbreytinn sé vænlegust til árangurs í uppbyggingu safnsins. Þann 17. janúar 1957 skrifaði Guðlaugur Rósinkrans formanni stjórnar safnsins, Jóhanni Gunnari, og gladdist yfir því að nafni safnsins skyldi hafa verið breytt til fyrra horfs. Hann gerði ráð fyrir að Vestfirðingafélagið í Reykjavík myndi nú hefjast „handa um happdrættið til fjáröflunar fyrir Byggðasafn Vestfjarða“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1957). Jóhann Gunnar svaraði bréfinu um hæl og þakkaði:

„fyrir góða samvinnu að koma byggðasafninu á fót. Ætli ekki sé í Reykjavík einhver lagtækur Vestfirðingur, sem vildi gera hæfilega stórt „módel“ af vestfirskum bæ eftir uppdrætti Guðmundar sem þegnskylduvinnu fyrir málefnið? Safninu yrði að slíku mikill fengur, auk sem það yrði til mikils sóma fyrir smiðinn“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1957).

Sjálfsgagt hefur einhver sagt af minna tilefni að nú sé hún Snorrabúð stekkur. Hryggjarstykkið sjálft, sveitabærinn, orðið að módeli.

### Ragnars þáttur Ásgeirssonar

Það næsta sem af safninu er að fréttar er að hús Guðmundar frá Mosdal, Sóltún við Hlíðarveg 1, er selt á 140 þúsund krónur í nóvember 1957. Við uppgjör ársins var fjárhagur safnsins „sæmilegur“ (Jóhann Gunnar Ólafsson, 1958, bls. 57) eins og það er orðað, rúmar 202 þúsund krónur. Hafist var handa við að koma húsnæðinu á Sundhallarloftinu í viðunandi ástand til sýninga. Sundhallarbygging Guðjóns Samúelssonar var reist árið 1946 með flötu þaki þar sem sundlaugargestir áttu að geta notið útiveru og jafnvel farið í sólbað. Þegar hér er komið sögu voru menn búnir að játa sig sigraða fyrir lekavandamálum flatra þaka, sem margir þekkja enn þann dag í dag. Það var því ákveðið að setja ris á húsið, en að einu þurfti að huga fyrst – að koma safngrip númer eitt, sexæringnum

Ölveri, upp á þakið. Síðan yrði risið byggt yfir hann. Í fundargerð bæjarráðs má lesa um ósk Jóhanns Gunnars um leyfi fyrir því „að árabátur, sem byggðasafnið á, yrði settur upp á þakhæðina, áður en þakið verður sett yfir húsið“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1956). Í Vesturlandi 1958 er frétt af gangi mála á safninu:

„Byggðasafnið hefur eflzt mikið á þessu ári. Munir þess voru fyrst sýndir opinberlega á þessu ári. Fjöldi fólks sótti sýningarnar, og varð það til þess að vekja almennan áhuga fyrir því. Ragnar Ásgeirsson, ráðunautur, ferðaðist í september á vegum safnsins um Dýrafjörð, Önunarfjörð, Súgandafjörð, Álftafjörð og Bolungavík og varð honum mjög vel ágengt. Einnig vann hann að skrásetningu á munum safnsins, en þeir eru nú orðnir 1209. Voru þeir 693 þegar Ragnar hóf söfnunarferðir sínar í haust. Þótt byggðasafnið eigi orðið álitlegt safn muna, vantar þó enn mikið á, að til sé í fórum þess hvað eina, sem notað var við störf manna til sjávar og sveita á fyrri öld og hver maður þurfti á að halda í lífi sínu og bústangi. Einnig á safnið lítið af skarti og fatnaði öllum. Af sjómínjum vantar safnið enn líkön af ýmsum gerðum skipa, og margt af verkfærum, sem notað voru við sjó og fiskveiðar. Safnstjórnin færir öllum þeim, sem fært hafa safninu gjafir, beztu þakkir. Jafnframt skorar safnstjórnin á menn að hlýnna að safninu og láta til þess ganga allar fornarnar menjar, sem þeir eiga eða finna“ (Frá Byggðasafni Vestfjarða, 1958, bls. 3).

Hér má segja að Ragnars þáttur Ásgeirssonar hefjist. Jóhann Gunnar óskaði eftir því í bréfi til Búnaðarmálastjóra árið 1956 að „Ragnar Ásgeirsson ráðunautur ferðist um Ísafjarðarsýslu í ágústmánuði á vegum safnsins og safni munum til þess“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1956). Í öðru bréfi rúmunum tveimur mánuðum seinna þakkaði Jóhann Gunnar búnaðarmálastjóra fyrir hans leyfi fyrir því að Ragnar færi um héraðið og safnaði munum og lofordum um gjafir til safnsins. Jafnframt lagði hann áherslu á að „Ragnar haldi áfram þessu starfi á þessu eða næsta ári“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1956). Sú varð líka raunin og á næstu árum ferðaðist Ragnar um stórt, torfarið og einangrað svæði safnsins og safnaði gripum. Hann annaðist einnig frumskráningu og merkingu gripa safnsins í aðfangabók. Verkið vann Ragnar á Sundhallarloftinu í ókyntu húsnæðinu, skráði í bókina og skrifaði á merkimiða með lindarpenna númer hvers hlutar. Jóhann Gunnar formaður sendi bréf til bæjarstjórnar í nóvember 1958 og benti á að „húsakynni þau, sem Byggðasafn Vestfjarða hefur fengið til umráða í íþróttarhúsinu, eru ennþá ófullgerð. Þannig eru útveggir og þak óeinangrað...“ (Skjalasafnið Ísafirði, 1958). Þetta hefur án vafa verið á stundum ónotaleg vist hjá Ragnari á köldum vetrardögum. Engu að síður hélt



hann áfram að vinna sitt ómetanlega starf fyrir safnið allt til ársins 1963.

### Krúnudjásnið í Neðsta

Jóhann Gunnar lét sér ekki nægja að sinna byggðasafninu og sögufélaginu, heldur kom hann einnig að stofnun Listasafns Ísafjarðar árið 1963, en það var fyrsta listasafnið sem stofnað var utan Reykjavíkur. Þessu nýja safni var ætlaður staður í sambýli við byggðasafnið á Sundhallarloftinu. Auk þessa hafði Jóhann í nafni Byggðasafns Vestfjarða hafði þunga baráttu fyrir varðveislu 18. aldar húsanna á Ísafirði í greinum um byggðasafnið sem birtust ár hvert í Ársritum Sögufélags Ísfríðinga. Máli sínu til stuðnings vitnaði Jóhann í Hörð Ágústsson listmálara sem skrifaði um þessi hús í menningartímaritid Birting 1962, 1. og 2. hefti. Á þessum tíma hafði bæjarstjórn ákveðið að láta rífa íbúðarhúsið í Hæstakaupstað. Skemmst er frá því að segja að með þessum athugasemdum Jóhanns Gunnars var þeirri ákvörðun frestað og óskaði bæjarráð eftir að Jóhann Gunnar skrifaði greinargerð um málefni hina öldnu húsa. Þessi saga verður ekki rakin frekar hér en eitt er víst að ekkert varð að niðurrifi Hæstakaupstaðarhússins og húsanna í Neðstakaupstað og eru þau í dag sannkölluð krúnudjásn Ísafjarðarbæjar.

Pegar hér er komið sögu er farið að saxast verulega á sjóði safnsins. Sundhallarloftið var innréttað með eftirlíkingum af baðstofulofti, eldhúsi, smiðju og öðrum þeim húsakynnum sem féllu að eldri búskaparháttum. Þetta var allt smíðað haganlega undir súðina auk sýningarkassa sem stóðu úti á gólfi. Gísli Gestsson, safnvörður á Þjóðminjasafni Íslands, hafði komið og kynnt sér húsnæðið og gaf fyrirheit um að senda teikningu af skipulagi sýningarinnar. Árið 1968 lét Jóhann Gunnar af bæjarfógetastarfinu, fluttist úr bænum og sneri sér að ritstörfum í Reykjavík. Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar samþykkti eftirmann hans, Jón Pál Halldórsson. Jón Páll minnst læriföður síns og fyrirrennara með hnitmiðaðri persónulýsingu í minningargrein í Morgunblaðinu árið 1979: „Hann var á sinn veg ráðrikur maður, vildi fá það fram, sem hann ætlaði sér og gat verið þykkjubungur, ef það ekki tókst. Hann gat líka verið barnslega glaður, þegar honum tókst að koma áhugamálum sínum heilum í höfn“ (Jón Páll Halldórsson, 1979, bls. 26). Þetta lundarfar er ekki það sem einkennir safnmenn, svona almennt, því þeir sjá yfirleitt markmið sín birtast í óralangri fjarlægð þó það sé kannski ekki alveg einhlítt. Eins og fyrr segir vakti Jóhann Gunnar fyrstur manna athygli á nauðsyn þess að friðlýsa verslunarhúsin í Neðstakaupstað og Faktorshúsið í Hæstakaupstað og lagði mikla vinnu í að kynna sér sögu húsanna.

Við þau nánú tengsl sem urðu á milli safnsins og sögufélagsins varð til sú hefð að Ísafjarðarkaupstaður lét sögufélaginu það eftir að tilnefna sinn mann í stjórn safnsins. Sögufélag Ísfríðinga varð með þessu

óformlegur bakhjarl safnsins á ýmsan hátt. Fyrir áeggjan sögufélagsins o.fl., sem er hægt að rekja allt til ársins 1963, óskaði bæjarstjórn árið 1975 eftir friðlýsingu 18. aldar húsanna á Ísafirði. Það voru húsinn í Neðstakaupstað og Faktorshúsið í Hæstakaupstað. Samfara þessu varð til ný nefnd í stjórnslu kaupstaðarins, húsafríðunarnefnd. Í nefndinni sátu pólitískt skipaðir fulltrúar auk eins frá Sögufélagi Ísfríðinga. Nefndin starfaði af óvenjulegri þrautseigju og er óhætt að fullyrða, án þess að á aðra nefndarmenn sé hallað, að fulltrúi sögufélagsins í nefndinni, Jón Páll Halldórsson, hafi leitt störf nefndarmanna.

Það er mikilvægt að þeirra sem stóðu að stofnun safnsins verði minnst fyrir óeigingjarnt starf og ekki síður fyrir áhuga þeirra á að glæða skilning samborgara sinna á varðveislu sögulegra minja. Í rauninni er rannsóknarinnar vert að skoða hvatann að stofnun margra safna á nánast sama áratugnum fyrir og eftir miðbik síðustu aldar.

Stöðugt voru góðir gripir að berast safninu og voru þeir orðnir ríflega 2000 árið 1966 þegar Ísfríðingar minntust 100 ára afmælis bæjarstjórnar. Safnið tók þátt í tímamótunum og kom ásamt sögufélaginu að sögusýningu á sundhallarloftinu sem Ingvi Hrafn Magnússon auglýsingateiknari hannaði samkvæmt tíðaranda þess áratugar. Jón Hermannsson, loftskreytamaður og lífskúnnstern, gerði veglegt módel af kaupstaðnum eins og hann leit út árið 1866 og lögðust menn í mikla rannsóknarvinnu við gerð þess.

Starfsemi safnsins var næstu árin með hefðbundnu sniði svo ekki sé fastar að orði kveðið. Vestfríðingar færðu því gripi til varðveislu jafnt og þétt og safninu var haldið opnu á Sundhallarloftinu á sumrin með fórnfúsu starfi Guðmundar Ebenesers Benediktssonar og dóttur hans, Flóru. Opíð var reglulega yfir sumarmánuðina en yfir vetrarmánuðina var það opíð „þegar telfni gafst til og þess var óskað t.d. þegar hópar komu í heimsókn til bæjarins og einnig jókst það mjög að kennarar heimsóttu safnið með nemendum sína á skólatímanum“ (Jóhann Gunnar Ólafsson, 1958, bls. 57).

### Nýtt upphaf

Haustið 1984 var Jón Sigurpálsson myndlistarmaður ráðinn til að veita safninu forstöðu. Samhliða safninu átti hann að sjá um uppbyggingu friðlýstu húsanna í kaupstaðnum og Listasafns Ísafjarðar. Til að byrja með var safnið friðsæll og þægilegur vinnustaður eins og almennt var litið á, með sýningarstöðu á loftinu títtnefnda. Fyrirrennara höfðu stillt upp hvers kyns gripum smekklega og komið fyrir örsmáum hvítum miðum með grunnupplýsingum um hvern hlut. Ónæði af gestakomum var hæfilega lítið, en þeir gestir, sem þrömmuðu þrepin 40 upp á Sundhallarloftið, voru um 800 á ári. Nýráðinn forstöðumaður ræð Steinunni Kristjánsdóttur, síðar fornleifafraeðing, til yfirsetu



Mynd 11

um sumarið. Sjálfur fór hann að stússast í friðlýstu húsunum. Í stórum dráttum liðu næstu fjögur árin með þessum hætti en eiginlega má segja að friðurinn hafi verið úti árið 1988. Bygðasafnið fékk þá afnot af Turnhúsinu í Nedstakaupstað til sýningarhalds og þá þegar var ákveðið að ekki yrði sett upp hefðbundin bygðasafnssýning með rokkum og strokkum, heldur yrði leitast við að gera þeim þætti sem Vestfirðingum hefur staðið næst í gegnum tíðina vegleg skil og sett var upp sýning um líf sjómanna frá örófi til dagsins í dag. Á fyrsta starfsárinu í Turnhúsinu margfaldaðist aðsókn að safninu. Allt er í lífinu hverfult og hefur Bygðasafn Vestfjarða ekki farið varhluta af því frekar en aðrir. Allt frá árinu 1264 voru sýslur sérstakt stjórnsýslustig á Íslandi, en það var lagt niður í tveimur áföngum; fyrst með nýjum sveitarstjórnarlögum 1986, þegar sýslunefndir voru aflagðar og vald þeirra fært til sveitarfélaga, og síðan með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði 1989 þegar hlutverk sýslumanna var endurskilgreint. Til að auka en frekar á flækjustigið tóku menn upp á því að sameina sveitarfélög um allt land árið 1996.

Við þá sameiningu varð til Ísafjarðarbær úr Ísafjarðarkaupstað, Sudureyri, Flateyri og Þingeyri og dreifbýli. Í þessu umróti varð upplausn í stjórn bygðasafnsins sem lenti á milli stafs og hurðar í nýju stjórnskipulagi. Þetta hafði þær afleiðingar að engin stjórn var starfandi frá árinu 1996 til vorsins 2005 með forstöðumann sem reyndi að halda í horfinu þar sem honum var ekki sagt upp í þessu pólitíska fávíðri. Árið 2005 var skipuð ný stjórn og voru það sveitarstjórnir í Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi sem skipuðu hver sinn stjórnarmann ásamt varamönnum.

Upp úr 1990 lágu fyrir hugmyndir stjórnar um nýbyggingu fyrir safnið á safnsvæðinu í Nedstakaupstað. Hjörleifur Stefánsson, arkitekt og hönnuður að öllum framkvæmdum við friðlýstu húsin á svæðinu, var fenginn til að gera frumhönnun á byggingunni. Þessi áform tóku á sig hinar einkennilegustu stefnur í róti sameiningar sveitarfélaganna. Forstöðumaður og arkitekt fóru í þrákelknislega göngu með hugmyndina og varð lítið ágengt í fyrstu, en þokuðu málinu þó nægilega vel

afram til að það gleymdist ekki alveg.

Það má sannarlega segja að Ísafjarðarbær hafi á þessu tímabili tekið safnið í fóstur þar sem það kúrdi í einni krónni með hlutastarfsmann. Nú var staðan hins vegar orðin þannig að hið hefðbundna starf var minningin ein. Sjóminjasýningin í Turnhúsinu fékk betri viðtökur en nokkurn hafði óráð fyrir og strumur gesta til safnsins þyngdist umtalsvert. Verkefnið urðu fleiri og fjölbreyttari, sem um leið þýddi að kröfurnar til safnsins og starfsmannsins breyttust. Hjá Byggðasafni Vestfjarða var nú svo komið að einn hlutastarfsmaður gat ekki annað öllu sem gera þurfti. Það var því orðið tímabært að fjölga í starfslíðinu og verður ekki annað sagt en að Ísafjarðarbær hafi brugðist stórmannlega við þegar ósk um slíkt var borin upp. Haustið 1999 var Heimir Gestur Hansson sagnfræðingur ráðinn í fullt starf safnvarðar. Bakgrunnur Heimis kom sér vel og vann hann auk annarra safnstarfa að gerð texta við fjölmargar sýningar sem safnið stóð fyrir.

### Ferðapjónustusafn

Á þessum árum komst nokkuð í tísku hugtakið „menningartengd ferðapjónusta“, þó svo að auðvitað hefði ferðamennska hingað til lands alla tíð átt sér öðrum þræði rætur í menningu landsins. Þessari tísku fylgdi krafa um að söfnin teygðu sig æ lengra út fyrir hið hefðbundna varðveislu- og fræðslustarf. Safnmenn þekkja að ekki er lengur nóg að safnið sé á sínum stað og bíði þess að gestir komi og fylli sali þess. Krafa dagsins er sú að safnið leiti sjálf út á við, teygji sig til fólksins og verði virkari þátttakandi en áður í bæjarlífinu og þjónustu við ferðafólk. Nútímasafnmaður, a.m.k. sá sem vill þrífast á litlu safni úti á landi, getur ekki verið grámyglulegur grúskari sem grúfir sig yfir fræðin í friði fyrir öllu og öllum. Þvert á móti þarf safnmaðurinn að hafa allt til að bera í senn; vera safngrúskari og sagnfræðingur, grafískur hönnuður, skemmtikraftur, trúður, vert og veislustjóri, uppvaskari og eldabuska, ræstítæknir og rekstrarfræðingur.

Það má segja að Byggðasafn Vestfjarða hafi fyrst farið út fyrir hina hefðbundnu sýningarstarfsemi safna árið 1993, þegar menningardagskráin Sumarkvöld í Nedsta hóf göngu sína í Tjörhúsinu. Þetta voru menningar- og skemmtikvöld, þar sem flutt voru erindi um ýmsa þætti úr sögu héraðsins í bland við víðeigandi tónlist, auk þess sem kynntur var safngripur sem tengdist umræðuefni kvöldsins. Þessi dagskrá var miðuð við að höfða jafnt til heimafólks og ferðamanna, og var jafnan haldin öll fimmtudagskvöld í júlí. Safnið kom að sumarkvöldunum í rúman áratug og má segja að árleg saltfiskveisla safnsins hafi tekið við af þeim árið 2002, en fyrst var efnt til veislunnar þegar þess var minnst að 150 ár voru liðin frá stofnun Ásgeirsverslunar á Ísafirði. Veislurnar eru orðnar ómissandi í sumarverkefnum safnsins og er þeim öðrum þræði ætlað að boða fagnadarerindið um ágæti

saltfisksins sem kom þjóðinni í þær álnir sem hún komst í og nýtur enn í dag.

En eftirspurnin eftir þátttöku safnsins í vestfirsku menningarlífi hélt áfram að aukast. Um hverja páska halda Ísfríðingar Skíðavíkuna, sem er helguð skíða-íþróttinni en er jafnframt krydduð með ýmiss konar skemmtunum eins og tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður, sem óþarft er að kynna og margs konar menningaruppákomum öðrum. Skíðaiðkun á sér ríka hefð á staðnum og til að heiðra þá hefð hafði safnið fastan dagskrárlið á Skíðavíku, svonefnda Tvíkeppni Byggðasafns Vestfjarða. Mótíð var í anda fyrstu skíða-keppni sem heimildir eru um á Vestfjörðum og voru keppnisgreinarnar tvær: rennsli með sneiðingum og 120 skrefa hlaup á skíðum. Allir keppendur notuðu útbúnað úr fórum safnsins og sett voru ströng skilyrði um snyrtilegan klæðaburð. Heldur þótti þetta tiltæki á gráu svæði hjá forvörsluþenkjandi safnfólki en það naut mikilla vinsælda Skíðavíkugesta þau 10 ár sem keppnin var haldin.

### Strand- og sjávarminjar

Eins og fram kom í upphafi þessa greinarkorns var það hugmynd Bárðar G. Tómassonar, forgöngumanns um stofnun safnsins, að það yrði héraðs- og sjóminjasafn. Fyrsti skráði gripur safnsins er sexæringurinn Ölver, vestfirskur bátur með öllum fargögnum. Ölver er þungamiðjan í áhrifaríki sýningu um verbúðarlíf í Ósvör í Bolungarvík. Báturinn var í burðarhlutverki og var siglt við gerð heimildarmyndar LÍÚ um Verstöðina Ísland árið 1991, sem Erlendur Sveinsson kvikmynda-gerðarmaður styrði.

Eftir að sýningarastaðan í Turnhúsinu var tekin í notkun fengu sjóminjar að njóta sín mun betur en áður og sögufrægum bátum í eigu safnsins tók að fjölga. Samkvæmt venju voru slíkir bátar einfaldlega dregnir á land þar sem þeir voru hafðir bæði til geymslu og sýnis. Það sýndi sig þó að sú varðveisluaðferð var ekki í alla staði góð og trébatar vildu grotna og skemmast býsna hratt við slíkar aðstæður. Viður er jú lifandi og sumpart vandmeðfarið efni, enda geyma þjóðsögur og hjátrú ýmis konar leiðbeiningar um það hvernig á að umgangast hann við bátasmíðar. „Reynirinn dregur til botns en einirinn heldur á floti“ var haft á orði á Vestfjörðum.

Það má segja að árið 2002 hafi markað nýtt upphaf hvað verndun sögulegra báta snertir. Þá var tekin sú ákvörðun hjá safninu að framvegis skyldu bátar þess vera varðveittir þar sem þeir njóta sín best, á sjó. Ráðist var í metnaðarfulla viðgerðarvinnu á bátafлотanum og var Gestur frá Vigur þar fyrstur í röðinni. Þetta ár var þess minnst að rétt öld var liðin frá því að vél var fyrst sett í íslenskan fiskibát. Sá bátur, Stanley, hvílir á hafsbotni en Gestur er að því best er vitað elsti fulltrúi íslenskra báta frá frumbersku vélvæðingarinnar. Hann hafði staðið hnípinn og beðið

örлага sinna á fjörukambinum fyrir utan safnið allt frá árinu 1988, en gekk nú í endurnýjun lífdaga. Ákvörðun var einnig tekin um að beita sömu aðferðafræði á aðra báta safnsins og er nú svo komið að sjö bátar af 15 eru varðveittir á sjó. Aðrir eru í ferli yfirhalningar og eru þar mislangt komnir. Að auki fósttrar Bygðasafn Vestfjarða tvo bátar í eigu Þjóðminjasafns Íslands. Þetta verkefni naut styrks frá fjárlaganefnd Alþingis fyrstu árin, enda um nýjung að ræða í safnastarfi hér á landi. Allt saman varð þetta svo að hluta til „menningartengd ferðaþjónusta“ þegar farið var að bjóða ferðafólki í siglingar á safngripunum. Upphaflega var gerð afar metnaðarfull áætlun um verkefni sem kallað var Gullkistan og hafði það að markmiði að leyfa gestum að kynna veiðum og vinnslu á fiski, allt frá því að sá guli beit á öngulinn þar til búii var að gera úr honum dýrindis sólþurrkaðan saltfisk, tilbúinn til útflutnings. Það verkefni hefur ekki enn orðið að veruleika að fullu, en safngestum hefur þó staðið til boða að fara í útsýnissiglingar á Gesti og á veiðar með öðrum merkjum báti úr flota safnsins, Gunnari Sigurðssyni. Einnig hefur safnið sólþurrkað 1–2 tonn af saltfiski á þurrkreit fyrir framan safnið og selt gestum og gangandi, auk þess sem fiskurinn hefur verið seldur í verslunum um langt árabil.

Eins og nefnt var hér að ofan átti vélvæðing íslenska bátaflotans 100 ára afmæli árið 2002. Sú vél sem fyrst kom til lands var sett í bát hér vestra og minnst safnið tímamótanna m.a. með sýningu þar sem saga þessa merka viðburðar var rakin. Á sýningu þessari var sýnd vél úr eigu Þjóðminjasafns Íslands af Möllerup gerð, eins og sú sem fyrst var sett í íslenskan fiskibát. Með grúski safnmanna fundust vísbendingar um að hugsanlega væri vél Þjóðminjasafnsins einmitt sú sama og sett var í bátinn Stanley árið 1902. Vísbendingarnar virtust a.m.k. nógu sterkar til að málið yrði rannsakad enn frekar. Það kom því verulega á óvart að niðurstöðu rannsóknar okkar var tekið af miklu tómlæti af hálfu Þjóðminjavörslunnar og algjört áhugaleysi virtist vera á getgátunni.

Það var ljóst að áherslur safnsins sem og annarra safna á þessu sviði mættu töluverðu áhugaleysi af hálfu Þjóðminjavörslunnar. Um langan tíma var engu líkara en að þjóðararfurinn væri nær eingöngu í kumlum fornra kapp, bænda og kirkjuhöfðingja vítt og breytt. Upplifun þjóðarinnar væri lík því sem ferðafélagarnir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson lýstu á 18. öld þegar þeir sögðu að helsta ógæfa Íslendinga fælist í því að útlendingar hefðu fyrst og fremst þekkt til í verstöðvum við sjávarsíðuna þar sem umgengni, hífýli og mataræði væru með versta móti, auk þess sem þar byggju ekki dæmigerðir Íslendingar, heldur fólk sem spillst hefði af samgangi við útlendinga.

Í þessu andstreymi fyllti safnið sér í lið með öðrum söfnum sem höfðu svipaðar áherslur og stofnuðu Samband íslenskra sjóminjasafna árið 2006. Þessi framhlypni var með fullri vitneskju þáverandi

Þjóðminjavarðar sem jafnframt var áfram um að koma þessu í sæmandi horf eftir að hafa lokað Sjóminjasafni Íslands í Brydepakkhúsinu í Hafnarfirði árið 2004. Það er kaldhæðnislegt að á sama ári opnaði Þjóðminjasafn Íslands sali sína við Suðurgötu í Reykjavík eftir áralangt viðgerðarferli með fastri sýningu sem ber hinn metnaðarfulla titil: Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár.

Fjárlaganefnd Alþingis hélt lífinu í bátaverkefnum Bygðasafns Vestfjarða. Áherslur safnsins varðandi varðveislu báta spurðust út og margir vildu sjá báta sína varðveitta þar. Mörkuð var stefna sem miðaðist við ástand og sögulegt mikilvægi bátsins hvað varðar lag, einkenni og bátssmið svo eitthvað sé nefnt. Þjörgunarskútuna Maríu Júlíu eignaðist safnið árið 2004, á móti safni Egils Ólafssonar á Hnjóti. Jóhann heitinn Ásmundsson veitti safni Egils forstöðu og hafði frumkvæði að því að varðveita þetta merkilega skip og samdi við fyrri eigendur þess um yfirtökuna. Samvinnuverkefni safnanna er vafalaust eitt af stærri verkefnum sem söfn hér á landi hafa fastbundist um að ráðast í. Jóhann var skeleggur fulltrúi safnmanna meðan hans naut við og var það mikið reidarslag að missa þann liðsmann rétt fyrir áramótin 2004 eftir stutt dauðastríð. Við fráfall Jóhanns tók Bygðasafn Vestfjarða að sér alla umsýslu sem verkefnið kallaði á. Mariuverkefnið hefur vissulega þumlungast áfram en er eitt af fjölmörgum dæmum um þegar lítið fjármagn etur kappi við eyðingarmáttinn.

### Safnið sem aldrei sefur – geispar

Snemma jóladagsmorguns fyrir mörgum árum fékk forstöðumaður safnsins fyrirspurn í samtali frá öldnum grúskara austan af landi, sem augljóslega þoldi ekki bið. Spurt var hversu margir taumarokkar væru í safneigninni, úr hvaða efni þeir væru og jafnframt stærð þeirra. Það var greinilega reiknað með að safnið væri sívakandi – svæfi aldrei. Ég hygg að margir starfsmenn safna á landsbyggðinni deili sams konar reynslu.

Árið 2004 hvarf Heimir Hansson á braut til að afla sér menntunar á öðrum vettvangi og Björn Baldursson var ráðinn í hans stað. Björn er búfræðingur að mennt, hættur bústörfum í eyjunni Vigur, kominn á mölina eins og sagt er. Viðtæk reynsla Björns kom safninu vel, með honum bættist verulega við fjölbreytta eiginleika sem safnmaður þarf til að bera, smiður á járn og tré, undirstöðuatriði í vélfræði og pungapróf svo eitthvað sé nefnt. Verklegar framkvæmdir vöfðust ekki fyrir bóndanum og var hann fljótur að tileinka sér þau fjölbreyttu verkefni sem á undan eru tíunduð.

Eins og áður hefur komið fram var safnið í tilvistarlegu móki en lifði sjálfstæðu lífi, ef svo má segja á þessum tíma, án safnstjórnar, en undir verndarvæng bæjarstjórnar. Svo gerðist það loks að ný safnstjórn var skipuð og hélt hún sinn fyrsta fund í júnímánuði 2005. Formaður stjórnar og fulltrúi Ísafjarðarbæjar



Mynd 12

var Guðfinna M. Hreiðarsdóttir sagnfræðingur. Á þessum tíma var fyrsti áfangi nýbyggingar safnsins í Neðstakaupstað á lokastigi og var þetta rúmlega tíu ára hugarfóstur formlega vígt í júlímánuði þetta sama sumar. Með þeim áfanga gjörbreyttist aðstaða safnsins í geymslumálum sem og aðstaða til skráningar. Safnið vann markvisst að verkefnum á sviði strand- og sjávarminja og setti upp fjölmargar sérsýningar með áherslum á því sviði, bátæignin var komin á annan tuginn. Árið 2008 glæðvaknaði safnið við tilkynningu um að það hefði hlotið hin íslensku safnaverðlaun, sem afhent voru á Bessastöðum þá um sumarið. Í niðurstöðu dómnefndar sagði m.a. að Byggðasafn Vestfjarða væri einstakt safn í sinni röð, staðsett í Neðstakaupstað, byggðarkjarna sem myndar elstu heild húsa á Íslandi. Þá sagði að Byggðasafn Vestfjarða hefði átt þátt í varðveislu þessara merkilegu húsa með þeim hætti að til fyrirmyndar væri og í Neðstakaupstað hefði tekist að skapa andrúmsloft sem vitnar um atvinnuhætti fyrri tíma. Jafnframt benti dómnefndin á að Byggðasafn Vestfjarða legði áherslu á að safna bátum og bátavélum og hefði farið þá leið í varðveislu báta að halda þeim sjófærum og stuðla þannig að því að viðhalda verkþekkingu við bátasmíðar. Safnið hefði líka umsjón með elsta slipp landsins þar sem unnt er að standa að viðhaldi báta. Það verður að segjast eins og er að þessi viðurkenning kom safnfólki hér vestra verulega á óvart eftir áralangt ströggli.

Árið 2011 fagnaði safnið sjötíu ára afmæli sínu. Safnmenn höfðu gerst sekir um að gleyma tveim tugum þar á undan og voru því fullir iðrunar en ákveðnir í að bæta það upp með hófstílltum metnaði. Það dreifði vissulega álaginu að á sama tíma hélt þjóðin upp á 200 ára fæðingarafmæli óskabarns þjóðarinnar, Jóns Sigurðssonar. Byggðasafn Vestfjarða lét sitt ekki eftir liggja og fór í samvinnu við Víkina – Sjóminjasafn í Reykjavík um sýningar í sölum sínum á sjómanna daginn. Sýningarnar fjölluðu um fiskveiðar og sjósókn og var byggð á kveri afmælisbarnsins Jóns Sigurðssonar „Lítill fiskibók“ sem kom út árið 1859. Afmælishátíð safnsins var svo haldin fagran júlídag og hófst með rækjuveislu um miðjan daginn, en svo var efnt til saltfiskfagnaðar um kvöldið. Um haustið var svo blásið til veislu í Víkinni í Reykjavík til að slúttu farsælu samstarfi safnanna það árið. Síðustu tíu árin hefur starfsemi byggðasafnsins vaxið ár frá ári og aðsóknartölur hafa jafnt og þétt hækkað og áætlað er að safnkosturinn losi rúmlega 20 þúsund muni. Eitt er það þó sem veldur áhyggjum í þessari velgengni, en það er að Íslendingar nenna ekki að heimsækja söfn nema að viðburðadagskrá fylgi með. Í tilfelli Byggðasafns Vestfjarða skýrist aukinn gestafjöldi eingöngu af komum erlendra ferðamanna og þá helst vegna gesta af skemmtiferðaskipum. Til að mæta þessari þróun hefur safnið farið ýmsar leiðir sem þó eru ekki á kostnað upphaflegra markmiða safnsins. Ég

hygg reyndar að flestir safnmenn upplifi þetta sama, að eini möguleikinn til að vikka starfseminna sé með for-  
merkjum menningartengdrar ferðamennsku í bland við viðburði.

Rekstur safnsins og fjármálaumsýsla er í höndum Ísafjarðarbæjar. Í stjórn safnsins sitja sveitarstjórar sveitarfélaganna þriggja, en formenn bæjarráða Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur og oddviti sveitar-  
stjórnar Súðavíkurhrepps eru þeirra varamenn. Formaður stjórnarinnar er bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar er varaformaður og sveitarstjóri Súðavíkurhrepps er ritari. Stjórnin skal hittast að lágmarki tvisvar til þrisvar á ári og hefur það meginhlutverk að hafa eftirlit með fjárhag safnsins og samþykka fjárhagsáætlun þess, auk annarra lög-  
boðinna verkefna stjórnar. Hlutverk stjórnarinnar verður þannig að meginuppistöðu fjármálalegt og stefnumótandi en ekki faglegt. Stjórn safnsins starfar í samræmi við siðareglur ICOM. Forstöðumaður situr fundi stjórnar og hefur þar tillögurétt og málfrelsi. Þótt geymslumál safnsins hafi komist í gott horf með húsnæðinu sem vígt var árið 2005 þá er enn þröngt um sýningaradstöðu. Þau mál eru hins vegar nú komin í ágætan farveg og er stefnt að því að hefjast handa við sjálft sýningarhúsnæðið innan skamms. Ýmsar þreifingar hafa verið í gangi með samnýtingu og einnig samstarf við aðra aðila. Þær hugmyndir hafa allar það eina markmið að vera safninu til eflingar.

Framtíðarstefna safnsins er að feta þann stíg sem upphafsmennirnir mörkuðu. „Í eðli sínu eru söfn leiðinleg“ lét greinarhöfundur hafa eftir sér í ungæðis-  
legu viðtali (Í eðli sínu eru söfn leiðinleg, 1995, bls. 3). Eins vafasöm og fullyrðingin er þá er inntakið hennar að safn er líkt og hráefni til listsköpunar. Safn er eins og litaspjald og trönur málalans – svo dæmi sé tekið. Á strigann er sagan sögð. Það getur farist illa úr hendi eða svo vel að eftir því sé tekið. Safn á að vekja tilfinningar sem fólk upplifir í fegurð eða ljótleika sínum – segja sögu. Sögu sem fólk tekur þátt í og vekja spurningar. Sögu sem fólk vill kafa dýpra í – fá einhver svör við. Saga sem fólk tekur þátt í og er óhætt að segja að það sé saga Bygðasafns Vestfjarða.

## Heimildaskrá

Bárður G. Tómasson. (1939, 16. desember). Sexæringar. *Vesturland*, bls. 196.

Böðvar Guðmundsson. (2014, 2. maí). *Hvernig leit veröldin út fyrir 110 árum? Erindi við opnun sýningar um Guðmund skáld á Kirkjubóli*. Safnahús Borgarfjarðar.

Frá Bygðasafni Vestfjarða. (1958). *Vesturland*, bls. 3.

Hannibal Valdimarsson. (1954). Bygðasafn Vestfjarða aðaláhugamál Vestfirðingafél.. *Alþýðublaðið*, bls. 4 og 7.

Helgi Guðmundsson. (1956). Guðmundur Jónsson frá Mosdal myndskurðarmeistari og kennari. *Morgunblaðið*, bls. 23.

Í eðli sínu eru söfn leiðinleg. (1995, 10. ágúst). *Bæjarins besta*, bls. 3.

Jóhann Gunnar Ólafsson. (1956). Bygðasafn Ísfirðinga. *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga*, 1(1), bls. 108–116.

Jóhann Gunnar Ólafsson. (1958). Bygðasafn Vestfjarða. *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga*, 1(3), bls 54–61.

Jón Páll Halldórsson. (1979). Jóh. Gunnar Ólafsson fyrrv. bæjarfógeti. *Morgunblaðið*, bls. 26.

Sexæringurinn. (1941, 7. júní). *Vesturland*, bls. 1.

Skjalasafnið Ísafirði. (1958, 15. nóvember). Bygðasafn Vestfjarða. Bréf skrifað af Jóhanni Gunnari Ólafssyni.

Skjalasafnið Ísafirði. (1957, 24. janúar). Bygðasafn Vestfjarða. Bréf skrifað af Jóhanni Gunnari Ólafssyni.

Skjalasafnið Ísafirði. (1957, 17. janúar). Bygðasafn Vestfjarða. Bréf skrifað af Guðlaugi Rózinkranz.

Skjalasafnið Ísafirði. (1956, 2. nóvember). Bygðasafn Vestfjarða. Bréf skrifað af Guðlaugi Rózinkranz.

Skjalasafnið Ísafirði. (1956, 31. ágúst). Bygðasafn Vestfjarða. Bréf skrifað af Jóhanni Gunnari Ólafssyni.

Skjalasafnið Ísafirði. (1956, 11. júlí). Bygðasafn Vestfjarða. Bréf skrifað af Guðlaugi Rózinkranz.

Skjalasafnið Ísafirði. (1956, 14. júní). Bygðasafn Vestfjarða. Bréf skrifað af Jóhanni Gunnari Ólafssyni.

Skjalasafnið Ísafirði. (1956, 19. maí). Bygðasafn Vestfjarða. Bréf skrifað af Kristjáni Edjárn.

Skjalasafnið Ísafirði. (1956, 30. apríl). Bygðasafn Vestfjarða. Fundargerð bæjarráðs um fjárhagsmál.

Skjalasafnið Ísafirði. (1956, 20. janúar). Bygðasafn Vestfjarða. Bréf skrifað af Guðmundi Jónssyni frá Mosdal.

Skjalasafnið Ísafirði. (1954, 1. febrúar). Bygðasafn Vestfjarða. Bréf skrifað af Bárði G. Tómassyni.

Skjalasafnið Ísafirði. (1947, 29. janúar). Lög um viðhald fornra mannvirkja og um bygðasöfn.

Skjalasafnið Ísafirði. (1943, 6. júlí). Bygðasafn Vestfjarða. Útdráttur úr fundargerð bæjarráðs.

Skjalasafnið Ísafirði. (1942, 28. febrúar). Bygðasafn Vestfjarða. Bréf skrifað af Guðlaugi Rózinkranz.

Skjalasafnið Ísafirði. (1941, 8. október). Bygðasafn Vestfjarða. Bréf skrifað af Guðlaugi Rózinkranz.

Skjalasafnið Ísafirði. (1941, 23. júlí). Bygðas- og sjóminjasafn

Vestfjarða. Fundargerðabók Byggða- og sjóminjasafns Vestfjarða. Skjalasafnið Ísafirði. (1941, 14. apríl). Byggðasafn Vestfjarða. Bréf skrifað af Bárði G. Tómassyni.

Skjalasafnið Ísafirði. (1940, 2. september). Byggðasafn Vestfjarða. Bréf skrifað af Bárði G. Tómassyni.

Skjalasafnið Ísafirði. (1941). Brunabótafélag Íslands. Vátryggingaskírteini nr. 4525.

Vestfirðingabók. (1942, 9. maí). *Skutull*. bls. 72.

Vestfirðingabók og byggðasafnið. (1942). *Vesturland*, bls. 1.





## Byggðasafn Borgarfjarðar Guðrún Jónsdóttir

Ein elsta heimild um áhuga manna á stofnun byggðasafns í Borgarfjarðar- og Mýrasýslum er frá fundi Borgfirðingafélagsins sem haldinn var í Reykjavík 28. febrúar 1946. Þá flutti þáverandi formaður félagsins, Eyjólfur Jóhannsson frá Sveinatungu í Norðurárdal, erindi þar sem fram kemur að félagið hefði ákveðið að gangast fyrir stofnun byggðasafns (Borgfirðingafélagið styrkir, 1946). Ágóði af merkja-sölu sem það stóð fyrir á Snorrahátíðinni í Reykholti sumarið 1947 var t.d. notaður í þágu þessa verkefnis. Á árinu 1952 er skipulagsskrá safnsins samin og samþykkt á fundi fimm borgfirskra félagasamtaka, (Ingimundur Ásgeirsson, 1968). Til undirbúnings var sent sérstakt dreifibréf um héraðið undirritað af þremur meðlimum byggðasafnsnefndar; þeim Hauki Jörundssyni sem fulltrúa Ungmennasambands Borgarfjarðar, Eyjólfu Jóhannssyni fyrir hönd Borgfirðingafélagsins og Ragnheiði Magnúsdóttur á Hvitárþakka frá Sambandi borgfirskra kvenna (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 1954). Eftirfarandi texti er úr bréfnu:

„Vakið hefur verið máls á því að ýmislegt af gömlum verðmætum hlyti enn að vera til í hinum merku byggðum Borgarfjarðar- og Mýrasýslna og að brýn nauðsyn væri að kanna það sem fyrst til að ganga úr skugga um hvort hægt sé að koma slíku safni upp fyrir þessar sýslur. Vildum vér með þessu bréfi vekja menn til umhugsunar og skilnings á þessu málefni

og reyna á þann hátt að forða frá glötun ýmsu því sem enn er til hér í byggðunum og gömlum munum og minjagripum. Er hér ekki einungis átt við listræna gripi, heldur einnig við hvern þann mun sem notaður var í daglegu lífi fólksins, hve lítilfjörlegur sem hann að öðru leyti kann að sýnast. Við höfum leitað til Búnaðarfélags Íslands um aðstoð við að þoka þessu málefni áfram og er í ráði, að Ragnar Ásgeirsson ráðunautur fari um nokkrar sveitir hér nú í haust til að ræða við fólkið á bæjunum og safna til væntanlegs byggðasafns“

### Nokkrir forvígismenn

Á þeim langa tíma sem byggðasafnið hefur starfað er ljóst að margar hendur hafa komið að því að draga vagninn. Ekki verður hér hægt að telja upp nöfn allra þeirra einstaklinga, en þó skal hér nefna nokkra sérstaklega sem komu að verki á fyrstu árum safnsins.

### Sigurður Snorrason (1894–1978)

Sigurður Snorrason var einn aðalhvattamanna að stofnun byggðasafnsins og átti sæti í stjórn þess til dauðadags. Hann átti rætur í borgfirsku samfélagi; var ættaður frá Laxfossi í Norðurárdal, alinn upp á Húsafelli í Hálsasveit og bjó sína búskapartíð á Gilsbakka í Hvitársíðu. Sigurður lést árið 1978 og er kvaddur í ársskýrslu safnsins það ár með svofelldum orðum Ara Gíslasonar:



Mynd 13–14

„Við hér hljótum að minnst hans, vegna hans áhuga og einlægs stuðnings við allt starf sem fram fór innan safnanna. Þá sér í lagi sem eins aðalhvatamanns að stofnun byggðasafnsins. Hann sat ávallt í stjórn þess og þar sem annars staðar er sæti hans vandfyllt. Þeir sem ferðast hafa á vegum safnanna og komu að Gilsbakka minnst eldlegs áhuga hans og hans ágætu konu [Önnu Brynjólfsdóttur frá Hlöðutúni]. Minnst samtala um sameiginleg áhugamál. Slíkra manna er skylt og gott að minnst. Söfnin þakka honum samstarfið og senda fólki hans kveðjur með þökk og virðingu“ (Ari Gíslason, 1979).

### Ragnar Ásgeirsson (1895–1973)

Á ferðum sínum árin 1954–1960 hafði Ragnar Ásgeirsson heimsótt um 80 bæi í því augnamiði að efna í safnkost væntanlegs byggðasafns. Það er hins vegar fyrst árið 1970 að gengið er frá formlegri stofnun

þess á fyrsta aðalfundi. Ingimundur Ásgeirsson skrifar um ári síðar til Ragnars fyrir hönd stjórnar safnsins og færir honum alúðarþakkir stjórnar fyrir afbragðsgott starf við myndun byggðasafnsins og sívakandi áhuga fyrir framgangi þess (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 1971). Ragnari var málið skylt, hann var Mýramaður, fæddur í Kóranesi, flutti þaðan ungur en var þar mikið í sveit og var alla tíð í sterkum tengslum við svæðið. Hann var mikill áhugamaður um íslenska menningu og listir, þjóðlegan fróðleik og minjavernd (Þorsteinn Sigurðsson, 1973). Gripunum sem hann hafði safnað var fyrst komið fyrir tímabundið í barnaskólanum á Varmalandi.

Í svarbréfi til stjórnar 2. október 1971 kemur fram að Ragnar hefur heimsótt safnið tvisvar eftir flutningana og skoðað fyrstu sýningu þess:

„Mér þótti líka gaman að sjá gamla ruslið – eins og sumir nefna slíkt og þótti mér Þjóðminjasafnsmönnum hafa vel tekist með

uppsetninguna, svo að nú er þetta ekkert rusl lengur, heldur safngripir og margir bæði merkir og sjaldgæfir. Og allt fer þetta vel. Bjarni safnvörður [Bachmann] sagði mér, þegar ég kom þar í seinna skiptið, að ýmsir Borgfirðingar hefðu komið og lofað hinu og þessu til safnsins. Þegar menn skoða svona safn þá rifjast upp ýmislegt sem til er á bæjum, sem þeir sjá að væri betur komið á safninu“ (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 1971).

Af þessu má sjá hversu mikilvæg fyrsta söfnunin var og að bíúið er að stilla upp sýningu með aðstoð starfsmanna Þjóðminjasafns Íslands, sem lengsta reynslu höfðu af slíku. Það hvatti fólk til dáða um að gefa safninu fleiri muni og bjargaði þar með ýmsu sem annars hefði glatast.

Í bréfi til Ingimundar Ásgeirssonar sem starfaði fyrir safnið segir Ragnar svo: „Ég vildi aðeins láta þig vita að ég var um daginn í 5 daga í safninu uppi í Borgarnesi og vann að ýmsu sem mér þótti nauðsynlegt þar. Einn daginn fór Þorsteinn á Skálpastöðum með mig vestur á Mýrar. Alls fékk ég þar 32 „númer“ hjá Guðjóni á Lækjarbug. Einnig tók ég við einum 7 nr. í Borgarnesi. Ég merkti þetta og gekk frá öllu...“ (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 1962). Hér er að finna gott dæmi um störf Ragnars sem gekk að söfnuninni af heilum hug og áhuga fyrir sögu héraðsins.

### Ingimundur Ásgeirsson (1912–1985)

Einn forvígismanna safnsins var Ingimundur Ásgeirsson, einlægur áhugamaður um menningarmál en hann átti lengi sæti í stjórn safnsins (Aðalsteinn Halldórsson o.fl. 1978:64–65). Hann átti stóran þátt í stofnun byggða- og skjalasafnsins auk þess að hvetja til stofnunar Listasafns Borgarness. Hann var einnig einn stofnenda Sögufélags Borgarfjarðar og gjaldkeri þess fyrstu árin (Bjarni Guðráðsson, 1985). Ingimundur vann mikið að útgáfu borgfirskra æviskráa og var hvatamaður að byggðalýsingum sem Búnaðarsamband Borgarfjarðar gekkst fyrir á sínum tíma (Jón Einarsson, 1985). Hann var fæddur og uppalinn á Reykjum í Lundarreykjadal, yngstur fimm bræðra. Hann stundaði nám í Héraðsskólanum á Laugum en var einnig ágætlega sjálfmenntaður. Á meðal fjölmargra starfa sem hann tókst á hendur í borgfirsku félagslífi var stjórnarseta hjá Kaupfélagi Borgfirðinga árin 1958–1973. Ingimundur var bóndi á Hæli frá árinu 1943 til dauðadags 1985. Meðal síðustu verka hans var að marka fyrir skógarreit við Krosslaug í Lundarreykjadal þar sem kristnitökunnar yrði minnst og var það í anda slíks menningarfrömuðar sem hann var.

### Haukur Jörundsson (1913–2002)

Einn aðal hvatamanna að safninu var á sínum tíma áðurnefndur Haukur Jörundsson kennari á Hvanneyri. Hann hafði stundað nám við Ípróttaskólann í Haukadal

og Laugarvatnsskóla og einnig við Bændaskólann á Hólum. Síðar fór hann til Noregs og stundaði þar nám við menntaskóla og landbúnaðarháskóla. Hann varð kandídat þaðan árið 1936 og réðst þá til starfa við Bændaskólann á Hvanneyri allt fram til ársins 1957 að hann tók við starfi fulltrúa í landbúnaðarráðuneytinu. Haukur varð síðar skólustjóri á Hólum í nokkur ár. Þegar hann bjó í Borgarfirði gegndi hann mörgum trúnaðarstörfum og átti m.a. sæti í stjórn Ungmenna-sambands Borgarfjarðar sem hafði verið stofnað 1912. Eins og hér hefur komið fram hófst söfnun muna árið 1954 og þar hefur Haukur átt góðan hlut að (Aðalsteinn Halldórsson, o.fl., 1975). Stjórn safnsins þakkar honum það bréflaga árið 1971 með eftirfarandi orðum Ingimundar Ásgeirssonar:

„Stjórn Byggðasafns Borgarfjarðar hefur í dag, 5. júlí 1971, falið mér að færa þér beztu þakki fyrir baráttu þína fyrir stofnun byggðasafns í Borgarfirði og tilstuðlan þína að hafist var handa um söfnun muna í byggðasafn árið 1954“ (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 1971).

### Bjarni Bachmann (1919–2010)

Byggðasafninu var í upphafi kosin þriggja manna stjórn sem fékk m.a. það verkefni að ráða safnvörð. Var það Bjarni Bachmann sem tók við starfinu í hlutastarfi en hann hafði starfað við kennslu í um 30 ár. Annaðist hann einnig skjala- og bókasafnið og gegndi þessum störfum árin 1969–1994 eða í aldarfjórðung („Bjarni G. Bachmann minning“, 2010). Hann vann mikið og óeigingjarnt starf fyrir söfnin á upphafsárum þeirra, ásamt eiginkonu sinni Önnu P. Bachmann sem einnig starfaði þar. Þau höfðu verið búsett í Borgarnesi ásamt fjölskyldu sinni frá árinu 1961 (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 2009).

Bjarni lagði mikla alúð í söfnunina og á þannig stóran þátt í þeim merka safnkosti sem safnið býr að í dag. Hann var fæddur og uppalinn í Borgarnesi og eftir að skólagöngu þar lauk fór hann í Héraðsskólann í Reykholti; síðan í Ípróttaskóla Sigurðar Greipssonar og Ípróttakennaraskóla Björns Jakobssonar á Laugarvatni. Hann kenndi við barna- og miðskóla Borgarness árin 1961–1979, en var eins og áður hefur komið fram ráðinn forstöðumaður safnanna árið 1969. Eftir hann liggja einnig ýmis rannsóknaverkefni sem enn í dag eru verðmætar heimildir. Meðal rannsóknarverkefna hans eftir starfslok var skráning húsa sem reist höfðu verið í Borgarnesi frá upphafi byggðar þar fyrir aldamótin 1900 og fram til ársins 1930 („Bjarni G. Bachmann minning“, 2010). Þess má einnig geta að hann vann einna mest með Hallsteini Sveinssyni að því að koma merkri listaverkagjöf hans til safnsins um 1970. Með því var lagður grunnur að Listasafni Borgarness sem á um 600 listaverk í dag og skiptir sköpum í aðgengi héraðsbúa að myndlist. Bjarni kom einnig á fótt

náttúrugripasafni sem deild innan byggðasafnsins. Þar má m.a. finna veglegt og vandað fuglasafn auk steinasafns. Byggðasafn Borgarfjarðar elfdist mjög um daga Bjarna, svo og skjalasafn og bókasafn Borgarfjarðar. Allt var þetta rekið í sama húsnæðinu og heyrði undir sama safnvörðinn. Einnig var Pálssafni komið fyrir í Safnahúsi í tíð Bjarna, en það safn er eitt merkasta einkabókasafn landsins og var í eigu Páls Jónssonar bókavardar sem gaf það til Héraðsbókasafns Borgarfjarðar árið 1984.

### Sigfús Sumarliðason (1932–2001)

Ekki verður rætt um byggðasafnið og þá sérlega náttúrugripasafnið að ekki sé minnst á Sigfús Sumarliðason, sem vann söfnunum margt til heilla. Hann sat um tíma í stjórnun þeirra og hafði sérstaka forgöngu er varðar öflun gripa til náttúrugripasafnsins. Hann var mikill áhugamaður um náttúrufræði og átti sjálfur mikið safn uppstoppaðra fugla og eggja. Það áhugamál leiddi til þess að hann var lengi formaður í stjórn Náttúrugripasafnsins og er fastasýning þess sem opnuð var 2013 helguð minningu hans. Sem dæmi um umfang starfseminnar má nefna að í fundargerð frá árinu 1979 kemur fram að mikið hefði borist af gripum það ár og væri sífellt að bætast við safnið. Mest væri að vöxtum safn fugla sem keypt hefði verið af dánarbúi Kristjáns Geirmundssonar hamskera. Einnig væri í gangi söfnun grasa og skordýra (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 1979).

Við brotthvarf Sigfúsar frá söfnunum árið 1988 segir safnvörður í ársskýrslu:

„Sigfús kom til starfa í stjórn Byggðasafnsins 1975, þá sem fulltrúi Ungmennasambands Borgarfjarðar. Hann hefur síðan verið formaður stjórnar og fulltrúi í Safnahússtjórn og þar formaður. Alla tíð hefur Sigfús unnið að velferð Byggðasafnsins og safnanna allra með stakri elju og fyrirhyggju“ (Bjarni Bachmann, 1989).

### Flygill barónsins og fleiri gripir

Á upphafsárum umræðu um stofnun byggðasafns í Borgarfirði barst verðmæt gjöf til væntanlegs safns í gegnum Borgfirðingafélagið í Reykjavík, sem stofnað var árið 1945 sem áttahagafélag brottfluttra héraðsbúa. Það var flygill barónsins á Hvítárvöllum og gefandinn var Auður Stefánsdóttir sem þá bjó á Hávallagötu í Reykjavík. Í bréfi sem fylgdi gjöfinni segir Auður svo:

„Af fréttum hef ég séð að stofnað hefur verið byggðasafn í Borgarfjarðarsýslu. Í þetta safn langar mig að afhenda ykkur, sem gjöf, konsert flygil, mjög gamlan, smíðaðan af Hornung og Möller verksm. í Kaupmannahöfn. Um sögu þessa hljóðfæris veit ég lítið, en þó sagði mér fyrir löngu Brynjólfur Þorláksson að baróninn á Hvítárvöllum hefði

keypt það í Danmörku og flutt það hingað. Hefði hann notað það mikið á heimili sínu og eins við hljólmleikahald...“

Að lokum segir Auður að henni sé ekki sama hvað verði nú um hljóðfærið þegar hún sé hætt að nota það og óskar eftir að það fái stæði í safni því er minna skal komandi kynslóðir á það fólk er í Borgarfirði hefur búið (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 1956).

Í bréfi sem Guðmundur Illugason skrifar til Bjarna Bachmann 1972 segir hann svo um flygillinn:

„Mér er enn í fersku minni þegar Auður þessi kom til mín og sagði mér frá hugmynd sinni að gefa flygillinn til Byggðasafnsins. Konu þessa hafði ég aldrei áður séð eða heyrð, en móðursystur hennar þekkti ég, Halldóru, konu Alexanders Jóhannessonar skipstjóra frá Hurðarbaki. Býst við að hugmyndin hafi verið komin frá þeim hjónum. Flygillinn mun aldrei hafa komist að Hvítárvöllum. Hann var geymdur í Reykjavík hjá frú Rannveigu Thordal, vinkonu barónsins. Hann mun hafa verið seldur á uppboði eftir andlát barónsins og ég hefi heyrt að Einar skáld Benediktsson hafi þá keypt hann ásamt nokkrum málverkum...“ (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 1972).

Gjöfin sýnir mikilvægi þess að söfnun var hafin en einnig traust gefandans og þann hug til varðveislu borgfirskrar sögu. Þess má geta að Þjóðminjasafnið hljóp þarna undir bagga og varðveitti hljóðfærið þangað til það var flutt í Borgarnes árið 1971. Það er er nú hluti sýningarinnar Börn í 100 ár í Safnahúsinu við Bjarnarbraut.

Síðan þetta var hafa margir einstakir munir borist til byggðasafnsins og þar á meðal fleiri munir úr eigu barónsins. Hvað aðra muni varðar má tilgreina myndskreyttan kassa sem listamaðurinn Muggur gaf Guðrúnu Jónsdóttur á Húsafelli árið 1921, raskkáp franska vísindamannsins og þjóðarhetjunnar J. P. Charcot, málverk Collingwoods af barni á Gilsbakka frá 1896 og mikinn hluta af innbúi Guðmundar Böðvarssonar skálds á Kirkjubóli. Margir merkir munir úr smíðju Þórðar Jónssonar á Mófellsstöðum í Skorradal eru einnig á safninu, meðal annars tveir útskornir skápar sem hvor um sig er listasmíð. Þórður var blindur frá unga aldri og eru smíðisgripir hans því einstakir af þeim sökum.

Nokkur umræða varð um starfssvæði og staðsetningu safnsins á árunum eftir 1960. Á fundi stjórnar í maí 1963 var m.a. rætt var um hvort safnið ætti að ná yfir stærra svæði en Borgarfjörð og Mýrar og þá jafnvel Vesturland allt. Kristján Snorrason, bóndi á Snorrastöðum í Kolbeinsstaðahreppi, ræddi um það á fundi með stjórn safnsins hvort vilji myndi

vera fyrir því á sunnanverðu Snæfellsnesi að eiga samvinnu við byggðasafn Borgfirðinga. Taldi hann það sína persónulegu skoðun að slíkt væri æskilegt (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, e.d.). Árið 1961 hafði hins vegar komið fram í bréfi frá stjórn Búnaðarfélags Akraness að þar sem Akrunesingar séu búnir að koma sér upp byggðasafni sé hentugast að safn fyrir allt héraðið sé staðsett á Akranesi. Við það myndi sparast fé, bæði í húsnæði og mannahaldi (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 1961). Enn fremur kom Leó Júlíusson, prestur á Borg á Mýrum, fram með þá tillögu að hús yfir safnið yrði reist á Borg (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, e.d.). Málin þróuðust hins vegar þannig að safninu var fundinn staður í Borgarnesi og starfssæði þess bundið við landfræðileg mörk frá Skarðsheiði og vestur að Hítará.

Í bréfi til Ingimundar Ásgeirssonar í ársbyrjun 1960 minnst Ragnar Ásgeirsson að til séu drög að skipulagsskrá fyrir safnið (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 1960). Þá liggur þegar fyrir að Akranes hefur dregið sig út úr samstarfi héraðsins um stofnun sameiginlegs byggðasafns og kosið að standa að eigin safni. Af þeim sökum telur Ragnar að breyta þurfi drögum að skipulagsskrá fyrir safnið (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 1956).

Drögin eru í sjö liðum og gefa góða innsýn í fyrirhugaðan tilgang og starfsemi safnsins:

#### 1. grein.

Safnið heitir Byggðasafn Borgarfjarðar og tilgangur þess er að safna og varðveita hverskonar þjóðleg verðmæti, einkum þau er snerta sögu og menningu Mýra- og Borgarfjarðarhéraðs.

#### 2. grein.

Reisa skal hús fyrir safnið á hentugum stað, er sé opið almenningi og örugg geymsla fyrir munina.

#### 3. grein.

Stjórn safnsins skal skipuð 7 mönnum og kjósa Búnaðarsamband Mýra- og Borgarfjarðar, Samband borgfirskra kvenna, Ungmennasamband Borgarfjarðar, Mýrasýsla, Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður og Borgfirðingafélagið í Reykjavík sinn manninn hvert til þriggja ára.

#### 4. grein.

Stjórnin skiptir þannig með sér verkum að hún kys formann, gjaldkera og ritara á aðalfundi, sem halda skal fyrir 1. nóvember ár hvert. Stjórnin heldur fundi þegar þurfa þykir og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum.

#### 5. grein.

Skrá skal alla muni er safninu berast, merkja þá, lýsa þeim og gera sem gleggsta grein fyrir sögu þeirra og uppruna. Hvorki má gefa né selja muni

úr safninu, en láta má í skiftum fyrir aðra gripi, ef stjórnin samþykkir það einróma, nema öðruvísi sé ákveðið af gefanda.

#### 6. grein.

Tekna skal afla með frjálsum framlögum sambandanna og annarra aðila er styrkja vilja stofnunina.

#### 7. grein.

Yrði nokkru sinni ákveðið að leggja safnið niður, skulu munir þess ganga til Þjóðminjasafns Íslands og það ráðstafa eignum þess (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 1956).

#### Húsnæðismál

Árið 1970 var málum svo komið að Kaupfélagið var farið að þrýsta á að önnur húsakynni yrðu fundin fyrir byggðasafnið enda var starfsemi félagsins vaxandi og fullnýta þurfti bygginguna við Egilsgötu fyrir reksturinn. Í raun vantaði þá orðið húsnæði undir þrjú borgfirsk söfn: Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, Héraðsbókasafn Borgarfjarðar og Byggðasafn Borgarfjarðar. Á þessum tímupunkti hafði Náttúru- gripasafn Borgarfjarðar ekki verið formlega stofnað, en það var gert árið 1972 (Reglugerð um Náttúrugripasafn Borgarfjarðar, 1980) að tilhlutan Bjarna Bachmann. Þá var það ráð tekið að keypt var hæð í nýbyggðu húsi að Borgarbraut 61 í Borgarnesi. Var hæðin innréttuð fyrir söfnin. Fékk skjalasafnið nú 35,34 fermetra, bókasafnið 70 og byggðasafnið 121,5 fermetra. Að almennu rými meðtöldu var hæðin í heild 277,63 fermetrar. Stækkaði það pláss sem byggðasafnið hafði um 63 fermetra eða nær því um helming við flutningana og var það mikill áfangi í sögu þess. Bygginganefnd afhenti söfnunum húsið að viðstöddum allmörgum gestum þann 4. júlí 1971. Meðal gesta var forseti Íslands, herra Kristján Eldjárn, forsetafrú Halldóra Eldjárn, Þór Magnússon þjóðminjavörður og Bjarni Vilhjálmsson þjóðskjalavörður. Formaður bygginganefndar var Sigurþór Halldórsson og lýsti hann húsinu og aðdragandanum að byggingu þess við opnunina. Meðal þeirra sem fluttu ávörp voru Kristján Eldjárn, forseti Íslands, Ásgeir Pétursson þáverandi sýslumaður, og Ingimundur Ásgeirsson. Í greinargerð um rekstur safnsins á þessum tíma kemur fram að byggingamálið hafi oft verið rætt á fundum safnstjórnar. Á árinu 1964 var niðurstaðan þegar orðin sú að talið væri eðlilegt að samvinna yrði um byggingu yfir héraðsskjalasafnið, byggðasafnið og sýslubókasafnið eins og héraðsbókasafnið hét þá. Þann 18. júní 1966 mætti þáverandi þjóðminjavörður, Kristján Eldjárn, á fund og upplýsti m.a. að nokkur fjárveiting væri til byggingar byggðasafns. Á sama fundi var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Stjórn Byggðasafns Borgarfjarðar samþykkir að byggja eins fljótt og unnt er hér í Borgarnesi

yfir byggðasafnið og skal leita samstarfs við stjórnir Héraðsbókasafns Borgarfjarðar, og Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar um sameiginlega byggingu fyrir öll söfnin“ (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 1968).

Hér var um tímamótaákvörðun að ræða því söfnin eru enn í dag undir sama þaki.

### Samstarf safnanna

Þegar byggðasafnið flutti í hina nýju aðstöðu að Borgarbraut 61 var fengin aðstoð frá Þjóðminjasafni Íslands við að útbúa sýningu. Í greinargerð Ingimundar Ásgeirssonar um starfsemi byggðasafnsins frá árinu 1970 kemur m.a. fram að þjóðminjavörður hafi gefið loforð um aðstoð starfsmanna sinna við uppsetningu muna safnsins til sýningar á ársbyrjun 1971 og skyldi verkinu vera lokið í mars sama ár (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 1970). Skemmst er frá að segja að söfnin þrjú voru á hæðinni við Borgarbraut allt fram til ársins 1988 er þau voru flutt í núverandi húsnæði að Bjarnarbraut 4–6. Á þessum tíma kom aldrei annað til tals en að þau yrðu áfram undir sama þaki að viðbættu Listasafni Borgarness sem var formlega stofnsett árið 1971 og Náttúrugripasafni Borgarfjarðar sem stofnað var sem deild í byggðasafni árið 1972.

Um margra ára skeið var rætt um að byggja nýtt safnahús og var þá aðallega horft til lóðar á horni Borgarbrautar og þjóðvegur nr. 1, á svokölluðu Gíslatúni, en þar reis sölustaðurinn Hyrnan síðar. Teikning var gerð og prýddi hún ársskýrslu safnanna um nokkurra ára skeið. Árið 1976 skrifar safnvörðurinn Bjarni Bachmann svo í greinargerð um byggðasafnið:

„Mjög þröngt er orðið um safnið og því aðkallandi með auknið húsnæði. Safnið á m.a. baðstofu, verkstæði söðlasmíðs, járnsmíðju og vænta má fleiri iðngreina fyrir tíma. Eins og ástætt er um er ekki hægt að hafa þetta til sýnis. Einnig hefur safnið eignast gripi er falla inn í búr og eldhús. Vefnað og föt sem safnið á, er heldur ekki hægt að hafa allt til sýnis svo vel fari, vegna þrængsla.“

Enn fremur segir Bjarni í skýrslunni: „Á þingi hjá Ungmennasambandi Borgarfjarðar var samþykkt tillaga, er fól í sér það, að hafist yrði handa um byggingu á nýju Safnahúsi fyrir söfnin“ (Bjarni Bachmann, 1977, bls. 4). Í fundargerð stjórnar safnsins árið 1979 er þetta einnig nefnt og þá með þessum hætti:

„Þá var rætt um byggingu nýs safnahúss. Safnvörður gerði grein fyrir undirbúningi að byggingu þess. Hann gat þess að í undirbúningi væri samkeppni um teikningu þess og að líkur til þess að úrslit lægju fyrir í lok janúarmánaðar 1980“ (Þórður Kristjánsson, 1979, 1. ágúst).

Það varð síðan Ingimundur Sveinsson arkitekt sem vann samkeppnina en í dómnefnd sátu tveir aðilar úr héraði, þeir Bjarni Bachmann og Óli Jón Gunnarsson, auk arkitektanna Halldórs Guðmundssonar og Sigurðar Thoroddsen (Bjarni Bachmann, 1981).

Skemmst er frá að segja að þótt væntanleg bygging væri hönnuð varð hún aldrei að veruleika. Þess í stað var horft til húss við Bjarnarbraut í Borgarnesi, en þar hafði Þrjónastofa Borgarness verið til húsa. Þar starfa söfnin enn í dag.

### Bjarnarbrautin

Rætt var um væntanlegan flutning safnanna í húsnæði við Bjarnarbraut á sameiginlegum fundi fulltrúa sveitarfélaga og safnahússstjórnar í Borgarfjarðarhéraði 18. janúar 1988 (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 1988). Fulltrúar allra hreppa Mýra- og Borgarfjarðarsýslu voru boðaðir á fundinn og voru 17 fulltrúar þar saman komnir. Í fundargerð fundarins kemur fram að Borgarnesbær hefði keypt húsið að Bjarnarbraut 4–6, en þar hafði áður verið rekin þrjónastofa frá árinu 1970 og var rekstur hennar umsvifamikill. Undir lok 9. áratugarins dró verulega saman í rekstri vegna samdráttar í greininni. Var söfnunum þá boðið að kaupa efri hæð og ris í húsinu af Borgarnesbæ og skyldi kaupverðið skiptast á milli sveitarfélaganna sem voru eignaraðilar að söfnunum. Kauptilboð hafði á þessum tíma borist í eign safnanna á Borgarbrautinni. Samþykkt var að heimila stjórn Safnahússins að ganga frá samningi við Borgarnesbæ um málið og að hæðin við Borgarbraut yrði seld. Skyldi andvirði hennar ganga upp í kaupverðið ásamt greiðslu til nauðsynlegra breytinga. Við þetta fengu söfnin annars vegar 587,5 fermetra á efri hæð Bjarnarbrautar en einnig 276,4 fermetra nýtanlegt rými á háalofti undir geymslur. Afhending einingarrinnar var 15. nóvember 1987 (Gísli Kjartansson, 1988).

Árið 2001 eignast söfnin síðan neðri hæð Bjarnarbrautar einnig, en þar hafði Borgarnesbær verið með aðstöðu. Samtals voru þá söfnin í húsnæði sem taldi 1.387 fermetra og er sú staða óbreytt, ef geymslur eru frátaldar. Hvað þær varðar náðist merkur áfangi árið 2012 þegar ákveðið var að söfnin skyldu fá afnot af húseign Borgarbyggðar við Sólbakka í Borgarnesi undir geymslur. Hafði þá nokkurt magn safngripa verið á hrakhólum á nokkrum stöðum í bænum, m.a. um tíma í kjallara gamals pakkhúss við Brákarbraut og í kjallara í Brákarey, svo og í gamla Mjólkursamslagshúsinu við Skúlagötu. Í dag eru geymslustaðir safnsins þrjár, stærri munir eru í húsnæði gamla sláturhússins í Brákarey, geymsluloftið á Bjarnarbraut er fullnýtt og verið er að taka húsnæði við Sólbakka í notkun.

### Náttúrugripasafnið

Árið 1972 fór Bjarni Bachmann, þáverandi safnvörður



Mynd 15

byggðasafnsins, að huga að stofnun náttúrugripasafns sem deildar í byggðasafni. Segir hann í minnisblaði frá þessum tíma að hann hafi hugleitt að náttúrugripir gætu haft nokkra þýðingu fyrir söfnin í heild, frikkað upp á umhverfið og gert fjölbreytnina meiri. Ekki síst leggur hann áherslu á steina og skeljar. Hann ræddi þá við einn nemanda sinn, Dagmar Ólafsdóttur, um að hún safnaði fyrir hann slíkum gripum við Akra á Mýrum og kom hún með fyrsta vísinn að skeljasafni í maílok 1972. Í framhaldinu fer Bjarni ásamt öðrum á Hestfjall í Andakíl til að sækja þaðan jaspis og kristalla. Í september sama ár er safninu fært grasasafn og það er Magnús B. Jónsson, kennari á Hvanneyri, sem afhenti það (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, e.d.).

### Söfnun fugla

Á þessum fyrstu árum söfnunar náttúrugripa eru það fyrst og fremst steinar sem safninu eru færðir, en í árslok 1972 staðfesti Menntamálaráðuneytið leyfi til söfnunar fugla, eggja og hreiðra fyrir næstu fimm árin. Var þá Hauki Jakobssyni í Borgarnesi gefið leyfi til að veiða fugla fyrir safnið. Eru þetta viss tímamót því í dag er yfirgripsmikið fuglasafn einn helsti styrkur safnsins. Seint í nóvember 1972 var stjórnarfundur í Byggðasafninu þar sem samþykkt var formlega að stofna náttúrugripasafn innan byggðasafns. Fundinn sátu eftirtaldir: Ingimundur Ásgeirsson á Hæli (form.), Sigurður Snorrason á Gilsbakka, Ingibjörg Friðgeirsdóttir

á Hofstöðum í Álftaneshreppi og Dr. Selma Jónsdóttir fyrir hönd Borgfirðingafélagsins, en hún var jafnframt forstöðumaður Listasafns Íslands. Þórður Kristjánsson á Hreðavatni átti einnig sæti í stjórn en sat ekki fundinn. Með þessari ákvörðun lauk fyrsta starfsári safnsins. Árið 1974 veitir Alþingi safninu fjárstyrk til að standa straum af kostnaði við að stoppa upp fugla. Var Jón M. Guðmundsson fenginn til verksins en margir gripir á safninu sýna handbragð hans. Þess má geta að þegar stærsta sýning safnsins var opnuð, Ævintýri fuglanna, í Safnahúsi í apríl 2013 mætti Jón á opnunina og hafði sérstaklega orð á því að hann hefði ekki séð fuglana sína í svo fallegu umhverfi fyrr. Við þetta tækifæri færði hann safninu nýuppstoppaða skúfönd að gjöf. Var Jón heiðurgestur opnunardagsins, hnarreistur og heilsu- hraustur; hátt á tíræðisaldri.

Í árskýrslu safnsins fyrir árið 1976 kemur m.a. fram að þá hafa verið keyptir 165 fuglar úr dánarbúi Kristjáns Geirmundssonar. Er tekið fram að safnið hafi fyrst og fremst verið keypt fyrir tilstuðlan Sigfúsar Sumarliðasonar, þáverandi formanns safnstjórnar (Bjarni Bachmann, 1977). Einnig kemur fram að eftirtaldir aðilar hafi stutt við kaupin: Borgarneshreppur, Kaupfélag Borgfirðinga og Verkalýðsfélag Borgarness.

Þess má einnig geta að náttúrugripasafnið á gott steinasafn og er meginuppistaðan í því safn Þórdísar Jónsdóttur sem var alin upp í Borgarfirði en bjó síðar á Höfn á Borgarfirði eystra. Í ársskýrslu safnsins fyrir

árið 1978 kemur fram að þá hefur safnvörður, Bjarni Bachmann, heimsótt hana og hún gefið safninu marga sérstæða steina (Bjarni Bachmann, 1979). Við andlát Þórdísar gekk steinasafn hennar í heild sinni til safnsins.

### Aðkoma sveitarfélaga

Á fyrstu starfsárum byggðasafnsins var það undir verndarvæng stofnenda sinna fimm með stuðningi frá Þjóðminjasafni og sýslusjóðum Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Framlag Kaupfélagsins fólst að stærstum hluta í að leggja til húsnæði, hitun þess og ræstingu. Stofnendurnir á fyrsta aðalfundi árið 1970 voru þessir: Borgfirðingafélagið í Reykjavík, Búnaðarsamband Borgarfjarðar, Kaupfélag Borgfirðinga, Samband borg-firskra kvenna, Ungmennasamband Borgarfjarðar.

Eins og sést voru sveitarfélög í Borgarfirði ekki stofnaðilar. Árið 1961 hafði hins vegar verið farið þess á leit fyrir hönd byggðasafnsnefndar að sveitarfélög á Borgarfjarðarsvæðinu styrki framgang verkefnisins sem og síðar varð.

Í sveitarstjórnarlögum frá 1986 er kveðið á um ýmis verkefni sveitarfélaga og undir menningarmál er m.a. fjallað um rekstur bókasafna og rekstur annarra safna. Enn fremur var í þessum lögum (þau voru felld úr gildi 1988) tekið fram að sveitarfélög geti haft samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna, á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamлага eða í landshlutasamtökum (Sveitarstjórnarlög nr. 8/1986). Árið 1989 var vitnað til þessa lagabókstafs þegar stofnað var byggðasamlag um rekstur safnanna sem mynduðu Safnastofnun Borgarfjarðar eins og safnaklasinn hét þá (Safna–stofnun Borgarfjarðar, 1989).

Öll sveitarfélög frá Hvalfirði og að Hítará voru eignaraðilar að byggðasamlaginu en þau voru: Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri–Akraneshreppur, Leirár– og Melahreppur, Andakilshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtaldalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðahreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur, Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur og Hraunhreppur.

Um aldamótin 2000 urðu talsverðar breytingar á hreppaskipan í Borgarfirði með sameiningum sveitarfélaga og fækkaði það sveitarfélögunum sem stóðu að safnaklasanum niður í fjögur. Árið 2003 ráku eftirtalin sveitarfélög söfnin í formi byggðasamlags: Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðahreppur og Skorradalshreppur. Nokkrum árum síðar var byggðasamlaginu slitið og Borgarbyggð varð eini eigandi safnsins frá ársbyrjun 2007. Um leið voru gerðir þjónustusamningar við Skorradalshrepp og Hvalfjarðarsveit. Samningurinn við Skorradalshrepp er vegna byggðasafns, náttúrugripasafns, skjalasafns og bókasafns og samningurinn við Hvalfjarðarsveit er

einungis um skjalasafn.

Það er skemmt frá að segja að við þessa breytingu breyttist starfsumhverfi safnanna mjög til hins betra, en stjórn-sýslan einfaldaðist við umskiptin. Hið nýja sveitarfélag Borgarbyggð mótaði sér einnig menningarstefnu þar sem skýrt er kveðið á um áherslur; helstu gildi safnastarfsins áttu að vera fræðslustarf, varðveisla, samstarf, upplýsingamiðlun og þjónusta. Hefur starfsemi byggðasafnsins síðan einkennst af þessum markmiðum.

### Sýningar og önnur verkefni

Fullyrða má að nær allar sýningar byggðasafnsins séu unnar í samvinnu við Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, en söfnin eru í sama húsnæði eins og fram hefur komið. Sem dæmi um stærri sýningar byggðasafnsins síðustu ár má nefna eftirtaldir:

- 2006 Sýning um Pourquoi–Pas? strandið í Tjernihúsi í Borgarnesi.
- 2007 Sýning á skjölum, myndum og munum tengdum sögu verslunar í Borgarnesi.
- 2008 Börn í 100 ár – sýning á munum og myndum úr lífi barna (fastasýning).
- 2009 Rammar – sýning á ljósmyndum af fólki úr Borgarfjarðarhéraði.
- 2010 Kaupmannsheimilið, sýning frá heimili Jóns Björnssonar og Helgu Mariu Björnsdóttur.
- 2011 Sýning um heimili Magnúsar Andrésónar og Sigríðar Pétursdóttur á Gilsbakka.
- 2011 Sýning um stríðsárin í Borgarnesi.
- 2012 Minningarsýningar um Guðmund Sigurðsson og Egil Pálsson.
- 2013 Ævintýri fuglanna – sýning á uppstoppuðum fuglum úr náttúrugripasafni (fastasýning).
- 2013 Ljósmynda– og myndverkasýning um Borgarnes. Sýning um Hallstein Sveinsson.
- 2014 Sýningar um Þórð Jónsson á Mófellsstöðum og Guðmund Böðvarsson skáld á Kirkjubóli.

Auk ofangreinds hefur fjöldi uppákoma verið haldinn á vegum safnsins, oftast í samvinnu við önnur söfn í Safnahúsi og fjölda borgfirskra einstaklinga minnst með einhverjum hætti. Safnið hefur átt samstarf við ýmsa aðila vegna verkefna og má þar nefna Tónlistarskóla Borgarfjarðar, grunnskóla í héraði, félagsamtök og ekki síst einstaklinga. Tveimur fastasýningum hefur verið komið upp, fékk önnur heitið Börn í 100 ár og hin Ævintýri fuglanna og var við hönnun þeirra sérstaklega hugað að fræðslugildi og þörfum yngri gesta. Hönnuður beggja sýninga var Snorri Freyr Hilmarsson. Gott samstarf hefur verið við skóla á svæðinu, tengsl við nærsamfélagið hafa verið ræktuð með ýmsum hætti, samfélagsmiðlar nýttir til miðlunar og lagt upp úr líflegri starfsemi og góðri þjónustu.

Öflugt markaðsstarf hefur verið unnið í þágu





Mynd 16

safnsins, mest þó undir nafni Safnahúss Borgarfjarðar. Niðurstöður hafa oftast verið birtar í héraðsritum og í sýningum auk þess sem fróðleikur hefur verið lagður inn á skjalasafnið. Ýmsar leiðir hafa verið nýttar í markaðssetningu, s.s. samskiptasíður, heimasíða, greinaskrif, fyrirlestrar, auglýsingar og ýmiss konar óbein kynning.

### Skipurit

Stjórn Safnahúss og þar með byggðasafnsins er nefnd menningarmála hjá sveitarfélaginu hverju sinni, með aðsetur í Borgarnesi. Frá eignarhaldsbreytingunni 2007 gegndi Menningarnefnd Borgarbyggðar hlutverki stjórnar Safnahúss. Starfsmaður hennar var menningarfulltrúi Borgarbyggðar, sem jafnframt var forstöðumaður Safnahúss. Menningarfulltrúaembættið var lagt niður árið 2009 og var þá forstöðumannsstaðan gerð aftur að sjálfstæðu starfi í Safnahúsi. Í september 2009 var starfsemi felld undir Tómstunda- og menningarnefnd en tæpu ári síðar var Borgarfjarðarstofa stofnuð og varð hún stjórn Safnahúss og þar með byggðasafns. Borgarfjarðarstofa var síðan lögd niður í október 2013 og starfsemi safnanna féll þá undir byggðaráð sveitarfélagsins. Er það þá fjórða nefndin sem safnið heyrir undir á nokkrum árum. Segja má að menningarmál í heild sinni hafi átt heima á ýmsum stöðum í skipuriti sveitarfélagsins þennan tíma. Í stefnumótun um málefni Safnahúss sem unnin var árið

2007 var ákveðið að söfnin heyrdi ekki lengur undir sérstaka stjórn heldur færðust málefni þeirra undir nefnd menningarmála sveitarfélagsins. Sú hugsun lá þar að baki að boðleiðir yrðu sem stýstar, ekki síst þar sem þá lá fyrir að Borgarbyggð væri eini eigandi Safnahúss en gerði þjónustusamninga við önnur sveitarfélög í héraði.

Í Safnahúsi eru eins og fram hefur komið einnig eftirtalin fjögur söfn: Héraðsbókasafn, Héraðsskjalasafn, Náttúrugripasafn Borgarfjarðar og Listasafn Borgarness. Auk forstöðumanns starfa í húsinu héraðsskjalavörður og héraðsbókaforstjórn sem annast sín fagsvið, auk lausráðinna starfsmanna í tímabundnum sérverkefnum og sumarafleysingum. Teymisvinna starfsmanna hefur verið einkennandi fyrir starfsemina, og er það talið skila sér í fjóru safnastarfi og öflugri miðlun. Mikil er einnig lagt upp úr góðu upplýsingaflæði til stjórnar. Leiðarljós safnastarfsins er menningarstefna sveitarfélagsins, en hún var unnin árið 2007 en hefur verið endurskoðuð árlega síðan. Rekstrarkostnaður allra safnanna greiðist úr sveitarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlanir ár hvert. Auk þess er tekna aflað með styrkumsóknum og frjálsum framlögum aðila er styrkja vilja starfsemi safnsins.

### Skipulagsskrá

Skipulagsskrá safnsins var tekin til endurskoðunar árið 2008 í tengslum við nýja stefnumótun. Í endurskoðaðri

skipulagsskrá er m.a. kveðið á um að allur arður af starfsemi safnsins skuli renna til uppbyggingar þess, sem undirstrikar gildi þess fyrir almenning. Enn fremur er kveðið á um helstu hlutverk stjórnar sem lýtur að því að:

„tryggja safninu viðunandi starfsaðstöðu, tryggja fjármögnun starfsemi safnsins, gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun í helstu mál–efnum safnsins í samvinnu við starfsmenn, hafa eftirlit með því að samþykktum og stefnu sé fylgt og að safnið starfi að lögum, tryggja sjálfstæði safnsins, veita umsögn um ráðningu munavardar (safnstjóra), sem hefur yfirumsjón með byggðasafni skv. starfslýsingu þar um og er næsti yfirmaður hans forstöðumaður Safnahúss, og loks skal stjórnin hafa eftirlit með því að munavörður uppfylli skyldur sínar og standi undir ábyrgð“ (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 2013).

### Söfnun

Í áðurnefndu bréfi undirbúningsnefndar sem sent var til héraðsbúa árið 1954 er að finna fyrstu drög að söfnunarstefnu byggðasafnsins. Í bréfinu er lögð áhersla á söfnun útskurðar, láta, tóvinnuáhalda, hljóð–færa, bóka, bréfa og ljósmynda, svo eitthvað sé talið.

Núverandi söfnunarstefna byggðasafnsins tekur mið af þessum fyrsta vísi að söfnun, en hún var samþykkt á fundi menningarnefndar Borgarbyggðar 3. október 2007 og síðar á fundi byggðaráðs Borgarbyggðar 7. nóvember 2013. Í stefnunni segir svo um starfssvæði safnsins: „Söfnunarsvæðið er Borgarfjarðarhérað frá Skarðsheiði að Haffjarðará eins og það ákvarðast stjórnarfars– og landfræðilega og skarast ekki við söfnunarsvæði annarra safna“ (Guðrún Jónsdóttir, 2014). Upprunalega hafði söfnunarsvæðið afmarkast við Hítará, eins og áður sagði, en eftir sameiningu Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps og Kolbeinsstaðahrepps árið 2006 var því breytt í svæðið að Haffjarðará til að fylgja nýjum hreppamörkum í vestri.

Í núgildandi söfnunarstefnu segir að meginefni safnsins eigi að vera munir úr gamla bændasam–félaginu og munir tengdir öðrum atvinnuháttum, s.s. laxveiðum, verslun, iðnaði og samgöngum, en einnig munir tengdir félags sögu og híbýlaháttum (Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, 2013).

Af þessu sést að söfnun hefur ætíð verið virkur hluti starfsemi byggðasafnsins, en gripir þess eru um 10 þúsund talsins og munir í náttúrugripasafni um 800 (Guðrún Jónsdóttir, 2014). Frá árinu 2009 eru allar nýskráningar á safnkosti færðar inn í menn–ingarsögulega gagnagrunninn Sarp.

### Lokaorð

Byggðasafn Borgarfjarðar er afar mikilvægur hlekkur í varðveislu sögu svæðisins. Með öflugum safnastarfi og miðlun frá stofndegi þess hefur safnið markað sér stöðu sem mikilvæg menningarstofnun fyrir héraðið. Í því starfi hefur velvilji íbúa og gott tengslanet skipt miklu máli, bæði hvað söfnun varðar en einnig hin ýmsu rannsóknarverkefni og sýningar. Fastasýningar hússins hafa ávallt vakið mikla athygli og verið vel sóttar. Síðustu ár hefur verið lögð áhersla á að vinna með börnum og unglimum með áherslu á skapandi greinar, m.a. með þróunarverkefni í samvinnu við Tónlistar–skóla Borgarfjarðar. Árið 2014 var sett upp sýning í þessum anda með víðtækri samfélagsþátttöku og var efni hennar textar Guðmundar Böðvarssonar skálds á Kirkjubóli. Alltaf er kappkostað að vinna verkefni í samvinnu við þá sem standa nærri viðfangsefninu hverju sinni, fjölskyldur og þá aðra sem gerst til þekkja og hefur byggðasafnið með þeim hætti sýnt fram á mikilvægi sitt sem menningarmiðstöð.

### Heimildaskrá

Aðalsteinn Halldórsson, Ari Gíslason, Guðmundur Illugason, Sveinbjörg Guðmundsdóttir og Þuríður J. Kristjánsdóttir. (1975). *Borgfirskar æviskrár IV*. Borgarfjörður: Sögufélag Borgarfjarðar.

Aðalsteinn Halldórsson, Ari Gíslason, Guðmundur Illugason, Sveinbjörg Guðmundsdóttir og Þuríður J. Kristjánsdóttir. (1978). *Borgfirskar æviskrár V*. Borgarfjörður: Sögufélag Borgarfjarðar.

Ari Gíslason. (1979). *Ársskýrsla Safnahúss Borgarfjarðar 1978*. Borgarfjörður: Safnahús Borgarfjarðar.

Ásgeir Pétursson. (1985, 21. september). Ingimundur Ásgeirsson minning. *Morgunblaðið*, bls. 45.

Bjarni Bachmann. (1977). *Ársskýrsla byggðasafns Borgarfjarðar 1976*. Borgarnes: Byggðasafn Borgarfjarðar.

Bjarni Bachmann. (1979). *Ársskýrsla byggðasafns Borgarfjarðar 1978*. Borgarnes: Byggðasafn Borgarfjarðar.

Bjarni Bachmann. (1981). *Ársskýrsla Safnahúss 1980*. Borgarnes: Safnahús Borgarfjarðar.

Bjarni Bachmann. (1989). *Ársskýrsla náttúrugripasafns Borgarfjarðar 1988*. Borgarnes: Náttúrugripasafn Borgarfjarðar.

Bjarni G. Bachmann minning. (2010, 23 janúar). *Morgunblaðið*, bls. 42.

Bjarni Guðráðsson. (1985, 21. september). Ingimundur Ásgeirsson minning. *Morgunblaðið*, bls. 45.

Borgarnes: öflug miðstöð iðnaðar og þjónustu. (1979). *Friðs verslun*, bls. 57–58.

Borgfirðingafélagið styrkir byggingu Húsmæðraskóla Borgarfjarðar. (1946). *Morgunblaðið*, bls. 7.

Gísli Kjartansson. (1988). *Kaupsamningur milli Borgarnesbæjar og safnaklasans*. Borgarnes: Borgarnesbær.

Guðrún Jónsdóttir. (2014). *Ársskýrsla Safnahúss 2013*. Borgarnes: Safnahús Borgarfjarðar.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarða. (2013). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Söfnunarstefna Byggðasafns Borgarfjarðar.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (1954). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Dreifibréf Byggðasafnsnefndar.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (1956). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Bréf til Ingimundar Ásgeirssonar frá Ragnari Ásgeirssyni.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (1956, 12. janúar). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Afhendingarbréf frá Auði Stefánsdóttir.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (1960). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Bréf til Ingimundar Ásgeirssonar frá Ragnari Ásgeirssyni.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (1961). Búnaðarsamband Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Bréf frá Jóni Bjarnasyni og Valdimar Sigurjónssyni til formanns Búnaðarsambands Borgarfjarðar.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (1962, 2. júní). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Bréf til Ingimundar Ásgeirssonar frá Ragnari Ásgeirssyni.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (1968). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Greinargerð Ingimundar Ásgeirssonar um starfsemi Byggðasafns Borgarfjarðar og fleiri safna.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (1970). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Drög að greinargerð um um byggðasafn.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (1971). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Drög að þakkarbréfi til Ragnars Ásgeirssonar.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (1971). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Drög að þakkarbréfi til Hauks Jörundssonar frá Ingimundi Ásgeirssyni.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (1971, 2. október). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Bréf til Ingimundar Ásgeirssonar frá Ragnari Ásgeirssyni.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (1972, 4. mars). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Bréf til Bjarna Bachmann frá Guðmundi Illugasyni.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (1979). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Fundargerð Þórðar Kristjánssonar af stjórnarfundi Byggðasafns Borgarfjarðar.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (1979, 1. ágúst). Náttúrugripasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Fundargerð Þórðar Kristjánssonar af stjórnarfundi Náttúrugripasafns Borgarfjarðar.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (1988). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Fundargerð oddvitafundar vegna safnamála.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (2009). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Fróðleikur um Safnahús, handskrifuð gögn eftir Önnu Þ. Bachmann.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (2013). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Skipulagsskrá 2013.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (e. d.). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Drög að fundargerð.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (e. d.). Byggðasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Um starfsemi byggðasafnsins.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. (e. d.). Náttúrugripasafn Borgarfjarðar. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2015 – 2 A1. Minnisblað Bjarna Bachmann um upphaf Náttúrugripasafns Borgarfjarðar.

Jón Einarsson. (1985, 21. september). Ingimundur Ásgeirsson minning. *Morgunblaðið*, bls. 45.

Ragnar Ásgeirsson. (1956). *Gardyrkjuráðunauturinn. Búnaðarritið*, 1(69), bls. 88.

*Reglugerð um Náttúrugripasafn Borgarfjarðar*, 1980. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar.

Safnastofnun Borgarfjarðar. (1989). *Samþykktir um Safnastofnun Borgarfjarðar*. Borgarfjörður: Höfundur.

Safnhúsið í Borgarnesi. (1971, 9. júlí). *Tíminn*, bls. 3 og 14.

*Sveitastjórnarlög nr. 8/1986*.

Þorsteinn Sigurðsson. (1973 7. febrúar). Ragnar Ásgeirsson. Íslendingaþættir *Tímans*, bls. 1.



## Byggðasafn Skagfirðinga Sigríður Sigurðardóttir

Á sýslunefndarfundi 1938 lögðu Jón Sigurðsson á Reynistað, Hermann Jónsson á Ysta-Mói og Jón Kr. Björnsson í Bæ fram áskorun til þingmanna kjördæmisins um að þeir beittu sér fyrir því að fjármagn fengist til að „koma á fót búnaðarsafni á Hólum í Hjaltadal og að nokkrar elztu byggingar héraðsins [yrðu] varðveittar í því safni“ (Kristmundur Bjarnason, 1989, bls. 238). Hugmyndin var sú að safnið nyti húsa staðarins og bændaskólinn safnsins. Benti Jón á Reynistað m.a. á að nemendur skólans hefðu gott af því að læra vegghleðslu úr torfi og grjóti því sú kunnátta væri á undanhaldi (Kristmundur Bjarnason, 1989, bls. 239).

Á aðalfundi Búnaðarsambands Skagfirðinga árið 1939 var tekin ákvörðun um að sambandið styddi stofnun safns og var gengið út frá því að það yrði á Hólum (Jón Sigurðsson, 1960, bls. 7). Málið var í deiglu um tíma og 1941 var kosin nefnd til að hafa forgöngu um söfnun gripa. Árni Sveinsson, bóndi á Kálfsstöðum, var fenginn til að stýra henni (Jón Sigurðsson, 1960, bls. 8). Árna varð vel ágengt og fékk hann munina geymda á dómkirkjulofninu á Hólum, enda stóð til „að gera við gamla bæinn [Nýjabæ] á Hólum, sem byggður var 1854 af Benedikt Vigfússyni prófasti. Þegar þeirri viðgerð verður lokið, er gert ráð fyrir að koma byggðasafninu fyrir í honum“ (Kristján Karlsson, 1943, bls. 181). Menn vildu hafa safnið á Hólum „vegna sögulegra minninga og almennra óska Skagfirðinga um að hlúa að

þessum fornfræga stað“ (Jón Sigurðsson, 1960, bls. 8). Skoðanir að baki safnhugmyndinni og tilgangur með safninu komu vel fram í skrifum Árna á Kálfsstöðum í Búfræðingnum 1943. Hann sagði að með stofnun byggðasafna vildi fólk heiðra minningu forfeðranna og gefa framtíðarkynslóðum hugmynd um hvernig forfeður og formæður okkar komust af. Með því að „endurbyggja bæi í fornunum stíl, og setja þangað alla þá muni, sem vitað er, að notaðir hafa verið við búrekstur áður fyrir“ (Árni Sveinsson, 1943, bls. 176) veita þau „fræðslu um lífsháttu þjóðarinnar á liðnum tímum [...] Og þau gera meira. Þau vekja og glæða ætttrækni og þjóðrækni meðal þjóðarinnar barna [...] Ferðamaðurinn, sem hingað kemur, lítur eftir mörgu og vill gjarnan vita hvernig þjóðin er, sem hér býr. Við að sjá byggðasöfnin, kynnist hann lífi og siðum þjóðarinnar fyrir á tímum“ (Árni Sveinsson, 1943, bls. 177–178). Framtíðarsýn Árna var skýr og hefur sannarlega gengið eftir.

Safnið var aldrei sett inn í Nýjabæ á Hólum. Staðsetningin varð önnur. Árið 1935 hætti séra Hallgrímur Thorlacius prestskap í Glaumbæ og nýr prestur vildi nýtt hús (Jón Sigurðsson, 1960, bls. 6). Veturinn 1936–7 kannaði Jón á Reynistað það hjá Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði hvort ekki væri unnt að varðveita torfbæinn í Glaumbæ, en hann var eign ríkisins. Erindinu var vel tekið og vildu menn afla fjár til viðgerðanna, sem ekki tókst í það skiptið. Sumarið 1938 barst óvæntur liðsauki. Breskur maður,

Mark Watson að nafni, kom í Glaumbæ og hreifst svo af bænum að hann gaf 200 sterlingspund til viðgerðanna. Gjöfnin vakti athygli og hleypti fjöri í umræður um menningarlegt gildi torfbæjanna (Jón Sigurðsson, 1960, bls. 7). Viðgerðir hófust undir verkstjórn Þjóðminjavarðar og stóðu þær yfir með hléum til 1946. Allan þann tíma var bærinn í ábúð, þótt ekki væru þar búsettir prestar.

Farið var að horfa á Glaumbæjarbæinn sem kost fyrir byggðasafnið. Þeir sem bentu á hann gerðu það vegna þess að þeir töldu hann vegna stærðarinnar vera efnilegra safnhús en Nýjabæ á Hólum. Hann væri „í betra samræmi við það, sem tíðkaðist í gamla daga. Auk þess væri Glaumbær í alfaraleið og safnið yrði þar betur sótt“ (Jón Sigurðsson, 1960, bls. 8) en í Hjaltadal. Jón á Reynistað var þingmaður Skagfirðinga á þessum tíma og bar fram frumvarp til laga um „viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn, sem var samþykkt“ (Jón Sigurðsson, 1960, bls. 7) og varð að lögum nr. 8 frá 12. febrúar 1947. „Með lögum þessum var það endanlega tryggt, að Glaumbæjarbænum yrði haldið við og hann varðveittur á ókomnum árum [...] Jafnframt var Byggðasafni Skagfirðinga tryggður þar staður til frambúðar“ (Jón Sigurðsson, 1960, bls. 7. Sjá einnig Skúli Magnússon, 1995).

Árið 1947 flutti síðasta fjölskyldan sem bjó í torfbænum í Glaumbæ úr honum. Kristján Eldjárn, sem þá var nýlega orðinn þjóðminjavörður, hvatti sýslunefnd til að standa að stofnun byggðasafnsins og koma því fyrir í Glaumbæ (Kristmundur Bjarnason, 1989, 241). Það var samþykkt þann 29. maí 1948, sem telst stofndagur Byggðasafns Skagfirðinga (Jón Sigurðsson, 1960, bls. 9). Ragnar Ásgeirsson garðyrkjuráðunautur, starfsmaður Búnaðarsambands Íslands og mikill áhugamaður um byggðasöfn var fenginn til liðs við nefndarmenn að safna munum árið 1948. Um það sagði hann:

„Skagfirðingar standa allvel að vígi í þessu máli, þar sem þeir hafa hinn gamla bæ, Glaumbæ, nú að öllu viðreistan í sinni gömlu mynd. Er ráð fyrir gert, að á sumri komanda verði snúið sér að því að safna þeim munum, sem Skagfirðingar hafa lofað til byggðasafnsins og koma þeim fyrir í gamla bænum og reyna að búa hann þannig, að hann líkist sem mest því sem var, meðan búið og lifað var í honum“ (Búnaðarfélag Íslands, 1950, bls. 108).

Safnmunir sem Árni á Kálfsstöðum hafði safnað og geymt á dómkirkju loftinu voru fluttir í Glaumbæ vorið 1951 og ári seinna var bærinn opnaður fyrir gesti (Jón Sigurðsson, 1960, bls. 10).

Torfbærinn í Glaumbæ er falleg umgjörð um sýningu safnsins og gott dæmi um íslenska sveitabæi eins og þeir gerðust mestir á höfðingjasetrum 19. aldar. Bærinn er þyrping þrettán húsa, sem standa saman, hlið við hlið og gafi í hlið, með göngum sem

tengir þau flest saman innan frá. Bærinn er að mestu byggður úr torfi því grjótt er aðeins í undirstöðum veggja. Öll íveruhús eru þiljud í hólfi og gólf með rekaviði og innfluttu timbri. Gestum á safnsvæðinu í Glaumbæ hefur stöðugt fjölgað frá því safnið var fyrst opnað 1952. Meginvandi á safnsvæðinu nú til dags er fólksfjöldi sem treðst áfram, yfir vegg, um göng og hús, ef ekki er stöðug gæsla á bæ og húsum. Unnið er að nýju skipulagi sem á að taka á þessum vanda en fyrirsjáanlegt er að á einhverjum tímamarki þarf að bregðast til varna og setja takmarkanir á gestafjöldann.

### Á gestavakt, 1952–1988

Í fyrstu byggðasafnsnefnd voru Jón Sigurðsson á Reynistað, Árni Sveinsson á Kálfsstöðum og séra Gunnar Gíslason í Glaumbæ. Árni á Kálfsstöðum féll frá 1965 og Gunnlaugur Jónasson í Hátúni tók sæti hans. Ingólfur Nikodemusson á Sauðárkróki tók sæti Jóns á Reynistað þegar hann féll frá 1972. Synir séra Gunnars og Ingólfs, þeir séra Gísli Gunnarsson og Valur Ingólfsson, tóku við nefndarsetu af feðrum sínum á níunda áratugnum.

Á þessu tímabili starfaði safnið samkvæmt lögum frá 1947 um viðhald fornra mannvirkja og byggðasöfn og þjóðminjalögum frá 1969, sem kváðu á um að byggðasöfnin söfnuðu þjóðlegum munum, varðveittu þá og hefðu til sýnis (Þjóðminjalög nr. 52/1969). Rúmlega tvö þúsund gestir skoðuðu Glaumbæ sumarið 1952 en í lok tímabilsins 1988 voru safngestirnir orðnir á ellefta þúsund á ári. Einn safn- og bærjavörður stóð vaktina yfir sumartímamann fram á áttunda áratuginn. Þá voru ráðnir tveir sem skiptust á.

Eins og fram kom í skrifum Árna á Kálfsstöðum árið 1943 var stefnan frá upphafi sú að halda vörð um hverfandi menningu sem tengdist torfbæjarumhverfinu og búskaparháttum fyrir vélvæðingu. Söfnun muna sem pössuðu í bæinn hlékt áfram í einhvern tíma. Jón á Reynistað hafði frumkvæði að því að safna ljósmyndum af forystufólki í Skagafirði frá 1870–1950 og koma fyrir í sýningu í Glaumbæ vorið 1957 („Frá menningarmálum Skagfirðinga“, 1956, bls. 6. Jón Sigurðsson, 1960, bls. 10). Jón hafði mikinn áhuga á að reistur yrði 19. aldar kotbær innan safnlóðarinnar í Glaumbæ, til samanburðar við stórbýlið („Samtal við Jón Sigurðsson á Reynistað“, 1961, bls. 6). Hann hafði kynnt sér söfn á Norðurlöndum og hreyfist af hugmyndum um útíminjasöfn og taldi þau líklegri til vinsælda en söfn þar sem fjölda safnmuna var raðað upp í tímaröð til skoðunar og samanburðar. Hugmynd Jóns um kotbæinn náði ekki fram að ganga.

Hjörtur Kr. Benediktsson, sem hóf störf hjá safninu árið 1954, benti á að skrá þyrfti safngripina. Til þess gafst þó ekki tækifæri fyrr en sumarið 1962 þegar Þór Magnússon, þáverandi starfsmaður Þjóðminjasafns og seinna þjóðminjavörður, vann við það (Þór Magnússon, 1969, bls. 39). Fram til 1965

var safnað munum sem tengdust búskaparháttum á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar. Einnig var tekið á móti veiðarfærum frá hákarlaútgerð og fuglaveiðum við Drangey. Söfnun stöðvaðist á sjöunda áratugnum enda var bærinn í Glaumbæ þá orðinn yfirfullur og ekki um annað húsnæði að ræða. Haustið 1986 sendi Þór Magnússon Þjóðminjavörður sýslunefnd bréf þess efnis að kominn væri tími til að bregðast við, því safnið væri staðnað. Hann stakk upp á lausn sem fólst í því að Þjóðminjasafnið réði minjavörð á hálfum launum í Skagafjörð á móti Byggðasafninu (Kristmundur Bjarnason, 1989, bls. 242). Erindið var samþykkt og Sigríður Sigurðardóttir, kennari og sagnfræðingur, var ráðin í starfið. Verksvið hennar var „að hafa yfirumsjón með byggðasafninu og jafnframt að vera eins konar fulltrúi Þjóðminjasafnsins hvað [snerti] minjavörzlu, eftirlit friðlýstra minja og gamalla bygginga“ (Þór Magnússon, 1988, bls. 156).

Safnið hefur verið í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands um afnot og rekstur gamla bæjarins í Glaumbæ frá árinu 1949. Á umræddu tímabili kostaði Þjóðminjasafnið allt sem laut að rekstri bæjarins og umhirdu hans og fékk þriðjung aðgangseyris í sinn hlut. Fastasýning safnsins um mannlíf í torfbæjum, í gamla bænum í Glaumbæ, var opin yfir sumartímann.

Ingvar H. Sigurðsson, sem var fyrsti bæjarvörðurinn og safnvörður eftir að safnið var formlega opnað árið 1952, bjó í bænum á sumrin frá 1947 þar til hann hætti 1953. Gamli bærinn var eina skjól starfsmanna á vakt til ársins 1973 þegar byggt var aðstöðuhús með salernum fyrir gesti og geymslurými á safnlóðinni í Glaumbæ. Á meðan safnið hafði ekki önnur hús til afnota en gamla bæinn og svarta skúrinn, eins og aðstöðuhúsið var kallað, var eðlilegt að starfsmenn væru ekki ráðnir allt árið og reynt að fá nágretta til starfa. Það var ekki fyrr en árið 1988, þegar sýslunefndin þáði Gilsstofuna að gjöf og Áshúsið ári seinna, til að nota sem safnhús í Glaumbæ, sem hyllti undir lausn í húsnæðismálum safnsins.

Magnús Jónsson, bóndi í Ási í Hegranesi, gaf safninu íbúðarhús það sem forfeður hans höfðu flutt inn í árið 1886 og fjölskylda hans hafði flutt úr árið 1977. Magnús hafði orðið var við áhuga safnstjóra á húsinu og vildi losna við það. Áshúsið er einnar hæðar timburhús með tvílofta risi, á hlöðnum kjallara. Það var flutt frá Ási í Glaumbæ 1991 og viðgerðir hófust. Arkitekt viðgerða var Hjörleifur Stefánsson og yfirsmiður var Bragi Skúlason trésmíðameistari. Húsið var opnað fyrir almenning 1. júní 1995. Í húsinu eru sýningar, kaffistofa og geymsla.

Árið 1988 gaf Sigurður Hansen í Kringlumýri sýslunefndinni hús sem reyndist vera fyrsti sýslukontór Skagfirðinga, en húsið var byggt árið 1849 í Eyjafirði. Var ákveðið að endurbyggja það sem minnisvarða um sýslunefndina og var húsinu, sem kallað er Gilsstofan, komið fyrir á safnlóðinni í Glaumbæ 1997. Arkitekt

viðgerðanna var Hjörleifur Stefánsson og yfirsmiður var Friðrik Rúnar Friðriksson trésmíðameistari. Gilsstofan var nýtt fyrir sýningar nokkur fyrstu árin en varð stjórnstöð Byggðasafnsins árið 2001. Í húsinu er skrifstofa, safnbúð og upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn.

### Á nýjum slóðum, 1989–1998

Sýslunefndin var lögð niður árið 1989 og héraðsnefnd tók við rekstri safnsins. Byggðasafnsnefnd fór áfram með stjórn þess. Ný Þjóðminjalög 89/1989 kváðu á um að byggðasöfn ættu að hafa stofnskrá og setja sér starfsreglur en grunnskyldur þeirra væru að „safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka“ menningar- sögulegar minjar og kynna þær fyrir almenningi (Þjóðminjalög nr. 89/1989). Reglugerð sem til var um safnið frá árinu 1959 var endurskoðuð og stofnskrá sett. Starfi minjavarðar var breytt í safnstjórastarf á ársgrundvelli og í ljósi nýrra laga var horft til breytinga á starfsemi safnsins.

Sumarsafnvörðum við gæslu og móttöku gesta var fjölgað úr tveimur í fimm á þessu tímabili, með þrjú í senn á vakt, og safngestum fjölgaði í 20 þúsund árið 1998. Opnunartími í Glaumbæ var lengdur um hálfán mánuð 1996 en sýningar safnsins voru þá og alla tíð opnaðar utan sumaropnunartímans ef þess var óskað og vel stóð á.

Árið 1995 lagði safnstjóri í fyrsta sinn fram safnstefnu til fjögurra ára og byggðasafnsnefnd samþykkti hana. Hún var að hluta sjálfsprottíð framhald þess sem safnið hafði haldið vörð um frá upphafi en stefnan var líka sett á ný mið. Söfnun muna skyldi miðast við matarhefdir, daglegt líf, hús og húsbúnað með áherslu á þrifnaðarhætti í torfbæjum, búnað til ferðalaga og flutninga fyrir vélvæðingu og efla átti rannsóknir. Ljóst var að safnið yrði að laga sig að breyttum samfélagslegum aðstæðum og stefnt var á fjölgun sýninga. Horft var til samstarfs við aðila í menningartengdri ferðaþjónustu. Þessi fyrsta stefnu- mörkun reyndist árangursrík, bæði fyrir safn og samfélag.

Í tilefni af fimmtugsafmælinu 1998 fékk safnið heimild til að ráða starfsmann í hálfstarf á ársgrundvelli og blásið var til ráðstefnu þar sem rætt var um stöðu safnsins í fortíð, nútíð og framtíð. Þar var m.a. rætt um möguleika í samstarfi og minjarannsóknunum og hafði áhrif á stefnumörkun safnsins á 21. öld.

Á tímabilinu 1989–1998 beindust rannsóknir safnsins að þrifnaðarháttum í torfbæjum, vesturferðum Íslendinga til Kanada á 19. öld og reidtygjum og klyfjareiðskap fyrir 1950. Þessar rannsóknir nýttust á margvíslegan máta, s.s. í sýningum, greinum, erindum og fleiru. Meginniðurstöður rannsókna um reidver og ferðabúnað birtist í framlagi byggðasafnsins til sýningabókar Þjóðminjasafns Íslands, Hlutavelta tímans, þar sem fjallað er um samgöngur, reidtygi og

klyfjareiškap fyrir tíma vélvæðingar og í skrifum í bókinni Íslenski hesturinn, sem kom út árið 2005.

Sýning sem sett var upp í Pakkhúsinu á Hofsósi 1994 markaði tímamót í sögu safnsins. Forsvarsmenn Hofshrepps óskuðu eftir því að sýning yrði sett upp í Pakkhúsinu og safnstjóri sá möguleika á að kynna þar muni sem safninu höfðu borist áratugum fyrr og snertu fuglaveiðar við Drangey og hákarlaútgerð. Þeir áttu ekki heima í sýningu í gamla bænum í Glaumbæ en vegna þess að Drangey hafði tilheyrt Hofshreppi fyrr á öldum var spennandi að gera eyjunni skil í Pakkhúsinu.

## Sýningar 1989–1998

### 1994

*Við fugl og fisk*, um fuglaveiðar á flekum, bjargsig og fiskveiðar við Drangey – Pakkhúsið á Hofsósi, stóð til 2003.

### 1995

*Húsbúnaður 1920–1950*, húsgögn og heimilishöld – Áshúsið í Glaumbæ.  
*Kaffisagan*, rakin 300 ára kaffisaga, ílát og áhöld – Áshúsið í Glaumbæ.  
*Nytjalist og þjóðbúningar*, útskurður og útsaumur, málun – Áshúsið í Glaumbæ.

### 1998

*Bara húsmóðir*, húsmóðurstörf í sveit frá 1960–1998, breytingar og aðbúnaður – Gilsstofan í Glaumbæ.

Sýning sem sett var upp árið 1998 og fjallaði um 60 ára starfsævi húsmóður í sveit var áhrifarík og gaf einstaka sýn á margvísleg störf, innan bæjar og utan á seinni hluta 20. aldar. Í framhaldinu var athyglinni beint að söfnun muna sem varpa ljósi á búnað heimila í sveit á seinni hluta 20. aldar. Viðburðir eins og handbragðasýning sem boðið hefur verið upp á í Glaumbæ á íslenska safnadesinum frá árinu 1994 og rökkurgöngur sem hafa verið í boði á jólaföstum frá árinu 1995 eru árlegir viðburðir. Rökkurgöngur felast í gönguferð í gamla bæinn í Glaumbæ og sögustund í baðstofunni þar sem fjallað er um jólasíði og fleiri síði.

Á hverju ári tók safnstjóri á móti hópum nemenda af öllum skólastigum og sneið móttökurnar að aldri nemenda og beiðni skólanna. Í þeirri viðleitni að beintengja skóla og safn með einhverjum hætti var árið 1998 gefið út kennslukverð „Súrt og sætt“, íslenskur matur og norrænar matarhefðir, þar sem lögð var áhersla á að vekja athygli á umhverfi matargerðar í torf-bæjunum og tengja saman íslenskan þjóðlegan mat og norrænar matarhefðir.

Áshúsið var opnað fyrir almenning sumarið 1995. Frá fyrsta sumri hefur safnið leigt miðhæð Áshússins til veitingastofunnar Áskaffis. Hugmyndin á bak við kaffistofu í húsinu var að gefa safnheimsókninni meira

gildi, betra bragð. Safnstjóri lagði frá upphafi línur um hvað þar yrði á boðstólum til að bragða á, í samræmi við möguleika kaffistofurekanda. Áskaffi býður upp á góðgæti í anda skagfirskra 20. aldar húsmæðra. Meðal þess sem boðið er upp á er Gamli diskurinn, sem á er borinn matur eins og í gamla daga, súr, kæstur, hertur, reyktur og þurrkaður. Samstarfið við Áskaffi hefur alla tíð verið farsælt og sannarlega gefið safninu tækifæri til að að vera á verði um matarmenningu og matarhefðir.

Á þessum tíma kom safnið að nokkrum muna- og minjasýningum fyrir aðra, bæði aðila sem voru að undirbúa bæjarhátíðir og sem sinntu ferðaþjónustu með ýmsu lagi. Árið 1995 var sett upp sýning um notkun reiðtygja og annan ferðabúnað fyrir ferðaþjónustufyrirtækið Hestasport sf. Sýningin var lánuð til þeirra í fjögur sumur og var hún notuð sem itarefni með hestasýningum sem fyrirtækið stóð fyrir. Það sama ár, 1995, samdi Valgeir Þorvaldsson, forstöðumaður Vesturfasetursins, við safnið um að það setti upp sýningu um Vesturheimsferðir Íslendinga á 19. öld. Við vinnslu og uppsetningu sýningarinnar skapaðist dýræt reynsla um mikilvægi þess að fá fagaðila með í vinnslu sýninga frá upphafi til enda en sýningin var unnin með sérfræðingum á Minjasafninu á Akureyri, hönnuðum og fleirum. Aðstoð var veitt við að setja upp sýningu á munum frá Andrési H. Valberg (sem gaf Sauðárkróksbæ munasafn sitt árið 1988) í Minjahúsinu á Sauðárkróki í tilefni afmælis Sauðárkróksbæjar árið 1997 og munir voru lánaðir á sýninguna, Konur á Króknum, sem sett var upp af sömu ástæðu (Sagan treystir tengsl manns við upprunann, 1997). Sama ár var sett upp sýning í húsnæði Hólaskóla sem fjallaði um búnað hrossa í þjónustu bænda fyrr á tíð.

## Sýningar í samstarfi 1989–1998

### 1995


*Hesturinn og þjóðin*, notkun hestsins við bústörf, ferðalög og flutninga – Vindheimamelar, stóð til 1999 – Í samvinnu við Hestasport ehf.

### 1997

*Annað land, annað líf*, um Vesturheimsferðir 1874–1914 – Húsið á Sandi, Hofsósi – Fyrir Vesturfasetrið. *Ríðum heim til Hóla*, búnaður hesta við landbúnaðarstörf – Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal, stóð til 2003 – Í samvinnu við Hólaskóla.

Söguslóð frá Skagafirði til Siglufjarðar var samstarfs- verkefni sem hófst árið 1998. Að verkefninu stóðu auk Bygðasafnsins, Síldarminjasafnið á Siglufirði, Hólaskóli og Vesturfasetrið á Hofsósi. Á Söguslóðinni voru stofnanirnar hnýttar saman í ferð, þar sem rakin var saga búháttabreytinga um leið og sögustaðirnir voru kynntir. Söguslóðin leiddi af sér myndband og kennsluverkefni um notkun söguslóða sem námsefni. Söguslóðin er enn fyrir hendi og vel fær en lítið kynnt.





Mynd 17

Geymsluhúsnæði fékkst til bráðabirgða í kjallaraherbergi Dvalarheimilis aldraðra árið 1990 og söfnun hófst á ný. Áshúsið og Gilsstofan, sem voru opnuð á árunum 1995 og 1997, gjörbreyttu aðstöðu og starfsemi safnsins bæði til geymslu og sýninga en einkum og sérílagi til bóta við móttöku gesta og þjónustu við þá. Á þessu tímabili tók Byggðasafnið við rekstri gamla bæjarins í Glaumbæ af Þjóðminjasafninu, sem sá áfram um allar meiriháttar viðgerðir á bænum.

#### Reynt og rannsakað, 1999–2007

Héradarnefnd var lögð niður árið 1998 og Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur tóku við rekstri safnsins. Byggðasafnsnefnd stýrði málefnum þess til 2002. Eftir það voru þau felld undir þær nefndir Sveitarfélagsins Skagafjarðar sem fóru með menningarmál sveitarfélagsins, með umboði frá Akrahreppi og svo hefur verið síðan.

Safnalög, sem tóku gildi árið 2001, kváðu á um að safn hefði „það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins,

standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýttast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar“ (Safnalög nr. 106/2001). Á sama ári var Þjóðminjalögum breytt og hlutverk byggðasafna skilgreind á sama hátt og hlutverk Þjóðminjasafnsins (Þjóðminjalög nr. 107/2001). Þau hlutverk sem lögin nefndu kröfðust mikillar starfsemi, sérþekkingar og fjármagns og hefur starfsemi Byggðasafns Skagfirðinga tekið mið af því síðan.

Guðný Zoëga fornleifafræðingur var ráðin að safninu í fullt starf 2003. Ári seinna voru Guðmundur St. Sigurðarson fornleifafræðingur og Bryndís Zoëga landfræðingur ráðin til ýmissa verkefna. Með fjóra starfsmenn á ársgrundvelli var ýmislegt framkvæmanlegt sem áður var ómögulegt, s.s. að vinna að rannsóknum í víðara samhengi en áður var hægt.

Gestir í gamla bænum í Glaumbæ og Áshúsi voru orðnir yfir 25 þúsund í árslok 2007 og hafði fjölgað um 127% frá 1999. Gestir á safnsýningum í Minjahúsi árið 2007 voru 1018. Gestir hafa almennt verið ánægðir með safnsýningarar svo sem aðsóknartölur sýna og til



Mynd 18

03

vitnis má nefna að Ferðaskrifstofa Íslands veitti safninu gæðaverðlaun sín árið 2000 vegna 98% ánægðra gesta sem heimsóttu safnið á þeirra vegum og sögðu heim-sóknina „good“ eða „excellent“.

Árið 1999 var tekin ákvörðun um að varðveita í heilu lagi þrjú verkstæði sem iðn aðarmenn höfðu komið sér upp í vaxandi þéttbýli á Sauðárkróki á 20. öld og þegar safnstefnan var endurskoðuð og endurnýjuð, á því ári, var ákveðið að hefja rannsóknir á torfverki, bæði vinnslu og aðferðum. Í safnstefnu 2003 var áhersla lögð á samstarf, einkum um rannsóknir og sýningar en einnig um söfnun mannlífslýsinga úr hér-aði. Samband skagfirskra kvenna tók að sér að safna heimildum þess efnis í nokkur ár og voru þær vistaðar á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga.

### Sýningar 1999–2007

#### 1999

*Ásbirningar á Sturlungaöld*, fjallaði um fjölskyldur og ættarveldi á 13. öld. – Gilsstofa, stóð eitt sumar.

#### 2000

*Gluggað í handrit*, sýndi hvar og hvernig Glaumbæjar er getið í handritunum – Glaumbæjarkirkja, sett upp í tvö sumar

*Um fornkirkjur*. Útskýrt var hvað felst í vísitási-um nokkurra kirkna á 14. öld. – Gilsstofa, stóð eitt sumar.

*Myndir úr Maríusögu*, jólasögur tengdar Maríu mey – Áshús, stóð ein jól.

*Skín við sólu*, tónlist, fjallaði um tónlistarsögu Skagfirðinga, frá stofnun Hólaskóla 1106 til nútíma – Safnahúsið, Skauðárkróki, stóð eitt sumar.

#### 2001

*Jólasveinarnir 13*, jólasveinasögur – Áshús, stóð ein jól.

#### 2002

*Gömlu verkstæðin*, járn-, úr- og tréverkstæði tekin í hús og sett upp söðlasmiðaverkstæði – Minjahúsið.

#### 2005

*Glögg er gests augað*, ljósmyndir 1900–1950 frá Daniel Bruun, Bruno Schweitzer, Páli Jónssyni – Minjahúsið, tekin niður 2006.

#### 2006

*Margt býr í moldinni*, fjallaði um fornleifarannsóknir í Skagafirði 2000–2005 – Minjahúsið, tekin niður 2010.

Á tímabilinu 1999–2007 stóð safnið fyrir sýningum á fjórum stöðum, til viðbótar sýningum í gamla Glaumbænum og Áshúsinu.

Á hálfri aldar sýningaropnunarafmæli safnsins árið 2002 var opnuð önnur fastasýning, þar sem sýnd eru járnsmíðaverkstæði Jóns Nikodemussonar

sem starfaði frá 1950–1983, trésmíðaverkstæði Ingólfs Nikodemussonar sem starfaði 1940–1991, úrsmíðaverkstæði Jörgens Franks Michelsen sem starfrækt var á Króknum 1909–1935 og söðlasmíða- verkstæði 1850–1950 (Glaumbær, 2015). Sýningar um tónlist, ljósmyndir, fornirkjur og fornleifar voru unnar með öðrum. Tónlistar- og ljósmyndasýningar voru unnar með héraðsskjalaverði, kirkjusýningin var unnin með nemendum 8. bekkjar Varmahlíðarskóla og sýning um fornleifar með Hólarannsóknarfólki (Guðný Zoëga et.al., e.d.). Í ljósi þess að önnur meginsýning safnsins var opnuð í Minjahúsinu er rétt að benda á að upplýsingar á vef Hagstofunnar eru villandi, þar sem safnið er sagt vera með einni sýningarstað (Hagstofa, 2015).

Með stofnun Fornleifadeildarinnar árið 2003 urðu kaflaskil í starfsemi safnsins. Einkum vegna þess að þá var hægt að verkefnaáða kunnátufólk sem gat unnið ýmis sérverkefni, þar á meðal eru fornleifaskráningar vegna skipulagsvinnu sveitarfélaga og mat á umhverfis- áhrifum framkvæmda, fornleifakannanir vegna framkvæmda og neyðarrannsóknir. Samkeppnisháðar fornleifarannsóknir urðu til þess að útseld vinna Fornleifadeildar var og er rekin óháð fjárhag safnsins.

Byggðasögurannsóknir urðu fyrirferðarmiklar á tímabilinu 2005–2007, svo sem eyðibýggða- og afdalarannsóknir, sem unnar voru með riturum Byggðasögu Skagafjarðar (Glaumbær, 2015). Stærstu rannsóknir sem ráðist var í voru fornleifarannsóknir á 11. aldar kirkjugörðum í Keldudal í Hegranesi og Stóru-Seylu á Langholti. Skagfirska kirkjurannsóknin hófst með formlegum hætti 2007 en áður höfðu farið fram kannanir á kirkjumunum í tengslum við sýningar og ritun kirkjusögunnar.

Samstarf um sýningarvinnu með Vesturfarasetrinu hélt áfram og á árunum 2000–2002 voru settar upp þrjár sýningar í húsum setursins. Í samstarfi seturs og safns mynduðust góð sambönd við New Iceland Heritage Museum í Gimli í Kanada og Íslendingafélög vestanhafs. Afraктur þess samstarfs var m.a. söfnun upplýsinga um muni sem Vesturfararnir báru með sér vestur um haf og eru varðveittir þar á söfnum og í einkaeign.

### Sýningar í samstarfi 1999 – 2007

#### 1999

*Heyr himnasmiður*, fjallaði um kirkjur og kirkjubúnað í prófastsdæminu – Hólaskóli – Í samvinnu við Skagafjarðarprófastsdæmi.

#### 2000

*Fyrirheitna landið*, um ferðir mormóna til Utah á 19. öld – Frændgardur – Í samvinnu við Vesturfarasetrið.

#### 2002

*Akranna skínandi skart*, fjallaði um landnám Íslendinga í Dakóta – Nýja konungsverslunarhúsið – Í samvinnu við Vesturfarasetrið.

*Skagfirski barokkmeistarinn*, verk Guðmundar Guðmundssonar frá Bjarnastaðahlíð – Auðunarstofa – Í samvinnu við Minjavörð Norðurl. vestra, Hólaskóla og Þjóðminjasafn Íslands.

*Stafur og stokkur*, fjallaði um norsk miðaldahús – Hólaskóli, Safnhúsið, Skr. – Í samvinnu við Hólaskóla og Safnamiðstöð Hörðalands.

#### 2003

*Stafur og stokkur*, fjallaði um norsk miðaldahús – Hólaskóli, Safnhúsið, Skr. – Í samvinnu við Hólaskóla og Safnamiðstöð Hörðalands.

#### 2007

*Theodórssstofa*, var tileinkuð Theódóri Arnbjörnssyni hrossaræktarráðunauti – Hólar í Hjaltadal – Í samvinnu við Sögusetur íslenska hestsins.

*100 ár í hjúkrun*, fjallaði um aðbúnað sjúklinga og breytingar í hjúkrun í tilefni aldarafmælis sjúkrahúss á Sauðárkróki – Safnaðarheimilið, Sauðárkróki – Í samvinnu við Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki.

Sýningar sem unnar voru fyrir aðra voru úr ýmsum áttum og lutu ekki alltaf söfnunarstefnu safnsins en þær áttu sumar eftir að hafa afgerandi áhrif á starfsemina. Má þar nefna kirkjumunasýningu sem sett var upp fyrir Skagafjarðarprófastsdæmi í tilefni kristnihátíðar árið 1999. Þar með hófst skoðun á skagfirskum kirkjum sem enn stendur yfir.

Sýning um útskurð Guðmundar frá Bjarnastaðahlíð og sýningin Staf og lavt – Stafur og stokkur sem fjallaði um norska húsagerð á miðöldum tengdust hátíðahöldum á Hólum og sýning Söguseturs íslenska hestsins sem safnið kom að og lánaði muni til kom til vegna samnings milli safns og seturs. Sögusetur íslenska hestsins var stofnað að frumkvæði Hestamiðstöðvar Íslands árið 2001. Hólaskóli og Byggðasafnið voru fengin sem bakhjarlar þess og eftir að Hestamiðstöð Íslands var lögð niður árið 2005 urðu Hólaskóli og Byggðasafn Skagfirðinga umsjónar- og rekstraráðilar setursins. Árið 2006 var rekstrarformi setursins breytt í sjálfseignastofnun. Sögusetur íslenska hestsins ses. er rannsókn og fræðslustofnun sem safnar hestatengdum ljósmyndum. Sýning um hjúkrunarsögu var unnin í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því að sjúkrahús var sett á fót í Skagafirði. Sýndir voru munir sem Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki á sjálf. Safnið safnar ekki lækningaminjum en það hefur aðstoðað stofnunina við að skrá muni og setja fram til sýnis í glerturnum.

Hlaupið var undir bagga með Þjóðminjasafninu 1999–2000 við endurbyggingu bæjaryrahúss á

Reynistað (Þór Magnússon, 2000) og höfð „fjargæsla“ á Víðimýrarkirkju þegar farið var í miklar viðgerðir á kirkjunni um aldamótin. Aðkoma safnsins að þeim verkefnum skapaði dýrmæta reynslu sem snerti aðferðir við viðgerðir gamalla húsa og hvernig hægt væri að standa að þeim, s.s. með því að nýta þær til byggingahandverkskennslu. Bygðasafnið hefur tekið að sér afleysingagæslu á háannatímum fyrir staðarhaldara á Víðimýri síðan þá.

Dæmi um samstarf sem hefur þróast og breyst er samstarf um fræðimann á Hólum sem stóð yfir 1999–2001. Bygðasafnið og Héraðsskjalasafn Skagafjörðinga stóðu að verkefninu, sem gekk út á rannsóknir á héraðssögu og sögu Hólastaðar, með Hólaskóla. Árni Daniel Júlíusson sagnfræðingur gegndi starfi fræðimannsins. Meðal afurða þess verkefnis var ritið Á Sturlungaslóð, sem gefið var út 2003. Ritið markaði upphaf að sérverkefni um merkingu sögustaða á lifandi landakorti, sem árið 2009 var gefið nafn og félagið Á Sturlungaslóð var stofnað til að halda utan um miðaldasögustaðfræðslu. Upp af fræðimannsverkefninu spratt Hólarannsóknin sem hófst 2002 og var unnin undir merkjum Bygðasafns, Hólaskóla og Þjóðminjasafns Íslands. Bygðasafnið dró sig út úr því samstarfi þegar Sveitarfélagið Skagafjörður hætti að styrkja rannsóknina í árslok 2009. Fornleifarannsóknir á miðaldahöfninni í Kolkuósi voru á vegum Bygðasafnsins fyrstu árin en voru svo felldar undir Hólarannsóknina. Samstarf við Hólaskóla tók á sig fleiri myndir. Árin 2004–2009 tóku starfsmenn safnsins þátt í kennslu á námskeiðum fyrir staðarverði og í vettvangsskóla Hólarannsóknarinnar. Árið 2011 tóku starfsmenn safnsins að sér gerð og kennslu á námskeiði í menningararfsfræðum, sem var kennt einu sinni með góðum árangri en var svo skorið niður vegna erfiðrar fjárhagstöðu skólans.

Á árunum 2004–2008 aðstoðaði safnið eiganda Verslunar Haraldar Júlíussonar við að færa verslunina í sama búning og hún var í um miðja 20. öld, gefa út bækling og setja upp spjöld þar sem saga verslunarinnar var rakin. Tilgangur safnsins var að stuðla að því að eigandinn gæti haldið í búiðina og rekið hana á meðan heilsan leyfði. Safnið stendur ekki fyrir varðveislu verslunarminja að öðru leyti.

Með samningi við Tyrfringsstaðabændur 30. desember 2006 var torfrannsóknin, sem hafði staðið yfir með hléum frá árinu 1999, tekin skrefinu lengra. Hugmyndin var að nota húsin á Tyrfringsstöðum sem vettvang rannsókna og kennslu og bjarga um leið dýrmætum menningarminjum, hvort sem horft er til óþreifanlegra eða óþreifanlegra minja. Ekki voru það orð Jóns á Reynistað frá árinu 1938 um kennslu í veggjahleðslu sem knúðu á heldur sú staðreynd að mjög fáir kunna að halda torfhúsum okkar við. Ári seinna gekk safnið til samstarfs við Ferðamálaeild Háskólans á Hólum og Tréiðnadeild

Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra um að bjóða upp á námskeið í byggingarhandverkskennslu undir merkjum Fornverkaskólans, eins og verkefnið er kallað. Námskeið Fornverkaskólans eiga að veita þekkingu á vinnubrögðum við gamalt byggingarhandverk s.s. torfskurð, torfhleðslu, grjóthleðslu og einfalda grindar-smíði. Samstarfsmenn og kennarar á námskeiðunum hafa verið Bragi Skúlason trésmíðameistari og Sigurður Helgi Sigurðsson, torf- og grjóthleðslumaður (Fornverk, 2015). Safnið leggur torfhúsin á Tyrfringsstöðum á Kjálka til sem vettvang fyrir námskeiðin. Safnið leggur einnig til námskeiðahalds kljástainavefstað sem komið hefur verið fyrir í Auðunarstofu. Safnið safnar og skráir heimildir um aðferðir og handbrögð á námskeiðunum og varðveitir þær upplýsingar í formi ljósmynda, myndbandsupptaka, uppmælinga og ritaðra lýsinga. Verkefnisstjóri Fornverkaskólans er starfsmaður safnsins.

Við sameiningu sveitarfélaganna árið 1998 fékk safnið Minjahúsið á Saudárkróki til afnota. Húsið er tveggja hæða steinhús, byggt 1947. Muna- og minjanefnd Saudárkróksbæjar gerði það að safn- húsi 1996 og hýsti þar m.a. Minjasafn Kristjáns Runólfssonar. Árið 2002 var, eins og fyrr er sagt, opnuð þar fastasýning og árið 2004 var húsið gert að miðstöð varðveislu og rannsókna þegar safngeymsla var tekin í notkun og skrifstofa sérfræðinga opnuð. Sýningarrými og geymsluaðstaða þar eru þökkaleg en hreinsunar- og skrifstofuaðstöðu má bæta.

### **Fellt af og fitjað upp, 2008–2014**

Starfsemi safnsins var felld undir stjórn atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar Sveitarfélagsins Skagafjarðar á árinu 2013 en hafði áður lotið stjórn menningar- og kynningarnefndar. Um leið var safnið fært undir Rekstrarsvið Sveitarfélagsins. Safnaráð viderkenndi safnið í ársbyrjun 2014. Í endurnýjðri Stofnskrá frá árinu 2013 er kveðið á um að safnið standi að þekkingarsköpun og fræðslu og leggi áherslu á rannsóknir og miðlun upplýsinga um óþreifanlegar og óþreifanlegar heimildir um menningararf héraðsins“ (Glaumbær, 2015).

Frá 2013 hafa níu til tólf starfsmenn unnið við gestamóttöku og safnvörslu á sýningum safnsins. Á því ári var Inga Katrín D. Magnúsdóttir þjóðfræðingur verkefnaráðin á ársgrundvelli, sem fræðslu- og þjónustufulltrúi. Fjöldi annarra sérfræðinga, iðnaðarmanna og handverksfólks tekur á hverju ári þátt í hinum ýmsu verkefnum á vegum safnsins og tengdum því. Árið 2014 voru gestir safnsins 39.752. Þar af höfðu 3.609 komið í Minjahúsið. Endurskoðuð safnalög sem tóku gildi árið 2011 kveða á um sömu hlutverk safna og fyrr en tekið er fram að þau eigi ekki að vera „rekin í hagnaðarskyni. [...] og skulu“ styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs“ (Safnalög nr. 141/2011). Með öðrum orðum að þá verður safnastefna



Mynd 19

aldrei drifin af fjárhagslegri hagnaðarvon og safn á að beina athyglinni að gildum sínum og sérsviðum. Í tilfalli Byggðasafns Skagfirðinga er það menning og saga héraðsins.

Á síðustu árum hefur munasöfnun einkum beinst að breytingum í heimilishaldi á 20. öld. Unnið er að mörgum spennandi verkefnum og rannsóknum og sinnt safn- og handverkskennslu. Opnunartími á safnsvæðinu í Glaumbæ hefur verið lengdur um mánuð í báða enda og stöðug gestavakt höfð á Glaumbæjarbænum frá maí til október.

Í framtíðarsýn, sem unnin var í sambandi við deiliskipulag safnsvæðisins í Glaumbæ, er m.a. gert ráð fyrir að jarðlægar minjar í túninu austur af gamla bænum verði nýttar til fræðslu og að nýtt safnhús rísi þar sem hægt verður að taka á móti gestum og fræða þá og þjóna enn betur en þegar er gert og bæta aðstöðu starfsfólks og safns. Á tímabilinu 2008–2014 hefur Skagfirska kirkjurannsóknin verið í forgangi ásamt strandminjaskráningu og eyðibygðarannsóknnum og árin 2012–2013 stóð Fornleifadeildin fyrir umfangsmikilli rannsókn á járnvinnsluminjum frá miðöldum, í Fnjóskadal.

Starfsfólk safnsins hefur ritað fjölda greina í tímarit og bækur og rannsóknarskýrslur safnsins eru orðnar 150 talsins, svo sem sjá má á gagnabanka á heimasíðu safnsins. Tvær sýningar voru settar upp í Minjahúsinu á þessu tímabili. Önnur fjallaði um

einstaklinga sem settu svip á samtíð sína og hin fjallaði um ýmsa merkilega safnmuni og safnmunaheildir.

Nemendur á öllum aldri sækja ráð, aðstoð og fræðslu til starfsmanna safnsins. Síðastliðinn áratug hefur safnfræðsla verið í höndum þess starfsmanns safnsins sem er þekkingarlega færastur um að sinna hverjum hópi/fræðsluverkefni. Fjöldi nemenda af öllu skólastigum kemur árlega í safnið og reynt er að koma til móts við þarfir hvers nemendahóps.

Jarðsjármælingar bandarískra jarðvísindamanna og fornleifafraeðinga, sem hófust árið 2001 og snérist um leit að jarðlægum minjum frá landnámstíma (Fiske Center, 2015), hafa einnig nýst safninu, einkum síðustu árin. Starfsmenn safnsins taka þátt í rannsóknunum þegar þær beinast að sama viðfangsefni og rannsóknir safnsins. Afrakstur jarðsjárrannsóknanna hafa verið merkilegar um margt og varpað ljósi á búsetu og greftrunarsíði á 11. öld.

Tyrfingsstaðaverkefnið hefur gengið mjög vel, en mörgum torfhúsanna, bænum sjálfum og þremur útihúsum hefur verið bjargað frá eyðileggingu. Viðgerðir hafa að mestu farið fram á námskeiðum Fornverkaskólans. Á þriðja hundrað einstaklinga hafa reynt á eigin skinni hvernig á að rista og stinga torf, velja hleðslugrjótt, vinna timbur, gera við, gilda upp, hlaða nýja vegg, reisa grind, þekja, þilja, smíða glugga og glerja. Fleiri forn handverk voru tekin upp. Árið 2014 hófst kennsla í vefnaði í kljástainavefstað sem



Mynd 20

03

safnið lét smíða og komið var fyrir í Auðunarstofu. Lögð var hönd á bagga með Þjóðminjasafni við textaskrif á sýningunni Endurfundur 2009 (Guðný Zoëga, 2009) og sumarið 2011 var Gestastofu sútarans á Sauðárkróki veitt aðstoð við textaskrif um skinnaverkun og lánaðir voru nokkrir munir á sýningu sem þar var sett upp.

### Helstu áfangar, lærdómur og staða

Síðastliðna þrjá áratugi hafa miklar breytingar orðið á högum Byggðasafns Skagafirðinga. Ekki fer á milli mála að stærstu tækifæri þess liggja í skýrri stefnumörkun og vel menntuðu faglega sjálfstæðu starfsfólki, hentugu húsnæði og samstarfi við hinar ýmsu stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga. Markmið safnsins er fyrst og fremst að varðveita heimildir um menningararf héraðsins, rannsaka þær og fræða fólk, styrkja ímynd samfélagsins, ýta undir nýsköpun verkefna og rannsóknir. Miðlun safnsins er margs konar, í sýningum, bæklingum, skýrslum og skráum, ritum, greinum, heimasíðu, fésbók, fyrirlestrum, námskeiðum og fleiru. Niðurstöðum rannsókna er miðlað í formi sýninga, rita, skýrslna, greina og erinda en þær geta og hafa haldið áfram í samhengi við aðrar rannsóknir. Þannig er lagður grunnur að nýrri þekkingu, nýjum rannsóknum, sem hafa áhrif á forgangsröðun verkefna og áherslur í starfi safnsins.

Varðveittir safnmunir í árslok 2014 voru 5140 og hafa allir verið skráðir í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn. Meirihluti safnmuna er frá arabilinu

1880–1980. Safnmunir eru skráðir jafnóðum og þeir berast. Auk muna og munnlegra heimilda hafa mörg þúsund fornleifar verið skráðar á vettvangi í skagfirsku minjaumhverfi og fjöldi ljósmynda af munum og rannsóknarefni hverju sinni. Mikil áhersla er á að niðurstöðum rannsókna sé miðlað, eins fljótt og unnt er. Auk 150 rannsóknarskýrslna um margvísleg rannsóknarverkefni hefur safnið gefið út 16 smárit. Þau eru ígildi sýninga og fjalla um valin rannsóknarefni, á ítarlegri hátt, í upplýsinga- og fræðsluskyni. Skýrslur og smárit eru aðgengileg á heimasíðu safnsins (Glaumbær, 2015). Eitt rit hefur komið út í formlegri ritröð safnsins og var það viðamikil rannsókn á heimildum um miðaldakirkjur og kirkjugarða í Skagafirði (Sigríður Sigurðardóttir, 2012). Ritröðin er eina útgáfa safnsins sem ekki er birt á netinu.

Settar voru upp á þriðja tug minjasýninga á tímabilinu 1994–2014, bæði í húsnæði safnsins og hjá öðrum. Þegar settar eru upp sýningar í annarra húsum gefst tækifæri til að kynna menningararfinn með fjölbreyttari hætti en safnhúsin gefa kost á og kostnaður við sýningargerð og gæslu safnmuna dreifist á fleiri aðila. Um leið gefur safnið öðrum færi á að nýta aðdráttarafl minjasýninga og tengja fortíð og nútíð til fræðslu og skemmtunar og skapa mikilvægt samband við aðila sem bjóða upp á menningartengda ferðaþjónustu.

Grundvallaratriði fyrir starfsemi safns er að

fjárframlag til þess sé í samræmi við þarfir þess, markmið og væntingar. Þess vegna er mikilvægt að kynna skyldur og markmið safnsins fyrir pólitískt kjörnum fulltrúum, sem koma og fara á fjögurra ára fresti og eru flestir ókunnugir safnastörfum. Í upphafi hvers kjörtímabils er nauðsynlegt að skilgreina og útskýra fyrir þeim grunnstörf starfseminnar og hver helstu áformin eru. Lítil hvati er frá eigendum til aðgerða og nýrra verkefna sem kosta fjárútlát og styrkir til verkefna, sem opinberir sjóðir styrkja, fjármagna oft aðeins brot af heildarkostnaðinum. Styrkir til verkefna eru jafnvel bundnir skilyrðum um að ljúka þeim í ákveðnum áföngum. Að því sögðu verður að taka fram að litlir styrkir eru betri en engir. Án styrkja yrði lítið um nýjar aðgerðir, ný verkefni og aðra nýsköpun sem safni er nauðsynlegt til framþróunar, ef og þegar safneigendur geta ekki látið fé renna til slíkra verka.

Á árunum 1998–2004 fóstraði Sveitarfélagið Skagafjörður einkasafnara í Minjahúsinu á Saudárkróki, undir sama þaki og Byggðasafnið. Sú ráðstöfun olli því að fólk áttaði sig ekki á hver var hvað, einkasafnarinn og opinbera safnið. Enginn samstarfssamningur var á milli safnanna en húseigandi, sem er Sveitarfélagið Skagafjörður, annar eigandi Byggðasafnsins, hafði samið við Kristján Runólfsson um að hann hefði minjasafn sitt til sýnis í húsinu og stæði vaktina þar. Þessi staða var vandræðaleg fyrir Byggðasafnið því samstarfsform fannst ekki, annað en að safnarinn stæði vaktir á sýningum þess. Sambýlinu lauk með því að Kristján flutti burtu, með safn sitt. Ýmsir gefendur, sem höfðu fært honum muni, voru ósáttir við þann gjörning. Premur árum seinna var safnið selt. Kaupandinn var Skagfirðingur sem fékk styrk til kaupanna frá sveitarfélaginu og víðar að og voru munirnir færðir Byggðasafninu. Munirnir reyndust vera úr öllum landshornum og þeir sem ekkert tengdust Skagafirði voru afhentir til þeirra byggða- og minjasafna sem vildu þiggja muni úr heimabyggingum. Atburðarásin var lærdómsrík. Byggðasafnið tók við fyrrum einkasafninu án rökræðu um hvort gjörningurinn væri forsvaranlegur. Allt málið, frá upphafi til enda, undirstrikaði það stefnu- og úrræðaleysi sem opinber söfn standa frammi fyrir gagnvart einkasöfnurum og skapaðist fyrst og fremst vegna grundvallar misskilnings á eðli og tilgangi safna og varðveislu menningararfs.

Byggðasafn Skagfirðinga hefur tekið þátt í fjölda samstarfsverkefna, stórra sem smárra. Lykilorð í samstarfi eru þekkingarsköpun og fræðsla. Samstarf gefur færi á að vinna að stærri og flóknari verkefnum sem safnið hefði tók á að vinna með öðru móti. Reynsla safnsins af samstarfsverkefnum hefur verið sú að þau þróast og þroskast, sum festast í sessi og önnur gufa upp og þótt um formlegt samstarf sé að ræða getur það brugðið til beggja vona. Það er því mikilvægt að samstarf sé grundvallað á skýrri markmiðssetningu, verkaskiptingu og áætlun um lok verkefnis. Samstarfs-

aðilar geta ekki alltaf uppfyllt væntingar og einnig má gera ráð fyrir að samstarf til margra ára breytist þannig að einn aðili verði leiðandi. Það þarf ekki að skemma samstarfið en við því má búast. Gagn er að hafa skriflegan samning þar sem kveðið er á um áætlaðan framgang og lok samstarfs.

Samfella í störfum og starfsmannahaldi er mikilvæg fyrir starfsemi safns. Að halda í hæft starfsfólk lengur en ár eða tvö er mikilvægt og störf sem söfnin skapa á ársgrundvelli og krefjast framhaldsmenntunar eru ómetanleg í litlu samfélagi eins og í Skagafirði. Störf sem námsfólk kemst í kynni við hafa áhrif á námsval þeirra og afstöðu allt lífið. Metnaður starfsmanna er mikill og klapp á bakið, eins og þegar Ferðamálasamtök Íslands veittu safninu viðurkenningu fyrir fagmennsku í menningarferðaþjónustu og rannsóknnum árið 2008 og þegar safnið var tilnefnt til íslensku safnaverðlaunanna árið 2010, má túlka sem vitnisburð um jákvæðan árangur. Dómnefnd sem tilnefndi Byggðasafn Skagfirðinga til safnaverðlauna árið 2010 ályktaði um tilnefninguna og sagði að það hefði verið gert vegna þess að safnið hefði „sinnt öllum lagalegum skyldum sínum af alúð og ódrepani áhuga. Með elju sinni hefur það opnað augu Skagfirðinga og annarra fyrir mikilvægi þess að byggðalög eigi sér og annist sín menningarverðmæti og geti þannig sinnt samfélagslegum skyldum sínum“. Starfsmenn safnsins hafa sannarlega reynt að uppfylla grunnskyldur þess miðað við lög og reglugerðir en það væri langt gengið að fullyrða að það hafi alltaf tekist.

Sama má segja um styrki frá erlendum rannsóknar- og þróunarsjóðum sem erlendir samstarfsaðilar safnsins hafa lagt til ýmissa verkefna innan héraðs. Dropinn holar steininn og segja má að hátt menntunarstig og sú festa sem hefur verið í starfsmannamálum á safninu hafi gert því kleift að vinna að rannsóknarverkefnum, meðfram daglegri starfsemi, sem smám saman hafa myndað stærri og fjölbættari verkefni, sem aftur hafa leitt til fjölbreyttara samstarfs og fleiri styrkja.

Framtíð safnsins verður byggð á þeim stöðum sem störf og reynsla undangenginna áratuga hafa mótað. Ferðaþjónustubátturinn verður um ófyrirséða tíð stór hluti starfseminnar og fer vaxandi fremur en hitt. Unnið er að því að skerpa sýn á hvernig nýta megi tækifærin sem þannig skapast og til hvaða úrlausna þarf að grípa til að vel fari saman varðveisla menningararfsins, þekkingarsköpun og miðlun um hann og jákvæð upplifun safngesta. Í grundvallaratriðum verður safnastarfið byggt á sömu grunnþáttum og hingað til, með áherslu á fjölbreyttar héraðsbundnar rannsóknir, umsýslu safnkosts og varðveislu menningararfs og handverkshefða.

## Heimildaskrá

Árni Sveinsson. (1943). Um byggðasöfn. *Búfræðingurinn*, (10), bls. 176–179.

Byggðasafn Skagfirðinga. (2013). *Ársskýrsla Byggðasafns Skagfirðinga 2012*. Sauðárkrúkur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Búnaðarfélag Íslands. (1950). *Skýrslur starfsmanna Búnaðarfélags Íslands árin 1947 og 1948: Garðyrkju-ráðunauturinn* R. Á. Reykjavík: Búnaðarfélag Íslands.

Búnaðarfélag Íslands. (1952). *Skýrslur starfsmanna Búnaðarfélags Íslands árið 1951: Garðyrkjuráðunauturinn* R. Á. Reykjavík: Búnaðarfélag Íslands.

Búnaðarfélag Íslands. (1953). *Skýrslur starfsmanna Búnaðarfélags Ísland árið 1952: Garðyrkjuráðunauturinn* R. Á. Reykjavík: Búnaðarfélag Íslands.

Fiske Center. (2015). Projects. Sótt 22. september 2014 af <http://www.fiskecenter.umb.edu/Projects/Skagafjordur.html>.

Fornverk. (2015). Fornverkaskólinn. Sótt 1. október 2014 af <http://www.fornverk.is>.

Frá menningarmálum Skagfirðinga: Heimildarrit flutt heim í hérað – Starfsemi Sögufélagsins – Söfnun mannamynda hafin – Verða geymdar í stofunum í Glaumbæ. (1956, 1. desember). *Morgunblaðið*, bls. 6.

Glaumbær. (2015). Sýningar og Gagnabanki. Sótt 31.mars 2015 af <http://www.glaumbaer.is/syningar> og <http://www.glaumbaer.is/gagnabanki>.

Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir og Sigríður Sigurðardóttir (e.d.). *Margt býr í moldinni*. Varmahlíð: Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðný Zoëga. (2009). *Fólkið í Keldudal*. Í Guðmundur Ólafsson og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstjórar), *Fornleifarannsóknir styrkar af Kristnihátíðarsjóði 2001–2005* (bls. 30–43). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Hagstofa. (2015). Hagtölur. Sótt 19. september 2014 af <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Menningarmal/Sofn>.

Hjalti Pálsson. (2001). *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi: Staðarheppur – Seyluheppur*. Akureyri: Sögufélag Skagfirðinga Sauðárkróki.

Hjörtur Kr. Benediktsson. (1957, 25. febrúar). *Glaumbær í Skagafirði og byggðasafnið þar*. *Vísir*, bls. 2–3.

Jón Sigurðsson. (1960). *Glaumbær og Byggðasafn Skagfirðinga*. Reykjavík: Byggðasafn Skagfirðinga.

Kristján Karlsson. (1943). *Frá Bændaskólanum á Hólum*. *Búfræðingurinn*, (10), bls. 180–182.

Kristmundur Bjarnason. (1989). *Sýslunefndasaga Skagfirðinga: Síðari hluti*. Akureyri: Sýslunefnd Skagfirðinga.

Lilja Árnadóttir. (1998). *Hafa söfn rækt blutverk sitt?* Í Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (ritstjórar), *Íslenska söguþingið 28.–31. maí 1997: Ráðstefnur II* (bls. 88–93). Reykjavík: Sagnfræðingafélag Íslands.

*Lög um menningarminjar* nr. 80/2012.

*Safnalög* nr. 106/2001.

*Safnalög* nr. 141/2011.

*Sagan treystir tengsl manns við upprunann*. (1997, 22. júlí). *Morgunblaðið*, bls. 13.

*Samtal við Jón Sigurðsson á Reynistað um: Glaumbær og byggðasafn Skagfirðinga*. (1961, 26. marz). *Morgunblaðið*, bls. 6.

Sigríður Sigurðardóttir. (2011). *Glaumbær: Kirkja og Staður*. Varmahlíð: Byggðasafn Skagfirðinga.

Sigríður Sigurðardóttir. (2011). *Glaumbær: Sýning og safn*. Varmahlíð: Byggðasafn Skagfirðinga.

Sigríður Sigurðardóttir. (2007). *Mannamyndir í Suðurstofu*. Varmahlíð: Byggðasafn Skagfirðinga.

Sigríður Sigurðardóttir. (2012). *Skagfirska kirkjurannsóknin. Miðaldakirkjur 1000–1318*. Glaumbær: Byggðasafn Skagfirðinga.

Skagafjörður. (2015). Fundargerðir. Sótt 23. september af <http://www.skagafjordur.is/is/stjornsysla/fundargerdir/byggdarrad-skagafjardar/1819>. Mál nr. SV060299.

Skagafjörður. Fornverkaskólinn. Sótt 24. september 2014 af <http://www.skagafjordur.is/fornverkaskolinn>.

Skúli Magnússon. 1995. *Byggðasöfn á Íslandi: upphaf og aðdragandi að stofnun þeirra*. Óbirt BA ritgerð: Háskóli Íslands.

*Þjóðminjalög* nr. 52/1969.

*Þjóðminjalög* nr. 89/1989.

*Þjóðminjalög* nr. 107/2001.

Þór Magnússon. (1969). Askar Stefáns á Mallandi. *Árbók Hins íslenszka fornleifafélags*, 1(68), bls. 39–44.

Þór Magnússon. (1988). *Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1987*. *Árbók Hins íslenszka fornleifafélags*, 1(84), bls. 141–148.

Þór Magnússon. (2000). *Ársskýrsla Þjóðminjasafns Íslands og Þjóðminjavörslunnar*. *Árbók Hins íslenszka fornleifafélags*, 1(95), bls. 179–196.







## Byggðasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga Vigdís Finnbogadóttir

Fyrstu drög að stofnskrá Byggðasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga voru gerð á sýslufundi Rangæinga árið 1945. Séra Jón M. Guðjónsson, prestur í Holti, bar erindið um stofnun safnsins fyrst upp á sýslu-nefndarfundum. Í kjölfarið var fyrsta safnstjórnin kosin af sýslunefnd Rangárvallasýslu og samanstóð af tveimur einstaklingum auk séra Jóns. Það voru þeir Guðmundur Erlendsson, hreppstjóri á Núpi í Fljótshlíð, og Þórður Tómasson í Vallnatúni. Ári síðar, 1946, var svo Ísak Eiríksson frá Ási skipaður í stað Jóns sem þá var brottfluttur af svæðinu (Þórður Tómasson, 1964). Sýslunefnd Vestur-Skaftfellinga bættist svo við sem annar eigandi safnsins árið 1952. Frá Vestur Skaftfellingum voru fulltrúarnir Jón Þorsteinsson sýslumannsfulltrúi og Óskar Jónsson, bókarí í Vík í Mýrdal, kosnir til verksins. Síðar tók Sveinn Einarsson á Reyni í Reynishverfi í Mýrdal í Vestur-Skaftfellssýslu við af Óskari í nefndinni. Á þessum tíma var engin bygging sem gat hýst safn sem þetta nema þá einna helst Héraðsskólinn í Skógum. Magnús Gíslason, fyrsti skólastjóri skólans í Skógum, sýndi málinu mikinn áhuga og veitti því brautargengi. Hann var einnig sérstakur áhugamaður um íslenska þjóðfræði sem ýtti enn fremur undir staðsetningu safnsins í fyrstu (Þórður Tómasson munnleg heimild, 21. júní 2012).

Skógaskóli tók til starfa árið 1949, fjórum árum eftir sýslufundinn, en þá var tekið frá í skólahúsinu á Skógum lítið kjallaraherbergi undir safngripi sem að

mestu höfðu verið í geymslu á heimili Þórðar fram undir þetta. Eiginlegt stofnár safnsins er því talið árið 1949. Sigurjón Magnússon í Hvammi undir Eyjafjöllum innréttaði og smíðaði fyrstu sýningarpúltin sem enn í dag eru notuð í safninu. Þar sem herbergið var lítið þótti það ekki sérlega gott sem sýningarsalur og sprengdi fljótt utan af sér plássíð. Af þeim sökum var Skógaskóli nýttur sumrin 1952–1954 til þess að setja upp sýningar í kennslustofum skólans og sáu kennarar skólans þá um sýninguna. Magnús Gíslason, skólastjóri Skógaskóla, reyndi á margvíslegan hátt að greiða götur safninu til heilla um árabíl (Þórður Tómasson, 1964). Síðar varð Jón R. Hjálmarsson skólastjóri í Skógum og þar eignaðist Þórður sér öflugan stuðningsmann, félag og vin. Þeir Þórður voru í sameiningu stofnendur tímaritsins *Godasteins* sem þeir gáfu út í tuttugu og fimm ár eða frá 1962 og þar til sýslunefnd Rangárvallasýslu tók við útgáfu þess af þeim (Jón R. Hjálmarsson, 2002).

Árið 1954 var ákveðið að ráðast í byggingu safnhúss í Skógum og fékkst til þess fjárveiting frá Alþingi (Þórður Tómasson munnleg heimild, 21. júní 2012). Húsið var smíðað eftir teikningum trésmíðameistarans Matthíasar Einarssonar frá Vík í Mýrdal. Safnhúsið var tilbúið til notkunar árið 1955 og byrjað var að setja muni þar á sýningu árið 1956. Tíu árum eftir formlega stofnun safnsins, eða árið 1959, var Þórður Tómasson ráðinn við safnið í



Mynd 21

Skógum sem safnvörður og umsjónarmaður safnsins. Eftir þann tíma stækkaði safnið hratt og tók örum breytingum (Þórður Tómasson, 1964). Árið 1990 var ráðist í stækkun á aðalbyggingu safnhússins með það í huga að gera það að varanlegu framtíðarhúsnæði safnsins. Var sú stækkun talin nauðsynleg vegna aukinna umsvifa, fjölgunar á ferðamönnum og einnig ört vaxandi safnkosts. Varð þessi breyting til þess að hægt varð að skipta safninu niður í fjórar deildir, það er: sjósóknardeild, landbúnaðardeild, húsmuna- og handverksdeild og náttúrugripadeild. Það hafði ekki verið hægt áður vegna þess hversu þröngur húsakosturinn var (Skógasafn, 2012). Forystan um byggingu hins nýja safnhúss var komin frá Friðjóni Guðröðarsyni, sýlumanni Rangæinga, en hann var mikill áhugamaður um veg safnsins. Hönnunin var í höndum Grétars Markússonar og Stefáns Arnar Stefánssonar. Þess má geta að húsið hýsir nú einnig skjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga í kjallara. Bygðasafnið hefur ætíð sýnt mikið sjálfstæði í störfum sínum og ekki síst fjármálum, en í samantekt Kristjáns Eldjárns Þjóðminjavarðar frá árinu 1962 um bygðasöfn og fjármál þeirra segir hann til að mynda að „Bygðasafnið í Skógum undir Eyjafjöllum er stofnað

og rekið af Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu og hefur aldrei farið fram á neina fyrirgreiðslu eftir bygðasafnslögum“ (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1962). Í þessari grein verður megináhersla lögð á störf Þórðar Tómassonar og uppbyggingu safnsins á sviði húsakosts.

#### Þórður á Skógum

Af framansögðu má sjá að hlutur Þórðar Tómassonar, sem gjarnan er kenndur við Skóga, í uppbyggingu og starfsemi safnsins er umtalsverður. Að mörgu leyti má segja að afskipti hans af vexti og viðgangi safnsins séu um margt hliðstæð við sögu annarra safna í landinu og ekki síst bygðasafna. Lengstum hefur Þórður verið sá aðili í uppbyggingunni sem hefur verið helsti hvatinn fyrir söfnun, sýningum og öðru sem viðkemur safninu og því sannkallaður einyrki, en af framansögðu má hins vegar sjá að án aðkomu fleiri einstaklinga og annarra að uppbyggingu safnsins hefði það vart orðið að því sem það er í dag.

Þórður Tómasson er fæddur í Vallnatúni í Vestur-Eyjafjallahreppi þann 28. apríl árið 1921. Foreldrar hans voru bændur og hófu búskap að Vallnatúni undir Eyjafjöllum árið 1919. Þórður var að eigin sögn unglingur þegar hann byrjaði að safna

að sér gömlum hlutum. Hann gerði sér mjög snemma grein fyrir því að þegar bændasamfélagið byrjaði að breytast á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar með auknum tækniframförum ætti allt það gamla, bæði í formi verkfæra og verkmenningar sem nú var lagt til hliðar, litla framtíð fyrir sér og stefndi þannig hraðbyri til glötunar (Þórður Tómasson munnleg heimild, 21. júní 2012). Það má því segja að Þórður hafi verið á elleftu stundu í björgunaraðgerðum sínum. Honum var alls staðar vel tekið þar sem hann safnaði, jafnvel þótt að hans eigin sögn hafi sjálfsagt margir talið þessa áráttu hans jaðra við eins konar geðveiki. Smám saman breyttist viðhorf fólksins og meiri skilnings gætti hjá almenningi á söfnunaráráttu hans (Þórður Tómasson munnleg heimild, 21. júní 2012).

Þórður hóf störf við Skógasafn árið 1959, á þrítug-asta og áttunda aldursári. Það ár flutti hann að Skógum og byggði þar íbúðarhús sem hann hefur búið í síðan ásamt systur sinni og mági (Þórður Tómasson, 1964). Má þá segja að upp frá því hafi Þórður í daglegu amstri tekist á við annars konar smalamennsku en þá sem jafnan tíðkaðist í hans æskusveit og hann þótti nokkuð laginn við sem ungur maður. Smalamennskan sem hann iðkaði næstu áratugina sem safnvörður og umsjónarmaður Skógasafns snerist alfarið um áhugasvið hans, að safna saman þjóðfræði Íslendinga í ýmsum birtingarmyndum og miðla þeim upplýsingum sem hann safnaði (Þórður Tómasson munnleg heimild, 21. júní 2012).

En ævistarf Þórðar liggur ekki einungis í þeirri efnis- og verkmenningu sem Skógasafn hefur að geyma heldur einnig í fjölda bóka og greina sem hann hefur skrifað undanfarna áratugi. Segja má að Þórður hafi hlotið verðskuldaða viðurkenningu fyrir störf sín á lýðveldisdegi Íslendinga, 17. júní árið 1997, þegar hann var gerður að heiðursdoktor við heimspékideild Háskóla Íslands þar sem hann hlaut þá nafnbótina dr. phil. hon. fyrir vel unnin störf í þágu rannsóknna fyrir almenning (Háskóli Íslands, 2015). Þórður hefur einnig hlotið viðurkenningar annars staðar frá og má þá sem dæmi nefna Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs árið 1998, ásamt heiðursviðurkenningu frá Rótaryklúbbi Rangæinga. Að auki var hann valinn heiðursborgari Austur-Eyjafjallahrepps árið 2001 og sömuleiðis fékk hann viðurkenningu frá Stíftelsen NBC's Frihedsfond (Guðni Einarsson og Ragnar Axelsson, 2001).

Þórður hefur verið viðriðinn þjóðfræðasöfnun á fleiri sviðum en komið hefur fram hér að ofan. Árið 1959 varð fyrst til vísar að Þjóðháttaeild Þjóðminjasafns Íslands. Kristján Eldjárn þjóðminja-vörður réð Þórð til sín til þess að safna þjóðhátum Íslendinga, sérstaklega á sviði landbúnaðar. Í framhaldi samdi Þórður fyrstu spurningaskrá Þjóðháttaeildar og aflaði sér heimildamanna um allt land með aðstoð Orðabókar Háskólans sem hafði einvala lið fróðleiksmanna á sínum snærum. Þórður heimsótti einnig eldra fólk, konur og karla, til þess að afla sér

heimilda og var það honum mikill styrkur við gerð spurningaskrána. Þjóðháttafasafnið fékk formlegri stöðu á afmælisári Þjóðminjasafnsins árið 1963 og starfaði Þórður með tveimur fyrstu starfsmönnum hennar þar en það voru þeir Þór Magnússon og Árni Björnsson. Í heildina tók Þórður þátt í að setja saman þrjátíu spurningaskrár. Sjálfur skræði Þórður niður frásagnir fólks um þjóðhætti og söguleg efni. Hans einkaþjóðháttafasafn er mikið vöxtum um landbúnað og að sögn Þórðar væri erfitt að skrá þjóðhátarrit landbúnaðar á Íslandi án þess að eiga aðgang að því safni (Þórður Tómasson, 2012).

#### **Stækkandi safn, torfbærinn**

Árið 1968 urðu þáttaskil í starfsemi safnsins en þá fór á næstu árum og áratugum að myndast húsaþyrping á safnasvæðinu og hefur hún stækkað talvært síðan. Að öðrum ólóstuðum má segja að Þórður Tómasson hafi átt mestan þátt í þeirri uppbyggingu, en hann tók virkan þátt í því að undirbúa húsin til flutnings og við endurbyggingu þeirra á safnasvæðinu. Hann vann hörðum höndum að grjóthleðslum, þökum, torfhleðslu og hverju því verki sem þurfti við endurgerð húsanna (Sveinn Runólfsson, 2012). Fyrsta húsið sem var reist á svæðinu var skemma úr eigu langafa Þórðar, Sigurðar Jónssonar frá 1830, sem var flutt frá Varmahlíð undir Eyjafjöllum að Skógum árið 1968 og endurbyggð þar 1969. Hún var gerð upp með stöfum, sperrum, sýllum og bitum (Þórður Tómasson munnleg heimild, 21. júní 2012). Skemman er grjóthlaðin, þakið er hellulagt og síðan þakið torfi (Þórður Tómasson, e.d., c).

Næst var endurbyggð í Skógum baðstofan frá Arnarhóli í Landeyjum, upphaflega byggð árið 1895. Var hún flutt að Skógum árið 1954 en ekki endurbyggð þar fyrr en árið 1970 (Þórður Tómasson, e.d., c). Er hún talin mjög góður fulltrúi íslensku sveitabaðstofanna og er svokölluð skarsúðarbaðstofa. Hún var gefin safninu af Þorgeiri Tómassyni, bónda á Arnarhóli í Landeyjum (Þórður Tómasson munnleg heimild, 21. júní 2012). Þar á eftir kom hlóðaeldhús að Skógum frá Kvoslæk í Fljótshlíð árið 1971 og var það endurbyggt ári síðar. Eldhúsið er smátt, raunar af minnstu gerð og í því eru myndarlegar hlóðir. Það er endurbyggt með sömu aðferð og skemman, það er með stöfum, sperrum og bitum, þakið svo hellulagt og þakið með torfi (Þórður Tómasson, e.d., c).

Ári síðar, 1973, kom að Skógum krossbyggt fjós af sunnlenskri gerð (Þórður Tómasson, e.d., c). Það var flutt frá Húsum, í Holtum í Rangárvallasýslu og endurbyggt árið 1974 í Skógum. Í fjósinu eru tveir básar hvoru megin flórs og svo einnig hlóðubás. Byggingarlag fjóssins er með svipuðum hætti og hlóðaeldhúsið og innan hlaðinna grjótteggja er torf á milli grjótlaganna. Hlóðubásinn er lítil bús sem gengur inn úr norðurveggi fjóssins og var hann hafður fyrir kálfa þegar þeir voru á búi (Þórður Tómasson munnleg heimild, 21. júní 2012). Gestastofa frá Norður-Götum í Mýrdal var svo viðbót

við þann hluta torfbæjarins sem þegar var risinn og var hún endurbýggð á safnasvæðinu árið 1976. Stofan er frá árinu 1896 og er timburklædd að innan. Sambyggt henni á bakhlíð er svefnherbergi frá Árkvörn í Fljótshlíð sem var byggt árið 1838 (Þórður Tómasson, e.d., c). Herbergið er þó byggt upphaflega upp úr gestastofu Eiríks Sverresen sýslumanns frá Kollabæ í Fljótshlíð. Sömuleiðis var byggt búr aftan við gestastofuna. Er það fengið frá Seljalandi í Fljótshverfi í V-Skaftafellssýslu. Það er grjóthlaðið úr blágrýtishellum (Þórður Tómasson munnleg heimild, 21. júní 2012). Ekki er það talið yngra en frá árinu 1840. Fyrir búrdrunum stendur nú gömul kirkjuhúð frá Kálfafelli í Fljótshverfi. Öll húsin eru búin húsbúnaði við hæfi sem fenginn er víða að (Þórður Tómasson, e.d., c).

Í húsaþyrpingunni þar sem torfbærinn er stendur smíðja föður Þórðar, Tómasar Þórðarsonar. Hann kunnir ekki vel þeirri breytingu að flytjast sem gamall bóndi frá Vallnatúni árið 1959 að Skógum. Þá átti hann ólifud ein sautján góð ár (Þórður Tómasson munnleg heimild, 21. júní 2012). Smíðja Tómasar var byggt af vinum hans, Bárði Magnússyni í Steinum og Tómasi Magnússyni í Skarðshlíð undir Eyjaföllum, ætluð Tómasi til yndisauka. Þar hamraði hann járn við safnasvæðið löngum stundum og hafði unun af.

Í húsamstæðuna, það er þá heildarmynd sem bæjarhús torfbæjarins mynda á safnasvæðinu, vantar þó eina einingu til þess að hún sé fullkomnuð, að mati Þórðar, en það eru bæjardyrnar. Enn hafa ekki fundist gamlar bæjardyr til verksins og bíður það því enn um sinn að heildarmyndin verði fullkomnuð (Þórður Tómasson munnleg heimild, 21. júní 2012).

### Stækkandi safn, Holt á Síðu og enn fleiri byggingar

Húsið frá Holti á Síðu er byggt árið 1878. Það var fyrsta timburhúsið í Vestur-Skaftafellssýslu og byggt af þáverandi sýslumanni á Kirkjubæjarklaustri, Árna Gíslasyni. Húsið er byggt úr rekaviði af fjörum í Meðallandi og er upphaflega reist á kjallara sem var hlaðinn úr mógjótí. Að húsinu eru hlaðnir grjótveggir á þrjá vegu, alla nema framhlíð hússins. Margvíslegar breytingar voru gerðar á húsinu þau eitt hundrað ár sem það stóð á jörðinni í Holti. Búið var í húsinu til ársins 1976 en hafist handa við niðurrif þess til brottflutnings að Skógum árið 1979. Fór þar fremstur manna Þórður Tómasson eins og á við um aðrar aðkomubýggingar safnsins. Við endurreisn hússins árið 1980 þurfti að endurnýja töluvert í því, til dæmis var suðurhlíð hússins og þakjárníð á því með öllu ónýtt og þar af leiðandi varð að leita úrbóta. Til þess voru nýttir viðir úr gömlum húsum á Skógum og eins gamlir viðir í eigu safnsins. Við endurreisnina var húsinu valinn staður uppi í brekku fyrir ofan aðalbyggingu safnsins og steypdur undir það kjallari með það að markmiði að síðar yrði hægt að hlaða veggina að innan með mósteini svo að kjallarinn líktist sem næst upprunalegastri

mynd. Einnig voru steyptir grjótveggirnir þrír en grjótinu síðan hlaðið utan á steypuna svo hvergi sést í hana. Innanstokksmunir eru allir við hæfi í húsinu og óhætt að segja að það sé líkt og tíminn hafi stöðvast við komuna þangað inn (Þórður Tómasson, e.d., d).

Húsið var að falli komið þegar Þórður lét flytja það að Skógum og að hans sögn væri ekkert eftir af því ef það hefði ekki verið flutt á sínum tíma að Skógum til varðveislu. Gestastofan í Holtshúsi var klædd að innan með panelviði frá 20. öld. Við endurbýggingu var hún klædd með breiðum stofupíljum frá Seljalandi í Fljótshverfi, unnum að mestu úr mastri spítalaskipsins Sankti Páls sem strandaði í Meðallandi árið 1899 (Þórður Tómasson munnleg heimild, 21. júní 2012).

Næst reis skemman frá Gröf í Skaftártungu austan við Holtshúsið og dältítið neðar í brekkunni á safnasvæðinu. Hún var byggt upphaflega árið 1840, er tvískipt og grjóthlaðin. Allt timbur í henni er úr rekaviði og hún er gerð upp með breiðum timburborðum, sperrur og skarsúð í lofti. Í henni er moldargólf og framhlutinn er píljauður. Þetta hús gegndi ekki einungis hlutverki skemmu heldur var það einnig gestastofa á fyrri tímum þar sem gestum var gjarnan boðið inn af Grafarbændum í hrátt hangikjöt og brennivín. Skemman var rifin niður og flutt að Skógum þar sem hún var endurreist í núverandi mynd árið 1984 (Þórður Tómasson, e.d., d). Skemman þar sem hún stóð ein var að mati Þórðar mjög einstæðingsleg (Þórður Tómasson munnleg heimild, 21. júní 2012). Því þótti við hæfi þegar að því kom að við austurhlíð skemmunnar frá Gröf fengi Skálarbærinn svokallaði bæjarstæði. Hann var upphaflega byggtur í Skál á Síðu árið 1919 af þáverandi bónda þar, Oddi Sigurðssyni og fóstursyni hans, Árna Kr. Árnasyni. Á bænnum er bárujárnsþak, tóftin er grjóthlaðin úr hraungrýti og timbur í bænnum er mest fengið úr reka á Meðallandsfjörum. Skálarbærinn er samsetning á tveimur húsum. Annars vegar er það baðstofa og vetrarfjós ásamt svefnherbergi sem er staðsett bak við baðstofuna. Það var byggt árið 1934. Hins vegar er svokallaður frambær, eldhús, gestastofa og gangur. Bærinn var rifinn á Skál árið 1986 en þá hafði hann lokið hlutverki sínu sem íbúðarhús því á jörðinni reis nýtt íbúðarhús árið 1970. Skálarbærinn var endurreistur á Skógum árið 1987 (Þórður Tómasson, e.d.).

Rafstöð stendur á safnasvæðinu austan megin við torfbæinn. Hún var byggt árið 1926 og er frá læknastrénu á Breiðabólstað á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu. Hún var sett upp af Guðmundi Einarssyni raffræðingi frá Ytri-Sólheimum í Mýrdal. Rafstöðin var gjöf frá Matthíasi Ólafssyni bónda á Breiðabólstað á Síðu. Húsið var flutt að Skógum í heilu lagi árið 1990 (Rangárþing eystra, 2003).

Austan megin við rafstöðina stendur sameiningar-tákníð sem brúar bilið á milli byggðasafnsins og samgöngusafnsins á safnasvæðinu. Það er einn hluti af níu



Mynd 22-23



Mynd 24

úr gömlu brúnni á Jökulsá á Sólheimasandi. Brúin var byggð árið 1921 og stóð hún fram til ársins 1967. Smíði brúarinnar var mikið þrekvirki á sínum tíma enda yfir 200 metra löng og 2,6 metra breið. Efni í hana var flutt sjóleiðis að Jökulsárósum þar sem minni bátar ferjuðu það í land. Þaðan var svo efnið flutt á sinn stað með hestum og hestvögnum. Brúarhlutinn er gjöf Vegagerðarinnar til Skógasafns en Vegagerðin kostaði einnig uppsetningu hlutans á safnasvæðinu.

Barnaskólahúsið sem nú stendur í Skógum var upphaflega byggt sem samkomuhús Dyrhólahreppinga samhliða því að þjóna hlutverki barnaskólahúss í hreppnum. Húsið reis í Vatnsskarðshólum árið 1901 en var flutt tveimur árum síðar að Litla-Hvammí í Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýlu fyrir tilstilli Stefáns Hannessonar kennara við skólann. Hann smíðaði sér einbýlishús að Litla-Hvammí og var það sambyggt skólahúsinu. Viðhald á húsinu var upp og ofan næstu áratugina en þó alltaf eitthvað. Helsti galli hússins var húskuldi en í því var upphaflega kolaofn notaður til kyndingar í skólastofunni. (Mappa í skólahúsi Barnaskólans frá Litla-Hvammí, e.d.).

Litla-Hvammsskóli, eins og húsið er gjarnan

kallað, var flutt að Skógum í lok maí árið 1999 og endurbyggt þar árið 2000. Um yfirumsjón á endurbyggingu þess sá Ágúst Sigurjónsson, smíður í Skógum (Þórður Tómasson, e.d., b). Skólahúsið er mjög góður fulltrúi skólahúsa á þessum tíma og þótti hátt til lofts og vött til veggja á þeim tíma sem það var byggt. Gluggar voru í upphafi ekki eins stórir og þeir eru í húsinu í dag en í kringum 1910 voru þeir stækkaðir og þá helst til að reyna að sporna við berklaveiki sem þá geisadi um landið. Birta og sólarljós áttu að hafa mikið að segja til að fólk héldi heilsu. (Þórður Tómasson munnleg heimild, 21. júní 2012).

Það var draumur Þórðar að reisa kirkju á safnasvæðinu í Skógum enda er staðurinn gamall kirkjustaður. Skógakirkja var aflögð árið 1890 en þá hafði verið kirkjustaður þar samfelld frá árinu 1100 (Þórður Tómasson munnleg heimild, 21. júní 2012). Byggingarnefnd fyrir safnkirkju í Skógum var stofnuð árið 1994 og þá fóru hjólin að snúast fyrir alvöru. Hjörleifur Stefánsson arkitekt var fenginn til að teikna kirkju og var það fyrirlagt að reyna að nýta efni sem Bygðasafnið í Skógum átti úr gömlum kirkjum til verksins. Kirkjunni var valinn staður, að gömlum



sunnlenskum sið, suðaustur af bæjarhúsum og voru það bæjarhúsin frá Skál á Síðu sem gáfu viðmiðið sem síðan var farið eftir við staðsetningu kirkjunnar. Fyrsta skóflustungan var tekin að kirkjunni 5. nóvember 1994 af séra Halldóri Gunnarssyni í Holti og í beinu framhaldi var farið í að steypa grunn og gólf kirkjunnar og var hraungrýti sett utan á steyptan sökkulinn. Verkið var kostað úr ýmsum áttum, fjármunir komu úr Jöfnunarsjóði kirkna, ríkissjóði, frá söfnuði Eyvindarhólasóknar og svo einnig frá einstaklingum sem gáfu fjármuni til verksins. Árið 1995 var kirkjan gerð fohkheld undir stjórn Sveins Sigurðssonar trésmíðameistara á Hvolsvelli. Innsmiði var hins vegar stjórnað af Karli Ragnarssyni trésmíðameistara. Verkinu við byggingu kirkjunnar lauk árið 1998 og hún var vígð af Karli Sigurbjörnssyni biskupi þann 14. júní sama ár (Þórður Tómasson, e.d., a). Skógakirkja er samsett úr samtals tuttugu gömlum kirkjum og myndar það allt eina heild. Hún er að mati Þórðar einstök birtingarmynd þess menningararfs sem kristin kirkja hafði frá miðöldum á Íslandi (Þórður Tómasson, e.d., a). Fram til þessa dags hafa mörg börn verið skírð og fermð í kirkjunni. Sömuleiðis hafa þar farið fram hjónavígslur (Þórður Tómasson munnleg heimild, 21. júní 2012). Innanstokksmunir í kirkjunni eru safngripir, fengnir víða að úr nærliggjandi sveitum.

### Safnið vex enn frekar

Um leið og safnið fór að skipa fastan sess í huga fólksins í sveitunum í kring fóru munir af ýmsu tagi að streyma til þess. Þeir munir voru ekki einungis frá nítjándu öldinni og fyrr heldur einnig frá þeirri tuttugustu og þóttu ekki allir passa með því sem eldra var. Þá kviknuðu vangaveltur um hvað gera skyldi við þessa muni, hvort taka ætti við þeim og hvernig ætti að koma þeim í sýningu svo vel væri. Vangavelturnar varðandi þetta vaxandi vandamálið safnsins má rekja aftur til upphafs níunda áratugarins. Upphafleg hugmynd var að setja upp tækniminjasafn en þá var þegar kominn visir að Tækniminjasafni Austurlands svo úr varð að reisa skyldi Samgönguminjasafn í Skógum sem viðbót við Byggðasafnið. Má segja að fyrsta stóra verkefni Sverris Magnússonar, framkvæmdastjóra safnsins frá árinu 1999, hafi verið að ráðast í þetta verkefni, fjármagna það og koma því í framkvæmd. Fjármagn til verksins fékkst samþykkt frá Menntamálaráðuneytinu sem safnið þá heyrði undir, auk þess sem framlög fengust á fjárlögum Alþingis í nokkur ár en svo fjarði það út smám saman næstu árin. Samgöngusafnið var opnað formlega árið 2002 (Sverrir Magnússon munnleg heimild, 25. júní 2012).

Upphafleg hugmynd breyttist síðan frá samgönguminjasafni yfir í samskiptasafn að einhverju leyti og eru innan safnsins í dag tæki bæði frá Pósti og síma, Vegagerðinni, Rafmagnsveitum ríkisins og Landsbjörgu. Eru þessi fyrirtæki og félagá-

samtök hvort tveggja samstarfs- og styrktaraðilar safnsins. Þessi fyrirtæki áttu öll sín einkasöfn sem Byggðasafnið í Skógum tók til varðveislu. Upphafi bílaaldar eru einnig gerð skil innan veggja safnsins og koma bílarnir að mestu frá Þjóðminjasafni Íslands. Enn fremur eru í samgöngusafninu munir frá byggðasafninu sjálfu í því fimmtán hundruð fermetra húsnæði sem samgöngusafnið er í. Munirnir í samgöngusafninu eru bæði frá 19. og 20. öld og nýjustu munirnir frá árinu 2010. Í samgöngusafninu er einnig matsölustaður. Fyrstu árin gekk nokkuð vel að fá styrktaraðila til þess að taka þátt í rekstri Byggðasafnsins en eftir fjármálahrunið 2008 hefur dregið úr möguleikum til slíks. Safnið er því rekið fyrir aðgangseyri með góðum árangri og skilar rekstrarafgangi ár hvert. Áætlaður gestaföldi fyrir árið 2012 eru rúmlega fimmtíu þúsund gestir. Tuttugu manns eru á launaskrá á sumrin en 8–9 á veturna og aðgangseyrir safnsins nær að greiða þeim laun ásamt kostnaði við rekstur og húsbyggingar á safnasvæðinu (Sverrir Magnússon munnleg heimild, 25. júní 2012). Árið 2009 var hafist handa við að byggja stóra safngeymslu fyrir safnið sem stendur austan við samgönguminjasafnsbygginguna og er þeim framkvæmdum að mestu lokið (Skógasafn Ársskýrsla, 2013).

### Safnið í heild og einstakir munir

Byggðasafnið í Skógum er stærsta byggðasafn landsins. Einungis Þjóðminjasafn Íslands er stærra en safnið í Skógum. Gripir safnsins hafa komið víða að. Flestir sem gjafir frá bændasamfélaginu en sumum þeirra hefur Þórður falast eftir í safnið. Enn aðra hefur safnið eignast vegna þess hve Þórður les vel landslagið í kringum sig og hefur þannig margsinnis fundið gripi í tóftum og bæjarrústum sem annars hefðu glatast fyrir fullt og allt (Sveinn Runólfsson munnleg heimild, 2. október 2012). Í byggðasafninu eru skráðir í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp rúmlega tólf þúsund munir og í samgöngusafninu eru skráðir einir sex þúsund munir. Eitthvað er ennþá óskráð, á að giska um tvö þúsund og fyrir liggur að skrá þá alla á næstu misserum og taka myndir af öllum þeim munum sem safnið á.

Eins og þegar hefur komið fram er heildarföldi gripa safnsins í Skógum óðfluga að nálgast annað tugþúsundið. Það væri því nánast ógerlegt að reyna í stuttu máli er að gera þeim öllum einhver skil. Þó verður að nefna nokkra einstaka muni sem vekja mikla athygli safngesta og eru sömuleiðis í nokkru uppáhaldi hjá Þórði Tómassyni sjálfum. Fyrst ber þar að nefna áttæringinn Pétursey. Hann var hvað þekktastur af áraskipum suðurstrandar á nítjándu öld og framundir aldamótin á þeirri tuttugustu. Skipið kom í Skóga árið 1952 og var gjöf Jóns Halldórssonar, kaupmanns í Vík, til safnsins og var þá skipið tæplega hundrað ára gamalt. Tveimur árum eftir komu þess að Skógum var byggt yfir skipið sem hefur síðan verið í aðalbyggingu byggðasafnsins eftir að það var endurbætt að nokkru og



Mynd 25

lagað eftir komuna til safnsins af þeim Árna Gíslasyni og Bjarna Bogasyni úr Vík og Sigurjóni Magnússyni frá Hvammi undir Eyjafjöllum. Skipið var happasley og segir meðal annars í bók Þórðar, Sjósókn og sjávarfangi, sem rekur sögu skipsins, að á meðan það aðeins laskaðist í roki árið 1910 í Vík þá brotnaði skip af sömu stærð, Stóri–Farsæll, í spón á sama tíma. Pétursey var þá lagfærð og síðar smíðuð upp að nýju. Skipið er án efa einn þeirra safngripa sem hvað mesta sögu eiga og má því segja að það standi vel undir því að vera kallað einn merkasti gripur safnsins (Þórður Tómasson, 1993).

Næsti safngripur sem rétt er að nefna er hringurinn úr Þrasakistu. Hægt er að finna útgáfu af sögu hans í þjóðsögum Jóns Árnasonar en við látum útgáfu Þórðar Tómassonar fylgja gripnum hér. Þrasi nokkur, landnámsmaður í Skógum gróf gullkistu sína bak við Skógafoss. Einhverjum öldum seinna dreymir ófríska konu að Þrasi komi og segi henni að ef hún nefni væntanlegt sveinbarn eftir sér og fæði drenginn á kaplamjól og dilkakjöti þar til hann yrði tólf ára, þá fengi strákurinn gullkistuna að launum. Konan

var hins vegar áfjád í gullið og fóru þau mæðgin of snemma að sækja það. Þegar þau komu að fossinum stóð kistuendinn út undan fossinum og hringurinn þar fremstur en hann gekk af og kistan hvarf þegar í hann var togað. Hringurinn var svo notaður á kirkjuhurðina í Skógum til 1890 en var svo fluttur að Eyvindarhólakirkju því kirkjan í Skógum lagðist af það ár. Hringurinn, sem er veglegur koparhringur, er nú varðveittur í safninu í Skógum og er einkennismerki safnsins. Þórður telur hringinn vera frá sautjándu öld (Þorberg Ólafsson, 2009).

### Lokaorð

Hvernig sem á það er litið þá er það samfélagslega og opinberlega viðurkennt að kjarni menningararfs þeirra byggðasvæða sem Þórður Tómasson hefur hvað mest unnið í er að verulegu leyti varðveittur á einum stað, undir fjöllum við suðurstrendur Íslands sem í daglegu tali eru kennd við eyjar Vestmanna, Eyjafjöllin. Að sögn Sverris Magnússonar, framkvæmdastjóra safnsins, sér safnstjórnin fyrir sér

safnið í Skógum sem einn af hornsteinum samfélagsins í því fjölmenningsamfélagi sem móttast á hverjum degi með aukinni hnattvæðingu. Safnið er í raun og veru afturhvarf til fortíðar þar sem menningarsamfélag sem áður lifði blómstrandi lífi miðað við þeirra tíma aðstæður hvarf í fang vélvæðingar og nútíma. Sverrir telur dæmigert fyrir Þórð að gæta smáatriðanna, það er hugsanlega einmitt það sem gerir markhóp safnsins svona breiðan, en í safninu er eitthvað að finna fyrir alla (Sverrir Magnússon munnleg heimild, 25. júní 2012). Sverrir telur góða möguleika á því að safnið stækki í framtíðinni enda sé stofnunin sjálfbær og standi undir sér án nokkurrar utanaðkomandi aðstoðar. Sú stækkun gæti til dæmis verið í formi endurbóta og stækkunar á húsnæði og sömuleiðis möguleg fjölgun fræðimanna til rannsókná á svæðinu, munum og skjölum í safninu. Eins og kom fram hér að framan hefur safnið ætíð haft mikið sjálfstæði í fjármálum, en safnið hefur á síðustu árum sýnt sterka fjárhagslega stöðu vegna mikils gestafjölda, bæði innlendra og erlendra ferðamanna og þar með skapað sér ákveðna sérstöðu (Kristján Már Unnarsson, 2014). Miðað við að ferðamannastraumur haldi áfram að aukast til landsins er framtíð safnsins björt.

### Heimildaskrá

Guðni Einarsson og Ragnar Axelsson. (2001, 17. júní). Starf sem aldrei nemur staðar. *Morgunblaðið*, bls. 10–11.

Gunnell, T. (2007). Íslenskir þjóðhættir í alþjóðlegu samhengi. Í Rósa Þorsteinsdóttir (ritstjóri), *Sú þrá að þekkjja og nema: greinar um og eftir séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili* (bls. 24–37). Reykjavík: Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn.

Háskóli Íslands. (2015). Heiðursdoktorar. Sótt 9. september 2012 af <http://www.hi.is/adalvefur/heidursdoktorar>.

Jón R Hjálmarsson. (2002). Tímaritið Goðasteinn í Skógum. *Goðasteinn, tímarit um menningarmál*, 38(1), bls. 170–173.

Kristján Már Unnarsson. (2014). Byggðasafnið græðir á fjölgun ferðamanna. Sótt 20. apríl 2015 af: <http://www.visir.is/byggdasafnid-graedir-a-fjolgung-ferdamanna/article/2014140429922>.

*Lög um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn nr. 8/1947.*

Mappa í anddyri Barnaskólans frá Litla-Hvammi, nú staðsett í Skógasafni. Hefur að geyma upplýsingar um húsið, kennara og nemendur. (e.d.). Óútgefn gögn.

Rangárþing eystra. (2003). Sótt 29. ágúst 2012 af <http://hvolsvollur.is/library/Files/Skipulag/AS-Skipulagstillaga%202003-2015%20bls.%201-87.pdf>.

Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands. (1962). Þjóðminjasafn Íslands. BB7/1. Stutt greinargerð um byggðasöfn eftir Kristján Eldjárn.

Skógasafn. (2012). Sótt 29. ágúst 2012 af <http://www.skogafn.is/>.

*Skógasafn Ársskýrsla*, 2013.

Þorberg Ólafsson. (2009). *Lifandi safn í leiðsögn safnvarðar: afmælisútgáfa í tilefni 60 ára afmælis Skógasafns* (kvikmynd). Reykjavík: +FILM.

Þórður Tómasson (2012, nóvember). Einkaskjöl handskrifuð frá Byggðasafninu á Skógum. Óútgefið efni.

Þórður Tómasson. (1964, a). Ágrip af byggðarsögu Skóga. *Goðasteinn, tímarit um menningarmál*, 3(2), bls. 38–59.

Þórður Tómasson. (1993). *Sjósókn og sjávarfang, barátta við brimsanda*. Reykjavík: Bókauitgáfan Örn og Orlygur.

Þórður Tómasson. (e.d., a). Einkaskjöl er varða byggingar í Byggðasafninu í Skógum frá árunum 2007–2012. Óútgefn gögn.

Þórður Tómasson. (e.d., b). Einkaskjöl handskrifuð frá Byggðasafninu á Skógum. Óútgefn gögn.

Þórður Tómasson. (e.d., c). Einkaskjöl á tölvutæku formi frá Byggðasafninu á Skógum. Óútgefn gögn.

Þórður Tómasson. (e.d., d). Einkaskjöl vélrituð frá Byggðasafninu á Skógum. Óútgefn gögn.



## Sagnheimar, byggðasafn Vestmannaeyja Helga Hallbergsdóttir

Saga byggðasafns Vestmannaeyja frá stofnun þess árið 1932 og allt fram til ársins 1978 má segja að sé samofin ævi Þorsteins Þ. Víglundssonar (1899–1984), frumkvöðuls og aðaldrifjaðrar safnsins. Það er því ekki úr vegi að hefja sögu byggðasafnsins á því að kynna einstaklinginn sem í tæpa hálfu öld barðist fyrir stofnun og tilveru safnsins – lengst af andspænis áhugaleysi, jafnvel andúð, yfirvalda. Þorsteinn var Austfirðingur að ætt og uppruna en flutti til Vestmannaeyja 1927 er hann tók við skólastjórn Unglingaskóla Vestmannaeyja (síðar Gagnfræðaskóli Vestmannaeyja), sem hann gegndi til ársins 1963. Þorsteinn var mikilvirkur í öllu bæjarlífi Vestmannaeyja, einkum menningarmálum og verkalyðsmálum. Hann var einn af stofnendum Sparisjóðs Vestmannaeyja (1942), sparisjóðsstjóri þar (1942–1974), ritstjóri og útgefandi ársritsins Bliks, og samdi norsk–íslenska orðabók, svo stiklað sé á því helsta. Þorsteinn hafði mjög ákveðnar skoðanir á mönnum og málefnum og lét sig í raun allt varða sem hann taldi bæjarfélaginu til framdráttar.

Þorsteinn var búfræðingur frá Hvanneyri, stundaði síðan nám í lýðháskóla og menntaskóla í Noregi (1921–1923) áður en hann lauk námi við Kennaraskóla Íslands 1927. Varðveisla menningarverðmæta var Þorsteini ávallt ofarlega í huga og hafði hann einstakt lag á að vekja áhuga nemenda sinna og virkja þá til að aðstoða sig við að safna ýmsum munum og bjarga þeim þannig frá glötun. Safnhugmyndir sínar sótti hann til

norskra byggðasafna sem hann kynntist á námsárum sínum þar.

Heimilda um byggðasafn Vestmannaeyja er helst að leita í merku menningarriti Vestmannaeyinga, Bliki. Greinarnar endurspegluðu vel áhugamál ritstjórans og fjölluðu um sögu, merka atburði og einstaklinga, einkum úr Eyjum, atvinnumál ýmiss konar og safnamál. Myndir birtust reglulega af munum byggðasafnsins ásamt munaskrá. Í Eyjaskinnu, riti Sögufélags Vestmannaeyja 1983, sem kalla má sjálfstætt framhald Bliks, er skrá yfir myndir og málverk byggðasafns Vestmannaeyja með stuttum sögulegum skýringum (Skrá yfir myndir og málverk, 1983). Fleiri gagnlegar heimildir felast einnig í ársskýrslum safnstjóra, fundargerðabókum, dagbókum og ýmsum úttektum sérfræðinga á stöðu safnsins ásamt greinaskrifum í bæjarblöðin.

### „Að fortíð skal hyggja“ – fyrsti vísir byggðasafns 1932

Á fyrstu söfnunarárum Þorsteins, um og upp úr 1932, voru íbúar Vestmannaeyja um 3.700 talsins en auk þess sótti mikill fjöldi vertíðarfólks af Suðurlandinu til Eyja þaðan sem gerðir voru út um 100 fiskibátar. Heimskreppan var skollin á og með henni mikið verðfall á helstu útflutningsafurð okkar Íslendinga, þurrkuðum saltfiski. Miklar og róttækar breytingar voru því fram undan í atvinnumálum í Eyjum og Þorsteinn gerði



Mynd 26

05

sér ljóst að mikil hætta væri á að menningarverðmæti glötuðust ef ekkert væri að gert.

Í formála við minjaskrá byggðasafns Vestmannaeyja birti Þorsteinn brot úr einu erindi Aldamótaljóðs Einars Benediktssonar en segja má að hann hafi gert eftirfarandi vísuorð að einkunnarorðum safnsins: „Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja, / án fræðslu þess liðna sést ei, hvað er nýtt“ Hann lagði ávallt mikla áherslu á menningarhlutverk safna og taldi söfn markverðar menningarstofnanir. Í söfnin mætti sækja haldgóða fræðslu um liðna tíð og auka þannig skilning á lífsbaráttu og sögu þjóðarinnar. Líkt og Einar Benediktsson taldi Þorsteinn mikilvægast að efla sambandsþráðinn milli fortíðar, nútíðar og framtíðar, það yrði mesta gæfa fyrir fólk og menningu þess (Þorsteinn Þ. Viglundsson, 1972).

Þorsteinn þurfti að biða nokkuð eftir formlegri stofnun byggðasafns Vestmannaeyja. Sjálfur miðaði hann stofnun safnsins ávallt við móttöku fyrsta safngripsins sem nemandi hans færði honum vorið 1932. Í minjaskrá Þorsteins segir:

„1271. Púðurhorn. Þetta púðurhorn er fyrsti hluturinn, sem Byggðarsafnið eignaðist. Það var vorið 1932. Hornið er gjört úr nautshorni en er ekki alveg fullsmíðað. Nemandi minn gaf mér þetta púðurhorn“ (Þorsteinn Þ. Viglundsson, 1976, bls. 186).

Árið 1939 skrifar Þorsteinn grein í Framsóknarblaðið og bendir á að framfarir séu óvíða á landinu eins miklar og í Vestmannaeyjum. Mörg áhöld fyrri tíma séu nú horfin, týnd og að mestu gleymd og harla lítið sé gert til að skrá sögu þeirra. Hann óttast einnig að fundargerðabækur, skjöl og skilríki, sem hann flokkar sem „mikilvæg sönnunargögn um félagslíf og félagsþróun, framkvæmdahug og skapandi hugsun Eyjabúa“ glatist sé þeim ekki komið í góðar geymslur. Þorsteinn kveðst hafa boðið bæjarstjórn að annast þessa söfnun endurgjaldslaust gegn því að fá öruggan geymslustað undir munina en erindið hefði ekki verið virt svars. Í grein sinni skorar Þorsteinn á bæjarstjórn að hefjast nú þegar handa við undirbúning byggðasafns á meðan enn séu til fróðir menn sem geti gefið leiðbeiningar um notkun og gerð gamalla áhald. Þar skuli einnig geymdar sögulegar, skriflegar heimildir, svo og skýrslur, fundargerðabækur og önnur skjöl (Þorsteinn Þ. Viglundsson, 1939).

Premur árum síðar eða 1942, skrifar Þorsteinn enn í Framsóknarblaðið og sem fyrr hefur hann verulegar áhyggjur af því að allt sé látið tapast og gleymast og lítið gert til að minna uppvaxandi og komandi kynslóðir á þær „dádír sem hér hafi verið drýgðar um aldaradír“. Hann bendir á að ekkert hafi enn gerst í byggðasafnmálum Eyjamanna nema hvað bæjarfógetinn [þ.e. Sigfús M. Johnsen] hafi hreyft málinu í þjóðhátíðarræðu sinni. Hann skorar enn og

aftur á bæjarstjórn að hefjast handa og grípur til orða norska skáldsins Henriks Ibsens sér til halds: „Þér fyrirgefst að orka eigi, en aldrei hitt, að þú ei vilt.“ Viða um land hafi komist til tals að stofna byggðasöfn og nú hafi Skagfirðingar ákveðið að opna byggðasafn. Greinina endar hann með spurningunni: „Hvers vegna ekki að hefjast nú þegar handa í Eyjum?“ (Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1942, bls. 2–3).

Vígfús Ólafsson kennari skrifar í Viði 14. mars 1945 og telur að nú á tímum gulls og gróða sé rétt að minnast hinna gömlu tíma. Hann bendir á að með stofnun hins íslenska lýðveldis hafi aukist áhugi fyrir sögu landsins og varðveislunni gamalla verðmæta úr menningar- og atvinnusögu þjóðarinnar og nú þegar hafi nokkur byggðarlög hugsað til stofnunar byggðasafna. Húsnæði fyrir slíkt safn sér Vígfús helst fyrir sér í óbyggðri samskólabýggingu sem hýsi gagnfræða-, húsmæðra- og sjómannaskóla (Vígfús Ólafsson, 1945, bls. 1–3).

### Byggðasafnsnefnd stofnuð 1952

Framsóknarblaðið segir frá því 19. júní 1952 að bæjarstjórn hafi samþykkt að kjósa þriggja manna nefnd til að vinna að stofnun byggðasafns í Vestmannaeyjum. Jafnframt er þess óskað að Vestmannaeyingafélagið Heimaklettur tilnefni tvo menn að auki til samstarfs við nefndina („Bæjarfréttir“, 1952, bls. 4). Vestmannaeyingafélagið Heimaklettur var stofnað í október 1949 og tók í raun upp byggðasafnshugsjónina í stefnuskrá sinni en þar segir m.a. „að efla og viðhalda kynningu milli Vestmannaeyinga nær og fjær, að varðveita sögulegar minjar Vestmannaeyja, sagnir um einstaka menn og atburði, staðarlýsingar og örnefna“ (Árni Árnason, e.d.).

Við þessar fréttir lyftist brúin á baráttumanninum Þorsteini, sem lýsir jafnframt yfir mikilli ánægju með áform Heimakletts um gerð kvikmyndar um líf og störf manna í Eyjum. Nokkrar áhyggjur hefur hann af fjármögnun myndarinnar en telur þó „að almenningur í Eyjum hafi jafnan verið ósinkur á fé til framtaks, líknar, öryggis og fræðslu“ og bætir síðan við að svo sé alla vega „þegar hann hafi öðlast skilning á nauðsyn þess“. Hvetur hann bæjarbúa til að taka höndum saman og leggja til frá heimilum sínum og atvinnulífi gamla muni í safnið. Þar verði þeir skráðir ásamt viðeigandi skýringum (Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1952, bls. 1).

Í byggðasafnsnefnd voru kosnir fimm menn, þ.e. af bæjarstjórn þeir Oddgeir Kristjánsson, lúðrasveitarstjóri og tónskáld, Guðjón Scheving málaramestari og Þorsteinn Þ. Víglundsson en Árni Árnason símritari frá Grund og Eyjólfur Gíslason skipstjóri frá Búastöðum af Vestmannaeyingafélaginu Heimakletti. Stofnfundurinn var haldinn 9. nóvember 1952 í Goðasteini, heimili Þorsteins, en þar voru flestir fundir nefndarinnar haldnir. Nefndin skipti með sér verkum. Þorsteinn var kosinn formaður

nefndarinnar, Eyjólfur og Guðjón í forystu söfnunar muna en Þorsteinn og Árni áttu að sjá um skráninguna (Byggðasafnsnefnd, 1952–1970).

Eftirfarandi ávarp byggðasafnsnefndar birtist síðan í Framsóknarblaðinu 26. nóvember 1952:

„Bæjarstjórn kaupstaðarins og Vestmannaeyinga-félagið Heimaklettur hafa kjörið okkur undirritaða til þess að annast stofnun byggðasafns í kaupstaðnum. Við vitum, að öllum bæjarbúum er það ljóst, að byggðasafn hér getur sem annars staðar orðið ómissandi fræðslu- og menningarstofnun, sem veitir m.a. fræðslu um atvinnulífið í Eyjum frá liðnum tímum og margt annað frá starfi feðra og mæðra og forfeðra. Vísir að byggðasafni hér er þegar myndaður. Nú er það einlæg ósk okkar, að Eyjabúar vilji vinna með okkur að vexti og viðgangi byggðasafnsins með því að afhenda okkur muni í það. Hver einasti hlutur eða áhald, hverju nafni sem nefnist, frá atvinnulífinu, frá heimilislífinu, frá menningarlífi Eyjabúa er sjálfsgættur á byggðasafnið. Við getum naumast vænst þess að allir munir sem sjálfsgættir eru á byggðasafni fái stöð á alls endurgjalds. En við viljum biðja alla eyjabúa að stuðla að því, að við fáum vitneskju um gamla muni í fórum þeirra og safninu sé gefinn kostur á þeim fyrir eitthvað endurgjald eftir samkomulagi. Minnumst þess að byggðasafnið getur orðið bezta minning feðranna og mæðranna og drygsta frumhvöt niðjanna til dugss og dáða“ (Ávarp frá byggðasafnsnefnd, 1952, bls. 2).

Undir þetta bréf skrifa þeir fimm aðilar sem skipuðu byggðasafnsnefndina.

Síðasta færsla í fundargerðabók byggðasafnsnefndar er árið 1970, án dagsetningar. Þar kvartar Þorsteinn undan því að tveir í nefndinni séu dánir, aðrir tveir nenni þessu ekki lengur og hann sé því í raun einn eftir (Byggðasafnsnefnd, 1952–1970).

### Byggða- og náttúrugripasafn, eitt eða tvö söfn?

Í upphafi er safnið nokkuð hefðbundið byggðasafn en einnig varð fljótlega til stofn að náttúrugripasafni, sem var að mestu ávöxtur fræðslu- og tómstundastarfs Þorsteins og áhugasamra nemenda hans í Gagnfræðaskólanum. Félagsskapurinn, sem kallaður var „skeljaklúbburinn“, safnaði skeljum, kuðungum og ýmsum lindýrategundum við Eyjar undir leiðsögn Ingimars Óskarssonar náttúrufræðings og studdist við bók hans um Skeldýrafána Íslands I (1952). Um leið og Þorsteinn þakkar Ingimar fyrir ómetanlega hjálp og fræðslu við starf hans og nemenda Gagnfræðaskólans bendir hann á mikilvægi samstarfsins fyrir alla aðila. Með stolti telur Þorsteinn ljóst að höfundur bókarinnar viti nú ýmislegt meira um skeljar við Eyjarnar og þá auknu fræðslu megi jafnvel rekja til samstarfs og

rannsóknna skeljaklúbbs Gagnfræðaskólans (Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1965, bls. 218–219).

Nokkurs titrings gætir á forsiðu Framsóknarblaðsins 10. júní 1964. Á bæjarstjórnarfundum þann 5. júní hafði Guðlaugur Gíslason bæjarstjóri fyrir hönd meirihluta bæjarstjórnar borið fram tillögu til samþykktar um að koma skuli upp vísi að náttúrugripasafni. Safninu skyldi valinn staður ásamt byggðasafninu í efri hæð í húsi bæjarins að Heiðarvegi 12 og skuli Friðrik Jesson kennari veita því forstöðu. Jafnframt var tilkynnt um 500 þúsund króna fjárframlag í fjárhagsáætlun bæjarins til safnsins. Greinarköfundur er verulega misboðið. Telur hann engu líkara en að bæjarstjórnarmenn sé ekki kunnugt um að vísir að slíku náttúrugripasafni sé þegar til staðar. Ekki hafi heldur verið haft nokkurt samráð við byggðasafnsnefnd. Það sé eingöngu fyrir ómetanleg störf nefndarinnar og samstarfs við bæjarbúa og sjómenn að þetta menningarmál hafi náð því stigi að íhaldsmeirihlutinn hafi ekki talið sig geta sofði lengur á verðinum. Bæjarbúar hafi verið viljugir að leggja fram fjármagn í frjálsum samskotum og þar hafi útgerðarmenn einnig verið drjúgir. Í lok greinar segir höfundur að Guðlaugur hafi í lok fundar viðurkennt „að hann vissi, að eitthvað hafði verið gert í sambandi við náttúrugripasafnið“. Ekki hafi þó fallið eitt einasta viðurkenningarorð um þá miklu vinnu sem þar hefði verið unnin af hugsjónarmönnum í þágu bæjarfélagsins án alls endurgjalds (Frá bæjarstjórn, 1964, bls. 1).

Guðlaugur Gíslason bæjarstjóri svarar síðan rökri viku síðar, 19. júní, í Fylki, mál gagni sjálfstæðismanna. Telur hann rétt að náttúrugripasafnið og byggðasafnið verði í sama húsi, húsnæði bæjarins við Heiðarveg, enda sé mjög eðlilegt og hagkvæmt að hafa söfnin undir sama þaki. Hér sé þó um tvö mál að ræða, annars vegar byggðasafnsnefnd með því starfi sem henni var upphaflega ætlað og hins vegar stofnun náttúrugripasafns og safns lifandi fiski, sem yrði þá fyrsta safn sinnar tegundar hér á landi. Safn þetta skuli heyra beint undir bæjarráð en ekki byggðasafnsnefnd (Guðlaugur Gíslason, 1964, bls. 2).

Þorsteinn skrifar Guðlaugi bæjarstjóra mjög hardort opið bréf í Framsóknarblaðinu fimm dögum síðar. Hann telur sig hafa haft loford fyrir því að húsnæðið við Heiðarveg myndi hýsa bókasafn ásamt byggða- og náttúrugripasafni því sem verið hafði undir forsjá byggðasafnsnefndar. Telur hann nú allar forsendur brostnar, byggðasafnið sé orðið réttindalaust og verði aldrei staðsett í þessari „hosiló“ bæjarstjórnans eins og hann orðaði það (Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1964, bls. 2–3).

Niðurstaða þessara deilna varð sú að fiska- og náttúrugripasafn með lifandi fiskum var sett upp í húsnæði bæjarins að Heiðarvegi 12 en byggða- og náttúrugripasafn Þorsteins fór þar aldrei inn.

Í maímánuði 1968 var sett upp sýningin

„Íslendingar og hafid“ í Laugardalshöllinni í Reykjavík. Byggðasafn Vestmannaeyja var beðið um að lána 70 tegundir uppsettra fiska ásamt skelja- og kuðungasafni safnsins. Þorsteinn telur að munirnir frá byggðasafninu hafi vakið óskipta athygli sýningargesta og verið bæjarfélaginu til sóma (Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1976, bls. 198–199).

### Ljósmyndasafn verður til

Árið 1950 gáfu erfingjar Kjartans Guðmundssonar ljósmyndara Vestmannaeyjakaupstað allt glermyndaplötusafn hans. Kjartan hafði verið ljósmyndari í Eyjum í áratugi og auk þess tekið mikið af mannamyndum á Suðurlandi. Plötusafn þetta var nú fært byggðasafninu til varðveislu og varð þar með fyrsti vísir að ljósmyndasafni Vestmannaeyja.

Mönnum varð fljótt ljóst að glerplötur Kjartans öðludust ekki fullt gildi nema að þær væru stað- og nafnfærðar, skráðar og gerðar aðgengilegar almenningi. Eitt af hlutverkum byggðasafnsnefndarinnar var að aðstoða við skráningu og skýringar á myndplötusafninu. Nefndin réð síðan Hörð Sigurgeirsson ljósmyndara til að gera ákveðinn fjölda myndalappa af glerplötunum á hverju ári. Hörður vann að þessu verkefni á árunum 1953–1964 og fékk greitt úr bæjarsjóði. Þeir Þorsteinn, Árni Arnason og Eyjólfur Gíslason kepptust síðan við að bera kennsl á myndefnið með aðstoð Eyjamanna og fólks sem alist hafði upp á Suðurlandi. Einnig voru settar upp myndir á vorsýningum Gagnfræðaskólans og kallað eftir hjálp almennings. Mikill áhugi var á þessum sýningum.

Í Bliki 1967 telur Þorsteinn að 13–14 þúsund myndir séu nú skýrðar og þar af séu um tvö þúsund komnar í spjaldskrá. Árið 1966 áskotnast byggðasafninu síðan 3.000–4.000 mannlífs- og atvinnulífsmyndir úr safni Jóhanns Þorsteinssonar, svo að skýringar- og skráningarstarfi var hvergi nærri lokið (Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1967). Ljósmyndasafn Vestmannaeyja tilheyrði byggðasafninu þar til árið 2011 að það var gert að sjálfstæðri einingu í Safnahúsi Vestmannaeyja og lýtur þar umsjón forstöðumanns Safnahúss.

### Byggðasafn opnað almenningi 1964 – draumurinn um safnahús

Fyrstu geymslustaðir muna byggðasafns voru á heimili Þorsteins. Með tilkomu nýs Gagnfræðaskóla 1954 voru munirnir færðir á geymsluloft hans og gjörbreyttist þá öll aðstaða. Nú var einnig hægt að setja upp sýningar á munum safnsins á göngum skólans og í skólastofum. Umræða um sameiginlegt safnahús sem hýst gæti lykilsöfn bæjarins, þ.e. bókasafn, byggðasafn og náttúrugripasafn hafði lengi verið lifseig án þess að lausn myndist. Í skrifum manna er ýmist talað um „safnhús“ eða „safnahús“. Núverandi húsnæði heitir Safnahús Vestmannaeyja og því valinn rithátturinn „safnahús“ í samantekt þessari nema beint sé vitnað í texta annarra.





Mynd 27

Tímamót urðu í húsnæðismálum byggðasafnsins árið 1964 en þá fékk safnið afnot af um 100 fm óinnréttuðu rými á þriðju hæð í húsi Sparisjóðsins. Eftir að Þorsteinn hafði sjálfur greitt húsaleigu í hálf t ár, samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja loks að leggja byggðasafninu til 100 þús. kr. árlega til greiðslu húsaleigu og til að „gera muni safnhæfa“ og þótti það mikilvæg og kærkomin viðurkenning á menningarlegum verðmætum safnsins (Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1970).

Þorsteinn telur Eyjabúa sýna söfnunarstarfi hans og mikilvægi sögumina Eyjanna fyrir seinni kynslóðir góðan skilning enda segi munirnir „ljósara en allt annað sögu þess fólks, sem hér hefur lifað og starfað undanfarnar tíðir“ (Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1967). Eyjólfur Gíslason, fyrrverandi skipstjóri, vann við að lagfæra og hreinsa munina og gera þá sýningarhæfa. Nú fyrst urðu munir safnsins aðgengilegir og byggðasafnið var opnað almenningi 12. júlí 1964 á auglýstum tímum. Byggðasafnsnefndin lýsti yfir ánægju sinni með hvernig til hafi tekist með sýninguna og viðtökur gesta. Munir safnsins voru reyndar enn geymdir á fjórum stöðum í bænum en nefndin taldi að úr því myndi rætast þegar safnahús myndi loks rísa („Vestmannaeyingar“, 1964). Guðlaugur Gíslason bæjarstjóri telur í október 1964 að bæjarfélagið sé þess vel megnugt að koma upp slíku húsi ef atvinnuástand haldist áfram svipað. Einnig taldi hann að söfnun byggðasafnsins á eldri munum væri að

mestu lokið (Guðlaugur Gíslason, 1964, bls. 4–5).

En Þorsteinn var alls ekki hættur að safna og árið 1967, 35 árum eftir að hann tók við fyrsta muninum, birtist í Bliki eftirfarandi orðsending frá byggðasafni Vestmannaeyja:

„Vestmannaeyingar! Í engu skulum við vera eftirbátar annarra byggðarlaga. Gefið byggðasafninu kost á að eignast gamla muni, hverju nafni sem nefnast úr eigu yðar, og lánið því gamlar myndir úr Eyjum. Listrænar munir eru sérstaklega eftirsóknarverðir, – svo og þeir sem lúta að atvinnulífínu. Minnumst þess, að minning feðranna er framhvöt niðjanna. Gefið Byggðasafninu það, sem vantar í Vestmannaeyjablöðin. Byggðasafn Vestmannaeyja“ (Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1967, bls. 345).

Þorsteinn lítur um öxl á þessum tímamótum og minnst þess þegar byggðasafnið var enn bara hugsjón og draumsýn. Hann virðist nokkuð sáttur við hvað safnast hefur bæði í menningarlegu tilliti sem og hvað varðar sögu atvinnulífs Eyjamanna (Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1967). Í viðtali við Morgunblað 28. janúar 1968 leggur Þorsteinn sem fyrr áherslu á sérstöðu byggðasafnsins og telur að fullkomið safnahús sé aðkallandi í Vestmannaeyjum. Hann telur að nú séu á annað þúsund munir skráðir en bendir á að enn sé stór hluti



Mynd 28–29

safnsins óskráður (Árni Johnsen, 1968, bls. 23–24). Í Bliki má víða finna lista yfir gjafafé almennings og fyrirtækja til safnsins og ljóst er að Þorsteinn hefur einnig verið drjúgur við þá söfnun.

### Ragnar Ásgeirsson skoðar safnið 1965 og veitir ráðgjöf

Ragnar Ásgeirsson (1895–1973) var ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Íslands og ferðaðist víða um landið vegna starfa sinna. Í starfssamningi hans frá árinu 1944 er honum m.a. falið að glæða áhuga almennings og forða frá gleymsku ýmsu því, er snertir þjóðlega menningu landsins. Árið 1956 óskar stjórn Búnaðarfélagsins eftir því að Ragnar helgi sig fyrst og fremst málefnum byggðasafnanna og öðrum menningarsögulegum verðmætum (Guðmundur

Jósafatsson, 1973). Ragnar skrifar bæjarstjórn Vestmannaeyja ítarlegt bréf í kjölfar heimsóknar til Þorsteins á byggðasafnið árið 1965. Gleðst hann mjög yfir að safnmunir séu komnir í betra húsnæði en bendir jafnframt á að frekar megi tala um geymslustað en safnahús. Þrengslin séu þegar orðin of mikil og megi því glögglega sjá góðan árangur söfnunarstarfsins. Ragnar bendir á sérstöðu byggðasafns í Eyjum, þar sem atvinnu- og lífnaðarhættir séu frábrugðnir því sem algengast er uppi á landi. Þó að frásagnir greindra og fróðra manna séu varðveittar, þá séu munirnir frumheimildir. Heimsókn sína á safnið tekur hann saman þessum orðum:

„Þegar komið er inn í Byggðarsafn Vestmannaeyja, þar sem það nú er geymt í húsi Sparisjóðsins,

verður manni undir eins ljóst, að þar er um fleiri söfn eða deildir að ræða. Fyrst nefni ég Þjóðminjadeild, allt sem viðkemur heimilishaldi og landbúnaði Eyjaskeggja. Þá er sjóminjadeildin, allt tilheyrandi fiskveiðunum. Því næst er náttúrufræðideild, fuglar og fiskar og steinar. Ennfremur mikið og merkilegt safn skelja. Þar að auki eru þar skápar fullir af verzlunarbókum, sem ná yfir talsvert á aðra öld, sem hafa að geyma feikna fróðleik um verzlun og viðskipti íbúa Eyjanna og bænda úr næstu sýslum, sem lengi verzludu þar. Að síðustu vil ég minna á hið mikla safn ljósmynda af fólki í Eyjum og nærsveitum, plötusafn Kjartans heitins Guðmundssonar, víst um 20 þús. talsins“ (Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1967, bls. 297–298).

Þorsteinn gladdist yfir heimsókn Ragnars sem hann taldi hafa verið bæði ánægjulega og gagnlega. Þrengslin á safninu voru vissulega mikil og ítrekaði Þorsteinn mikilvægi þess að eignast safnahús sem hýsa myndi bókasafn, náttúrugripasafn og byggðasafn. Hann taldi að hér væri um mikið meira en metnaðarmál bæjarbúa að ræða. Þeir verði að skilja að þetta sé sálfræðilegt atriði og menningarleg nauðsyn til að auka búsetu og aðstreymi fólks að bænum (Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1978, bls. 250). Hér eins og svo víða í skrifum Þorsteins kemur vel fram metnaður hans og framtíðarsýn fyrir hönd safnanna.

Allnokkur málverk voru í eigu byggðasafns, m.a. verk eftir Engilbert Gíslason (1877–1971) og Kristinn Ástgeirsson (1894–1981). Báðir máluðu þeir myndir sem voru einkennandi fyrir atvinnuhætti, verklag og mannlíf í Eyjum fyrr á öldum. Hvatti Þorsteinn þá til dáða og keypti byggðasafnið nokkur slík verk.

Þegar talað er um listasafn Vestmannaeyja er jafnan miðað við kaup bæjarins á 34 Kjarvalsmálverkum úr eigu hjónanna Sigfúsar M. Johnsens fyrrverandi bæjarfógeta, og konu hans, Jarþrúðar P. Johnsen árið 1967. Safnið var að mestu í vörslu byggðasafnsins og Þorsteins. Kjarvalsmyndir listasafns Vestmannaeyja er enn stærsta safn Kjarvalsmynda utan Reykjavíkur. Listasafnið heyrði undir byggðasafnið til ársins 2008 er það varð sjálfstæð eining og heyrir nú undir forstöðumann Safnahúss.

### Gos á Heimaey 1973 – söfn á flóttu

Ein mesta ógnin sem stafað hefur að byggðasafni Vestmannaeyja er án efa eldgosið sem hófst 23. janúar 1973 og stóð fram í byrjun júlí sama ár. Þorsteinn varð að yfirgefa heimili sitt eins og aðrir Eyjabúar. Aðeins fjórum dögum síðar hélt hann aftur til Eyja ásamt sex manna vaskri sveit sona og skyldmenna til að bjarga munum byggðasafns úr hættuástandinu. Unnið var nótt með degi að búa um muni safnsins til flutnings. Að kvöldi 28. janúar voru sendir fjórir fullir gámar af munum með Dettifossi til Reykjavíkur. Þar tók

Þór Magnússon Þjóðminjavörður og starfsfólk hans við þessum menningar- og sögulegu verðmætum Vestmannaeyinga og komu þeim fyrir í sérútbúinni geymslu, svonefndri Vestmannaeyjageymslu. Listaverk bæjarins voru að mestu geymd á Kjarvalsstöðum. Ljósmyndaplötusafnið var sótt síðar og var það einnig geymt á Þjóðminjasafninu (Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1973).

Það vottaði ekki fyrir neinni uppjöf hjá Þorsteini þrátt fyrir eldgos og á mynd í Tímanum 16. nóvember 1973 mundar hann glaðbeittur einn grip byggðasafnsins, Tyrkjabyssuna. Tilefnið var „Vestmannaeyjasýningin að Kjarvalsstöðum 1973“, sem hann stóð fyrir í Reykjavík til að afla fjár vegna viðgerða á munum safnsins sem skemmst höfðu í flutningunum. Sýningin samanstóð af 100 málverkum listasafns Vestmannaeyja, þ.á.m. 34 Kjarvalsmyndum ásamt ljósmyndum og nokkrum munum byggðasafns Vestmannaeyja (Vestmannaeyjasýningin, 1973).

### Safnahús rís 1978 – loksins, loksins

Draumur Þorsteins um sérstakt safnahús virtist loks vera að rætast árið 1969 en 15. júní það ár, á 50 ára kaupstaðarafmæli Vestmannaeyjabyggðar, tók hann fyrstu skóflustunguna að byggingu Safnahúss „eftir 30 ára jaml og jag“ eins og hann orðaði það sjálfur. Þorsteinn kvadst vera í sjöunda himni og þakklátur þeim aðilum sem reyndust honum vel í baráttunni „fyrir tilveru og þróun Byggðarsafnsins í Vestmannaeyjum“ svo og Eyjabúum sjálfum sem „ólu með sér hugsjónina“ (Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1978, bls. 222–223). Þegar eldgosið hófst 1973 var Safnahúsið langþráða hálfbyggt en það þurfti meira en eldgos til að stoppa ætlunarverk Þorsteins að koma söfnunum fyrir í varanlegt húsnæði.

Byggðasafn Vestmannaeyja í nýju Safnahúsi var síðan vígt 15. apríl 1978 en bókasafnið hafði flust í húsið nokkru fyrr. Í aðalrými við dyr bókasafnsins er myndarlegur skjöldur sem minnir á að norrænir bankamenn efndu til fjársöfnunar í Heimaeyjargosinu 1973 og vörðu fénu til byggingar hússins.

Þorsteinn, sem nú var orðinn 79 ára gamall, lét hvergi deigan síga og sá um móttöku muna byggðasafnsins sem enn voru allflestir í vörslu Þjóðminjasafnsins og kom þeim fyrir í nýjum húsa- kynnum ásamt listasafninu. Á vígludeginum sæmði bæjarstjórn Þorstein Þ. Víglundsson nafnbótinnir heiðursborgari Vestmannaeyja (Hermann Einarsson, 1978). Við starfi safnstjóra tók Ragnar Óskarsson, sagnfræðingur og kennari, sem unnið hafði með Þorsteini að uppsetningu safnsins í nýju Safnahúsi. Hugur Þorsteins var alla tíð hjá byggðasafninu sem hann hafði svo lengi helgað starfskrafta sína og löngunin til að miðla slokkaði aldrei. Þann 14. maí 1981, þá 81 árs, gekk Þorsteinn um byggðasafnið í fylgd tengdasonar síns, Sigfúsar J. Johnsen kennara, og saman gerðu þeir

heimildamynd þar sem Þorsteinn rakti sögu einstakra gripa og setur í samhengi við söguna. Árið 2012, á 80 ára afmæli safnsins, lét fjölskylda Þorsteins vinna myndina í sýningarhæft ástand og færa byggðasafninu að gjöf. Er hér um ómetanlegar heimildir um safnið að ræða auk gagnabanka sem nýta má til safnakennslu og í heimildavinnu.

### Tími breytinga

Árið 1992 fagnaði byggðasafnið 60 ára afmæli sínu á veglegan hátt í Safnahúsi. Á þessum tímamótum fékk menningarmálanefnd Vestmannaeyjabæjar Ragnhildi Vigfúsdóttur sagn- og safnafræðing til að gera úttekt á safninu og leggja fram tillögur um breyttar áherslur í söfnun og sýningum.

Í skýrslu sinni bendir Ragnhildur á að engin heildarstefna hafi verið mótuð um íslensk minjasöfn. Þau hafi verið stofnuð nánast handahófskennt víða um land og framhaldið síðan oltið meira og minna á úthaldi og þrautseigju brautryðjendanna (Ragnhildur Vigfúsdóttir, 1992). Byggðasafn Vestmannaeyja var óvenjulega lánsamt, því að það naut starfskrafta frumkvöðuls síns, Þorsteins Þ. Víglundssonar, frá 1932–1978 og í raun allt til dánardægurs hans, 3. september 1984. Þrautseigja, úthald, umhyggja og vinnusemi þessa hugsjónamanns er enn mikilvægasti hluti sögu byggðasafns Vestmannaeyja.

Í 7. gr. þjóðminjalaga frá 1989 segir að hverju safni beri að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem teljist einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir hlutaðeigandi byggðarlög. Í greinargerð Ragnhildar frá 1992 telur hún að söfn og safnvísar á landinu séu 54 talsins. Séröfn telur hún nær óþekkt í íslenskum safnaheimi. Hér geti byggðasafnið í Vestmannaeyjum tekið visst frumkvæði í að sýna ákveðna þætti úr sögu eigin byggðar í stað þess að sýna allt eins og tíðkast hafði. Hún bendir jafnframt á mikilvægi þess að endurnýja sýningar með reglulegu millibili til að ná betur til nýrra kynslóða sem geri aðrar kröfur. Tillögur sínar byrjar Ragnhildur með orðunum: „Tími kominn að breyta til...“ Hún tók undir orð Þorsteins á vígsludegi byggðasafns í nýju Safnahúsi 1978 um mikilvægi þess að safnið greindi sem gleggst frá atvinnusögu Eyjabúa, dugnaði þeirra og útsjónarsemi við óblíð náttúruöfl. Vegna nálægðarinnar við náttúruna taldi Þorsteinn þetta byggðasafn öllum öðrum frábrugðið. Ragnhildur leggur til að sérstada safnsins verði eflað með gerð fjögurra sjálfstæðra grunnsýninga þar sem áhersla verði lögð á verstöðina, bjargnytjar, þjóðhátíð og eldgosið á Heimaey. Auk þess verði svigrúm fyrir tímabundnar sýningar. Önnur atriði sem hún telur til brýnustu úrbóta eru: Tiltekt og skipulagning geymslna; markviss söfnun muna; átak í skráningu; gerð skýringartexta við sýningar; aðskilnað listasafns frá byggðasafni; færa bókasýningar á bókasafn; eggja-

og steinasafnið, ásamt uppstoppuðum dýrum fari að mestu á fiska- og náttúrugripasafnið; líkönun verði fækkað: tímabundnar sýningar verði færðar upp utanhúss; hafin ráðning sumarfólks; hugað að gerð safnkennsluverkefna; vinnu við ljósmyndasafnið verði haldið áfram og byggðasafnið gert meira áberandi í bæjarlífinu.

Safnstjórar voru frá opnun safnsins í Safnahúsi 1978 og til ársins 1994 aðeins í hlutastarfi og allt fjármagn var mjög af skornum skammti. Ragnhildur bendir á að endurskipulagning safnsins sé meira en eins manns verk. Ljóst var því að ef af breytingum átti að verða þurfti aðkomu bæjaryfirvalda.

Úttekt Ragnhildar skerpti vel á áherslum þó að e.t.v. hafi ekki verið um neinar byltingarkenndar nýjungar að ræða. Sigmundur Andrésson safnstjóri (1986–1992) hafði gert verulegt átak í geymslumálum sem og við flokkun muna og skráninga á ljósmyndum safnsins. Í Fréttum árið 1987 biðlaði hann til Eyjamanna að kanna fyrst hjá safninu hvort sambærilegir munir séu til áður en komið er með þá á byggðasafnið. Ljóst er að þrengsli voru orðin mikil og hann reyndi að hafa söfnunina markvissari (Byggðasafn Vestmannaeyja, 1987, bls. 10).

Á fundi með safnvörðum í Suðurlandskjördæmi ásamt Þór Magnússyni þjóðminjaverði árið 1991 kom fram sú tillaga að sameina einhver söfn. Sigmundur telur ekki neinn sérstakan vilja til þess, hvert byggðarlag vilji halda í sitt sem von sé (Sigmundur Andrésson, 1991). Lokaorð skýrslu Ragnhildar frá 3. júlí 1992 eru einnig samhljóða þeirri skoðun hans en þar segir:

„Safn má aldrei staðna og sýningar þurfa að vera í stöðugri endurskoðun og endurnýjun. Atvinnu- og lífnaðarhættir hafa í áranna rás verið öðru vísi í Vestmannaeyjum en á fasta landinu. Því hlýtur Byggðarsafn Vestmannaeyja að verða öðru vísi en önnur íslensk minjasöfn“ (Ragnhildur Vigfúsdóttir, 1992).

Í desember 1992 var hafist handa við að setja upp gosminjasýningu undir stjórn Ragnhildar og Jóhanns Friðfinnssonar safnstjóra (1992–1999) sem kölluðu eftir gosmunum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Sérstök gossýning var opnuð á byggðasafninu 23. janúar 1993 er 20 ár voru liðin frá upphafi Heimaeyjargossins. Jóhann réðst ekki frekar í endurskipulagningu grunnsýninga en setti upp nokkrar tímabundnar sýningar. Af skýrslum hans má greinilega merkja að tvennt var honum jafnan efst í huga fyrir safnið. Annars vegar að komið yrði upp sjóminjasafni við höfnina og hins vegar að sett yrði upp sýning á safninu um uppgröft Margrétar Hermanns-Auðardóttur í Herjólfssdal á árunum 1971–1983. Því miður entist honum ekki aldur til að fylgja þessum

góðu hugmyndum sínum eftir.

Árið 2000, á 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi, var enduruppgerð útivistarsvæði á Skansinum í Vestmannaeyjum vígt. Á milli norskrar stafkirkju, gjafar Norðmanna, og gamla virkisins var komið fyrir enduruppbyggða húsinu Landlyst (1847), fyrsta fæðingarheimilinu á Íslandi. Landlyst varð hluti af sýningar­svæði byggðasafnsins. Þar er sögð saga ginklofans í Vestmannaeyjum, einnig er þar vísir að lækningaminjasafni. Landlyst hefur verið rekin sem séreining og er í umsjón Vestmannaeyjabæjar frá árinu 2007.

Byggðasafninu var lokað vegna umbóta á húsnæði Safnahúss frá ágúst­mánuði 1999 fram á vordægur 2001. Hlíf Sigurjónsdóttir mannfræðingur vann átaksverkefni í fjóra mánuði við skráningu muna og tók síðan við stöðu safnstjóra (2000–2007) (Þetta er hugsjónastarf, 1999). Hlíf gerði allnokkrar breytingar. Safninu var nú skipt betur upp, bátur var settur í hróf, beituskúr komið fyrir, heimilishorn sem tengist daglegu lífi fólks síðustu áratugi var sett upp ásamt eldhúsi, tjaldað var Þjóðhátíðartjaldi frá 1947, vísir að sögu bjargnytja- og björgunarsögu var settur upp og gosbás var endurbættur. Í ársskýrslu 2005 telur hún að breytingum á grunnsýningum sé að mestu lokið (Verður ekki metið til fjár, 2001 og Hlíf Sigurjónsdóttir, 2004/2005).

### Draumurinn um stærra safn í nýju menningarhúsi

Í ársbyrjun 1999 birtist viljayfirlýsing ríkisstjórnarinnar og menntamálaráðherra Björns Bjarnasonar um byggingu fimm menningarhúsa á landsbyggðinni í samvinnu og samstarfi við heimamenn og voru Vestmannaeyjar meðal þeirra staða þar sem koma átti upp einu slíku húsi. Menningarhúsum þessum var ætlað að koma í stað gömlu félagsheimilanna að einhverju leyti og breyta aðstöðu til menningar- og listastarfs á landsbyggðinni miðað við breyttar kröfur. Fjármögnunin var tengd sölu ríkiseigna og ýmist rætt um nýbyggingar eða endurnýjun eldra húsnæðis (Menningarhús í hvert umdæmi, 1999).

Ásamt byggðasafni voru bókasafn, héraðsskjalasafn og ljósmynda- og listasafn komin í Safnahús. Miðað við upphaflegar teikningar vantaði enn eina álmu við húsið, sem meðal annars átti að hýsa listasafn bæjarins og geymslur byggðasafns. Árið 2000 bólar enn ekkert á framkvæmdum og þrengsli orðin veruleg. Umræðan um menningarhús hleypti nýju blóði í þá umræðu og ferskir draumar um nýtt og stærra safn í endurbættu Safnahúsi kviknuðu.

Hlíf skrifar bæjarstjórn skýrslu árið 2004 með fyrir­sógninni „Hugmyndir varðandi framtíðarstöðu Byggðasafns Vestmannaeyja.“ Telur hún mjög brýnt að byggðasafnið fái stærra húsnæði eða allt að 2.000 fermetrum enda komi smæð núverandi húsnæðis (um 560 fermetrar) í veg fyrir að hægt sé að setja upp tíma-

bundnar sérsýningar eða sinna skólaheimsóknum nægilega vel. Stækka þurfi geymslurými úr 140 fermetrum í 1.000 fermetra, bæta vinnu­aðstöðu og skapa rými til rannsókna. Fjárskortur hamli mjög sýningar- og betra húsnæði megi fá hönnuð til að hanna nýjar sýningar og allt sýningar­hald muni gjörbreytast (Hlíf Sigurjónsdóttir, 2004). Greinilegt er að safnstjórnin horfir vonaraugum til nýs menningarhúsasamnings.

Hugmyndir um nýtt menningarhús í Eyjum skiptust aðallega í þrennt: a) Nýja álmu við Safnahús, b) Enduruppbyggingu gamalla fiskvinnsluhúsa og c) Nýbyggingu í miðbæ eða við hraunjaðar. Í maímánuði 2004 birti verkefnisstjórn um byggingu menningarhúss í Vestmannaeyjum skýrslu Sögusmiðjunnar. Skýrsluhöfundar telja mikilvægt að menningarhús hýsi öll söfn bæjarins sem og rými fyrir farand- og sérsýningar. Salthús Ísfélagsins telja þeir vænlegan kost en besta kostinn telja þeir að reisa nýtt menningarhús í hjarta bæjarins. Ný álma við Safnahús þótti skýrsluhöfundum framan af vænlegur kostur. Síðar í skýrslunni komust þeir þó að þeirri niðurstöðu að erfitt yrði þá að brjóta upp hið „hefðbundna byggðasafnsform“ sem þeir töldu ríkjandi í Safnahúsi. Höfuðbreytingar töldu þeir nauðsynlegar til að framkalla þann „sprengikraft, frumleika og nýsköpun“ sem nýtt menningarhús myndi færa í bæjarlífið (Jón Jónsson og Arnar S. Jónsson, 2004, bls. 47–48 og Skýrsla sögusmiðjunnar, 2004, bls. 2).

Nefnd skipuð af bænum sem fjalla átti um framtíðarskipan safnamála í Eyjum skilaði inn skýrslu 19. desember 2005. Nefndin taldi vænlegast að byggt yrði nýtt menningarhús sem næst höfninni og þar yrði byggðasafn, náttúrugripasafn og fiskasafn ásamt ýmissi annarri rannsókna- og ferðamanna­aðstöðu til húsa. Listasafn, bókasafn, ljósmyndasafn og héraðsskjalasafn yrðu áfram í gamla Safnahúsinu, en byggt yrði yfir húsarústir í hrauninu og þar yrði gosminjasafn. Nefndin taldi að byggðasafnið þyrfti að lágmarki 2.000–3.000 fm sýningar­aðstöðu og þar að auki 3.000 fm geymslupláss (Vestmannaeyjabær, 2008).

Tíðindi urðu í Safnahúsi í apríl 2007 er forstöðumönnum bókasafns og byggðasafns var báðum sagt upp. Bæjarstjóri sagði þetta gert vegna skipulagsbreytinga í Safnahúsi. Vestmannaeyjabær hygði á „stórfelldar breytingar á rekstri safnamála vegna uppbyggingar á safna- og menningarhúsi“ (Skipulagsbreytingar í Safnahúsi, 2007, bls. 1). Í júlímánuði 2008 segir Gunnlaugur Grettisson forseti bæjarstjórnar að viðbygging Safnahúss muni rísa næstu mánuði (Menningarhús loks að líta dagsins ljós, 2008, bls. 1).

### Þriggja heima sýn í safnamálum í bland við menningarhús

Ellíði Vignisson bæjarstjóri, Páley Borgþórsdóttir,

formaður menningar- og tólmstundaráðs, og Kristín Jóhannsdóttir menningarfulltrúi, boðuðu til blaðamannafundar 14. maí 2008. Með fyrirhugaðri opnun Landeyjarhafnar 2010 var fyrir séð að yrði bylting í samgöngum milli lands og Eyja og þar með gæfust mörg sóknarfærni í uppbyggingu alls safna- og menningarstarfs í Eyjum. Kynnt var til sögunnar ný stefna: „Menning og söfn í Eyjum – heill heimur út af fyrir sig“ (Menning og söfn, 2008, bls. 1–2 og Vestmannaeyjabær, 2008). Í skýrslunni voru metnaðarfull áform um öflugt safnastarf og eflingu hvers konar sýninga sem endurspeglir sérstöðu Eyjanna. Áherslu á rannsóknir átti að auka, einnig á varðveislu menningarminja og náttúru Vestmannaeyja ásamt samstarfi við ýmsar menningarstofnanir. Sóknarfæri voru einnig talin í menningar- og náttúrutengdri ferðaþjónustu.

Í stefnunni voru kynntar þrjár stöðir undir safna- og menningarstarfsemi í Vestmannaeyjum; gosið, sagan og náttúran. Stöðirnar hlutu nöfnin: Eldheimar, Sagnheimar og Sæheimar. Sagnheimum var ætlað að vera umgjörð um sýningar sem tengjast sögu Eyjabúa og menningu, svo sem Tyrkjaráninu, útgerðarsögunni og mannlífi. Endurskipuleggja átti allt starf í Safnahúsinu og nafngiftin lýsandi fyrir þá starfsemi sem þar er hugsuð. Áfram var talað um viðbyggingu við Safnahúsið sem hýsa átti byggðasafn, bókasafn, skjalasafn, listasafn og ljósmyndasafn.

Í febrúarmánuði 2009 skrifa Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Elliði Vignisson bæjarstjóri undir samning um menningarhús í Eyjum. Samningur þessi var í raun áretting á eldri samningi sem undirritaður hafði verið í Landlyst 21. mars 2004 en þar sagði: „Ráðgert er að menningarhúsið í Vestmannaeyjum verði staðsett á miðbæjarsvæði bæjarins og verði vettvangur menningar-, safna- og listastarfsemi í Vestmannaeyjum“ (Morgunblaðið, 2003). Elliði bæjarstjóri fagnaði þessum samningi og ræddi við það tækifæri um viðbyggingu við Safnahús og að endurskoðun verði á öllu sýningahaldi sem tengist sögu og mannlífi (Skrifað undir samning, 2009).

Niðurstáða þessa safna- og menningarhúsamáls varð sú að reist var nýtt hús í hraunjaðrinum sem hýsir sögusýningu Heimaeyjargossins 1973 og nefnist Eldheimar. Fiska- og náttúrugripasafn, Sæheimar, er í upprunalegu húsnæði frá 1964, og heyr enn sína áratugalöngu baráttu fyrir stærra sýningarrými og betri aðstöðu. Byggðasafn, bókasafn, héraðsskjalasafn, ljósmyndasafn og listasafn eru áfram í Safnahúsi. Byggðasafnið kallast nú Sagnheimar. Allt sýningahald þar var endurskipulagt og endurhannað árið 2011 sem síðar mun að vikið.

**„Að fortíð skal hyggja ef frumlegt skal byggja“**  
Byggðasafnið hafði verið lokað frá því að safnstjóra var sagt upp um mitt ár 2007. Í byrjun júní

2008 verður breyting þar á er Sögusetur 1627, áhugamannafélag um sögu Vestmannaeyja, gerði samning við Vestmannaeyjabæ um rekstur safnsins. Var hér um ákveðið nýnæmi að ræða en byggði á svipaðri hugmyndafræði og flest byggðasöfn rekja uppruna sinn til, áhuga einstaklinga á sögu byggðarlagsins. Sögusetrið hafði staðið fyrir ýmsum Tyrkjaránstengdum viðburðum árið áður og flutti nú Tyrkjaránssýningu sína inn í byggðasafnið. Kári Bjarnason, nýr forstöðumaður bókasafnsins og í stjórn Söguseturs, sagði að markmið félagsins væri að koma fræðandi starfsumhverfi betur inn í safnið, þ.e. tengja muni safnsins betur við söguna í samræmi við menningarfestu bæjarins um Sagnheima. „Safn, sem er bara einstakir hlutir án sögu, hefur ekki tilgang.“ (Stefnan að þetta nýtist, 2008, bls. 7).

Viðburðir Söguseturs þetta sumar voru að mestu Tyrkjaránstengdir. Haldin var alþjóðleg ráðstefna um Tyrkjaránið 17.–19. október 2008, „Sjóræningjar í Norðurhöfum“, með íslenskum og erlendum fyrirlesurum. Félagar Söguseturs unnu sem sjálfbodaliðar við safnið en bærinn greiddi rekstrarkostnað húsnæðis í Safnahúsi. Framkvæmdastjórn safnsins var skipuð þremur einstaklingum, tveimur frá Sögusetri, Kára Bjarnasyni og Sigurði Vilhelmssyni, og einum frá Vestmannaeyjabæ, Kristínu Jóhannsdóttur menningarfulltrúa. Skýr ákvæði voru í samningnum um að munir sem bærust safninu væru eign byggðasafnsins og einnig að allir fjármunir sem ætlaðir væru byggðasafni rynnðu óskertir þangað. Í ársbyrjun 2009 auglýsti framkvæmdastjórn safnsins stöðu háskólamenntaðs yfirmanns safnsins, sem bæri faglega ábyrgð á öllu safnastarfinu. Meðal verkefna var endurhönnun sýninga byggðasafns í samstarfi við hönnuði (Sögusetur 1627, 2010).

Nýráðinn safnstjóri, Jóhanna Ýr Jónsdóttir sagnfræðingur, hóf störf í júnímánuði 2009. Með henni fylgdi ferskur blær nútímalausna og tækni og hafði hún fullan hug á að tengja fortíð og nútíð saman með margmiðlun og nýjum sýningum (Margmiðlunartæknin til að tengja, 2009). Í fram-tíðarsyn sinni, sem hún kynnti fyrir fræðslu- og menningarráði í september 2009, lagði hún áherslu á „sérstöðu Vestmannaeyja, Tyrkjaránið, sjósókn, nýtingu bjargfugls, eldgosið á Heimaey og annað það sem er sérstakt fyrir Vestmannaeyjar“ (Framtíðarsýn Byggðasafns, 2009, bls. 2).

Sögusetur 1627 sagði upp rekstrarsamningi sínum við Vestmannaeyjabæ í desember 2010 þar sem stjórn félagsins vildi fremur einbeita sér að þeim verkefnum sem það upphaflega var stofnað til, þ.e. að standa að viðburðum til að kynna sögu Vestmannaeyja á sem margbreytilegastan hátt og í samstarfi við sem flesta. Stjórn Söguseturs lýsti jafnframt yfir vilja sínum til að vera áfram í góðu samstarfi við byggðasafnið. Við rekstri safnsins tók Þekkingarsetur Vestmannaeyja, sem

var einnig rekstraradili fiska- og náttúrugripasafns og því hægt að samnýta tækni- og afleisingarfólk beggja safna. Breytingar á sýningarsvæði byggðasafns voru í fullum gangi undir stjórn Jóhönnu Ýrar safnstjóra, Þórðar Svanssonar trésmíðameistarara og Sæþórs Orra Guðjónssonar frá Smartmedia. Fyrirmæli bæjarstjórnar til verkefnisstjóra og starfshóps var að búa til sögusýningu sem höfða ætti jafnt til heimamanna sem gesta óháð aldri. Þekkingarsetur kom nú inn í breytingarferlið af fullum krafti (Sögusetur 1627, 2009 og Eyjamenn hafa ætíð búið, 2011). Safnstjóri gerði á þessum tíma einnig stóraták í geymslumálum, skipulagningu og skráningu og í árslok 2010 voru tæplega 4.000 munir skráðir.

### Sagnheimar – byggðasafn í nútíma

Við enduropnun byggðasafns 2. júlí 2011, blasti við gjörbreytt safn sem byggir á margmiðlun, texta og lesmáli. Munum á sýningu hafði einnig verið fækkað verulega. Nær helmingur sýningarsvæðis er bryggju-svæði þar sem fjallað er um sjómennsku og fiskvinnslu ásamt beituskúr og verbúð. Einnig er þar úteyjarkofi þar sem bjargnytjum eru gerð skil. Af öðrum föstum sýningarhlutum má nefna Heimaeyjargosið, Þjóðhátíð, Tyrkjarán, íslenska mormóna í Utah, líf kvenna, Kaptein Kohl ásamt Herfylkingu Vestmannaeyja og íþróttir. Á sýningarsvæðið er einnig hægt að setja upp smærri sýningar og farandsýningar. Sjóræningjahellir er fyrir börnin með búningum og fjársjóðskistu. Bryggjusvæðinu má auðveldlega breyta í allt að 100 manna fyrirlestrasal og í Pálsstofu, í enda sýningarsvæðis, er góð aðstæða fyrir kvikmyndasýningar, fyrirlestra eða kennslu fyrir um 50 gesti auk tímabundinna sýninga.

Á þessum tímamótum skilaði Jóhanna Ýr safnstjórallyklunum til Helgu Hallbergsdóttur menningarmiðlara, sem sat einnig í stjórn Söguseturs. Helga lagði áherslu á að með þessum breytingum á safninu væri ekki verið að henda því gamla fyrir röða heldur laga það að nýjum tímum, höfða betur til yngra fólks í samstarfi við önnur söfn Safnahúss (Vil gera það að spennandi, 2011). Í febrúar sama ár var í anddyri Safnahúss útbúinn salur, Einarstofa, sem hugsaður var fyrir málþing sem og sýningar- og fyrirlestrasalur fyrir öll söfn Safnahúss. Safnahúsið hafði ekkert stækkað frá því að það var talið of lítið áratugum fyrr en hafði nú verið aðlagð söfnum og aðstæðum eins og best var talið miðað við það sem til boða stóð árið 2011.

### Safnastarfið í Sagnheimum, byggðasafni

Sagnheimar, byggðasafn fékk 5. febrúar 2014 viðurkenningu Mennta- og menningarmálaráðuneytis sem fullgilt safn samkvæmt ákvæðum safnalaga nr. 141/201. Samkvæmt stofnskrá Sagnheima, 1. október 2013 (Sagnheimar, 2013), 6. gr., skal safnið: „kappkosta að safna, skrá og varðveita menningarverðmæti á markvissan hátt með sérstakri skírskotun í sérstöðu

Vestmannaeyja“. Einnig er þar talað um að „safnið skuli vera kennslu- og fræðslustofnun fyrir almenning og skóla“. Eyjamenn og velunnarar eru duglegir að færa safninu gjafir. Mikili áttak hefur verið unnið á undanförunum árum í skráningu og flokkun muna. Í desember 2014 urðu Sagnheimar síðan aðilar að menningarsögulega gagnagrunninum Sarpi. Samstarf er við skóla á öllum stigum, frá leikskóla til og með framhaldsskóla. Bodið er upp á leiðsögn um safnið og efnt er reglulega til ýmiss konar viðburða og málþinga auk tímabundinna sýninga. Viðburðir í Safnahúsi árið 2012 voru 36 og 44 árið 2013. Tímabundnar sýningar 2011–2014 voru 19, oft í samstarfi við önnur söfn Safnahúss en einnig við Þjóðminjasafnið, Síldarminjasafnið og einkaaðila.

Þó að grunnsýningar séu frá árinu 2011 eru þær í stöðugri endurskoðun. Í Eldheimum var opnuð ný glæsileg sýning um Heimaeyjargosið í maí 2014 og þar er Surtseyjargosinu 1963 einnig gerð skil. Vissulega geta Sagnheimar, byggðasafn aldrei sleppt svo veigamiklum þætti í sögu Vestmannaeyja sem Heimaeyjargosið er en rétt þykir að endurskoða sýningu Sagnheima með tilkomu þessarar nýjungar í menningarlífi Vestmannaeyja.

Í starfsstefnu Sagnheima frá 1. október 2013 (Sagnheimar, 2013) segir að rannsóknarstarf skuli efti í samstarfi við einstaklinga, stofnanir og önnur söfn hérlendis og erlendis. Allmikil rannsóknarvinna fylgir uppsetningu nýrra sýninga, sem jafnan er unnin í samvinnu við fræðimenn og aðrar stofnanir. Viðamest er rannsókn á afdrifum þeirra um 400 íslenskra mormóna (þar af um 200 einstaklinga frá Vestmannaeyjum) sem héldu til Utah 1851–1914 og unnin hefur verið í samvinnu við Kára Bjarnason, forstöðumann Safnahúss, og Fred Woods, prófessor hjá Brigham Young háskólanum í Utah. Afraksturinn má sjá á viðamikilli sýningu í Sagnheimum sem fylgt hefur verið eftir með málþingum og í blaðagreinum. Í júnímánuði 2014 hófst rannsókn í samvinnu við Þekkingarsetur, Sögusetur 1627, Sögufélag Vestmannaeyja, Bjarna F. Einarsson fornleifafræðing og Ármann Höskuldsson jarðfræðing um frekari mann-vistarleifar í Herjólfssdal. Þær rannsóknir eru enn á frumstigi en fyrstu niðurstöður eru spennandi.

### Lokaorð

Ef miðað er við fyrsta grip byggðasafns Vestmannaeyja árið 1932 eins og Þorsteinn Þ. Víglundsson gerði jafnan er safnið líklega með elstu byggðasöfnum landsins. Mark Þorsteins er mjög áberandi í allri sögu safnsins. Þó að honum væri mjög umhugað að bjarga munum frá glötun þá var miðlunin og kennslan honum svo í blóð borin að vart mátti aðskilja hana frá öðru safnastarfi.

Það er sem rauður þráður í umfjöllun allra sem komið hafa að safninu að leggja þunga áherslu á sérstöðu safnsins hvað varðar sýningu á menningu,

náttúru- og atvinnulífi í Eyjum og er mikil áhersla lögð á þá þætti í núverandi safni bæði í söfnun muna og við alla miðlun. Miðlunarformið hefur tekið miklum breytingum og er mjög mikilvægt að nútímataekni og mismunandi list- og miðlunarform séu notið til að ná til sem breiðasta aldurshóps og gesta. Vestmannaeyjar eiga stórbrotna sögu og byggðasafnið á marga merkilega safnmuni. Þar er því óþrjótandi efniviður í nýjar sýningar, viðburði og málþing, ýmist í samstarfi við önnur söfn Safnahúss, skóla eða hin ýmsu söfn og stofnanir í Vestmannaeyjum sem og á fastalandinu.

Sóknarfæri er í þáttöku rannsókna með fræðimönnum og öðrum stofnunum sem aftur bjóða upp á nýjar sýningar og málþing. Bættar samgöngur auka líka möguleika á samstarfi í menningar- og sögutengdri ferðabjónustu. Auknum kröfum um fjölbreytni í safnastarf og miðlun hafa ekki fylgt aukin stöðugildi. Gæta verður þess vel að enginn afsláttur verði gefinn á sjálfu grunnstarfi safnsins. Draumurinn um stærra húsnæði hefur fylgt safninu frá upphafi og á án efa eftir að birtast á ný. Núverandi húsnæði safnsins er fullnýtt og geymslumál eru ekki örugg til framtíðar. Safnstjóri þarf þó ekki að láta veggi Safnahúss takmarka starf safnsins frekar en hann sjálfur vill. Í raun er öll Heimaey vettvangur safnastarfsins. Í árslok 2014 horfir safnstjóri fram á skemmtilega tíma með óteljandi möguleikum á spennandi verkefnum fyrir Sagnheima, byggðasafn.

## Heimildaskrá

Árni Johnsen. (1968). Fullkomið safnhús er aðkallandi í Vestmannaeyjum. *Morgunblaðið*, bls. 23–24.

Árni Árnason (e.d.) Úr förum Árna Árnasonar. Vefsíðan heimaslod.is

Ávarp frá byggðarsafnsnefnd til allra Vestmannaeyinga. (1952). *Framsóknarblaðið*, 26. nóvember, bls. 2.

Byggðasafn Vestmannaeyja: Rölt í gegnum aldirnar. (1987). *Fréttir*, 2. júlí, bls. 10.

Byggðasafnsnefnd. (1952–1970). *Fundargerðabók Byggðasafnsnefndar*. Óútgefin gögn.

Bæjarfréttir. (1952). *Framsóknarblaðið*, 19. júní, bls. 4.

Eyjamenn hafa ætíð búið til sína gæfu sjálfir. (2011). *Fréttir*, 4. ágúst, bls. 7.

Frá bæjarstjórn. (1964, 10. júní). *Framsóknarblaðið*, bls. 1.

Framtíðarsýn Byggðasafna. (2009, 10. september). *Fréttir*, bls. 2.

Guðlaugur Gíslason. (1964, 19. júní). Náttúrugripasafn. *Fylkir*, bls. 2.

Guðlaugur Gíslason. (1964, 19. júní). Frásögn Framsóknarblaðsins af síðasta bæjarstjórnarfundi. *Fylkir*, bls. 2–3.

Guðlaugur Gíslason. (1964, 23. október). Söfn og safnhús í Vestmannaeyjum. *Fylkir*, bls. 4–5.

Guðmundur Jósafatsson. (1973, 23. desember). Ragnar Ásgeirsson. *Heima er best*, bls. 426–432.

Hermann Einarsson. (1978). Vígsla Byggðarsafnsins. *Blik: Ársrit Vestmannaeyja*, 1(33), bls. 216–220.

Hlíf Sigurjónsdóttir. (2004). *Hugmyndir varðandi Framtíðarstöðu Byggðasafns Vestmannaeyja*. Byggðasafn Vestmannaeyja.

Hlíf Sigurjónsdóttir. (2004). *Ársskýrsla byggðasafns Vestmannaeyja*. Vestmannaeyjar: Byggðasafn Vestmannaeyja.

Hlíf Sigurjónsdóttir. (2005). *Ársskýrsla byggðasafns Vestmannaeyja*. Vestmannaeyjar: Byggðasafn Vestmannaeyja.

Jón Jónsson og Arnar S. Jónsson. (2004). *Menningarhús í Vestmannaeyjum*. Byggðasafn Vestmannaeyja.

Margmiðlunartæknin til að tengja gamla tímarn við 21. öldina. (2009, 18. júní). *Fréttir*, bls. 6.

Menning og söfn í Eyjum, heill heimur út af fyrir sig. (2008, 15. maí). *Fréttir*, 15. maí, bls. 1–2.

Menningarhús í hvert umdæmi. (1999). *Dagur*, 4 (82 og 83), bls. 3.

Menningarhús loks að líta dagsins ljós: Stærsti hlutinn til Sæheima. (2008, 17. júlí). *Fréttir*, bls. 1.

Morgunblaðið. (2003, 30. mars). Samningur um menningarhús undirritaður. *Morgunblaðið*, bls. C15.

Ragnhildur Vigfúsdóttir. (1992). *Byggðarsafnið í Vestmannaeyjum, úttekt og tillögur um breytingar*. Byggðasafn Vestmannaeyja.

Sagnheimar. (2013). *Starfsstefna Sagnheima, byggðasafns 2013–2016*. Byggðasafn Vestmannaeyja.

Sagnheimar. (2013). *Stofnskrá Sagnheima. Vestmannaeyjar*. Sagnheimar.

Skipulagsbreytingar í Safnahúsi: Forstöðumönnum sagt upp. (2007, 5. apríl). *Fréttir*, bls. 1.

Sigmundur Andrésón. (1991). *Ársskýrsla byggðasafns Vestmannaeyja*. Vestmannaeyjar: Byggðasafn Vestmannaeyja.

Skrá yfir myndir og málverk Byggðasafns Vestmannaeyja og stuttar sögulega skýringar. (1983). *Eujaskinna: Rit Sögufélags Vestmannaeyja*, 1(2), bls. 113–144.

Skrifað undir samning um Menningarhús: Fyrsta greiðslan komin í hús. (2009, 5. febrúar). *Fréttir*, bls. 7.



- Skýrsla Sögusmiðjunnar um menningarhús í Vestmannaeyjum: Söfn í Salthúsið og gosminjasafn í hrauninu. (2004, 27. maí). *Fréttir*, bls. 2.
- Stefnan að þetta nýtist byggðarlaginu sem best. (2008, 12. júní). *Fréttir*, bls. 7.
- Sögusetur 1627 hættir rekstri Byggðasafns. (2010, 16. desember). *Fréttir*, bls. 20.
- Sögusetur 1627 tekur við rekstri Byggðasafnsins: Þjóða á upp á eitthvað nýtt og spennandi. (2009, 5. mars). *Fréttir*, bls. 7.
- Verður ekki metið til fjár. (2001, 26. apríl). *Fréttir*, bls. 10–11.
- Vestmannaeyjabær. (2005). *Framtíðarskipan safnamála í Vestmannaeyjum*. Vestmannaeyjar: Vestmannaeyjabær.
- Vestmannaeyjabær. (2008). *Stefna Vestmannaeyjabæjar í uppbyggingu safna- og menningararfs: Menning og söfn í Vestmannaeyjum – heill heimur út af fyrir sig*. Vestmannaeyjar: Vestmannaeyjabær.
- Vestmannaeyjasýningin. (1973, 16. nóvember). *Tíminn*, bls. 3.
- Vestmannaeyingar. (1964, 7. október). *Framsóknarblaðið*, bls. 4.
- Vígfús Ólafsson. (1945, 14. mars). *Byggðasafn*, bls. 1 og 3.
- Vil gera það að spennandi kosti fyrir bæjarbúa og gesti að koma á safnið. (2011, 7. júlí). *Fréttir*, bls. 11.
- Þetta er hugsjónastarf. (1999, 21. janúar). *Fréttir*, bls. 14.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1939, 13. janúar). Byggðarsafn Vestmannaeyja. *Framsóknarblaðið*, bls. 2.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1942, 15. mars). Byggðarsafn í Eyjum, *Framsóknarblaðið*, bls. 2–3.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1967). Byggðarsafn Vestmannaeyja: Þróunarsaga í 35 ár. *Blik: Ársrit Vestmannaeyja*. 1(26), bls. 291–298.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1952, 19. júní). Kvikmynd og byggðasafn. *Framsóknarblaðið*, bls. 1.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1964, 24. júní). Opið bréf til Guðlaugs Gíslasonar, bæjarstjóra. *Framsóknarblaðið*, bls. 2–3.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1967). Orðsending frá Byggðarsafni Vestmannaeyja. *Blik: Ársrit Vestmannaeyja*. 1(26), bls. 345.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1965). Söfnin í Eyjum. *Blik: Ársrit Vestmannaeyja* 1(25), bls. 250.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1965). Safnhús í Eyjum. *Blik: Ársrit Vestmannaeyja*. 1(25), bls. 218–249.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1972). Minjaskrá Byggðarsafns Vestmannaeyja með nokkrum sögulegum skýringum. *Blik: Ársrit Vestmannaeyja*, 1(29), bls. 176–205.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1973). Byggðarsafninu bjargað. *Blik: Ársrit Vestmannaeyja*, 1(30), bls. 252–253.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1976). Sýningin Íslendingar og hafíð. *Blik: Ársrit Vestmannaeyja*, 1(32), bls. 198–199.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1978). Minjaskrá Byggðarsafns Vestmannaeyja. *Blik: Ársrit Vestmannaeyja*, 1(33), bls. 145–301.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1978). Safnahúsið í Vestmannaeyjum. *Blik: Ársrit Vestmannaeyja*, 1(33), bls. 221–223.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1970). *Skýrsla til Þjóðminjavarðar frá Byggðarsafni Vestmannaeyja og Náttúrugripasafni Eyjabúa*. Vestmannaeyjar: Byggðasafn Vestmannaeyja og Náttúrugripasafn Eyjabúa.
- Ætlað að styðja vísindastarf allt frá leikskóla upp í háskóla. (2008, 6. mars). *Fréttir*, bls. 2.



## Byggðasafn Hafnarfjarðar Björn Pétursson

Formlegt upphaf Byggðasafns Hafnarfjarðar má rekja til fundar bæjarstjórnar Hafnarfjarðar í janúar 1953. Þar voru til umfjöllunar breytingar á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og lögðu fulltrúar Alþýðuflokksins fram tillögu undir liðnum „Hellisgerði o.fl.“ þar sem fram kemur í c-lið að veita skuli 10.000 kr. til byggðasafns. Ekki eru neinar frekari skýringar á þessari tillögu en hún var send, eins og áætlunin í heild, til samþykktar bæjarráðs og var samþykkt þar (Skjalasafn bókasafns Hafnarfjarðar, 1953). Samkvæmt sögusögnum í bænum var það einkum lögregluvarðstjórinn, Gísli Sigurðsson, sem hafði lagt hart að bæjarfulltrúunum að hrinda þessu verki í framkvæmd en ekki hafa fundist neinar heimildir er styðja þá sögu þó vissulega verði hún að teljast ansi líkleg. Óskar Jónsson framkvæmdastjóri bar fram tillöguna um fjárveitingu til byggðasafnsins á áðurnefndum fundi en samkvæmt viðtali sem tekið var við hann og birt í Alþýðublaðinu var hugmyndin „að safna saman og varðveita frá glötun gamla muni, sagnir og myndir úr atvinnu- og menningarlífi Hafnfirðinga fyrir á tímum, eins gömlum og til næst, og koma þessu fyrir í safninu“ (Verður Sívertsenshúsið í Hafnfirði flutt í Hellisgerði, 1953, bls. 8). Þann 14. apríl sama ár var kosin í bæjarstjórn Hafnarfjarðar byggðasafnsnefnd en hana skipuðu fyrrnefndir Óskar Jónsson og Gísli Sigurðsson auk Kristins J. Magnússonar og var það þeirra hlutverk að koma safninu upp.

Strax í upphafi komu fram hugmyndir um að

koma safninu fyrir í Sívertsens-húsinu við Vesturgötu. Í frétt Alþýðublaðsins frá því í janúar 1953 er þessi hugmynd viðruð en þar sagði

„Sívertsenshúsið var íbúðarhús Bjarna riddara og fjölskyldu hans frá því um aldamótin 1800 til 1835. Húsið er því um 150 ára gamalt, og sögufrægt að því leyti, að það var bústaður Bjarna, sem mestan þátt átti í viðgangi Hafnarfjarðar á þeim tíma. Er það gömul hugmynd, að flytja það í Hellisgerði, sem er skrudgarður Hafnfirðinga, og verður það þá væntanlega gert sem líkast úr garði og það var á árum Bjarna riddara“ (Verður Sívertsenshúsið í Hafnfirði flutt í Hellisgerði, 1953, bls. 8).

Í annarri frétt, sem birtist í Morgunblaðinu kemur hugmyndin um flutning Sívertsens-hússins aftur fram en þar sagði „Komið hefur til tals, að byggðasafnið yrði í svokölluðu Sívertsenhúsi, en í því bjó Bjarni riddari Sívertsen frá því árið 1800 til 1835. Er þetta elzta hús í Hafnfirði, um 150 ára gamalt. ... Stungið hefur verið upp á því, að húsið yrði flutt í Hellisgerði, skrudgarður Hafnfirðinga, og gert þá sem líkast úr garði og það var í tíð Bjarna Sívertsens. Þó telja margir, að við flutning hússins þangað, myndi það tapa sínum upphaflega svip, því að miklum erfðleikum er bundið að flytja það. Allt er enn í óvissu, hvort af þessum flutningi verður.“ (Verður Sívertsens-húsið í Hafnfirði notað fyrir



Mynd 30

byggðasafn?, 1953, bls. 6). Ef til vill er þarna að finna skýringuna á því hvers vegna fyrsta fjárveitingin til byggðasafnsins var sett undir liðinn „Hellisgerði o.fl.“ í fjárhagsáætlun bæjarins þegar stofnað var til þess.

Þessi hugmynd, að varðveita Sívertsens–húsið, er þó enn eldri. Sívertsens–húsið hafði verið eign Hafnarsjóðs Hafnarfjarðar frá árinu 1924 og voru bæjarskrifstofur Hafnarfjarðar þar til húsa á árunum 1930–1944. Þegar bæjarskrifstofurnar fluttu úr húsinu komu fram ýmsar hugmyndir um hvaða hlutverk þetta sögufræga hús ætti að fá en snemma kom upp hugmynd um að gera það upp og varðveita í upprunalegri mynd. Eftir umræður í bæjarstjórn var bæjarstjóra falið að ræða við hafnaryfirvöld um málið sem varð til þess snemma árs 1944 var samþykkt í hafnarstjórn að afhenda húsið endurgjaldslaut til bæjarstjórnar enda skuldbatt stjórnin sig til að láta gera húsið upp og varðveita það. Hvenær hugmyndin skýtur fyrst upp kollinum er erfitt að fullyrða um en að öllum lík–indum kom hún fyrst fram opinberlega þegar Ágúst

Steingrímsson tæknifræðingur og fyrrverandi bæjar–verkfræðingur í Hafnarfirði ritaði grein um málið í tímaritið Helgafell árið 1943. Hann átti einnig fyrstur manna hugmyndina að því að flytja húsið í Hellisgerði. Sú hugmynd hans kom fram í bréfi sem hann sendi Málfundafélaginu Magna árið 1946 en málfundafélagið sá um og rak Hellisgerði á þessum tíma. Í því bréfi gekk hann þó enn lengra en einungis að varðveita húsið, því þar kemur fram sú hugmynd að láta húsið hýsa byggðasafn. Magna–menn brugðust við þessu bréfi með því að rita bæjarstjórn Hafnarfjarðar erindi um málið (Ásgeir Guðmundsson, 1984). Bæjarstjórn lýsti sig þá reiðubúna til viðræðna en óskaði þess jafnframt að Málfundafélagið Magni hefði forgöngu um að stofna nefnd og fá félagsamtök í bænum til að taka þátt í verkefninu. Tveimur árum síðar var samþykkt í bæjarráði að leggja til við bæjarstjórn Hafnarfjarðar að bærinn yrði aðili að samkomulagi um athuganir á flutningi og varðveislunni á húsi Bjarna Sívertsens (Skjalasafn bókasafns Hafnarfjarðar, 1949).

Rúmum mánuði síðar var það samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar (Skjalasafn bókasafns Hafnarfjarðar, 1949). Fulltrúa í nefndinni áttu, auk bæjarstjórnar, Málfundafélagið Magni, Útgerðarmannafélag Hafnarfjarðar, Íðnaðarmannafélag Hafnarfjarðar og Kaupmannafélag Hafnarfjarðar.

### Til að bjarga frá glötun

Þegar samþykkt var að stofna Byggðasafn Hafnarfjarðar árið 1953 hafði nokkur söfnun átt sér stað í bænum en þó var enn vitað af munum sem voru varðveittir hjá bæjarbúum. Ein af ástæðum þess að safnið var stofnað var að menn óttuðust að þessir gripir glötuðust ef þeim yrði ekki safnað saman og varðveittir á viðurkenndu safni. Í frétt frá árdögum Byggðasafns Hafnarfjarðar, sem birtist í Morgunblaðinu, sagði meðal annars:

„Það sem vakir fyrir bæjarráði með stofnun byggðasafns, er að varðveita frá glötun gamla muni, sem kunna að vera til í Firðinum frá fyrri tímum — sömuleiðis allan þann fróðleik, er varðar atvinnu- og menningarlíf Hafnfirðinga. Eitthvað mun vera til af munum í Firðinum, sem kæmi til mála að setja á hið tilvonandi safn. T.d. er hér elztí rafall á Íslandi, sem Jóhannes Reykdal flutti til landsins og notaði til raflýsingar fyrstur manna hér á landi. — Ýmsir aðrir gamlir munir eru til í Firðinum, sem ekki má draga öllu lengur að koma fyrir á einn stað, ef þeir eiga ekki að gleymast eða týnast“ (Verður Sívertsens—húsið í Hafnarfirði notað fyrir byggðasafn?, 1953, bls. 6).

Auk þessa hafði upplýsingum um lifnaðarhætti og menningu verið safnað í Hafnarfirði um nokkurt skeið og í fréttum af stofnun safnsins var komið inn á þá söfnun. Í Morgunblaðinu birtist frétt um söfnunina og sagði þar meðal annars:

„Nokkrir Hafnfirðingar hafa á undanförunum árum safnað miklum fróðleik úr lífi fólks í Firðinum frá fyrri tímum, sem vissulega kemur að góðum notum fyrir væntanlegt byggðasafn. Hefur Gísli Sigurðsson, lögregluþjónn, verið einna skeleggastur í söfnun alls konar gamals fróðleiks. Hann hefur til dæmis gert sér far um að kynna, hvernig gömlu bæirnir voru útlítandi í Hafnarfirði fyrir aldamót og jafnframt var fyrirkomulag innan húss. Einnig hefur hann kynnt sér, svo sem kostur hefur verið á, hvar bæirnir stóðu. Sömuleiðis hefur Gísli víðað að sér miklum fróðleik um líferni Hafnfirðinga fyrir aldamót. Mestar og beztar upplýsingar hefur hann fengið hjá öldruðum Hafnfirðingum, en einnig af gömlum sögnum og örnefnum. Gísli Sigurðsson hefur með söfnun þessa fróðleiks, varðveitt frá glötun þann fjársjóð, sem getur orðið uppistaðan í væntanlegu byggðasafni Hafnfirðinga“

(Verður Sívertsens—húsið í Hafnarfirði notað fyrir byggðasafn?, 1953, bls. 6).

Strax frá upphafi lagði byggðasafnsnefndin ríka áherslu á að safnið fengi Sívertsens—húsið til umráða og að það yrði rýmt og gert upp. Sumarið 1955 var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar að úthluta Byggðasafninu húsinu en þó einungis neðri hæðinni þar sem að vegna húsnæðisleysis í bænum varð að koma „húsvillu fólki“ fyrir á efri hæðinni.

Elstu fundargerðir byggðasafnsnefndar Hafnarfjarðar eru því miður glataðar en Gísli rekur upphafsárin ágætlega í viðtali sem tekið var við hann og birt í blaðinu Hamri í tilefni af 50 ára afmæli Hafnarfjarðarkaupstaðar árið 1958. Þar kemur hann meðal annars að munasöfnuninni í árdaga Byggðasafns Hafnarfjarðar en þá hafði safnið fengið Sívertsens—húsið til afnota. Í viðtalinu kemur fram að söfnun muna hafi farið af stað strax og safnið var stofnað og fljótlega eftir að það fékk Sívertsens—húsið afhent hafi verið fluttir þangað um 200 munir.

„Húsið var ekki í sem beztu ástandi og þurfti því mikillar viðgerðar við. Þegar nefndin fékk það undir hendur var efri hæð þess leigð út og síðan hefur allt húsið verið hitað upp. Þessir tvö hundruð munir voru flestir frá sjóvinnu ýmis konar, en síðan hefur bætzt það mikið við safnið, að það telur nú um sjöhundruð skrásetta muni. Auk þessa eru enn fjölmargir hlutir, sem safnið á, eða hefur fengið vilyrði fyrir, sem enn eru geymdir víðsvegar um bæinn, vegna þess hve húsnæði safnsins er ófullnægjandi. ... Tillaga byggðasafnsnefndarinnar til lausnar þessu vandamáli er sú, að safnið fái einnig stóra pakkhúsið, sem stendur við hliðina á Sívertsenshúsi. En það mun vera byggt um 1840 og er því í tölu allra elztu húsa hér í Hafnarfirði og þess vegna mjög æskilegt til þessara nota“ (Byggðasafn Hafnarfjarðar, 1958, bls. 13).

Síðar í sama viðtali telur Gísli upp nokkra helstu muni safnsins og gefur sú upptalning nokkuð góða mynd af safnkostinum eins og hann var á fyrstu árum safnsins. Þar er meðal annars haft eftir Gísli:

„Áhugi Hafnfirðinga fyrir byggðasafninu hefur komið mjög glögglega í ljós með hinum rausnarlegu gjöfum, sem því hafa borizt frá mörgu fólki. Eins og áður er sagt er mikill hluti safnsins viðkomandi sjóvinnu og er það ekki einkennilegt, þegar athuguð er saga og atvinnuhættir Hafnarfjarðar. Meðal þessara muna eru m.a. margar tegundir lóða og öngla, sem nú eru mjög sjaldséðir, og þar á meðal um 60 hlutir, sem gefnir voru af Helga Guðmundssyni frá Melshúsum, og Sveini Jónssyni, Kirkjuvegi 13 milli 20 og 30 munir“ (Byggðasafn Hafnarfjarðar, 1958, bls. 13).

Hafa verður í huga þegar upphafsár safnsins eru skoðað að áður en Bygðasafn Hafnarfjarðar var stofnað höfðu tveir aðilar stundað markvissa söfnun á gömlum munum í bænum og hvorugt þeirra safna endaði á Bygðasafni Hafnarfjarðar. Færa má rök fyrir því að sú söfnun hafi á vissan hátt haft áhrif á þróun og uppbyggingu Bygðasafnsins fyrstu starfsárs þess. Ásbúðarsafn, sem Andrés Johnson rakari í Ásbúð við Hafnarfjörð hafði safnað saman í mörg ár, keypti ríkið og færði Þjóðminjasafn Íslands til varðveislu en hitt var safn muna er Þorbjörg Bergmann safnaði og endaði það á Árbæjarsafni, nú Borgarsögusafn Reykjavíkur. Hér er rétt að staldra við og skoða þessi söfn nánar þar sem söfnun þessara einstaklinga, svo og stofnun Sjóminjasafns Íslands í Hafnarfirði síðar, höfðu töluverð áhrif á uppbyggingu og þróun Bygðasafns Hafnarfjarðar.

### Kaupmannsfrúin hafði auga fyrir gömlum munum

Hjónin Sigfús Bergmann og kona hans Þorbjörg Sigurðardóttir Bergmann bjuggu í Hafnarfirði í upphafi 20. aldar. Sigfús var kaupmaður í bænum en lét þó einnig ýmis önnur málefni kaupstadarins sig varða. Hann var til dæmis kjörinn í fyrstu bæjarstjórn Hafnarfjarðar, var frumkvöðull að stofnun sjúkrasamlags í bænum auk þess sem hann átti hlut í nokkrum útgerðum í bænum. Þau Sigfús og Þorbjörg reistu sér hús við Strandgötuna, aðalverslunargötu bæjarins, þar sem verslunin var á jarðhæð en íbúð á tveimur hæðum þar fyrir ofan. Verslaði hann þar bæði með matvöru og álnavöru.

Þorbjörg Sigurðardóttir fæddist í Pálsbæ á Seltjarnarnesi 13. apríl 1876 og var dóttir Sigurðar Einarssonar sjómanns og Sigríðar Jafetsdóttur. Við útskrift úr Kvennaskólanum fékk hún sína fyrstu vidualkenningu fyrir sérstaka vandvirki í handavinnu en heiðurs skjöl og verðlaun fyrir hannyrðir hlaut hún nokkur í gegnum árin. Þorbjörgu var lýst á þann hátt að hún hafi verið „fremur lágvaxin, en grannvaxin og svarað sér vel, léttlynd og létt á fæti, dugleg og skemmtileg og mikilhæf húsmóðir“ (Í minningu mætrar konu Þorbjargar Sigurðardóttur Bergmann, 1971, bls. 8–10).

Þorbjörg byrjaði snemma að safna þjóðlegum munum og svo virðist að það sem helst hafi stjórnað þeirri söfnun hafi verið hugsunin um að bjarga frá glötnu. Á þessum tíma var íslenskt samfélag að taka nokkrum breytingum og munir sem segja má að hafi verið dæmigerðir fyrir gamla bændasamfélagið voru farnir að týna tölunni og atvinnuhættir allir að breytast, en það átti að sjálfsgöðu líka við í sjávarþorpum eins og Hafnarfirði. Fólk flutti úr sveitum landsins að sjávarsíðunni og mynduðust þá þorp og þéttbýlismenning sem varla hafði verið hér svo nokkru næmi fram að því. Sem dæmi um þetta fjölgaði íbúum Hafnarfjarðar hratt á þessum tíma, úr 374 árið 1900 í 1.469 árið 1908.

Hjónin voru mjög virk í þessari söfnun sinni þó Þorbjörg hafi sannarlega staðið þar við stjórnvölinn. Til er lýsing á heimili þeirra við Strandgötuna í Hafnarfirði en þar sagði:

„Var heimilið fallett og ríkmannlegt á þeirra tíma mælikvarða og eftirminnilegt þeim, er þangað komu, ekki sízt vegna augljósrar ræktarsemi Þorbjargar við fornan menningararf þjóðarinnar, því að munum, sem hún safnaði, raðaði hún á hillur í dyngju sinni, en framhliðar hillnanna voru haglega útskornar rúmjalir. Á veggjunum héngu veggábreiður, sem hún hafði saumað. Lagði hún mikla vinnu í að sauma eftir mynztrum, sem hún tók upp í Þjóðminjasafninu“ (Í minningu mætrar konu, Þorbjargar Sigurðardóttur Bergmann, 1971, bls. 8–10).

Varð þetta safn þeirra hjóna fljótt mikið að vöxtum og leyndust í því margir merkilegir munir. Sá galli var þó á þessari söfnun að Þorbjörg virðist ekki hafa séð þörf fyrir að skrá þetta safn sitt á nokkurn hátt, starf hennar fólst eingöngu í að safna mununum og varðveita þá.

Árið 1930 flutti Þorbjörg til Reykjavíkur og bjó eftir það hjá Huldu, dóttur sinni, og eiginmanni hennar, Einari Sveinssyni. Þorbjörg lést 14. maí 1952 en fyrir dauða sinn gaf hún skýr fyrirmæli um að safn hennar dreifðist ekki og að ekkert af því færi úr landi. Dóttir hennar og tengdasonur færðu Reykvíkingafélaginu safnið að gjöf nokkrum mánuðum eftir dauða Þorbjargar sem nokkrum árum síðar gaf safnið, með samþykki gefendanna, til Árbæjarsafns. Hafa verður í huga að þegar hér er komið sögu var þegar búið að stofna Bygðasafn Hafnarfjarðar en engar heimildir hafa fundist um að komið hafi til tals að gefa safnið þangað þó svo að megninu af umræddum gripum hafi verið safnað í Hafnarfirði og nágrenni hans. Munasafn Þorbjargar Bergmann var mjög mikilvægt fyrir safnið í Reykjavík og til vitnis um það má vitna í fréttir frá upphafsárum þess. Við opnun Árbæjarsafns árið 1957 hélt þáverandi borgarstjóri ávarp þar sem hann fór meðal annars yfir aðdragandann að stofnun safnsins. Þar kom fram að strax og framkvæmdir við bæjarhúsin í Árbæ voru komnar af stað hóf fólk að gefa muni til safnsins. Þegar safnið var opnað skiptu gefendur tugum en langstærsta einstaka safnið var safn Þorbjargar Bergmann. Tveimur árum síðar birtist í Vísí skemmtileg grein um Árbæjarsafn þar sem sagt var frá vinnu við að gera safnið tilbúið fyrir sumaropnun það árið. Þar kemur aftur fram hve mikilvægt það var fyrir Árbæjarsafn að eignast muni Þorbjargar.

„Við finnum Lárus safnvörð loks lengst inni á geymslulofni, þar sem hann er að koma fyrir ýmsu, sem geymast skal til næsta árs, unz lokið verður að endurbyggja bæinn. ... Hvað verður annars nýrra muna til sýnis í sumar frá því sem var í fyrra.



Mynd 31

Munirnir, sem Þorbjörg Bergmann gaf safninu verður uppistaðan í þessu safni og er út af fyrir sig ómetanleg gjöf“ (Ísbirnir við innganginn, en steinar úr iðrum Reykjavíkur á hlaðinu, 1959, bls. 7).

### Rakarinn í Ásbúð

Annar safnari sem verið hafði afkastamikill í Hafnarfirði á fyrri hluta 20. aldar, áður en Byggðasafn Hafnarfjarðar var sett á fót, var Andrés Johnson eða Andrés í Ásbúð eins og hann var jafnan kallaður. Bakgrunnur Andrésar var sá að hann fæddist á Leifsstöðum í Selárdal í Norður-Múlasýslu laugardaginn 5. september árið 1885. Ungur flutti hann til Vesturheims en er hann sneri aftur settist hann að í Hafnarfirði og gerðist hárskeri þar. Við komuna til Hafnarfjarðar hóf hann að safna að sér hverskonar forngrípum og munum sem notaðir voru í gamla íslenska bændasamfélaginu áður en hin mikla atvinnubylting tuttugustu aldarinnar gerbreytti samfélaginu. Varð söfnunin fljótlega mjög umfangsmikil og lét hann ekki nægja að safna munum í Hafnarfirði og nágrenni hans heldur hélt hann í ferðir út um allt land í þeim tilgangi að safna gömlum mun-um. Eflaust hefur þessi hegðun hafnirska rakarans þótt nokkuð undarleg enda ekki algengt áhugamál á þessum tíma. Hins vegar varð hann það þekktur fyrir þetta áhugamál sitt að menn fóru að bjóða honum muni og jafnvel að safna fyrir hann að einhverju leyti. Til eru

frásagnir af því að hann hafi jafnan rætt um þessi mál við viðskiptavini sína á rakarastofunni og þá hafi margir komið þangað færandi hendi og gefið muni úr sinni eigu.

Alla þessa muni dró Andrés heim í hús sitt, Ásbúð, við Hafnarfjörð en húsið var ekki stórt og fór svo áður en langt um leið að plássleysi var farið að hamla söfnuninni. Brást Andrés við því árið 1942 með því að leggja erindi fyrir Alþingi þar sem hann bauð safn sitt til kaups með ákveðnum skilyrðum. Varð það úr og eins og sést á frétt um byggingu Þjóðminjasafnsins sem birtist í Ingólfi árið 1944 varð þetta safn ein af burðarstöðum Þjóðminjasafnsins á þessum tíma. Í fréttinni segir meðal annars:

„Þjóðminjasafnið. Alþingi hefur veitt þrjár millj. króna til að gera yfir það hús. Hið væntanlega stórhýsi á ekki einungis að rúma Forngripasafnið gamla heldur einnig Iðnminjasafn, Sjóminjasafn, Mannamyndasafn, svonefnt Ásbúðarsafn, ... og söfn, sem kennd eru við einstaka menn: Jón Sigurðsson o.fl. Sömu leiðis listasafn“ (Þjóðminjasafnið, 1944, bls. 2).

Til að varpa ljósi á hve stórt Ásbúðarsafn var í sniðum er rétt að vitna í skrif um safnið þegar það var formlega opnað í Þjóðminjasafninu á sjötugsafnmæli Andrésar 1955.

„Í gær opnaði Þjóðminjasafnið Ásbúðarsafn, er safnað er af Andrésí Johnson í Ásbúð í Hafnarfirði, á 70 ára afmæli hans. Er þetta stærsta minjasafn, sem nokkur Íslendingur hefur dregið saman. Safnið kom í eigu Þjóðminjasafnsins árið 1944, með sérstökum samningi við safnara þess. ... Ásbúðarsafnið er geysi mikið safn. Eru til sýnis þar rúmir 2000 munir. Auk þess eru þar í 84 skúffum og nokkrum kistum um 15000 munir og í geymslu um 7–8000 munir. Gefur þetta nokkra hugmynd um hve yfirgripsmikið safnið er“ (Þjóðminjasafnið opnar Ásbúðarsafn Andrésar Johnson, 1955, bls. 16).

Þegar skoðaðar eru færslur í aðfangabók Þjóðminjasafnsins fyrir þessa muni er ljóst að þar er að finna mikinn fjölda merkilegra muna er varpa ljósi á líf fólksins sem byggði Ísland á þeim tíma er gamla bændasamfélagið var við lýði hér á landi. Munirnir eru misgamlir og svo virðist sem þeir hafi komið hvaða-næva af landinu. Þó hefur söfnun hans í Hafnarfirði verið fyrirferðarmikil enda bæði bjó hann þar og rak sitt fyrirtæki.

### Sívertsens-húsið gert upp og byggðasafnið opnað

Nú er rétt að snúa sér aftur að Byggðasafni Hafnarfjarðar og húsnæðismálum þess. Það varð ekki fyrr en árið 1965 að loksins tókst að rýma Sívertsens-húsið og hefja viðgerðir á því. Snemma það ár fékk Rótaryklúbbur Hafnarfjarðar leyfi frá bæjarstjórn til að hefja viðgerðir á húsinu og endurbyggja það í upprunalega mynd í samráði við bæjarverkfræðing og Þjóðminjavörð. Rótaryklúbburinn stofnaði félagið „Hús Bjarna Riddara“ til að sjá um þessa framkvæmd en því stjórnadi Gunnar Ágústsson hafnarstjóri. Fjárskortur olli því að verkið sóttist hægt og fór svo að lokum, árið 1973, að sú ákvörðun var tekin í bæjarstjórn Hafnarfjarðar að bæjarsjóður tæki yfir verkið og kláraði það sem þá var enn ógert og var það samþykkt af félaginu „Hús Bjarna Riddara“. Í kjölfarið var hafist handa af miklum krafti og lauk verkinu ári síðar. Opnun safnsins var liður í háttíðarhöldum sem blásið var til í Hafnarfirði í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar og var vígsla hússins sem byggðasafns opunarviðburður þeirra háttíðarhalds.

### Byggðasafn eða sjóminjasafn

Þegar hugmyndir vakna um stofnun byggðasafns í bænum er ljóst að sjóminjar eru ofarlega í hugum þeirra er að málinu komu. Annað væri líka undarlegt þar sem byggð við fjörðinn hafði vaxið og dafnað í gegnum útgerð og fiskveiðar frá alda öðli. Hafnarfjörður byggðist fyrst og síðast upp vegna góðrar hafnar frá náttúrunnar hendi.

Eins kemur það líka fram hjá þeim aðilum er fyrstir stóðu að Byggðasafni Hafnarfjarðar að það ætti að hluta til að varpa ljósi á þennan hluta menningar-

arfsins sem sjósókn og fiskvinnsla er. Þetta kemur fram í tillögum er byggðasafnsnefnd lagði fyrir bæjarráð Hafnarfjarðar á þessum fyrstu árum safnsins en þar eru settar fram hugmyndir að vexti og viðgangi safnsins til framtíðar. Þar er að finna lista yfir þá þætti sem safnið ætti að sinna og sýna og hvaða hlutar sögunnar það væru sem þeir helst vildu varpa ljósi á. Listinn er sannarlega langur og metnaðarfullur og snýr að sýningaradstöðu í Pakkhúsinu að Vesturgötu 6. Þar segir meðal annars:

„Þegar svo væri komið ætti að deila húsnæðinu niður í hólf og koma þar fyrir, því sem bezt sýnir þróunarsögu byggðarlagsins og verkmenningu. Þar telur nefndin að vera ætti. A. Baðstofa. B. Bæjardyr. C. Hlóðældhús. D. Búr. E. Fjós. F. Skemma, G. Hjallur. H. Verbúð. I. Járnsmiðja. J. Steinsmíðisáhöld. K. Trésmíðaverkstæði. L. Beikisverkstæði. M. Skósmíða verkstæði. N. Seglasauma- og skinnklæðagerð. O. Bakarí. P. Vefstofa. R. Rafhúsaðeild. S. Trésmíðavéladeild. T. Sjóminjasafn. U. Verzlun með búð og skrifstofu, gömul gerð. V. Skóladeild. X. Læknadeild og lyfjabúð. Y. Hús þurrabúðarmanna 1900. Z. Myndasafn úr Hafnarfirði, staða- og mannamyndir. Þ. Málaverkstæði. Æ. Úrviðgerða- og silfursmíðaverkstæði. Ö. Rakarastofa o. fl. o. fl. Á svæðinu fyrir framan húsin ætti að koma fyrir sjóminjum, sem vegna stærðar ekki komast fyrir innan húss, svo sem togvindum, ankerum, hlerum og öðru slíku“ (Byggðasafn Hafnarfjarðar, 1958, bls. 13 og 22).

Ljóst er að minjar um sjósókn voru nokkuð áberandi í annars fjölbreyttum hugmyndum um byggðasafnið. Í kjölfar metnaðarfullra áætlananna í upphafi og ákvedins meðbyrs tekur við langt tímabil sem segja má að einkennst hafi af hálfgerðri stöðnun þegar hægt gengur í þróun safnsins en þó er unnið markvisst starf í söfnun muna og farið er í dýra og metnaðarfulla viðgerð á Sívertsens-húsinu. Upp úr 1970 fer að sjá fyrir endann á þeim verkefnum og fram á varanlega sýningaaðstöðu í því húsi. Áhugavert er að rýna í viðtal sem tekið var við Gísla Sigurðsson árið 1973 en hann hafði þá starfað við safnið, sem nefndarmaður, frá stofnun þess. Þó blaðamaður fari þar sannarlega rangt með staðreyndir er ljóst að orðalagið sem hann notar varpar ákvednu ljósi á þá umræðu sem uppi var á þessum tíma um að Byggðasafn Hafnarfjarðar væri fyrst og síðast sjóminjasafn. Í umræddu viðtali sagði Gísli:

„Þegar maður hefur verið jafn lengi í þessu og ég og lifir orðið fyrir þetta, þá er maður ekki í rónni, viti maður einhversstaðar af gömlum og sögulegum hlut, fyrr en hann er fenginn. Það er Gísli Sigurðsson, fyrrum lögregluþjónn í



Hafnarfirði, sem sagði þetta er við löbbuðum með honum um geymsluherbergi, skúra og skúraloft og skoðuðum þá muni sem dregnir hafa verið saman fyrir væntanlegt sjóminjasafn í Hafnarfirði, en að þessum safnmálum hefur Gísli starfað allt síðan árið 1953 að stofnuð var nefnd til að koma á laggirnar sjóminjasafni í Firðinum. Því miður hefur málinu ekki miðað betur en svo að enn eigum við ekkert safnhús, en aftur á móti eigum við orðið gott safn gripa, meira en nóg sem undirstöðu í safni“ (Viti maður af gömlum hlut er maður ekki í rónni fyrr en hann er fenginn, 1973, bls. 8).

Ekki má þó við blaðamanninn einan sakast því ljóst er að Gísli notar í þessu viðtali orðið „sjóminjasafn“ frekar en „byggðasafn“ eins og fram kemur í eftirfarandi línum:

„Þú sagðir mér Gísli að þið hefðuð byrjað 1953 að safna að ykkur munum. – Já það er rétt. Það ár var skipuð nefnd af bæjarstjórninni sem átti að hafa það hlutverk að koma á stofn sjóminjasafni í Hafnarfirði. Ég var skipaður í þessa nefnd strax og hef verið í henni síðan.... – Hvern telurðu nú merkastan hlut í safni ykkar? – Það er nú ekki gott að segja. Hér eru margir fallegir og sögulegir munir. Ég vil nefna til yfir 100 ára gamlan bát með Faxaflóalagi, eins og það var kallað“ (Viti maður af gömlum hlut er maður ekki í rónni fyrr en hann er fenginn, 1973, bls. 8).

Það sem hér gerist merkilegt er einkum tvennt, eins og áður segir er Gísli farinn að nota orðið „sjóminjasafn“ og svo hitt að hann telur merkasta mun safnsins vera bát og þó einungis sé um hans persónulega mat að ræða gefur það sannarlega visbendingu um áherslu og áhuga þess manns sem sá um söfnun gripa til safnsins fyrstu 20 starfsár þess. Í lok viðtalsins útskýrir hann mál sitt betur og er þá bersýnilegt að stefnubreyting hefur orðið:

„Nú er þetta orðið miklu meira en sjóminjasafn hjá ykkur, Gísli, þetta er allt eins gott byggðasafn fyrir Hafnarfjörð. – Já, það má kannski segja það. Þegar maður tekur til við að safna svona gömlum gripum með sérsafn eins og sjóminjasafn í huga, þá kemur það eins og af sjálfu sér að maður tekur til handargagns annarskonar gamla og verðmæta muni og síðan gerist það einnig að fólk sendir okkur alls konar muni, þótt þeir séu í sjálfu sér ekki endilega í tengslum við sjóinn eða sjóminjar. En gættu svo að öðru. Hafnarfjörður hefur alla tíð átt allt sitt undir sjó og sjómennsku, og því má segja sem svo að allir munir héðan tengist að einhverju marki sjóminjasafni. Þar á ég við þessa gömlu muni sem við erum að safna. Á þeim tíma, fyrir þetta 50 til 100 árum eða meira, var hér allt miðað við sjó

og sjósókn, og séu munirnir ekki tengdir sjónum beint, þá óbeint kannski, þannig að þeir eru úr búi einhvers sjómanns. Hinsvegar má segja að yngri munir, sem vissulega geta haft sögulegt gildi, séu ekki eins tengdir sjónum, enda hafa málin breyst á síðari árum eins og allir vita. En vissulega væri það gaman ef hér risu bæði sjóminjasafn og byggðasafn Hafnarfjarðar. Efnir til slíks er fyrir hendi“ (Viti maður af gömlum hlut er maður ekki í rónni fyrr en hann er fenginn, 1973, bls. 8).

Á þessum tíma var ákveðin vakning á Íslandi varðandi verndun sjóminja og fara hugmyndir að skjóta upp kollinum um þetta mál æ oftar. Sem dæmi um þetta er leiðari Alþýðublaðsins 28. júlí 1973 undir nafninu „Sjóminjasafn vantar“ en þar er tíundað um mikilvægi sjósóknar fyrir Ísland í gegnum aldirnar. Í sömu grein er þó einnig minnst á það að varla sé hægt að setja upp sjóminjasafn án þess að tengja við það fiskasafn og í því samhengi er minnst á fiskasafn það sem var þá til staðar í Sædýrasafninu í Hafnarfirði og því frumkvöðlastarfi sem þar hafði verið unnið (sjá Jón Kristinn Gunnarsson, 1986). Í lok greinarinnar segir: „En fiskasafnið í Sædýrasafninu þarf að auka og efla, og þar þarf að koma upp rannsóknaraðstaða fyrir fiskifræðinga. Til þess þyrfti að koma á samvinnu safnsins, hafrannsóknarstofnunarinnar og ef til vill háskólans. Kannski væri sjóminjasafn vel staðsett í nágrenni Sædýrasafnsins. Hitt er víst, að ekki er vanzalaust fyrir íslendinga að eiga ekki sómasamlegt fiska- og sjóminjasafn.“ (Sjóminjasafn vantar, 1973, bls. 5). Þarna er enn komin upp hugmynd um formlegt Sjóminjasafn Íslands í Hafnarfirði. Umræðan vatt nokkuð uppá sig í framhaldinu og varð til þess að haustið 1973 kom fram umræða á Alþingi Íslendinga um málið. Tveir þingmenn, þeir Gils Guðmundsson og Geir Gunnarsson, lögðu fram þingsályktunartillögu um stofnun Sjóminjasafns Íslands í Hafnarfirði. „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar, í samráði við þjóðminjavörð, undirbúning að stofnun sjóminjasafns. Skal leitað eftir samvinnu við Hafnarfjarðarbæ um hentugt landssvæði undir slíkt safn, svo og um byggingu þess og rekstur. Tillaga þessi fékk góðar viðtökur á Alþingi og var samþykkt óbreytt í febrúar 1974 með samhljóða atkvæðum.“ (Hugmyndin um sjóminjasafn gleymd og grafn?, 1979, bls. 6). Aðeins er vikið að því í áður nefndu viðtali við Gísla Sigurðsson:

„Nú hefur verið flutt þingsályktunartillaga um að reisa Sjóminjasafn Íslands hér í Hafnarfirði, hvernig lýst þér á það? – Já, ég var að heyra þetta, og ég skal segja þér að þetta eru einhver mestu gleðitíðindi sem ég hef heyrt lengi. Gils Guðmundsson og Geir Gunnarsson eiga ómældar þakkir skildar fyrir að flytja þessa tillögu. – Myndi þá ykkar safn falla inn

í þetta sjóminjasafn Íslands? Já, það hygg ég, sem sérstök deild eða eitthvað svoleiðis. En við skulum bara athuga það, að uppistaðan í sjóminjadeild Þjóðminjasafnsins eru munir héðan úr Hafnarfirði, og raunar víðar að, en það var Hafnirfirðingur sem safnaði þeim og gaf þá til Þjóðminjasafnsins. Það var sá mikli og ótuli safnari Andrés Johnson rakari frá Ásbúð í Hafnarfirði. ... Það væri því ekki margt að því að sameina þennan safnvísi okkar Sjóminjasafn Íslands sem reist yrdi hér í Firðinum.“ (Viti maður af gömlum hlut er maður ekki í rónni fyrir en hann er fenginn, 1973, bls. 8).

Réttu ári áður en þingsályktunartillagan var lögð fram var Þór Magnússon þjóðminjavörður gestur á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar. Þar var hann að kynna þá tillögu að Sjóminjasafn Íslands yrði fundinn staður í Hafnarfirði og að um sérstakt samvinnuverkefni yrði að ræða á milli Hafnarfjarðarbæjar og ríkissjóðs við uppbyggingu og rekstur safnsins. Bæjarráðsmenn tóku hugmyndunum vel og bókuðu í fundargerð að bæjarráð hafi lýst áhuga sínum á málinu. Í viðtali við Kristín Ó. Guðmundsson, bæjarstjóra Hafnarfjarðar, lýsti hann meðal annars sinni skoðun á þessari hugmynd:

„Ég hef alveg sama viðhorf til þess og bæjarráðið. Svona safni verður hvorki komið upp né það rekið nema opinberir aðilar komi til. Áhugamenn geta auðvitað hjálpað mikið til, stutt að málinu á margan hátt. Er nokkur staður til hér undir svona safn? Það held ég efalaust. Reyndar verður byggingin að vera þar, sem hún nýtur sín. En það ætti hún að geta gert til dæmis á Hvaleyri eða á Hvaleyrarholti eða þá vestast í bæjarlandinu, ekki langt frá Bala, skammt þaðan sem dvalarheimili sjómanna hefur verið ætlaður staður“ (Sjóminjasafn í Hafnarfirði, 1974, bls. 47–48).

Í þessu sama viðtali kemur einnig fram að Þór Magnússon hafi ætlað, eftir fund sinn með bæjarráði, að ræða við menntamálaráðherra og upplýsa hann um stöðu mála. Eflaust á það sinn þátt í að þingsályktunartillagan var lögð fram. Í kjölfar þessa lét menntamálaráðherra skipa nefnd sem hafði það verkefni að vinna tillögu um Sjóminjasafn Íslands og samvinnu á milli Þjóðminjasafns Íslands og Hafnarfjarðarbæjar varðandi það. Í nefndinni sátu þeir Þór Magnússon þjóðminjavörður, Gunnar Ágústsson, hafnarstjóri í Hafnarfirði og formaður byggðasafnsnefndar bæjarins, Jón Kr. Gunnarsson, forstjóri Sæðyrasafnsins í Hafnarfirði, auk skipstjórans Gunnars H. Oddssonar. Í frétt Þjóðviljans af málinu kemur ákveðinn rökstuðningur fyrir því að safninu hafi verið valinn staður í Hafnarfirði.

„Sú ákvörðun alþingis, að væntanlegt Sjóminjasafn

Íslands risi í Hafnarfirði er vissulega vel við hæfi. Hafnarfjörður er útgerðarbær frá fornu fari og þar er enn blómstrandi atvinnulíf kringum sjávarútveginn. Þaðan voru fyrst lögð þorskanet hérlendis, þaðan hófst þilskipaútgærðin og þaðan var gerður út fyrsti gufutogarinn, sem Íslendingar eignuðust. Og í Hafnarfirði er nú þegar kominn fyrsti vísirinn að sérstöku sjóminjasafni, eina safnið á landinu, sem hefur sérhæft sig á þessu sviði. ... Sjálfir hafa Hafnirfirðingar farið mjög myndarlega af stað með sitt safn, eins og sýningin sem þeir héldu þar í sumar sannaði best. ... Einn helsti kosturinn við að hafa sjóminjasafn landsins í útgerðarbæ eins og Hafnarfirði er að þar verður það jafnframt í lifandi tengslum við sjávarútveginn, sem stór hluti bæjarbúa byggir afkomu sína á enn. Fiskvinnsluskólinn er í næsta nágrenni og ekki þarf nema yfir götuna til að komast í fiskiðjuver, frystihús og lagmetisíðju. Í þessum nýtísku fiskiðjum Hafnirfirðinga er aflinn nú fullunninn og af sú tíð er verkunin var í mesta lagi söltun eða sigt með hráefnið úr landi. En í minjunum lifir sagan og minningin um þann tíma er fiskurinn var enn talinn uppúr bátunum, stykki fyrir stykki“ (Hér á sjóminjasafn þjóðarinnar að rísa, 1974, bls. 12–13).

Þarna kemur fram enn sterkari yfirlýsing varðandi Byggðasafn Hafnarfjarðar en áður hafði komið fram um að safnið hafi fyrst og síðast verið sjóminjasafn. Þarna er talað um að safnið hafi sérhæft sig á þessu sviði. Þrátt fyrir þessar samþykktir og nefndarskipanir gerist lítið í málinu næstu árin. Málið vaknar þó aftur upp af værum svefni þegar Gils Guðmundsson skrifar pistil í Þjóðviljann á sjómannadaginn 1979 undir fyrirsögninni „Hugmyndin um sjóminjasafn gleymd og grafin?“ Þar fer hann af nokkrum krafti yfir málið og endar greinina á að bysnast yfir því að nefndarálitið hafði, þegar hér er komið sögu, legið á borði tveggja ráðherra í full fjögur ár án þess að málið fengi frekari framgöngu og spyr að lokum: „Er ekki tími til kominn að fara að dusta af því rykið og hefjast handa um að framkvæma skýlausan vilja Alþingis, sem fram kom við einróma samþykkt þingsályktunartillögunnar frá 21. febrúar 1974?“ (Hugmyndin um sjóminjasafn gleymd og grafin?, 1979, bls. 6). Eitthvað virðist þetta hafa ýtt við málinu því um haustið skipaði menntamálaráðherra nýja nefnd til að vinna að framgangi safnsins og einnig til að kanna sérstaklega hvaða bráðabirgðalausnir kæmu til greina, á meðan ekki fengist fjármagn til að reisa safnhúsbyggingarnar við Skerseyri. Þetta var þungavigtarnefnd en í henni áttu sæti Gils Guðmundsson, Sverrir Hermannsson ráðherra, Alexander Stefánsson ráðherra, Bragi Sigurjónsson alþingismaður og Runólfur Þórarinnsson, fulltrúi menntamálaráðuneytis. Þór Magnússon þjóðminjavörður var starfsmaður nefndarinnar.



Mynd 32

Í fundargerð byggðasafnsnefndar Hafnarfjarðar frá 10. september sama ár er eftirfarandi ritað undir þriðja lið: „Gunnar H. Ágústsson skýrði frá viðræðum við Gils Guðmundsson, alþingismann, sem er einnig formaður nýskipaðar undirbúningsnefndar sjóminjasafns. Ákveðið að nefndin fari á fund Gils sem fyrst“ (Skjalasafn Hafnarfjarðarbæjar, 1979). Fimm dögum síðar var fundurinn haldinn á heimili Gils Guðmundssonar og fundargerðin er svo hljóðandi:

„Rætt var um fyrirhugaða staðsetningu sjóminjasafnsins að Skerseyri í Hafnarfirði, söfnun sjóminja, varðveizlu þeirra, þ.á.m. að nauðsyn væri að fá starfsmann, t.d. fornleifafraeðing með sérþekkingu á sjóminjum og varðveizlu þeirra. ... Til þess hugsanlega að auðvelda stofnun sjóminjasafns í Hafnarfirði, þá lögðu nefndarmenn munnlega þá fyrirspurn fyrir Gils og nýskipuðu þingmannanefndina, hvort það myndi geta flýtt fyrir og auðveldað stofnun sjóminjasafns í Hafnarfirði, ef Hafnarfjarðarbær legði fram, þar til nýja safnhúsið að Skerseyri væri risið, Brydepakkhúsið ásamt viðbyggingu (slökkvistöð). Eftir lagfæringu á húsnæði þessu, yrði byrjað með sjóminjasafnið hér. Nefndarmenn úr Hafnarfirði sögðu, ef svar við þessari fyrirspurn yrði jákvætt, myndu þeir styðja þessa lausn við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði. Gils tók vel þessari hugmynd og taldi,

að eðlilegt áframhald á þessu yrði þá fyrst, að í samráði við Þjóðminjavörð væri fenginn hæfur arkitekt til þess að skoða og meta þetta húsnæði fyrir safnið.“ (Skjalasafn Hafnarfjarðarbæjar, 1979).

Þarna virðast Hafnirfjarðingar hafa tekið boltann á lofti og lofað að láta eftir húsnæði það sem ætlað var byggðasafninu til að tryggja að þetta nýja safn yrði stofnað í bænum enda var það enn á þessum tíma trú þeirra sem að Byggðasafni Hafnarfjarðar stóðu að það mundi renna í heild sinni inn í hið fyrirhugaða Sjóminjasafn Íslands. Þessu til staðfestingar má rífa upp orð er skrifuð voru í grein í Sjómannablaðinu Víkingi undir fyrirsögninni: „Byggðasafnið í Hafnarfirði mun falla til sjóminjasafns“ en blaðamanni hafði þá verið boðið á fund byggðasafnsnefndar. Í greininni sagði meðal annars:

„Nefndin veitti blaðamanni ýmsar upplýsingar um Byggðasafn Hafnarfjarðar, uppbyggingu þess og framtíðarhugmyndir. Byggðasafn Hafnarfjarðar skiptir allsherjar sjóminjasafn verulegu máli, vegna þess að það mun væntanlega renna til þess í heilu líki, þegar (fremur en ef) samningar takast milli ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar um stofnun þess, staðsetningu og fyrirkomulag“ (Byggðasafnið í Hafnarfirði mun falla til sjóminjasafns, 1979, bls. 46–47).



Mynd 33

Það sem gerðist í framhaldi af stofnun nefndarinnar, sem áður hefur verið minnst á og hafði það hlutverk að koma sjóminjasafninu á fót, var ákveðinn snúningur frá fyrri hugmyndum. Hún lagði fram tillögu, sem samþykkt var, sem sneri að því að hið fyrirhugaða Sjóminjasafn Íslands yrði ekki sjálfstæð stofnun heldur deild innan Þjóðminjasafnsins, í það minnsta fyrst um sinn. Í ársbyrjun 1981 var undirritaður samningur á milli nefndarinnar og Hafnarfjarðarbæjar sem einkum fól í sér tvennt, í fyrsta lagi fékk hið fyrirhugaða safn afnot af Pakkhúsinu tímabundið og í öðru lagi lagði Hafnarfjarðarbær til rúmgóða lóð undir Sjóminjasafn Íslands við Skerseyri. Pakkhúsið þurfti að gera upp til að geta nýst sem sýningarhús Sjóminjasafns Íslands en sú framkvæmd var að stærstum hluta greidd úr ríkissjóði og var kostnaðurinn sem af henni hlaut skilgreindur sem fyrirframgreidd leiga til ársins 1992 (Skjalasafn Hafnarfjarðarbæjar, Mál 1403033, bréf 265).

Þarna verður sú mikla breyting á að Sjóminjasafn Íslands er komið til skjalanna sem deild innan

Þjóðminjasafnsins en byggðasafnið er til eftir sem áður, eitthvað sem ekki stefndi í lengi vel en hvergi er minnst á byggðasafnið í fyrrgreindum samningi. Það er hins vegar ljóst að stór hluti af þeim munum sem voru í munasafni byggðasafnsins voru sjóminjar og við því var brugðist á þann hátt að þeir munir sem sannarlega tengdust sjósókn, fiskveiðum og fiskverkun voru færðir á milli safnanna. Til marks um þetta er færsla í fundargerð byggðasafnsnefndar frá 1986 þar sem segir: „Fyrir nokkru hóf Gyða Gunnarsdóttir störf við Sjóminjasafn Íslands og eitt af mörgu sem gera þarf, er að færa suma hluti sem ennþá eru í byggðasafninu yfir í sjóminjasafnið. Finna þarf samning gerðan milli þessara aðila“ (Skjalasafn Hafnarfjarðarbæjar, 1986). Þrátt fyrir mikla leit og mörg samtöl við menn sem á einn eða annan hátt tengdust þessum atburðum fannst enginn skriflegur samningur við ritun þessarar sögu og efast menn um að hann hafi nokkurn tímann verið formlega gerður. Menn litu einungis þannig á að sjóminjarnar ættu heima á Sjóminjasafninu. Þessu til staðfestingar má benda á færslu á aðfangaskrá

Sjóminjasafnsins en þar segir við safnnúmer 1983:61: „Eins og kunnugt er gengu allar sjóminjar byggða- safnsins beint til sjóminjasafnsins þegar ákveðið var að sjóminjasafnið fengi Brydepakkhús til afnota“ (Þjóðminjasafn Íslands, 1983). Auk þessa voru sjó- minjar teknar út af söfnunarstefnu Byggðasafnsins þau ár sem Sjóminjasafnið starfaði í bænum.

Þessi málalok voru í raun mikið áfall fyrir Byggðasafn Hafnarfjarðar og þá sem að því stóðu. Upp- bygging og þróun þess hafði verið í ákveðinni biðstöðu þar sem bæði ráðamenn í Hafnarfirði og aðrir þeir sem að safninu stóðu trúðu því og treystu að Byggðasafn Hafnarfjarðar og hið fyrirhugaða Sjóminjasafn Íslands yrðu eitt og að hin metnaðarfullu áform um uppbyggingu við Skerseyri væru liður í uppbyggingu safnsins. Niðurstaðan var hins vegar sú að einungis var stofnuð ný deild í Þjóðminjasafninu. Sú deild fékk pakkhúsið, húsnæði Byggðasafnsins, til afnota auk þess sem stór hluti safnkosts Byggðasafnsins gekk með þessum hætti inn í munasafn Sjóminjasafnsins. Saga Sjóminjasafns Íslands fór þó á annan veg en áætlað var og aldrei varð neitt úr þeim áformum sem stefnt var að.

Árið 2004 var sjóminjasafninu endanlega lokað og byggðasafnið fékk pakkhúsið undir sýningastarfsemi sína. Merkillegt má telja hve hljóðlega sú ákvörðun gekk fyrir sig en eflaust skýrist það að nokkru af því að um svipað leyti var verið að opna nýtt sjóminjasafn í Reykjavík (Helgi Máni Sigurðsson og Íris Gyða Guðbjargardóttir, 2014). Vöknudu Hafnirfjarðingar nú upp við vandan draum, nú ætlaði Þjóðminjasafnið að loka Sjóminjasafni Íslands og fara með alla munina til Reykjavíkur en eftir stæði útgerðar- og sjósóknarbærinn Hafnarfjörður með byggðasafn án sjóminja. Í þetta sinn var þó brugðist til varna og óskaði Byggðasafn Hafnarfjarðar formlega eftir athugun á eignarrétti þeirra muna sem gengið höfðu frá byggðasafninu til sjóminjasafnsins á starfsárum þess. Í kjölfarið samþykkti Þjóðminjaráð að umræddir gripir yrðu skrásettir sem eign byggðasafnsins. Þarna var þó einungis um þá muni að ræða sem sannarlega höfðu áður verið í munasafni byggðasafnsins en ekki þeir gripir sem gefnir voru til sjóminjasafnsins á þeim árum sem það starfaði í Hafnarfirði en þá var söfnunarstefna safnanna skýr og öllum sjóminjum hafnað á byggðasafninu og gefendum vísað á sjóminjasafnið. Við þetta sama tækifæri rituðu bjarstjórinn í Hafnarfirði, Lúdvík Geirsson, og þjóðminjavörður, Margrét Hallgrímsdóttir, undir viljayfirlýsingu þar sem Þjóðminjasafnið heitir því að lána Byggðasafni Hafnarfjarðar sjóminjar og muni úr Ásbúðarsafni vegna sýningargerðar í Pakkhúsinu.

Það verður ekki dregin dula yfir þá staðreynd að vangaveltur og vandræðagangur í kringum Sjóminjasafn Íslands töfðu mjög fyrir allri þróun og þroska byggðasafnsins. Framtíðaráform þess voru sett á ís í mörg ár á meðan ráðamenn biðu eftir að sjá hvað

úr yrði varðandi sjóminjasafnið og þær metnaðarfullu áætlanir um uppbyggingu þess í bænum. Þegar ljóst var orðið uppúr 1990 að ekkert yrði úr þeim áformum má segja að hin síðari uppbygging hefjist hjá Byggðasafni Hafnarfjarðar.

### Skýr stefna

Hér að framan hefur verið farið yfir sögu Byggðasafns Hafnarfjarðar og minjavörslunnar í bænum og þeim erfiðleikum sem einkenndu uppvaxtarár þessa málaflökks hjá bæjarfélaginu. Árið 1974 fékk safnið varanlegt húsnæði undir sýningastarfsemi er viðgerðum á Sívertsens- húsinu lauk. Fjórtán árum síðar, árið 1988, áskotnaðist safninu Siggubær og var sýningarstefna þessara húsa nokkuð ljós frá upphafi. Í Sívertsens- húsinu var sýnt hvernig yfirstéttarfjölskyldan í Hafnarfirði bjó í upphafi 19. aldar auk þess sem ljósi var varpað á merkilega sögu Bjarna Sívertsens og fjölskyldu hans en í Siggubæ var sýnt hvernig alþýðufjölskyldan í Hafnarfirði bjó í byrjun 20. aldar og hvernig hinir dæmigerðu bárujárnsklæddu timburbær litu út. Upphaf þess að Siggubær bættist í húsasafn Byggðasafnsins má rekja til fundar sem haldinn var í byggðasafnsnefnd Hafnarfjarðar í ágúst 1979. Þá hafði Sigríður Erlendsdóttir fundað með byggðasafnsnefndinni og boðist til að ánafna safninu húseign sína. Mál þetta var aftur tekið upp rúmu ári síðar en þá var Sigríður nýlátin og hafði í erfðaskrá sinni arfleitt safninu Siggubæ með nokkrum skilyrðum. Málið vafðist lengi fyrir bæjar- yfirvöldum og er sagt frá því í fundargerð 3. mars 1981 að samkvæmt nýjustu skipulagstillögu að miðbæ Hafnarfjarðar ætti að breikka Hellisgötu og því yrði að fjarlægja bæ Sigríðar (Skjalasafn Hafnarfjarðarbæjar, 1982). Bæjarráð tók loks afstöðu í málinu og samþykkti á fundi sínum 20. júní 1985 að afþakka gjöfina en í febrúar 1988 hafði þeim snúið hugur. Var þá ákveðið að Siggubær yrði hluti af Byggðasafni Hafnarfjarðar og voru settir fjármunir í fjárhagsáætlun til endurbóta á bænum. Framkvæmdir gengu vel og voru eftir, í tilefni af 80 ára kaupstaðarafmæli Hafnarfjarðarbæjar, var Siggubær opnaður sem sýningarhús frá Byggðasafni bæjarins með það hlutverk að sýna komandi kyn- slóðum hvernig alþýðufjölskyldur í Hafnarfirði bjuggu á fyrri hluta 20. aldar.

Þrátt fyrir að safnið væri, þegar hér er komið sögu, með tvö sýningarhús var safnið ekki með sýningarsali til að setja upp sýningar um sögu bæjarins heldur voru þarna fyrst og síðast sýnd heimili eins og þau voru við ákveðnar aðstæður á ákveðnum tíma. Úr þessu bættist árið 1988 þegar safnið fékk Vesturgötu 8 til umráða, hús sem kallað var Riddarinn. Húsið hentaði að vísu ekki vel til sýningarstarfsemi en þó voru á næstu árum settar þar upp nokkrar minni sýningar þar sem safnkostur Byggðasafns Hafnarfjarðar var nýttur til að varpa ljósi á ákveðin þemu í sögu bæjarins.

Sýningahald í Riddaranum varð þó endasleppt þar sem bæjaryfirvöld tóku þá ákvörðun, þrátt fyrir ákóf mótmæli byggðasafnsnefndar, að húsið yrði gert að upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn og yrði þá ekki lengur á forsjá Byggðasafnsins. Sú ákvörðun var tekin árið 1992 og hafa ekki verið haldnar sýningar í því húsi síðan.

Segja má að hin síðari uppbygging á Byggðasafni Hafnarfjarðar hefjist árið 1994 þegar það fékk langþráð sýningar- og lagerhúsnæði í Smiðjunni, Strandgötu 50. Þá var í fyrsta sinn kominn í notkun hjá safninu boðlegur fastur sýningarsalur þar sem hægt var að setja upp sýningar um sögu og menningu Hafnarfjarðar og nágrennis. Smiðjan var stækkuð í tvígang, fyrst árið 1997 og svo aftur 1999 og voru þá í því tveir veglegir sýningarsalir ásamt góðu lagerhúsnæði og skrifstofum. Árið 2004, í kjölfar þess að Sjóminjasafn Íslands var lagt niður, var sýningarstarfsemi byggðasafnsins flutt úr Smiðjunni yfir í Bryde-pakkhús að Vesturgötu 6 en lageraðstöðu fékk safnið í Þjónustumiðstöð bæjarins við Hringhelli. Tæplega hálfri öld eftir að hugmyndin kom fyrst upp um sýningaaðstöðu fyrir byggðasafnið í Pakkhúsinu varð það að veruleika. Í Pakkhúsinu hafa að öllu jöfnu verið þrjár sýningar í gangi í einu síðan byggðasafnið fékk húsið til afnota, fastasýning um sögu bæjarins, leikfangasýning og þemasýning. Á fastasýningunni „Þannig var...” hefur saga Hafnarfjarðar og nágrennis verið rakin frá landnámi til okkar daga með aðstöð sagnfræðilegra texta, ljósmynda, teikninga, kvikmynda og fjölda muna sem glæða söguna lífi. Á efstu hæð Pakkhússins er að finna leikfangasýningu safnsins. Sýningu sem hið margverðlaunada enska sýningafyrirtæki Janvs Ltd. hannaði, og er sérstaklega ætluð börnum. Á Byggðasafni Hafnarfjarðar er varðveitt stórt safn leikfanga og er hluti þess á sýningunni. Mununum er skipt reglulega út í þeim tilgangi að þar sé alltaf eitthvað nýtt að sjá. Í forsal Pakkhússins eru settar upp nýjar þema- og farandsýningar á hverju vori og standa þær sumarlangt. Þeim er ætlað að verpa ljósi á ákveðin tímabil eða atburði í sögu bæjarins og nágrenni hans en þó eru einnig settar þar upp farandsýningar erlendis frá. Árið 2006 var lagerhúsnæði safnsins selt og fékk safnið þá mjög vandað og varanlegt lagerhúsnæði að Hringhelli 14, húsnæði sem uppfyllir allar nútímakröfur varðveisluhúsa. Uppbyggingin hélt áfram því árið 2008, á hundrað ára afmæli Hafnarfjarðarkaupstaðar, bættist verulega í húsafni byggðasafnsins er Beggubúð, Bookless Bungalow og Góðtemplarahúsið urðu að sýningarhúsum en auk þess var sett upp varanleg sýningaraðstaða meðfram strandstígnum þar sem settar eru upp ljósmynda-sýningar ár hvert (Byggðasafn Hafnarfjarðar, 2012).

Í Beggubúð var sett upp verslunarminjasýning Byggðasafns Hafnarfjarðar. Húsið, sem byggt var árið 1906, stóð áður við aðalverslunargötu bæjarins en var flutt á lóð safnsins, gert upp og opnað sem

sýningarhús árið 2008. Bookless Bungalowið var byggt sem íbúðarhús fyrir skosku bræðurna Harry og Douglas Bookless árið 1918 en þeir ráku umfangsmikla útgerð frá Hafnarfirði á fyrri hluta 20. aldar. Þeir voru áhrifamiklir og langstærstu atvinnurekendur í bænum um árabíl. Eftir daga Bookless Bros. tók annað breskt fyrirtæki, Hellyer Bros. Ltd. frá Hull, við eignum fyrirtækisins og rak blómlega útgerð um tíma. Í húsinu er sýning um tímabil erlendu útgerðanna í Hafnarfirði á fyrri hluta 20. aldar auk þess sem þar má sjá stásstofu þeirra Bookless-bræðra. Góðtemplarahúsið, sem í daglegu tali er kallað Gúttó, var byggt árið 1886 og þótti stórt, rúmaði um 300 manns en þá bjuggu rúmlega 400 manns í Hafnarfirði. Góðtemplarahúsið var fyrsta eiginlega samkomuhús Hafnarfirðinga og um langan tíma miðstöð allrar menningar í bænum. Þar fór fram félagsstarf Góðtemplarareglunnar, auk funda og skemmtana annarra félaga. Unnið er að viðgerð á húsinu en þar er ætlunin að setja upp sýningar er snúa að íþróttá- og félagssögu Hafnarfjarðar og nágrennis.

Í dag eru helstu verkefni safnsins á sviði miðlunar, rannsóknna og varðveislu. Fornleifa- og húsaskráningar eru unnar í náinni samvinnu við skipulags- og byggingasvið bæjarins og framkvæmdasvið en enn fremur er unnið úr tilfallandi fyrirsprungnum og mati er varðar byggingaarf bæjarins og fornleifar í landi hans. Þá er unnið að flokkun, skönnun og skráningu á ljósmyndasafni byggðasafnsins sem er geysistört og stefnt er að því að gera stóran hluta þess aðgengilegan á veraldarvefnum þegar gögn verða flutt úr skráningarkerfinu Mynddísu yfir í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp og hann tengdur við nýja heimasíðu safnsins. Unnið er að rannsóknnum, skráningu og varðveislu á safnkosti safnsins og munir flokkaðir, ljósmyndaðir og skráðir í gagnagrunninn Sarp og gengið frá þeim eftir faglegum kröfum á lager safnsins við Hringhelli. Miðlunarhlutverki safnsins er sinnt með sýningarhaldi, leiðsögn, fyrirlestur og sögugöngum auk þess sem safnið stendur fyrir viðburðum eða dagskrá fyrir öll skólastig í bænum.

## Heimildaskrá

Árbæjarsafnið á þegar margt merkilegra safnmuna. (1957, 24. september). *Morgunblaðið*, bls. 3.

Ármann Snævarr og Ólafur Lárusson (ritstjórar). (1955). *Lagasafn: Gildandi lög Íslenzk vorið 1954*, (1. bindi). Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið.

Ásgeir Guðmundsson. (1984). *Saga Hafnarfjarðar 1908–1983*, (3. bindi). Hafnarfjörður: Skuggsjá.

Björn Pétursson og Steinunn Þorsteinsdóttir. (2008). *Hundrað: Hafnarfjörður 1908–2008*. Hafnarfjörður: Hafnarfjarðarbær.

- Björn Pétursson og Steinunn Þorsteinsdóttir. (2012). *Höfnin: Saga Hafnarfjarðarhafnar*. Hafnarfjörður: Ljósmynd útgáfa. Byggðasafn Hafnarfjarðar. (1958, 23. desember). *Hamar*, bls. 13 og 22.
- Byggðasafn Hafnarfjarðar. (2012). *Ársskýrsla Byggðasafns Hafnarfjarðar*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- Byggðasafnið í Hafnarfirði mun falla til sjóminjasafns. (1979). *Sjómannablaðið Víkingur*, 17(41), bls. 46–47.
- Einar Vilhjálmsson. (1986). Sjóminjasafn. *Sjómannablaðið Víkingur*, 3(48), bls. 54.
- Gils Guðmundsson. (1979, 10. júlí). Hugmyndin um sjóminjasafn gleymd og grafin? *Þjóðviljinn*, bls. 6.
- Helgi Máni Sigurðsson og Íris Gyða Guðbjargardóttir. (2014). *Sjóminjasafnið í Reykjavík: 10 ára afmælisrit*. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur.
- Hér á sjóminjasafn Þjóðarinnar að rísa. (1974, 17. nóvember). *Þjóðviljinn*, bls. 12–13.
- Ísbirnir við innganginn, en steinar úr iðrum Reykjavíkur á hlaðinu. (1959, 17. júlí). *Vísir*, bls. 7.
- Jón Kristinn Gunnarsson. (1986). *Mannfólk og bin dýrin*. Hafnarfjörður: Rauðskinna.
- Jón Þ. Þór. (2003). *Saga sjávarútvegsins á Íslandi: Uppgangsar og barnings skeið*, (2. bindi). Reykjavík: Bókauktgáfan Hólar.
- Jón Þórarinnsson. (1898, 29. júlí). Frá Björgvinjarsýningunni. *Ísafold*, bls. 2.
- Kynnir líf og kjör forfeðra og formæðra. (1986, 10. júní). *Morgunblaðið*, bls. 32.
- Ólafur Þ, Kristjánsson. (1946). *Magni 25 ára*. Hafnarfjörður: Magni.
- Ómar Smári Ármannsson og Ragnheiður Traustadóttir. (2013). Merkur maður: Gísli Sigurðsson. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 1, bls. 161–168.
- Rannveig Tryggvadóttir. (1971). Í minningu mætrar konu, Þorbjargar Sigurðardóttur Bergmann. *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 8–10.
- Sigurður Skúlason. (1933). *Saga Hafnarfjarðar*. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan.
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Heiða Björk Árnadóttir. (2013). Etnógrafísk endurnýjun íslenskra safna. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 1, bls. 91–112.
- Sjóminjasafn í Hafnarfirði. (1974). *Sjómannablaðið Víkingur*, 2(36), bls. 47–48.
- Sjóminjasafn vantar. (1973, 28. júlí). *Alþýðublaðið*, bls. 5.
- Skjalasafn Bókasafns Hafnarfjarðar. (1949). Bæjarráð Hafnarfjarðar. Fundargerðabók bæjarráðs Hafnarfjarðar.
- Skjalasafn Bókasafns Hafnarfjarðar. (1949). Bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Fundargerðabók bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.
- Skjalasafn Bókasafns Hafnarfjarðar. (1953). Bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Fundargerðabók bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.
- Skjalasafn Hafnarfjarðarbæjar. Byggðasafn Hafnarfjarðar. Málaskrá # 1311049. Stofnskrá Byggðasafns Hafnarfjarðar.
- Skjalasafn Hafnarfjarðarbæjar. Byggðasafn Hafnarfjarðar. Málaskrá # 09102152. Söfnunartefna Byggðasafns Hafnarfjarðar.
- Skjalasafn Hafnarfjarðarbæjar. Sjóminjasafn Íslands. Málaskrá # 1403033, bréf 265. Samningur um uppbyggingu Sjóminjasafns Íslands í Hafnarfirði.
- Skjalasafn Hafnarfjarðarbæjar. (1979). Byggðasafnsnefnd Hafnarfjarðar. Fundargerðabók byggðasafnsnefndar Hafnarfjarðar.
- Skjalasafn Hafnarfjarðarbæjar. (1982). Byggðasafnsnefnd Hafnarfjarðar. Fundargerðabók byggðasafnsnefndar Hafnarfjarðar.
- Skjalasafn Hafnarfjarðarbæjar. (1986). Byggðasafnsnefnd Hafnarfjarðar. Fundargerðabók byggðasafnsnefndar Hafnarfjarðar.
- Skjala- og minjasafnið í Árbæ verður opnað á sunnudag. (1957, 20. september). *Tíminn*, bls. 2.
- Stefán Júlíusson. (1996). *Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar 50 ára*. Hafnarfjörður: Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar.
- Stund í Ásbúðarsafni: Við lúðraþyt liðins tíma. (1955). *Frjáls þjóð*, 35(4), bls. 6.
- Verður Sívertsenshúsið í Hafnarfirði flutt í Hellisgerði? (1953). *Alþýðublaðið*, bls. 8.
- Verður Sívertsens-húsið í Hafnarfirði notað fyrir Byggðasafn? (1953, 28. janúar). *Morgunblaðið*, bls. 6.
- Viktória Bjarnadóttir. (1954). Tvær systur, Guðlaug Sigurðardóttir. Þorbjörg Sigurðardóttir Bergmann. *Hlín*, 1(36), bls. 24.
- Viti maður af gömlum hlut er maður ekki í rónni fyrr en hann er fenginn. (1973, 20. október). *Þjóðviljinn*, bls. 8.
- Þjóðminjasafnið. (1944, 12. júní). *Ingólfur*, bls. 2.
- Munaskrá Sjóminjasafnsins. (1983). Þjóðminjasafn Íslands.
- Þjóðminjasafnið opnar Ásbúðarsafn Andrésar Johnson. (1955, 6. september). *Morgunblaðið*, bls. 16.
- Þór Magnússon. (1992). Byggðasöfnin og hlutverk þeirra. Í Helgi M. Sigurðsson (ritstjóri), *Söguspegil afmælisrit Árbæjarsafns*. Reykjavík: Árbæjarsafn og Hið íslenska bókmenntafélag.





## Minjasafn Reykjavíkur Helgi Máni Sigurðarson

Byggð í Reykjavík nær allt aftur til ársins 871 +/- 2 samkvæmt opinberum heimildum. Reykjavík sem þéttbýli er hins vegar ekki gömul, aðeins eru liðnar rúmlega tvær aldir frá kaupstaðarstofnun, 1786. Á 19. öldinni gekk allt síðan fremur rólega fyrir sig. En um aldamótin 1900 skall holskefla breytinga á bænum, bæði í atvinnu- og menningalífi. Þá var fljótlega farið að tala með eftirsjá um hina gömlu Reykjavík sem hafi horfið svo skyndilega. Halldór Laxness lýsti því árið 1925 á þessa leið:

„Í einu vetfangi hefur bærinn tekið þeim stakkaskiptum að miðaldra Reykvíkingur innfæddur er nú orðinn nokkurs konar útlendingur í sínum eigin bæ. Allt er orðið nýtt; hinu gamla hefur verið umturnað miskunnarlaust og rótað burt, frá þjóðminjum, eins og Steinkudys og Battaríinu, og allt niður á öskuhauga, ný borg verið byggð í sama flaustrinu og kanadískur nýlendubær“ (Halldór Guðmundsson, 2007, bls. 39).

Segja má að mikil umbrot og hraðar breytingar hafi einkennt borgina alla 20. öldina. Árið 1980 var roskinn maður spurður hvort eitthvað hefði breyst í hans tíð. Hann sagði: „Allt nema Esjan“ (Eggert Þór Bernharðsson, 2014, bls. 7).

Hinn almenni Reykvíkingur lét sér þetta yfirleitt vel líka, flest þókaðist í rétta átt, fólk hafði meira að

bíta og brenna og húsakynni bötnuðu. En fleira skipti máli en hin efnislegu gæði, til að mynda virðing og ræktarsemi bæjarbúa við sitt nánasta umhverfi. Lárus Sigurbjörnsson, síðar minjavörður, skrifaði um það árið 1942 að áttthagatilfinningin væri greinilega ekki ráðandi þáttur í fari Reykvíkinga. Enda væri meirihluti þeirra aðfluttur, rúmlega 60% árið 1930, og liti á sig sem utansveitarmenn fram eftir öllum aldri. Þeir sem væru bornir og barnfæddir Reykvíkingar litu líka enn oft á sig sem íbúa síns bæjarhluta fyrst og fremst, þ.e. Vesturbæjarins, Miðbæjarins og Austurbæjarins. Þess vegna talaði fólk sjaldan um bæinn sinn, Reykjavík, hvort hann væri fallegur eða ljótur, hvað mætti betur fara í honum, hvað það vildi gera fyrir hann og svo framvegis (Lárus Sigurbjörnsson, 1942).

### Úr fiskiveri í borg

Um þetta leyti var vitund bæjarbúa um sögu sína og uppruna að styrkjast. Félagið Ingólfur hafði verið stofnað árið 1934 og gaf út söguritíð Landnám Ingólfs. Enn skýrara merki var að Reykvíkingar stofnuðu áttthagafélag, Reykvíkingafélagið, árið 1940. Af tilviljun bar stofndag þess upp á hernámsdeginum, 10. maí, en það var reyndar viðeigandi því að þótt setuliðið færi með friði gagnvart bæjarbúum þá fylgdu þeim marg-  
vísleg menningaráhrif, góð og slæm. Stofnfélagar hins nýja félags voru á annað hundrad og héldu þeir uppi öflugum félagsstarfi næstu árin. Voru þeir á tímabili með

mjög metnaðarfull áform um eflingu borgarmenningar og létu sig m.a. varða sögulegar minjar í Reykjavík (Hrefna Róbertsdóttir, 1992).

Árið 1942 skrifaði Árni J. I. Arnason bókarí bæjarráði bréf þar sem hann mælti með að komið væri upp minjasafni fyrir Reykjavík „sem sýni öll stig hinnar öru þróunar bæjarins úr litlu fiskiveri í borg og hvaðan þessi þróun hefur fengið næringuna – kraftinn – mismunandi lífnaðarhætti, klæðaburð, tækni, húsnæði, skipakost (í módelum) og hvernig bærinn hefur vaxið. (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1942, 22. nóvember). Árni hafði sem sagt í huga að safnið fjallaði um hvernig bærinn hafi orðið til, hvernig hann þróaðist í það sem hann var. Bæjaryfirvöld tóku vel í erindið en aðhöfðust lítið að svo stöddu (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1942, 24. október).

Ári seinna, 1943, fór Reykvikingafélagið fram á að bærinn úthlutaði félaginu lóð undir húsbýggingu fyrir starfsemi sína. Einnig yrði þar komið fyrir „byggðasafni fyrir Reykjavík allt frá dögum Ingólfs Arnarsonar, þar sem hægt væri að sýna hverja framþróun bær Ingólfs hefur tekið frá hans tíð ... Jafnframt yrði komið upp „æskulýðsheimili fyrir reykvísku æsku“ (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1943, 28. apríl). Þessar hugmyndir eru lýsandi fyrir tíðarandann á stríðsár-unum, 1940–1945, þegar allt var á hverfanda hveli og þúsundir erlendra hermanna á götunum.

### Minjavarsla í Reykjavík fyrir og um 1950

Á fyrri hluta 20. aldar fór lítið fyrir minjavörslu í Reykjavík. Framan af beindist hún mest að lausum minjum sem rötudu til Þjóðminjasafnsins. Húsvörnd átti ekki upp á pallborðið og fornleifavernd var ekki komin til sögunnar. Í fyrsta heildarskipulagi Reykjavíkur, frá árinu 1927, er gert ráð fyrir að timburhúsin víki fyrir steinhúsum í miðbænum og yfirleitt miðað við 2–3 hæða byggð þar. Þá þegar var byrjað að vinna eftir þeirri stefnu því að á lóðum, sem höfðu staðið auðar eftir brunann mikla árið 1915, höfðu risið steinsteypuhús upp á 4–6 hæðir, m.a. hús Nathan og Olsen í Austurstræti 16, Landsbankinn og skrifstofuhús Eimskipafélagsins. Til þessara húsa var gjarnan lítið sem fyrirmynda (Bjarni Reynarsson, 2014).

Árið 1943 kynnti Einar Sveinsson, húsameistari Reykjavíkur, síðan nýja tillögu að framtíðarskipulagi miðbæjar Reykjavíkur. Þar voru lagðar til róttækar breytingar á gatna- og lóðaskipan til þess ekki síst að greiða fyrir bílaumferð. Í því skyni skyldu flest timburhús í miðbænum rifin, m.a. allt Grjótaþorpið og húsin við Tjarnargötu. Í staðinn kæmu stærri hús, steinsteypt. Meðal sögulegra húsa sem standa skyldu áfram í Kvosinni voru Alþingishúsið og dómkirkjan. Svipaðar hugmyndir komu oft fram næstu tvo áratugina og voru í samræmi við tíðarandann víða í Evrópu á þeim tíma. En endanleg ákvörðun um skipulag var ekki tekin því að ekki var full samstaða um hvernig byggja ætti upp í

Kvosinni, þ.e. hve hátt og þétt og hvernig ætti að standa að friðun eldri húsa (Bjarni Reynarsson, 2014).

Árið 1947 voru samþykkt á Alþingi lög um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn.

Samkvæmt þeim hafði Þjóðminjavörður heimild til að friða hús og önnur mannvirki vegna menningar-sögulegs gildis þeirra eða af öðrum ástæðum. Það virðist hafa ýtt við borgaryfirvöldum varðandi hús-verndina. Í lögnum var einnig hvatt til stofnunar byggðasafna því að heitið var framlögum úr ríkissjóði til stofnunar og reksturs þeirra. Þessi lög höfðu mikil áhrif því að byggðasöfn voru stofnuð eitt af öðru á næstu árum (Lög um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn nr. 8/1947).

Sama ár og minjalögin voru sett samþykkt bæjarráð Reykjavíkur að efna til sýningar um þróuna-rsögu höfuðstaðarins og byggðar í Reykjavík frá fyrstu tíð. Jafnframt var samþykkt viljafyrirsýning um að koma upp bæjarsafni Reykjavíkur og stöðu vonir til að með Reykjavíkursýningunni myndast stofn að slíku safni (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1947, 28. apríl). Reykjavíkursýningin var haldin árið 1949 í hinu nýreista húsi Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu. Hún var fyrst og fremst viðamikil kynning á vörum og þjónustu í Reykjavík en hinum sögulega þætti voru einnig gerð skil. Hins vegar safnaðist ekki mikið af munum („Árbær fer í eyði“, 1948; „Skjalasafn Reykjavíkur“, 1950).

Borgin hafði keypt jörðina Árbæ í Mosfellssveit árið 1906. Búskapur var þar þó áfram til ársins 1948 en þegar hann lagðist af var búist við að húsin yrðu rifin. Reykvikingafélagið leit svo á að þar með hyrfi seinasti bærinn byggður í íslenskum stíl sem eftir væri í nágrenni Reykjavíkur („Árbær fer í eyði“, 1948). Fór félagið fram á það við borgina að því yrði falin umsjá bæjarhúsanna ásamt hæfilegri túnsplíðu. Rökin fyrir því voru meðal annars að þau væru „traustur tengiliður milli fornrar og nýrrar menningar“ og hentugt tækifæri skapaðist til þess „að geyma þar og halda til haga ýmsu því sem nú er að líða undir lok í menningu íslensku þjóðarinnar“ (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1948, 18. ágúst). Bæjarráð varð við beiðninni.

### Tillaga um Gamla bæinn – stofnun safns

Vorið 1954 komst hreyfing á safnamálin á ný því að þá fól borgarstjóri Lárusi Sigurbjörnssyni að leggja fram tillögu að byggðasafni. Það gerði hann en fjallaði þar aðallega um varðveislu gamalla húsa. Hann gekk út frá því að timburhúsin í miðbæ Reykjavíkur mundu óhjákvæmilega vikja fyrir nýjum húsum, spurningin væri aðeins hvort þau yrðu rifin eða flutt annað. Hann mælti með að sérstaklega valin hús væru flutt á einn stað og látin mynda sérstakt hverfi sem fengi nafnið Gamli bærinn. Húsin þyrftu að vera „tengd minningum um ákveðna menn, störf eða embætti og bera nafn eftir því í Gamla bænum“ (Skjalasafn Borgarsögusafns



Mynd 34

Reykjavíkur, 1954, 14. júní).

Í skýrslunni mælti Lárus með nokkrum húsum. Sum þeirra yrðu notuð fyrir byggðasafn, í þau færðu munir sem þar ættu heima. Önnur hús mætti leigja út til einstaklinga eða félaga. Á safninu þyrfti enn fremur að gera ráð fyrir safnbyggingu og veitingahúsi (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1954, 14. júní). Í tillögu sinni nefndi Lárus að Öskjuhlíð gæti verið heppilegur staður fyrir safnið. Sama ár mæltist borgarstjóri til þess við Jón Leifs tónskáld að hann athugaði mögulega staðsetningu minjasafns. Hann skoðaði einkum tvo kosti, Árbæ og Viðey (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1954, 9. ágúst).

Hinn 7. október 1954 gerðist það síðan að bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkti stofnun Minja- og

skjalasafns Reykjavíkur og var Lárus Sigurbjörnsson ráðinn forstöðumaður þess. Var honum falið að leggja fram tillögur um stefnu safnsins, staðarval og tilhögun og einnig að hafa vakandi auga með sögulegum minjum bæjarins (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1954, 7. október.). Eftir stofnun safnsins fóru strax að berast minjar til þess og var prentvél Ísafoldar frá 1878 þar á meðal. Það var merkur gripur en með henni var kynnt til sögunnar vandamál sem átti eftir að fylgja safninu síðan en það var skortur á geymslum (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1954, 28. október.).

Um þetta leyti kom í ljós að Reykvíkingafélagið ætti erfitt með að varðveita Árbæinn (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1955, 14. september).



Mynd 35

07

Lagði Lárus til að hann væri tekinn úr vörslu félagsins, bær og tún væru friðlýst og skipulögð sem minjasavæði og bæjaryfirvöld sæju um að lagfæra bæjarhúsin. Hann mælti einnig með að gömul hús „sem standa í vegi fyrir nýjum byggingum en varðveita þarf af bæjarsögulegum ástæðum“ væru flutt upp á tún Árbæjar. Nefndi hann Vesturgötu 7 (Sjóbúð) og Smiðshús sérstaklega í því sambandi. Ef ákvörðun yrði tekin um að hafa minjasafn bæjarins annars staðar væri auðvelt að flytja húsin aftur en Árbæjartúnið gæti einnig verið minjasvæði til frambúðar (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1955, 14. sept).

Hér virtist Lárus farinn að hallast frekar að Árbænum en Öskjuhlíð sem safnsvæði. Það sem mælti með honum var nóg landrými, ekki var byrjað að byggja austan Elliðaána. Þess vegna var hægt að koma þar fyrir eins mörgum flutningshúsum og þörf krefði og það var Lárusi efst í huga. Með þessu staðarvali var einnig eflaust komist hjá ýmsum hindrunum sem fyrir hendi hefðu verið annars staðar. Auk þess voru þar fyrir bæjarhús Árbæjarins sem vafalaust mundi auka aðdráttarafli fyrirhugaðs safns. En viðbrögð við tillögu Lárusar voru lítil til að byrja með.

#### Almenningsgarður með sögulegum byggingum

Snemma árs 1957 fór Gunnar Thoroddsen borgarstjóri ásamt Lárusi og Hafliða Jónssyni, garðyrkjustjóra bæjarins, í vettvangsferð upp í Árbæ. Þessi vetur var

snjóþungur og lágu skaflar upp að burstum bæjarins og inn um alla glugga sem voru með brotnar rúður þannig að húsin voru full af snjó. Dvölin í húsunum var ekki löng en reynt var að skyggast inn í alla kima og skonsur og glöggva sig á stöðu mála. Ýmsir höfðu látið þá skoðun í ljós að húsin þyrfti að jafna við jörðu og byggja ný frá grunni og þá væri hægt að hafa þau eins og réttast væri að kunnustu manna mati. En þótt ástandið væri óárennilegt taldi Lárus lítil vandkvæði á að gera Árbæjarhúsin þokkalega útlitandi á ný og Hafliða fannst ekki rétt að andæfa því.

Nokkrum vikum síðar eða 16. apríl setti Gunnar borgarstjóri fram í bæjarráði eftirfarandi tillögu sem var samþykkt:

„Bæjarráð ákveður að hefjast handa um endurreisn Árbæjar og samþykkir að láta skipuleggja Árbæjartún og næsta nágrenni með það fyrir augum að friðlýsa svæðið. Bæjarráð ákveður að stefna að því að svæðið verði almenningsgarður og verði fluttar þangað eða endurreistar menningarsögulega merkar byggingar í bænum eftir því sem við verður komið“ (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1957, 16. apríl).

Lárusi, Hafliða Jónssyni og Gunnari Ólafssyni, skipulagsstjóra borgarinnar, var falið að gera tillögur um fyrstu skref varðandi verkefnið. Lárus var

greinilega drifkrafturinn í hópnum. Hann var mikill Sjálfstæðismaður og hafði góð sambönd inn í flokkinn, sem kom sér vel því að flokkurinn var við völd í borginni. Þá um sumarið vann hann kappsamlega að því að koma Árbæ í betra horf, var þar oft fram á nætur á virkum dögum og um helgar hafði hann hóp sjálfboðaliða sér til aðstoðar. Takmarkið var að opna Árbæjarsafn með formlegum hætti fyrir sumarlok og það tókst 22. september. Mikil umskipti höfðu þá orðið á gömlu húsunum í Árbæ og voru þau komin í allgott horf eftir hreinsun og lagfæringar. Í þeim hafði einnig verið komið fyrir allmiklu safni gripa sem vísi að byggðasafni. Og fánastöng var sett upp þar sem fáni blakti í fyrsta sinn. Lárus var í góðu sambandi við fjölmíðla og í gegnum þá hvatti hann borgarbúa til að koma og skoða húsin og þiggja kaffi og súkkulaði í stóru tjaldi sem sett hafði verið upp á túninu (Hafliði Jónsson, 1992).

Samtímis þessu héldu áfram að berast gjafir til safnsins. Skiptu þær tugum en stærst var safn Þorbjargar Bergmann sem taldi 378 gripi, marga hverja fagurlega útskorna, og eru þeir meðal helstu kjörgripa safnsins sakir aldurs og fágætis. Árið 1945 hafði Reykjavíkurbær keypt málverk og teikningar Jóns Helgasonar biskups af Reykjavík, 118 talsins, og var það einnig afhent safninu (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1957, 17. september.). Árið 1958 var síðan sett upp sýning á gömlum Reykjavíkurmýndum í Skúlatúni 2 og var aðsókn þar einnig góð. Þar var sögu- sýning næstu árin og sömuleiðis tekið á móti nýjum safngripum (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1958).

### Hornaleikur, gömlu dansarnir og brenna

Árið 1958 mælti undirbúningsnefnd safnsins með því að flytja hið fyrsta þrjú hús á tún Árbæjar, þ.e. Smiðshús, Dillonshús og Sjóbúð, og lét hún fylgja tillögu að staðsetningu þeirra. Einnig lagði nefndin fram lista yfir sjö hús til viðbótar sem flytja ætti þegar tækifæri gæfist. Á sama tíma hugaði Lárus að húsgögnum og öðrum búnaði fyrir væntanleg hús (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1958, 25. nóv.). Tillögu nefndarinnar var vel tekið og fyrsta flutningshúsið, Smiðshús, kom á safnið árið 1960. Smíði kirkju lauk það ár sömuleiðis (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1960, 19. desember.).

Árbæjarsafn var opið í þrjá mánuði ársins yfir sumarmánuðina en utan þess tíma var ferðamönnum og hópum boðið upp á leiðsagnir. Aðsókn fór vaxandi, gestir voru um 7.000 árið 1960 en voru tveimur árum síðar komnir í 18.000. Útlendingar voru í meirihluta á virkum dögum en heimamenn voru fleiri um helgar (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, e.d.). Árið 1961 hófust glímu- og þjóðdansasýningar á danspalli sem reistur var skammt austan við Árbæinn. Glíman varð árviss um langt skeið og ætíð á vegum sama aðila,

glímufélagsins Ármanns. Á þessum tíma lék veðrið ekki alltaf við gesti frekar en endranær, t.a.m. var Jónsmessuvöku aflýst 1962 vegna veðurs en á dagskrá hennar hafði verið hornaleikur, gömlu dansarnir og brenna (Hörður Gunnarsson, 1968).

Eiginkona Lárusar, Sigríður Árnadóttir, hafði umsjón með veitingarekstri á Árbæjarsafni fyrsta áratuginn og dætur þeirra hjóna unnu mikið við framreiðslu og gæslu á safninu. Fyrsti fasti starfsmaður Árbæjarsafns og umsjónarmaður þess í nokkur ár var Skúli Helgason, fjólhæfur maður og áhugasamur (Steinunn Bjarmann, 1992; Hafliði Jónsson, 1992) og kom að uppbyggingu Byggðasafns Árnésinga.

### Tillit tekið til upprunalegrar gerðar

Í árslok 1964 var Árbæjarsafni sett stjórn sem í sátu Hafliði Jónsson, Sigurjón Sveinsson og Hörður Ágústsson listmálari. Hún skyldi starfa í umboði borgarráðs og taka ákvarðanir um helstu mál sem vörðudu safnið, marka því stefnu, semja fjárhags- áætlanir o.s.frv. Lárus Sigurbjörnsson var titlaður framkvæmdastjóri safnsins og sat fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Þar skertust völd Lárusar formlega séð en með henni komst fastari skipan á stjórn safnsins (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1964, 10. nóv.; 1964, 18. nóv.).

Árið 1966 var talið nauðsynlegt að setja upp trésmiðaverkstæði á safninu vegna aðkallandi framkvæmda við flutningshúsin. Hús fyrir það reis það ár og voru keyptar í það smiðavélar ásamt tilheyrandi áhöldum og ráðnir tveir trésmiðir. Verkstæðið hefur verið starfrækt síðan og hafa trésmiðir verið mest fimm talsins að ráðsmanni meðtöldum (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1966, 14. des.; Ingvar Axelsson, 1992).

Fyrstu stóru verkefni smiðanna voru að endurgera Hábae og Efstabæ, sem voru íbúðarhús frá ofanverðri 19. öld. Að því búnu var komið að Árbænum. Hörður Ágústsson hafði gert um hann ítarlega skýrslu sem unnið var eftir. Lagði hann áherslu á að fullt tillit væri tekið til upprunalegrar gerðar húsanna og að þau væru endursköpuð í þeim anda og stíl sem þau væru sprottin úr (Hörður Ágústsson, 1968). Vel þótti takast til með Árbæinn en þau hús sem bætt var við í nágrenni við hann, þ.e. kirkjan og skráðhúsið, þóttu orka meira tvímælis. Þau áttu sér ekki fyrirmynd á staðnum og voru heldur ekki flutningshús (Hafliði Jónsson, 1992).

### Safn án forstöðumanns, 1967–1974

Lárus Sigurbjörnsson lét af störfum haustið 1967 eftir merkilegt brautryðjandastarf. Heilsa hans var þá tekin að bila en einnig var hann ekki fyllilega sáttur við stöðu Árbæjarsafns. Ágreiningsmálin voru aðallega tvö, að setja geymslur safnsins á Korpúlfsstaði og breytt aðkoma að safninu þegar Suðurlandsvegur var færður þangað sem hann er nú. Við hina breyttu

aðkomu að safninu fannst honum það skoríð frá og skilið eftir „á eyðiskeri.“ Í tengslum við brottvarf hans var ákveðið að skipta embætti skjala- og minjavarðar í tvennt. Skjalavörður tæki við skjalasafni borgarinnar en minjavörður skyldi fara með stjórn minjasafnsins að Skúlatúni 2 og Árbæjarsafns, svo og eftirlit með hvers konar minjum í Reykjavík. Staða minjavarðarins var nú auglýst en engin umsókn barst, hugsanlega vegna lágra launa en sennilega frekar vegna þess hve fáir höfðu menntun og reynslu á sviði safnamála í landinu á þeim tíma. Nú var úr vöndu að ráða. Við tók millibilsástand þar sem stjórn safnsins starfaði áfram og Hafliði Jónsson, áður helsta hjálparhella Lárusar, hafði yfirumsjón með rekstri safnsins. Hann réð meðal annars sumarstarfsfólk og var Rannveig Tryggvadóttir lengi umsjónarmaður með því (Steinunn Bjarman, 1992; Hafliði Jónsson, 1992).

Á árunum 1968–1970 lét borgarráð gera könnun á menningarsögulegu og listrænu gildi gamalla húsa í Reykjavík. Skyldi hún veita leiðsögn um hvaða hús bæri að varðveita á staðnum og hver skyldu flutt og varðveitt annars staðar, t.d. á Árbæjarsafni, vegna nauðsynlegra skipulagsbreytinga eða annars (Hörður Ágústsson og Þorsteinn Gunnarsson, 1970). Meðal niðurstaðna könnunarinnar var að flytja skyldi á Árbæjarsafn 17 hús og var tiltekið hver þau væru. Auk þess var mælt með sex húsum til viðbótar á safnið sem valin yrðu út frá þeim tilgangi að fylla í eyður í byggingarsögunni, þannig að safnið gæfi sem gleggsta heildarmynd af húsagerðum fyrri tíðar. Þegar hér var komið sögu höfðu fjögur hús verið flutt á safnsvæðið og var því gert ráð fyrir að 27 flutningshús yrðu þar á endanum.

Í framhaldi af þessu var unnið heildarskipulag fyrir safnið og gerð drög að nýrri minjasafnsbyggingu, nútímahúsi í gömlum stíl með fjórum sýningaröllum. Skipulagið var samþykkt í safnstjórninni árið 1972 og næstu árin voru sex hús flutt á safnið: Þingholtsstræti 9, Laufásvegur 31, Kirkjustræti 12 (Líkn), Nýlenda, Miðhús og fiskhjállur. En eftir að nýr forstöðumaður var ráðinn að safninu, 1974, dvínaði áhuginn á skipulaginu (Þorsteinn Gunnarsson, 1992).

### Það vantaði flest í safn

Árið 1974 var loks ráðinn nýr safnstjóri Árbæjarsafns, Nanna Hermansson, sem jafnframt var borgarminjavörður Reykjavíkur. Safnstjórnarnir urðu fjórir á næstu 40 árum og áttu ýmislegt sameiginlegt. Nanna var þjóðháttafraeðingur að mennt og hafði búið lengst af í Svíþjóð. Henni fannst vera sín á Árbæjarsafni skemmtilegasti tíminn á starfsævi sinni. En safnið hafi verið vanbúið að flestu leyti. Til að mynda hafi verið gert ráð fyrir að hún hefði húsnaði til íbúðar í Laufásvegshúsinu og þar áttu einnig að vera skrifstofur safnsins. Og húsið var komið á sinn stað en það vantaði rafmagns- og vatnslagnir og þær komu ekki fyrir en hálfu ári seinna. Hún og eiginmaður hennar bjuggu

því í kjallara Reykhóla, íbúðarhúsi ráðsmanns, fyrstu mánuðina og þar voru einnig skrifstofa safnsins, geymsla og fleira. Ólafur Bárður Jónsson, sem þá var ráðsmaður, bjó á efri hæðinni. Hann var fullur áhuga á starfi sínu og hjálpsamur (Nanna Hermansson, munnleg heimild, 23. september 2014).

Árið 1974 var stefna Árbæjarsafns enn óljós á ýmsum sviðum. Nanna fann lítið um hana frá Lárusi Sigurbjörnssyni eða stjórn safnsins en gerði ráð fyrir að borgaryfirvöld óskuðu eftir uppbyggingu útisafns fyrst og fremst, út á það hafði starfsemin gengið frá 1957. Útisöfn eru sérstök gerð safna sem sérhæfa sig í söfnun og endursmiði gamalla bygginga, stundum nokkurra en stundum margra, oft á viðáttumiklum svæðum. Umhverfi húsanna er yfirleitt lagað að þeim og mótað með einum eða öðrum hætti. Flest útisöfn má þess vegna skilgreina sem húsasöfn. Á þeim er yfirleitt lögð áherslu á daglegt líf fólks af öllum stéttum og felst styrkleiki þeirra meðal annars í nálægðinni við náttúruna, sem var stór áhrifavaldur. Nanna gerði ráð fyrir að fyrirmyndir Árbæjarsafns væru útisöfn í nágrannalöndunum eins og Skansen í Stokkhólmi, Frilandsmuseet í Lyngby, Danmörku, og Norsk Folkemuseum í Bygdøy, Noregi, sem voru öll gömul og gróin. Skansen er til að mynda elsta útisafnið í heiminum, stofnað 1891 (Nanna Hermansson, 1981).

Á skrifstofu safnsins vantaði flest það sem unnið er með í safnastarfi. Til að mynda var bókakostur skrifstofunnar ekki annað en ritsafn Jónasar Hallgríms-sonar. Þar var einnig sími og skrifborð fyrrum borgarstjóra, annað ekki. Skrifstofan var flutt árið 1975 í Laufásvegshúsið, um leið og forstöðumaðurinn, og þá var sömuleiðis keypt rafmagnsrítivél sem Ólafur ráðsmaður smíðaði borð undir. Starfsmenn safnsins á þessum tíma voru, auk Nönnu og Ólafs Bárðar, Júlíana Gottskálksdóttir listfræðingur, tveir smíðir og sumarfólk (Nanna Hermansson, munnleg heimild, 23. september 2014).

Í aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 1962–1983 var gert ráð fyrir Höfðabakkabraut þar sem hún er nú, þ.e. við austurjaðar safnsvæðisins. Nönnu fannst hún þrengja að safninu, borgin gæti sett veg ofar í dalnum, en því varð ekki breytt og árið 1982 hófust framkvæmdir við veginn og einnig húsbyggingar í nýju íbúðahverfi í Ártúnsholti. Þá var aðkomu að safninu breytt, miðasalan flutt og bílastæði lagfærð en austursvæði safnsins hafði verið eitt svæð. Á þeim tíma voru uppi hugmyndir um að landsbyggðarsafn risi fyrir vestan Árbæjarsafn. Þar fengi almenningur tækifæri til að kynnast byggingum frá sem flestum landshornum, sem hann annars ætti ekki greiðan aðgang að. Sömuleiðis yrði tækniminjasafn reist í Elliðaárdal í tengslum við gömlu rafstöðina. Hvorugt varð að veruleika (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1985, 13. maí).

Fjárframlög til Árbæjarsafns hækkuðu nokkuð



07

Mynd 36

fyrsta árið eftir komu Nönnu, úr 7 milljónum í 15 milljónir, þar af var um helmingurinn verðbætur. Verðbólgan í landinu var nálægt 50% á þessum árum og var þess vegna allt sem mögulegt var keypt fyrir safnið strax í janúar, til að nýta fjármunina sem best, og var rekstrarfé iðulega búið um mitt ár (Nanna Hermansson, 1981; Nanna Hermansson, munnleg heimild, 23. september 2014). Fjárveitingar hækkuðu smám saman að raungildi og árið 1982 voru stöður á skrifstofu safnsins orðnar fjórar og hálf. Auk þess unnu þrír smiðir að jafnaði við safnið og háskólamenntaðir starfsmenn voru ráðnir í tímabundin verkefni (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1985, 13. maí).

### Það á að rífa Grjótaþorp

Nanna leit svo á að brýnasta verkefni samtímans væri húsvernd. Henni fannst óþægilegt að sjá þegar Zimsen–húsið við Lækjartorg var rífið vorið 1974. Þetta trausta bjálkahús varð fyrir brotkúlunni aftur og aftur og gaf ekki eftir fyrr en seint og um síðir. Það sýndi hve lítill fúi hafði verið í því. Torfusamtökin unnu á þeim tíma að því að bjarga Torfunni og höfðu sitt fram. Árið 1975 var síðan alþjóðlegt húsafríðunarár Sameinuðu þjóðanna sem var mjög gagnlegt og uppörvandi fyrir málstaðinn. Ýmsir fengu þá aukinn skilning á gildi gamalla húsa.

Eina helgina árið 1975 bárust Nönnu þær fregnir í útvarpinu að rífa ætti Grjótaþorp og leggja veg í gegnum það til að tengja saman Geirsgötu og Suðurgötu. Hlaupið var til, málið kannað og kom í ljós að það var samkvæmt gildandi aðalskipulagi fyrir borgina. Í skýrslu frá árinu 1969 um varðveislugildi Grjótaþorps hafði niðurstaðan sömuleiðis verið neikvæð, þ.e. á þessa leið: „Byggðin er úrelt og endurnýjunar er sterklega þörf“ (Bjarni Reynarsson, 2014, bls. 239; Hörður Ágústsson og Þorsteinn Gunnarsson, 1970). Það þótti Nönnu ekki sannfærandi, hún fékk Elínu Pálmadóttur, formann umhverfismálaráðs, sem á þeim tíma var orðið stjórn safnsins, í lið með sér og hafði hún í gegn frestun á framkvæmdum. Þar með vann safnið tíma til að gera athugun á húsunum í Grjótaþorpi og meta þau.

Helstu heimildir um Grjótaþorpið, og gömul hús í Reykjavík yfirleitt, voru brunavirðingar Reykjavíkur sem varðveittar eru á Borgarskjalasafni. Helstu prentuðu heimildir, auk sagnfræðiritra, voru skrif Árna Óla og Jóns Helgasonar biskups. Notað var danskt skýrsluform fyrir húsin, samræmd úttekkt og mat, og húsin mæld upp og teiknuð. Síðan var gefin út skýrslan Grjótaþorp 1976. Lykilatriði var þá, að sögn Nönnu, að fá sönnun fyrir tölulegu verðmæti húsanna, að þau væru ekki bara rusl. Niðurstaða könnunarinnar var að í Grjótaþorpi væru 28 húseignir sem væru þess virði að vera varðveittar vegna menningarsögulegs gildis. Ástand húsanna í hverfinu væri á þá leið að endurnýja þyrfti þau um þriðjung að jafnaði miðað

við að þau væru gerð sem ný. Árið 1979 ákvað skipulagsnefnd borgarinnar síðan að „Grjótaþorp 1976“ yrði grundvöllur tillagna um varðveislu. Árangur þess varð umtalsverður eða sá sem nú má sjá í Grjótaþorpi. Nokkur hús voru rífin, meðal annars Fjalakötturinn, Aðalstræti 8, en mörg fengu að standa. Grjótaþorpsmálið jók virðingu Árbæjarsafns verulega, að minnsta kosti innan þess hóps borgarbúa sem létu sig minjavörslu varða.

Nanna beitti sér einnig fyrir að fá læknisbústaðinn frá Kleppi á safnið, árið 1978. Hann var talinn brunagildra því að hann var samtengdur spítalanum og þess vegna stóð til að rífa hann. En hann var vel hannað hús og traust og bauð upp á ýmsa notkunarmöguleika, meðal annars myndageymslu í kjallara og sýningar. Öðru máli gegndi með Suðurgötu 7, sem einnig átti að víkja en kom á safnið 1983. Hún var eldri, frá árunum 1833–1874, og átti sér merkilega byggingarsögu. Nanna áleit tilvalið að sýna hana að utan og innan.

Ólafur Bárður rádsmaður taldi á þessum tíma að konurnar á skrifstofunni væru of uppteknar af húsvernd. Hann vildi að þær ynnu meira með safngripina sem biðu í lélegum geymslum á Korpúlfsstöðum. Nanna var sammála því að þeir sætu á hakanum en ekki væri hægt að sinna öllu samtímis. Hún lýsti ágætlega gildi safngripa í lítilli bók sem fjölfölduð var árið 1981 og bar nafnið Hvað er ÁBS. Þar sagði hún meðal annars: „Líta má á munina sem brot úr heild sem við getum ekki varðveitt alla en með þessum brotum er hægt að segja langa sögu“ (Nanna Hermansson, munnleg heimild, 23. september 2014; Hjörleifur Stefánsson og Peter Ottosson, 1980; Nanna Hermansson, 1981, bls. 29).

### Gamall vélakostur

Viðhorf borgaryfirvalda og almennings til uppbyggingar gamla miðbæjarins í Reykjavík breyttust talsvert á áttunda áratugnum. Stuðningurinn við aðalskipulag Reykjavíkur 1962–1983 dvínaði og meiri áhugi varð fyrir að varðveita svipmót eldri hluta borgarinnar. Samt voru til hús sem talin voru menningarsögulega merk en færðu illa á sínum stað og fengur yrði fyrir borgina að yrðu flutt á Árbæjarsafn. Enn fremur var stefnt að því að hafa umhverfi húsanna á safninu sem líkast því sem verið hafði þar sem þau stóðu upphaflega (Nanna Hermansson, 1981).

Eitt af fyrstu verkefnum Nönnu var að koma upp húsi yfir gamlan vélakost. Eimreiðin Pioner sem notuð hafði verið við hafnargerðina í Reykjavík á árunum 1913–1917 stóð úti ásamt valtaranum Bríeti, sem var frá árinu 1912, og var hvort tveggja farið að láta talsvert á sjá vegna ryðs. Yfir þessi tæki var reist skemma árið 1976, sem einnig nýttist fyrir sýningar og á vetrum kom hún að notum í safnkennslu. Annað stálgrindarhús var reist fyrir safnmuni, tekið í notkun



árið 1980, og var fluttur í það hluti þeirra gripa sem verið höfðu á Korpúlfsstöðum. Gullborinn svokallaði, sem aldrei fann gull en borað hafði fyrir jafngildi þess, þ.e. heitu vatni, var endurbýggður á safninu á vegum Hitaveitu Reykjavíkur árið 1978 (Nanna Hermansson, munnleg heimild, 23. september 2014; Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1985, 13. maí; Járnbrautin í Reykjavík, 1982).

Líkn var fyrsta húsið sem Nanna hafði umsjón með að endurbýggja. Þar var haft í huga að sýna almenningi hvernig gera mætti gamalt hús vistlegt og eftirsóknarvert til íbúðar í nútímanum. Notað var t.d. heimilislegt, sænskt veggfóður sem þótti þjóna þeim tilgangi. Fordást var að ofgera í standsetningu með íburðarmiklum rósettum o.þ.h. Á efri hæð Líknar var skrifstofum safnsins komið fyrir árið 1978 og þótti það mikil framför. Herbergin þar eru þó svo lítil að skrifborðin varð að sníða sérstaklega á verkstæði borgarinnar. Þar var aðeins ein ritvél og án leiðréttingarborða en bætt úr því síðar. Af öðrum framfaraskrefum sem tekin voru um þetta leyti má nefna skiptiborð fyrir síma, skjalaskápa og gormavél. En ekki fékkst fjárveiting fyrir ljósritunarvél og þurftu starfsmenn að leita á skjalasafn borgarinnar til þess (Nanna Hermansson munnleg heimild, 23. september 2014). Á neðri hæð Líknar voru borðstofa, bókasafn, eldhúskrókur og herbergi fyrir ljósmyndavinnu. Á bókasafninu var klukka, smíðuð af Magnúsi Benjamínssyni, sem á sínum tíma hafði verið klukka bæjarins, a.m.k. höfðu margir stillt klukkur sínar eftir henni meðan hún var í húsi Eimskipafélagsins í Pósthússtræti.

Það var engin mótsögn í því, að mati Nönnu, að vilja varðveita gamla miðbæinn samtímis því að búa til húsasafn. En hún átti oft erfitt með að útskýra hvernig varðveisla á safni styddi húsverndina. Á safninu væri hægt að skoða húsinn að utan og innan og sjá hvernig þau hefðu verið á ákveðnu tímabili, með húsbúnaði eða án. Allt aðrar kröfur væru gerðar til húss sem væri í notkun, t.d. sem heimili. Þá þyrfti að huga betur að einangrun, ýmsum lögnum og búnaði. Almenna reglan ætti þó að vera sú að húsinn fengju að vera áfram á sínum stað (Nanna Hermansson, munnleg heimild, 23. september 2014).

### Fiskafólk og Dalarósir

Opnaðar voru sumarsýningar á hverju ári í tíð Nönnu. Sumar þeirra voru unnar á safninu en aðrar komu frá söfnum erlendis frá. Sem dæmi um þessar sýningar voru: Myndir Jóns Helgasonar biskups 1977, leikfangasýning 1979, reiðtygjasýning 1980, Dalarósir úr Svíaríki 1982, gamlir Reykjavíkuruppdrættir 1983 og færeyska sýningin Fiskafólk 1984. Síðastnefnda sýningin var hluti af samstarfsverkefni sem nefnt var Útnorðursafnið. Afrakstur þess samstarfs var einnig sýning um reiðtygi sem sett var upp í Færeyjum og á Grænlandi.

Í tíð Nönnu komu skólaborð á Árbæjarsafn bæði á haustin og vorin, oftast að frumkvæði kennara. Útbúin voru verkefni fyrir börnin til að vinna á safninu og reynt að láta þau falla að námskrá skólanna en einnig haft í huga að söfn geta veitt börnum reynslu og þekkingu sem þau fá ekki annars staðar. Rannsóknir á eldri byggð Reykjavíkur héldu áfram eftir að Grjótaþorps–verkefninu lauk og var unnið að könnun Kvosarinnar og Þingholtanna. Sú vinna fór fram í samvinnu við borgarskipulag og voru niðurstöður notaðar við skipulagsvinnu í eldri hverfum borgarinnar. Þá var einnig unnið að norrænu samstarfsverkefni, Scandinavian Atlas of Historical Towns. Um var að ræða allmörg sögukort af Reykjavík sem gefin voru út í öskju árið 1988. Á 200 ára afmæli Reykjavíkur, 1986, var enn fremur gefið út dagatal með gömlum Reykjavíkuruppdráttum og því dreift í öll hús (Nanna Hermansson, 1981; Nanna Hermansson, munnleg heimild, 23. september 2014; Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, 1985, 13. maí).

### Braggi eða ekki

Ragnheiður H. Þórarinsdóttir þjóðfræðingur var ráðin borgarminjavörður árið 1984. Fyrsta árið leysti hún Nönnu Hermansson af en árið eftir var staðan auglýst og var hún þá valin úr hópi tíu umsækjenda. Í hennar tíð var stofnuð menningarmálanefnd borgarinnar og tók hún við sem stjórn safnsins af umhverfisnefnd. Stefna Ragnheiðar var að safnið væri varðveislu- og menntastofnun, lifandi safn. Einnig að safnið væri dálítið alhliða, ekki bara húsasafn. Í grein sem hún skrifaði árið 1986 benti hún meðal annars á hið samfélagslega gildi sem safn getur haft: „Með því að nýta sér nútíma fræðsluáferðir og tækni getur Árbæjarsafn gegnt mikilvægu hlutverki við að glæða þekkingu almennings á sögu okkar og þar með orðið til þess að auka skilning á því samfélagi sem við lifum í í dag.“ Ein helsta fyrirmynd Ragnheiðar var útisafnið Maihaugen í Lillehammer, Noregi. Hún hafði þó í meginatriðum sömu sýn á Árbæjarsafn og fyrirrennarar hennar (Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, 1987).

Þau voru ófá verkefni sem fyrir lágu árið 1984, þar á meðal hagnýtir hlutir eins og endurskipulagning á geymslum og flutningar á safngripum frá Korpúlfsstöðum. Hólmsheiðarbraggi, sem var frá stríðsárunum, var reistur á safninu og gerður að hús-gagnageymslu. En honum var einnig ætlað að sýna á safnsvæðinu braggaformið sem hafði verið mjög áberandi í bænum um langt skeið. Ekki voru allir ánægðir með það, sumir sögðu t.d. að braggarnir hefðu verið tákn um niðurlægingu þjóðarinnar.

Í tíð Ragnheiðar varð til núverandi deiliskipulag safnsvæðisins. Það var að mörgu leyti í samræmi við skipulagshugmynd Þorsteins Gunnarssonar frá 1972 en að þessu sinni voru húsinn hugsuð meira sem hluti af safninu heldur en eins og þau voru í bænum.



Mynd 37

Til að mynda var Suðurgata 7 ekki sett á götuhorn. Þá var safntorgið einnig mótað og gert sýnilegra. Hafnarsvæðið var nýjung í deiliskipulaginu, þar var Aðalbjörgu RE 5 komið fyrir, 30 tonna vertíðarbát, sem smíðaður hafði verið úr eik árið 1934 (Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, munnleg heimild, 10. ágúst 2014).

#### Fingraför á kopp

Gamlar ljósmyndir frá Reykjavík sýna að ýmislegt hafði verið við og umhverfis húsin í bænum og var nú áhugi á að líkja eftir því á safninu. Lítið hafði gerst í þeim

efnum árið 1984, til dæmis höfðu ekki verið smíðaðar girðingar eða plantað gróðri. Þó var girðing við Miðhús og reynitré voru við Árbæ en þeim hafði reyndar verið plantað í kartöflugarðinn. Sérstök rækt var nú lögð við umhverfi Nýlendu og Dillonshúss og ennfremur girt í kringum Laufásveginn, smíðað garðhús þar á lóðinni, útbúinn matjurtagarður, trjám plantað o.fl.

Safnsvæðið var ógirt þegar hér var komið sögu. Fyrir bragðið keyrðu bílar oft alla leið inn á hlað við Árbæ, jafnvel rútur. Ráðist var í að reisa girðingu umhverfis safnið og var henni misvel tekið

af íbúum í nágrenninu til að byrja með en vandist sennilega. Á tímabilinu var einnig sett upp bruna- og þjófavarnarkerfi á safninu. Tilefni þess var meðal annars að óreglumaður hafði haldið til í baðstofunni í Árbæ um tíma og skilið eftir sig fingrafór á koppnum. Fyrir þessi öryggiskerfi voru grafnir skurðir og lagðar leiðslur víðs vegar um safnsvæðið með tilheyrandi kostnaði en skilningur var á því hjá borginni eins og flestu öðru sem vel var rökstutt (Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, munnleg heimild, 10. ágúst 2014).

### Hömlur við húsaflakki

Stefna borgaryfirvalda var enn að safnið skyldi taka við húsum sem væru fyrir skipulaginu í miðbænum. Ragnheiður, sem var andvíg því nema í sérstökum undantekningartilfellum, skrifaði grein í Morgunblaðið um málið og gerði ágreining sinn við borgina þar með opinberan. Meginrök hennar voru þau að oftast mætti finna húsum, sem nauðsynlega þyrftu að víkja, nýjan stað í borginni þar sem þau fengju notið sín. Í áður nefndri Morgunblaðsgrein gagnrýndi Ragnheiður miðbæjarskipulagið eins og það leit þá út. Í því var meðal annars mælt með að Ísafoldarhúsið í Austurstræti væri flutt á Árbæjarsafn en hún taldi mun betri kost að það yrði flutt til innan miðbæjarins. Það var síðan gert en átti sér stað nokkrum árum seinna. Í hennar tíð tókst að bjarga elsta fjölbýlishúsi bæjarins, Bjarnaborg við Hverfisgötu, og gera það upp á faglegan hátt. En sumum húsum varð ekki bjargað, svo sem Fjalakettinum, trésmiðjunni Völundi eða Kveldúlfsskálalum við Skúlagötu. Ragnheiður lét þó safna saman öllu tilhöggnu grjóti úr sökkli Völundarhússins, sem þótti sérviskulegt en kom sér vel, m.a. við endurbyggingu húsanna í Viðey.

Húsin sem flutt voru á Árbæjarsafn í tíð Ragnheiðar voru Lækjargata 4, Hólmshéiðarbraggi og Vesturgata 55. Lækjargata 4 var merkileg fyrir margra hluta sakir, menningarsögulega og byggingarsögulega. Sæst hafði verið á að húsið þyrfti að víkja vegna staðsetningar sinnar og átti að flytja það á Árbæjarsafn vorið 1989. En það hrundi á leiðinni, eftir aðeins um 100 m, og það gerðist á versta stað, á gatnamótum Lækjargötu og Bankastrætis. Ástæður hrunsins voru ýmsar, meðal annars að neðri hæð hússins var veikburða eftir breytingar í gegnum tíðina, ekki síst gerð stórra verslunarglugga götumegin, og að húsið hafði ekki verið stífað af með trébitum nægilega vel. Því til viðbótar var notaður flutningavagn á fjöðrum sem var óstöðugur, farin var röng leið og þannig mætti áfram telja. Húsið skemmdist ekki mikið við hrundið en það lokaði Lækjargötu og Bankastræti og þurfti að fjarlægjast fljótt. Í hamaganginum sem því fylgdi brotnaði ýmislegt og fór forgörðum. Það hús sem nú stendur á Árbæjarsafni og nefnist Lækjargata 4 er því að mestu

leyti nýsmíði.

Læknishúsið frá Kleppi sem komið hafði á safnið árið 1978 var tilbúið til notkunar 1985–1986. Framan af var húsinu ætlað að vera fyrir sýningar sem yrðu bakgrunnur annarra sýninga. Þar átti einnig að sýna góða gripi sem ekki þösuðu annars staðar. En það var ekki sérlega hentugt til slíks. Safnið vantaði, og vantar enn, rúm Gott en látlaust sýningarhús þar sem hindrunarlítið mætti setja upp allar gerðir sýninga. Í Kleppshúsinu voru fyrst settar upp leikfangasýning, fatasýning og líkón af Reykjavík. Aðrar sýningar tóku við í nokkur ár eða þar til skrifstofur safnsins voru fluttar í húsið, árið 1997.

Í tíð Ragnheiðar var lokið við endursmíði Laugavegshússins og voru miðasala og verslun safnsins fluttar þangað. Einnig var lokið við Miðhús. Það var eitt af fyrstu húsunum í Reykjavík sem fengið höfðu rafmagn og var lögð áhersla á að láta lagnir og rofa halda sér eins og kostur var. Í húsinu var fyrst sett upp rafmagnssýning sem tengdist sögu safnsins en síðan prentsmiðja (Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, munnleg heimild, 10. ágúst 2014).

Um 1990 jókst fjölbreytni í dagskrám og viðburðum á safninu, sem síðar fór enn vaxandi. Byrjað var með dýradaga 1988, síðan komu sláttudagar og handverksdagar. Mest aðsókn var þó á jólasýningar, sem byrjuðu 1989, og fornbládagar sem voru fyrst 1991. Þessu til viðbótar voru sýndir þjóðdansar, haldnir tónleikar, brúðuleikhús kom í heimsókn og fleira. Þessum viðburðum var sérlega vel tekið og juku þeir aðsóknina á safnið. Gestafjöldinn hafði dalað á tímabili, hafði verið um 16.000 árið 1971, fór niður í 7.000 þegar fæst var árið 1982, en steig upp í 18.000 árið 1987, sem var metaðsókn, og hélt áfram að vaxa næstu árin.

Um sama leyti var lögð aukin áhersla á móttöku skólahópa og ráðinn kennari til þess árið 1988. Á efri hæðinni í Laugavegshúsinu var af því tilefni innréttuð kennslustofa. Á fræðasviðinu var Scandinavian Atlas of Historical Towns No. 6, Reykjavík gefinn út árið 1988, áfram var haldið að gera húsakannanir og fornleifarannsóknir í Viðey hófust (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, Ársskýrsla 1987; Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, munnleg heimild, 10. ágúst 2014).

### Samhengi safnastarfs

Arftaki Ragnheiðar í stól safnstjóra var Margrét Hallgrímsdóttir fornleifafræðingur en hún tók við starfinu 1989. Í hennar tíð var m.a. haldið áfram endurgerð húsa á safnsvæðinu og tók safnið stakkaskiptum við það. Tilgangurinn með því var ekki aðeins að varðveita húsin betur heldur einnig að sýna gott fordæmi og veita öðrum eigendum gamalla húsa innblástur. Innra starf safnsins var sömuleiðis endurskodað í samræmi við áherslur

Þess tíma hjá borginni. Þá var lögð áhersla á samhengi safnastarfs, söfnun, skráningu, rannsóknir og miðlun. Kappkostað var að ná bæði til borgarbúa og ferðamanna með fróðlegri og vandaðri en einnig líflegri og skemmtilegri miðlun um sögu Reykjavíkur. Var það gert með fjölbreyttum viðburðum, leiðsögn um miðbæinn og Elliðaárdalinn og margháttuðum sýningum, sem höfðu til karla jafnt sem kvenna og barna. Þetta leiddi til mikillar fjölgunar gesta (Margrét Hallgrímsdóttir munnleg heimild, 22. júlí 2014).

Árið 1990 hætti Árbæjarsafn veitingarekstrinum í Dillonshúsi og leigði reksturinn út. Það hafði í för með sér hagræðingu sem leiddi til þess að heimild fékkst fyrir tveimur nýjum stöðum á safninu, arkitekts og sýningarstjóra. Samtímis afþakkaði Margrét þau hlunnindi sem fylgdu starfi hennar að búa á Árbæjarsafni og fékkst þá leyfi til að ráða þriðja starfsmanninn, ráðsmann. Um svipað leyti voru samþykkt sex hálf stöðugildi eldri borgara til þess að miðla þekkingu sinni á hvers kyns handverki sem tengdist sögu Reykjavíkur. Þessi fjölgun starfsmanna efldi starfið á safninu verulega á öllum fagsviðum þess.

Árið 1989 störfuðu á Árbæjarsafni fræðsludeild og ljósmyndadeild ásamt skrifstofunni og verkstæðinu þar sem fjórir smíðir unnu. Einnig hafði verið sett á lagginn fornleifadeild þar sem stundaðar voru viðamiklar fornleifarannsóknir og framkvæmdaefirlit var orðið stór þáttur í starfsemi safnsins. Hlutverk safnsins á sviði minjavörslu jókst til muna við setningu Þjóðminjalaga 1989 en samkvæmt þeim varð skylta að láta fornleifarannsóknir fara fram þar sem verklegar framkvæmdir væru fyrirhugaðar. Árið 1991 voru stofnaðar þrjár nýjar deildir, munadeild, húsadeild og sýningadeild, og ráðnir nýir starfsmenn. Skráning á sem flestum sviðum var sett á oddinn og í fyrsta sinn gerð tölvuskrá yfir mannvirki og fornleifar í borgarlandinu sem og myndir, jarðfundna gripi og muni í vörslu safnsins.

Lögð var áhersla á safnkennslu í samræmi við námskrá og miðað við ákveðna námshópa. Þá var um skeið rekin vefstofa í Geysishúsi, Aðalstræti 2, þar sem fram fóru rannsóknir á vefnaði og handverki. Ljósmyndadeildin var formlega sameinuð Ljósmyndasafni Reykjavíkur árið 2000. Fjárveitingar til Árbæjarsafns hækkuðu mikið á tíunda áratugnum (Margrét Hallgrímsdóttir, munnleg heimild, 22. júlí 2014).

### Fornleifar og hús

Árið 1987 hófust viðgerðir á Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju. Eftir að þeim lauk tóku við fornleifarannsóknir í eyjunni til ársins 1995 og var árlega gefin út skýrsla um framvindu þeirra. Teymi sérfræðinga vann að úrvinnslu rannsóknanna um átta ára skeið, skráði minjar í gagnagrunn, vann að forvörslu og greiningu sýna. Þar er nú varðveitt ítarlegt safn

rannsóknargagna sem enn er unnið að úrvinnslu á og er stefnt að útgáfu niðurstaðna á næstu árum.

Á grundvelli Þjóðminjalaga frá 1989 fóru einnig fram uppgreftir í Aðalstræti, á Arnarhól og víðar á árunum 1990–2000. Jafnframt var unnið að leit og merkingu fornleifa í borgarlandinu, fornleifaskrá Reykjavíkur var yfirfarin og bætt og ný útgáfa hennar gefin út 1994. Sett voru skilti við minjastaði. Þá var ráðinn forvörður á Árbæjarsafn og stunduð forvarsla á vegum safnsins.

Hjá húsadeild safnsins var þeirri stefnu fylgt áfram að gömul hús í borginni skyldu vera á sínum stað. Í samræmi við það var ekkert hús flutt á Árbæjarsafn á árunum 1990–2000, að Laufskálanum (garðskála) undanteknum. Samtímis var lögð áhersla á virka samvinnu við borgaryfirvöld þannig að minjavarsla kæmist formlega á kortið í borgarkerfinu eins og það var orðað. Stofnaður var þriggja manna samráðshópur um varðveislu húsa og voru í honum borgarminjavörður, borgarverkfræðingur og forstöðumaður borgarskipulags. Úttektir og skýrslugerð Árbæjarsafns urðu fastur þáttur í undirbúningi skipulags í borginni og haft að leiðarljósi að jafnvægi ríkti milli minjavörslu og uppbyggingar.

Kornhúsið og Kjöthúsið, sem voru 200 ára gömul verslunarhús frá Vopnafirði, höfðu verið byggð upp á safnsvæðinu á vegum Þjóðminjasafns og verið notuð sem safngeymslur fyrir gripi frá Þjóðminjasafni. Þau voru nú formlega afhent Árbæjarsafni til eignar, gerð upp og fundið nýtt hlutverk í tengslum við starfsemi safnsins. Í Kjöthúsinu er nú Húsverndarstofa, fræðslumiðstöð fyrir endurbyggingu gamalla húsa. Hún er rekin í samvinnu Borgarsögusafns (áður Minjasafns Reykjavíkur), Minjastofnunar Íslands (áður Húsafriðunarnefndar) og Iðunnar fræðsluseturs. Í Kornhúsinu er sýningarsalur á neðri hæð og fundarsalur á efri hæð (Húsverndarstofa, e.d.).

Á tíunda áratugnum var unnið að viðtækum rannsóknnum á byggingarögu borgarinnar og var sjónum beint að sögu Aðalstrætis sérstaklega. Þá var einnig gerð skýrsla um svonefnda steinbæi (timburhús með steinhlöðnum langveggjum) og lögð áhersla á varðveislu þeirra í Reykjavík. Þá voru húsini við Tjörnina friðuð að tillögu Árbæjarsafns að undangenginni umfjöllun í þriggja manna samráðsnefndinni. Hafin var tölvuskráning húsaskrár Reykjavíkur um 1990, sem sífellt er í vinnslu. Ráðnir voru sagnfræðingar inn í skrána þar sem getið er um byggingarár og fleira. Skráin varð grunnur skýrslugerðar fyrir borgarskipulag. Þá var fengið fé til að lagfæra vertiðabátinn Aðalbjörgu RE árið 1997 og endursmíða hann (Margrét Hallgrímsdóttir, munnleg heimild, 22. júlí 2014).

Um 1990 hafði söfnun og skráning safngripa setið á hakanum um nokkurt skeið á Árbæjarsafni. Söfnun

hafði ekki haft forgang síðan á sjöunda áratugnum, sérstaklega ekki atvinnuminja, og skráningin var sömuleiðs skammt á veg komin. Lárus Sigurbjörnsson hafði á sínum tíma verið fylginn sér og ötull við að afla safninu merkra gripa. Þar kom sér vel viðtæk þekking hans á bæjarlífinu og kunningsgskapur við marga bæjarbúa. Hann hafði jafnframt skráð um 2.300 gripi, sem var um helmingur þess sem borist hafði, en skráning á þeim tíma var lausleg, fólst einkum í að gefa gripunum nafn og númer og geta þess hverjir höfðu gefið þá. Í munaskrána höfðu einnig slæðst myndir, bækur og skjöl. Á áttunda og níunda áratugnum var lítil áherlsa lögð á munasöfnun en skráð var af og til og árið 1981 er þess getið að búíð sé að skrá um 4.500 muni. Árið 1986 var tekið upp sérstakt eyðublað fyrir munaskráninguna og varð hún við það ítarlegri.

Upp úr 1990 hófst að nýju virk söfnun minja, meðal annars atvinnuminja. Enn fremur voru skilgreindar verklagsreglur um skráningu. Eldri skráning var yfirfarin en litlir möguleikar reyndust á að grafa upp mikilvæg atriði eins og aldur, uppruna og notendasögu. Þá var hafin samfelld skráning á vegum nýstofnaðrar munadeildar safnsins 1991. Í lok áratugarins hafði fjöldi skráðra muna á safninu fjórfaldast og var um helmingur viðbótarinnar munir sem komið höfðu á safnið fyrir 1990, hinum helmingnum hafði verið safnað eftir það. Fljótlega hófst einnig tölvuskráning muna í FileMaker sem reyndist hentugt og aðgengilegt forrit og komst hún nokkuð vel áleiðis. Skráð var inn í gagnagrunn safnsins.

Þá voru tekin mikilvæg skref í varðveislumálum. Geymslur safnsins á Korpúlfsstöðum voru loks tæmdar og munirnir settir í nýjar viðbyggingar við skemmur á safnsvæðinu. Nýting á geymslum var aukin með hillum og innréttingum, tekin var í notkun sérstök textilgeymsla og geymsla fyrir stærri gripi var tekin á leigu við Vítastíg. Við þetta voru gripum safnsins búnar viðunandi aðstæður í samræmi við kröfur þess tíma (Nanna Hermansson, 1981).

### Frá býli til borgar

Ýmsar áhugaverðar sýningar voru settar upp á árunum 1990–2000, sumar hefðbundnar, aðrar óvenjulegri. Leitast var við að gæta fjölbreytni í þeim hvað varðaði tímabil, efnistöð og kynjaðar áherslur. Einnig var lögð áhersla á samvinnu við aðila utan safnsins. Meðal sýninga voru hippasýning, lögreglusýning, Ó, þetta er indælt stríð (um stríðsárin 1940–1945), prentsmíðja í Miðhúsi, úrsmíðaverkstæði í Þingholtsstræti, heimili og gullsmíðaverkstæði í Suðurgötu 7, sýning í tilefni 50 ára afmælis íslenska lýðveldisins 1994, leikfangasýning í Kornhúsi, ljósmyndasýning Ralph Hannam og Lífið við sjóinn (alþjóðleg farandsýning sett upp í Hafnarhúsinu). Litla bílaverkstæðið var sett upp í fyrrum þjónustuhúsi árið 2000 og stendur enn.

Metnaðarfullsta og dýrasta sýning Árbæjarsafns

frá upphafi, Saga Reykjavíkur – Frá býli til borgar, var opnuð árið 2000 í tilefni þess að Reykjavík var ein af menningarborgum Evrópu. Hún var í stærsta húsi safnsins, Lækjargötu 4, og unnu allir starfsmenn þess að henni með einum eða öðrum hætti auk fjölmargra annarra. Sýningin fjallaði um sögu Reykjavíkur frá landnámi til nútímans og var leitast við að gefa gestum innsýn í helstu tímasteiðin með minjum, sviðsetningum, líkönum, myndum og texta.

Útgáfa ýmiss konar kynningar- og fræðilegs efnis var metnaðarfull og lifleg. Þar ber fyrst að nefna skýrsluröð safnsins en fyrstu 79 skýrslurnar sáu dagsins ljós á tímabilinu og voru lagðar til grundvallar borgarskipulagi. Þá kom greinasafnið Söguspeggill út 1992, sjónvarpsþáttur um safnið var gerður 1993, leiðsögubækur á fimm tungumálum komu fyrst út 1994, bækur með myndum Jóns Helgasonar biskups voru gefnar út, heimasíða safnsins var sett á netið 1997 og hefur verið í þróun síðan, út var gefin bók um Þvottalaugarnar og þannig mætti áfram telja.

Meðal hugmynda sem fram komu á þessum tíma var að reisa fornbílasafn með Fornbílaklúbbnum. Ekki var vilji hjá borginni að leggja klúbbnum til lóð á safnsvæðinu en fullur áhugi var á samvinnu við hann og eru fornbíladagar enn haldnir árlega. Klúbburinn reisti síðar sjálfur safnbyggingu skammt frá stöðvarhúsi Elliðaárvirkjunar en seldi hana síðan, hafði ekki fjárhagslega burði til að eiga hana (Margrét Hallgrímsdóttir, munnleg heimild, 22. júlí, 2014; Saga Reykjavíkur, 2000).

### „Komdu að leika“

Um mitt ár 2000 tók Guðný Gerður Gunnarsdóttir þjóðháttufræðingur við sem forstöðumaður Árbæjarsafns. Það ár var Reykjavík ein af menningarborgum Evrópu og margar sýningar settar upp í tilefni þess á safninu og víðar í borginni. Af þeim sökum var minna um sýningarhald næstu árin. Starfsemin hélt hins vegar áfram á öðrum sviðum með líkum hætti og áður. Hún var þá komin í nokkuð fastar skorður, að mati Guðnýjar, fyrir hendi var skipulag sem virkaði. Helst vantaði heildarstefnu og fór nú af stað stefnumótun sem lauk árið 2004, á 50 ára afmæli Minjasafns Reykjavíkur. Þá var mörkuð stefna næstu ára, 2005–2008, þar sem hver málaflökkur var tekinn fyrir sig, söfnun, sýningar, minjavarsla og annað.

Á sínum tíma hafði ákveðinni fjárhæð verið veitt reglulega til viðhalds og endursmíði húsa á safninu. Þegar hér var komið sögu hafði hún dregist saman og var brýnt að bæta úr því. Þá var tekið upp samstarf við byggingadeild borgarinnar sem fólst í því að hún tók að sér viðhald safnhúsanna í samstarfi við safnið. Gerð var áætlun um viðhald fyrir hvert ár. Síðar var liðurinn viðhald og endursmíði húsa færður inn í fjárhagsramma safnsins sem tók þá aftur við því verkefni.

Árið 2004 var Landakot, oft nefnt ÍR–húsið, flutt á safnið. Það hafði upphaflega verið kirkja kaþólska safnaðarins í Reykjavík og hafði staðið á Landakotstúni en verið flutt í jaðar þess og gert að íþróttahúsi þegar ný kirkja, sú sem enn stendur, var tekin í notkun, 1929. Ástæðan fyrir að Landakot var flutt á safnið var meðal annars sú að hentug lóð fyrir það fannst ekki í miðbænum. Húsið var endurbýgt og opnað árið 2007, á 50 ára afmæli Árbæjarsafns. Það var frá upphafi hugsað sem barnamenningarhús og var sýningin Komdu að leika opnuð í sal þess árið 2008. Einnig var sett upp minni sýning um húsið sjálft á efri hæð og svokölluð opin geymsla í kjallaranum.

Nýjasta flutningshús Árbæjarsafns er Ívarssel, íbúðarhús sem reist var árið 1869 og stóð vestan til við Vesturgötu. Það var gefið safninu og flutt á safnsvæðið 2005, sett á grunn 2011 og lokið við klæðningu þess að utan 2014 („Ívarssel flutt“, 2005; Guðný Gerður Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 21. janúar 2015).

### Smiðshús og landnámsbær

Í byrjun aldar var komið að meiriháttar viðgerð á fyrsta flutningshúsi safnsins, Smiðshúsi. Ákveðið var að gera nákvæma rannsókn á því og heimildum um það og innleiða um leið ný vinnubrögð, ný viðmið, við endurgerð húsa á safninu. Stefna var mörkuð um að endurnýja eins lítið og kostur væri. Einnig var haft í huga að húsinu hafði verið breytt nokkuð árið 1960 þegar það var endurbýgt á safninu og ákveðið að kanna forsendur fyrir því. Þá höfðu ýmsar heimildir um húsið verið skoðaðar, m.a. ljósmynd frá árinu 1845, ein sú elsta frá Reykjavík. Á myndinni mátti m.a. sjá hvernig gluggagerðir hússins höfðu verið, hurðir, gaflar, bislag o.fl.

Fenginn var til starfa norskur sérfræðingur, Jon Brænne, forvörður hjá Ríkisantikvarnen og sérfræðingur í varðveislu málninga, sem rannsaði húsið. Hann skilaði skýrslu sem fjallaði ekki sist um nákvæma litasögulega rannsókn sem hann hafði gert á húsinu. Hafði hann meðal annars komist að því að húsið hafði verið málað að utan strax eftir að það var byggt og litavalið verið samkvæmt tísku samtímans, grár, þ.e. eftirlíking af sand– eða kalksteini. Var ákveðið að breyta lit þess í samræmi við það. Jón Nordstein arkitekt var einnig ráðgjafi við húsið. Nú er búið að ganga frá húsinu að utan en eftir er að ljúka við það að innan (Guðný Gerður Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 21. janúar 2015; Jon Brænne, 2011).

Safnið sinnti sem fyrr almennri húsvernd í Reykjavík. Borgin samþykkti nýja stefnu á sviði húsverndar árið 1996 í tengslum við aðalskipulag fyrir Reykjavík 1996–2016. Árið 2001 tók Árbæjarsafn síðan upp nýtt mat á varðveislugildi húsa, Save–aðferðina, sem er dönsk að uppruna. Þar er lagt mat á fjóra þætti: Byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfsgildi og upprunalega gerð (Nikulás Úlfar Mátsson, 1996;

Guðmundur L. Hafsteinsson, 1996).

Mikil vinna hefur verið lögð í húsakannanir á vegum Árbæjarsafns á undanförunum árum og hafa þær meðal annars verið ítarlegri en áður. Samhliða hefur verið stundað fornleifaefirlit í borgarlandinu. Fylgt er ákvæði skipulagslaga um gerð húsakannana þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðum hverfum Reykjavíkur og laga um skyldur sveitarfélaga til að skrá menningarminjar, þ.e. fornleifar, hús og mannvirki, við skipulagsgerð. Fornleifaskráning er enn í vinnslu, m.a. á Kjalarnesi. Byggðakannanir fyrir hverfaskipulag hófust árið 2012 (Guðný Gerður Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 21. janúar 2015).

Á árunum 2001–2004 fundust fornleifar við Aðalstræti sem reyndust vera elstu mannvistarleifar í Reykjavík, frá því um 870 (Orri Vésteinsson, e.d.). Á lóð Aðalstrætis 16 fannst einnig skálarúst frá 10. öld sem nú er varðveitt á sínum upprunalega stað og er miðpunktur sýningar sem fjallar um lífið á landnámsöld í Reykjavík. Sýningarhúsnæðið er salur undir hóteli sem byggt var á lóðinni. Á sýningunni, sem hlotið hefur góðar undirtektir, er meðal annars endurskapað umhverfi Reykjavíkurbæjarins eins og það var við landnám. Einnig eru sýndir þar munir sem fundist hafa við fornleifauppgrefti í miðbæ Reykjavíkur.

Fornleifauppgrefturinn í Aðalstræti og gerð sýningarinnar þar, Reykjavík 871 +/- 2, var eitt stærsta verkefni á sviði minjavörslu sem unnið hefur verið á Íslandi og glæsilegt á margan hátt (Landnámssýningin, e.d.).

### Hugmyndir um flutning safnsins

Árið 2006 barst Reykjavíkurborg tillaga sem félagið Minjavernd hafði sett fram í samstarfi við fyrirtækið Pyrpingu hf. Var hún á þá leið að hús Árbæjarsafns væru flutt af Ártúnsholti út í Viðey. Á móti yrði safnsvæðið nýtt til íbúðabygginga. Um tillöguna stofnaði borgarstjóri vinnuhóp þar sem sátu sex af æðstu embættismönnum borgarinnar. Meðal verkefna hópans var að meta áhrif tillögunnar á starfsemi Árbæjarsafns og verndun gamalla bygginga, einnig áhrifin á Reykjavík sem útivistar– og ferðamannaborgar og mat á fjárhagslegum áhrifum fyrir borgina (Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, e.d.).

Tillagan vakti talsverða athygli í fjölmiðlum enda var hún nokkuð róttæk. Fyrirverandi borgarminjavörður, Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, skrifaði grein í Morgunblaðið vorið 2006 þar sem hún sagði helstu forsendurnar fyrir tillögunni að aðsókn í Viðey og á Árbæjarsafn hafi minnkað frá því sem verið hafi. Einnig hafi möguleikar Árbæjarsafns til þróunar skerast við það að nú væri komin byggð í kringum það. Ragnheiði þótti þetta ekki góð tók og lauk grein sinni á þessum orðum: „Byggið upp þorp í Viðey, flytjið þangað gömul hús og búið til iðandi mannlíf en fyrir alla muni látið Árbæjarsafn í friði“ (Ragnheiður H. Þórarinsdóttir,

2006, bls. 19). Tíðindin um hugsanlegan flutning komu svoltið óþægilega við starfsmenn Árbæjarsafns, meðal annars vegna þess að þau bárust þeim seint. Einnig fannst þeim gæta vanmats á gildi Árbæjarsafns eins og það væri. Þeir sendu frá sér yfirlýsingu þar sem lögð var áhersla á að hafa skyldi hagsmuni safnsins að leiðarljósi við ákvörðun um framtíð þess og hugsanlegan flutning hluta safnhúsa út í Viðey. Ennfremur að Árbæjarsafn hlyti alltaf að vera þar sem Árbærinn væri, hann væri „hjarta safnsins og upphaf þess. Í þriðja lagi bæri að hafa í huga að Minjasafn Reykjavíkur gegndi mikilvægu hlutverki á sviði varðveislu og rannsókna á menningarminjum í Reykjavík og miðlaði þekkingu um sögu og lífshætti íbúa frá upphafi byggðar til líðandi stundar. Árbæjarsafn væri eitt fjólsóttasta safn landsins, þar væri tekið á móti um 40 þúsund gestum árlega, jafnt innlendum sem erlendum. Einn af styrkleikum safnsvæðisins væri síðan nálægðin við Elliðaárdal, eitt vinsælasta útivistarsvæði höfuðborgarinnar. Árbæjarsafn hefði mikla vaxtarmöguleika þar sem það væri og alla burði til að sinna faglegum skyldum sínum og standa sig í samkeppni nútímans um afþreyingu og aðsókn. Með flutningi út í Viðey mundi aðgengi óhjákvæmilega versna og þjónusta skerðast (Yfirlýsing frá starfsfólki Minjasafns Reykjavíkur, 2006).

Starfsmennirnir voru í sérstakri stöðu að því leyti að þeir vissu betur en flestir aðrir um hvað málið snerist. En á sama tíma voru þeir ekki alveg hlutlausir því að þeir voru að fjalla um málefni sem snerti þá persónulega. Starfshópurinn á vegum borgarstjóra hefur sjálfsagt metið stöðuna út frá fleiri rökum en Ragnheiður nefnir. En aðalatriðið er að niðurstaða hans var einnig neikvæð, að tillagan væri ekki fýsileg (Guðný Gerður Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 21. janúar 2015).

Sennilega styðja fáir Viðeyjar–tillöguna nú og er líklegt að safnið hefði einangrast allt of mikið nema brú hefði verið lögð út í eyjuna, sem ekki var á dagskrá. En eftir stendur að niðverandi staðsetning minjasafns Reykjavíkur í Ártúnsholti er ekki heldur sú besta. Fjarlægðin frá gömlu Reykjavík upp á safnið er umtalsverð, landslaginu á safninu svipar ekki til þess sem er í gömlu Reykjavík, safnið er fjarri sjó, söguleg tengsl milli Reykjavíkur og Árbæjar eru nær engin, Árbær var ekki einu sinni í hinum gamla Seltjarnarneshreppi, og þannig mætti áfram telja.

Betri kostur væri að hafa safnið í eða við miðbæinn, nálægt upprunastað húsanna og minjanna og vettvangi sögunnar. Þar væri það í sínu eðlilega umhverfi. Þess utan mundi aðsókn að safninu aukast verulega við það, tilefni gæfst til að hafa það opið allt árið o.s.frv. Hins vegar væri eflaust þrautin þyngri að fá hentuga lóð niðri í bæ, þær eru bæði dýrar og eftirsóttar. Og ekki litur út fyrir að tíminn vinni með safninu á næstunni eins og eftirsókn í lóðir hefur verið. En benda má á að erlendis eru ýmis dæmi um að dýrar

og eftirsóttar lóðir séu settar undir söfn og því þá ekki hér?

Hvað sem öllum rökum líður er líklegast að Árbæjarsafn verði áfram þar sem það er nú næstu áratugina. Enda er það vel heppnað á margan hátt eins og það er og nýtur vinsælda. Og Árbærinn sjálfur yrði náttúrulega aldrei fluttur niður í bæ (eða hvað?).

### Ný grunnsýning – sameining

Í byrjun aldar hóf Árbæjarsafn samstarf við deild í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. Starfsmenn safnsins tóku þátt í kennslu á vegum deildarinnar og settu jafnframt upp sýningar í Kornhúsinu í samstarfi við kennara og nemendur. Á einni sýningunni var fjallað um hernámsárin, 1940–1945, á þeirri næstu 6. áratuginn o.s.frv. Mikil sýningarvinna fór síðan fram þegar Landakot (ÍR–húsið) var opnað, 2007–2008. Og árið 2013 var Reykjavíkursýningin, Frá býli til borgar, tekin niður í Lækjargötu 4 og ný fastasýning, Neyzlan – Reykjavík á 20. öld, opnuð sem grunnsýning á sama stað vorið 2014. Í sýningarskrá hennar segir meðal annars: „Eitt af því sem einkenndi tuttugustu öldina var vaxandi neysla. Í sýningunni Neyzlan er sjónum beint að þeim varningi sem kemur inn á nánast hvert heimili og telst „vort daglegt brauð.“ (Kristín Svava Tómasdóttir, 2014, bls. 2).

Nokkur sjónarsviptir varð af því árið 2013 þegar slökkvibílar og aðrar minjar Slökkviliðs Reykjavíkur voru teknar úr Eimreiðarskemmuni og settar á Slökkviliðsminjasafn Íslands í Reykjanesbæ. En sjálf-sagt gæti Árbæjarsafn endurheimt eitthvað af því sem afhent var ef eftir væri leitað („Gamli slökkvibílar“, 2013).

Sumarstarfið á Árbæjarsafni var í tíð Guðnýjar í svipuðum dúr og verið hafði, sömuleiðis leiðsagnir og fræðsla. Fjölbreytnin fór þó enn vaxandi, vetrar-opnun var aukin og eru nú leiðsagnir daglega yfir vetrarmánuðina. Aðsókn á Árbæjarsafn hefur verið góð undanfarin ár, var til dæmis sú mesta á einu ári 2010, 45.000 gestir, sennilega fyrir áhrif frá góða veðrinu og bankakreppunni.

Reykjavík 871+/-2, landnámssýningin í Aðalstræti, hefur nú verið opin í áratug og hefur sérstakur starfshópur á vegum Árbæjarsafns unnið við hana, gæslu, leiðsögn og fleira. Aðsókn að sýningunni hefur farið stigvaxandi og var orðin meiri en á Árbæjarsafni árið 2014, sem stafar meðal annars af því að hún er opin allan ársins hring. Mikill meirihluti gesta á Landnámssýningunni, eins og hún er nú oftast nefnd, er erlendir ferðamenn andstætt því sem er á Árbæjarsafni (Guðný Gerður Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 21. janúar 2015; Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, Ársskýrsla).

Varðveisluhús er nýtt orð yfir vandaðar geymslur. Slíkt hús var á áætlun Minjasafns Reykjavíkur öll árin 2001–2013 og komst loks til framkvæmda 2014.

Það verður tilbúið haustið 2015, 500 m<sup>2</sup> að stærð á tveimur hæðum, og verður mun vandaðra að gerð en fyrri geymslur safnins. Það er byggt samkvæmt nútímakröfum um einangrun, brunavarnir og fleira. Áður hafði geymsluhúsnæði verið tekið á leigu úti í bæ, fjargeymsla við Köllunarklettsveg, og verður hún áfram í notkun.

Minjasafn Reykjavíkur hefur tekið mikinn þátt í að þróa menningarsögulega gagnagrunninn Sarp. Var lögð áhersla á að færa eldri munaskrár í Sarp og nýskráningu muna einnig. Fjöldi muna á Árbæjarsafni sem eru í Sarp eru nú um 27.000. Sarpur hefur verið í þróun í 16 ár og hefur hann ýmsa kosti en einnig galla (Guðný Gerður Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 21. janúar 2015).

Þann 1. júní 2014 voru Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík sameinuð ásamt Landnámssýningunni og Viðey og mynda þau nú Borgarsögusafn Reykjavíkur. Stefnan með sameiningunni var ekki að draga saman seglin heldur átti að sameina kraftana til sóknar. Hvort það tekst mun tíminn leiða í ljós. Aðalskrifstofur Borgarsögusafns eru til húsa að Grandagarði 8. Þar er sýningadeild safnsins einnig en varðveisludeildin er á Árbæjarsafni. Ljósmyndasafnið er enn á sínum fyrri stað, í Grófarhúsinu við Tryggvagötu. Sýningarstaðir Borgarsögusafns eru þeir sömu og áður: Árbæjarsafn, Ljósmyndasafnið, Sjóminjasafnið og Landnámssýningin („Mikilvægt að hafa tilfinningar“, 2014).

### Lokaorð

Þessi grein er sennilega fyrsta heildaryfirlitið yfir sögu Minjasafns Reykjavíkur – Árbæjarsafns. Henni voru sett skýr stærðarmörk og þess vegna er víða farið hratt yfir sögu, sumu jafnvel sleppt alveg. Helst hefði maður viljað nefna fleira af því ágæta fólki sem starfaði á safninu en það bíður betri tíma. Leitast er við að gefa fremur hlutlæga mynd af safninu, hvort sem það tókst eður ei, en vart þarf að taka fram að ýmis sjónarmið sem fram koma hér eru undirritaðs. Mestum árangri hefur Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn líklega náð á vettvangi húsverndar en það hefur einnig gert margt vel í almennri safnastarfsemi. Það sem helst hefur skort er að sinna almennum safngripum, söfnun þeirra og skráningu. Á því sviði eru óneitanlega eyður, sérstaklega í atvinnusögunni. Það voru atvinnumálin sem skiptu mestu fyrir byggð og mannlíf í Reykjavík. Til að mynda var það vegna framboðs á atvinnu fyrir sunnan sem landsmenn yfirgáfu sveitirnar og flyktust til Reykjavíkur. Atvinnusaga Reykjavíkur er grunnsagan um það hvernig borgin varð til og hvernig hún þróaðist í gegnum tíðina.

Árið 2004 var stofnað sjóminjasafn á Grandagarði 8 og hefur því orðið nokkuð ágengt á sínu sviði.

Eðlilegt væri að borgin stofnaði einnig iðnminjasafn og samgönguminjasafn svo það helsta sé nefnt og kannski munu þau sjá dagsins ljós einhvern tíma, jafnvel innan Borgarsögusafns. En nú eru helstu samgönguminjar Reykvíkinga komnar á önnur söfn, í öðrum lands–hlutum, annars vegar á Skógum undir Eyjafjöllum (Samgönguminjasafn Íslands) og hins vegar á Akureyri (Flugminjasafni Íslands). Vissulega er mest um vert að þessar minjar séu varðveittar og þeim sé sinnt hvar svo sem það er gert.

### Heimildaskrá

Árbær fer í eyði. (1948). *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 356.

Bjarni Reynarsson. (2014). *Borgir og borgarskipulag: þróun borgar á Vesturlöndum, Kaupmannaböfn og Reykjavík*. Reykjavík: Skrudda.

Björn G. Björnsson. (1993). *Árbæjarsafn 35 ára* (kvikmynd). Reykjavík.

Borgarsögusafn Reykjavíkur. (2014). Í Helgi Máni Sigurðsson og Íris Gyða Guðbjargardóttir (ritstjórar), *Sjóminjasafnið í Reykjavík: 10 ára afmælisrit*. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Bragi Jónsson. (e.d.). *Minni Reykjavíkur*. Óútgefið handrit.

Eggert Þór Bernharðsson. (2014). *Sveitin í sálinni: búskapur í Reykjavík og myndun borgar*. Reykjavík: JPV.

Guðmundur L. Hafsteinsson. (1996). Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana. Reykjavík: Skipulag ríkisins: Þjóðminjasafn Íslands: Húsafríðunarnefnd ríkisins.

Gamlir slökkvibílar á safn. (2013, 28. apríl). *Vikurfréttir*, vefútgáfa.

Hafliði Jónsson. (1992). Árbæjarminningar. Í Helgi M. Sigurðsson (ritstjóri). *Söguspegil: afmælisrit Árbæjarsafns* (bls. 49–58). Reykjavík: Árbæjarsafn og Hið Íslenska bókmenntafélag.

Halldór Guðmundsson (ritstjóri). (2007). *Halldór Laxness: Úrvalsbók*. Reykjavík: Vaka–Helgafell.

Helgi M. Sigurðsson. (1998). *Árbæjarsafn: leiðsögubók* (2. útg.). Reykjavík: Árbæjarsafn.

Helgi M. Sigurðsson. (2003). *Lárus Sigurbjörnsson og minjavarðslan: safnfaðir Reykjavíkur*. Reykjavík: Árbæjarsafn – Minjasafn Reykjavíkur, Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Leikminjasafn Íslands.

Hjörleifur Stefánsson og Peter Ottosson. (1980). Grjótaþorp 1980: greinargerð um skipulagstillögu. Reykjavík: Borgarskipulag Reykjavíkur.



- Hrefna Róbertsdóttir. (1992). Reykvíkingafélagið 1940–1992. Í Helgi M. Sigurðsson (ritstjóri), *Söguspegil: afmælisrit Árbæjarsafns*. Reykjavík: Árbæjarsafn og Hið íslenska bókmenntafélag.
- Húsverndarstofa. (e.d.). *Ráðgjöf um viðhald og viðgerðir eldri húsa*. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur, Húsafríðunarnefnd og Íðan fræðslusetur.
- Hörður Ágústsson. (1968). *Árbær í Mosfellssveit*. Reykjavík: Árbæjarsafn.
- Hörður Ágústsson og Þorsteinn Gunnarsson. (1970). *Gamli borgarblutinn: varðveisla*. Reykjavík.
- Hörður Gunnarsson. (1992). Glíma í öndvegi. Í Helgi M. Sigurðsson (ritstjóri), *Söguspegil: afmælisrit Árbæjarsafns*. Reykjavík: Árbæjarsafn og Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ingvar Axelsson. (1992). Um framkvæmdir á Árbæjarsafni. Í Helgi M. Sigurðsson (ritstjóri), *Söguspegil: afmælisrit Árbæjarsafns*. Reykjavík: Árbæjarsafn og Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ívarssel flutt á Árbæjarsafn. (2005, 4. maí). *Morgunblaðið*, bls. 2.
- Járnbrautin í Reykjavík*. (1982). Reykjavík: Árbæjarsafn.
- Jon Brænne. (2011). Til vegs og virðingar: lita- og byggingarsögulegar rannsóknir á Smiðshúsi í Árbæjarsafni. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 1(1). bls. 229–237.
- Kristín Svava Tómasdóttir. (2014). *Neyzlan: Reykjavík á 20. öld*. Reykjavík: Árbæjarsafn.
- Landnámssýningin. (e.d.). *Lifid á landnámsöld*. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.
- Lárus Sigurbjörnsson. (1942). Bærinn okkar. *Starfsmannablað Reykjavíkur*, bls. 3–4.
- Lög um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn nr. 8 / 1947.
- Mikilvægt að hafa tilfinningar fyrir sögunni. (2014). *Reykjavík vikublað*, 26(5), bls. 8.
- Nanna Hermansson. (1981). *Hvað er ÁBS*. Reykjavík: Árbæjarsafn.
- Nanna Hermansson. (1977). *Grjótaþorp 1976: könnun á sögu og ástandi húsanna*. Reykjavík: Árbæjarsafn.
- Nanna Hermansson. (1981). *Safnasvæði við Elliðaár: erindi flutt á ráðstefnu FSÁ 30. maí 1981*. Reykjavík: Framfarafélag Seláss- og Árbæjarhverfis.
- Nikulás Úlfar Músson (ritstjóri). (1996). *Húsvernd í Reykjavík: fylgirit aðalskipulags Reykjavíkur 1996–2016*. Reykjavík: Borgarskipulag Reykjavíkur.
- Orri Vésteinsson. (e.d.). *Fornleifarannsóknir í Reykjavík*. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur.
- Ragnheiður H. Þórarinsdóttir. (1987). Safn og samtíð. *Árbók Árbæjarsafns*, bls. 6–10.
- Ragnheiður H. Þórarinsdóttir. (2006, 15. maí). Um Viðey og Árbæjarsafn. *Morgunblaðið*, bls. 19.
- Saga Reykjavíkur: frá býli til borgar*. (2000). Reykjavík: Árbæjarsafn.
- Skjalasafn Reykjavíkur flytur í ný húsakynni. (1950, 7. mars). *Morgunblaðið*, bls. 6.
- Steinunn Bjarnan. (1992). Lárus Sigurbjörnsson: safnafaðir Reykjavíkurborgar. Í Helgi M. Sigurðsson (ritstjóri), *Söguspegil: afmælisrit Árbæjarsafns*, (bls. 30–48). Reykjavík: Árbæjarsafn og Hið íslenska bókmenntafélag.
- Svanhildur Bogadóttir. (2003). Þrekvirki eins manns. Í *Lárus Sigurbjörnsson: safnafaðir Reykvíkinga: 1903 – 22. maí – 2003: sýningarskrá*, (bls. 4–9). Reykjavík: Árbæjarsafn – Minjasafn Reykjavíkur, Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Leikminjasafn Íslands.
- Sveinn Þórðarson. (1958). Merkilög sýning. *Vísir*, bls. 4.
- Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1942, 22. nóvember). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Bréf frá Árna J. I. Árnasyni til bæjarráðs Reykjavíkur.
- Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1948, 18. ágúst). Reykvíkingafélagið. Skúffa: Fjármál og rekstur. Bréf til bæjarráðs Reykjavíkur.
- Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1954, 14. júní). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Bréf Lárusar Sigurbjörnssonar til bæjarráðs Reykjavíkur.
- Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1954, 9. ágúst). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Bréf Jóns Leifssonar til bæjarráðs Reykjavíkur.
- Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1958). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Lárus Sigurbjörnsson: Árbæjarsafns.
- Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1958, 25. nóvember). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Bréf frá Lárusi Sigurbjörnssyni til bæjarráðs Reykjavíkur.
- Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (e.d.). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og restur. Skjala og minjasafn: skýrsla um safnið.
- Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1962, 11. júlí). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Fréttatilkynning frá Árbæjarsafni.
- Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1964, 10. nóvember). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Reglur um stjórn Árbæjarsafns.

Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1964, 18. nóvember). Skúffa: Fjármál og rekstur. Bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík, Geir Hallgrímssyni, til Hafliða Jónssonar.

Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1985, 13. maí). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Árbæjarsafn 1976–1985 eftir Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur.

Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (e.d.). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Erindisbréf starfshóps til að meta kosti og galla tillögu Þyrpingar hf um að Minjasafn Reykjavíkur í Árbæ verði flutt út í Viðey og núverandi safnsvæði í Árbæ verði nýtt til íbúðarbyggðngar.

Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. Borgarsögusafn Reykjavíkur. Munaskrá Árbæjarsafns/Minjasafns Reykjavíkur.

Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. Borgarsögusafn Reykjavíkur. Ársskýrslur Árbæjarsafns.

Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1981, 19. mars). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Um sögu safnanna: símaviðtal Nönnu Hermansson við Jón Bóðvarsson.

Skjalasafn Borgarsögusafns. (1957, 16. apríl). Bæjarráð Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Fundagerð.

Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1943, 28. apríl). Reykvíkingafélagð. Skúffa: Fjármál og rekstur. Bréf til borgarstjórans í Reykjavík.

Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1947, 28. apríl). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Tillaga um sýningu úr þróunarsögu Reykjavíkur og borgarsafns.

Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1957, 5. september). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Bréf Lárusar Sigurbjörnssonar til bæjarráðs Reykjavíkur.

Skjalasafn Borgarsögusafns. (1955, 14. september). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Bréf Lárusar Sigurbjörnssonar til bæjarráðs Reykjavíkur.

Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1954, 7. október). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Tillaga um stofnun Minjasafns Reykjavíkur sem samþykkt var í bæjarstjórn Reykjavíkur.

Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1954, 28. október). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Bréf Lárusar Sigurbjörnssonar til borgarstjóra.

Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1966, 14. desember). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Fundargerð stjórnar Árbæjarsafns.

Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1942, 15. desember). Bæjarstjórn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Bréf til hr. vígslubiskups Bjarna Jónssonar.

Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur. (1960, 19. desember). Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skúffa: Fjármál og rekstur. Bréf frá Lárusi Sigurbjörnssyni til sparnaðarnefndar.

Yfirlýsing frá starfsfólki Minjasafns Reykjavíkur, 2006. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Þorsteinn Gunnarsson. (1992). Skipulag safnsvæðis að Árbæ 1972. Í Helgi M. Sigurðsson (ritstjóri), *Söguspeggill: afmælisrit Árbæjarsafns*, (bls. 142–149). Reykjavík: Árbæjarsafn og Hið íslenska bókmenntafélag.





## Byggðasafn Þingeyinga Björn Ingólfsson

Á fyrri hluta 20. aldar og einkum á stríðsárunum eftir 1940 urðu meiri hræringar í íslensku samfélagi en dæmi voru til um áður. Einhver stærsti áhrifavaldurinn var erlent herlið sem gerði sér aðstöðu vítt og breitt um landið og réð fjölda manna í vinnu. Margir fengu þar í fyrsta skipti greitt með peningum fyrir vinnu sína. Fólki fækkaði í sveitum en fjölgaði í kaupstöðum. Búskaparhættir breyttust með nýrri vélvæðingu, hýbýli fólks tóku stakkaskiptum með nýjum tækjum og tækni sem auðveldaði störf. Amboð og áhöld sem höfðu verið notuð um aldir urðu að víkja fyrir nýjum. Menn fögnuðu nýjum tímum en sáu hættuna á að verkmenning gamla tímans, sem sett var til hliðar, mundi fljótt gleymast og týnast ef hvergi væri að finna hluti og frásagnir sem henni tilheyrðu. Það varð kveikjan að Byggðasafni Þingeyinga.

Í Árbók Þingeyinga 1958 er að finna grein eftir Pál H. Jónsson; Byggðasafn Þingeyinga. Það sem hér fer á eftir í þessum kafla og þeim næsta um Grenjadarstarðarbæinn er að mestu leyti byggt á þeirri grein (Páll H. Jónsson, 1959).

Hugmyndin um stofnun byggðasafns í Þingeyjarsýslu hafði vakað nokkuð lengi meðal Þingeyinga og hafði oft verið rædd manna á meðal og á fundum og samkomum áður en til framkvæmda kom. Mönnum var ljóst:

“að með hverju ári sem leið, án þess að hafizt væri handa um söfnun muna, glötuðust tækifæri og verðmæti. Byggingaröldin gekk hratt yfir héraðið og breyttir búskapar- og heimilishættir kröfðust nýrra áhaldna, en hin, þau gömlu, voru borin á öskuhauga eða í eld. Jafnframt hlaut þeim að fækka, er kunnu með þau að fara og vissu deili á sögu þeirra og þýðingu” (Páll H. Jónsson, 1959).

Eitthvað mun málið hafa verið rætt á fundum sýslunefndar án þess þó að hafa verið tekið til sérstakrar afgreiðslu.

Sunnudaginn 28. ágúst 1949 stofnuðu nokkrir áhugamenn í sýslunni Bændafélag Þingeyinga. Félagið var stofnað til þess meðal annars að „hlúa sem bezt að þeim þjóðlega menningararfi sem horfnar kynslóðir bændastéttarinnar hafa eftir sig látið“ (Páll H. Jónsson, 1959). Á fundi Bændafélagsins 28. október 1950 var byggðasafnsmálið á dagskrá. Jón Haraldsson bóndi á Einarstöðum talaði fyrir málinu og lagði fram tillögu um að aðalfundur félagsins samþykkti að kjósa þriggja manna nefnd til að kanna möguleika á stofnun byggðasafns í Þingeyjarsýslu. Lagt var til að nefndin skiladi álit sínu á næsta aðalfundi. Í nefndina voru kosnir Finnur Kristjánsson kaupfélagsstjóri, Sigurður Halldórsson, bóndi á Stórutjörnum, og Páll H. Jónsson, kennari á Laugum. Á aðalfundi næsta árs var málið aftur á dagskrá og ákveðið að tillögu nefndarinnar að



Mynd 38

fá einn mann í hverjum hreppi til að safna munum eða í það minnsta að fara um og kynna sér hvað væri til af munum á bæjum sveitarinnar (Páll H. Jónsson, 1959).

Á aðalfundi Bændafélagsins 1952 var samþykkt álitargerð nefndarinnar og þá komst skriður á málín. Leitað var til allra hreppa í sýslunni um fjárframlög og kynningarbréf með yfirskriftinni „Ávarp til Þingeyinga“ var sent á hvern bæ þar sem fólk var hvatt til að varðveita gamla muni. Í kjölfarið voru tveir menn sendir af stað í söfnunarleiðangur. Páll H. Jónsson tók að sér austurhluta sýslunnar og Sigurður Halldórsson vesturpartinn. Nefndin hafði látið útbúa handa þeim sérstakar innritunarbækur þar sem allt var skráð. Nokkur ár tók þá félagið að komast yfir allt svæðið. Fyrstu árin unnu þeir kauplaust en fengu þó greiddan bifreiðakostnað, seinni árin var hægt að greiða þeim einhverja þóknun þegar þeir sem leitað var til um fjárhagsaðstoð fóru að sýna viðbrögð. Alls staðar var þeim tekið vel og þeim varð furðu vel ágengt. Þeir fengu að leita í hverju skúmaskoti, utan dyra sem innan. Þegar allt var fundið á bænum sem vert var að taka til

handargagns var hver hlutur skráður í innritunarbókina og fékk sitt númer og bæjareinkenni. Hvað eina var skráð sem vitað var um hlutinn, allt í tvíriti, annað eintakið handa safninu, hitt kvittun fyrir móttöku. Þegar heim kom þurftu þeir Páll og Sigurður að hreinsa hvern hlut vandlega og merkja með réttu númeri. Sumt þurfti ekki að sækja. Þegar spurðist út hvað Þingeyingar væru að fást við fóru utanhéraðsmenn og burtfluttir héraðsbúar að senda muni sem þeir vildu koma á öruggan stað.

Af því að svo vel veiddist kom fljótlega upp vandamál. Hvar átti að geyma alla þessa muni? Kaupfélag Þingeyinga bauð fram pláss og sömuleiðis Laugaskóli. Niðurstaðan varð samt sú að leigt var herbergi í nýbyggðu steinhúsi Jónasar Stefánssonar og Kristjönu Einarsdóttur á Stórulaugum í Reykjadal. Þar voru settir upp bekkir og hillur og mununum raðað á. Gestkvæmt var á Stórulaugum og nokkuð var um að fólk sem kom fengi að líta á hvað komið væri í hillurnar (Valgeir Jónasson, munnleg heimild, 8. febrúar 2015). Þarna fór vel um safnið þar til það var flutt í Grenjadarstað. Áður en að því kom var Guðmundur

Þorsteinsson frá Lundi í Lundarerykjadal, sem var þúsundþjalasmiður á vegum Þjóðminjasafnsins, fenginn til að yfirfara og lagfæra muni (Heimir Pálsson, 2015).

Árið 1954 var haldin fjölmenn héraðshátíð á Laugum til að fagna tíu ára afmæli lýðveldisins. Tækifærið var notað til að setja upp sýningu á munum þeim sem höfðu safnast og varð hún til þess að glæða mjög áhuga héraðsbúa fyrir safninu. Því var svo fylgt eftir með prentuðum bæklingi sem Jón Sigurðsson í Ystafelli tók saman og dreift var um héraðið. Þar var talinn upp fjöldi þeirra muna sem nauðsynlegir eru hverju byggðasafni svo fólk gæti gert sér grein fyrir hverju sóst væri eftir.

Þótt vel færi um safnið á StóruLaugum var ljóst að finna yrði því annan samastað til frambúðar. Voru jafnvel uppi hugmyndir að byggja yfir það nýtt hús. Á stjórnarfundum Bændafélags Þingeyinga 26. ágúst 1955 tók málið ákveðna stefnu.

“Finnur Kristjánsson kaupfélagsstjóri skýrði frá því, að hann hefði hitt að máli Kristján Eldjárn fornminjavörð og þeir rætt um söfnun á gömlum munum í héraðinu og hvar heppilegast væri að hugsa sér geymslu á þeim. Gat fornminjavörður þess, að búið væri að ákveða að framkvæma fullk-omna aðgerð á Grenjaðarstað og mundi til þess ráðinn maður eða menn á næsta sumri. Leit hann svo á, að eðlilegasti geymslustaður fyrir gamla muni væri hinn forni Grenjaðarstaðarbær, þegar aðgerð væri lokið. Sagðist hann mundi bjóða bæinn fram til þessara nota, strax er hann væri til þess hæfur.” (Páll H. Jónsson, 1959)

Aðalfundur Bændafélagsins, sem haldinn var um haustið, fagnaði þessum málalyktum og lýsti því yfir að félagið mundi á næstu árum vinna að því að fullbúa bæinn þeim munum sem heima ættu á byggðasafni.

Vorið 1957 var farið að sjást fyrir endann á uppbyggingu Grenjaðarstaðarbæjar og stjórn Bændafélagsins samþykkti á fundi í Ystafelli 8. apríl að afhenda sýslunni safnið til umsjár. Daginn eftir lagði formaður Bændafélagsins, Jón Sigurðsson í Ystafelli, málið fyrir aðalfund sýslunefndar sem haldinn var á Húsavík. Þar var gerð þessi samþykkt:

“Í tilefni af erindi Bændafélags Þingeyinga, dags. 8. þ.m. varðandi byggðasafn í héraðinu, lýsir sýslunefndin yfir:

1. Um leið og sýslunefndin þakkar Bændafélaginu framtak það, er það hefur sýnt með söfnun gamalla muna í þeim tilgangi að leggja þá til geymslu á byggðasafni fyrir héraðið, ákveður hún, fyrir sýslufélagsins hönd, að taka tilboði félagsins í yfirnefndu bréfi, með því að veita móttöku munum þeim, er það hefir safnað, strax og fyrirhugaður

samastaður byggðasafns í Grenjaðarstaðarbæ er full frágenginn, enda taki þá sýslunefndin að sér stjórn og umsjá þess safns.


2. Sýslunefndin ákveður að kjósa 2 menn ásamt oddvita sínum til að mæta á fundi með þjóðminjaverði og stjórn Bændafélagsins til umræðu um stofnsetningu safnsins og framtíðar-skipulag. Ætlast sýslunefndin til, að þeir skipi bráðabirgðastjórn fyrir safnið ásamt fjórða manni tilnefndum af Bændafélaginu. Síðan verði endanleg ákvörðun tekin um framtíðarstjórn safnsins á næsta aðalfundi sýslunefndar. Kosnir voru: Jón Gauti Pétursson, Úlfur Indriðason” (Sýslufundargerð Suður-Þingeyjarsýslu, 1957, bls. 11–12).

Næsta ár samþykkti sýslunefndin að stjórn safnsins skyldi skipuð fimm mönnum, fjórum frá sýslunefnd og einum frá Bændafélaginu. Í fyrstu stjórn voru kjörnir af hálfu sýslunefndar Jóhann Skaptason sýslumaður, Jón Gauti Pétursson, bóndi á Gaultöndum, Úlfur Indriðason, bóndi á Héðinshöfða, og séra Sigurður Guðmundsson á Grenjaðarstað. Þrándur Indriðason, bóndi á Aðalbóli, var fulltrúi Bændafélagsins. Fyrsti safnvörður var ráðinn Ólafur Gíslason, bóndi á Kraunastöðum. Páll H. Jónsson vann þá um sumarið við lokaskráningu safnsins, að gefa öllum gripum aðfanganúmer auk þeirra einkennisnúmera sem þeir fengu við móttöku og færa allt inn í aðfangabók með lýsingu og öllum tiltækum upplýsingum um hvern grip. Hann vann síðan að því ásamt safnverði að koma þeim fyrir. Þegar lauk voru skráðir munir á Grenjaðarstað þetta sumar nokkuð á áttunda hundrad.

Ákveðið var að opna safnið formlega sumarið 1958 þótt skráningu og flutningi muna að Grenjaðarstað væri ekki að fullu lokið. Dagurinn var valinn 9. júlí. Dagskráin var þannig að Jóhann Skaptason sýslumaður og Kristján Eldjárn þjóðminjavörður héldu ræður sunnan undir bæjarveggnum þar sem allmargt fólk var saman komið. Síðan opnaði þjóðminjavörður bæinn. Þegar gestirnir höfðu gengið um bæinn og skoðað safnið um hríð bauð sýslumaður til kaffidrykkju í húsi prestshjónanna, séra Sigurðar Guðmundssonar og Aðalbjargar Halldórsdóttur, þar sem prestsfrúin sá um veitingarnar. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður skrifaði fyrstur í gestabókina. Í kjölfar hans skrifuðu 1.863 gestir þetta sumar.

### Grenjaðarstaður

Grenjaðarstaður var landnámsjörð og höfðingjasetur til forna. Sem kirkjulén var staðurinn meðal tekjuhæstu brauða á landinu. Þar hefur því jafnan verið fjölmennt og vel húsað. Bærinn sem hýsir byggðasafnið er til vitnis um það en hann er meðal stærstu torfbæja sem varðveist hafa. Þar voru einnatt til heimilis á sínum tíma 20–30 manns.



Mynd 39

Allur bærinn er um 700 m<sup>2</sup>. Hann samanstendur af tíu húsum. Veggir eru hlaðnir úr hraungrýti, því byggingarefni sem nærtækast var í umhverfinu, tvíhlaðnir og fylltir með hraunmulningi og mold. Ekki er torf á milli steina en tyrft yfir veggi að ofan (Hjörleifur Stefánsson, 2013, bls. 181). Torfþekja er á öllum húsum. Framhús eru fimm, portbyggd með timburstöfum sem snúa til austurs. Syðst er skemma, því næst suðurstofa, þá bæjardyr, norðurstofa og nyrst er pósthús. Innangengt er á milli bæjardyra og suðurstofu og bæjardyra og norðurstofu og geymslu vestan hennar. Inn af bæjardryrum eru bæjargöng og við vesturenda þeirra er hlóðaðlhús. Þvert úr göngum innanlega eru önnur göng til norðurs sem kvíslast til austurs að búi og eldiviðargeymslu inn af og til vesturs að portbyggðri baðstofu. Á neðri hæð hennar er forstofa með stiga, hjónastofa í suðurenda, eldhús eða stóarhús í miðju húsi og norður af því vefstofa eða pílthús. Upp af stiga er baðstofa og herbergi við hvorn

staftn (Guðmundur L. Hafsteinnsson, 2008). Elsti hluti bæjarins var reistur 1865 í preststíð séra Magnúsar Jónssonar, aðrir hlutar að langmestu leyti í tíð séra Benedikts Kristjánssonar sem sat staðinn 1876–1911. Hann lét byggja upp allan bæinn að meira eða minna leyti í þeirri mynd sem hann er nú. Árni Hallgrímsson (1834–1916) smiður á Garðsá, er talinn höfundur framhúsanna en minna er vitað um bakhúsin.

Áður en séra Þorgrímur Sigurðsson kom í Grenjadarstað árið 1931 var það ætlun Jónasar Jónssonar kirkjumálaráðherra að leggja Grenjadarstaðaprestakall niður. Því var snúið við, mest fyrir harðfylgi Friðfinns Sigurðssonar, bónda í Rauðuskriðu, sem sendur var til að snúa ráðherranum. En þá var þegar búið að skipta jörðinni í fimm hluta og byggja þá flesta nýjum bændum. Voru fjölskyldur sumra þeirra sestar að á Grenjadarstað og því lítið pláss fyrir prestinn og hans fólk (Friðfinnur Sigurðsson, 1959, bls. 154–168). Árið 1936 var byggður nýr prests-



bústaður baka til við gamla bæinn og séra Þorgrímur Sigurðsson flutti þangað með fjölskyldu sína. Búið var í gamla bænum allt til 1949 (Sverrir Haraldsson, 2013, bls. 45).

Bær úr svo forgengilegu efni láta fljótt á sjá þegar þeir eru yfirgefnir. Þegar allt fólk var flutt úr Grenjadarstaðarbænum og enginn til að hirða um hann var ekki annað sýnt en hann mundi falla í rúst og verða jafnaður við jörðu. En áhugamenn með Friðfinn í Rauðuskriðu í fararbroddi beittu sér fyrir því að bærinn yrði varðveittur áfram. Með fulltingi Jónasar frá Hriflu varð því til leidar komið á Alþingi að bærinn var settur í umsjá þjóðminjavarðar 1954. Þar með var bænum borgið og gagngerð víðgerð fór fram á honum 1955–1957 eins og áður er komið fram. Um verkið sáu Sigurður Egilsson, kennari og trésmiður á Húsavík, og Guðmundur Þorsteinsson frá Lundi.

Í Grenjadarstaðarbænum eru um tuttugu vistarverur fyrir utan göng. Þegar farið var að koma safninu fyrir var hugmyndin að búa hvert hús sem líkast því sem hefði verið meðan búið var þar og hafa þar ekki aðra muni. Sú hugmynd reyndist ekki raunhæf þar sem mikill fjöldi þeirra muna sem til féllu og voru verðugir sýningargripir hefðu alla jafna ekki verið hafðir uppi á venjulegum sveitabæjum heldur verið geymdir í kistum, skápum og skúffum. Að lokum var tekið á það ráð að búa eldhús, búr, stóarhús og baðstofu sem næst því sem ætla mætti að verið hefði á fyrri tíma. Munum sem þá voru eftir var komið fyrir í níu öðrum herbergjum.

Þótt fullnaðarviðgerð hafi lokið á bænum 1958 hefur þeirri vinnu aldrei verið hætt. Svona hús þurfa stöðugt viðhald. Lengi naut bærinn handa þeirra Bergsteins Gunnarssonar í Kasthvammi, Erlings Vilhjálmssonar á Rauða og Haraldar Karlssonar á Fljótsbakka. Á seinni árum hafa Oddur Bjarni Þorkelssonar og Margrét Sverrisdóttir unnið torf- og grjótvinnu í bænum.

Um 1990 voru jöfnuð við jörðu fjós og fjárhús prestsetursins en eftir stóð 100 m<sup>2</sup> hlada, byggð að mestu 1978. Hún var fyrst notuð til gestamóttöku á 30 ára afmæli Byggðasafnsins 1988. Þá „voru kaffiveitingar fram bornar í nýteppalagðri hlöðu staðarins“ (Finnur Kristjánsson, 1989, bls. 3). Teppið hafði verið tekið af stofu prestsins og lagt yfir moldargólfíð og súgburrkunarstokkinn. Með þeirri einu breytingu á hlöðunni var hægt að halda þar bæði tónleika og veislur (Kristján Valur Ingólfsson, munnleg heimild, 23. janúar 2015). En eftir gagngerar endurbætur sem lauk 2002 gegnir hladan nú hlutverki þjónustuhúss á tveimur hæðum. Á efri hæðinni er herbergi fyrir umsjónarmann, eldhús og fundarsalur og þar hafa ferðamenn aðgang að snyrtingum og geta fengið sér kaffi eða borðað nesti sitt. Á neðri hæðinni er muna-geymsla og geymslupláss fyrir áhöld og verkfæri safnsins og þar er komið fyrir blásarakerfi fyrir gamla bæinn. Áður hafði það verið í pósthúsinu.

Safnið á Grenjadarstað er einungis opið yfir sumartímamann frá því í byrjun júní og til ágústloka. Utan þess tíma er opið fyrir hópa sem vilja koma. Síðustu þrjú áratugi hafa nær þrjú þúsund gestir skoðað bæinn á ári að meðaltali (sjá gögn úr Safna 1981–2008). Upplifun þeirra er ekki bara að sjá þessi gömlu heimilistæki og verkfæri heldur að sjá þau í sínu rétta umhverfi. Og húsið sjálft er merkasti safngripurinn.

Meðan Byggðasafnið hafði ekki í önnur hús að venda en Grenjadarstaðarbæinn voru þar fleiri munir en hæfilegt var. Eftir að Safnahúsið á Húsavík var tekið í notkun 1980 var hægt að koma því í betra horf. Það sáu þeir fyrir sem börðust fyrir byggingu Safnahússins:

“Bærinn sjálfur nýtur sín ekki, sem sannur fulltrúi gömlu bæjanna í rétttri mynd, ef hann er ofhlaðinn alls konar sýningarmunum, sem yfirleitt voru ekki fyrir hvers manns augum í gömlu bæjunum. Í bænum á fyrst og fremst að varðveita þá muni, sem slíkum bæjum tilheyru vel búnum og lífinu og starfinu þar” (Jóhann Skaptason, 1965, bls. 23).

Eftir þessari forskrift er í aðalatriðum farið við sýningu Grenjadarstaðarbæjar núna. Hugmyndin er að gestir sjái þar dæmi um norðlenskt 19. aldar stórbýli með þeim húsmunum og tækjum sem tilheyru slíkum húsakynnum svo og muni sem beint eru tengdir sögu staðarins og fyrrum ábúendum.

Á Grenjadarstað hafa síðan Safnahúsið kom til sögunnar verið kringum eitt þúsund skráðir munir. Safnmunum fylgja jafnt og þétt og eru jafnóðum skráðir í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp. Í lok árs 2014 var 4.861 munur skráður í Byggðasafni Suður-Þingeyinga, þar af 901 með Grenjadarstað sem varðveislustað.

### Skráðir safnmunir 1981-2005



### Safnahúsið

Jóhann Skaptason var sýslumaður Þingeyinga 1956–1974. Honum voru menningarmál Þingeyinga afar hugleikin og hann sá safnamál þeirra í stóru samhengi. Draumur hans var að öllum þeim söfnum sem geymdu forn menningarverðmæti héraðsins yrði hægt að koma undir eina yfirstjórn.

“Örar framfarir nútímans og skjótar breytingar í



Mynd 40

menningarháttum hafa vakið menn til umhugsunar um varðveislu fornra menningarverðmæta heimafyrir, því flestum er ljóst, að óhyggilegt er að slíta þráðinn milli fortíðar og nútíðar.

Bóka-, skjala- og minjasöfnin eru ávöxtur þessa hugsunarháttar, listasöfn og vísinda raunverulega líka, öll geymd byggist á vitund þess, að nauðsynlegt sé að vita nokkuð um uppruna sinn og fortíðin megi ekki gleymast” (Jóhann Skaptason, 1965, bls. 20).

Með þetta var Jóhann í huga þegar hann boðaði forseta bæjarstjórnar Húsavíkur og stjórnir Héraðsbókasafns Þingeyinga, Bygðasafns Þingeyinga og Skjalasafns Þingeyjarsýslu og Húsavíkurkaupstaðar til fundar á Húsavík 18. apríl 1964. Öll þessi söfn bjuggu við allt of þröngan húsakost og því ekki erfitt að sannfæra fundarmenn um nauðsyn þess að byggja nýtt safna-hús. Fjórir menn voru kosnir til að gera tillögur um framkvæmdir sem lagðar yrðu fyrir bæjarstjórn og sýslunefnd: Jóhann Skaptason sýslumaður, Jón Gauti

Pétursson á Gautlöndum, Þrándur Indriðason á Aðalbóli og Kári Arnórsson, skólastjóri á Húsavík.

Nefndin hélt fund um haustið sem skilaði mjög ítarlegri greinargerð sem hefst svo:

“Það er staðfest álit nefndarinnar að íslenzku þjóðlífi sé nauðsynlegt að viðhalda byggðinni um land allt og að það takist aðeins með því móti, að jöfnum höndum sé kappsamlega unnið að uppbyggingu atvinnu- og menningarlífs úti í héruðunum og að hin andlega menning eigi að byggjast á grundvelli fornrar menningar þjóðarinnar, en jafnframt séu augu og eyru opin fyrir öllu því, sem til framfara og menningar horfir, hvar sem er í heiminum” (Jóhann Skaptason, 1965, bls. 21).

Síðan er í greinargerðinni löng útlitun á hlutverki og gildi hvers safns; bókasafns, skjalasafns, fornminja- og bygðasafns, listasafns, náttúrugripasafns og einnig lýsing á aðstæðum þingeyksra safna. Nefndin leggur til að byggt verði yfir öll söfnin í einni byggingu, 300 m<sup>2</sup> á tveimur hæðum. Bókasafnið fái alla 1. hæð

hússins en á efri hæðinni verði skrifstofa safnvarðar og sýningaralur, Héraðsskjalasafnið með eldtryggri geymslu og bráðabirgðaaðstaða fyrir náttúrugripasafn. Svo segir um byggðasafnið:

“Þá þarf að vera hægt að hafa þar herbergi allstór til afnota fyrir byggðasafnið, bæði geymslu og sýningarherbergi, ef ekki verður kjallari undir húsinu. Ef hann verður, myndi hann ætlaður sjóminjadeild byggðasafnsins og þar gætu verið fleiri geymslur fyrir dót, sem ekki yrði haft í sýningarsal” (Jóhann Skaptason, 1965, bls. 30).

Hér er eins og nefndin hafi ekki getað gert upp við sig hvort kjallari ætti að vera undir húsinu eða ekki. Lá þó í augum uppi að án kjallara gæti orðið snúið að finna pláss fyrir þá muni sem tilheyruðu sjóminjadeild. Þeir voru í geymslu á Grenjadarstað og áttu engan veginn heima þar í sveitabænum.

Þessi hugmynd var lögð fyrir Húsavíkurkaupstað og sýslunefnd með þeim árangri að fljótlega var hafist handa. Samið var um lóðarstærð til að tryggja nægilegt rými til framtíða uppbyggingar og Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitekt var fenginn til að teikna húsið. Framtíðarsýn arkitektsins var glæsileg; fjögur stór hús á 2–4 hæðum með mikilli tengibyggingu í miðju, grasagarðar í kring með gosbrunni og höggmyndum. Byggt var aðeins það hús sem á teikningunum hét fyrsti áfangi og þar við situr.

Framkvæmdir hófust í júní 1967. Næstu árin var unnið eftir því sem fjármagn dugði til og hinn 24. maí 1980 var Safnahúsið formlega tekið í notkun. Mikið vantaði þó á innréttingar, sérstaklega í kjallara, sem var lokið 1988. Síðan var unnið að frekari innréttingum eftir efnum (Safnahúsið á Húsavík. Byggða- sjóminja- og héraðsskjalasafn).

Vel var haldið utan um framkvæmdirnar og af mikilli ráðdeild séð til þess að ekki væri siglt fram úr fjárhagsáætlunum. Þegar Jóhann Skaptason, fyrrverandi sýslumaður, skilaði af sér reikningum Safnahússins skömmu eftir opnun þess árið 1980 var byggingin skuldlaus og veruleg innstæða á byggingar- reikningnum. Þannig bjó hann haglega í hendur þeirra sem þá tóku við rekstri safnanna (Finnur Kristjánsson, 1984, bls. 3). Byggðasafnið fékk langþráða geymslu fyrir muni sína á kjallara nýja hússins og sýningarpláss í einu herbergi á efri hæð þar sem var m.a. sett upp eftirlíking af stofunni í Þverá í Laxárdal þar sem fyrsta kaupfélagið var stofnað. Í anddyri kjallarans voru líka settar upp sýningar.

### Sjóminjasafnið

Þegar farið er að grafast fyrir um fyrstu hugmyndir um sjóminjasafn Þingeyinga berast böndin enn og aftur að Jóhanni Skaptasyni. Í huga hans var byggðasafnið aðeins byrjun á miklu stærra safni sem gæti hýst

alla byggðasögu, menningarsögu og atvinnusögu Þingeyinga. Það kemur fram í ítarlegu áliti safnahús- nefndarinnar 1964 sem hann stýrði. Þetta segir um sjóminjar í nefndarálitinu:

“Sjósókn hefur frá fornu fari verið annar aðal- atvinnuvegur Íslendinga. Er því jafnan áriðandi að varðveita í byggðasafni alla muni þeirri atvinnugrein tilheyrandi. Þessum þætti hefur byggðasafnið ekki getað sinnt fram að þessu, fyrst og fremst vegna húsnæðisskorts. Svo örur hafa breytingar seinni tíma verið á þessu sviði, að segja má, að kastað hafi verið fyrir róða allri veiðitækni og tækjum fyrri alda og er nú vart seinna vænna að snúa sér að söfnun þeirra muna” (Jóhann Skaptason, 1965, bls. 23).

Strax ári eftir að Safnahúsið var opnað varð ljóst að húsnæðið væri ekki nægilega stórt. Sérstaklega vantaði pláss fyrir sjóminjasafn. Ekki var þó rasað að neinu. Frá upphafi byggingarframkvæmda Safnahússins var þess vandlega gætt að að byggja ekki í skuld, taka ekki bankalán. Þar var einnig fylgt hugmyndafræði Jóhanns Skaptasonar „að fara fremur aðeins hægar en hafa hlut- ina vandaða“ (Guðni Halldórsson, 1998, bls. 4).

Margir vildu koma málinu á skrið og gjafir bárust, stórar og smáar. Til að mynda gaf Verkalýðsfélag Húsavíkur sparisjóðsbók í tilefni af 70 ára afmæli sínu 1981 með álitlegri upphæð sem nota skyldi þegar hafin yrði bygging sjóminjasafns. Tíu dögum eftir lát Jóhanns Skaptasonar, 17. október 1985, afhenti kona hans, Sigríður Víðis Jónsdóttir, Safnahúsinu hús þeirra hjóna, Tún, og háa fjárupphæð. Þannig náði brennandi áhugi Jóhanns Skaptasonar fyrir málefnum út yfir gróf og dauða. Þegar kona hans lést 1992 arfleiddi hún Safnahúsið að gildum sjóði.

Byrjað var að teikna húsið 1985. Þorvaldur S. Þorvaldsson hafði ekki tók á að teikna viðbygginguna þannig að sonur hans, Jón Þór Þorvaldsson, arkitekt hjá arkitektastofunni Úti & inni ehf., tók við þar sem hann hætti.

Ýmsar hugmyndir voru vegnar og metnar og sendar milli arkitekts og húseigenda. Ári áður en endanleg teikning lá fyrir, 1989, voru sýslunefndir lagðar niður og Héraðsnefnd Suður-Þingeyjarsýslu tók við málinu af sýslunefnd Þingeyjarsýslu. Í byggingarnefnd voru skipaðir Finnur Kristjánsson, forstöðumaður Safnahúss, Halldór Kristinsson sýslu- maður og Helgi Bjarnason, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur.

Árið 1990 var talið að svo mikið hefði safnast í sjóðinn að óhætt væri að hefjast handa. Stefán Óskarsson í trésmiðjunni Rein átti hagstæðasta tilboðið í fyrsta áfanga og tók að sér verkið. Finnur Kristjánsson tók fyrstu skóflustunguna 25. júlí og framkvæmdir hófust samdægurs. Í þeim áfanga var hægt að ljúka



Mynd 41

allri steypuvinnu, þ.e. að steypa kjallara undir aðal- húsið og útveggi á aðalhæð þess og ljúka að fullu við tengibyggingu Safnahúss og nýbyggingar (Finnur Kristjánsson, 1991, bls. 6–7).

Annar áfangi var unninn 1996 og 1997. Timburtak ehf. sá um að reisa tréverkið, píramíðann sjálfan, og ljúka við frágang á húsinu að utan. Byrjað var á lokaáfanganum haustið 1998 með frágangi á útisvæði safnsins og síðan hófst vinna við lokafrágang innan dyra. Hönnun innréttinga, uppsetningu muna og merkingar þurfti ekki að kaupa dýrum dómum. Það var allt í höndum forstöðumanns Safnahússins, Guðna Halldórssonar, sem var forstöðumaður safnsins á árabílinu 1992–2008. Pétur Jónasson ljósmyndari vann allar ljósmyndir.

Guðni var á nokkrum undangengnum árum búinn að víða að sér upplýsingum sem hann vildi að þarna kæmu fram og lagði sérstaka áherslu á það sér- stæða í sögu héraðsins. Það kemur fram á skilti sem komið er fyrir á áberandi stað fyrir gesti safnsins að lesa.

“Markmið Sjóminjasafnsins er að safna, skrá, varðveita og sýna muni, myndir og gögn, sem tengjast sjósókn og sjávarnytjum við Skjálfanda og á nærliggjandi svæðum. Tilgangurinn er að fólk nú og síðar skilji betur hvernig forfedurnir lifðu af því sem sjórinn gaf og hversu stóran þátt sjávarnytjar hér um slóðir áttu í því að tryggja afkomu fólks fyrr og nú” (Guðni Halldórsson, 2003, bls. 93–108).

Við smíði innréttinga og gerð upplýsingaspjalda fékk Guðni hjálp ýmissa góðra manna en vann mest sjálfur. Fólk var farið að undrast hvað hann væri að gera í Safnahúsinu á kvöldin. Má fullyrða að án þeirrar vinnu Guðna sem ekki var mæld eða reiknuð til launa hefði ekki tekist að opna Sjóminjasafnið 20. apríl 2002.

#### Grunnsýningin 2010

Talsverðar breytingar voru gerðar á Safnahúsinu veturinn 2009–2010, en þá hafði nýr forstöðumaður tekið við safninu, Sigrún Kristjánsdóttir. Tók hún við af Sigurjóni Baldri Hafsteinssyni, sem gengt hafði starfinu

í eitt ár. Byggðasafnið fékk til umráða fyrstu hæðina þegar Bókasafnið, sem þar hafði verið, var flutt niður í kjallara. Sýningar Byggðasafnsins höfðu verið dreifðar um húsið en þarna opnaðist möguleiki á nýrri, stórrí sýningu.

Í upphafi þurfti að afmarka verkefnið. Ákveða hvaða sögu ætti að segja og hverjum og halda öllu innan ramma sem réðist af tveimur stærðum; þeim gripum sem til voru og fánlegum fjármunum. Kallaður var til hópur fólks til að leggja fram hugmyndir og vinna úr þeim. Þar sátu í frjóm samræðum rithöfundarnir Oddný Ævarsdóttir og Sjón og Davíð Ólafsson sagnfræðingur með heimamönnum Sigurjóni Jóhannessyni, fyrrverandi skólustjóra, og Þorkeli Lindberg líffræðingi. Niðurstaða hópsins eftir tveggja daga rökræður var að sýningin skyldi ná yfir 100 ára tímabil frá 1850–1950. Tímamörkin réðust af því að langflestir munir safnsins voru frá þessu tímabili og þær breytingar á atvinnuháttum og vélvæðingu sem stríðsárin höfðu í för með mörkuðu endi þess tíma sem kallaður hefur verið „gamla bændasamfélagið“. Ákveðið var að draga fram þann menningararf sem safnið hefði að geyma á þann hátt að höfðaði til sem flestra, jafnt heimamanna sem erlendra gesta. Grunnhugmyndin skyldi vera „samband manns og náttúru bæði hvað varðar ógnir og hættur, en líka lífsbjörg, nýtingu, mat og klæði, og auk þess fjallað um hvernig listirnar eru innblásnar af náttúrunni“ (Sigrún Kristjánsdóttir, 2011, bls. 8). Sýningargripum og heimildum var skipt í þemu á óhefðbundinn hátt en eftir gamalkunnri flokkun náttúrunnar: Steinaríki: Steinasafn, náttúruöflin, beislun náttúrunnar, samgöngur. Jurtaríki: Jurtasafn, listir, heimilisiðnaður, ræktun, rekaviður. Dýraríki: Fuglasafn, matur og næring, húðir og bein, veiðar í ám og vötnum, skeljasafnið, selir – fjara, maðurinn.

Sýninguna hannaði Finnur Arnar Arnarsson myndlistarmaður með það að markmiði að hún gæti staðið lengi en gæti þó tekið breytingum í tímans rás án þess að grunnurinn raskaðist. Við uppsetninguna með Finni störfuðu Þórarinn Blöndal myndlistamaður og Sigrún Kristjánsdóttir safnstjóri. Völundur Óskarsson íslenskufraeðingur vann texta sýningarinnar, samdi sumt og tók annað upp úr bókum, blöðum og greinum.

Innan sýningarinnar var sérsýning um Samvinnuhreyfinguna. Félag með nafninu Samvinnusýningin á Húsavík var stofnað 28. mars 2007 í þeim tilgangi að setja upp þessa sýningu og safna til þess munum, myndum og gögnum verslunar- og félagssögunnar og draga fram þátt Þingeyinga í félagsmálabaráttu á ofanverðri 19. öld og í byrjun þeirrar 20., stofnun KÞ, fyrsta kaupfélags á Íslandi, og stofnun þriggja Þingeystra kaupfélaga á Sambandi íslenskra samvinnufélaga. Verkefninu stjórnaði Tryggvi Finnsson á Húsavík. Sett var upp eftirlíking af Þverárstofu þar sem fyrsta kaupfélagið var stofnað. Margmiðlunarefni á snertiskjá var gert af Gagarín

ehf., texta skrifaði Björn Teitsson sagnfræðingur. Sýningin fékk yfirskriftina Mannlíf og náttúra – 100 ár í Þingeyjarsýslum og var formlega opnuð 12. júní 2010. Í ræðu Sigrúnar Kristjánsdóttur, forstöðumanns Safnahússins, sagði m.a.:

“Sú sýning sem hér er verið að opna fjallar um sambúð manns og náttúru, eins og hún birtist í gripum safnsins, ljósmyndum og textum sem Þingeyingar sjálfir hafa varðveitt og skrifað. Náttúrugripir og manngerðir hlutir eru sýndir saman til að undirstrika hve margslungin þau samskipti hafa verið, bæði til góðs og ills. Sýningunni er afmarkaður 100 ára rammi 1850–1950 sem markast af gripum safnsins. Þannig er sýningin vitnisburður um safneignina en við sýningargerðina var leitast við að framleiða sem minnst en notast við muni, myndir og texta sem voru innan seilingar” (Sigrún Kristjánsdóttir, 2011, bls. 13–14).

### Safnaverðlaunin 2012

Íslandsdeild ICOM, Alþjóðaráð safna, og Félag íslenskra safna og safnmanna veita annað hvert ár Íslensku safnaverðlaunin því safni sem þykir hafa skarað fram úr eða hefur á eftirtektarverðan hátt unnið úr þeim áskorunum sem söfn standa frammi fyrir. Verðlaunin 2012 komu í hlut Byggðasafns Suður-Þingeyinga og voru afhent af forseta Íslands á Bessastöðum á íslenska safnadaginn 8. júlí. Rökstuðningur dómnefndar er birtur hér í heild af því að hann dregur fram skýra mynd af sýningunni:

Grunnsýningin Mannlíf og náttúra – 100 ár í Þingeyjarsýslum var opnuð í Byggðasafni Suður-Þingeyinga í Safnahúsinu á Húsavík í júní 2010. Opnuð sýningarinnar markaði endapunktur umfangsmikilla breytinga á Safnahúsinu. Í stað hefðbundinnar aðgreiningar á menningu og náttúru er valin sú leið að draga upp mynd af sögu byggðarinnar í samspili manns og náttúru. Menningarminjar og náttúrugripir eru settir í nýtt og spennandi samhengi. Niðurstaðan er athyglisverð og eðlileg. Fjallað er um lokatímabil „gamla bændasamfélagsins“. Laxá, með bæjum meðfram ánni frá upptökum til sjávar, rennur eins og lífæð gegnum sýninguna, tengir hana saman og skerpir áhersluna á samspil og gagnkvæm áhrif manns og náttúru þar sem sérkennum svæðisins og náttúrunýtingu eru gerð góð skil. Staðbundnum sérkennum og náttúruaðstæðum er komið á framfæri og á textaspjöldum eru frásagnir heimafólks sem bregða ljósi á lífsbaráttu og sjálfsþurft alþýðunnar á tímabilinu 1850–1950. Grunnstefið er gefið með skiptingu viðfangsefnisins í steinaríki, jurtaríki og dýraríki í

stórum sýningarskápum samkvæmt gamalli hefð. Uppsetning sýningarinnar er þaulhugsuð og aðlaðandi. Sýningarrýmið er haganlega nýtt og má auðveldlega skipta út hlutum sýningarinnar án endurhönnunar. Í miðju sýningarsalarins eru eyjar þar sem sýningargripir og ítarlegir textar fjalla um valda þætti mannlífs. Út frá aðalsal sýningarinnar eru minni herbergi sem vekja forvitni gesta. Fjallað er um ákveðið þema í hverju þeirra. Þar, eins og í öðrum hlutum sýningarinnar, er manngerðum hlutum og náttúrugripum fléttað saman ásamt ljósmyndum og öðru myndefni. Sérstakt herbergi, ætlað börnum, er tileinkað náttúruvættum. Að baki sýningunni liggur hugmyndavinna hóps ólíkra einstaklinga sem eru þekktir fyrir að troða óhefðbundnar slóðir í sköpun og túlkun. Sú vinna skilaði sér í fjölbreyttri og ferskri nálgun og fleiri sjónarhornum en oft sjást í sýningum af þessum toga. Til fyrirmyndar er að allir sýningartextar eru þýddir á ensku, ekki aðeins ágríp eins og oft er. Þýðingin er vönduð og hvergi hnökra að finna. Sýningarskráin er einkar glæsileg og vel unnin, prýdd fjölda fallegra mynda og gerir hugmyndafræðinni að baki sýningunni mjög góð skil (Safnaráð, 2012).

Í framhaldi af grunnsýningunni sem hér getur að framan gaf Menningarmiðstöð Þingeyinga út bók árið 2011 með sama nafni; Mannlíf og náttúra – 100 ár í Þingeyjarsýslum. Sigrún Kristjánsdóttir ritstýrði og skrifaði inngang þar sem hún gerði grein fyrir hugmyndafræðinni að baki sýningunni og hvernig hún varð til. Í bókinni eru ljósmyndir af sýningunni eftir Christopher Lund og textar eftir Völund Óskarsson.

Safnið hefur staðið að fleiri útgáfum frá stofnun þess og má þar helst telja Safna sem komið hefur út árlega frá 1981. Fyrstu 26 árin var ritið gefið út af Safnahúsinu á Húsavík en síðan 2008 af Menningarmiðstöð Þingeyinga. Í ritinu er samantekt forstöðumanns yfir starfsemi safnanna í Safnahúsinu og á Grenjadarstað og eftir sameininguna 2007 einnig byggðasafns Norður–Þingeyinga á Snartarstöðum. Meðan Finnur Kristjánsson réð húsum í Safnahúsinu var Safni seldur og ágóðanum varið til málverkakaupa. Alla tíð síðan hafa velviljuð félög og fyrirtæki styrkt útgáfu Safna svo ríflega að hann skilar hagnaði sem lagður er í listaverkasjóð.

Húsavíkurland. Kortabók. Örnefni og söguminjar. Gefin út árið 1994, Sigurjón Jóhannesson og Jóhann Hermannsson skrásettu. Í bókinni eru þekkt örnefni og söguminjar á Húsavík merkt inn á kort og einnig hvar horfin hús höfðu staðið.

Að endingu má einnig geta þess að litprentaður bæklingur um Grenjadarstað og sögu bæjarhúsanna var fyrst gefinn út 1993. Textinn er byggður á samantekt þeirri sem sr. Kristján Valur Ingólfsson gerði árið 1986 á

fjórnum tungumálum og ljósritaði á skrifstofu prestsins.

### Sögugrunnurinn

Þingeyiskur sögugrunnur nefnist viðamikil rannsóknarverkefni sem lagt var af stað með frá Sjóminjasafninu árið 2004 og felur í sér söfnun og rafræna skráningu upplýsinga. Fyrsta skrefið var að skrá fiskimið Þingeyinga inn á kortagrunn. Það var mjög í samræmi við markmið Sjóminjasafnsins sem er „að safna, skrá, varðveita og sýna muni, myndir og gögn, sem tengjast sjósókn og sjávarnyrtjum við Skjálfanda og á nærliggjandi svæðum“ (Guðni Halldórsson, 2003, bls. 107). Þegar þetta er ritað er verkefninu hvergi nærri lokið en fjölþættar upplýsingar eru komnar inn í Þingeyiskan sögugrunn og landsupplýsingakerfið. Þeir sem hafa aðallega lagt hönd að verki auk starfsmanna safnsins eru sagnfræðingarnir Ómar Þorgeirsson og Yngvi Leifsson og Daniel Borgþórsson, upplýsinga- og tölvutækni-fræðingur. Búið er að skrá lendingar, ver, hafnir og fleira tengt ströndinni. Fiskimið á Skjálfanda og austan Eyjafjarðar hafa verið mynduð og staðsett með GPS punkum.

Mikill tími hefur verið lagður í sagnfræðilega heimildavinnu varðandi lendingar, ver- og sjóbúðir og annað sem tengist árabátáutgerð á svæðinu og að ljósmynda lendingar. Þá er unnið að skráningu á vöðum og ferjustöðum á fallvötnum á svæðinu, einkum Laxá og Skjálfandafljóti. (Guðni Halldórsson, 2008, bls. 9–10). Búið er að hanna kortasjá sem er aðgengileg gestum bæði í safninu og á vef. Þar er hægt að sjá lendingar, vita, reka, æðarvörp, fugla- og eggjanyrtjar og seli á strandlengjunni allt frá Svalbarðsströnd til Bakkaflóa. Með tíð og tíma verður með þessu verkefni hægt að byggja upp heildstætt upplýsingakerfi um ýmis sagnfræðileg atriði og staðhætti í Þingeyjarsýslum með því að skrá um það gögn á einum miðlægum stað. Kerfið á að uppfylla allar fræðilegar kröfur svo að það megi nýttast við kennslu og rannsóknir á svæðinu.

### Velgjörðamenn

Allt frá fyrstu dögum Byggðasafns Suður–Þingeyinga hefur þessi stofnun átt ótal hauka í horni, fólk sem gaf dýrmæta muni, lagði fram vinnu og fjármuni. Nokkrir voru þar verulega stórtækir. William Francis Pálsson (1896–1980) á Halldórsstöðum í Laxárdal arfleiddi byggðasafn, náttúrugripasafn, skjalasafn og listasafn að mörgum gripum og göðum auk verulegra fjármuna. Sýslumannshjónin Jóhann Skaptason (1904–1985) og Sigríður Víðis Jónsdóttir (1897–1991) gáfu hús sitt, Túni á Húsavík, og að auki umtalsvert gilda sjóði. Benedikt Jónsson (1901–1986), starfsmaður rafveitunnar og listmálari á Húsavík, arfleiddi Safnahúsið að húsi sínu Sandfelli á Húsavík. Jón Jónsson (1935–1998), bóndi og hreppstjóri á Þverá í Laxárdal, eftirlét Safnahúsinu 20 milljónir króna eftir sinn dag. Sigurður Pétur Björnsson (1917–2007), bankastjóri á Húsavík,

gaf safninu í tilefni níræðisafmælis síns hús sitt, Garðarsbraut 17, allt innbú og ómetanlegt filmusafn frá síðustu 70 árum. Áður hafði hann gefið mikið safn listaverka.

Margir hafa verið tilbúnir að leggja fram krafta sína án þess að ætlast til endurgjalds. Trúlega hafa tveir fyrstu forstöðumenn Safnahússins lagt þar mest af mörkum. Þeir voru á sínum tíma einu fastráðnu mennirnir, tóku að sér stofnunina með öllu á föstum mánaðarlaunum án nákvæmra tímamarka. Aðstoðarfólk gátu þeir ráðið tímabundið ef mikið lá við en aldrei að því marki sem hefði þurft og urðu þeir því sjálfir að fara út fyrir tímarammann.

Finnur Kristjánsson var forstöðumaður Safnahússins frá 1980–1992. Hans hægri hönd og aðstoðarmaður var kona hans, Hjördís Tryggvadóttir Kvaran. Hún var stundum á launum en tíminn var ómældur. Eftir að hún lést 1991 treysti Finnur sér ekki til að standa í þessu einn og sagði upp starfi sínu en eftirmanni sínum var hann innan handar meðan hann gat. Finnur lést 1994.

Guðni Halldórsson var forstöðumaður 1992–2008. Það sem hann skrifaði í Safna 2001 er lýsandi fyrir þá vinnuáðstöðu sem forstöðumanninum var búin:

“Starfsmannamál eru þannig hér að ekki verður lengur við unað. Það er ófært með öllu að einn maður sé á vaktinni alla daga, allan ársins hring og fái aldrei hvíld. Á öðrum vettvangi hef ég gert grein fyrir því að sjálfum mér get ég kennt um þetta að hluta. Það er einu sinni svo að hafi maður metnað til að bæta og og auka það sem unnið er að hlýtur það að kalla á aukna viðveru” (Guðni Halldórsson, 2001, bls. 7–8).

Þegar við bættust ný verkefni eins og að skrá muni Byggðasafnsins í Sarp lenti vinnan við það á forstöðumanni á kvöldin og um helgar í sjálfbodavinnu þegar tóm gafst frá öðru.

“hef ég oft verið spurður hvort nokkur þörf sé á því að ég vinni á þennan hátt. Svarið er einfalt. Það er vitaskuld enginn sem hefur rekið mig til þess og enginn sem hefur sannfært mig um þörfina nema ég sjálfur. Hana þekki ég vel og bregst við henni á mínum forsendum. Ég hef haft áhuga á að sjá hluti gerast, muni verða skráða, texta ritada, sýningar uppsettar o.s.frv. Ekkert af slíku gerist nema eitthvað sé gert í máluum – þetta gerist ekki sjálfkrafa. (Guðni Halldórsson, 2002, bls. 3).

Þessi tími er liðinn. Rekstur Menningarmiðstöðvar Þingeyinga á söfnum héraðsins er kominn í það horf að starfsmenn þurfa ekki að leggja fram sjálfbodavinnu til að koma einhverju áfram eða einfaldlega að halda í horfinu.

## Lokaorð

Margt hefur gerst síðan Páll H. Jónsson og Sigurður Halldórsson fóru um sveitir að safna munum í væntanlegt byggðasafn. Það sem byrjaði sem nokkrar hillur í einu herbergi á Stóruaungum er orðið umfangsmikil stofnun í þremur húsum.

Starfs- og söfnunarsvæði Byggðasafns Þingeyinga nær frá Fnjóskadal í vestri til Bakkafljóðar í austri. Að því standa sex sveitarfélög: Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur, Norðurþing, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð. Fastráðnir starfsmenn eru fjórir í 2,7 stöðugildum; forstöðumaður, skjalavörður, húsvörður og ræstítæknir en á mestu álagstímum eru allt upp í 10 starfsmenn í 9,7 stöðugildum. Þar eru með talin tvö stöðugildi við fjarvinnslu.

Síðan Safnahúsið var opnað hafa forstöðumenn þar verið fimm. Finnur Kristjánsson fyrstu tólf árin og Guðni Halldórsson næstu fjórtán ár. Sigurjón Baldur Hafsteinsson var eitt ár, 2008–2009, þá Sigrún Kristjánsdóttir í tvö ár og síðan 2011 hefur Sif Jóhannesdóttir gegnt þessari stöðu. Það er við hæfi að enda þessa samantekt á sýn hennar á stöðu og framtíð safnsins:

„Byggðasafn Suður-Þingeyinga er deild í Byggðasafni Þingeyinga. Frá upphafi hefur starfsemin eflst, sýningarstöðum fylgjað, geymslurými stækkað, starfsfólki fylgjað og aðgengi almennings aukist. Áfram mun Byggðasafn Suður-Þingeyinga vinna að því grundvallarmarkmiði, á sínu starfssvæði, að: „safna, skrásetja, varðveita, forverja, rannsaka og kynna menningarsögulegar minjar úr Þingeyjarsýslum. Minjar sem hafa sögulegt gildi fyrir héraðið og geta varpað ljósi á líf og starf Þingeyinga á hinum ýmsu tímum. Unnið er að því markmiði með markvissri söfnun muna, öflugu sýningarstarfi og fræðslu. Nýjar framkvæmdir eða breytingar eru ekki á teikniborðinu að sinni. Lögd er áhersla á hlutverk safnsins sem hluta af grunnþjónustu fyrir vaxandi fjölda ferðamanna. Á sama tíma er afar mikilvægt að efla og byggja upp tengslin við heimabyggðina. Starf safna er í sífelldri þróun og nú á tímum mikilvægt að horfa til nýrra leiða til miðlunar sem nútímataekni býður upp á óháð staðsetningu þess sem miðlað er til.“ (Sif Jóhannesdóttir, 2015)

## Heimildaskrá

Finnur Kristjánsson. (1984). Rekstur Safnahússins. *Safni*, 1(4), bls. 2–3.

Finnur Kristjánsson. (1989). Starfið á árinu 1988. *Safni*, 1(9), bls. 2–4.

Finnur Kristjánsson. (1991). Úr starfsskýrslu árið 1990. *Safni*, 1(11), bls. 2–7.

Friðfinnur Sigurðsson. (1994). Þegar átti að leggja niður Grenjaðarstaðarprestakall. *Árbók Þingeyinga* 1993, 1(36), bls. 152–168.

Guðmundur L. Hafsteinsson. (2008). *Byggingarlýsing 2008: Grenjaðarstaðir*. Sótt 15. janúar 2015 af <http://www.thjodminjasafn.is/media/hus/Grenjadarstadur-GLH.pdf>

Guðni Halldórsson. (1998). Úr starfsskýrslu 1996. *Safni*, 1(18), bls. 1–4.

Guðni Halldórsson. (2001). Að lokum. *Safni*, 1(21), bls. 7–8.

Guðni Halldórsson. (2002). Úr starfsskýrslu 2001. *Safni*, 1(22), bls. 3–4.

Guðni Halldórsson. (2003). Sjóminjasafn Byggðasafns Suður-Þingeyinga. *Árbók Þingeyinga* 2002. XLV árg. Bls. 93–108.

Guðni Halldórsson. (2008). Þingeyiskur sögugrunnur. *Safni*, 1(28), bls. 9–11.

Heimir Pálsson. Tölvupóstur til höfundar, 8. febrúar, 2015.

Hjörleifur Stefánsson. (2013). *Af jörðu: Íslensk torfbús*. Reykjavík: Crymogea.

Jóhann Skaptason. (1965). Safnhús Suður-Þingeyinga. *Árbók Þingeyinga* 1964, 1(7), bls. 19–31.

Páll H. Jónsson. (1959). Byggðasafn Þingeyinga. *Árbók Þingeyinga* 1958, 1(1), bls. 11–29.

Safnaráð. (2012). *Íslensku safnaverðlaunin 2012*. Sótt 11. janúar 2015 af <http://www.safnarad.is/um-safnarad/frettir/nr/175>.

Sigrún Kristjánsdóttir. (2011). Ný grunnsýning 2010. *Safni*, 1(31), bls. 4–9.

Sigrún Kristjánsdóttir. (2011). Opnunin. *Safni* 1 (31), bls. 10–19.

Safnahúsið á Húsavík. Byggða- sjóminja- og héraðsskjalasafn. Sótt 9. janúar 2015 af [http://www.nat.is/Sofn/husavik\\_safnahusid.htm](http://www.nat.is/Sofn/husavik_safnahusid.htm).

*Sýslufundargerð Suður-Þingeyjarsýslu 9. –10. apríl 1957*. Héraðskjalasafnið á Akureyri.

Sif Jóhannesdóttir, Tölvupóstur til höfundar, 2. mars, 2015.

Sverrir Haraldsson. (2013). Grenjaðarstaðarkirkja. Í Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstjórar), *Kirkjur Íslands* (22. bindi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.







## Byggðasafn Árnesinga Jón M. Ívarsson

Þó að Byggðasafn Árnesinga hafi starfað í 50 ár má rekja upphaf þess mun lengra aftur í tímann. Fyrstu aðgerðir til að koma safninu á fót má rekja til sýslunefndar Árnessýslu. Á nefndarfundum í maí 1952 kom fram tillaga frá þeim Lýði Guðmundssyni, bónda í Litlu-Sandvík, og Helga Sveinssyni, presti í Hveragerði, um að sýslunefndin skipaði þriggja manna nefnd til þess að hafa forgöngu um stofnun byggðasafns í Árnessýslu. Nefndin var skipuð og formaður hennar var Björn Sigurbjarnarson, bankagjaldkeri og ættfræðingur á Selfossi. Aðrir nefndarmenn voru Emil Ásgeirsson, bóndi í Gróf, og Sigurður Greipsson, skólastjóri í Haukadal. Allt voru þetta áhugamenn um muni og minjar tengdar sögu héraðsins. Í ársbyrjun 1953 sendi nefndin frá sér áskorun til Árnesinga í hið nýstofnaða héraðsblað Suðurland um að þeir hugi að því hvað til sé af munum í sýslunni sem verðskuldi að varðveitast í slíku safni. (Björn Sigurbjarnarson, 1953, bls. 4).

Nefndarmenn skynjuðu fljótt að ávörp í blöðum dugðu ekki til og fengu þá Skúla Helgason frá Svínavatni gagnert til að safna gripum fyrir safnið. Skúli var sjálfmenntaður fræðimaður og hafði frá unga aldri auga fyrir sögulegu verðmæti handverks eldri kynslóða og fór snemma að safna í hjáverkum gömlum munum með listrænt eða menningarsögulegt gildi. Hann var því kjörinn til þessa verks. Skúli hófst handa við gripasöfnun af miklum áhuga sumarið 1954 og varð vel ágengt. Hann fór víða um

sveitir sýslunnar í þeim erindum og leitaði einnig fanga meðal brottfluttra Árnesinga eins og fram kemur í aðfangabók safnsins frá þeim tíma (Lýður Pálsson, 2002). Skúli hélt áfram söfnun sinni næsta ár, 1955. Það sama ár var reist myndarlegt hús yfir byggðasafnið á Skógum í Rangárvallasýslu. Þar var síðar hafin uppbygging á gömlum bæjarhúsum og Skúli hafði hugmyndir um svipað form á Byggðasafni Árnesinga.

Skúli vildi byggja upp safnasvæði með nýju safnhúsi á útvöldum stað innan þéttbýlisins á Selfossi og endurgera og endurbyggja þar gömul hús. Þessar hugmyndir náðu ekki fram að ganga. Ein af ástæðum þess að margra mati var að Skúli Helgason og Páll Hallgrímsson, sýslumaður Árnessýslu, áttu ekki skap saman. (Páll Lýðsson, munnleg heimild, 8. nóvember. 2004). „Hann tók öllu frekar dræmt,“ sagði Skúli síðar um viðbrögð sýslumanns við þeirri hugmynd að koma upp byggðasafni. (Bjarni Harðarson, 1999, bls. 26). Páll sýslumaður hafði greinilega lítinn áhuga á uppbyggingu byggðasafns á Selfossi og gerði lítið úr hugmyndum Skúla. Auðvitað höfðu viðhorf hans mikið að segja í sýslunefndinni.

Í maí 1957 heimsótti Guðmundur Daníelsson, ritstjóri héraðsblaðsins Suðurlands, Skúla til að forvitnast um árangur söfnunarinnar. Þá hafði Skúli þegar haft upp úr kraftinu um 600 gripi af margs konar tagi. Gripina varðveitti hann í tveimur þröngum kjallaraherbergjum í húsi sínu á Selfossi. Það má



Mynd 42

Því segja að forsaga Bygðasafns Árnassýslu hefjist rúmlega áratug áður en það var formlega opnað 1964. Enginn vafi er á að framganga Skúla á þessum tíma bjargaði mörgum góðum grip frá tortímingu. Sparaði hann hvorki tíma, fé né fyrirhöfn til þeirra hluta. Taldi Skúli þó sjálfur að miklu meira hefði fengist hefði verið farið af stað tíu árum fyrr meðan margir torfbærir stóðu uppi í sýslunni og í þeim gamlir gripir í hirðuleysi sem síðan var fleygt þegar bæirnir voru rifnir (Guðmundur Daníelsson, 1957, bls. 1).

Tíminn leið og ekki bólaði á húsnaði fyrir safngripina svo hægt væri að sýna þá almenningi. Áhugamenn í héraði gerðust óþolinmóðir og á útmánudum 1959 viðraði Guðmundur Kristinsson, bankagjaldkeri á Selfossi, í blaðgrein hugmyndir

Skúla Helgasonar um að byggja yfir safnið norðan Ölfusárbrúar. Þar mætti reisa hús í líkingu gamals sveitabæjar til að fanga anda fyrri tíðar en húsið yrði þó vandað steinsteypt hús á nútímavísu (Guðmundur Kristinsson, 1959, bls. 5).

Ekkert heyrðist frá bygðasafnsnefndinni um þetta mál og sama haust þegar safninu barst að gjöf krambúðarinnrétting Lefoliisverslunar á Eyrarbakka hafði hún ekki önnur ráð til að varðveita hana en leita á náðir Árbæjarsafns í Reykjavík um geymslu (Guðmundur Daníelsson, 1959, bls. 3).

Sýslunefnd Árnassýslu sá loks að við svo búið mátti ekki standa og á aðalfundi hennar árið 1959 var ákveðið að leggja fé til byggingar safnahúss yfir bygðasafnið og jafnframt héraðsbókasafnið sem var

á hrakhólum. Sýslunefndin lagði fram nokkra upphæð gegn jafnháu framlagi Selfosshrepps og arkitekt var ráðinn; Sigurjón Sveinsson. Gerði hann teikningu að safnahúsi sem var valinn staður við Tryggvagötu í miðju Selfossþorpi. Í ágústlok 1961 var hafist handa við að grafa fyrir undirstöðum hússins sem skyldi vera steinsteypt, tvær hæðir, 246 fermetrar að grunnfleti. Áætlað var að sýslan og Selfosshreppur ættu húsið að jöfnu og yrði sitt safnið á hvorri hæð (Guðmundur Daníelsson, 1961, bls. 8).

Skúli Helgason varð fyrir miklum vonbrigðum þegar stefnan var tekin á byggingu safnahúss inni í þorpinu í stað þess að setja upp safnasvæði með möguleika á mörgum byggingum eins og hann hafði hugsað sér. Hann sagði því upp stöðu héraðsbókavardar sem hann hafði gegnt árin 1956–1961 og fluttist til Reykjavíkur þar sem hann sinnti uppbyggingu Árbæjarsafns og fræðistörfum. Gripum byggðasafnsins var þá komið fyrir í kjallara Selfosskirkju. Skúli hafði í raun verið safnvörður Byggðasafns Árnesinga allt frá því að hann hóf söfnun sína á vegum sýslunefndar árið 1954 þótt hann væri aldrei skráður sem slíkur. Aðfangabók safnsins frá þessum árum vitnar um ótult starf og fórnýsi Skúla. Víst er að saga Byggðasafns Árnesinga hefði orðið önnur hefði honum auðnast að starfa lengur við safnið á Selfossi og framkvæma þar hugmyndir sínar um uppbyggingu gamalla húsa á staðnum (Ingibjörg Helgadóttir, 2002, bls. 5–6).

Þrátt fyrir ágreining sinn við sýslunefnd var Skúli fenginn til að koma safnmunum fyrir í húsinu þegar leið að opnun safnsins. Þar naut hann aðstoðar Kristjáns Eldjárns Þjóðminjavarðar og tveggja safnvarða Þjóðminjasafnsins; Þórs Magnússonar og Gísla Gestssonar (Bjarni Harðarson, 1999, bls. 26). Þetta var vel ráðið því auðvitað þekkti enginn safngripina og sögu þeirra betur en Skúli Helgason.

Þann 5. júlí 1964 var Safnahús Árnessýslu svo fornlega opnað við hátíðlega athöfn að viðstöddum forseta Íslands, Ásgeiri Ásgeirssyni, og fjölda boðsgesta. Innan dyra var að finna þrjú söfn: Héraðsbókasafnið og Byggðasafnið, sem alltaf hafði staðið til að yrðu þar innan veggja, og svo Listasafn Árnessýslu sem bættist í hópinn á síðari stigum og varð til um þetta leyti. Hér var um að ræða safn listaverka, aðallega málverka eftir listmálarann Ásgrím Jónsson frá Suðurkoti í Gaulverjabæjarhreppi sem frænka hans, Bjarnveig Bjarnadóttir, gaf Árnessýslu með bréfi dagsettu 6. júlí 1961. Fyrsti safnvörður safnsins var ráðinn Kjartan Magnússon, fyrrum bóndi á Torfastöðum í Fljótshlíð, og opnunartími þess til að byrja með var alla daga nema mánudaga kl. 2–4 en kl. 2–6 um helgar (Guðmundur Daníelsson, 1964, bls. 4). Kjartan var jafnframt bókaörður Héraðsbókasafnsins og mun það hafa ráðið mestu um ráðningu hans sem safnvarðar byggðasafnsins því hentugt þótti að sami maður

annaðist hvort tveggja. Meira var ekki lagt í umgjörð byggðasafnsins til að byrja með.

### Baráttan um byggðasafnið

Nú hefði mátt ætla að ævintýrinu væri lokið með farsælum endi og allir gripir safnsins hefðu notið sín hið besta í þessu nýja og fina húsnæði. Það var þó öðru nær og helsti vandi safnsins var að það hafði ekki sjálfstæðan fjárhag heldur þurfti að sækja allt til sýslunefndar. Skúli Helgason hafði áfram hönd í bagga með útvegum gripa og frægar urðu deilur hans við Pál Hallgrímsson sýslumann þegar gamla píanóið úr Húsinu var falt. Skúli taldi einboðið að kaupa þennan kjörgrip en sýslumaður þráaðist við því honum þótti hljóðfærið of dýrt. Að lokum var þó píanóið keypt og átti Skúli mestan þátt í að það komst í eigu safnsins (Gísli Sigurðsson, 2000, bls. 4–5).

Í viðtali við Skúla Helgason í Suðurlandi þegar fimm ár voru liðin frá opnun Byggðasafns Árnesinga lýsti hann skoðunum sínum á stöðu safnsins. Skúli benti á að býsna þröngt væri um safnið þarna enda einu safni meira innanhúss en ætlað var í upphafi þegar húsið var teiknað. Hann gagnrýndi staðsetningu þess í þorpinu og sagði ferðamenn kvarta yfir hversu illa þeim gengi að finna það á staðnum. Skúla þótti varhugaverð sú stefna að byggja upp mörg lítil söfn hér og þar í héraðinu og talaði um „dritsöfn“ í því sambandi. Hann lagði enn til að óbyggt svæði norðan við brúarsporð Ölfúsar yrði gert að safnasvæði. Þar mætti endurbyggja gömul merk hús úr héraðinu þótt sum þau merkustu eins og hin gömlu verslunarhús Eyrarbakaverslunar hefðu verið rifin illu heilli (Guðmundur Daníelsson, 1969, bls. 1).

Þetta hressilega viðtal við Skúla hleypti af stað líflægum skoðanaskiptum. Sigurður Guðjónsson, fyrrum skipstjóri á Eyrarbakka, ritaði grein í Suðurland og bar hönd fyrir höfuð hinna svokölluðu „dritsafna“ og nefndi rjómagabúð á Baugsstöðum og Þuridarbúð á Stokkseyri sem dæmi um velheppnuð smásöfn. Hann taldi þau betur komin á sínum stað en endurbyggð uppi á Selfossi. Í lokin sagði Sigurður hiklaust „að við Bakkamenn erum ákveðnir í að koma upp „dritsafni“ hjá okkur hvað sem hver segir.“ Var hann þar með sjóminjasafn á Eyrarbakka í huga en bygging húss yfir það var hafin þetta ár, 1969. (Sigurður Guðjónsson, 1969, bls. 3)

Sigurður beitti sér mjög fyrir stofnun safnsins og merktast safngripur þess er áraskipið Farsæll, tólfróinn teinæringur. Farsæll er síðasta skipið sem Steinn Guðmundsson, skipasmiður á Eyrarbakka, smíðaði árið 1915. Farsæll var í eigu Sjóminjasafns Íslands, síðar Þjóðminjasafnsins, en lenti í vanhirðu hjá eigendum sínum. Sigurður Guðjónsson bjargaði Farsæl frá því að tynast í sandinun sunnan við kirkjuna á Eyrarbakka. Hann kom skipinu í hús, fékk bátasmiðinn Jóhann

Sigurjónsson til að gera við það og byggði svo sérstakt hús til að hýsa það. Það er því honum að þakka að Farsæll er til í dag (Lýður Pálsson, 2015).

Haustið 1969 ritaði Guðmundur Kristinsson bankagjaldkeri enn grein í Suðurland um safnamálin. Guðmundur fann að því fyrirkomulagi að þrjú þremur söfnum saman í litlu húsnæði eins og gert var á Selfossi þar sem bókaforður var jafnframt gæslumaður byggðasafnsins. Guðmundur hafnaði þeirri hugmynd að byggja við núverandi safn og dæmdu staðinn óhentugan. Þá gerði hann samanburð á safnamálum Selfoss og ýmissa staða á landinu Selfossi í óhag og benti á byggðasafnið í Skógum sem góða fyrirmynd þegar hann endurtók í lokin hina gömlu hugmynd um safnasvæði norðan við brúna (Guðmundur Kristinsson, 1969, bls. 7).

Ritstjóri Suðurlands, Guðmundur Daníelsson rithöfundur, hafði alltaf sýnt safnamálinu áhuga og fékk nú Pál Lýðsson, sagnfræðing og bónda í Litlu-Sandvík, í viðtal til að ræða þessi mál. Páll hafði þá nýlega tekið við formennsku byggðasafnsnefndar og upplýsti greiðlega stöðuna í safnamálum. Það helsta var að Kristján Jósefsson, eigandi Íslenska dýrasafnsins, hafði sýnt áhuga á að koma safni sínu fyrir á Selfossi. Í öðru lagi hafði aldraður Árnesingur frá Brandshúsum í Gaulverjabæjarhreppi, Halldór Einarsson, ánafnað Árnessýslu merkilegt safn tréskurðarmynda sem hann hafði gert á langri ævi. Halldór hafði lengst af búið í Ameríku en var nú fluttur heim til Íslands og bauðst að auki til að leggja fram talsverða fjárhæð til húsnæðismála safnsins. Páll upplýsti að nefndin ætlaði að byggja við safnið á núverandi stað og hefði gert ráðstafanir til að undirbúa það. Einnig hefði nefndin haft mann á sínum snærum til að safna munum að undanfögnu.

Þegar hér var komið sögu hafði Guðmundur Kristinsson verið skipaður af sýslunefnd í byggðasafnsnefndina með Páli ásamt Hjálta Gestssyni, héraðsráðunaut Búnaðarsambandsins, og taldi Páll ekkert því til fyrirstöðu að starfa með Guðmundi þrátt fyrir mismunandi skoðanir á málefnum safnsins (Guðmundur Daníelsson, 1969, bls. 5). Reyndar sat Guðmundur bara hálf ár í nefndinni en var ekki endurkosinn af sýslunefnd. Hann hafði á undanförunum árum séð til þess að stundum gætað ærið um byggðasafnið en hafði fremur hægt um sig eftir þetta. En þá brast á óveður úr óvæntri átt og var sá stormur hvassari en nokkur sinni.

Guðmundur Daníelsson, rithöfundur og ritstjóri, hafði oft og íðulega birt fréttir og viðtöl um málefni byggðasafnsins í blaði sínu og sumarið 1970 birti hann forsíðugrein um byggðasafnið í blaði sínu Suðurlandi. Grein hans hét: „Skítt með alla skynsemi! Upp með fúskið!“ og vakti heilmikla athygli. Þar tók hann eindregna afstöðu með þeim mönnum sem vildu byggja upp safnasvæði norðan Ölfusár í stað þess að

hafa safnið inni í miðju kaupfélagsins. Guðmundur deildi hart á byggðasafnsnefnd fyrir starf hennar, eða öllu heldur starfsleysi og tregðu við að framkvæma hugmyndir Skúla Helgasonar og Guðmundar Kristinssonar um „opið byggðasafn“ á svæði norðan ár þar sem hægt væri að endurbyggja gömul hús. Í grein Guðmundar birti hann bréf nafna síns Kristinssonar til sýslunefndar Árnessýslu þar sem hann benti á að safnahúsið væri óhentugt, of lítið og illa staðsett. Þar kom fram að aðeins 296 borgandi gestir höfðu heimsótt byggðasafnið allt árið 1969. Á sama tíma komu milli þrjú og fjögur þúsund gestir á Skógasafn í Rangárvallasýslu (Guðmundur Daníelsson, 1970, bls. 1–2).

Páll Lýðsson, formaður byggðasafnsnefndar, brá við hart og svaraði með heilsíðugrein í héraðsblaðinu Þjóðólfi. Páll trefkaði að viðbygging við safnið væri ákveðin og rakti röksemdir nefndarinnar fyrir því að byggja húsnæði yfir safnið inni í þéttbýlinu fremur en á sérstöku safnasvæði. Ein sú helsta var að bæði fyrrverandi þjóðminjavörður, Kristján Eldjárn, og sá núverandi, Þór Magnússon, lögðust eindregið gegn því að byggja einhvern torfbæ án fyrirmyndar og nákvæmra teikninga. „Frá sjónarmiði fræðimannsins yrði sá bær aldrei „ekta“ og aldrei örugg heimild,“ sagði þjóðminjavörður í bréfi sem Páll vitnaði til í greininni (Páll Lýðsson, 1970, bls. 5).

Þór Magnússon benti á þá leið að endurreisa einstök hús eins og baðstofur og stofur inni í sjálfu sýningarhúsinu eins og gert hefði verið bæði á Reykjum í Hrutafirði og á Ísafirði. Páll upplýsti enn fremur að hann hefði boðið Skúla Helgasyni að hlynnu að slíkum bygg-ingum innanhúss. „Þar hefur hann slegið á útrétta hönd og þverneitað öllu öðru en útibyggingum. Verður hver svo að uppskera sem hann sáir til og menn sem ekki vilja neina tilslökun í samningum standa að lokum með tvær hendur tómar,“ sagði Páll Lýðsson (1970, bls. 5).

Í þriðja lagi upplýsti Páll að byggingarfulltrúi og ráðamenn hreppsins hefðu lagst gegn hugmyndinni um opið byggðasafn. Í fjórða lagi benti Páll á að Skúli Helgason og Guðmundur Kristinsson, helstu áhugamenn um opið byggðasafn á nyrðri bakka Ölfusár, hafi heimsótt flesta sýslunefndarmenn til að kynna þessar hugmyndir fyrir þeim. Sýslunefndarmenn hafi þó ekki stutt Guðmund til frekari setu í stjórn byggðasafnsins (Páll Lýðsson, 1970, bls. 5). Sú staðreynd að Lýður Guðmundsson, faðir Páls, átti þá sæti í sýslunefnd fyrir Sandvíkurhrepp hefur eflaust haft sitt að segja um augljóst var að sjónarmið Skúla og Guðmundanna áttu ekki brautargengi meðal ráðamanna hvorki í sýslunefnd né á Selfossi.

Páll Lýðsson var ritsnjall maður ekkert síður en Guðmundur Daníelsson og sparaði öll stóryrði en var rökfastur og gagnorður í svargrein sinni til hans. Páll sagði höfundu þessarar greinar að honum hefðu heldur leiðst þessar deilur en hann hefði svarað



Mynd 43

fyrir sig í þessari einu grein og ákveðið síðan að láta fremur verkin tala. (Páll Lýðsson, munnleg heimild 7. nóvember 2004).

### Byggt við safnið

Sýslunefnd Árnessýslu samþykkti á fundi sínum vorið 1970 að hefja viðbyggingu við byggðasafnið og veitti til hennar allgóðri fjárhæð sem var þriðja hæsta fjárveitingin það árið, aðeins fjárveitingar til sjúkrahúss á Selfossi og húsmæðraskóla á Laugarvatni voru hærri (Guðmundur Daníelsson, 1970, bls. 8). Þann 15. október 1970 var skýrt frá því í Suðurlandi að hafin væri bygging nýs safnahúss við hlið hins eldra á lóð Byggða- og bókasafns Árnessýslu. Nýja húsinu var meðal annars ætlað að hýsa Listasafn Árnessýslu, en hluti safneignar voru listaverk Halldórs Einarssonar,

sem auk þess hét að styrkja nýbygginguna með jafnvirði 10 þúsund Bandaríkjadala. Einnig höfðinglega listaverkagjöf Bjarnveigar Bjarnadóttur og sona hennar en hún var frænka Ásgríms Jónssonar listmálara og í gjöf hennar, var að finna marga dýrgripi frá þeim snillingi sem var upprunninn í Gaulverjabæjarhreppi eins og Halldór Einarsson. Þessi fréttatilkynning kom frá stjórn Byggðasafns Árnessýslu sem í tilefni áfangans hafði breytt nafni sínu og hét nú Byggða- og listasafn Árnessýslu (Páll Lýðsson, 1970, bls. 3). Húsið var mjög svipað að umfangi því húsi sem fyrir var. Um líkt leyti ákvað sýslunefndin að veita fé til varðveislu Baugsstaðarjómabúsins sem skyldi áfram standa á sínum stað (Guðmundur Daníelsson, 1971, bls. 5).

Byggingin hófst en þrátt fyrir fjárframlag Halldórs Einarssonar og sýslunefndar skorti brátt fé

til að fullgera húsið. Sýslunefnd Árnessýslu greip þá til þess ráðs að bjóða Selfosshreppi að gerast aðili að safninu og jafnframt eiga tvo menn af fimm í stjórn þess. Hreppsnefnd hafnaði tilboðinu einróma 22. september 1971 (Guðmundur Daniélfson, 1972, bls. 7). Árið eftir itrekaði sýslunefndin boð sitt til Selfosshrepps og nú fylgdi væn dúsa því nefndin hét því að stóruka framlag sitt til Héraðsbókasafnsins sem fram að þessu hafði að mestu verið á vegum hreppsins. Selfosshreppur brást við með því að skipa nefnd undir formennsku Guðmundar Kristinssonar til að ræða við byggðasafnsnefndina (Guðmundur Kristinsson, 1973, bls. 3). Páll Lýðsson mætti einu sinni á fund þeirrar nefndar en lítið kom út úr þeim viðræðum (Páll Lýðsson, munnleg heimild 14. nóember 2004).

Byggðasafnsnefndin sat ekki auðum höndum því 14. júní 1974 var ný sýning Listasafns Árnessýslu opnuð í hinni nýju byggingu. Sýningin samanstóð af málverkajöf frá Bjarnveigar Bjarnadóttur frá 1961 og safni tréskurðar- og höggmynda Halldórs Einarssonar frá 1969. Formlega afhenti Halldór safn sitt við þetta tækifæri og nú var það komið undir þak fimm árum eftir að gefandinn reit gjafabréf sitt til safnsins. Þar voru mörg listaverk sem Halldór gaf í minningu foreldra sinna Einarssonar og Þórunnar Halldórsdóttur í Brandshúsum. Listaverk Halldórs voru sett upp á frumlegan hátt í sýningarsal og sýningin vakti athygli (Jón Guðmundsson, 1975, bls. 26). Augljóst er að þessar rausnarlegu og óvæntu listaverkajafir höfðu á margan hátt breytt ráðs- og búðanna. Ekki var gert ráð fyrir listasafni í nábýli byggðasafnsins þegar farið var af stað en tilvist þess varð til þess að nauðsyn bar til að stækka húsakostinn og dugði þó ekki til.

Kjartan Magnússon, fyrsti safnvörður byggðasafnsins, sinnti safninu af alúð og trúmennsku og tók sér til dæmis aldrei frí á sunnudögum allan sinn starfstíma. Hann var þó fyrst og fremst í gæsluhlutverki og fyrir kom að hann vísaði mönnum frá með nýja gripi sökum plássleysis. Kjartan var safnvörður til miðs árs 1972 að hann kaus að draga sig í hlé þegar heilsa hans fór að gefa sig (Páll Lýðsson, 1975, bls. 22–23).

Eftirmaður Kjartans var annar fyrrum bóndi, Pétur M. Sigurðsson, sem hafði búið um 17 ára skeið á Austurkoti í Sandvíkurhreppi þegar hann fluttist á Selfoss vorið 1972 og tók við vörslu safnsins. Hann vann einnig sem bókaforður við Héraðsbókasafnið í hlutastarfi en nokkru áður hafði Anna Guðmundsdóttir verið ráðin þar sem aðalbókaforður. Pétur var talinn kraftaverkamaður í störfum sínum og hann vildi veg safnanna sem mestan. Hann lagði sitt af mörkum við stofnun Listasafns Árnessýslu og var aðalhvatamaður þess að náttúrugripasafnið varð til. Þá var hann í hópi áhugamanna sem á útmánudum 1982 stofnuðu félag til að hrinda stofnun héraðsskjalasafns í framkvæmd.

Það næsta sem gerðist í safnamálum

Árneseinga var að sett var upp náttúrugripasafn tengt byggðasafninu og opnað til sýningar 4. október 1980 (Sigurður Jónsson, 1980, bls. 3). Í viðtali í Suðurlandi skömmu síðar lýsti Páll Lýðsson, formaður byggðasafnsnefndar, því hvernig nefndarmenn tryggðu sér meginhluta dýrasafns Kristjáns Jósefssonar á ævintýrlegan hátt á uppboði í Reykjavík í september 1978. Í viðtali við Pétur M. Sigurðsson safnvörð í Suðurlandi kom fram að söfnin voru nú einungis opin um helgar milli klukkan tvö og fjögur en eftir samkomulagi á öðrum tímum. „Okkur vantar fyrst og fremst meira húsnæði. Það er ekki hægt að taka á móti stærri gripum til safnanna og þetta stendur söfnunum öllum mest fyrir þrifum,“ sagði Pétur safnvörður að lokum í viðtalinu (Sigurður Jónsson, 1980, bls. 1).

### Niðurlægning og endurreisn

Árið 1983 lét Páll Lýðsson af formennsku í byggðasafnsnefnd og við tók Björn Pálsson, sagnfræðingur og kennari við Fjölbautaskóla Suðurlands. Björn vildi veg safnsins sem mestan ekki síður en Páll en átti við ramman reip að draga við þau mál sem hann vildi ýta úr vör því hann hlaut ekki þann stuðning sem til þurfti. Í ágúst 1984 kom Selfosskaupstaður loks að málefnum safnsins og skipaði tvo menn af þremur í byggðasafnsnefndina. Þá brá svo við að Björn lenti í minnihluta og safnið í niðurníðslu. Urðu á stundum allskiptar skoðanir um málefni safnsins og bókanir gengu á víxl á nefndarfundum. Til voru þeir sveitarstjórnarmenn sem litu á söfn sem óbreytanlegar geymslur þar sem ekki þyrfti nema starfsmann í hlutastarfi með öðru. Meðan sá hugsunarháttur réð ríkjum meðal forráðamanna þarf engan að undra þótt illa hafi gengið að þróa og byggja upp byggðasafn í þessu steinsteypa húsi við Tryggvagötuna.

Öll þau ár sem safnið hafði starfað var það aðeins skipað einum starfsmanni í hlutastarfi og opnunartími þess var takmarkaður. Pétur M. Sigurðsson gegndi starfi safnvarðar byggðasafnsins af miklum áhuga og dugnaði og að mestu í sjálfboðavinnu að sögn Björns Pálssonar. Þegar Pétur lét af störfum vegna aldurs haustið 1984, 77 ára gamall, þótti meirihluta byggðasafnsnefndar tilvalið að ráða bókasafnsfræðinginn Steingrím Jónsson, yfirbókaforður Héraðsbókasafnsins, og láta hann einnig sjá um byggðasafnið og gegndi hann þeirri stöðu um tíma (Björn Pálsson, munnleg heimild, 12. nóember 2004). Björn Pálsson bókaði andmæli við að starf forstöðumanns safnsins yrði aukastarf yfirbókaforðar. Vildi hann að starf safnvarðar yrði auglýst og þar kæmi starfsmaður sem hefði það að aðalstarfi. Við þessu var ekki orðið (Héraðsskjalasafn Árneseinga, 1984).

Nú fór í hönd það sem kalla má niðurlægningar- tímabil Byggðasafns Árneseinga. Forstöðumaðurinn var áhugalítill, rými safnsins var þrotið og opnunartíminn var stuttur. Sá háttur var gjarnan hafður á um aðföng að þeim var sífellt bætt við fastasýninguna, rýmt til





Mynd 44

í skápum eða fundið autt pláss á vegg og hluturinn hengdur upp þar sem hann komst fyrir. Þetta helgaðist af þeirri staðreynd að geymslurými safnsins var nánast ekki neitt. Þarna var komin upp sú metnaðarlaus tegund af byggðasafni sem heitir „opin geymsla“ eins og Eggert Þór Bernharðsson aðjúnkt skilgreindi það fyrirbæri af nokkurri kaldhæðni í fyrirlestri í HÍ (Eggert Þór Bernharðsson, munnleg heimild, 2004). Þrengslin í safninu jukust sífellt og að lokum var dyrum þess skellt í lás vegna aðstöðuleysis. Umhirda safngripa var í mol-um og viðkvæmir smáhlutir lágu á gólfinu, hvað þá annars staðar (Lýður Pálsson, 2004; Gísli Sigurðsson, 2000, bls. 5).

Til að bæta gráu ofan á svart fóru nú að koma í ljós ýmsir gallar á eldri byggingunni sem hafði látið á sjá þótt húsið væri ekki nema tuttugu ára gamalt. Í grein sem Björn Pálsson, fulltrúi Árnessýslu í stjórn byggðasafnsins og síðar héraðsskjalavörður, ritaði í Þjóðólf sumarið 1986 kom fram að safnið var þá búið að vera lokað um nokkurn tíma sökum rakaskemmda í

útveggjum. Björn upplýsti að sumarið 1985 hafi verið stofnað héraðsskjalasafn í Árnesþingi og þar væri komin enn ríkari ástæða til að hlúa að byggingunni og bæta við rými milli húsanna sem gæti nýst fyrir þetta safn (Björn Pálsson, 1986, bls. 5).

Loks var brugðist við og farið að lagfæra húsið. Í árslok 1986 var búið að klæða útveggi eldri byggingarinnar að utan og innan til að fyrirbyggja rakaskemmdir. Þetta ár voru sveitarstjórnarkosningar og þá breyttust hlutföll í bæjarstjórn Selfoss. Þá var skipt um menn í byggðasafnsnefnd og Björn Pálsson komst í meirihluta á ný. Björn hafði hug á að losa safnið úr þeirri sjálfhældu sem það hafði verið í undanfarin ár og beitti sér fyrir því að Steingrími Jónssyni var sagt upp störfum við það í apríl 1986 enda hafði hann þá flust brott af staðnum (Björn Pálsson, munnleg heimild, 12. nóvember 2004; Héraðsskjalasafn Árnesinga, 1986).

Haustið 1986 var Hildur Hákonardóttir veflistakona ráðin fyrsti forstöðumaður byggðasafnsins í fullu starfi. Fram að þessu hafði safnvarðarstaðan verið



Mynd 45

aukastarf, langt innan við hálf stöðugildi. Von bráðar höfðu orðið góð umskipti á högum safnsins. Hildur endurskipulagði fastasýningu þess svo að hægt var að sýna það gestum kinnrodalaust og það var opnað á ný. Fengnar voru geymslur hér og þar undir þá safngripi sem ekki voru settir upp á sýningunni og þeim komið þar fyrir.

Árið 1992 kom til starfa á safninu Lýður Pálsson frá Litlu–Sandvík, sonur Páls Lýðssonar sem þá var fyrir tæpum áratug hættur afskiptum af málefnum safnsins. Lýður hafði þá nýlega lokið BA prófi í sagnfræði og þar með fetað í fótspor föður síns. Atvikin höguðu því svo að Hildur lét af störfum vegna veikinda árið 1993 og þá var Lýður ráðinn safnstjóri og hefur verið það síðan. Fastráðningu hlaut hann 1996 (Lýður Pálsson, 2004).

### Flutt í Húsið

Nú vikur sögunni niður að Eyrarbakka. Þar er að finna „Húsið“, elsta timburhús á Suðurlandi og eitt elsta hús á Íslandi, byggt árið 1765. Þessi sögufræga bygging var áður aðsetur Eyrarbakka kaupmanna og saga þess

væri efni í mikla bók. Reyndar kom bókin Húsið á Eyrarbakka út árið 2014 en Lýður Pálsson safnstjóri er höfundur hennar. Hann kvaðst vilja koma til skila nokkrum markverðum þáttum úr sögu Hússins til nútímans. Óhætt er að segja að það hafi tekist því í bókinni er mikill samþjappaður fróðleikur þótt hún sé ekki þykkust allra bóka. Vísast til hennar fyrir þá sem vilja fræðast betur um þetta merkilega hús (Lýður Pálsson, 2014, bls. 6).

Árið 1992 bjó þar Auðbjörg Guðmundsdóttir með tveimur sonum sínum. Hún og maður hennar, Pétur Sveinbjarnarson, keyptu húsið árið 1979 og var það þá mjög þurfandi fyrir viðgerðir. Næstu tvö árin létu þau lagfæra húsið töluvert. Eftir skilnað þeirra hjóna árið 1981 beitti Auðbjörg sér fyrir viðgerðum á húsinu með styrkjum frá Húsafriðunarnefnd og ríkissjóði. Þegar fram undan var afar kostnaðarsöm þakviðgerð sá Auðbjörg sér ekki fært að ráðast í hana og eiga húsið lengur og bauð því íslenska ríkinu það til kaups árið 1992 (Lýður Pálsson, 2014, bls. 66–69).

Fulltrúar ríkisins voru hlynntir því að kaupa og varðveita þetta merka hús með því skilyrði að því

yrði fengið hlutverk. Magnús Karel Hannesson var oddviti Eyrarbakkahepps og fulltrúi í Héraðsnefnd Árnessýslu sem þá hafði leyst sýslunefndina af hólmi. Ákveðið var að hann og Hjörleifur Stefánsson arkitekt, sem var ráðgjafi Auðbjargar og Péturs í viðgerðum Hússins, gerðu tillögur um framtíð þess. Þeir skilðu skýrslu í mars 1992 þar sem þeir lögðu til að ríkissjóður kostaði viðgerð Hússins og Assistentahússins sem er viðbygging þess nokkru yngri. Húsið yrði varðveitt sem menningarminjar og jafnframt yrði þar safn sem tengdist Bygðasafni Árnesinga. Svo fór að ríkissjóður festi kaup á Húsinu og Assistentahúsinu með útihúsum 19. október 1992. Þjóðminjasafn Íslands tók þá við umráðum hússins enda var þá búið að ákveða að Bygðasafn Árnesinga flyttist þangað (Lýður Pálsson, 2014, bls. 68–69; Inga Lára Baldvinsdóttir, munnleg heimild 9. nóvember 2004).

Hugmyndir um bygðasafn á Eyrarbakka höfðu lengi legið í loftinu og komu fyrst fram innan vébanda Eyrbekkingafélagsins 1941. Sigurður Guðjónsson skipstjóri benti einnig á þennan kost í bréfi til hreppsnefndar Eyrarbakkahepps árið 1956 (Inga Lára Baldvinsdóttir, 1998).

Segja má að allir hlutaðeigandi hafi verið samþykki því að flytja safnið frá Selfossi niður á Eyrarbakka. Bæði meðmælendur og gagnrýnendur safnsins á undanförunum árum voru sáttir við þessa niðurstöðu. Í hnotskurn má segja að þarna sáu menn gott tækifæri til að finna sögufrægu húsi gott hlutverk og einnig að koma bygðasafninu í verðugt umhverfi.

Það var löngu orðið ljóst að þróun bygðasafns við Tryggvagötu hafði siglt í strand. Forstöðumaður þess var búinn að sjá að safnið gekk ekki upp á þessum stað. Það hafði alltaf verið í sambýli við Héraðsbókasafnið og notið góðs af nágrenninu hvað varðaði gestakomur. Árið 1991 var bókasafnið flutt í gamla kaupfélagshúsið við Austurveg og þá einangraðist bygðasafnið enn frekar. Sýningu þar var lokað í mars 1993 og sett upp sýningarnefnd til að setja upp sýningu í Húsinu (Lýður Pálsson, 2004). Í henni voru Inga Lára Baldvinsdóttir frá Eyrarbakkaheppi, Hildur Hákonardóttir frá Bygðasafni Árnesinga og Ragnhildur Vigfúsdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands. Margir ágætir starfsmenn komu að uppsetningu sýningarinnar í Húsinu sem var opnuð 3. ágúst 1995 en hönnuður hennar var Jon Nordsteien arkitekt (Inga Lára Baldvinsdóttir, munnleg heimild 9. og 23. nóvember 2004).

Með flutningi Bygðasafns Árnesinga niður á Eyrarbakka ákvað Héraðsnefnd Árnesinga að skipta Bygðasafni- og listasafni Árnesinga í tvennt. Listasafn Árnesinga varð áfram í nyrðra safnahúsinu við Tryggvagötu og fékk sérstaka stofnskrá, kennitölu og stjóm árið 1994. Því tilheyrði listaverkagjöf Bjarnveigar Bjarnadóttur, tréskurðarsafn Halldórs Einarssonar og önnur listaverk sem því hafði áskotnast

á starfstímanum. Það var rekið þar til ársins 2000 er það flutti starfsemi sína í Listaskálann í Hveragerði. Ákveðið var að dýrasafnið fylgdi bygðasafninu og fékk safnið því um skeið nafnið Bygðasafn- og náttúrusafn Árnesinga og hugmyndin var að koma upp náttúrusafni á Stokkseyri. Af því varð ekki en nokkru síðar fékk safnið hið endanlega heiti Bygðasafn Árnesinga (Lýður Pálsson 2015).

### Þjónustuhúsnæði ris á Eyrarbakka

Það var þó langt í frá að húsnæðisvandamáli bygðasafnsins væru leyst að fullu með flutningnum að Eyrarbakka. Húsið sjálft var hinn þrýðilegasti sýningarstaður en ekki stórt og alkunna er að ekki er hægt að sýna alla gripi bygðasafna samtímis svo þau þurfa á góðum geymslum að halda. Slíkar voru næstum engar fyrir hendi og safnmunir hlóðust upp víðs vegar þar sem þeim hafði verið komið fyrir til bráðabirgða.

Í febrúar árið 2000 birtist í Lesbók

Morgunblaðsins viðtal Gísla Sigurðssonar ritstjóra við frumkvöðulinn Skúla Helgason, þá kunnan fræðimann, þar sem hann gerði upp við safnamál Árnesinga gegnum tíðina. Skúli hafði margt við þau að athuga og hann taldi upphafið að vanda safnsins hafa verið andstöðu sýslumanns Árnesinga, Páls Hallgrímssonar, og ýmissa sýslunefndarmanna sem höfðu lítinn áhuga á að safna „gömlu og ónýtu drasli“ að sögn Skúla. Skúli taldi sömu ástæður hafa ráðið því að hann var ekki ráðinn fyrsti safnvörður safnsins sem hefði verið rökrétt framhald af söfnun hans.

Að sögn Skúla voru flestir safngripir bygðasafnsins nú niðurkomnir „í þröngri og vondri geymslu í kjallara undir Hótel Selfossi; sumir þeirra stórskemmdir, aðrir áreiðanlega ónýtir“ (Gísli Sigurðsson, 2000, bls. 4–5). Hann upplýsti að sá mótbyr sem hann hlaut í safnamálum þegar sú stefna var tekin að byggja steinsteyptr húsi í miðju Selfossþorpi undir safnið í stað þess að byggja upp safnasvæði á staðnum eins og hann og fleiri vildu, hafi ráðið úrslitum þegar hann fluttist frá Selfossi til Reykjavíkur árið 1961. (Gísli Sigurðsson, 2000, bls. 4–5).

Þetta viðtal olli nokkru uppnámi enda tíðkaðist mjög í máli Skúla hin breiðu spjótin. Hann virtist fara talsvert eftir sögusögnum og tilgátum annarra fremur en að hann hefði sannreynt hlutina sjálfur. Þór Magnússon þjóðminjavörður skoðaði húsnæði safnsins skömmu síðar og taldi sýningarrými takmarkað og geymsluhúsnæði ekki fullnægjandi en varð ekki var við að safnmunir væru skemmdir eða lægju undir skemmdum (Þór Magnússon, 2000).

Lýði Pálssyni safnstjóra þótti leitt að Skúli skyldi trúá þeim óvönduðu sögusögnum um aðbúnað gripa sem hvislað var að honum síðustu æviárin. Lýður lét þó Skúla njóta sannmælis þegar hann skrifaði höfundi þessarar greinar eftirfarandi línur:

Skúli var þrátt fyrir þessar deilur ötull og fórnfús safnamaður. Það sést vel á aðfangaskrá frá tíð hans að hann var lunkinn að ná í gripi, eyddi oft mikilli fyrirhöfn í söfnun þeirra og að gera við þá ef þess þurfti. Þegar ég fletti aðfangabók Skúla með hans fallgu rithönd eða skoða gripi frá hans tíð, merкта með hans skrift er mér þakklæti efst í huga (Lýður Pálsson, 2004).

Lýður vissi betur en Skúli því vel var fylgst með ástandi muna í geymslum safnsins. Í mars 1999 voru þær til dæmis allar raka- og hitamældar með síríta. Niðurstöðurnar voru ásættanlegar og fullyrðingar um að safngripir lægju undir skemmdum stöðust því ekki. Hann tók hins vegar þá ákvörðun að láta verkin tala fremur en svara viðtalinu með blaðaskrifum. Þar fylgdi hann fordæmi föður síns enda háttur þeirra fedga að starfa vel að þeim málefnum sem þeir tóku að sér fremur en að standa í átökum við samferðamenn sína.

Hinu var ekki að leynd að safnið skorti sárlega gott geymslu- og vinnuhúsnæði. Aðstaða til forvörslu var ekki fyrir hendi, rannsóknir á minjum sýslunnar sátu á hakanum og kynning var í lágmarki á köflum. Að því leyti átti gagnrýni Skúla rétt á sér. Í nóvember 1999 skrifaði Lýður safnstjóri Héraðsnefnd Árnesinga formlegt bréf þar sem hann lagði til að byggt yrði það sem hann kallaði þá geymsluhús en nafnið breyttist síðar í þjónustuhús. Héraðsnefndin samþykkti þetta þegar. Hugmyndin að þessu húsi og samþykki nefndarinnar var því komin fram áður en áður nefnt viðtal við Skúla Helgason birtist í Lesbókinni (Lýður Pálsson, 2015)

Þetta viðtal varð þó safninu til gagns þegar upp var staðið. Héraðsnefndarmenn hrúkku við, orðstír safnsins var í veldi og nú fóru hjólin að snúast. Héraðsnefndin skipaði á vofundi 2001 byggingarnefnd um þjónustuhús byggðasafnsins. Stærð hússins var ákveðin 350 fm og ákveðið að það stæði að Hafnarbrú 3 vestast í þorpinu, ekki langt frá Húsinu. Fyrsta skóflustungan var tekin 5. október 2001. Hana tók fræðimaðurinn Helgi Ívarsson, bóndi í Hólum Stokkseyrarhreppi. Helgi var einn af þeim mörgu sjálfmenntuðu bændum sem hafa verið byggðasafninu miklir bakhjarlar frá upphafi þess. Byggingarfyrirtækið Smíðandi sá um framkvæmdir sem gengu fljótt og vel og var húsið afhent safninu með viðhöfn 19. apríl 2002 (Lýður Pálsson, 2002, bls. 8–9).

Í ávarpi sem Lýður Pálsson safnstjóri hélt við móttöku þjónustuhússins lét hann þess getið að skráningarnúmer safnsins væru nú um 3.400. Hafði þeim þá fjölgað umtalsvert frá því að Skúli Helgason var búinn að tryggja safninu 600 gripi árið 1957. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka var í túnfæti Hússins og árið 2001 var Byggðasafni Árnesinga falið að sjá um daglegan og faglegan rekstur þess og taldi safnstjórinn líklegt að með tímanum myndu stofnskrár safnanna renna saman. Hann lýsti síðan áætlun sinni um næstu

skref í starfi safnsins, sýningum í útihúsum Hússins, endurbýggingu Eggjaskúrsins og endurhönnun þess rýmis sem losnaði þegar skrifstofa safnsins flytti í hið nýreista þjónustuhús. „Og skrefin verða vonandi mörg“, sagði Lýður, „því safnastarf er stöðug þróunarvinna“ (Lýður Pálsson, 2002).

Nú hófust umfangsmiklir flutningar. Fyrst var skrifstofa safnsins flutt úr Húsinu yfir í þjónustuhúsið. Þarnaest var safngripum smalað víðs vegar þaðan sem þeir höfðu verið geymdir og fluttir í góðar geymslur hússins og ýmist settir í hillur, rekka eða loft yfir skrifstofurými. Alls voru gripirnir sóttir á tólf geymslustaði fyrir utan töluvert af ósötum safnmunum sem nú voru heimtir frá gefendum (Lýður Pálsson, 2002, bls. 10). Af framansögðu má ljóst vera að hér var ekki um breytingu, heldur byltingu að ræða í aðstöðumálum Byggðasafns Árnesinga sem allt frá upphafi hafði verið á hrakhólum með húspláss fyrir alla sína gripi þrátt fyrir tvær húsbyggingar fremur en eina fyrstu tíu árin.

Nú var heldur kátt á Hóli og ekki minnkaði ánægjan þegar Félag íslenskra safna og safnamanna og Íslandsdeild ICOM veittu Byggðasafni Árnesinga Íslensku safnaverðlaunin 2002 fyrir byggingu þjónustuhúss og metnaðarfullt innra starf. Segja má að þessi glæsilega viðurkenning til safnstjóra og stjórnarmanna Byggðasafns Árnesinga hafi á sinn hátt verið andsvar þeirra við gagnrýni á aðstöðu safnsins sem var nú loksins komin í gott horf tæpri hálfri öld eftir að gripasöfnun hófst.

### Staðan árið 2004

Verðlaunaárið 2002 var farið að gefa út árlegar skýrslur Byggðasafns Árnesinga sem eru aðgengilegar á heimasíðu safnsins. Verður nú farið yfir þær og stiklað á stóru. Árið 2004, þegar liðin voru 40 ár frá opnun byggðasafnsins, var frá því sagt á heimasíðu safnsins að rekin væri lítil náttúrugripadeild við safnið sem áður var stofninn að Dýrasafninu á Selfossi. Þar var að finna megnið af hinu Íslenska dýrasafni Kristjáns Jósefssonar sem Pétur M. Sigurðsson beitti sér fyrir að keypt væri haustið 1978. Í tilefni þess hlaut það gælunafnið „Dýrin í Pétursskógi“, en um skeið var stefnt að uppbyggingu náttúrusafns á Stokkseyri þar sem dýrasafnið yrði stofninn. Hluti dýrasafnsins var á árunum 2000 til 2015 lánaður Geysisstofu í Haukadal en fugla- og eggjasafni þess komið til sýningar í Eggjaskúrnum sem brátt verður komið að.

Starfsmenn safnsins voru Lýður Pálsson safnstjóri í fullu starfi og þar að auki átta starfsmenn í mismunandi miklum hlutastörfum en vinnu þeirra mátti reikna nálægt því að vera tvö og hálf stöðugildi. Hér var greinilega mikið vatn runnið til sjávar frá því að einn maður sá um safnið með brot af ársverki að baki sér. Opnunartími safnanna var mestur á sumrin sem vænta mátti og gestaföldi nálægt 5.000 á þessum árum. Húsnæði safnsins skiptist í Húsið, þjónustuhús,

úti húsin og Eggjaskúr. Þá eru þrjú hús meðfylgjandi Sjóminjasafninu og auk þess Þuríðarbúð, samtals átta hús. Sérýningar höfðu verið allmargar þennan áratug frá því safnið fluttist í Húsið og má þar nefna sýningu um Flóaáveituna, „Sitthvað um selinn“, „Læknir, lækna sjálfan þig“ fyrirlestraröðina „Byggð og menning“, „Hlunnindanýting á Suðurlandi“, „Myndir af skáldum“, „Veröld kvenna“ og „Hagleiksmenn í héraði“ svo nokkuð sé nefnt (Lýður Pálsson, 2002–2004).

### Eggjaskúrinn endurbyggður

Vorið 2000 var komið að máli við safnstjóra og honum tilkynnt að Árni Richter, Vestur–Íslendingur ættaður frá Eyrarbakka, hefði áhuga á að gefa fé til menninga- rverkefnis á staðnum sem hefði skírskotun til þess tíma og umhverfis sem forfeður hans bjuggu við á 19. öld. Á seinni stigum komu Vestur–Íslendingarnir Hannes M. Andersen og Jeannine Ronning einnig með hástyrki til þessa verkefnis. Í samráði við Þjóðminjasafnið var lagt til að umræddu gjafafé yrði varið til að endurbyggja Eggjaskúrinn svonefnda sem stóð norðan Assistentahússins um nokkurra áratuga skeið kringum aldamótin 1900. Þar vann Peter Nielsen faktor merkilegt rannsóknarstarf á sviði fuglarannsóknar og veðurfarslýsinga.

Þegar jarðvegur var hreinsaður ofan af upphaflega sökklinum kom í ljós vel hlaðinn kjallari með gólfi hlöðnu tígulsteinum. Einnig fundust merkir gripir í jarðveginum. Jon Nordsteien arkitekt teiknaði húsið og eftir margvíslegan undirbúning var Jón Karl Ragnarsson trésmíðameistari ráðinn til verksins í sumarbyrjun 2004. Um haustið stóð Eggjaskúrinn tilbúinn og var vígður 17. október. Hann er 30 fermetrar að stærð og hinn vandaðasti og kostaði uppkominn tæpar 5 milljónir króna. Þar hefur síðan verið sýningarhald þar sem sagt er frá Nielsen faktor og náttúrugripasafni hans auk þess sem uppstoppaðir fuglar og útblásni egg eru til sýnis. Sömlueldis er þar sagt frá Vesturheimsferðum frá Suðurlandi og Fuglaverndunarfélag Íslands hafði að- stöðu til að kynna Fuglafriðland í Flóa (Lýður Pálsson, 2004, bls. 7–8).

### Sjóminjasafnið, Þuríðarbúð og Rjómabúíð á Bausgstöðum

Fljótlega eftir flutning byggðasafnsins að Eyrarbakka fóru menn að huga að samstarfi þess við Sjóminjasafnið á staðnum sem stendur í túnfæti Hússins. Sjóminja- safnið var opnað fyrir almenning með nýrri sýningu 1989. Þegar fram í sótti voru ýmsir gripir safnsins settir á sýningu í Húsinu. Það kallaði á að sett var upp ný sýning í Sjóminjasafninu árið 1996. Steinþór Sigurðsson leikmyndahönnuður var höfundur hennar.

Árið 2001 var gerður þjónustusamningur milli Byggðasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Árborgar um rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Sigurður Guðjónsson, skipstjóri á Litlu–Háeyri, kom því

upp á eigin vegum af miklum dugnaði og afhenti síðan Eyrarbakkahreppi. Inga Lára Baldvinsdóttir var umsjónarmaður Sjóminjasafnsins 1987–1998 í sjálfboðastarfi og mótaði starfsemi þess. Aðeins 120 metrar eru á milli Hússins á Eyrarbakka og Sjóminjasafnsins og það kallaði á kröfu um samrekstur. Reynslan af þessum samrekstri safnanna var góð og hefur orðið fyrirmynd annars staðar á landinu að sögn Margrétar Hallgrímsdóttur, þáverandi þjóðminjavarðar.

Margir atburðir hafa verið settir upp sem tengjast Sjóminjasafninu. Sýningar í húsnæði þess, sögugöngur um þorpið, gerð örnefnakorta og ótalmargt fleira. Skráðir eru á þess vegum hátt í 2.000 safngripir og 5.000 ljósmyndir. Því fylgja Mundakotsskemma að Þykkvaflöt 2 sem hýsir ýmsa stærri gripir og Beitningaskúrinn við Óðinshús sem var gerður upp 1992. Hann var opnaður til sýningar haustið 2013 (Lýður Pálsson, munnleg heimild, 23. mars 2015).

Þuríðarbúð, sjóbúð Þuríðar formanns á Stokkseyri, hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu og Byggðasafni Árnesinga reyndar líka. Þuríðarbúð er endurgerð gamallar sjóbúðar eins og þær tíðkuðust á 19. öld og byggðasafnið heldur utan um muni hennar.

Rjómabúíð á Bausgstöðum er einstakt í sinni röð. Félag um búíð var stofnað 1904 og skálinn sem enn þá stendur var byggður vorið 1905. Að því stóðu tæplega 50 bændur í Stokkseyrar- og Gaulverjabærjarhreppum. Flestir urðu bændur búsins 94 og það var starfrækt sem rjómabú og framleiddi smjör og ost til ársins 1952. Pöntunarfélag var starfandi í rjómabúinu allt til ársins 1969 þegar síðasta rjómabússtýran, Margrét Júníusdóttir, féll frá.

Áhugamenn í héraði beittu sér fyrir varðveislu búsins og stofnuðu Varðveislufélag rjómabúsins á Bausgstöðum árið 1971. Í framhaldi af því fóru fram miklar viðgerðir á húsi og vatnshjól rjómabúsins. Það var opnað til sýninga 1975 og hefur síðan verið eitt af merkustu söfnum Suðurlands því það stendur með öllum búnaði sem því fylgdi til osta- og smjörgerðar, vélum, reimarhjóllum og vatnshjóli og á hvergi sinn líka á landinu (Helgi Ívarsson og Páll Lýðsson, 2005, bls. 11–61).

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungseignaraðili að Rjómabúinu en það var friðlýst vegna menningarsögulega gildis síns á 100 ára afmælinu árið 2005. Þá var saga þess gefin út í litilli falletgri bók er nefnist Rjómabúíð á Bausgstöðum 100 ára. Byggða- safnið sér um daglegan rekstur þess en það er rekið á sérstakri kennitölu og er með sérreikningshald (Lýður Pálsson, 2014, bls. 15).

### Helstu verkefni frá 2005 til 2015

Þar sem ákveðið var að taka stöðu safnsins á 40 ára afmælinu árið 2004 liggur beint við að fara yfir það helsta sem gerst hefur í málefnum þess þann áratug sem liðið hefur síðan. Byggt er á árlægum skýrslum



Mynd 46

safnsins en árið 2005 hét skýrslan því alnarlanga nafni: Skýrsla um starfsemi Bygðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka árið 2005. Sérýningar safnsins voru mest áberandi en einstakar daglangar hátíðir af ýmsu tilefni hafa einkennt starfsemina eins og vera ber hjá lifandi safni. Þar má nefna dagskrá í tilefni endurreisnar Miklagarðs, húss Guðmundu Nielsen kaupkonu, sem haldin var 18. maí 2005. Fjöldamargir einstaklingar hafa haldið fyrirlestra í Húsinu af svo margvíslegu tagi að engin leið er upp að telja en allir voru þeir forvitnilegir og fróðlegir að dómi ánægðra gesta.

Vestur-Íslendingar hafa sýnt safninu ræktarsemi og er skemmst að minnast rausnarlegra framlaga þeirra til byggingar Eggjaskúrsins 2004. Safnið hefur gert ýmislegt til að minnast þess að Vesturferðir Íslendinga hófust frá Eyrarbakka um 1870. Eitt af því var „Póstferðin til Gimli,“ sem farin var sumarið 2005

til að minnast 130 ára búsetu Íslendinga í Gimli í Manitoba. Hvatamenn að ferðinni voru Karl Andrésón, fangavörður á Eyrarbakka, og Declan O'Driscoll. Send voru bréf til Gimli sem voru stimpluð á öllum áfangastöðum ferðarinnar og til baka komu þakkarbréf sem afgreidd voru á sama hátt. Haustið 2014 opnaði safnið nýja fastasýningu í Assistentahúsinu vestur-  
förum til heiðurs. Er það í takt við það að upphaf Vesturheimsferða má rekja til Hússins á Eyrarbakka.

Þá hefur safnið frá upphafi tekið þátt í árlegri Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka. Það er jafnan mikill gleðidagur og þorpið idar af lífi. Um kvöldið er lifandi tónlist af margvíslegu tagi og fjöldasöngur í stásstofunni. Einnig er upplestur rithöfunda í Húsinu orðinn fastur liður á jólafestunni og stundum hafa litlar leiksýningar átt sér stað innan Hússins. Tónleikar hafa verið haldnir og þar hefur meðal annars hljómsveitin

Spaðar leikið en hún hefur marga þekkt Íslendinga innanborðs.

Íslenski safnadagurinn hefur jafnan verið haldinn hátíðlegur hjá safninu og geysimargt verið gert til hátíðarbrigða. Sungið, spilað, kveðið, dansað og drukkið – kaffi. Sú hefð hefur skapast að bjóða upp á þjóðlega tónlistardagskrá í stásstofu Hússins. Gestir eru gladdir með píanóleik og farið í sögugöngur um plássíð. Þá er tækifærið notað til að kynna sérsýningar safnanna en ókeypis er á þau þennan dag.

Árið 2004 tók byggðasafnið að sér, að ósk Sveitarfélagsins Árborgar, að halda utan um fornleifa-skráningu í sveitarfélaginu. Verkefnið stækkaði vegna eftirspurnar og leitustu bæði einkaaðilar og sveitarfélög eftir þessari þjónustu sem varð til þess að óformlega varð til fornleifadeild við safnið. Við hana störfuðu ýmsir fornleifafræðinemar og búrast verkefni þeirra vött um landið. Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur vann við þetta allan tímann ásamt fleirum en árið 2009 var fornleifadeildin lögð niður af fjárhagsástæðum. Þá hafði loks tekist að koma vel af stað upphaflegu verkefni um fornleifaskráningu Árborgar og auk þess fjölmörg önnur áhugaverð verkefni en hæst bar uppgröft á fornu bæjarstæði í Koti á Rangárvöllum.

Árið 2007 var gerð leikin heimildarmynd um Húsið þar sem ungir safngestir hittu fyrir íbúa þess frá fyrri tíð. Myndin var gerð af miklum metnaði og hlaut meðal annars myndarlegan styrk frá Kaupmannasamtökum Íslands til verksins. „Ávinningur myndarinnar fyrir kynningu og orðstír safnsins verður ótvírætt mikill og í raun ómetanlegur,“ segir í skýrslu safnsins það ár. (Lýður Pálsson, 2007, bls. 14–15).

Jarðskjálftinn mikli á Suðurlandi 29. maí 2008 sem skók sunnlenskt samfélag olli byggðasafninu miklu tjóni og sér ekki ennþá fyrir endurbætur á því en nokkrir kjörgripir urðu fyrir skemmdum. Þjónustuhúsið skemmdist talsvert þegar grindin skekkist og sókkull gekk til. Einnig urðu sýningarhús Sjóminjasafnsins og Mundakotsskemma fyrir skemmdum. Viðlagasjóður bætti tjónið að töluverðu leyti eftir því sem fjármunir geta bætt slík áföll. Safnið nýtti sér þennan atburð til að setja upp sýningu árið 2009 sem nefndist: Hvar varst þú? – Stóri skjálftinn og vakti hún mikla og verðskuldaða athygli.

Bætt var við flóru viðburða með því að efna til Aldamótahátíðar síðsumars 2009. Þrúðbúið fólk, forn-bílar og jafnvel hestakerra frá fyrri tíð settu svip sinn á bæinn. Þessu hefur verið framhaldið síðan að forgöngu eigenda gamla frystihússins á Eyrarbakka og á dagskrá hafa verið kappsláttur, þjóðdansar, söngvar og dans svo fátt eitt sé nefnt. Tínið er vettvangur dagskráratríða og kjötsúpa snædd á torginu. Hátíðin hefur notið mikilla vinsælda og sem dæmi má nefna að búist var við 50 manns í sögugöngu um slóðir Þórdísar Símonardóttur ljósmóður sumarið 2013 en í gönguna fóru um 250 manns. Mestu munaði að þá var nýkomin út bókin

Ljósmóðirin um ævi Þórdísar eftir Eyrúnu Ingadóttur sagnfræðing.

Útgáfuhátíð bókarinnar Húsið á Eyrarbakka eftir Lýð Pálsson safnstjóra var haldin sunnudaginn 2. nóvember 2014. Lýður hafði lengi unnið að bókinni en hún er afrakstur rannsóknna hans síðastliðin 20 ár. Parna er vönduð frásögn um sögu þessa merka húss og húsráðendur þess í tvær og hálfra öld. Inn í fróðlega sagnfræði fléttar höfundur skemmilegum frásögnum og viðburðum úr sögu Hússins. Bókin er fallegur prentgripur, prýdd fjölda ljósmynda, litprentuð og á 80 síðum. Byggðasafn Árnesinga gaf bókina út (Lýður Pálsson, 2005–2014).

Byggðasafn Árnesinga hefur frá árinu 1999 verið þátttakandi í norrænum hópi safna sem vinnur að samtímasöfnun eftir aðferðafræðinni Samdok þar sem áherslan er lögð á skráningu muna á vettvangi frekar en söfnun. Hafa sumar sýningar safnsins borið þess merki eins og jarðskjálftasýningin sem haldin var 2009 og einnig tók safnið við farandsýningunni „Ekki snerta jörðina“ – leikir barna, árið 2010 en sú sýning var farandsýning nokkurra íslenskra safna með Þjóðminjasafn Íslands í fararbroddi.

Safnið hefur jafnframt farið ótroðnar slóðir samstarfi við skóla. Árið 2011 lét safnið útbúa skóla-verkefnið „Sjómaður í verferð“ þar sem farið var í skóla héraðsins með ýmsa sjómuni og þeir sýndir ásamt fróðleik. Jafnframt var sett upp sýning í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri vorið 2012 sem nefndist „Safnið okkar. Skólabörn gerast safnamenn“ þar sem nemendur völdu gripi úr geymslum og sýningum safnsins og settu upp í skólaföstu.

### Sérsýningar 2005–2014

Byggðasafn Árnesinga hefur staðið fyrir fjölmörgum sýningum síðasta áratuginn. Sérsýningar safnsins eru haldnar í borðstofu Hússins nema annað sé tekið fram og skal hér getið nokkurra þeirra helstu:

#### 2005

*Húsið í ýmsum myndum* – Ljósmýndasýning í tilefni 240 ára afmælis Hússins.

*Þegar ég var lítill* – Vatnslitamyndir Jóhanns Briem á Stóra-Núpi.

*Fuglar og menn* – Útskurðarverk Halldórs Einarssonar í Eggjaskúrnum.

*Sjávardýrasýning* – Sýning í Eggjaskúrnum í tilefni safnadags.

#### 2006

*Frá fjölnýtingu til kaupgleði* – Vorsýning safnsins.

Þróun nytjahluta.

*Einfarar í íslenskri myndlist* – Einstök verk eftir íslenska næfista.

*Vesturbúðin* – Ljósmýndasýning um stærsta verslunarhús Íslands.

**2007**

*Konungskoman 1907* – 100 ára afmæli konungskomunnar. Stóð til hausts. *Jólasýning* – Árleg sýning með heimagerðu jólatré.

**2008**

*Mjólkurvinnsla og matargerð* – Þorrasýning safnsins. Árlegur viðburður. *Faldarnir lyftust og síðpilsin sviptust* – Sumarsýning. Litið yfir sögu millipilsanna. *Samgöngur* – Sýning í Galleríi Gónhól í samstarfi safnanna. *Brot af landskjálfta* – Brotinir munir úr skjálftanum 29. maí 2008.

**2009**

*Orð og vængir* – Páskasýning franskra listakvenna. *Hvar varst þú – stóri skjálftinn* – Sumarsýning tileinkuð jarðskjálftanum 2008.

**2010**

*Hvar varst þú – stóri skjálftinn* – Sama sýning sett upp í Sjóminjasafninu *Auður* – böl eða blessun – Sumarsýning. Ljósi varpað á ríkidæmi 19. aldar.

**2011**

*Heimagerð veggteppi* – Páskasýning. Fjölbreytt veggteppi og klæðið fljúgandi. *Fundað í Fjölmi* – Sumarsýning tileinkuð Sýslunefnd Árnassýslu. *Allir í leik* – Börn að leik. Ljósmyndasýning í Sjóminjasafni. *Ekki snerta jörðina* – Farandsýning um barnaleiki í Sjóminjasafni. *Hvar var Þorsteinn?* – Ljósmyndasýning um Þorstein Jósefsson ljósmyndara.

**2012**

*Hveitipokar* – Páskasýning um hveitipoka og fjölbreytta notkun þeirra. *Sunnlendingar á Ólympíuleikum* – Sumarsýning. Sunnlenskir Ólympíufarar kynntir. *Verkfæri til skipasmíða* – Sumarsýning Sjóminjasafnsins. *Myntsafnarinn í Hólum* – Haustsýning á myntsafni Helga Ívarssonar í Hólum.

**2013**

*Handritin alla leið heim – skáldskaparfræði* – Vegna 350 ára afmælis Árna Magnússonar. *Ljósan á Bakknum* – Sumarsýning um líf og störf Þórdísar Simonardóttur. *Vélbátar á Eyrarbakka* – Skjásýning í Sjóminjasafninu. *Sjóminjasýning* – Í Beitningaskúrnum við Óðinshús í tilefni opunar hans.

**2014**

*Ljósan á Bakknum* – Framlengd til hausts sýning um Þórdísi ljósmóður. *Vorfuglar í Eggjaskúrnum* – Hallur K. Hinriksson sýndi kolateikningar af fuglum. *Hafið svo blátt* – Úrval blárra gripa safnsins sýnt í Sjóminjasafninu. *Vesturfarasýning* – Greint frá Vesturheimsferðum Sunnlendinga í 1000 ár.

**Byggðasafn Árnesinga árið 2015**

Til að skoða þróun safnsins er gagnlegt að skoða tölfræði í skýrslu ársins 2014. Þar kemur fram að hjá safninu vinna nú Lýður Pálsson safnstjóri og Linda Ásdísardóttir safnvörður. Linda er íslenskufraeðingur að mennt og koma hennar markaði tímamót í sögu safnsins og styrkti það mjög. Hún hafði öðru hvoru starfað við gæslustörf í Húsinu frá árinu 1999 en kom til starfa sem safnvörður árið 2008. Sex aðrir starfsmenn voru í hlutastarfi við gæslu, leiðsögn og fleira. Eigandi safnsins er Héraðsnefnd Árnesinga sem er sameign allra átta sveitarfélaga héraðsins.

Opnunartími safnanna á Eyrarbakka var kl. 11–18 alla daga frá 1. maí til 30. september. Einnig var opið um páska, á safnahelgi í nóvember og einn dag á jólaföstu. Svo var opnað sérstaklega fyrir skóla og aðra hópa ef á þurfti að halda. Aðgangseyrir var kr. 800. Heildargestaföldi ársins var um 4.400, þar af 1.680 erlendir gestir. Langflestir gestir Hússins komu jafnframt í Sjóminjasafnið. Velta safnsins hefur meira en tvöfaldast síðasta áratuginn og var um 39 milljónir árið 2014. Safnið lætur skipta safngripum á sýningum út með reglulegu millibili og eykur þannig fjölbreytnina. Safngripum fylgjaði um 372 á árinu en gripir þess eru nú 7.200. Tólf hús tengjast starfsemi safnsins að hluta eða að öllu leyti. Það nýjasta á eigu safnsins er húsið Kirkjubær sem stendur rétt vestan við Húsið á Eyrarbakka. Það var gert upp árin 2013 og 2014 og verður sýningarrými sem nefnist því skáldlega nafni Hús draumanna.

Byggðasafnið hefur átt marga hollvini en engan þó eins og Helga Ívarsson, bónda og sagnaþul í Hólum. Hann ritaði marga sagnaþetti í Sunnlenska fréttablaðið um fimm ára skeið og úrval þeirra kom út árið 2009 undir nafninu Sagnabrot Helga í Hólum. Helgi lést árið 2009 og hann arfleiddi Héraðsskjalasafn Árnesinga og Byggðasafn Árnesinga að öllum eignum sínum sem voru umtalsverðar; íbúð, bifreið, og vandað bókasafn, frímerkjasafn og myntsafn. Arfi Helga Ívarssonar hefur að nokkru verið varið til að gera Kirkjubæ upp.

Allir safngripir og ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga eru skráðar í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp. Ótalin eru önnur verkefni eins og skráning, varðveisla og rannsóknir minja af ýmsu tagi en þó einkum á safnkosti safnsins.

Ýmislegt fleira mætti nefna en þetta verður látið



nægja til að sýna fram á hvílký bylting til batnaðar hefur orðið á málefnum Byggðasafns Árnesinga, ekki síst í þá átt að kynna menningarminjar almenningi. Það sem helst kynni að vanta væri meira rými til sýningar safngripi en Húsið getur látið í té. Langtímastefna safnsins er mörkuð tíu ár fram í tímann og byggist á fjölbreytni í sýningarhaldi. „Kyrrestaða er afturför“ sagði Lýður safnstjóri, „safnið þarf alltaf að vera í þróun.“ Það eru orð að sönnu (Lýður Pálsson, munnleg heimild, 24. október 2004).

Lýður Pálsson ræddi framtíðarsýn byggðasafnsins í viðtali 2015 og lýsti hugmyndum sínum um að byggja nýtt sýningarhús við sjóminjasafnið sem myndi þá bætast við grunnsýningu safnsins. Einnig er þörf á að byggja nýtt geymsluhús í stað Mundakotsskemmu á lóð Þjónustuhússins. Með þessum byggingum væri búið að gera varðveislu og sýningum safnsins góð skil um langan aldur. „Í framtíðinni mun þetta gerast,“ sagði Lýður Pálsson (Lýður Pálsson, munnleg heimild, 23. mars 2015).

Skoðunarferð um Byggðasafn Árnesinga 2015 leiðir margt athyglisvert í ljós. Lítil fjórblöðungur safnstjóra sem ber nafnið Leiðsögn um Húsið á Eyrarbakka og Byggðasafn Árnesinga er handhæg leiðarhnoða til að rekja sig eftir í för um safnið. Alls staðar eru upplýsingatextar, mismiklir að vöxtum en skyggja hvergi á safnmunina. Magnað er að sjá í botninn á vínámunni stóru sem geymdi „Bakkabrennivínið“ hjá Lefolii ásamt krananum sem ber ártalið 1802. Fyrir neðan var lekabyttan og til hliðar skrifpúlt búðarmanna.

Of langt mál yrði upp að telja alla þá merkisgripni sem þarna er að finna en engu er ofaukið. Oftast er einn valinn gripur af hverju tagi sem er alveg nóg. Lífi og aðstöðu fólksins sem bjó í Húsinu eru gerð verðug skil í hífylum þess. Margar merkar ljósmyndir prýða veggina. Útihúsin eru í uppbyggingu og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka er einstök veröld út af fyrir sig. Þar er merkasti gripurinn árskipið Farsæll, feiknastór tólfróinn teinæringur sem lengstum var gerður út frá Þorlákshöfn. Þjónustuhúsið er þrautskipulagt og gengið vel um geymslur. Smáhlutir sem búið er að skrá og ljósmynda eru settir í öskjur og merktir sérstaklega. Þarna er góð aðstaða til skrifinnsku, skráninga og forvörslu. Hvarvetna er allt í röð og reglu.

Árið 1995 voru mikil kaflaskil í starfi safnsins og segja má að síðan hafi leiðin legið upp á við. Eftir stormasama siglingu í fjórutíu ár þar sem steytt hafði á ýmsum skerjum var safnið komið í örugga höfn í Húsinu á Eyrarbakka. Þar eru margir merkir gripir en merkasti gripurinn er Húsið sjálft sem veitir safninu sérstaka og glæsilega umgjörð sem aldrei fengist í nýju húsi. Eftir úttekt á safninu er það niðurstaða höfundar að Byggðasafn Árnesinga sé í dag vel rekið og vel útbúið menningarlegt safn þar sem unnið er faglegt og metnaðarfullt starf við að safna, skrá, varðveita, forverja

og rannsaka minjar um byggða-, menningar- og atvinnusögu Árnessýslu og kynna þær almenningi.

### Lokaorð

Þann 5. júlí 1964 var Byggðasafn Árnesinga opnað á Selfossi fyrir forgöngu sýslunefndar Árnessýslu. Í rúm 30 ár var safnið til húsa á Selfossi en árið 1995 var það flutt niður að Eyrarbakka og hefur síðan haft aðsetur í Húsinu á Eyrarbakka. Nokkur átök urðu meðal áhugamanna í sýslunni þar sem tvenns konar sjónarmið tókust á um starf og stefnu safnsins bæði áður en það var formlega stofnað og allan þann tíma sem það starfaði á Selfossi. Samkvæmt stofnskrá safnsins er hlutverk þess að safna, skrá, varðveita, forverja og rannsaka minjar um byggða-, menningar- og atvinnusögu Árnessýslu og kynna þær almenningi.

Lengi var safninu þröngur stakur skorinn að standa undir þessu hlutverki. Hér hefur saga þess og þróun verið rakin frá því það hóf starfsemi með einn starfsmann í naumu hlutastarfi og þar til það var sest að í gömlu sögufrægu húsi með forstöðumann í fullu starfi og síðar fleiri starfsmenn. Frá þeim tímamótum eru liðnir tveir áratugir og reynt hefur verið að kortleggja þá miklu breytingu til batnaðar sem orðið hefur á starfsemi safnsins þennan tíma.

### Heimildaskrá

- Bjarni Harðarson. (1999, 17. desember). Fræðimaður á fremsta bekk. *Sunnlenska fréttablaðið*, bls. 26.
- Björn Pálsson. (1986, 13. júní). Safnamál í Árnesþingi. *Þjóðólfur*, bls. 5.
- Björn Sigurbjarnarson. (1953, 10. Janúar). Ávarp til Árnesinga. *Suðurland*, bls. 4.
- Eggert Þór Bernharðsson. (2004). Fyrirlestur við Háskóla Íslands, 14. september.
- Gisli Sigurðsson. (2000, 26. febrúar). Hvað varð um byggðasafn Árnesinga? *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 4–5.
- Guðmundur Danielsson. (1957, 11. maí). Viðtal við Skúla Helgason. *Suðurland*, bls. 1.
- Guðmundur Danielsson. 1959. 24. október). Krambúðarinnrétting Lefoliiverslunarinnar gefin Byggðasafni Árnesinga. *Suðurland*, bls. 3.
- Guðmundur Danielsson. (1961, 2. september). Safnhús reist á Selfossi. *Suðurland*, bls. 8.
- Guðmundur Danielsson. (1964, 29. ágúst). Safnhús Árnesinga opnað. *Suðurland*, bls. 4.

Guðmundur Daniélsson. (1969, 3. maí). Ný viðhorf í safnamálum Árnesinga. *Suðurland*, bls. 1.

Guðmundur Daniélsson. (1969, 8. nóvember). Byggðasafnsnefndin leggur spilin á borðið. *Suðurland*, bls. 5.

Guðmundur Daniélsson. (1970, 4. júlí). Skitt með alla skynsemi! Upp með fúskið! *Suðurland*, bls. 1–2.

Guðmundur Daniélsson. (1970, 20. júní). Frá sýslufundi Árnessýslu. *Suðurland*, bls. 8.

Guðmundur Daniélsson. (1971, 24. júlí). Söfnin og sýslunefndin. *Suðurland*, bls. 5.

Guðmundur Daniélsson. (1972, 4. mars). Höfnuðu einróma aðild að safnhúsbýggingunni. *Suðurland*, bls. 7.

Guðmundur Kristinsson. (1959, 4. apríl). Hvenær eignast Sunnlendingar byggðasafn? *Suðurland*, bls. 5.

Guðmundur Kristinsson. (1969, 13. september). Ný viðhorf í safnamálum Sunnlendinga. *Suðurland*, bls. 7.

Guðmundur Kristinsson. (1973, 26. maí). Er byggðasafnsnefnd að gefast upp? *Suðurland*, bls. 3.

Helgi Ívarsson og Páll Lýðsson. (2005). *Rjómabúið á Baugsstöðum 100 ára*. Selfoss.

HérÁrn. Gjörðabók Byggðasafns Árnesinga 1983–1990.

Inga Lára Baldvinsdóttir. (1998). *Margur í sandinn hér markaði slóð*. Reykjavík.

Ingibjörg Helgadóttir. (2002). *Grímsnes. Búendur og saga. I*. Reykjavík.

Jón Guðmundsson. (1975, 13. desember). Gjóf Halldórs Einarssonar, Árnessýslu ómetanleg. *Suðurland*, bls. 26–27.

Lýður Pálsson. *Ársskýrslur Byggðasafns Árnesinga 2002–2014*. Eyrarbakka.

Lýður Pálsson. (2002). Ávarp við móttöku Þjónustuhúss BÁ 19. apríl.

Lýður Pálsson. (2015). Bréf dags. 8. og 16. nóvember 2004, 27. apríl og 19. maí.

Lýður Pálsson. (2014). *Húsið á Eyrarbakka*. Eyrarbakki.

Páll Lýðsson. (1970, 14. nóvember). Bygging listasafns á Selfossi. *Suðurland*, bls. 3.

Páll Lýðsson. (1975, 5. apríl). Kjartan Magnússon fyrrv. safnvörður. *Morgunblaðið*, bls. 22–23.

Páll Lýðsson. (1970, 11. júlí). Um byggðasafnsmálin – að gefnu tilefni. *Þjóðólfur*, bls. 5–7.

Sigurður Guðjónsson. (1969, 31. maí). Dritsöfn. *Suðurland*, bls. 3.

Sigurður Jónsson. (1980, 10. október). Náttúrugripasafn opnað á Selfossi. *Suðurland*, bls. 3.

Sigurður Jónsson. (1980, 24. október). Uppbygging byggðasafnsins ræðst af vilja fólksins og áhuga ráðamanna. *Suðurland*, bls. 1.

Þór Magnússon. (2000). Bréf til stjórnar Byggðasafns Árnesinga dags. 28. febrúar.





## Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna Sólveig Hulda Benjamínsdóttir

Um miðja síðustu öld voru uppi hugmyndir um stofnun byggðasafna víðs vegar um landið. Þessar hugmyndir einkendust af ákveðinni afstöðu til íslensks þjóðfélags sem kenna má við sveitarómantík. Byggðasöfn áttu að varpa ljósi á líf og störf fólks sem uppi var í hinu svonefnda „gamla íslenska sveitasamfélagi“ sem talið var vera að hverfa. Á þessum tíma fluttu landsmenn í síauknum mæli frá sveitum landsins til kaupstaða og þá sérstaklega til Reykjavíkur. Lífið á mölinni var nýstárlegt og fólk var oft komið fjarri fjölskyldu og vinum. Til að vinna upp á móti áhrifum flutninganna á sjálfsmynd og félagslíf þessa fólks tóku margir þátt í stofnun svokallaðra áttahagafélaga. Oft lögðu þessi félög kapp sitt við að stuðla að menningarstarfsemi eða annarri uppbyggingarstarfsemi í heimahéraði og má rekja uppruna margra byggðasafna til þeirra.

Stofnun byggðasafna varð stundum tilefni til átaka á milli þeirra ólíku aðila sem komu að stofnun þeirra um þá hugmyndafræði sem starf safnanna átti að byggja á, þá sýn á samfélagið sem þar átti að setja fram og það hlutverk sem söfnunum var ætlað að gegna í sínu nærumhverfi. Hér verður fjallað um þessar hugmyndir og þau átök sem um þau ríktu á upphafsárum Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna, sem staðsett er að Reykjum í Hrutafirði. Frumkvæðið að stofnun þess má rekja til Húnavetningafélagsins í Reykjavík en auk þess kom Áttahagafélag Strandamanna að stofnun safnsins og

fagaðilar á vegum Þjóðminjasafns Íslands. Fjallað verður um það hvar megináherslur hugmynda þessara ólíku aðila um safnið og starf þess lágu og hvaða hlutverki félögin töldu að safnið ætti að þjóna. Skoðað verður hvernig ólík sjónarmið þeirra fóru saman og hvers konar áherslubreytingar megi greina út frá samvinnu þeirra við stofnun safnsins. Háleitar hugmyndir um tilgang Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna verða sömuleiðis bornar saman við það hvernig gengið hefur að fylgja þeim hugmyndum eftir og hvaða áhrif þau hugmyndalegu átök sem áttu sér stað við undirbúningi að stofnun safnsins hafa haft á starf þess síðan þá. Í því skyni verður sérstaklega litið til söfnunar- og sýningarstefnu safnsins þar sem slíkar stefnur má líta á sem grundvallaratriði í safnastarfi og endurspeglar þær hugmyndir sem aðstandendur safna hafa um hlutverk þeirra og samfélagslegt gildi.

### Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna

Frumkvæði að stofnun Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna átti Húnavetningafélagið í Reykjavík. Á aðalfundi félagsins árið 1955 var ákveðið að hefja söfnun menningarlegra muna með tengingu við héraðið og var sett á fót nefnd með það lokatakmark að stofnað yrði byggðasafn. Með stofnun þess vildi Húnavetningafélagið leggja sitt af mörkum við að sameina íbúa héraðsins og reyna að skapa vitund um sameiginlega sögu og uppruna (Jakob Þorsteinsson, 1986).



Mynd 47

Stuttu eftir aðalfund Húnvetningafélagsins var kosið í byggðasafnsnefndir á sýslufundum Húnavatnssýslunnanna tveggja. Þær voru skipaðar vegna þess áhuga, frumkvæðis og stuðnings sem Húnvetningafélagið í Reykjavík sýndi safnamálum í heimahéraði sínu. Fengnar voru þrjár manneskjur úr hvorri sýslu til að sitja í nefndunum. Í byggðasafnsnefnd fyrir Austur–Húnavatnssýslu voru þau Páll Kolka héraðslæknir, Hulda Á. Stefánsdóttir, skólastjóri Kvinnaskólans á Blönduósi, og Jón Ísberg sýslumaður. Allt áberandi máttarstólpur í sínu nærsamfélagi. Fyrir Vestur–Húnavatnssýslu voru valin þau Jósefína Helgadóttir, formaður SKVH (Sambands kvenfélaga í Vestur–Húnavatnssýslu), Kristín Gunnarsdóttir og Gísli Kolbeins prestur.

Byggðasafnsnefndirnar þrjár, þ.e. fyrir Húnavatnssýslurnar tvær og Húnvetningafélagið í

Reykjavík, birtu svo ávarp til Húnvetninga í Tímanum haustið 1955 (Byggðasafnsnefnd Húnavatnssýslna, 1955). Í ávarpinu voru Húnvetningar hvattir til að stofna sameiginlegt byggðasafn fyrir sýslurnar tvær. Nýr tími væri að taka við af þeim gamla. Heffast handa við að bjarga minjum frá liðnum tíma sem annars myndu falla í gleymsku. Í greininni er bent á að í mörgum héruðum hafði verið stofnað til byggðasafna í þessum sama tilgangi. Í ávarpinu kemur greinilega í ljós hvað meðlimir byggðasafnsnefndanna upplifðu breytingar Þjóðfélagsins á þessum árum sterkt. Höfundunum fannst fátt svipað með „nýja tímanum“ og þeim „eldri“ og fannst þeir hreinlega lifa „nýju lífi í nýju landi“.

Ávarpið gefur til kynna hvaða sýn fólkið sem stóð fyrir stofnun safnsins hafði gagnvart byggðasafninu. Undirstrikað var að þó að Þjóðminjasafnið hafi „miklu

hlutverki að gegna, sem varðar landið allt,“ þá hafi „hreyfing sú, sem hafizt hefir á síðustu árum í þá átt að stofna til minjasafna innan einstakra héraða ... fullan rétt á sér“ þar sem hvert hérað búi við sérstaka sögu sem heildstæð nálgun Þjóðminjasafnsins geti ekki varpað ljósi á (Byggðasafnsnefnd Húnavatnssýslna, 1955, bls. 4). Byggðasafninu var þannig ætlað það hlutverk að segja staðbundna og afmarkaða sögu þessa sögufræga héraðs, líkt og það er orðað í ávarpinu.

Stuttu eftir að byggðasafnsnefnd Húnavetninga- félagsins í Reykjavík var komið á fót var Ragnar Ásgeirsson, sem lengi var garðyrkjuráðunautur Búnaðarfélags Íslands, fenginn til að fara í á vegum félagsins söfnunarferðir um Austur- og Vestur- Húnavatnssýslu. Í þessum ferðum safnaðist fjöldi gripa þrátt fyrir að ekkert varanlegt geymsluhúsnæði væri til staðar. Þegar hann fór í söfnunarferðir sínar um Húnaþing og síðar Strandasýslu var ákveðin söfnunar- stefna höfð að leiðarljósi, sem þó var takmörkuð við þær aðstæður sem hann bjó við og það viðhorf sem hann sjálfur hafði til þess hvað varðveita bæri og hvað ekki. Þannig var honum t.d. óhægt um vik að taka stærri gripi og fyrir vikið einkenndist söfnun hans af smærri gripum (Þór Magnússon, munnleg heimild, 26. mars 2013).

Ekki eru allir á eitt sáttir um störf Ragnars.

Þannig segir Þór Magnússon fyrrum þjóðminjavörður í ópentuðum endurminningum að skráningarvinnu Ragnars hafi verið ábótavant enda hafi hann látið fagurfræðilegt gildi vega þyngra en menningar sögulegt gildi gripanna, auk þess sem sögusagnir voru um að hann nýtti söfnunarferðirnar til eigin einkasöfnunar (Þór Magnússon, 2007). Þegar lítið er á skráningarbækur Ragnars sem til eru á byggðasafninu á Reykjum koma þessir anmarkar á söfnun hans bersýnilega í ljós. Í bókunum er takmarkaðar upplýsingar að finna um gripina. Aðeins eru skráðar niður upplýsingar um hvaða gripum var safnað, frá hvaða bæjum þeir komu og hversu margir gripir komu frá hvaða bæ. Gripunum var síðan gefið skráningarnúmer. Ekki eru skráðar niður aðrar upplýsingar. Skráning Ragnars gefur því mjög takmarkaðar upplýsingar um gripi sem komu á hans vegum til safnsins á Reykjum og það hefur reynst erfitt að fylla inn í þær eyður.

Gripunum sem söfnuðust í ferðum Ragnars var komið fyrir í tímabundna geymslu víðs vegar um héraðið. Það má því segja að Húnavetningafélagið hafi rennt blint í sjóinn með söfnun sinni, áður en formleg umræða hófst við sveitarfélögin um stofnun safns og áður en að varanlegt geymsluhúsnæði lægi fyrir hendi. Enda virðist sem ekki hafi allir gripir komist til skila til byggðasafnsins. Vorið 1966 var farið yfir aðfangabækur Ragnars Ásgeirssonar og borið saman við gripina sem komnir voru á Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna. Í ljós kom að töluvert magn gripa hafði aldrei borist til byggðasafnsins (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, e.d.).

Skömmu eftir að söfnunarvinnan var hafin kviknaði líflæg umræða um það hvar safnið ætti að vera staðsett. Fljótlega kom fram sú hugmynd að hýsa safnið að Reykjum í Hrótafyrri þar sem Kristján Eldjárn, þáverandi þjóðminjavörður, hugðist byggja sýningarskála yfir hákarlaskipið Ófeig, en hann vildi hafa bátinn í nálægð við heimahérað skipsins, sem smíðað var í Ófeigsfirri á Ströndum. Taldi hann kjörið að hýsa skipið í nálægð við Héraðsskólann á Reykjum, þar sem sýningarskálinn gæti nýst skólanum við kennslu og því myndu þessar tvær stofnanir bæta hvor aðra upp. Þessari hugmynd var vel tekið af skólastjóra héraðsskólans, Ólaf H. Kristjánssyni, en hann var virkur þátttakandi í stofnun byggðasafnsins og áttu Þjóðminjasafnið og héraðsskólinn í samskiptum um málið á meðan unnið var að stofnun þess.

Einnig voru upp hugmyndir um að tengja byggðasafnið við Kvennaskólann á Blönduósi eða við nýjan heimavistaskóla sem átti að rísa á Reykjum á Reykjabraut, þar sem nú er Húnavallaskóli. Áherslan á nálægð við skóla tengdist hugmyndum um fræðslugildi og siðbótargildi menningarstofnana á bord við byggðasöfn. Hugmyndin um safnið og staðsetningu þess var þar af leiðandi byggð að stórum hluta á samtvinningu skóla og safns. Safnið átti að nýtast sem kennslutæki og vera staðsett í næsta nágrenni við skóla. Þjóðminjasafnið tók þá ákvörðun að byggja Ófeigsskála á landi Héraðsskólans að Reykjum í þessum tilgangi og síðar átti byggðasafnið einnig að þjóna þessum tilgangi. Tenging skóla og safns hefði verið kjörið tækifæri til þess að gefa safninu veigamikili hlutverk og styrkja stöðu þess innan samfélagsins. Allt stefndi þar með í að safnið yrði nýtt með þessum hætti, með nálægð sinni við Héraðsskólann á Reykjum, sérstaklega ef lítið er til þess hve virkur skólastjóri skólans var í undirbúningi safnsins. Þrátt fyrir það virðist sem safnið hafi ekki verið nýtt til kennslu á meðan héraðsskólinn var starfræktur. Undanfarin ár hafa hins vegar verið starfræktar skólabúðir á Reykjum þar sem krakkar í 6. bekk víðsvegar að af landinu koma og eru í eina viku í senn á Reykjum. Kennsla á safninu hefur verið veigamikill þáttur í starfi þeirra.

Skiptar skoðanir voru um ágæti staðsetningarinnar og þá hugmynd að sveitarfélögin við Húnaflóa stæðu sameiginlega að rekstri þess. Í Austur- Húnavatnssýslu var alltaf unnið út frá því að safnið yrði staðsett þar og „var nefndinni [byggðasafnsnefnd Austur- Húnavatnssýslu] ætlað að undirbúa stofnun byggðasafns innan sýslunnar“ (Hulda Á. Stefánsdóttir, 1966, bls. 5). Jón Ísberg og Hulda Á. Stefánsdóttir voru t.d. bæði opinskátt mótfallin því að safnið yrði staðsett í Vestur- Húnavatnssýslu og segja má að áhugi fyrir safninu hafi dofnað í Austursýslunni þegar ákvörðun lá fyrir um staðsetningu safnsins. Óánægja með staðsetninguna var hins vegar ekki aðeins hjá stjórnarmönnum Austur- Húnavatnssýslu heldur

virðist hún hafa átt sér dýpri rætur í samfélaginu og endurspeglar þann sýsluríg sem ríkt hafði frá því um aldamótin, ef ekki lengur. Hannes Jónsson segir til að mynda frá því í bók sinni *Hið guðdómlega sjónarspil*:

„Þá var mér sagt að ég ætti að hata Dani og fyrirlíta Skagfirðinga, en jafnframt varaður við því, að þeir þarna á austur-sýslunni væru trúlausir, réttarasagt guðleysingar, svo væru þeir montnir og eiginlega ekkert betri en Skagfirðingar... það var trúað fólk í vestur-sýslunni og vildi uppfræða börnin á þjóðlegan hátt og í kristilegum anda“ (Hannes Jónsson, 1970, bls. 5).

Rígurinn tengdist meðal annars skiptingu Húnavatnssýslu í tvennt árið 1907 (Bragi Guðmundsson, 1992). Sú skipting leiddi aftur til þess að Austur-Húnavetningar áttu ekki aðild að Héraðsskólanum á Reykjum og höfðu þess vegna enn síður áhuga á að setja á fót byggðasafn þar. Strandamenn virðast ekki hafa verið eins neikvæðir út í staðsetningu safnsins og skýrist það m.a. af Héraðsskólanum, en Vestur-Húnavatnssýsla og Strandasýsla ráku hann sameiginlega.

Þrátt fyrir að vera ákafur talsmaður þess að stofna byggðasafn fyrir héraðið var Jón Ísberg alfarið á móti því að stofna sameiginlegt safn fyrir sýslurnar tvær. Í bréfi til Kristjáns Eldjárns víðraði hann t.a.m. hugmyndir sínar um að í kjallara tilvonandi héraðsbókasafns á Blönduósi yrði sett upp byggðasafn ásamt sýningu um atvinnulíf svæðisins, eða „panorama úr atvinnulífi“ líkt og hann orðaði það. Hann hafði hugmyndir um að húsnaði héraðsbókasafnsins myndi nýtast sem eins konar allhiða safna- eða sýningarhúsnaði. Í kjallaranum vildi hann m.a. láta reisa torfbæ í gömlum stíl. Á efri hæðum hússins sá hann svo fyrir sér að sett yrði upp sýning um þróunarsögu bygginga á Íslandi og náttúru- gripasýningu. „Ekki vísindasafni“ skrifaði hann „heldur, einskönar eftirlíkingu af náttúrunni“ (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1960, 15. apríl).

Meginsjónarmið hans virðist hafa verið að fá fólk til að staldra við á Blönduósi, að bjóða upp á eitthvað nýtt og spennandi til að sjá og skoða sem ekki væri í boði annars staðar. Um hugmynd sína um þróunarsögu bygginga segir hann t.d. að ekkert „slíkt safn sé til á landinu en hér fara um þúsundir manna á hverju sumri, svo ekki er ósennilegt, að hægt verði að fá nokkra aðsókn. En forsenda aðsóknar er, að hægt sé að bjóða upp á hluti, sem annarsstaðar eru ekki til“ (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1960, 15. apríl).

Í svarbréfi Kristjáns biður hann Jón Ísberg um að varpa ljósi á það í hvaða jarðveg hugmyndin um sameiginlegt byggðasafn sýslanna á Reykjatanga fellur (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1960, 19. apríl). Jón svarar Kristjáni um hæl og skrifaði honum um aðstæður í Austursýslunni. Þar kemur fram að

hugmyndin um safn á Reykjum falli í grýttan jarðveg og segir að „margir [séu] algjörlega mótfallnir að flytja þessa muni, sem safnað hefir verið og verður safnað vestur í Hrótafjörð“ (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1960, 24. apríl). Hann greinir Kristjáni frá sýslurígunum og segir ástæðu skiptingarinnar Jón hafa verið pólitíska og að héraðsamböndin sem haldið hafi samskiptum gangandi á milli þessara tveggja sýslna hafi hægt og rólega verið að liðast í sundur (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1960, 24. apríl). Út frá því dregur Jón þá ályktun að samvinna sýslanna í safna- málum eigi ekki eftir að bera góðan ávöxt. Samvinna á milli þeirra hafi þegar verið reynd á öðrum sviðum, en ekki gengið upp, og því finnist honum ólíklegt að hún eigi eftir að ganga upp til lengdar í safnamálum.

Árið 1962 birtist svo grein eftir hann í Húnavöku. Af greininni má ráða að í Austursýslunni hafi byggðasafnmálum ekki verið vel tekið. Grein Jóns byrjar með þessum orðum:

„Það hefur komið fram í dagblöðum nýlega, að þegar hafi verið ákveðið að reisa byggðasafn fyrir Strandasýslu og Húnavatnssýslur á Reykjaskóla. Þetta er ekki rétt hvað Austur-Húnavatnssýslu snertir. Engin endanleg ákvörðun hefur verið tekin um þetta og tel ég þá ráðagerð, að hafa sameiginlegt byggðasafn fyrir allar sýslurnar á Reykjaskóla, hvorki heppilega né skynsama“ (Jón Ísberg, 1962, bls. 32).

Hann endurtók svo rök sín gegn byggingu sameiginlegs safns á Reykjum. Hann sagðist óttast að ef samkomulag næðist á milli sýslanna um að standa að sameiginlegu safni yrðu að forsendur fyrir samstarfinu ekki til staðar eftir nokkra tugi ára. Hann óttaðist að Austur-Húnavetningar myndu draga sig úr samstarfinu og gripir héraðsins myndu ekki „ganga til baka“, líkt og samið hafði verið um á sameiginlegum sýslufundi sama ár (Jón Ísberg, 1962, bls. 33). Í greininni gerir hann einnig lítið úr því sjónarmiði að safnið eigi að þjóna sem sameiningartákn Húnavetninga. Hann telur að of mikið sé gert úr sundrungu sýslanna. Aðstæður á svæðinu hafi einfaldlega breyst.

Þrátt fyrir þessi orð virðist hafa andað köldu á milli íbúa sýslanna og andúðin verið á báða bóga. Í fyrrnefndu bréfi Jóns Ísbergs til Kristjáns Eldjárns fullyrðir hann að þegar Ragnar Ásgeirsson hafi verið í söfnunarferð sinni um Vestur-Húnavatnssýslu hafi skilaboðum verið komið til hans frá ábúenda eins bæjar sem hann átti viðkomu á. Skilaboðin voru „á þá leið, að umfram allt yrði að gæta þess, að engir munir, sem kynnu að finnast í vestursýslunni, mættu fara niður yfir Gljúfurá“, en áin markar landamæri sýslanna tveggja (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1960, 24. apríl).

Hulda Á. Stefánsdóttir skrifaði einnig grein um staðsetningu byggðasafnsins árið 1966, aðeins ári





Mynd 48

áður en safnið á Reykjum var opnað fyrir gestum. Hún taldi að Byggðasafninu væri best komið á Þingeyrum og furðar hún sig á „hve Þingeyrarstaður á lítil ítök í Húnavetningum“ (Hulda Á. Stefánsdóttir, 1966, bls. 7). Jafnvel þó að hún teldi nauðsynlegt að safnið yrði staðsett í sveit frekar en þéttbýli þótti henni þó skárna að safnið væri á Blönduósi en á Reykjum.

Það var þannig lengi óljóst hvort Austur–Húnavetningar yrðu með í samstarfinu og þrátt fyrir orð Jóns Ísbergs átti rótgróinn sýslurígur drjúgan þátt í því. Árið 1961 leit t.d. út fyrir að gripirnir, sem safnað hafði verið í Austur–Húnavatnssýslu, myndu ekki verða fluttir að Reykjum og Kristján Eldjárn varpaði m.a. fram þeirri hugmynd að heppilegast væri ef aðeins Vestur–Húnavatnssýsla og Strandasýsla stæðu að safninu (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1961, 23. janúar). Árið 1962 var loks haldinn átakamikill sýslufundur um byggðasafnmálið. Fundurinn kom því til leiðar að byggja skyldi sýningarhúsnæði fyrir væntanlegt byggðasafn sýslunnanna í tengslum við skála

Þjóðminjasafnsins á Reykjum og að eignarhlutfall allra þriggja sýslunnanna í byggðasafninu skyldi vera jafnt. Samþykktin mætti þó mikilli andstöðu Austursýslumanna og fluttu m.a. Jón Ísberg og Jón S. Pálmason frávísunartilögu um málið. Tillagan fékk hins vegar ekki hljómgrunn og hlaut hún aðeins atkvæði þeirra tveggja (Bragi Guðmundsson, 1992). Fjórum árum síðar lýsti Hulda Á. Stefánsdóttir vonbrigðum sínum með niðurstöðuna: „Og þá er ekki að sökum að spyrja, þegar eitthvað kemur „að sunnan“. Sýslunefnd samþykkti að byggðasafn A. Húnav. yrði staðsett á Reykjum í Hrutáfrði“ Svo mikil var óánægja hennar að hún mun, samkvæmt Kristjáni Eldjárn, hafa haldið uppi „áróðri“ gegn safninu jafnvel „eftir að það var komið alveg á laggirnar“ (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1967, 18. október). Eftir að ákveðið var að byggja byggðasafnið á Reykjum vann Hulda í samstarfi við Kvenfélög austur–húnavatnssýslu að stofnun Heimilisiðnaðarsafnsins og safnaði hún flestum munum safnsins ásamt Þórhildi Ísberg, eigin–



Mynd 49-50

konu Jóns sýslumanns. Sama ár og byggðasafn var opnað á Reykjum fékk Samband austur–húnavetnskra kvenna styrk frá sýslunefnd Austur–Húnavatnssýslu upp á 15.000 krónur til að undirbúa stofnun Heimilisíðnaðarsafnsins (Bragi Guðmundsson, 1992).

Þrátt fyrir að tillagan að samstarfi sýslnanna hafi verið formlega samþykkt á fyrrnefndum fundi voru Austur–Húnavetningar tregir við að láta gripi sína í hendur byggðasafnsins. Til að mynda greinir frá því í samþykkt fundarins að gripir úr Austur–Húnavatnssýslu skyldu vera endurkræfir ef Austur–Húnavetningar skyldu síðar vilja reisa sitt eigið byggðasafn (Bragi Guðmundsson, 1992). Þess vegna eru elstu gripir byggðasafnsins sem eiga uppruna sinn í Austur–Húnavatnssýslu með sérstakar merkingar sem vísa til upprunans. Gripirnir eru skráðir í sérstaka aðfangabók sem merkt er Austur–Húnavatnssýsla og eru bókstafirnir AH fyrir framan hvert númer.

Það er því óhætt er að segja að Heimilisíðnaðarsafnið sé sprottið upp úr jarðvegi sem byggður er á óánægju í garð Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna. Saga þessara tveggja safna er með þeim hætti samantvinnuð, þó að forsendur þessarar sameiginlegu sögu hefði mátt byggja á jákvæðari grunni. Byggðasafnið á Reykjum virðist ekki hafa haft mikið gildi í Austur–Húnavatnssýslu þar sem á síðari hluta sjöunda áratugarins kom upp hugmynd innan kvenfélagsins Einingar um að standsetja lítið byggðasafn á Skagaströnd. Jón Ísberg lagði til að safnið myndi sérhæfa sig í sjóminjum, þrátt fyrir að Ófeigsskáli Þjóðminjasafnsins þjónaði því hlutverki á svæðinu (Bragi Guðmundsson, 1992; og Bjarni Guðmarsson, 1989). Með stofnun safnsins á Skagaströnd var því unnið gegn því að byggðasafnið á Reykjum eignaðist fastan stað í samfélagi heimamanna í Austur–Húnavatnssýslu. Með stofnun sjóminjasafnsins á Skagaströnd var í raun verið að lýsa yfir vantrausti til hindr nýstofnada byggðasafn á Reykjum því safnað var gripum sem í raun hefðu átt heima á byggðasafninu á Reykjum. Ef gripirnir hefðu verið skráðir sem hluti af safnkosti byggðasafnsins að Reykjum hefði það bæði styrkt stöðu byggðasafnsins, bætt öryggi gripanna og sett þá jafnframt í víðara samhengi.

**Samvinna Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafnsins** Þjóðminjasafn Íslands hafði mikil áhrif á stofnun Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna. Þjóðminjasafnið lagði mikla vinnu í safnið og hafði ákveðnar væntingar til þess. Kristján Eldjárn skrifaði í Árbók Hins íslenska fornleifafélags árið 1968 að „um sé að ræða eins konar tvíbýli Þjóðminjasafns og byggðasafns“ (Kristján Eldjárn, 1968, bls. 126). Þegar Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna var formlega stofnað árið 1967 voru nokkur byggðasöfn komin á fót annars staðar á landinu. Þjóðminja–

safnið leit á það sem skyldu sína að aðstoða fólkið, sem að baki söfnunum stóð, við að koma þeim í gott horf. Í því skyni starfaði Gísli Gestsson, starfsmaður Þjóðminjasafnsins, meðal annars við að skrásetja safngripi og setja upp sýningar við hin ýmsu byggðasöfn um landið og ferðaðist hann á milli landshluta í því skyni (Árni Björnsson, 1984). Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna var engin undantekning þar á. Starfsfólk Þjóðminjasafnsins, ásamt fleirum, setti upp sýningu byggðasafnsins fyrir opnun þess þann 9. júlí 1967. Gísli Gestsson bæði safnaði munum fyrir byggðasafnið og vann mest að uppsetningu sýningarinnar (Kristján Eldjárn, 1968).

Kristján Eldjárn hafði ákveðna sýn á hlutverk byggðasafnsins og á hvaða sviðum sérhæfing þess átti að liggja. Ætlun Þjóðminjasafnsins var að staðsetja lítið sjóminjasafn á Reykjavíkingi og í ræðu sem Kristján Eldjárn hélt við opnun byggðasafnsins greindi hann frá þeirri hugmynd sinni að safnið ætti að þjóna sem útibú Þjóðminjasafnsins með sérhæfingu í sjóminjum (Kristján Eldjárn, 1968). Sömu hugmynd má sjá í álitserð sem hann skrifaði árið 1964. Þar segist hann sjá Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna og Ófeigsskála sem tvær aðskildar stofnanir sem myndu renna „á vissan hátt“ saman í eina stofnun í framtíðinni (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1964, 9. apríl).

Það er nokkuð óljóst hvernig ætlunin var að útfæra hugmynd Kristjáns Eldjárns um „tvíbýli“ Þjóðminja– og byggðasafns. Gripir á vegum Þjóðminjasafnsins áttu að vera staðsettir á Reykjum, en engin önnur starfsemi á vegum þess átti að fara fram á byggðasafninu og segir Kristján í fyrrnefndri ræðu að ætlunin sé að byggðasafnið verði ein stofnun en ekki tvær. Í bréfi sem hann skrifaði Guðmundi Jósafatssyni segir hann að það sé ekki sitt hlutverk að beita sér fyrir stofnun byggðasafna og segir að heimamenn verði að fá að ráða för í þeim efnum (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1961, 23. janúar). Hann ýtti samt töluvert undir stofnun byggðasafnsins að Reykjum. Hann fór meðal annars á fund hjá Húnavetningafélaginu í Reykjavík þar sem rætt var um stofnun safnsins og hann átti mikil samskipti við byggðasafnsnefndirnar sem stóðu að undirbúningi safnsins. Hann lá heldur ekki á skoðunum sínum varðandi safnið þegar aðrir báru undir hann hugmyndir sem ekki samræmdust hans hugmyndum um safnastefnu, líkt og sjá má í bréfum hans til Jóns Ísbergs og til Guðmundar Jósafatssonar varðandi safnið. Þar að auki var samþykkt á byggðasafnsnefndarfundum árið 1961 að teikningar af húsnaði safnsins og kostnaðaráætlun yrðu gerð í samráði við hann (Ólafur H. Kristjánsson, 1968).

Kristján Eldjárn hafði þannig mikil ítök í starfi Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna, og má segja að á upphafsárum safnsins hafi hann gegnt lykilhlutverki í starfi þess. Það má meðal annars sjá á því að hann sjálfur, eða fólk á hans vegum, hélt

að töluverðum hluta utan um söfnun gripa, uppsetningu sýninga og jafnvel starfsmannaráðningar safnsins. Auk þess eru fjórir stærstu sýningargripir byggðasafnsins í eigu Þjóðminjasafnsins og varðveittir á Reykjum að tilstuðlan Þjóðminjasafnsins. Þeir eru hákarlaskipið Ófeigur, stofa frá bænum Svínavatni í Austur-Húnavatnssýslu, baðstofa frá Syðsta-Hvammum á Vatnsnesi og loks framhlið Tungunesbæjarinnar, ásamt stofu og smiðju úr bænum. Hákarlaskipið Ófeigur, Svínavatnsstofa og Syðsti-Hvammur voru settir upp fyrir formlega opnun safnsins og má segja að þeir hafi gefið sýningu safnsins meira og stærra hlutverk í varðveislu, sem og sýningu minja, frá svæðinu en annars hefði verið, en líkt og fram kemur í álitserð Kristjáns Eldjárns um byggðasafnið var ætlunin að aðrir minni sýningargripir væru notaðir og settir fram í samhengi við þessa undirstöðugripi (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1964, 9. apríl). Ólafur H. Kristjánsson, skólastjóri Héraðsskólans að Reykjum, fullyrkti að héruðin sem að safninu stæðu væru í þakkarskuld við Kristján Eldjárn. Hann hafi átt mikilvægan þátt í byggingu sjálfs safnsins og vinnu varðandi safnkost þess og segir að „án þess frumkvæðis hefði efalaust dregizt að sameiginlegu byggðasafni yrði komið upp.“ (Ólafur H. Kristjánsson, 1968). Það er því ljóst að ýmsir sem komu að stofnun safnsins, en Ólafur sat í stjórn þess, litu á Kristján og Þjóðminjasafnið sem mikilvæga bakhjarla byggðasafnsins en ekki einvörðungu stuðningsmenn á hliðarlínunni, eins og Kristján sjálfur gaf í skyn.

Aðkoma Kristjáns að innra starfi safnsins fyrstu árin eftir að það var stofnað undirstrikar það. Kristján Eldjárn og Ólafur H. Kristjánsson skólastjóri höfðu til að mynda rekstur byggðasafnsins á sinni könnu á upphafsárum þess. Árið 1968 sendi Kristján bréf til Péturs Aðalsteinssonar, sem ráðinn hafði verið sem safnvörður fyrir opnun þess, og greindi honum frá því að hann hefði, í samráði við byggðasafnsnefndina, ákveðið að ráða tvo nemendur í sumarvinnu við safnið. Áttu nemendurnir að skrá safnmuni „eftir þeim aðferðum sem við viljum hafa“ og því ætti hann ekki að gera ráð fyrir því að vera endurráðinn (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1968, 3. apríl). Á fyrstu árum safnsins hefur Kristján Eldjárn sem sagt haft afskipti af og áhrif á starfsmannaráðningu byggðasafnsins auk þess sem ástæðan sem Kristján gefur fyrir uppsögn Péturs sýnir glögg hve mikil alvara var meðal Kristjáns og annarra aðstandenda safnsins í að vilja innleiða faglegt starf á safninu.

Árið 1964 sendi Kristján Eldjárn álitserð til Ólafs H. Kristjánssonar um Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna. Í henni kemur í ljós hvað leggja átti áherslu á í starfi safnsins en einnig hvaða hugmyndir Kristján sjálfur hafði um áhersluatriði og söfnunarvið byggðasafnsins. Greina má að á þessum tímupunkti voru hugmyndir uppi um að byggðasafnið sýndi sögu

landbúnaðar, með áherslu á stór hestaverkfæri, en einnig ætti að sýna hina ýmsu húshluta líkt og baðstofu, stofu, smiðju og eldhús (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1964, 9. apríl). Ófeiggsskáli gegndi svo hlutverki sjóminjadeildar á vegum Þjóðminjasafnsins og kemur það fram í álitserð Kristjáns þar sem hann nefnir að öllum sjóminjum sem renna til byggðasafnsins ættu að vera komið fyrir í Ófeiggsskála og „verði þannig „lánaðir“ Ófeiggsskála“ (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1964, 9. apríl). Kristján lagði einnig til að farið yrði í sérstaka söfnunarferð um svæðið í þeim tilgangi að afla fleiri sjóminja til byggðasafnsins til að hafa til sýnis í Ófeiggsskála.

Á vegum Þjóðminjasafnsins komu einnig ýmsir minni gripir til byggðasafnsins. Má þar nefna grafskriftir sem Kristján Eldjárn rakst á í kirkjunni á Öspakseyri í Strandasýslu. Kristján sendi Hákon Ormssyni frá Skriðnesenni í Strandasýslu bréf þess efnis að hann hafi tekið grafskriftirnar úr kirkjunni með sér til Reykjavíkur til viðgerðar, en segir jafnframt „að þessar grafskriftir væru bezt geymdar í byggðasafninu á Reykjum, því að þær virðast hafa lítið að gera í Öspakseyrarkirkju“ (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1967, 31. júlí). Kristján sendi einnig bréf til Ólafs Sigfússonar sem þá var staddur á Héraðshælinu á Blönduósi varðandi ótilgreinda gripi í vörslu Ólafs sem áttu að fara á Byggðasafnið að Reykjum. Einnig biður hann Ólaf um að taka við fjöl frá Brandsstöðum og fara með á byggðasafnið (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1967, 24. júlí). Það er því ljóst að Kristján Eldjárn hefur haft ákveðnar hugmyndir um hvers konar gripi Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna ætti að safna og varðveita og hefur sjálfur tekið virkan þátt í að koma gripum þangað.

Þar að auki settu starfsmenn Þjóðminjasafnsins upp fyrstu sýningu byggðasafnsins, en þeir komu reyndar að uppsetningu ýmissa byggðasafna. Kristján Eldjárn hafði áfram hönd í bagga með útlit sýningarinnar og kemur fram í bréfi sem hann sendir Ólafi H. Kristjánssyni skólastjóra héraðsskólans þann 28. nóvember 1967, nokkrum mánuðum eftir opnun safnsins, að Kristján hafi látið gera við klukku úr safneign byggðasafnsins og tilgreinir hvar hún eigi að vera staðsett á sýningu safnsins (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1967, 28. nóvember).

Kristján Eldjárn var kosinn forseti Íslands árið 1968, en þá var Þór Magnússon ráðinn í embætti þjóðminjavarðar. Þór Magnússon var starfandi á Þjóðminjasafninu þegar byggðasafnið var stofnsett og átti stóran þátt í uppsetningu sýningarinnar, en hann er sjálfur fæddur og uppalinn á Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu. Einnig átti hann drjúgan þátt í að velja baðstofu sem hafa átti til sýnis á byggðasafninu (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1964, 7. apríl).

Þór hafði ákveðnar hugmyndir um hlutverk byggðasafnsins og safnastarf í Húnavatnssýslum. Líkt

og nefnt hefur verið stóð til að koma upp sérstöku byggðasafni á Skagaströnd með áherslu á sjómínjar. Þeir sem stóðu að undirbúningi þess leituðu til Menntamálaráðuneytisins og sóttu um fjárhagsaðstoð til að koma safnahugmyndinni á rekspól. Erindinu var hins vegar sýnað vegna þess að tilvonandi safn stangaðist á við hugmyndir Þjóðmínjavarðar, Þórs Magnússonar, um hlutverk safna á svæðinu. Skoðun Þórs var að Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna sinnti því hlutverki sem fyrirhuguðu byggðasafni á Skagaströnd var ætlað (Frosti Jóhannesson, 1978). Gripunum sem safnað hafði verið til hins tilvonandi byggðasafns á Skagaströnd voru þó ekki látnir ganga til Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna.

Þór Magnússon hafði þannig, líkt og fyrirrennari hans, ákveðna sýn á hlutverk og gildi Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna fyrir svæðið í heild og lagði sitt af mörkum til að styrkja stöðir safnsins í samfélaginu. Persónuleg tengsl hans við Húnavatnssýslur hafa sjálfsagt haft áhrif á framgang safnamála á svæðinu, en á meðan hann gegndi embætti Þjóðmínjavarðar (1968–2000) var það í hans huga vafamál siðferðislega séð hvort að hann ætti að leggja meiri vinnu í Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna en önnur byggðasöfn í landinu. Hann steig því varlega til jarðar í þessum efnum, að eigin sögn, en hafði samt töluverða aðkomu að málefnum safnsins (Þór Magnússon, munnleg heimild, 26. mars 2013). Á þessum tíma dró úr tengslunum á milli Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna og Þjóðmínjasafnsins, ekki síst vegna stjórnisýslubreytinga eftir að byggðasafnið var formlega stofnað. Gerður var samningur þar sem byggðasafnið tók við ábyrgðinni á Ófeigsskála og öðrum gripum frá Þjóðmínjasafninu (Þór Magnússon, 2007). Kristján Eldjárn hafði talað um tvíbýli Þjóðmínjasafns og byggðasafns en um það leyti sem hann lét af störfum og Þór Magnússon tók við varð samband safnanna áþekktara því sem Þjóðmínjasafnið átti í við önnur byggðasöfn í landinu.

### Stefnumál byggðasafnsins

Í tilefni af stofnun safnsins sumarið 1967 var haldin opunarhátíð. Húnavetningafélagið og Áttahagafélag Strandamanna fjölmenntu á opnun safnsins á hópferðabilum enda var „draumsýn“ þeirra að verða að veruleika (Fyrri hluti: Norðurferðin, 1968). Yfir opnuninni lá andi fortíðarrómantíkur þar sem háleitar væntingar voru gerðar til safnsins. Samfélagsgerðin sem áður hafði verið ráðandi, „gamla sveitasamfélagið“, var að hverfa að mati þeirra sem stóðu að stofnun safnsins og safnið var því eins konar andsvar eldri kynslóða við þeim breytingum sem þeir höfðu upplifað á íslensku þjóðfélagi. Hlutverk þess var að færa minninguna um þetta horfna samfélag inn í rými safns og hylla þannig „hetjur hversdagslífsins“ á fyrri tíð. Á þessum tíma var nokkuð algengt að líta á líf hverfandi kynslóðar með

fortíðarrómantíska glýju í augum því oftast en ekki stóð fólk í þeirri trú að sveitalífið og fólkíð sem þar bjó „væri hið eiginlega íslenska samfélag“ (Helgi Skúli Kjartansson, 2003, bls. 193) og að grundvallarefni í byggingu íslenskrar menningar væri að hverfa á brott. Þetta birtist m.a. í viðtali við Ólaf H. Kristjánsson skólastjóra árið 1982. Þar segir hann: „við sem fæddir erum á 2. áratug þessarar aldar erum síðasta kynslóðin, sem þekkir af eigin raun þau vinnubrögð sem tíðkuðust allt frá landnámsöld. Við höfum lifað þá mestu tækniþyngingu sem yfir þjóðina hefur gengið“ (Tómas Gunnar Sæmundsson og Jóhannes Björnsson, 1982, bls. 42). Hlutverk safnsins væri að varðveita þekkingu sem hann lýsti sem aldagamalli og myndi annars glatast með hans kynslóð. Þetta lýsir hins vegar fyrst og fremst hugarfari hans til eigin æsku og þeirrar menningar og kunnáttu sem hann ólst upp við. Stór hluti þeirra landbúnaðarverkfæra sem varðveitt eru á safninu eru einmitt til marks um tækninýjungar og breytta búnaðarhætti á síðari hluta 19. aldar, má þar nefna ýmis hestavinnutæki á borð við plóga (Þorvaldur Thoroddsen, 1935, bls. 90–115).

Ef marka má orð Kristjáns Eldjárns í álitsgerð hans um safnið þá var það yfirlyst markmið frá hlið Þjóðmínjasafnsins að byggðasafnið á Reykjum yrði safn um afmarkað skeið í búnaðarsögu Íslands. Hann skrifar: „Í því sambandi hefur verið talað um stór hestaverkfæri, vagna, kerrur, heyvinnuvelur og jarðræktarvelur, eða með öðrum orðum að reyna að halda þarna til haga því sem við verður komið af minjum frá tímabili hestaverkfæranna, sem nú má heita að tilheyri sögunni“ (Skjalasafn Þjóðmínjasafns Íslands, 1964, 9. apríl). Í augum Kristjáns mundi safnið aldrei koma til með að sýna stöðuga búskaparhætti frá landnámi til 20. aldar heldur afmarkað tímabil í sögu íslensks landbúnaðar sem hann kennir við hestaverkfæri. Í upphafi var safninu þannig mörkuð sérstaða sem átti að greina það frá öðrum söfnum hér á landi. Húsrýmið þótti ákaflega stórt og var tilgangur þess að hýsa stærri sýningargripi, en ástæðan fyrir að sú leið var farin var sú að sýning á stórum landbúnaðartækum var eitthvað sem ekki var til staðar á öðrum hérlandum byggðasöfnum (Skjalasafn Þjóðmínjasafns Íslands, 1964, 9. apríl).

Í huga aðstandenda safnsins hafði Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna einmitt þetta hlutverk, að varðveita þennan tiltekna arf sem annars myndi hverfa með tilkomu nýrra aðferða í landbúnaði og nýrrar samfélagsgerðar um miðja 20. öld. En Húnavetningafélagið í Reykjavík og Áttahagafélag Strandamanna, hinir brottfluttu heimamenn, höfðu einnig sína stefnu í safnamálum. Minningin um heimahéraðið var tengd heimþrá og söknuði og sekt yfir því að yfirgefa áttthagana og því vildu félagsmenn áttahagafélagana skapa stað þar sem hægt væri að minnast hinna „föllnu hetja frá Húnavatnssýslu og Ströndum“ (Jóhannes Jónsson, 1968, bls. 42–43).

Almennt séð má þannig í grófum dráttum greina í stofnun byggðasafnsins samskonar sjónarmið og finna má í bókum á borð við Íslenzki bóndinn eftir Benedikt Gíslason, sem út kom árið 1950, og Hetjur Hversdagslífsins (1953) eftir Hannes J. Magnússon: Horft er á fortíðina með rómantíska glýju í augum, bændastéttin er dýrkuð og líf „íslenska bóndans“ sagt vera hið eiginlega íslenska þjóðlíf og að saga Íslands sé öll byggð á hetjuskap bændastéttarinnar (Benedikt Gíslason, 1950; Hannes J. Magnússon, 1953). Bóndinn og hans atvinna er þar með sett á stall og gefið í skyn að hugarfar og skapgerð fólks hafi lítið breyst frá landnámi.

Þetta birtist m.a. í ólíkum hugmyndum um sýningarstefnu safnsins. Árið 1961 svaraði Kristján Eldjárn bréfi frá Guðmundi Jósafatssyni frá Austurhlíð í Austur–Húnavatnssýslu, en hann var áhugamaður um byggðasafn Húnvetninga. Í bréfi Kristjáns kemur fram að Guðmundur hafi áhyggjur af framgangi byggðasafnmála héraðanna, finnist þau ganga hægt og ekki sé nógu mikill áhugi. Greinilegt er að Guðmundur hefur áhuga á því að byggt yrði utan um safnið torfhús, líkt og á Glaumbæ í Skagafirði. Fleiri voru á sömu skoðun, ef marka má blaðafregn frá Húnvetningafélaginu í Reykjavík þann 3. september 1957. Þar segir að í hvorugri Húnavatnssýslunni séu fyrir hendi sams konar aðstæður og í Skagafirði þar sem Glaumbær hafði verið gerður að safngrip. Þess vegna muni reynast nauðsynlegt að „byggja yfir safnið bæjarhús í gömlum stíl“ (Steinmót til lýsislampagerðar, 1957, bls. 12). Kristján Eldjárn var þó ekki á sömu skoðun og skrifaði Guðmundi að hann teldi vænlegra að safninu yrði betur komið í nýju húsi þar sem væri góður sýningarsalur. Greina má að Guðmundur hefur ekki verið hrifinn af því vegna þess að í bréfi Kristjáns segir Kristján að hann sé ekki sammála því að „slíkt safn þyrfti að verða eins og ómerkileg útgáfa af Þjóðminjasafninu“ (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1961, 23. janúar).

Í skoðanaskiptum þeirra Guðmundar og Kristjáns koma bersýnilega fram ólíkar hugmyndir um tilgang safna á borð við Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna, þar sem Kristján talar fyrir fræðilegu gildi safnastarfs, varðveislu gripa og framsetningu sögulegrar þekkingar í sýningum safna, en Guðmundur má kalla talsmann hinnar alþýðlegru og fortíðar–rómantísku hugmyndar um byggðasafnið sem minnis–varða um þjóðhætti liðinna tíma.

Sýningarstefna var snemma mörkuð í undirbúningi að stofnun safnsins. Í títtnefndri álitserð Kristjáns kemur fram að sýningarsalurinn hafði þá þegar verið skipulagður með safngripi byggðasafnsins í huga. Til stóð að adskilja austurenda sýningarsalarinn frá aðalsalnum með þili. Fyrir innan þilið átti að koma fyrir öllum stærri landbúnaðartækjum safnsins á tréþöllum. Meðfram veggjum átti svo að stilla upp

hinum ýmsu verkfærum sem notuð voru utanhúss. Einnig var búið að ákveða hvaða efnisatriði ættu að vera til sýnis fyrir framan fyrrnefnt þil. Þar átti að leggja áherslu á minjar úr daglegu lífi innandyra. Í því sam–hengi nefnir Kristján að til greina komi að sýnt verði frá alþýðulist, hannyrðum og fatnaði en einnig að þar eigi að vera hafðir minjagripir líkt og „öllum söfnum fylgja.“ (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1964, 9. apríl). Í álitserðinni kemur einnig fram að í upphafi hafi verið lögð áhersla á að gripir safnsins yrðu í samhengi og í tengslum við sitt „réttu“ umhverfi. Til að ná þessari tengingu var hugmyndin að settir yrðu upp húshlutur þar sem gripirnir voru notaðir: „Til greina getur komið að gera á þennan hátt baðstofu, eldhús, búr, stofur og smíðju“ (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1964, 9. apríl). Af þessum húsum var lögð áhersla á að safnið yrði sér úti um baðstofu, en fram kemur í álitserðinni að Þjóðminjasafnið hafi á þessum tíma þegar gert ráðstafanir til að safnið gæti eignast baðstofuna sem þá stóð ennþá uppi í Syðsta–Hvammi í Vestur–Húnavatnssýslu (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1968, 8. mars).

Áhugi var fyrir því að byggðasafnið yrði sér úti um hlóðaeldhús, því „hlóðaeldhús er ekki vandasamt að finna, sem nota mætti til að sýna heildarmynd úr gömlu eldhúsi.“ Safngripir, sem átti að hafa til sýnis, áttu að vera í samhengi við þessa húshluta og með þessari samtvinnungu húsa og gripa átti að skapa heildarsýn frá lífi fólks í gamla bændasamfélaginu. En Kristján nefnir þó að passa verði upp á að ekki verði sett upp meira af húsum en sýningarrýmið þyldi vegna þess að „eftir verður að vera töluvert gott rúm fyrir almenna safngripi, sem ekki féllu inn í þessar myndir“ Búið var að hugsa fyrir staðsetningu slíkra gripa, en þeir áttu að vera staðsettir við suðurhlíð sýningarrýmisins frá húshlutunum sem áttu að vera staðsettir við norðurhlíðina (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1964, 9. apríl). Allt húsrými safnsins var þannig hugsað með sýningarhald í huga. Ekki var hugsað um geymsluaðstöðu nema að mjög takmörkuðu leyti. Loft byggðasafnsins átti að nota sem tímabundna geymslu, „en þó þannig að hvenær sem er sé hægt að gera þar sýningu, þegar tækifæri væri til eða þörf krefði“ (Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands, 1964, 9. apríl). Þess má geta að loft byggðasafnsins er enn í dag aðal–geymsla safnsins og þar hafa aldrei verið settar upp sýningar.

Sýning byggðasafnsins var því orðin vel skipulögð árið 1964, þremur árum áður en byggðasafnið var formlega opnað. Greinilegt er að mikil umræða hefur verið meðal aðstandenda safnsins um sérhæfingu þess og skipulag sýningarinnar. Búið var að skipta sýningunni niður í adskildar einingar sem hver hafði sitt þema. Sjá má að sýning byggðasafnsins átti að gefa sjóminjum, landbúnaði, alþýðulist og heimilisíðn skil, með öðrum orðum átti byggðasafnið að sérhæfa sig í

atvinnuháttum gamla sveitasamfélagsins á ákveðnu tímasteiði og komast þessar hugmyndir um sérhæfingu safnsins vel til skila í álitserð Kristjáns. Það má því segja að hún sé fyrsta eiginlega söfnunar- og sýningarstefna byggðasafnsins.

Áhugi og framtakssemi aðstandenda safnsins virðist hafa dalað fljótlega eftir opnun safnsins. Árið 1978 skrifaði Frosti Jóhannesson skýrslu um stöðu safna á Norðurlandi. Í skýrslunni voru Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna, Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi, Glaumbær í Skagafirði, Minjasafnið á Akureyri, Minjasafnið að Laufási í Grýtubakkahreppi og Byggðasafn Suður-Þingeyinga að Grenjadarstað og á Húsavík skoðuð með hliðsjón af því hvort hægt væri að samhæfa rekstur þeirra með einhverjum hætti, t.d. með aukinni sérhæfingu þeirra (Frosti Jóhannesson, 1978).

Í skýrslunni kemur fram að engin skipulögð söfnun hafi farið fram á vegum Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna frá því að safnið var opnað og lítið bæst við af munum síðan þá (Frosti Jóhannesson, 1978). Skýrsla Frosta var skrifuð árið 1978, rétt tæpum áratugi eftir að Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna var stofnað. Krafturinn sem einkenndi starf safnsins fyrir stofnsetningu þess virðist því hafa dalað fljótlega eftir að safnið var opnað. Engar skipulagðar söfnunarferðir voru farnar á þessum rúma áratug frá stofnun safnsins, líkt og gert hafði verið árin fyrir stofnun þess. Frosti komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri heppilegt að byggja frekar við Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna (Frosti Jóhannesson, 1978).

Þrátt fyrir afdráttarlausu niðurstöðu Frosta um að ekki hafi verið heppilegt að halda uppbyggingu safnsins áfram er ljóst að þeirri niðurstöðu hefur ekki verið fylgt eftir, því töluvert hefur verið unnið í stefnumótun, hugmyndavinnu og uppbyggingu innan safnsins frá því að skýrsla hans var gerð. Til dæmis starfar safnið í dag eftir formlegri söfnunar- og sýningarstefnu sem samín var árið 1999 af Pétri Jónssyni, sagnfræðingi og forstöðumanni safnsins á árunum 2000 til 2007. Það er hins vegar umhugsunarefni hvort afdráttarlaus tillaga Frosta hafi samt sem áður haft undirliggjandi áhrif á faglegt starf á safninu því grunnsýning safnsins hefur litlum breytingum tekið frá upphafi og núverandi stefna ber sterkan keim af þeirri hugmyndafræði sem lagt var af stað með í byrjun. Í söfnunar- og sýningarstefnu Péturs er t.a.m. haldið tryggð við þá stefnu að „sýna góða mynd af búsetu í gamla bændasamfélaginu“ auk þess að einblína á „hákarlaskipið Ófeig og hákarlaveiðar við Húnaflóa“ (Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna, 1999).

Áhersluatriði í sýningum byggðasafnsins hafa lítið breyst í gegnum tíðina, þrátt fyrir eindreginn vilja flestra fyrrum forstöðumanna til breytinga á starfsemi safnsins. Enn þá er lögd áhersla á að sýna hið gamla íslenska sveitasamfélag í gegnum atvinnuvegi sem

stundaðir voru til sveita og sú söguskoðun sem var við lýði við stofnun safnsins er enn ráðandi í stefnu safnsins.

Þetta birtist m.a. í söfnunarstefnu safnsins. Í aðdraganda stofnunar safnsins var ekki unnið eftir skipulagðri, eða a.m.k. ekki skrásettri, söfnunarstefnu en gripirnir sem safnað var gefa vitaskuld til kynna ákveðna stefnumörkun.

Þrátt fyrir það var engu að síður starfað eftir huglægri stefnu sem hefur einkennst af persónulegum skoðunum og markmiðum þeirra sem stofnuðu safnið, en auk þess kom Þjóðminjasafnið með ákveðna stefnu inn í söfnun byggðasafnsins sem og brottfluttir héraðsbúar í áttahagafélögunum sem áttu frumkvæði að stofnun safnsins. Þessir aðilar höfðu ólíkar skoðanir á starfsemi safnsins og má því ætla að í upphafi safnastarfsins hafi verið starfað eftir nokkrum söfnunarstefnum, þó að engin þeirra hafi verið gefin út opinberlega eða formlega samþykkt. Þetta ástand var við lýði til ársins 1999 þegar loks var ákveðið að setja saman formlega söfnunarstefnu.

Þar er í grófum dráttum viðhaldið þeirri sýn á fortíðina sem einkenndi upphafsár safnsins. Lögd er áhersla á að „eignast muni tengda útræði og sjósókn, hlunnindum og hlunnindabúskap og það [safnið] geti sýnt heildstæða mynd af gamla bændasamfélaginu“ (Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna, 1999). Á hinn bóginn er gripum sem tengjast verslun, tóvinnu, húsagerð og fatnaði hafnað. Þessi ákvörðun er ekki rökstudd en hún er í takt við þær áherslur sem lagt var upp með í upphafi sem og þá áherslu stefnunnar að undirstrika sérstöðu svæðisins, sem er með óbeinum hætti skilgreind sem útræði og hlunnindabúskapur. Verslun, tóvinnu, húsagerð og fatagerð voru þó mikilvægur partur af daglegu lífi í gamla bændasamfélaginu ásamt ýmsum öðrum einkennum sem hvergi eru gerð skil í sýningum eða stefnum safnsins. Þá voru útræði og hlunnindabúskapur aðeins sérkenni á hluta af starfssvæði safnsins en skiptu minna máli á öðrum svæðum. Útilokun gripa og viðfangsefna af þessu tagi felur í sér ákveðna afstöðu til fortíðarinnar þar sem afmarkaðir hlutar hennar (sjávarbændur og störf þeirra) eru upphafnir á kostnað annarra.

Það má því segja að stefnan sé á vissan hátt í mótsögn við sjálfa sig, þar sem eitt af aðalmarkmiðum hennar er „að gefa heildstæða mynd af gamla bænda- samfélaginu“ en á sama tíma byggðri hún á úrvali og útilokun byggðu á tilteknum gildum og viðhorfum til viðfangsefnisins. Augljóslega getur safnið ekki tekið við öllu, enda ekki vænlegt að byggðasöfn starfi þannig. Líkt og bent er á í skýrslu safnaráðs frá árinu 2003 þá þurfa söfn að sérhæfa sig og afmarka söfnun sína í samræmi við önnur söfn. Ef það er gert aukast líkurnar á því að söfn nái að endurspegla sem flest svið og auk þess verður framsetning sögunnar áhrifameiri og viðtækari (Safnaráð, 2004). Það á einnig við um

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna en slíkri sérhæfingu þyrfti að fylgja meðvitun endurskoðun á sýningar- og söfnunarstefnu safnsins sem og þeirri sýn á fortíðina sem safninu er ætlað að gefa.

### Lokaorð

Stofnun Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna á rætur sínar að rekja til Húnavetningafélagsins í Reykjavík og Áttahagafélags Strandamanna. Það var ekki síst fyrir tilstilli þeirra að sýslunefndir Húnavatnssýslna settu á fót byggðasafnsnefndir sem stuðla áttu að stofnun þess og unnu þær náid með þessum samtökum brottfluttra héraðsbúa. Á sama tíma einkenndist undirbúningurinn að stofnun safnsins af töluverðum sýsluríg, sér í lagi á milli Austur- og Vestur-Húnavetninga, og hefur það sett töluvert mark á starfsemi safnsins alla tíð. Austur-Húnavetningar sem og Strandamenn hafa t.a.m. ítrekað látið í ljósi þá ósk sína að ganga úr rekstri byggðasafnsins samkvæmt samtölum mínum við fyrrverandi forstöðumenn safnsins, þau Pétur Jónsson, Ingibjörgu Gestsdóttur og Sigríði Hjaltadóttur. Mikill eldmóður einkenndi engu að síður stofnun byggðasafnsins og svo mikill var hugur manna að stór hluti af undirbúningsvinnunni fór fram áður en varanlegt húsnæði fékkst undir starfsemi safnsins. Þessi uppruni safnsins endurpseglast m.a. í söguskoðun þjóðernissinnaðrar en alþýðlegrar sveitarómantíkur sem einkenndi starfsemi safnsins í upphafi og gerir að mörgu leyti enn.

Hugmyndir um hlutverk Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna og grundvallaratriði í starfi þess tóku þó ýmsum breytingum með aðkomu Þjóðminjasafns Íslands að stofnun safnsins. Þá dró nokkuð úr þeim sveitarómantísku hugmyndum sem einkenndu hugmyndir áttahagafélaganna, byggðasafnsnefndanna og annarra héraðsbúa. Þess í stað voru lögð meiri áhersla á fræðilegt og faglegt gildi safnastarfs og varðveislu gripa. Það má því segja að við stofnun byggðasafnsins hafi mæst tvö ólík sjónarmið um hlutverk og gildi byggðasafna, sjónarmið sem sumpart stönguðust á hvort við annað og sköpuðu togstreitu í starfi safnsins sem hefur verið viðvarandi allt fram til dagsins í dag en hefur að sama skapi mótað safnið og gert það einstakt. Frá því að byggðasafnið var stofnað hefur aldrei verið framkvæmd afgerandi stefnumótun. Það má segja að eitt af stóru vandamálum safnsins sé að stofnun og uppsetning þess hafi að stórum hluta verið gerð af utanaðkomandi aðilum. Félagsmenn áttahagafélaganna í Reykjavík voru ötulir við að undirbúa stofnun safnsins. Aðkoma þeirra að starfi safnsins eftir að það var stofnað hefur hins vegar verið lítil. Svipaða sögu er að segja af aðkomu Þjóðminjasafns Íslands. Vandí safnsins í dag er hvernig höggva megi þennan klafa fortíðarinnar af safninu án þess að fórnar þeim sérkennum sem uppruni þess hefur skapað.

### Heimildaskrá

Árni Björnsson. (1984). Gísli Gestsson 6. maí 1907 – 4. október 1984. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 1(81), bls. 5–26.

Benedikt Gíslason. (1950). *Íslenski bóndinn*. Akureyri: Bókauktáfan Norðri.

Bjarni Guðmarsson. (1989). *Byggðin undir borginni: Saga Skagastrandar og Höfðahrepps*. Akureyri: Höfðahreppur.

Bragi Guðmundsson. (1992). *Héraðsstjóri Húnaþingi*. Akureyri: Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu.

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna. (Án árs). *Aðfangabók Austur-Húnavatnssýslu*. Óúttefni gögn.

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna. (Án árs). Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna. Óúttefni gögn.

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna. (1999). Sýningarstefna Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna. Óúttefni gögn.

Frosti Jóhannesson. (1978). *Norðlensk minjasöfn: Almenn úttekt og tillögur um framtíðarskipulag: Skýrsla unnin fyrir fjórðungssamband Norðlendinga*. Óúttefni gögn

Fyrri hluti: Norðurferðin. (1968). *Strandapósturinn*, 1(2), bls. 44–50.

Gunnar Árnason og Jónas B. Bjarnason. (1944). *Búnaðarfélag Svinavatns- og Bólstaðarhlíðahreppa. Aldaminning*. Akureyri: Sögufélagið Húnavetningur.

Hannes J. Magnússon. (1953). *Hetjur hversdagslífsins: Nokkrar þjóðlífsmyndir frá upphafi 20. aldar*. Akureyri: Bókauktáfan Norðri.

Hannes Jónsson. (1970). *Híð guðdómlega sjónarspil: Endurminningar*. Reykjavík: Bókauktáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

Helgi Skúli Kjartansson. (2003). *Ísland á 20. öld*. Reykjavík: Sögufélag.

Hulda Á. Stefánsdóttir. (1966). Brostnir hlekkir. *Húnavaka*, 1(6), bls. 5–13.

Þór Magnússon (2007). Endurminningar Þórs Magnússonar um aðkomu hans að Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna. Óúttefni gögn.

Byggðasafnsnefnd Húnavatnssýslna. (1955, 14. september). Ávarp til Húnavetninga. *Tíminn*, 207(39), bls. 4.

Steinmót til lýsislampagerðar og kaffikvörn úr steini komin á safnið. (1957, 3. september). *Tíminn*, bls. 12

Jakob Þorsteinsson. (1986). Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna 20. ára. *Húnavetningur*, 1(11), bls. 7–23.



Jóhannes Jónsson. (1968). Byggðasafn Húnavatninga og Strandamanna. *Strandapósturinn*, 1(2), bls. 42–43.

Jón Ísberg. (1962). Byggðasafn. Húnavatna, 1(2), bls. 31–33.

Kristján Eldjárn. (1968). Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1967. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 1(65), bls. 112–134.

Ólafur H. Kristjánsson. (1968). Byggðasafn Húnavatninga og Strandamanna. *Strandapósturinn*, 1(2), bls. 35–41.

Ragnar Ásgeirsson. (1959). Starfsskrá Ragnars Ásgeirssonar. *Búnaðarrit*, 1(72), bls. 142–148.

Safnaráð. (2004). Ársskýrsla 2003. Reykjavík.

Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands. (Án árs). Þjóðminjasafn Íslands. BB3/3. Heimildasafn. Ódagsett skjal með óþekktum viðtakanda.

Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands. (1960, 15. apríl). Þjóðminjasafn Íslands. B/45. Bréf til Kristjáns Eldjárns frá Jóni Ísberg.

Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands. (1960, 19. apríl). Þjóðminjasafn Íslands. BB/9. Bréf frá Kristjáni Eldjárn til Jóns Ísbergs.

Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands. (1960, 24. apríl). Þjóðminjasafn Íslands. B/45. Bréf til Kristjáns Eldjárns frá Jóni Ísberg.

Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands. (1961, 23. janúar). Þjóðminjasafn Íslands. BB/10. Bréf frá Kristjáni Eldjárn til Guðmundar Jósafatssonar.

Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands. (1964, 7. apríl). Þjóðminjasafn Íslands. BB/11. Bréf frá Þór Magnússyni til Sigurðar Davíðssonar.

Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands. (1964, 9. apríl). Þjóðminjasafn Íslands. BB/11. Álitsgerð um Byggðasafn Húnavatninga og Strandamanna meðfylgjandi bréfi frá Kristjáni Eldjárn til Ólafs H. Kristjánssonar.

Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands. (1967, 18. október). Þjóðminjasafn Íslands. BB/13. Bréf frá Kristjáni Eldjárn til Ólafs H. Kristjánssonar.

Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands. (1967, 24. júlí). Þjóðminjasafn Íslands. BB/13. Bréf frá Kristjáni Eldjárn til Ólafs Sigfússonar, Héraðshælið Blöndósi.

Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands. (1967, 28. nóvember). Þjóðminjasafn Íslands. BB/13. Bréf frá Kristjáni Eldjárn til Ólafs H. Kristjánssonar.

Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands. (1967, 31. júlí). Þjóðminjasafn Íslands. BB/13. Bréf frá Kristjáni Eldjárn til Hákonss Ormssonar, Skriðnesenni.

Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands. (1968, 3. apríl). Þjóðminjasafn Íslands. BB/13. Bréf frá Kristjáni Eldjárn til Péturs Aðalsteinssonar.

Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands. (1968, 8. mars). Þjóðminjasafn Íslands. BB/13. Bréf frá Þór Magnússyni til Marteins Sigurðssonar.

Tómas Gunnar Sæmundsson og Jóhannes Björnsson. (1982). Viðtal við Ólaf H. Kristjánsson og Sólveigu Kristjánsdóttur, Reykjaskóla. *Húni*, 1(4), bls. 30–46.

Þorvaldur Thoroddsen. (1935). *Lýsing Íslands* (3. bindi), Reykjavík: Sjóður Þorvaldar Thoroddsen



## Byggðasafn Reykjanesbæjar Sigrún Ásta Jónsdóttir

Saga Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafnahrepps, sem nú mynda sveitarfélagið Reykjanesbæ, er nátengd sjónum. Á hverju ári upp úr áramótunum kemur þorskurinn upp að landi til að hrygna. Áður fyrr hófst vetrarvertíðin á kyndilmessu 2. febrúar og stóð fram til 11. maí. Allt fram á 20. öld kom fjöldi fólks í verstöðvarnar í Keflavík, Njarðvík og Höfnum og komu flestir gangandi, sem hefur verið mikil manndómsraun á miðjum vetri. Sjósóknin sjálf var erfiðisvinna og stunduð við erfiðar aðstæður. Róið var á litlum og meðalstórum bátum sem voru opnir og knúnir áfram af handafli, en á stærri bátum voru líka segl. Lífsbaráttan við sjávarsíðuna var hörð en ávallt komu vermenn aftur á vetrarvertíð, ár eftir ár, öldum saman. Öll önnur saga svæðisins byggir á sjósókninni. Þar má finna ástæður þess að kirkjan, síðar konungsvaldið og auðmenn, sóttust eftir að eiga jarðir á svæðinu jarðir og að kaupmenn settust að. Duglegir sjómenn freistuðu þess að lifa með fjölskyldum sínum af því sem hafði gaf ef þeir fengu til þess leyfi frá landeiganda.

Þetta er saga baráttu og erfiðisvinnu en líka saga félagsskapar, hér hittist fólk, aðallega ungt fólk, frá ólíkum stöðum á landinu og kynntist jafnöldrum sínum. Eftir að vetrarvertíð lauk héldu vermenn til síns heima en vorskip verslunarinnar komu að landi og kaup tíð hófst. Þá var höndlað með fisk, hann var lagður inn hjá kaupmanninum og vörur teknar út á móti. Fiskurinn var verkaður í skreið allt fram á 19.

öld og var mikilvægt var að eiga birgðir af henni til vetrarins. Á sumrin brá fólk af Suðurnesjum sér í kaupavinnu. Um haustið hófst síðan undirbúningur fyrir næstu vetrarvertíð. Það þurfti að dytta að bátum, spinna hamp í net og flytja til verstöðvanna nesti og búnað vermannna, sem væntanlegir voru á næstu vertíð. Sagan breyttist lítið fyrir en á 19. öld þegar kaupmaðurinn settist að og fór að fjárfesta, t.d. með því að gera út þilskip og byggja varanleg verslunarhús. Þyrping myndaðist í kringum kaupmannssetrið, fleiri kaupmenn settust að, einnig iðnaðarmenn og fjölskyldur. Farið var að vinna aflann í saltfisk, sem kallaði á töluverðan mannskap í landi. Þyrpingin varð að þorpi og þá þurfti að huga að ýmsum málum; skólum, heilbrigðismálum og félagslífi. Sjómenn hófu í upphafi 20. aldar að fjárfesta í vélum í báta sína og betri aðstöðu í landi. Væringar voru við hið danskættaða kaupmannaveldi sem þá var á útleið. Ný viðfangsefni komust á dagskrá þegar líða tók á 19. öldina og í upphafi þeirrar tuttugustu, til dæmis baráttan um rétt verkalýðsfélaga til að semja um kaup og kjör. Keflavík og Njarðvík urðu eitt sveitarfélag um stund og kirkja var byggð í Keflavík. Svo kom stríðið og þá breyttist margt. Sjávarútvegurinn varð ekki lengur eina undirstaða byggðarinnar heldur einnig flugvöllurinn og herstöðin. Þetta er í stuttu máli sú saga sem er viðfangsefni Byggðasafns Reykjanesbæjar.

Sagan um stofnun byggðasafnsins er samofin



Mynd 51

sögu samfélagsins. Á fimmta áratug síðustu aldar var orðið ljóst að gamla samfélagið væri að hverfa, einn af forvígismönnum um stofnun byggðasafns, Helgi S. Jónsson, skrifaði um það í tímaritið Faxa árið 1942:

„Áður en varir, er gamla kynslóðin sem byggði bæinn, horfin og gleymd — gömlu húsin fallin, gamlir atvinnuhættir týndir og allt þetta, sem var, er orðið að sögu sem er í of mikilli nálægð til þess, að menn almennt geri sér ljósa þýðingu hennar. Svo vaknar næsta kynslóð ef til vill við vondan draum — þann, að allar heimildir um umskiptatímabilið hafa skolast burt — eru horfnar og algjörlega óbætanlegar. Og ef það verður ekki harmað, þá er hinni söguelsku íslensku þjóð farið aftur, því

vissulega eru það tengslin við liðna tímann, sem hafa gefið þjóðinni máttinn“ (Helgi S. Jónsson, 1942, bls. 2–3).

Greinin var áskorun til samfélagsins um að stofna byggðasafn. Tímarnir voru vísjárverðir, hið gamla samfélag var að láta undan og nýtt samfélag að verða til. Þessir tímar voru bæði spennandi og ógnvænlegir. „Sagan er „þráðurinn að ofan“, sem gerir menn skyggna á framtíðarmöguleika þjóðar sinnar og dómbæra á hvert stefnir fyrir henni hverju sinni. Þannig verður sagan aflagjafi til góðra verka, ef rétt er á spilum haldið“ (1960, bls. 17–18) segir Hallgrímur Th. Björnsson sem var einn af stuðningsmönnum byggðasafns í Keflavík. Helgi og Hallgrímur trúðu því að hinar vinnulúnu

hendur genginna kynslóða hefðu margt fram að færa; fróðleik og þekkingu sem gæti reynst mikilvæg fyrir samtímamenn þeirra sem lifðu á hættulegum tíma heimsstríða og nýjunga og enginn gat vitað hvernig allt myndi þróast fyrir íbúana og samfélag þeirra. Frumkvöðlarnir skilgreindu þannig hlutverk byggðasafns sem eins konar viskubrunn lærdóms og hvatningar. Helgi tók þó sérstaklega fram að ekki ætti bara að sinna því sem sýndi glæsímennsku:

„Það er ekki rétt, sem ýmsir halda fram, að minningar um erfiði og jafnvel eynd séu til þess eins að draga fólkið niður og að slíkt sé best komið á botni gleymiskunnarhafs — heldur þvert á móti verður það til að örva og glæða viljann til að skapa betri kjör og fullkomnara líf, — bending um að forða sér frá því, sem áður reyndist ekki gott, og kennsla í því að meta það nýja í réttu ljósi og bera virðingu fyrir unnum sigrum á framfarabraut“ (Helgi S. Jónsson, 1942, bls. 2–3).

Hér leggur Helgi áherslu á að sagan getur verið þekkingarbrunnur samfélagsins og að hún getur lýst leiðina til bjartar framtíðar. Trúin á gagnsemi sögunnar fyrir komandi kynslóðir sé grundvöllur þess að varðveita þurfi minjar hins liðna, hvort sem þær vitna um hefjudáðir eða fátæktaþas.

### Upphaf Byggðasafnsins

Fyrsti vísir að byggðasafni á Suðurnesjum var sá að Ungmennafélag Keflavíkur stóð að stofnun Byggðasafns Keflavíkur þann 17. júní 1944. Hátíðlegri stofndagur verður vart fundinn í sögu 20. aldar. En það reyndist ekki auðvelt að koma húsi yfir safnið og lítið fé var til reksturs. Félagsmenn lögðu þó ekki árar í bát heldur stóðu að söfnun gripa, ljósmynda og hljóðupptakna á stálþráð (Eðvarð T. Jónsson, 2009).

Í upphafi sjöunda áratugarins tókst félagsmönnum að fá bæjaryfirvöld í Keflavík í lið með sér þegar stofnuð var sameiginleg nefnd bæjarins og ungmennafélagsins um safnið. Í Njarðvík var á þessum tíma hópur áhugamanna um stofnun byggðasafns. Þeir settu saman nefnd sem fór á fund þjóðminjavarðar, Kristjáns Eldjárns, til að fá ráðleggingar. Kristján mælti eindregið með því að þeir leituðu samstarfs við nágrennasveitarfélögin um sameiginlegt byggðasafn á Suðurnesjum. Nefndarmenn fóru með þær hugmyndir á þó nokkra fundi með fulltrúum hinna sveitarfélögunna á Suðurnesjum. Fólk var almennt jákvætt en raunveruleg samstaða um að stofna sameiginlegt byggðasafn á Suðurnesjum náðist ekki (Byggðasafn Reykjanesbæjar, 2015). Árið 1968 dró til tíðinda en þá ákvað Bjarnfríður Sigurðardóttir að gefa húseign sína, Vatnsnes, eftir sinn dag til eflingar byggðasafns Keflavíkur. Þessi höfðinglega gjöf var sem vítamínsprautu fyrir þá sem stóðu að byggðasafninu

og hvatti þá mjög til dáða um að koma safninu í reglulegan rekstur. Um svipað leyti ákváðu erfingjar Eggerts Jónssonar frá Nautabúi að gefa Njarðvíkurbæ húsið Innri–Njarðvík undir safn Njarðvíkinga með því skilyrði að síðasti ábúandinn, Jórunn Jónsdóttir, fengi að búa þar svo lengi sem hún vildi.

Með tilkomu þessara tveggja húsa hljóp kraftur í viðræður sveitarfélögunna um stofnun sameiginlegs byggðasafns fyrir Suðurnesin. En raunverulegur áhugi reyndist fyrst og fremst vera í Njarðvík og Keflavík. Árið 1978 náðist samkomulag milli þessara tveggja sveitarfélöga og Byggðasafn Suðurnesja var formlega stofnað. Í fyrstu samþykkt safnsins er hlutverk safnsins skilgreint:

„Hlutverk safnsins er að safna þjóðlegum munum, varðveita þá og hafa þá til sýnis almenningi. Einkum ber að leggja stund á söfnun muna, sem hafa listrænt gildi eða notagildi úr daglegu lífi þjóðarinnar, en eru að vika eða hverfa úr sögunni vegna breyttra þjóðháttá. Sérstaklega ber safninu að leggja áherslu á öflun muna, sem telja má sérkennilega fyrir Suðurnes og/eda eru að verða fágætir“ (Byggðasafn Reykjanesbæjar, 2015).

Fyrstu sýningar safnsins voru opnaðar almenningi á Vatnsnesi árið 1979 en þar var stillt upp ýmsu því sem safnast hafði á umliðnum áratugum ásamt myndum og textum. Töluvert var af gripum sem komu frá Vatnsnesheimilinu sjálfu og prýddu þeir margir hverjir þessa sýningu. Í Njarðvík var nokkuð annar háttur á en lögerfingjar Jórunnar gáfu megnið af innbúi hennar til safnsins og var því heimili Jórunnar til sýnis.

Fyrsti starfsmaður safnsins var Skafti Friðfinnsson, sem var ráðinn í hálf t starf. Skafti safnaði gripum til safnsins, bjó til fyrstu spjaldskrána yfir safngripina, ásamt því að merkja gripina og fleira (Byggðasafn Reykjanesbæjar, 2015).

Þótt Vatnsnesið væri glæsilegt hús þá var mönnum ljóst, þegar í upphafi, að húsið dygði ekki fyrir safnið. Forvígismenn safnsins sömdu við landeigendur Vatnsnesjarðarinnar um að safnið fengi að kaupa viðbótarland umhverfis húsið. Hugmyndin var að byggja upp safnasvæði sem hefði líklega orðið svipað safnasvæðinu á Akranesi. En það fékkst ekki nægur stuðningur til að hefja framkvæmdir þótt landakaupin hefðu gengið í gegn. Þá var samið við Margeir Jónsson, sem átti fiskverkunarhúsið Röst í nágrenninu, um leigu á um 300 fermetra sal í húsinu. Það munaði miklu að geta komið safnkostinum fyrir í þessari rúmgóðu geymslu (Byggðasafn Reykjanesbæjar, 2015).

Í kjölfar sameiningar sveitarfélögunna Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafnahrepps árið 1994 var starfshlutfall forstöðumanns safnsins aukin í 100%. Guðleifur Sigurjónsson var þá orðinn forstöðumaður en hann hafði tekið við af Skafta árið 1986. Hann var þá í

hálfu starfi hjá safninu og hálfu sem lóðaskrárritari Keflavíkur. Guðleifur var menntaður garðyrkjumaður og fæddur og uppallinn Keflvíkingur. Hann hafði mikla þekkingu á sögu bæjarins og svæðisins en helsta áhugamál hans var þróun byggðarinnar. Hann hélt áfram þar sem Skafti hætti við skráningu safnkostsins, kom spjaldskrá Skafta í stafrænt form og gerði átak í að merkja, mæla og mynda safnkostinn. Hann endurnýjaði og bætti sýningar á Vatnsnesi og kom einnig að ritun sögu Keflavíkur. Þá vann hann mikið starf við að skrásetja og skipuleggja ljósmyndasafnið sem fylgdi byggðasafninu. Á þessum tíma var gerður samningur við Heimi Stígsson, sem hafði verið atvinnuljósmyndari í Keflavík frá 1961 og rekið Ljósmyndastofu Suðurnesja, um kaup á öllu ljósmyndasafninu hans fyrir Byggðasafnið. Einnig var gert átak í söfnun kvikmynda í samvinnu við Viðar Oddgeirsson kvikmyndatökumann. Þessi tvö nýju söfn voru varðveitt í nýrri geymslu á Hafnargötu 57 í Keflavík en þar var m.a. Bókasafn Reykjanesbæjar til húsa. Mikið átak var gert í að skipuleggja og skrá myndasöfnin og var það meðal annars gert með vinnuframlagi atvinnuleitenda (Byggðasafn Reykjanesbæjar, 2015).

Þegar hér er komið sögu, á tíunda áratugnum, var sveitarfélagið búið að kaupa Duushúsin með það að markmiði að þar yrði framtíðaradsetur Byggðasafnsins. Samkvæmt þeim hugmyndum átti safnið að fá efstu og jafnframt yngstu húsin í lengjunni fyrir geymslur, skrifstofur og sýningarstöðu (Byggðasafn Reykjanesbæjar, 2015). Húsin eru staðsett fyrir framan rústirnar af gamla Keflavíkurbænum. Í nágrenninu er einnig að finna elstu uppistandandi hús Keflavíkur, Gömlu-búð (byggð 1871) og Bryggjuhúsið (byggt 1877) sem Hans Peter Duus lét reisa sem pakkhús fyrir verslun sína, en það er neðsta húsið í lengjunni. Upp af Bryggjuhúsinu koma ósamstæð en sambyggð hús sem öll voru byggð sem fiskvinnsluhús. Það yngsta var reist í kringum 1970 og spannar saga húsalengjunnar því um eina öld (Bjarni Guðmarsson, 1992).

Þetta umhverfi hæfir vel sem umgjörð um starf byggðasafns bæjarfélagsins. Í ársskýrslu safnsins fyrir árið 1998 kemur fram að Guðleifur sé vongóður um að flutningar geti hafist á safninu í Duushúsin innan tíðar. Hann bendir einnig á mikilvægi þess að bæta við öðru stöðugildi við safnið. Þetta stef er svo endurtekið í þeim ársskýrslum safnsins sem Guðleifur átti eftir að skrifa (Byggðasafn Reykjanesbæjar, 2015). Þrátt fyrir góðar vonir gekk erfiðlega að afla fjár til framkvæmda við húsin og ekkert bólaði á nýjum starfsmanni.

Eftir aldamótin síðustu fór hins vegar að draga til tíðinda, einkum vegna örlætis fjárlaganefndar Alþingis til uppbyggingar á menningarhúsum, og fengust fjármunir til að hefja viðgerðir á Duushúsunum. Ákveðið var að byrja á því að opna sýningu með bátalíkönum Gríms Karlssonar en það var talið vænlegt til að afla fjármagns í næstu áfanga.

Árið 2001 tók Sigrún Ásta Jónsdóttir við starfi forstöðumanns safnsins og jafnframt sá fyrsti sem ekki átti rætur að rekja til bæjarfélagsins en var ráðin í krafti menntunar og reynslu. Eitt af fyrstu verkefnum var að setja upp sýninguna á bátalíkönum Gríms Karlssonar í Duushúsum og hefja rekstur húsanna. Sýningin var opnuð 11. maí 2002. Í kjölfar opnunar Duushúsanna fékkst heimild til að fastráða einn starfsmann, Björn Ragnarsson. Hann hafði allt frá barnæsku unnið margvísleg störf til sjávar og sveita en hann fæddist árið 1940. Hann kom með mikla þekkingu á gripum er varða sjávarútveg og einnig bjó hann yfir hafsjó fróðleiks um mörg önnur svið. Í samvinnu við hann var unnið að því viðamikla verkefni að skrá alla muni í geymslu safnsins í Röstinni og var það gríðarlegt átak og erfitt. Lagað var til í geymslunni, safngripir flokkaðir, þeir skráðir og merktir. Búinn var til gagnagrunnur í Access fyrir safnskrána og flýtti það mjög fyrir vinnunni og gaf gott heildaryfirlit yfir safnkostinn.

Árið 2006 sögðu eigendur Rastarinnar upp leigusamningi við bæinn og því varð ekki hjá því komist að finna nýja lausn fyrir safngeymslurnar. Tekið var á leigu 500 fermetra húsnæði að Njarðarbraut 3 í Innri-Njarðvík og voru þangað fluttir safngripir úr Röstinni og Vatnsnesi. Verkefnið um vikingaskipið Íslending fékk einnig þar inni. Húsnæðið var gott en það var of lítið. Árið 2008 var ákveðið að flytja af Njarðarbrautinni og var þá gerður leigusamningur um aðstöðu í byggingu nr. 868 á Ásbrú á gamla varnarsvæðinu. Jafnframt var flutt úr geymslunni að Hafnargötu 57. Árið 2010 var safngeymslan flutt úr byggingu 868 í Safnamíðstöð Reykjanesbæjar í Ramma, Innri-Njarðvík, þar sem safnið hefur fengið sitt framtíðargeymsluhúsnæði. Það tók því 30 ár að ljúka því verkefni að finna safninu varanlegt geymsluhúsnæði. Í Rammanum eru jafnframt skrifstofur og vinnustofur safnsins.

Vorið 2001 voru tæplega 3000 færslur skráðar í safnskrá munasafns en þá átti eftir að skrá hátt í 5000 þúsund færslur. Í lok árs 2014 hafði safnið vaxið um sjöþúsund færslur og voru þá rúmlega þrettán þúsund færslur skráðar í safnskrá, þar af voru tæplega 400 færslur sem tilheyra undirsöfnum. Við árslok 2014 var jafnframt allt munasafnið skráð og staðsett.

Allt frá upphafsárum safnsins hefur ljósmyndum verið safnað. Í lok árs 2014 voru tæplega 95 þúsund færslur skráðar í safnskrá ljósmyndasafns, sem er um 85% af safnkosti mynda. Um helmingur safnsins er filmusafn Heimis Stígssonar atvinnuljósmyndara í Keflavík en hann starfaði frá 1961 og fram að aldamótum. Skráning, skönnun og frágangur mynda, auk þjónustu úr safninu hefur ætíð verið aukaverkefni hjá safnstjóra auk þess sem atvinnuleitendur og sumarfólk hefur lagt mikið lið við þessa vinnu. Síðastliðin 30 ár hefur safnið verið í samstarfi við



Mynd 52-53



Mynd 54

Viðar Oddgeirsson kvikmyndatökumann um söfnum kvikmynda. Í lok árs 2014 voru skráðar rúmlega fimm þúsund færslur af margvíslegu efni, einkum þó íþróttir, fréttir og bæjarlífsmyndir. Viðar sér um utanumhald og þjónustu úr safninu.

Byggðasafnið hefur verið aðili að menningarsögulega gagnagrunninum Sarpi frá upphafi en yfirfærsla safnskráa hófst þó ekki fyrr en árið 2014. Þá kom Hulda Björk Þorkelsdóttir bókasafnsfræðingur til starfa og er gert ráð fyrir að fyrsta áfanga yfirfærslunnar ljúki á árinu 2015.

### Sýningar og miðlun

Fyrstu sýningar safnsins voru opnaðar á Vatnsnesi árið 1979, þar var lögð áhersla á að veita nokkra yfirsýn yfir sögu svæðisins. Starfsmaður safnsins hafði aðsetur í húsinu og tók á móti gestum á vinnutíma sínum á virkum dögum. Undir lok aldarinnar var húsið einnig opið á sunnudögum og var Skúli Magnússon sagnfræðingur ráðinn til að sinna því. Þegar rekstur Duushúsa hófst var ákveðið að loka sýningunum í

Vatnsnesi, einkum vegna þess að ekki var nægt til fjármagn að reka bæði húsin. Í dag er húsið leigt út til handverks- og listamanna sem vinnustofur. Húsnæði Jórunnar í Innri-Njarðvík hefur verið opið samkvæmt samkomulagi. Tilgátuhúsið Stekkjarkot á Njarðvíkurfitjum er endurgerð þurrabúð og grasbýli. Kotið er opið á sumartíma og eftir samkomulagi. Það var reist af Njarðvíkurbæ árið 1993, sem sá um rekstur þess, en árið 2001 var reksturinn færður undir Byggðasafnið.

Árið 2002 hófst sýningarekstur í Duushúsum með sýningunni Batafloti Gríms Karlssonar. Byggðasafnið setti upp þá sýningu en sýningarhönnuður var Sigurjón Jóhannsson. Ári seinna var ákveðið að færa rekstur Duushúsanna undir menningarskrifstofu bæjarins. Árið 2004 fékk Byggðasafnið til afnota sýningasal inn af bátalíkanasýningunni fyrir tímabundnar sýningar þar sem hver sýning átti að standa í eitt til þrjú ár. Fyrsta sýningin var afmælisýning safnsins þar sem því var fagnað að 25 ár voru liðin frá opnun safnsins á Vatnsnesi. Sýningin fékk heitið Á mörkum



tveggja heima. Titillinn vísar til þess að saga svæðisins einkenndist mjög af ferðalögum þar sem ólíkir hópar mættust, til dæmis á vertíð, og einnig á síðari tímum til að vinna upp á Velli. Sýningarhönnuður var Björn G. Björnsson og stóð sýningin yfir í eitt ár. Árið 2005 setti Byggðasafnið upp sýninguna Stuð og friður fyrir hönd Poppminjasafns Íslands, sýningarhönnuður var Björn G. Björnsson. Þar var fjallað um hippa, diskótekkara og pönkara. Árið 2007 var seinni Poppminjasafnsýningin sem fékk heitið Vagg og velta, opnuð. Sýningarhönnuður var Ólafur Engilbertsson og stóð sú sýning í 2 ár.

Poppminjasafnið var stofnað að frumkvæði Menningarnefndar Reykjanesbæjar 10. október 1997 með opnun sýningar sem bar heitið Bítlabærinn Keflavík. Var hún á veitingastaðnum Glóðinni í Keflavík og vakti töluverða athygli (Byggðasafn Reykjanesbæjar, 2015). Þegar sýningin var tekin niður átti safnið engan samanstað og voru þá gripir þess fluttir í geymslu sem m.a. Byggðasafnið notaði í kjallara Hafnargötu 57. Byggðasafnið kom þá inn í verkefnið þótt ekki væri það formlega ákveðið. Sýningarnar fyrir Poppminjasafnið voru hugsaðar sem stuðningur Byggðasafnsins við hugmyndina um Poppminjasafn. Sýningarnar vöktu mikla athygli og ákvað bæjarstjórn Reykjanesbæjar að Poppminjasafnið fengi framtíðarástöðu í nýbyggingu sem unnið var að fyrir Tónlistaskóla Reykjanesbæjar. Sá draumur varð svo að veruleika á vordögum 2014 er glæsileg yfirlitssýning var opnuð undir heitinu Rokksafn Íslands í Hljómahöll, sem er samheiti yfir húsnæði sem hýsir Tónlistaskóla Reykjanesbæjar, samkomuhúsið Stapa og Poppminjasafn Íslands. Með þessari ráðstöfun er Poppminjasafnið orðið sjálfstætt safn en þó með tengsl við Byggðasafnið sem sér um varðveislu og skráningu safngripa þess (Byggðasafn Reykjanesbæjar, 2015).

Árið 2009 var svo opnuð í Gryfjunni sýningin Völlurinn, nágranni innan girðingar og stóð hún í 3 ár. Fjallaði hún um sögu Keflavíkurflugvallar og þau áhrif sem herstöðin hafði á samfélagið. Áhersla var lögð á að sýna þessi tvö ólíku samfélög, annars vegar útstöð eins mesta herveldis heims og hins vegar íslenskt fiskimannaþorp. Sýningarhönnuðurinn, Björn G. Björnsson, náði að fanga þessa mynd með því að sýna þessi tvö samfélög hlið við hlið en með girðingu á milli sín. Þar sem svo stutt var síðan herstöðinni var lokað var lögð áhersla á vinnustaði íslenskra starfsmanna varnarliðsins sem misstu vinnuna við brotthvarfið, sumir eftir áratugastarf fyrir herinn. Ljóst var að mikil og áhugaverð saga væri þarna sem var lítt könnuð. Byggðasafnið átti lítið af gripum tengdum Vellinum en átak var gert í söfnun muna, mynda og munnlegra upplýsinga (Byggðasafn Reykjanesbæjar, 2015).

Vorið 2012 var sýningin Á vertíð, þyrping verður að þorpi opnuð í Gryfjunni. Áherslan var á að kynna söguna þegar samfélagið var að umbreytast úr

sjálfsþurftarbúskap yfir í markaðsdrifid og iðnvætt samfélag. Sýningarhönnuður var Ólafía Ólafsdóttir (Byggðasafn Reykjanesbæjar, 2015). Á vordögum árið 2015 var sýningarrými Byggðasafnsins flutt til í Duushúsunum yfir á miðhæð Bryggjuhússins þar sem nú er aðalsýningarrými safnsins. Sýningarhönnuðir voru Inga Þórey Jóhannsdóttir myndlistamaður og Gunnar Óttósson arkitekt. Grunnhugmynd sýningarinnar var að gefa yfirlit yfir sögu bæjarins, frá landnámi fram undir miðja síðustu öld. Ákveðið var að byggja sýninguna ekki upp á tímalínu heldur á fjórum þáttum; ferðalög og tengslum, húsakosti og heimili, atvinnu og tengslum sögu og náttúru.

Auk þessara sýningarverkefna hefur safnið tekið þátt í og sett upp fjölda smærri sýninga og viðburða, til dæmis í samvinnu við Bókasafn Reykjanesbæjar. Í Víkingaheimum hafa verið settar upp sýningar um fornleifarannsóknir Fornleifafræðistofunnar í Höfnum undanfarin ár, sem safnið var samstarfsaðili að. Sýningin er hluti af grunnsýningum Víkingaheima (Byggðasafn Reykjanesbæjar, 2015).

Safnfræðsla hefur verið nokkuð gloppótt en á Vatnsnesi var búid til safnfræðsluverkefni fyrir 4. bekk grunnskólans sem töluverður fjöldi nýtti sér. Eftir að sýningarrýmið var flutt í Duushúsin reyndist erfitt að byggja upp fræðsluefni þar sem ekki var mannskapur til að sinna þessu mikilvæga verkefni. Þegar flutningum safngeymslanna var lokið varð meira svigrúm til að skipuleggja fræðslu á yfirlitssýningu safnsins um sögu bæjarins á miðhæð Bryggjuhúss, sem var opnuð árið 2014. Á haustmisseri 2014 kom fjöldi nemenda í heimsókn, einkum leikskólabörn, að fræðast um veröld jólasveina til forna. Auk þess hafa skólar nýtt sér Stekkjarkot og tekið hefur verið á móti hópum í Víkingaheimum og við fornleifarannsóknina í Höfnum.

### Stefnumótun

Árið 2001 tóku safnalög gildi, þau fyrstu sinnar tegundar á Íslandi, en áður hafði starfsemi byggðasafna fallið að mestu undir þjóðminjalög. Með lögnum var sett á laggirnar safnaråd sem m.a. sinnir úthlutun fjár úr safnasjóði. Eftir því sem þetta nýja kerfi festi sig í sessi komu fram auknar kröfur til umsækjanda í safnasjóð um skil á margvíslegum upplýsingum og samþykktum um starfsemina. Þetta varð til þess að vinnan við formlega stefnumótun varð markvissari. Búnar hafa verið til tvær starfsstefnur fyrir Byggðasafn Reykjanesbæjar, sú fyrri gildi frá 2004–2008 og hin síðari frá 2008. Átti að endurskoða árið 2012 en það hefur enn ekki verið gert. Auk þess hefur stofnskrá safnsins verið endurbætt og uppfærð að kröfum safnaráðs. Síðasta uppfærslan er frá árinu 2014. Hún var jafnframt samþykkt af Menntamálaráðherra og fékk safnið því viðurkenningu safnaráðs.

Stjórnskipun Byggðasafns Reykjanesbæjar var með þeim hætti að fyrir sameiningu sveitarfélaganna

var sérstök safnanefnd sett yfir safnið og tilnefndu sveitarfélögin (Keflavík og Njarðvík) fulltrúa í nefndina. Við sameiningu þessara sveitarfélaga og Hafnahrepps varð safnið hluti af bæjarfélaginu og féll undir menningar- og safnaráð til ársins 2006 en þá varð til menningarráð Reykjanesbæjar, sem varð þá stjórnarnefnd safnsins. Bygðasafnið var fyrst sett undir fræðsluvið Reykjanesbæjar en haustið 2001 var það flutt yfir á markaðs- og atvinnusvið, MOA. Ári seinna var það svið lagt niður og þá var safnið, ásamt menningarmálum, sameinað íþróttá- og tómstundasviði. Árið 2007 var stofnað sérstakt menningarsvið Reykjanesbæjar en árið 2015 var það lagt niður og málaflökkurinn felldur undir stjórnsýslusvið.

Starfsstefnur safnsins og stofnskrá voru samþykktar af stjórnarnefnd safnsins og staðfestar af bæjarstjórn. Í starfsstefnum safnsins er lögð áhersla á söfnunar-, rannsóknar- og miðlunarþætti safnsins, auk útlánareglna. Í fyrstu stefnumótun safnsins hefst söfnunarstefnan með þessum orðum:

„Inntak söfnunarstefnu Bygðasafnsins er annars vegar verndun minja og hins vegar viðleitni til að ná fram heildstæðri mynd af tilteknum hluta menningarinnar. Það er mikilvægt að átta sig á þeim sérstöku aðstæðum sem felast í safnastarfi, annars vegar eru þær tengdar tímanum og hins vegar að safngripir eru frumgögn. Tímasvið Bygðasafns Reykjanesbæjar nær frá landnámi fram til framtíðar. Þannig þarf að sinna fortíð og nútíð en gæta einnig að hagsmunum framtíðarinnar. Nú er framtíðin ekki kunn og því verður að gæta þess að söfnun sé ekki of þröng en að sama skapi verður hún að hafa stefnu. Með þetta í huga hefur verið ákveðið að leggja áherslu á þrjá meginþætti varðandi söfnun 20. aldar minja:

1. Sjávarútveg og atvinnuhætti tengda honum.
2. Alþjóðaflugvöllinn og búsetu varnarliðsins með áherslu á áhrif þeirra á búsetuþróun og bæjarbrag.
3. Félagastarf, æskulýðsmál og dægurmenningu með áherslu á íþróttir, tónlist og tísku“

Miðlunarstefnan er svo skilgreind með neðangreindum hætti:

„Miðlun er kjarni safnastarfs. Í safnastarfi er varðveitt, skráð og rannsakað til að geta miðlað. Stefnan er mörkuð og verklagsreglur samdar þannig að ákvarðanir leiði til fjölbreyttrar og áhugavekjandi miðlunar. Þó er mikilvægt að hafa í huga að ekki er heimilt að stofna varðveisluskráðra safngripa í hættu. Inntak miðlunar safnsins felur í sér að auka aðgengi og áhuga almennings að menningu og sögu þess landsvæðis sem bæjarfélagið Reykjanesbær nær yfir“

Í rannsóknarstefnunni er eftirfarandi skilgreining:

„Í rannsóknum felst sú orka sem nauðsynleg er til að knýja þróun safnastarfsins. Inntak rannsókna safnsins felur í sér viðleitni til að varpa ljósi á sögu bæjarfélagsins, skerpa og skýra myndina og afla nýrrar vitneskju. Rannsóknir safnsins takmarkast af fjármunum, færni starfsfólks, bæjarmörkunum, rannsóknar-, söfnunar- og miðlunarstefnu safnsins“ (Bygðasafn Reykjanesbæjar, 2015).

Árið 2008 var samþykkt ný söfnunarstefna fyrir Bygðasafn Reykjanesbæjar af Menningarráði Reykjanesbæjar, stjórnarnefnd safnsins. Í stefnunni er lögð áhersla á þrjú megin svið:

„Miðlun, rannsóknir og varðveislu. Þótt starfsemi sé þannig skipt þá tengjast öll sviðin órjúfanlega. Markmið starfsstefnunnar er annars vegar gerð yfirlits yfir starfsemi safnsins til næstu fjögurra ára og hins vegar að marka safninu stað í íslenskri safnaflóru.

Bygðasafn Reykjanesbæjar byggir á langri starfshefð og sinnir ríkulegri sögu sem varpar mikilvægu ljósi á sögu svæðisins og Íslands. Varðveisla og miðlun þessarar sögu hefur vakið athygli og áhuga fjölda fólks um langt skeið. Þannig var byrjað að ræða um stofnun bygðasafns á svæðinu þegar á fjórða áratug 20. aldar. Árið 1978 var safnið síðan formlega stofnað. Miðlun sögunnar má sjá í reglulegu sýningahaldi safnsins og utan þess t.d. í tímaritinu Faxa og útgáfu bygðasögu. Hlutverk safnsins er að taka þátt í og efla þennan áhuga með starfsemi sinni. Að vera leiðandi í varðveislu og miðlun sögulegra minja svæðisins. Leggja af mörkum til rannsókna og hvers konar fræðastarfs. Gildismat safnsins felur í sér annars vegar að safnið er vettvangur fyrir almenning til að njóta sögunnar og hins vegar að fræðileg vinnubrögð séu ávallt höfð að leiðarljósi í starfsemi“ (Bygðasafn Reykjanesbæjar, 2015).

Inntak söfnunarstefnunnar var annars vegar varðveisla minja og hins vegar viðleitni til að ná fram heildstæðum myndum úr sögu svæðisins. Lögð var áhersla á söfnun frumgagna ásamt skráningar heimilda um þau. Inntak miðlunar á að fela í sér að auka aðgengi og áhuga almennings á sögu þeirri sem safnið sinnir.

Í þeim hluta stefnunnar sem snýr að rannsóknum eru áherslur safnsins í samræmi við söfnunarstefnu þess og safnkost, auk þess er sérstök áhersla lögð á byggðaþróun, aðgengi að upplýsingum í gagnagrunni og stuðning við rannsóknir. (Bygðasafn Reykjanesbæjar, 2015).

**Lokaorð**

Frá því að safnið var stofnað hefur það gengið í gegnum ýmsar breytingar sem hafa mótast af breyttu samfélagi á Suðurnesjunum. Stjórnsvísun, í samvinnu við starfsmenn safnsins, hefur sett safninu skýr markmið og er óhætt að segja að sú vinna hafi skilað góðum árangri á ýmsa lund. Ennþá er þó á brattann að sækja á ýmsum sviðum og má segja að það sé einna helst þegar kemur að fjárveitingum og tækifærum til að bæta við starfsfólki til að sinna fjölbreyttum verkefnum. Fleiri áskoranir eru í deiglu, einkaðilar hafa verið að sækja í sig veðrið á þessu sviði og boðið fram þjónustu sína. Á margan hátt samrýmast þær áherslur hins vegar ekki því almannahlutverki sem byggðasafnið byggir starf sitt á. Ríkisvaldið hefur einnig staðið fyrir verkefni á starfssvæði safnsins sem gengur þvert á þá uppbyggingu sem það hefur staðið fyrir frá stofnun þess. Sem dæmi má nefna að árið 2009 stóð safnið fyrir opnun sýningar um sögu Keflavíkurflugvallar og í tengslum við þá sýningu var farið í mikið söfnunaráttak á minjum. Af framansögðu má ljóst vera að á grundvelli stefnumótunar fyrir byggðasafnið og starfssvæðis þess að það er saga sem það á að sinna. Þrátt fyrir það var ekkert samráð haft við Byggðasafnið þegar ríkisstjórnin ákvað að stofna safn á gamla varnarsvæðinu til að efla atvinnulíf á Suðurnesjum árið 2010, en þá mældist atvinnuleysi einna mest þar á landsvísu. Kadeco, sem er þróunarfélag Keflavíkurflugvallar og var stofnað af hálfu ríkisvaldsins í kjölfar brottfarar varnarliðsins til að byggja upp gamla varnarsvæðið, fékk verkefnið til úrlausnar en enn þá hefur þetta safn ekki litið dagsins ljós. Þetta inngríp ríkistjórnarinnar er um margt athyglisvert, en það sýnir meðal annars nauðsyn þess að samhæfing eigi sér stað í málaflokknum og að þekking og reynsla stofnunar, eins og Byggðasafns Reykjanesbæjar, sé virt og hún nýtt fyrir íbúa svæðisins og aðra. Að öðrum kosti er hættan sú að menn vakni upp við vandan draum, eins og Helgi S. Jónsson komst að orði í ávarpi sínu til íbúa Keflavíkur, og standi frammi fyrir óbætanlegu tjóni vegna vöntunar á vitund um það starf sem á undan hefur gengið.

**Heimildaskrá**

Bjarni Guðmarsson. (1992). *Saga Keflavíkur*. Keflavík: Keflavíkurbær.

Byggðasafn Reykjanesbæjar. (2015). Ársskýrslur 1998–2000.

Byggðasafn Reykjanesbæjar. (2015). Um safnið. Vefsíða safnsins.

Eðvarð T. Jónsson. (2009). *Keflavík, íþróttar- og ungmennafélag, 80 ára saga í máli og myndum*. Reykjanesbær: Keflavík, íþróttar- og ungmennafélag.

Hallgrímur Th. Björnsson. (1960, 13. mars). Erindi á Faxafundi 13. mars. *Faxi*, 2(20), bls. 17–18.

Helgi S. Jónsson. (1942). Byggðasafn Keflavíkur. *Faxi*, 5(2), bls. 2–3.

Lára Magnúsdóttir og Sólveig Ólafsdóttir. (2013). *Menning og ferðaþjónusta – um menningu og menningarverkefni á landsbyggðinni frá sjónarhóli hugvísinda*. Reykjavík: Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Norðurlandi–Vestra.

*Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2010–2014*. Þjóðminjasafn Íslands.

Sigrún Ásta Jónsdóttir. (2013). *Umskipti. Staða, hlutverk og samfélag um byggðasöfn*. Óbirt MA–ritgerð. Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.



## Byggðasafn Austur-Skaftafellssýslu Gísli Sverrir Árnason og Vala Garðarsdóttir

Byggðasafn Austur-Skaftafellssýslu var opnað í Gömlubúð á Höfn árið 1980. Rík samvinnu- og félagsmálahefð austurskaftfellskra bændaheimila réði mestu um upphaf safnsins en samhugur almennings og yfirvalda um verkefnið var einnig mikilvægur þegar á reyndi. Byggðasafnið varð á skömmum tíma kjölfesta í safnastarfi í héraðinu og myndaði síðar hluta af Sýslusafni Austur-Skaftafellssýslu og Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Það var auk þess hluti af markvissri keðju í samstarfi minjasafna á Austurlandi undir forystu Safnastofnunar Austurlands.

Hér á eftir verða raktir nokkrir þættir um aðdraganda og stofnun safnsins, svo og sögu þess til dagsins í dag.

Saga Byggðasafns Austur-Skaftafellssýslu hefur ekki verið tekin saman á þennan hátt áður. Arnþór Gunnarsson sagnfræðingur gerði þó grein fyrir aðdraganda og fyrstu starfsárum þess í Sögu Hafnar II. bindi. Þá skrifaði Sigurður Björnsson fræðimaður á Kvískerjum um sögu sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu í ritinu Sótt fram en þar bar málefni byggðasafnsins oft á góma. Loks má nefna ritgerð Þórðar Tómassonar, safnvarðar á Skógum, Hjá Austur-Skaftafellingum, og ritgerð Einars Braga rithöfundar, Frá Papósi til Hafnar í Hornafirði, en þær birtust báðar í 2. árgangi héraðssögutímaritsins Skaftfellings. Um eiginlega starfsemi byggðasafnsins má þó helst fræðast í ársskýrslum Sýslusafns Austur-Skaftafellssýslu og

Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar sem birtust um árabíl í Skaftfellingi.

**Stofnun byggðasafns og endurgerð Gömlubúðar**  
Austur-Skaftafellssýsla er langt og mjótt hérað. Milli fjalls og fjöru er yfirleitt lítið landrymi en grösugar sveitir njóta skjóls af Vatnajökli og fjalllendi fram af honum. Þjóðleið lá snemma um sýsluna endilanga og þrátt fyrir ýmsar torfærur á þeirri leið, sérstaklega jökulárnar, var alla tíð nokkur umferð gesta gegnum héraðið.

Sýslan var og er landbúnaðarhérað og þótt jarðirnar séu flestar smáar voru heimilin oftast sjálfum sér næg um helstu nauðsynjar. Sjósókn var stunduð frá brimsöndum og með byggðinni sem tók að myndast á Höfn árið 1897 varð smám saman til öflugur útgerðar- og fiskvinnslubær. Á undanförunum áratugum hefur ferðaþjónusta vaxið hratt í sýslunni og er nú orðin ein af undirstöðuatvinnugreinum héraðsins.

Um það leyti sem farið var að ræða stofnun byggðasafns í Austur-Skaftafellssýslu voru sveitarfélögin í sýslunni sex talsins í sýslunni. Hofshreppur náði frá Skeiðarársandi að Breiðamerkursandi og er sveitin nefnd Örafi í daglegu tali. Borgarhafnarhreppur var stjórnarsýsluheiði Suðursveitar, sem nær frá Breiðamerkursandi austur fyrir Kolgrímu. Þar tók Mýrahreppur við en sveitin er nefnd Mýrar. Við Hornafjarðarfliót voru svo mörk Mýrahrepps og



Mynd 55

Nesjahrepps en sveitin austan Fljóta er kölluð Nes eða Nesjar. Í landi Hafnarness í Nesjum byggðist þéttbýlið á Höfn sem varð sérstakt sveitarfélag árið 1946 og nefndist Hafnarhreppur. Austan Almannaskarðs er loks Lón eða fyrrum Bæjarhreppur.

Samgöngur voru erfiðar um héraðið eins og áður sagði. Þrátt fyrir það var unnið sameiginlega að ýmsum framfara- og félagsmálum svo sem stofnun kaupfélags, búnaðarfélaga og kvenfélaga. Þá voru haldin svokölluð menningarfélagsmót, bændafundir og fleiri sameiginlegar samkomur allra sýslubúa. Innan sameiginlegrar sýslunefndar Skaftafellssýslunnanna beggja, og síðar innan sérstakrar sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu, voru sameiginleg framfara- og nauðsynjamál héraðsins svo tekin upp, ýmist fyrir atbeina einstakra sveitarstjórna, félagasamtaka eða að frumkvæði sýslunefndarfulltrúanna sjálfra, sem komu úr öllum byggðarlögum sýslunnar.

Það var einmitt bændafundur í sýslunni árið 1956 sem beindi því til sýslunefndar að kanna hvort rétt væri að stofna héraðsskjalasafn. Sýslunefndin brást vel við og kaus tvo úr sínum röðum til þess að vinna að verkefninu og hóf Gísli Björnsson, síðar héraðsskjalavörður, söfnun skjala. Safninu var komið fyrir í hinu nýbyggða félagsheimili Sindrabæ á Höfn árið 1963 og ári síðar var héraðsskjalasafnið stofnað formlega.

Í framhaldi af þessu ræddi Einar Oddsson sýslumaður hvort ekki væri að sama skapi tilefni til að stofna byggðasafn í sýslunni og bjarga með því gömlum munum frá því að týnast. Þetta var samþykkt en þó heyrðust þær raddir innan sýslunefndar að hún væri jafnvel að færast of mikið í fang með þessu. Kosin var fimm manna nefnd til að vinna að stofnun safnsins og safna gömlum munum. Þeir sem völdust í nefndina voru allt bændur; Helgi Guðmundsson í Hoffelli í Nesjum, Hjalti Jónsson í Hólum í Nesjum, Þorsteinn Guðmundsson á Reynivöllum í Suðursveit, Benedikt Þórðarson á Kálfafelli í Suðursveit og Sigurður Björnsson á Kvískerjum í Örafum. Síðar bættust í undirbúningshópinn Elías Jónsson lögreglumaður á Höfn og Sigurlaug Árnadóttur hjúkrunkona og rithöfundur í Hraunkoti í Lóni.

Árið eftir, 1965, styrkti sýslunefndin byggðasafnsnefndina um 5.000 kr. til söfnunar muna og hét því ári seinna, 1966, að styrkja nefndina áfram, ekki síst ef til þess kæmi að hún festi sér húsnæði undir væntanlegt safn. Í skýrslu nefndarinnar til sýslunefndar árið 1969 kom fram að söfnun muna gengi vel en í húsnæðismálum hafi ekki náðst sá árangur sem vænst var. Í bréfi formanns byggðasafnsnefndarinnar, Elíasar Jónssonar lögregluþjóns, til sýslunefndar árið 1971 kom aftur fram að mikill árangur hafði orðið við söfnun muna, enda hafði nefndin þá fengið Þórð Tómasson í

Skógum til liðs við sig við verkefnið. Sýslunefndin hét enn stuðningi sínum og nú styttist í mikilvægan áfanga í undirbúningi að stofnun safnsins.

Um þetta leyti var umræða um nauðsynlegar skipulagsbreytingar í elsta hluta Hafnar orðin hávær. Bæði vegna þess að eigandi helstu lóða á svæðinu, Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, taldi sig þurfa meira athafnarymi en einnig vegna vaxandi vandræða í umferðarmálum innan um gömlu húsin við Hafnarvík, sem stóðu þétt saman. Gamlabúð, elsta verslunarhúsið, þurfti því að víkja. Kaupfélagið kom þeim skilaboðum til byggðasafnsnefndar að nefndin mætti eiga húsið, að því tilskyldu að það yrði flutt brott. Gamlabúð var upphaflega reist á Papós í Lóni, fyrsta verslunarstað Austur-Skaftfellinga. Það, ásamt öðrum húsum, var tekið niður árið 1897 og flutt til Hafnar í Hornafurði þar sem það var endurbyggt við Hafnarvík. Markaði þetta upphaf byggðar á Höfn.

Á sýslunefndarfundum árið 1973 var rætt um fyrirhugaða gjöf Kaupfélags Austur-Skaftfellinga og áréttað að flytja yrði húsið af skipulagsstæðum. Hafði hreppsnefnd Hafnarhrepps úthlutað lóð fyrir húsið innarlega í þorpinu og gefið vilyrði fyrir stækkun lóðarinnar ef á þyrfti að halda. Farið var fram á það við Kaupfélagið að flytja húsið en því var hafnað. Nú höfðu verið skráðir á annað þúsund safngripa auk þeirra sem hafði verið lokað. Afráðið var að þiggja gjöfina og undirbúa flutning hússins. Uppdrættir og skipulagning að safnasvæði og endurgerð Gömlubúðar lágu fyrir strax þjóðhátíðarárið 1974. Þetta ár stóð byggðasafnsnefndin fyrir sýningu í Heppuskóla á Höfn á hluta af þeim munum sem safnast höfðu fram til þessa.

Árið eftir var kosin byggingarnefnd byggðasafns, til þess að annast flutning á Gömlubúð og endurbyggingu hennar sem safnhúss. Í nefndina völdust Elías Jónsson lögregluþjónn, Gísli Arason heilbrigðisfulltrúi og Friðjón Guðröðarson, lögreglustjóri sem nú var kominn til starfa í nýstofnuðu lögregluþjóraembætti, undanfara sérstaks sýslumannsembættis fyrir Austur-Skaftfellssýslu. Friðjón átti eftir að leiða uppbyggingu og starfsemi byggðasafnsins næstu árin. Sýslunefnd veitti eina milljón kr. til flutnings Gömlubúðar árið 1975 og tvær árið 1976.

Framkvæmdir við undirstöður hússins hófust vorið 1976 en gengu illa vegna vanefnda verkta. Húsið var svo loks flutt árið 1977. Það var sagað í tvennt á gamla steinhlaðna grunni sínum við Hafnarvík, híft á tvo flutningavagna sem fluttu húspartana inn í land, eins og heimamönnum er tamt að segja. Þar sameinuðust partarnir tveir á nýjum grunni, nærri Sílavík.

Nú tóku við kostnaðarsamar og tímafrekar viðgerðir sem sýslunefnd fjármagnaði að mestu en einnig með þátttöku húsafríðunarsjóðs og fleiri aðila. Hönnuður endurbótanna var Stefán Örn

Stefánsson arkitekt. Hann var einnig hönnuður þeirrar grunnsýningar um skaftfellskt bændasamfélag sem sett var upp í safninu í upphafi og stóð uppi næstu áratugina, lítið breytt.

Sérstakt fundarherbergi með sýningarskápum var innréttað á efri hæð hússins og hélt sýslunefndin sinn fyrsta fund þar 8. júní 1979. Endurbyggingu Gömlubúðar lauk árið 1980 og nam kostnaður við verkið rúmum 53 milljónum króna. Sýslan lagði til bróðurpartinn eða 48,7 millj. kr., Húsafríðunarsjóður 3,0 millj. kr. og Þjóðhátíðarsjóður 1,5 millj. kr. Byggðasafn Austur-Skaftfellinga var svo opnað í Gömlubúð við hátíðlega athöfn 6. júní 1980, daginn eftir sýslunefndarfund.

Fundir sýslunefndar voru virðulegar samkomur undir stjórn Friðjóns Guðröðarsonar sýslumanns. Fólk henti gaman að þessu gamla stjórnvaldi eins og kemur fram í brag eftir Aðalheiði Geirsdóttur.

### Blessuð sýslunefndin

Nú anda hlýir vindar um fjöð og fjallsins kinn  
Og ferðapráin grípur margan hal.  
Ýmsir eru á vegamótum óráðnir um sinn,  
en aðrir vita strax hvert halda skal.

Og jafnvel kaldur steinninn ei stendur lengur kyr,  
er strengir vorsins gefa nýjan tón.  
Tyrkja-Gudda sigldi til Eyja óskabyr,  
og Úlfhljótur er kominn heim í Lón.

Er fannir hverfa af tindum og fjöllin verða blá  
þá fer um Hafnargötur sveitin príúð.  
Þar er Friðjón kominn með sína sveina á stjá,  
og sýslufundur hefst í Gömlu-Búð.

En allt er lánið hverfult, nú vilja vísir menn,  
að veðjað sé á alveg nýjan hest.  
Að sýslunefndin lendi á byggðasafnið senn  
er sýnilega talið hæfa best.

Hér er ei stund né staður að hefja harmakíf,  
og hæfir ei að fella sorgartár.  
Ég hygg að blessuð sýslunefndin hafi níu líf,  
og haldi líka veislu næsta ár.

Safnið þurfti ekki mikið rekstrarfé fyrstu árin eða um 100.000 kr. Fljótlega fór svo ríkið að leggja til sem nam einum þriðja af rekstrarkostnaði, eins og þá tíðkaðist um viðurkennd byggðasöfn. Gísli Arason heilbrigðisfulltrúi var ráðinn í hálf starf safnvarðar í aðdraganda opunar og vann meðal annars við að setja upp sýningu á munum safnsins. Snemma var ljóst að Gamlabúð hýsti aðeins hluta af munasafni byggðasafnsins svo að fljótlega fóru að skapast vandræði með geymslu á munum, en engin geymsla var í eigu safnsins. Geymsluskáli var teiknaður við safnið

strax 1987 en aldrei varð af byggingu hans.

Um flutning hússins skapaðist mikil umræða og sýndist sitt hverjum um að eyða tíma og fjármunum í að flytja og gera upp svo gamalt og illa útlítandi hús. Þetta var og er lítið samfélag og áhugamenn reyndu að forðast að koma af stað miklum væringum. Hins vegar var alveg ljóst að yrði húsið ekki flutt myndi það vera rífið. Það var nánast enginn skilningur á því að friða húsið.

### Mótun, sameining og fjölbreytt verkefni

Sveitarfélögin í Austur-Skaftafellssýslu ákváðu árið 1990 að sameina rekstur byggðasafns, héraðsskjalasafns og héraðsbókasafns og reka af sýslunefnd undir heitinu Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu. Auk fyrrgreindra safna voru ljósmyndasafn á héraðsskjalasafninu og vísar að náttúrugripasafni og listasafni á byggðasafninu. Með þessari ráðstöfun var rekstur allra safna í sýslunni kominn undir eina stjórn, ef frá eru talin lítil hreppsboðasöfn eða lestrarfélög sem voru í öllum sveitum. Gísli Sverrir Árnason, sem verið hafði héraðsskjalavörður frá árinu 1986, var ráðinn forstöðumaður nýju stofnunarinnar og fljótlega voru héraðsskjalasafn og héraðsbókasafn flutt í sameiginlegt húsnæði að Hafnarbraut 36. Byggðasafnið var áfram til húsa í Gömlubúð en hafði nú í fyrsta sinn formlega skrifstofu- og starfsmannaáðstöðu.

Auk Gísla Sverris starfaði Guðný Svavarsdóttir bókaforður við Sýslusafnið frá upphafi. Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur ræðist að héraðsskjalasafninu í ársbyrjun 1991 og þá um vorið hóf Þorsteinn L. Þorsteinson, fyrverandi hitaveitustjóri, störf við byggðasafnið og fyllti með því skarð Gísla Arasonar sem lét af störfum við safnið ári áður. Björn G. Arnarson tók svo við starfi safnvarðar byggðasafnsins árið 1996.

Gísli Sverrir Árnason lét af störfum forstöðumanns í árslok 1995 og við starfinu tók Eiríkur P. Jörundsson sagnfræðingur. Gísli Sverrir við stöðu forstöðumanns á ný árið 1998 og starfaði til ársloka 2004 þegar Hjalti Þór Vignisson tók við starfinu. Björg Erlingsdóttir tók við starfinu árið 2007 og Vala Garðarsdóttir hefur verið forstöðumaður frá miðju ári 2013, en um það leyti var heiti stofnunarinnar breytt úr Menningarmálanefnd Hornafjarðar í Hornafjarðarsöfn.

Fyrstu stjórn Sýslusafns Austur-Skaftafellssýslu skipuðu Zophonías Torfason formaður, Ingunn Jónsdóttir varaformaður, Auður Jónasdóttir, Gísli Arason og Heimir Þór Gíslason. Fyrst um sinn var einnig starfandi sérstök byggðasafnsnefnd og var hún undirnefnd stjórnar Sýslusafnsins. Nefndina skipuðu Gísli Arason formaður, Kristín Gísladóttir og Björn G. Arnarson. Árið 1994 var heiti stjórnarinnar breytt í menningarmálanefnd Austur-Skaftafellssýslu og næstu fjögur árin skipuðu hana Zophonías Torfason formaður, Magnhildur Gísladóttir varaformaður,

Björn Kristjánsson, Guðlaug Hestnes, Gunnþóra Gunnarsdóttir, Haukur Sveinbjörnsson og Hildigerður Skaftadóttir. Hélt nefndin fundi sína víða um héraðið. Nefndin tók upp þá nýbreytni að veita einstaklingi, félagi eða stofnun svokölluð Menningarverðlaun sýslunnar. Handhafi verðlaunanna fyrsta árið var Leikfélag Hornafjarðar.

Menningarmálanefnd markaði byggðasafninu svohljóðandi söfnunarstefnu árið 1995:

„Unnið verði áfram að því að safna og sýna þverskurð af heimilishaldi, félagslífi og atvinnuháttum á síðari hluta 19. aldar og á 20. öld. Þar verði þáttum eins og jarðvinnslu, búfjárhaldi, heyskap og heimilisiðnaði gerð skil. Auk þess áhöldum iðnaðarmanna (skósmiðs, trésmiðs, úrsmiðs, söðlasmíðs, járnsmiðs), heimilishaldi, leikjum barna o.s.frv.

Lögð verði áhersla á skafftellskt efni og þá þætti sem einkennt hafa þetta byggðarlag eða gert aðstæður þess frábrugðnar aðstæðum annarra byggðarlaga.

Sérstök áhersla verði lögð á minjar tengdar sjósókn og útgerð með það fyrir augum að unnt verði að opna sjóminjadeild safnsins árið 1997 í tengslum við 100 ára afmæli byggðar á Höfn.

Unnið verði að varðveislu tækja og tækniminna í samstarfi við áhugasamtök og einstaklinga í héraðinu.“ ((Árskýrsla Sýslusafns Austur-Skaftafellssýslu, 1995))

Strax á fyrsta heila starfsári Sýslusafnsins jókst aðsókn að byggðasafninu. Á þessum árum voru gerðar ýmsar tilraunir með opnunartíma safnsins í Gömlubúð á sumrin og reynt að hafa opið á morgnana, eftir hádegi, síðdegis eða á kvöldin. Allt í því skyni að laða fleiri ferðamenn að safninu. Fljótlega eftir opnun þess hófst rekstur tjaldstæðis í næsta nágrenni þess og hefur nýting þess vaxið jafnt og þétt samhliða markvissri uppbyggingu. Samstarf við rekstraraðila tjaldstæðisins um að fjölga heimsóknum í Gömlubúð skiladi nokkrum árangri á tímabili. Á svipuðum tíma var ferðafólki boðið að kaupa sér svokallað gestakort sem gaf aðgang að Gömlubúð, Pakkhúsi, jöklasýningu og sundlaug með talsverðum afslætti.

Með stofnun Sýslusafnsins, menntuðu starfsfólki og meiri slagkrafti í starfsemi var nú raunhæft að koma starfsemi byggðasafnsins á nýtt stig, meðal annars að auka fræðsluutverk þess. Í ársskýrslu safnsins fyrir árið 1991 segir:

„Sérstök skólavika var á byggðasafninu vorið 1991. Safnið bauð til sín nemendum allra skóla í sýslunni, frá leikskóla til framhaldsskóla, og kynnti þeim starfsemi safnsins. Fyrir yngstu gestina hafði verið sett upp sýning á gömlum





Mynd 56-57



Mynd 58

barnaleikföngum en þeir eldri fengu að spreyta sig á verkefnum sem starfsfólk safnsins hafði unnið í samráði við kennara. Almenn ánægja hlaut af þessari kynningu og má ætla að framhald verði á heimsóknnum nemenda á hverju ári hér eftir. Lætur nærri að 400 nemendur úr 6 skólum hafi heimsótt safnið þessa viku. Ráðgert er að bjóða kennurum í sýslunni upp á námskeið á næsta ári þar sem kennd verður notkun safnsins“ (Ársskýrsla Sýslusafns Austur–Skaftafellssýslu, 1991).

Safnmunir hafa í gegnum tíðina borist frá einstaklingum og fyrirtækjum í héraðinu eða tengdum því. Þá hafa starfsmenn safnsins alla tíð farið í sérstakar heimsóknir eða söfnunarferðir ef til boða hafa verið einstaka munir eða munasöfn.

Árið 1990 gaf Kaupfélag Austur–Skaftfellinga byggðasafninu Pakkhúsið við höfnina, en það var byggt upp úr 1930 og þjónaði lengi sem verslunar- og pakkhús eins og nafnið gefur til kynna. Viðgerð á húsinu hófst árið 1991 og miðaði fyrsta kastid að því að húsið yrði nýtt sem geymsla fyrir byggðasafnið. Þó kom

strax í ljós að húsið var kjörið fyrir sýningar og ýmsa menningarviðburði. Strax á árinu 1992 voru haldnar þar sýningar og skemmtanir.

Safnið beitti sér fyrir umræðu um endurbætur fleiri húsa á hafnarsvæðinu, ekki síst Miklagarðs. Ein verbúðanna í húsinu var gerð upp að frumkvæði sjómannadagsráðs og áhugasamra einstaklinga og hefur byggðasafnið haft umsjón með henni og sýningu hennar síðan. Þá hafði safnið og stjórn þess frumkvæði að umræðu um að flytja Gömlubúð á sinn gamla stað við höfnina.

Sýslusafnið tók við umsjón ýmissa gamalla húsa og mannvirkja, svo sem gamla vatnstanksins á Fiskhól, Fundarhúss Lónmanna og pakkhúss á Fagurhólmsmýri. Bíla- og búvélasafn byggðasafnsins óx hratt á árunum milli 1990 og 2000 og náðist t.d. að bjarga mörgum af fyrstu dráttarvélum í hverri sveit. Þá tók safnið að sér varðveislu á vélbátum Akurey SF 52 árið 2004, svo nokkuð sé nefnt af stærri varðveisluverkefnum þess. Árið 2001 var opnuð krambúð í Gömlubúð en í henni voru minjagripir og ýmis konar varningur til sölu. Frá árinu 2003 hefur aðgangur að Gömlubúð verið ókeypis.

Menningarmálanefnd Hornafjarðar var kjörin fyrst 1998 af bæjarstjórn Hornafjarðar, eftir sameiningu allra sveitarfélaganna, og var hún jafnframt stjórn Sýslusafns Austur-Skaftfellssýslu, sem nefndist Menningarmiðstöð Hornafjarðar frá árinu 2001. Inga Jónsdóttir var formaður nefndarinnar fyrstu fjögur árin (1998–2002) en Hermann Hansson næstu fjögur ár þar á eftir (2002–2006). Að tillögu nefndarinnar afgreiddi bæjarstjórn stefnu sveitarfélagsins í menningar- og safnamálum 1. mars 2001. Helstu atriði stefnunnar voru að:

- Hlúa að því öfluga og fjölbreytta menningarstarfi sem til staðar er í sveitarfélaginu og viðurkenna menningarmál sem eitt af meginverkefnum sveitarfélagsins.
- Efla vitund fólks um sérkenni og menningararf héraðsins og halda þeim sérkennum við með fræðslu, kynningu og beinum aðgerðum.
- Skapa forsendur fyrir nýsköpun í menningarstarfsemi og tengslum menningar og ferðaþjónustu.
- Efla Sýslusafn Austur-Skaftfellssýslu sem alhliða menningarstofnun með skýrari markmiðum og undir nýju heiti; Menningarmiðstöð Hornafjarðar.
- Stuðla að varðveislu og rannsóknnum á menningarmínjum byggðarlagsins.
- Vinna að því að Pakkhúsið og Mikligarður verði miðstöð lista, handverks og þjónustu í framtíðaruppbyggingu gamla hafnarsvæðisins sem safna- og ferðaþjónustusvæði. Í því skyni verði tekin ákvörðun um flutning Gömlubúðar á sinn stað.
- Stuðla að stofnun jöklaseturs á Hornafirði á grundvelli reynslu af jöklasýningu.

Síðar var heiti menningarmálanefndar breytt í menningar- og tólmstundanefnd, atvinnu- og menningarmálanefnd og loks aftur menningarmálanefnd Hornafjarðar

### Geymslumál og starfsemi

Byggðasafnið fékk langþráð geymsluhúsnæði árið 2001 þegar það fékk til afnota hluta af kartöfluhúsi Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Um var að ræða 200 m<sup>2</sup> húsnæði sem leysti af hólmi margar smáar og óhentugar geymslur sem safnið hafði komið sér upp. Þessi aðstaða reyndist hins vegar of kostnaðarsöm fyrir rekstur safnsins og var henni sagt upp tveimur

árum síðar. Árið 2009 fékk safnið eða móðurstofnun þess, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, loks varanlegt geymslu- og varðveisluhúsnæði að Álaleiru 1. Þar eru varðveittir munir byggðasafnsins, listaverk og ýmis önnur menningarleg verðmæti safnanna í sveitarfélaginu.

Byggðasafnið hefur staðið að fjölbreyttum sýningum gegnum tíðina og hýst aðkomnar sýningar, aðallega í Pakkhúsinu. Frá árinu 1995 hefur verið sett upp jólasýning í Gömlubúð og hafa jólasveinar einnig kíkt í heimsókn. Sem hluti af Sýslusafni og síðar Menningarmiðstöð Hornafjarðar stóð safnið einnig að fjölbreyttum viðburðum, svo sem fyrirlesturum, tónleikum, námskeiðum, rithöfundakynningum, dagskrá á Humarhátíð, páskum, sjómannadegi, safnadegi og við fleiri tækifæri. Fornbílur og dráttarvélur safnsins hafa unnið sér sess sem stásgripir eru notaðir við ýmis hátíðleg tækifæri í bænum. Í ársskýrslum Sýslusafnsins, síðar Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar, gefur að líta yfirlit um afar fjölbreytta menningarstarfsemi. Þá var safnið aðili að margvíslegri útgáfu, s.s. á héraðssöguritinu Skaftfellingi. Jöklasýning var sett upp á Höfn sem liður í verkefninu Reykjavík-menningarborg Evrópu árið 2000. Var sýningin fyrstu tvö sumrin í Sindrabæ en vorið 2002 var henni fenginn staður í fyrrum verslunarhúsi Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, Vöruhúsinu. Ágæt aðsókn var að sýningunni, t.d. komu 4.432 gestir árið 2004. Jöklasetur var stofnað um starfsemina um svipað leyti en nokkrum árum síðar var jöklasýningunni lokað. Þá tók Menningarmiðstöð Hornafjarðar þátt í undirbúningi að stofnun Þórbergsseturs á Hala í Suðursveit og var einn af stofnaðilum þess árið 2003. Miðstöðin tók einnig þátt í stofnun Fuglaathugunarstöðvar á Höfn árið 2004. Árið 2001 var unnin fyrsta skýrslan um stefnumörkun fyrir gamla hafnarsvæðið og endurreisn þess. Hét hún Hafnarvík-Heppa, mannlíf og minjar á Höfn í Hornafirði. Á næstu árum var unnið áfram að þessum málum og er nú svo komið að mörg lykilhúsanna hafa verið gerð upp eða unnið er að undirbúningi viðgerða. Fjölbreytt veitinga- og menningarstarfsemi er í flestum húsanna. Byggðasafnið hefur beitt sér fyrir fornleifaskráningu í sveitarfélaginu og var aðili að fornleifarannsóknnum Bjarna F. Einarssonar, m.a. að Hólmi í Nesjum þar sem fannst kuml og skáli, líklega frá landnámsöld. Börn úr Vinnuskóla Hornafjarðar fengu tækifæri til þátttöku í fornleifarannsóknnum að Hólmi. Menningarmiðstöð Hornafjarðar hefur tekið þátt í ýmsum öðrum rannsóknarverkefnum, stórum sem smáum.

Frá árinu 2001 hefur verið boðið upp á námskeið og afþreyingu fyrir börn og ungmenni á hverju sumri. Meðal þess sem hefur verið í boði er: fuglaskoðun, gengið á reka (fjóruferrð), skjalgatrúsk, sögurölt á Höfn, farið í ál (lúruveiði), myndlistarnámskeið, fornleifaskráning, eyðibýlaskoðun og ratleikur á slóðum

Þórbergs Þórðarsonar rithöfundar, svo eitthvað sé nefnt. Aðsókn að þessari fjölbreyttu afþreyingu og fræðslu fyrir börn hefur verið mjög góð.

Gestaföldi hefur aldrei verið mjög mikill í Gömlubúð þrátt fyrir ýmsar aðgerðir til þess að laða að fleiri gesti. Þá hafa sveiflur verið nokkrar í gegnum tíðina en frá árinu 1988 til 1999 hafa aðsóknartölur verið á bilinu 1.800 til 4.200 gestir og hafa Íslendingar verið í miklum meirihluta gesta í Gömlubúð, oft 70–80% gestanna.

Aðsókn að Pakkhúsi varð mikil strax og það var opnað sem allhliða menningarmiðstöð. Íðulega komu um 5.000 gestir á ári á sýningar og ýmsa viðburði.

### Flutningur Gömlubúðar og nýtt hlutverk hennar

Gamlabúð var flutt á ný árið 2012 og sett niður því sem næst á sinn gamla stað við Hafnarvík. Hún fékk nú nýtt hlutverk sem gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs en safnmunur var pakkað niður til geymslu um sinn. Saga hússins er áhugaverð, ekki síst vegna flutninga þess á 150 ára „ævi“ hússins. Guðbjartur Össurarson, einn af hagyrðingum Hornafjarðar, setti saman eftirfarandi brag um það leyti sem þær raddir fóru að heyrast að flytja ætti húsið aftur niður að höfn:

#### Gamla búðin

Ég er gömul, gisin og lúin  
í gegnum tíðina er ég þó búin  
að vera ykkur svo trygg og trú,  
íbúum héraðsins, öldum saman,  
ekki var þetta stöðugt gaman.  
Í hrossabithaga húki ég nú.

Sigldi ég hingað á hafsins miðum  
heilmikill stafli af norskum viðum,  
á Papósi var ég svo saman sett.  
Af nostersemi var negld hver spýta,  
núna gafst bændunum á að líta  
og fargi þungu af faktor létt.

Íslendingar svo aumir og smáir  
orðnir af stritinu bognir og gráir,  
tíndust í dyrnar einn og einn.  
Hneigðu sig djúpt með húfütetur  
í höndunum, þetta gafst oft betur,  
og enginn maður í baki beinn.

En ýmsum þeirra var aftur snúið,  
innleggið smátt og lánstraust búíð,  
– gusturinn kaldur úr Kastárdal.  
En gildum bændum með gull í vösum  
var gefið í staupið úr kristalglösum,  
því gróðinn er það sem gilda skal.

Ilmurinn góði mig gladdi löngum,  
af gráfíkjum, timbri og klæðisströngum,

olíu, kertum, kolum og ull.  
Kætti mig angan af koniaki  
og keimur frá vindlum að hurðarbaki,  
af horfnni sælu er sálin full.

Á Papósi taldi víst tæpt að sitja  
og Tuliníus, hann vildi flytja,  
en illa brá mér er birtust menn,  
sem réðust að mér aftan og framan  
og efniviðinn þeir bundu saman.  
Sagarförin þið sjáið enn.  
Ennþá mátti ég út á hafði,  
allt var á Papós rífið og grafið,  
nú er víst allt í eyði þar.  
Um Ósinn þröngan í flekum flaut ég,  
ferðin var ósköp köld og blautleg  
og eyðileg Hafnarvíkin var.

Þarna var síðan grunnur grafinn,  
grjótinu hlaðið og bygging hafin,  
tókst hún með ágætum, að ég tel.  
Kaupmaður settist við sama fagið  
síðan var stofnað kaupfélagið  
og þeim hef ég báðum þjónað vel.

En tæknin þróast og tímar breytast,  
tók ég bæði að eldast og preytast  
og nýjar byggingar birtust senn.  
Í faktorsherberginn fleygt var drasli  
og framtíðin virtist í mesta basli,  
Gömlu búðinni gleymdu menn.

Á endanum vildu mig ýmsir rífa  
en Elli og Friðjón mér vildu hlífa  
og flytja mig aftur á annan stað.  
Ég var víst fyrir framtíðinni  
þó fögur ég þætti einu sinni,  
en nútíminn spyr því ekki að.

Ég var nú aftur söguð sundur  
og sett upp á „trailer“, þvilíkt undur  
og haldið í burt úr Hafnarvík.  
Og bráðum varð ég að byggðasafni  
og bogna tæplega undir nafni,  
því engin finnur þú önnur slík.

Ég yfirfylltist af allskyns skrani  
eins og minjasafna er vani,  
hvað það er mikið veit ég vart.  
Hér eru kutar og keröld inni  
sem keypt var á Papós einu sinni,  
já, þarna aftur ég þekkti margt.

Stundum er fullt af ferðamönnum,  
frönsku og þýsku liði í hrönnum  
og allskonar skrytnum öðrum lýð.

Í hjartanu gjarnan ég hefði notið að heyra nú talað dönskuskotið eins og á Papós, eina tíð.

Þá blómstraði ástin á ýmsum sviðum og ennþá hrikur í gömlum viðum, en þetta var gert svo „ganske pent“. Og um það góði minn ekkert hirði hvort afkomendur á Hornafirði eigi sér danskur assistent.

Já, núna byrjar víst sama saga sagt er að mig eigi burt að draga, og síðan við Pakkhúsið setja mig. Eitthvað pláss þarf nú undir gripinn og olnbogarámið þröngt í svipinn, svo hafnarvigtin má vara sig.

Ef traktoragarmarnir, tíu saman toga samtaka í mig að framan þá leggur á djúpið lúid skar. Ég löngum hef verið á faraldsfæti og ferðast til Reykjavíkur gæti, – er ekki flest sem endar þar?

### Staða safnamála í Hornafirði og framtíðarsýn

Haustið 2013 var sett og samþykkt framtíðarstefna í safnamálum innan Hornafjarðarsafna, þær safnaeiningar sem eru innan Hornafjarðarsafna eru; byggðasafn, bókasafn, héraðsskjalasafn, náttúrugripasafn/jöklasafn og listasafn Svavars Guðnasonar.

Markmið safnsins er að safna, skrá, varðveita og rannsaka muni og minjar sem hafa sögulegt gildi fyrir íbúa Hornafjarðar og miðla upplýsingum um þau til alls almennings. Áhersla er lögð á að safna heildum sem geyma og sýna heimildir um náttúru, mannlíf, heimilishald, landnýtingu og horfna starfshætti í samhengi. Í þessu ríka sjávarútvegs- og landbúnaðarhéraði er eðlilegt að leggja áherslu á ákveðnar hliðar þess og hefur megináhersla verið lögð á þróun vélvæðingar til sjós og lands og það sem kalla má einkenna tæknivæðingu sjávar- og landbúnaðarins á starfssvæðinu, samgöngur og búferlaflutninga, daglegt líf, svo sem matargerð í torfbæjum og hreinlæti, hífýli, torfvinnu og –hleðslu og félags- og menningarsögu. Forsenda öflugrar minjaverndar er upplýsingaöflun, skráning heimilda, rannsóknir, miðlun upplýsinga og fræðsla. Uppbygging og þróun á Jökulheimum er í bígerð ásamt náttúrugripasafninu og mun verða lögð enn ríkari áhersla á sögu og samspil manns og náttúru í Hornafirði samhliða þeirri þróun.

Safnið tekur á móti munum sem því eru gefnir og auglýsir eftir vissum efnisflokkum eða gripum þegar sérstök ástæða þykir til. Byggðasafnið safnar einnig munum markvisst eftir öðrum leiðum og

kaupir í undantekningartilfellum að fengnu samþykki menningarmálanefndar. Safnið safnar einnig munnlegum heimildum og stuðlar að varðveislu þeirra og miðlun.

Unnið er markvisst að því að aðstoða fólk í heimabyggð sem vill vista sýningar frá safninu þar sem hægt er að koma því við. Með því að dreifa sýningum þannig til annarra aðila getur safnið eftt samgang bæjar og sveitar mun meira. Það gefur öðrum færi á að nýta aðdráttarafi sýninga af þessu tagi og tengja fortíð og nútíð til fræðslu og skemmtunar fyrir gesti í Hornafirði sem og heimamenn. Safnmunir frá byggðasafninu eru nú að mestu leyti í geymslu og fyrirbyggjandi forvörslu en eitthvað er að láni í Gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs. Hæglega væri hægt að setja upp sérhæfðar sýningar í héraði ef aðstæða væri til staðar. Framtíðaráform safnsins eru að miðla sögunni í formi sýninga, safnfræðslu og útgáfu rita, kennsluefnis, rannsóknarskýrslna, ljósmynda og myndbanda.

Fornleifaskráning og rannsóknir eru í farvatninu hjá Hornafjarðarsöfnum og er markmið safnsins að skrá sem flestar jarðir sýslunnar innan 8 ára. Stefnt er að því að hefja viðamiklar rannsóknir á þróun byggðar í Hornafirði frá upphafi til nútíma á vormánuðum 2015, en eðli málsins samkvæmt munu þessar rannsóknir vera hluti af safnastarfinu almennt þar sem slíkar rannsóknir eru hugsaðar til langs tíma.

Hvað varðar framtíðarhúsnæði fyrir Hornafjarðarsöfn þá er markmiðið að endurgera Miklagarð, gamla verbúð sem stendur við höfnina. Í menningar- og atvinnusögulegu samhengi hefur Mikligarður þjónað veigamiklu hlutverki í þróun byggðar og mótun samfélagsins á Höfn, ef ekki öllu héraðinu. Mikligarður var hálfgerð félagsmiðstöð og skammtímaheimili margra aðfluttra en einnig kirkja, íþróttahúsa, tónlistarskóli, dansstaður, aðsetur stúkustarfs og síðast ekki síst gegndi húsið því hlutverki sem því var ætlað í upphafi sem verbúð og söltunar- og beitingaraðstæða austfirskra útgerða sem stunduðu vetrarútgerð frá Hornafirði. Varla er hægt að minnst samfélagið á Höfn án þess að Mikligarður komi þar við sögu. Þessi bygging hefur að geyma sögu byggðar og samfélags í mótun sem skila þarf til komandi kynslóða með sóma og því gráupplagt að endurgera í þeim anda sem safna- og menningarhúsi.

Áðurnefnd safnastefna og stofnskrá Hornafjarðarsafna frá 2013 kveður á um þau markmið og vinnulag sem sett hafa verið innan safnsins til næstu 10 ára. Innan þessarar stefnu er lögð rík áhersla á að Mikligarður verði höfuðsafn Hornafjarðarsafna til framtíðar.

### Lokaorð

Það er ekki hægt að saka Hornfirðinga um framtaksleysi, svo mikið er víst, þótt margir vilji meina að þeir séu rólegir í tíðinni. Þegar keyrt er um sveitir

sýslunnar gefur auga leið að mikil uppbygging hefur átt sér stað á undanförunum árum, og má eflaust segja að bróðurparturinn af þeirri uppbyggingu sé gerður í hjáverkum frá hinum hefðbundnu bústörfum. Almenn ferðabjónusta og afþreying ásamt menningartengdri ferðabjónustu er og verður veigamikil atvinnugrein hér í héraðinu. Ef björtustu spár rætast mun ferðamannaíðnaðurinn vaxa um að minnsta kosti 30% fram til ársins 2016. Þessar tölur kalla á framkvæmdir. Að því gefnu er mjög mikilvægt að Hornafjarðarsöfn geti verið þeim sem vilja byggja upp söfn og sýningar á sínu bæjarstæði innan handar, og styðji þá uppbyggingu með ráðum og dáðum. Sérfræðiþekking innan Hornafjarðarsafna er til staðar og mun án efa geta þjónustað þá aðila sem vilja byggja slíkt upp. Mýmörg dæmi eru í öðrum sveitum um slíkt samstarf og er það farsælt. Ef vel verður staðið að safna- og menningarmálum á Hornafirði og unnið sameiginlega að skýrum markmiðum er framtíðin björt.

#### Heimildaskrá

Aðalheiður Geirsdóttir: Blessuð sýslunefndin.  
*Skaftfellingur* 5. árg. 1983.

Arnþór Gunnarsson (2000). *Saga Hafnar. Síðara bindi*  
1940–1975. Hornafirði.

Ársskýrslur Sýslusafns Austur–Skaftafellssýslu  
og Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Birtust í  
*Skaftfellingi*.

Einar Bragi (1980): Frá Papósi til Hafnar í Hornafirði.  
*Skaftfellingur* 2. árg. 1980.

Gubjartur Össurason: Gamla búðin. *Skaftfellingur* 16.  
árg. 2003.

Sigurður Björnsson: Sótt fram. Saga sýslunefndar  
Austur–Skaftafellssýslu og þættir úr Örafum. Höfn,  
2007.

Þórður Tómasson: Hjá Austur–Skaftfellingum.  
*Skaftfellingur* 2. árg. 1980.







## Byggðasafnið Hvoll Íris Ólöf Sigurjónsdóttir

Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð státar af fjölbreyttri byggð; blómlegum sveitum í Svarfaðardal og á Árskógsströnd, tveim litlum sjávarþorpum, Litla-Árskógssandi og Hauganesi og síðast en ekki síst Dalvíkurbæ með yfir 1.500 íbúa. Þetta er starfssvæði Byggðasafnsins Hvals á Dalvík sem var formlega opnað 12. desember 1987. Frá fornu fari hefur byggðin verið þétt í Svarfaðardal og á Árskógsströnd. Það helgast meðal annars af því að sjósókn var stunduð frá nánast hverjum bæ og lífsviðurværið úr sjónum gerði bændafólki kleift að búa á litlum jörðum og jarðarpörtum. Við þessar aðstæður þróaðist fjölbreytt menning, andleg og verkleg, sem Byggðasafnið Hvoll vitnar um. Um aldamótin 1900 tekur aldagömul búsetumynd að breytast þegar þorpin fara að byggjast upp við sjávarsíðuna. Þéttbýlið á Dalvík byggðist í landi Böggvisstaða og hét Böggvisstaðasandur fyrstu árin. Hreppamörk hafa breyst í gegnum tíðina. Um tíma náði Vallahreppur mestan part yfir þetta svæði. Árskógsströnd og Hrísey voru um tíma sett saman í einn hrepp. Fyrir miðja síðustu öld klofnaði Dalvíkurhreppur frá Svarfaðardalshreppi. Dalvík fékk kaupstaðaréttindi 1974 (Hjörtur E. Þórarinnsson, 1994) og nú síðast varð til sveitarfélagið Dalvíkurbyggð þegar Svarfaðardalshreppur, Dalvíkurbær og Árskógstrandarhreppur voru aftur sameinuð árið 1998.

Byggðasafnið Hvoll sprettur upp úr frjóum

og fjölbreyttum jarðvegi. Margir íbúar í dalnum en einnig mikil hreyfing á fólki. Svarfdælingurinn Kristján Eldjárn var þjóðminjavörður frá 1948 þar til hann var kosinn forseti Íslands árið 1968. Má vera að sú staðreynd að Svarfdælingur hafi gegnt þessum mikilvægu störfum hafi orðið til þess að auka meðvitund fólks á svæðinu á því að safna og varðveita gripi sem áður voru taldir einskis nýtir. Kristján hafði alla tíð mikil tengsl við sína heimabyggð og var virkur í fornleifauppgreiftri á sínum heimaslóðum, ásamt því að skrifa um margvísleg menningarmál. Um fimm tíu skráðir gripir af svæðinu eru í vörslu Þjóðminjasafns Íslands, þar af merkar altaristöflur og fornleifar úr stærstu kumlateigum sem grafnir hafa verið upp hér á landi; við Ufsir og við Ytra-Garðshorn í Svarfaðardal.

### Hjólín snúast

Í maí 1974 hlaut Dalvíkurbær kaupstaðarréttindi og öðlaðist við það stjórnsýslulegt sjálfstæði. Stofnun sjálfstæðs og ört stækkandi kaupstaðar á Dalvík hafði örvandi áhrif á metnað og menningarvilja Svarfdæla eins og íbúar Svarfaðardals og Dalvíkur eru jafnan nefndir í einu orði. Minjasafnið á Akureyri hafði fram að þessu verið rekið með 30% fjárframlagi frá nærliggjandi hreppum, þar með talið Dalvík. Þegar Dalvík var komin með kaupstaðarréttindi fannst heimamönnum heldur óskemmtilegt að hafa ekki vera sitt eigið safn í þéttbýlinu. Þar var fyrir bókasafn,



Mynd 59

stofnað 1949, og héraðsskjalasafn, stofnað 1980, hvers vegna ekki byggðasafn?

Í Morgunblaðinu 28. október 1984 er birt viðtal við Kristján Ólafsson sem þá hafði um fimmtán ára skeið safnað gömlum gripum, sérstaklega úr Svarfaðardal og Dalvík (Guðbjörg R. Guðmundsdóttir, 1984). Hann hafði safnað um 1.500 gripum sem hann hafði skráð samkvæmt leiðbeiningum Bjarna F. Einarssonar, þáverandi minjasafnstjóra á Akureyri. Kristján hefur alla tíð haft mikinn áhuga á söfnun en tilviljun ein réð því að hann fór að safna gömlum gripum. Sú viðleitni vakti síðan áhuga hans á gamalli menningu samfara áhuga hans á að koma gripunum fyrir á safni í heimabyggð (Kristján Ólafsson, munnleg heimild, 5. október 2014).

Á þessum tíma hafði bæjarráð falið fulltrúum

Dalvíkurbæjar í stjórn Héraðsskjalasafns Dalvíkur, þeim Júlíusi Kristjánssyni og Gylfa Björnssyni, að kanna eign Dalvíkurbæjar á uppstoppuðum safngripum; fuglum og dýrum, svo sem refum, selum og minkum, eftir Steingrím Þorsteinsson frá Vegamótum á Dalvík, sem var menntaður leikmyndahönnuður. Markmiðið með því var að skoða möguleikann á því að stofna náttúrugripasafn á Dalvík í framtíðinni (Héraðsskjalasafn Dalvíkurbyggðar, D-29/2, 1983). Steingrímur hafði um árabil stoppað upp fugla og smærri spendýr og gefið Dalvíkurbæ. Þess ber að geta að um þetta leyti var búið að gefa út Sögu Dalvíkur í fjórum bindum og bókina Svarfdælingar í tveim bindum. Sjá má á því að áhugi og forvitni um menningararfinn var mikill.

Nú fóru hlutir að gerast, enda vakning í



Mynd 60

byggðarlaginu m.a. á því að bjarga uppstoppuðum dýrum sem hugsanlega lágu undir skemmdum. Því miður reyndust þó nokkrir fuglar vera skemmdir þegar þeir fundust í geymslu (Héraðsskjalasafn Dalvíkurbyggðar, D-29/2, 1984). Dalvíkurbæ hafði á þessum tíma áskotnast ýmsir fleiri náttúrugripir, svo sem plöntusöfn Aðalbjargar Jóhannsdóttur og Magnúsar Ingimarssonar og steinasafn Árnýjar Þorleifsdóttur og Frímanss Sigurðssonar. Ættingjar málarans Brimars Sigurjónssonar höfðu gefið Dalvíkurbæ eitt hundrað málverk sem ætluð voru að verða fyrsti vísir að Listasafni á Dalvík (Júlíus Kristjánsson, 1985). Menntu veltu fyrir sér hvernig bæri að standa að stofnun nýs safns, hvað ætti að sýna þar, hverju ætti að safna. Ein hugmynd var að hver og einn listamaður byggðarlagsins gæfi eins og eitt listaverk svo hægt væri að safna upp í góðan safnkost með tíð og tíma. Einnig voru íbúar hvattir til þess með óformlegum hætti að gefa verðmæta og merkilega gripi til hugsanlegs safns.

Af þessu þreifingum má sjá að andinn og metnaðurinn í Dalvíkurbyggð í tengslum við uppbyggingu safnastofnana var mikill. Bæjarstjórn þessa tíma var afar hlynt því að setja á laggirnar náttúrugripasafn og studdi vel við þá hugmynd. Skólastjórnir þrjár á svæðinu, þ.e. í Dalvíkurskóla, Húsabakkaskóla í Svarfaðardal og Árskógarskóla á Árskógsströnd, höfðu mikinn áhuga á að nýta uppstoppuðu fuglana og dýrin í náttúrufræðikennslu.

Sveitarstjórn bað Júlíus Kristjánsson, þáverandi starfsmann Héraðsskjalasafnsins, að fá menn með sér til að finna húsnæði undir náttúrugripina til þess að geta sýnt þá og haft þá aðgengilega fyrir nemendur og aðra þá er kynnu að hafa áhuga á gripunum. Þarna er kominn augljós vilji til þess að stofna vísi að náttúrugripasafni (Náttúrugripasafn Gjörðabók, 1984).

Júlíus og Gylfi, fulltrúar í stjórn Héraðsskjalasafns Dalvíkur, keyrðu um Dalvíkina til að reyna að finna húsnæði fyrir hugsanlegt náttúrugripasafn. Þeim leist best á heimavistina sem þá var í útleigu, en Júlíus Snorrason, sem leigði heimavistina af bænum, var að byggja þar upp ferðamannaþjónustu. Hann var ekki tilbúinn að gefa eftir húsnæðið. Í fundargerðabók Héraðsskjalasafns Dalvíkurbyggðar má sjá að menn veltu fyrir sér eftirfarandi spurningu: „En við undirritaðir sjáum ekki í fljótheitum í hvað ferðamenn ættu að sækja á Dalvík, þegar ekki væri einu sinni náttúrugripasafn til að sýna kærkomnum ferðalang“ (Náttúrugripasafn Gjörðabók, 1. apríl 1984). Á fundi nefndarinnar var lagt til að biða eftir að húsaleigusamningur við Júlíus Snorrasonar rynni út og taka þá 2–4 herbergi frá í heimavistinni ef til framhaldsleigusamnings kæmi við hann. Tímenn þangað til skyldi nota til að hefja söfnun á náttúrugripum og fá Steingrím Þorsteinsson til að útvega og stoppa upp hinar ýmsu tegundir fugla og dýra. Gripum sem voru heilir ætti að koma fyrir í góðri geymslu þangað til að húsnæðismál skýrðust.



Mynd 61

Í bréfi frá bæjarstjórn 13. apríl 1984 samþykkir hún að óska eftir við fulltrúa Dalvíkurbæjar í stjórn Héraðsskjalasafns Dalvíkurbyggðar „að þeir vinni að útvegum geymsluhúsnæðis fyrir safngripi í eigu Dalvíkurbæjar og jafnframt geri hún tillögur um framtíðarlausn í húsnæðismálum“ (Náttúrugripasafn Gjörðabók, 13. apríl 1984). Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 31. janúar 1985 að stofna byggðasafnsnefnd á vegum bæjarins. Í byggðasafnsnefndinni voru samankomnir miklir áhugamenn um sögu byggðalagsins. Formaður nefndarinnar var Kristján Ólafsson munasafnari, varaformaður Júlíus Kristjánsson og Gylfi Björnsson, gjaldkeri og ritari, en þeir síðarnefndu voru báðir starfsmenn Héraðsskjalasafnsins. Markmiðið með stofnun nefndarinnar var að koma á fót byggðasafni og útvega húsnæði til að hýsa slíkt safn. Nefndinni var einnig upplagt að marka sér starfsstefnu í framtíðinni um fyrirhugað safn (Náttúrugripasafn Gjörðabók, 13. apríl, 1984).

Gylfi og Júlíus höfðu í leit sinni að hentugu

húsnæði haft tal af Jóni Emil Stefánssyni byggingarmeistara (Jonna í Hvoli). Þeir höfðu haft af því spurnir að Jón Emil hygðist selja íbúðarhús sitt, Hvol og keypti Dalvíkurbær húsið árið 1985. Kaupverðið var helmingur ásetts verð með því skilyrði að sett yrði upp í húsinu einhvers konar safn, byggðasafn, náttúrugripasafn og/eða listasafn. Þáverandi bæjarstjórn var hliðholl hugmyndum um stofnun safns á Dalvík og húsið Hvoll var keypt fyrir 600.000 krónur en ásett verð hússins var 1.400.000 kr. Segja má af því tilefni að hér hafi að hluta til verið um gjöf að ræða en sölu. Hvol byggði Jón Emil árið 1930 og hafði hann búið þar alla tíð síðan. Í húsinu voru tvær íbúðir, en árið 1934 bætti hann við geymslu. Húsið er 250 fermetrar; jarðhæð, miðhæð og ris. Eftir jarðskjálftann 1934 var húsið styrkt með utanáliggjandi stálbitum sem síðan var steypt yfir. Við kaup bæjarins á Hvoli leystust geymslumál safngripa í eigu Dalvíkurbæjar og um leið opnaðist fyrir þann möguleika að standa fyrir sýningarhaldi á náttúrugripum og minjum um byggðasögu svæðisins.

### Ekki aftur snúið

Afhending Hvols fór fram 1. júlí 1985. Á sama tíma og Jón afhenti húsið ánafnaði hann verðandi byggðasafni ýmsum munum sem hann átti, svo sem fyrsta orgeli Vallakirkju í Svarfáðardal. María Sigurjónsdóttir, ráðskona hans sem bjó í húsinu fram að afhendingardegi, ánafnaði safninu einnig málverk úr sinni eigu eftir Garðar Loftsson (Byggðasafnsnefnd, 1. júlí 1985). Í kjölfarið var mikið spjallað, hugsað og skipst á skoðunum verðandi fyrirkomulag verðandi safns. Tekið var til við að breyta húsinu úr íbúðarhúsi með tveim íbúðum í safnahús með aðstöðu til sýningarhalds, skrifstofu og geymslu. Safninu fóru að berast gjafir frá heimamönnum og mikill hugur og áhugi á safninu fylgdi í kjölfarið.

Samkvæmt fundargerðabókum var eitt mál ofarlega í huga nefndarinnar, en það var að endurheimta í hérað svarfdælska gripi sem voru í vörslu Minjasafnsins á Akureyri. Augljóst er að þremmenningarnir í byggðasafnsnefndinni voru alls ekki ánægðir með að gripir úr Dalvíkurbyggð væru í vörslu Minjasafnsins á Akureyri eða Þjóðminjasafns Íslands. Ekki varð nefndarmönnum þó að ósk sinni að fá gripi aftur í heimabyggð (Kristján Ólafsson, munnleg heimild, október 2014; Júlíus Kristjánsson, munnleg heimild, janúar 2015).

Enn í dag eru gripir úr Dalvíkurbyggð á öðrum söfnum skráðir og óskráðir. Sumir hverjir eru merkustu gripir í eigu þjóðarinnar eins og til dæmis Upsakristur, merkar altaristöflur frá miðöldum úr kirkjum í Svarfáðardal og ýmsar jarðfundnar leifar.

Dalvíkurbær lagði fé til Minjasafnsins á Akureyri. Samkvæmt samningi héraðsnefndar og Akureyrarbæjar var fyrirkomulagið þannig að sveitarfélög við Eyjafjörð greiddu Minjasafninu ákveðna upphæð til reksturs þess (Hjörtur E. Þórarinnsson, 1994, bls. 490). Þessu vildu nefndarmenn hins vegar breyta í ljósi breyttra aðstæðna og fá Dalvíkurbæ til að setja einungis fé í hið nýstofnaða byggðasafn. Stefán Jón Bjarnason, bæjarstjóri Dalvíkur, fól byggðasafnsnefndinni að athuga eignaraðild og greiðslur til Minjasafnsins á Akureyri og gera tillögur að endurskoðun þess fyrirkomulags (Byggðasafnsnefnd, 18. september 1985). Við ramman reip var hins vegar að draga og breyttist fyrirkomulagið ekki fyrr en árið 2009. Helsta ástæðan fyrir þessum seinangangi var fastheldni héraðsnefndar á fyrirkomulagið.

Lionsklúbbur Dalvíkur lék stórt hlutverk við breytingar á húsinu Hvoli. Haustið 1985 unnu klúbbfélagar hverja helgi við breytingar á húsinu í sjálfbodavinnu. Nokkrir fengu greitt kaup þó lítið væri. Smiðurinn Stefán Björnsson vann ótullega að breytingunum og var þremmenningunum í nefndinni ómetanleg hjálp (Kristján Ólafsson, munnleg heimild, 5. október 2014; Júlíus Kristjánsson, munnleg heimild, 16. janúar 2015). Í fjárhagsáætlun kemur

fram að endurbætur á húsnæðinu voru einn stærsti útgjaldaliðurinn, en að auki var veitt fé í sérfræðiaðstoð við uppsetningu á safngripum, sem og gert ráð fyrir kaupum á náttúrugripum og uppstoppun á þeim (Byggðasafnsnefnd, 1. febrúar 1986).

Bæjarstjórn stóð vel að baki þessum framkvæmdum, s.s. með fjáframlögum, en safninu bárust einnig gjafir, t.d. mikill hluti byggingarefnis til uppbyggingar á safnhúsinu. Stærst var gjöf Kristjáns Ólafssonar og Valgerðar Guðmundsdóttur, eiginkonu hans, sem gáfu 1.500 muni tengda gömlu heimilishald og atvinnuvegum til sjós og lands í Svarfdælabyggð.

Í janúar 1987 var endurbótum á húsinu lokið. Eitt hundrað fermetra rishæð var látin biða seinni tíma. Eftir framkvæmdirnar komst meiri stofnanabragur á safnahúsið. Í fundargerð byggðasafnsnefndar frá 21. apríl 1987 má sjá að hún hefur þakkað sérstaklega Menningarsjóði Svarfdæla fyrir veglegan fjárstyrk til uppbyggingar náttúrugripasafns á Dalvík. Þarna er athyglisvert að fram kemur að verið sé að veita styrk í náttúrugripasafn en ekki byggðasafn og má af því ráða að enn virtist áhuginn að mestu leyti hafa verið á opnun náttúrugripasafns (Byggðasafnsnefnd, 21. apríl 1987). Ákveðið var að opna safnið með sýningum 12. desember 1987. Dagsetning opunarinnar var valin vegna þess að þá voru eitt hundrað ár liðin frá því að fyrsta íbúðarhúsið var byggt á Böggvisstaðasandi. Einnig var farið í að útvega leyfi sem þurfti fyrir stofnun náttúrugripasafn og rætt við þjóðminjavörð um opnun byggðasafns. Nú var loks ljóst orðið að safnið skyldi verða jöfnum höndum byggðasafn og náttúrugripasafn (Byggðasafnsnefnd, 1. desember 1987). Hálfur mánuður var í opnun safnsins og leyfi til rekstrarins ekki frágengið. Starf manna fram að þessu hafði farið í að gera upp og breyta húsnæði. Nú var draumurinn hins vegar að verða að veruleika eftir þrotlausa vinnu og þá var hægt að fara í formlegheitin.

Náttúrugripir í eigu Dalvíkurbæjar voru miklir að vöxtum og nú höfðu systkini Jóhannas Kristins Péturssonar Svarfdælings gefið safninu eigur hans og dágóða fjárupphæð til að koma á fót minningarstofu um hann á safninu. Jóhann var um tíma hæsti maður heims, eða 2,34 m á hæð. Hann var Svarfdælingur en hafði búið erlendis mest alla sína ævi þar sem hann starfaði við fjölleikahús (Jón Hjaltason, 2000).

Þó nokkuð hafði verið að ná í gripi sem tilheyrðu Jóhanni. Ein sagan er af hjólinu hans, sem var risastórt og sérsníðað. Kristján Ólafsson hafði frétt af því í Austurbæjarskóla í Reykjavík en þar hafði verið húsvörður ættaður úr Svarfáðardal. Jóhann hafði beðið húsvörðinn um að geyma hjólið og hékk það á vegg í teiknistofu skólans. Kristján fór á fund skólastjóra Austurbæjarskóla og vildi fá hjólið. Þar sem að hjólið var orðinn hluti af eignum skólans og notað við kennslu í teikningu hafði skólastjórinn ekki áhuga á að láta það af hendi. Kristján dó ekki ráðalaus heldur hafði samband

við þáverandi lögreglustjóra Reykjavíkurborgar, Bjarka Elíasson, en Bjarki var Dalvíkingur í húð og hár. Bjarki gekk á fund skólastjóra og fékk hjólið eftir gott samtali og nú er hjólið í minningarstofunni um Jóhann í Hvoli. Er þetta ekki eina sagan af þrautseigju Kristjáns í söfnun gripa (Kristján Ólafsson, munnleg heimild, 5. október 2014).

### Safnahúsið Hvoll – spegill fortíðar

Kristján Ólafsson opnaði safnið formlega 12. desember 1987. Kristján Þór Júlíusson, þáverandi bæjarstjóri Dalvíkur, sagði stoltur frá því að hann héldi að önnur sveitarfélög stæðu alls ekki eins framarlega og Dalvík í safnamálum og nefndi máli sínu til stuðnings starfsemi Héraðsskjalasafnsins og rekstur þess, stórt og gott bókasafn Dalvíkur, ritun á sögu Dalvíkur í fjórum bindum og þau söfn sem þá voru opnuð (Bygðasafnsnefnd, 25. janúar 1988). Við opnun safnahússins Hvals 12. desember 1987 var þar að finna eftirfarandi söfn, auk gjafar Kristjáns Ólafssonar. Á jarðhæðinni var fuglasafniðsuk þess sem eggjasafni Össurar Kristinssonar og grasasafni Aðalbjargar Jóhannsdóttur var haganlega fyrirkomið á þartilgerðum flettsþjóldum. Enn fremur steinasafn Árnyjar og Frímanss, fiskar Jóns M. Guðmundssonar hluti skeljasafns Jóhannesar Björnssonar frá Ytri-Tungu á Tjörnesi. Þarna var og minningarstofan um Jóhann K. Pétursson. Við opnun safnsins færðu Samtök Svarfdælinga í Reykjavík safninu peningagjöf til frekari uppbyggingar þess.

### Starfsemin 1987–2002

Bæjarbúar og aðrir gestir heimsóttu safnið og ríkti mikil ánægja með opnun þess. Frá og með 25. júní 1988 var safnið opið daglega og gjald tekið af fullorðnum en hált gjald fyrir börn. Einnig voru til sölu kort með myndum af Jóhanni Svarfdælingi. Þann 23. júní var fyrsti safnvörður safnsins ráðinn, Sigrún Friðriksdóttir. Gjafir héldu áfram að berast safninu næstu misserin, Steingrímur Þorsteinsson var óþreytandi að bæta við nýjum tegundum í fuglasafnið. Í júní 1989 tók við nýr safnvörður, Arnheiður Hallgrímsdóttir. Safnið var opið frá 15. júní til 15. september ár hvert en stofnskrá fyrir bygðasafn Dalvíkur leit fyrst dagsins ljós þann 15. nóvember 1989. Stofnskráin tekur mið af ákvæðum þjóðminjalaga frá 1989 og einnig siðareglum ICOM, Alþjóðaráðs safna. Hún auðveldaði stjórn safnsins og starfsmanni þess að leggja frekari drög að framtíð safnsins.

Það kom hins vegar að því að bygðasafnsnefndinni fannst húsið vera of lítið og vildi gjarnan ljúka við að innrétta rishæðina. Ráðist var í þær framkvæmdir haustið 1990. Teikningar af risinu gerði einn nefndarmannanna, Júlíus Kristjánsson. Björn Þorleifsson smíður sá um framkvæmd verksins, en Þjóðhátíðarsjóður styrkti hana. Einnig var lóð hússins endurskipulögð. Á meðan á framkvæmdum

stóð í risinu var safnið lokað almenningi og einungis skólahópar gátu heimsótt það. Risið var tilbúið vorið 1991 og var safnið aftur opnað fyrir almenningi það sumar. Morgunblaðið segir frá því í febrúar 1991 að nýlega hafi Hvoli, bygðasafni Dalvíkur borist veglegt skeljasafn frá Jóni Þorvaldssyni frá Íbishóli í Skagafirði, þá búsettum í Reykjavík. Nú eru þessar skeljar varðveittar í bygðasafninu, alls um þrjú hundruð tegundir. Í þessari sömu grein er m.a. talað um hversu notalegt safnið sé og fjölbreytt magn muna („Samlokur og kuðungar á bygðasafnið“, 1991).


Á bygðasafninu Hvoli var nú einn starfsmaður, Friðjón Kristinsson, en hann var fastur starfsmaður safnsins 1991–1993. Enn bættist við safnkostinn sem kallaði á framkvæmdir því 6. desember 1991 opnaði Kristjánsstofa Eldjárns á safninu. Tilefnið var að þann dag hefði Kristján orðið 75 ára. Kristján Eldjárn var frá Tjörn í Svarfaðardal og gegndi stöðu þjóðminjavarðar um árabíl áður en hann var kosinn forseti Íslands árið 1968. Lionsmenn á Dalvík styrktu gerð stofunnar með peningagjöf en börn Kristjáns og ekkja hans, Halldóra Eldjárn, gáfu gripi og voru innan handar um upplýsingar. Tengdasonur Kristjáns, Stefán Örn Stefánsson arkitekt, sá um að teikna stofuna (Bygðasafnsnefnd, 20. nóvember 1991).

Með uppsetningu ísbjarnar á safninu árið 1992 kom heilmikill kippur í aðsóknina. Húð bjarnarins var keypt af Norðmönnum en Steingrímur Þorsteinsson sá um að stoppa dýrið upp og gaf alla sína vinnu. Segja má að Steingrímur sé einn helsti og besti stuðningsmaður safnsins frá upphafi með gjöfum sínum og sjálfboðavinnu við uppstoppun fugla og dýra.

Þann 2. júní 1994 var sextíu ára afmæli jarðskjálftans mikla á Dalvík. Að því tilefni var enn farið af stað í mikla vinnu fyrir stjórn bygðasafnsins. Sýningin Dalvíkurskjálftinn 1934 var sett upp í ráðhúsi bæjarins og komu margir að gerð sýningarinnar. Sama ár var ráðinn nýr safnvörður, Helga Steinunn Hauksdóttir. Hún var sagnfræðingur að mennt, búsett á Dalvík og starfaði þar við kennslu. Hún var ráðin í 50% starfshlutfall og opnunartími safnsins lengdur frá 1. júní–15. september.

Krafturinn í nefndinni var enn mikill, þar voru sömu menn við stjórn sem fyrr og ákafur í að gera veg safnsins sem mestan og bestan. Stofnskrá vantaði enn þá, ef til vill var eðlileg þróun á þessum tíma. Þarna voru að störfum áhugamenn um að koma menningararfi sínum til skila í formi sýninga og árangurinn var eftirtektarverður. Bygðasafnið á Dalvík var augljóslega komið til að vera og sjá mátti ást og alúð á viðfangsefninu. Innra starf í þeim skilningi sem við þekkjum í dag var látið biða.

Vorið 1994 verða skil í sögu bygðasafnsnefndarinnar. Júlíus Kristjánsson og Gylfi Björnson ganga úr nefndinni og sú breyting var gerð að bygðasafnsnefndin verði framvegis pólitískt



Mynd 62

skipuð. Safnið var komið í nokkuð fastar skorður með margar fastasýningar sem á komandi árum héldust að mestu óbreyttar. Af og til næstu árin bárust safninu gjafir. Í febrúar 1995 huga menn að því að auglýsa betur safnið á landsvísi, einnig er unnið í því að kynna safnið betur ferðaþjónustuiðnaðinum.

Byggðasafnsnefnd var nú stjórn safnsins og á árunum til 2002 eru settar upp nokkrar sýningar og farið í samstarf við skóla á svæðinu. Í fundargerð 26. júní 1996 er sagt frá samstarfi við Hugsjón films þar sem borin er fram ósk um samstarf við byggðasafnið um gerð heimildarmyndar um Jóhann Svarfdæling. Heimildarmyndin var framleidd og vakti mikla eftirtekt þegar hún var frumsýnd í Ríkisútvarpinu Sjónvarpi á nýársdag 2002. Óskar Þór Halldórsson frá Jarðbrú í Svarfaðardal var höfundur og leikstjóri myndarinnar. Í dag er heimildarmyndin sýnd í Jóhannsstofu.

Arnheiður Hallgrímsdóttir var safnstjóri í 50% starfi á árunum 1996–2002 og vann fulla vinnu á sumrin við að sýna safnkostinn. Hún setti upp jólasýningar sem voru bæði fjölbreyttar og vel sóttar.

Stór sýning á bátalíkönnum var sett upp í Víkurrost 1998. Einnig voru ýmsar uppákomur á sumrin, kennt var gamalt handverk, svo sem tóvinna, og farið var í gamaldags leiki. Opinberar heimsóknir voru þó nokkrar og þá í tengslum við uppákomur bæjarins. Minnistæðust er heimsókn Bjarna Tryggvasonar geimfara á safnið (Arnheiður Hallgrímsdóttir, munnleg heimild, 3. febrúar 2015). Það var ljóst orðið að geymslumál safnsins voru í ólestri og má sjá í fundargerðabókum að mikið er fjallað um hvernig hægt væri að leysa þau mál.

### Nýjar áherslur

Vorið 2002 tók Íris Ólöf Sigurjónsdóttir við forstöðu safnsins. Hún hafði þá unnið fimm ár á Árbæjarsafni og var menntaður textílforvörður. Starfshlutfall hennar hefur verið 50% en er aukið reglulega upp í 100% á álagsstundum og í nokkrum verkefnum. Það var mikil áskorun fyrir Írisi Ólöfu að koma til Dalvíkur og taka við safni sem hafði í mörg ár verið óbreytt og hafði að öllu leyti afar gott orð á sér. Strax þetta vor leitaði hún eftir samvinnu við Minjasafnið á Akureyri og varð þá

til vísir að samstarfi safna við Eyjafjörð sem enn í dag er öflugt. Árið 2002 var metár í aðsókn á safnið. Gestir voru þá 5.484. Má að einhverju leyti þakka það auknum áhuga Íslendinga á sögu Jóhanns K. Péturssonar í kjölfar sjónvarpsmyndarinnar og bókar Jóns Hjaltasonar sagnfræðings um ævi hans, Of stór fyrir Ísland, en einnig hafði markviss fjölmiðlaumfjöllun um safnið sitt að segja.

Íþrótt-, menningar- og æskulýðsráð

Dalvíkurbyggðar var stofnað 1998en það átti að hafa faglega umsjón með rekstri byggðasafnsins og eftirlit með að það starfaði innan ramma laga og samþykkrar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma. Nú var safnið orðið hluti af rekstri sveitarfélagsins og stofnun innan þess. Safnstjóra var gert að vinna starfs- og fjárhagsáætlanir og vinna samkvæmt samþykktum þeirra. Byggðasafnið Hvoll starfar eftir og kynnis fyrir stjórnarmönnum Safnastefnu á sviði Þjóðminjavörslu 2010–2014 sem Menntamálaráðuneytið gaf út í júní 2003. Til þess að geta uppfyllt þær kröfur sem stefnan býður hafa sérfræðingar verið ráðnir í ýmis verkefni, svo sem rannsóknarvinnu á safnkosti og byggðasögulegu efni.

Þó nokkur tími safnstjóra hefur á undanförmum árum farið í að sækja um styrki og leita að leiðum til að fjármagna verkefni á vegum safnsins. Gæðakröfur til safna hafa verið auknar jafnt og þétt á síðustu árum og nú að síðustu hefur safninu verið upp á lagt samkvæmt safnalögum að fá viðurkenningu til að geta sótt um styrki í safnasjóð. Byggðasafnið Hvoll hlaut viðurkenningu safnaráðs árið 2014 og er það mikil viðurkenning á því mikla og fórnfúsa starfi sem fjölmargir í byggðalaginu hafa lagt af mörkum í gegnum árin. Með aðstoð safnasjóðs hefur verið hægt að sinna þeim verkefnum sem hafa verið framkvæmd á byggðasafninu. Aðrir styrkir hafa komið til og hefur sveitarfélagið einnig sýnt safninu mikinn skilning og komið til móts við þarfir safnsins á marga vegu. Lítil stofnun eins og byggðasafnið Hvoll á Dalvík þarf að leita margra leiða til að fjármagna verkefni og getur hvert verkefni tekið langan tíma í vinnslu. Snertiskjár safnsins er gott dæmi um eitt slíkt verkefni þar sem krafist hefur útsjónasemi í fjármögnun fyrir gerð þess. Til að gera byggðasögunni skil og koma um leið til móts við nýjar kynslóðir safngesta, var ráðist í að koma upp snertiskjá á safninu með itarefni um margvísleg málefni tengd byggðalaginu. Þar geta gestir skoðað ýmislegt fróðlegt t.d. eru á skjánum upplýsingar um friðaðar kirkur dalsins í máli og myndum, upplýsingar um jarðskjálftann og fleira. Verkefnið tók um þrjú ár í vinnslu og var lokið um 2009. Safnstjóri hannaði útlit en Ari Baldursson forritaði og aðstoðaði á alla lund. Textar voru ritaðir af Hjörleifi Hjartarsyni tónlistarmanni og kennara og texti þýddur á ensku af Önnu Yates skjalapýðanda. Leitast var við að nýta starfskrafta í heimabyggð og er stefna safnsins að leita alltaf til heimamanna þar sem við á. Annað mikilvægt

verkefni var unnið á fyrstu árum núverandi safnstjóra og voru það kynningarbaklingar um safnið sem enn er í notkun.

### Samstarfsverkefni

Byggðasafnið Hvoll hefur tekið þátt í mörgum samstarfsverkefnum svo sem útgáfu á ritinu Kirkjur Íslands, samsýningum sem byggðasafnið hefur staðið fyrir svo sem sýningunni Fram til fortíðar en sú sýning var opnuð í samstarfi við Menningarhúsið Berg á Dalvík þegar það var opnað í ágúst 2009 og var svo síðar einnig sett upp í Þjóðminjasafni Íslands árið 2010. Eitt af mörgum verkefnum sem Eyfirski safnklasinn, sem er samvinnuvettvangur safna við Eyjafjörð, hefur alið af sér er sameiginlegur kynningabæklingur safna og sýninga fyrir Eyjafjörð og Norðurþing. Hefur klasanum tekist að fá styrki í verkefnið frá Menningarráði Eyþings. Einnig hefur klasinn fengið að sýna sameiginlega í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri og látið á sér bera með sameiginlegum eyfirskum safnadegi fyrsta laugardag í maí ár hvert.

Stærsta samstarfsverkefni safnsins er þó sýningin Norðrið í norðrinu 2013 en það hlaut nokkra erlenda styrki, m.a. úr Norræna Menningasjóðnum. Sú sýning varð til vegna gjafar sem safnið tók á móti frá dönskum manni Viggo C. Block sem hafði búið í fjölda mörg í Ittoqqortoormiit á austurströnd Grænlands. Þetta litla þorp á norðurhvara veraldarinnar er vinabær Dalvíkur og í söfnunarstefnu safnsins frá árinu 2009 er kveðið á um að taka við gripum frá vinabæjum Dalvíkur. Þegar þessir grænlenku gripir voru skráðir í Sarp vaknaði áhugi á að kynnast íbúum vinabæjarins betur og til varð sýningin Norðrið í norðrinu. Mikil rannsóknarvinna fór í gang og haft var samband við dani og grænlandinga til samstarfs. Byggðasafnið Hvoll stýrði verkefninu, hannaði sýninguna og sótti um styrki, hinir erlendu aðilar veittu aðstoð í formi skrifra í bækling og láni á sýningarrýmum í Óðinsvéum og Tasiilaq á Grænlandi. Þetta var stórt verkefni sem margir komu að með einum eða örum hætti og mjög lærdómsríkt. Sýningin var sett upp á fyrstu hæð byggðasafnsins og í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík sumarið 2013 og í Óðinsvé og Tasiilaq árið 2014, áætlað er að sýningin fari upp í Þjóðminjasafni Íslands í janúar 2016.

Annað stórt samstarfsverkefni var sýningin Myndlist minjar – Minjar myndlist. Það var samvinnuverkefni byggðasafnsins Hvals, Listasafnsins á Akureyri og ellefu myndlistarmanna. Sýningin var sett upp í Listasafninu á Akureyri haustið 2014.

### Söfnun

Eins og áður hefur komið fram hefur söfnun muna verið viðvarandi verkefni safnsins. Það er hins vegar ekki fyrr en árið 2009 sem yfirlýst söfnunarstefna leit dagsins ljós. Í stefnunni kemur fram að ekki er tekið á móti gripum nema þeir falli undir stefnuna. Það er



mikilvægt að safn marki sér söfnunarstefnu samkvæmt markmiðum og hlutverki safnsins og vinni samkvæmt henni. Einnig hefur samstarfið í Eyjafjarðarklasanum skerpt á hvað hvert safn safnar og leggur áherslu á í sinni söfnun. Líkt og í árdaga safnsins hefur fólk verið áhugasamt um að gefa safninu gripi. Þer þar hæst Hauk Haraldsson en hann hefur gefið safninu gripi sem tengjast sjósókn Dalvíkinga. Að auki hefur hann verið ötull stuðningsmaður og starfsmaður safnsins um árabíl. Haukur hefur verið örlátur á tíma sinn fyrir safnið auk þess hefur hann tekið saman ýmsan fróðleik sögulegan sem hann hefur fús látið safninu í té. Hann hefur látið af störfum vegna aldurs en er einn þeirra manna á Dalvík sem hægt er alltaf að sækja fróðleik til enda borinn og barnfæddur Dalvíkingur.

Samhliða söfnun muna hefur verið unnið að skráningu þeirra jafnt og þétt og er mikilvægur hekkur í úrvinnslu gjafa eða annarra aðfanga sem hafa borist safninu. Skráning hófst í gagnagrunninn Sarp árið 2003. Nokkrir aðilar hafa unnið við skráninguna en lengst af skráði Signý Jónsdóttir í grunnin eða í fimm ár og gerði hún það mikilli nákvæmni og vandvirkni. Húsaskráning fer jafnframt fram í byggðasafninu og hafa nú þegar öll hús byggð fyrir 1950 verið skráð á Dalvík og Svarfáðardal. Verið er að leggja lokahönd á skráningu húsa á Árskógsströnd og hefur Kristján E. Hjartarson byggingatæknifræðingur séð um þær skrásetningar. Yfirlit húsaskráningar er aðgengilegt á heimasíðu byggðasafnsins. Frá og með 2015 hefur byggðasafnið tekið við listaverkasafni Dalvíkurbyggðar og hefst skráning á því innan tíðar.

### Varðveisla, rannsóknir, safnfræðsla og miðlun

Geymsla safnsins var endurgerð að fullu fyrsta starfsár Írisar Ólafar og hillum fyrir komið og munum í geymslum pakkað út frá forvörslusjónarmiði. Aðstaða til varðveislu gripa er alltaf að batna en forvörsluáðstaða með verkstæði sem slík er ekki til staðar. Fyrirbyggjandi forvarsla er viðhöfð eftir getu, filmur eru í öllum gluggum hússins og lágt ljósmagn þar sem við á og rakamælar í öllum herbergjum. Tveir danskir forvörslunemar unnu sumarpart við forvörslu á „sekræ“ (stórt skatthol) í Kristjánsstofu og einnig fékk safnið styrk úr Þjóðháttíðarsjóði til að forverja merkan prédikunarstól í Urðakirkju í Svarfáðardal en Nathalie Jacquemet forvörður á Þjóðminjasafni Íslands vann verkið. Í dag eru tvær góðar geymslur sem tilheyra byggðasafninu önnur í safnhúsinu Hvoli en hin í kjallara í ráðhúsi Dalvíkurbyggðar.

Rannsóknir eru stundaðar á safninu eins og fram hefur komið á margvíslegan hátt í formi sýningargerðar, lítilla kvera, og margskonar samvinnuverkefna eins og verkefnið Norðrið í norðrinu. Nú hefur verið stofnað sögufélag Svarfdælinga og er Byggðasafnið meðlimur þar og sér fyrir sér möguleika á að nýta sér félagsskapinn til frekari rannsókna á byggðasögulegu

efni fyrir safnið. Málþing sem haldið var á hundrað ára afmæli Jóhanns Svarfdælings í maí 2013 á vegum safnsins í Menningarhúsinu Bergi var einnig liður í rannsóknarverkefni á vegum safnsins um. Líf og starf manns sem um tíma var álitinn hæsti maður heims.

Frá stofnun safnsins hefur safnfræðsla verið stór liður í starfsemi þess og hefur á undanförmum árum verið að aukast. Tekið er á móti öllum þeim hópum sem vilja koma á safnið og fá leiðsögn. Skólahópar svæðisins og utan þess heimsækja safnið vor og haust. Skipulagðri safnafræðsla fyrir skólahópa er sinnt og safnkennsluverkefni hafa verið unnin í tengslum við safnkostinn. Náttúrusetur á Húsabakka og byggðasafnið eiga í samstarfi í móttöku skólahópa og hefur það sýnt sig að slík samvinna milli stofnana getur skilað góðum árangri á sviði fræðslu.

Í tíð núverandi safnstjóra hafa upphaflegar sýningar hússins vikið fyrir nýjum með nýjum áherslum. Húsnaðið hefur einnig verið tekið í gegn. Sýningar safnsins eru hannaðar af safnstjóra en leitast við að ráða textagerðafólk til að skrifa fræðandi texta ef aukafjármagn hefur fengist. Rúnar Búason smiður hefur unnið allar sýningar hússins með safnstjóra. Fastasýningu safnsins er skipt upp í nokkra hluta. Á fyrstu hæð er gangurinn um þessar mundir nýttur til sýningahalds á ólíkum sýningum til skemmri tíma. Hvert skot er nýtt undir sýningar og fræðsluefni fylgir hverri sýningu. Á fyrstu hæðinni eru einnig náttúrugripirnir og sýningin Dalvíkurskjálftinn 1934. Á 70 ára afmælisári jarðskjálftans mikla á Dalvík var opnuð árið 2004 sýning um skjálftann í rými sem áður hafði verið notað undir búrgripi. Þórarinn Hjartarson sagnfræðingur safnaði saman minningarbrotum fólks sem upplifði skjálftann mikla 2. júní 1934. Í þessu litla rými er hægt að lesa þessi minningarbrot auk þess sem hægt er að skoða ljósmyndir frá aðstæðum íbúa Dalvíkur sumarið eftir skjálftann. Þar eru einnig gamlir jarðskjálftamælar frá Vædurstofu Íslands sem Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur útsvegaði auk þess sem hann skrifar fræðilegan texta um jarðskjálftann 1934. Önnur hæð hýsir minningarstofur um þá Jóhann K. Pétursson og Dr. Kristján Eldjárn forseta. Þær stofur hafa verið stækkaðar og þeim breytt á síðustu árum. Stærsta sýningarrýmið er á annarri hæð og þar er fastasýningin Mannlíf og munir í Dalvíkurbyggð. Í rishæð mætast nýji og gamli tíminn og þar er einnig sýning á leikföngum auk snertisýningar safnsins. Snertiskjár er á annarri hæð og í nokkrum sýningarrýmum eru sjónvarpsskjáir undir ítarefni.

Litlar sérsýningar eru opnaðar ár hvert á safninu. Í menningarhúsinu Bergi sér byggðasafnið um að setja upp litlar sýningar í þar til gerðum kössum. Mikill tími fer í kynningarstarf og allt gert til að koma safninu í gegn um frumskóg tilboda. Samstarf við félög og stofnanir byggðalagsins hefur verið gott og gagnlegt í gegnum árin í þessum málum. Safnið hefur látið



Mynd 63

útbúa minjagripi tengda safnkostinum og stadið fyrir óteljandi uppákomum í formi fræðslu og skemmtunnar. Heimasíða safnsins var útbúin árið 2006 og er viðhaldið eftir því sem starfsemin gefur tilefni til. Þar er hægt að fá ýmsar upplýsingar um safnið og nálgast byggðasögulegt efni.

Stærri sýningum safnsins hafa jafnan fylgt sýningarbæklingar. Árið 1994 var ítarlegur bæklingur gefinn út um jarðskjálftann 1934. Vegleg og upplýsandi sýningarskrá leit dagsins ljós með sýningunni Norðrið í norðrinu og einnig var gefin út sýningarskrá með sýningunni Myndlist minjar – Minjar myndlist. Safnið hefur einnig útbúið og birt fjögur kver sem styðja við sýningar og safnkost safnsins og hafa reynst vel í fræðslustarfi þess. Þessi kver eru: Lítið kver um handverksmenn í Svarfaðardal, á Upsaströnd, Dalvík og Árskógsströnd, eftir Þórarinn Hjartarson sagnfræðing, Lítið Kver um skemmtun og dægradvöl í Svarfaðardal og nágrenni eftir Atla Rafn Kristinsson sagnfræðing, Lítið kver um Jóhann K. Pétursson Svarfæling eftir Jón Hjaltason sagnfræðing, og loks Lítið kver um Kristján Eldjárn, eftir Þórarinn Eldjárn rithöfund og son Kristjáns.

### Lokaorð

Í ljósi umfjöllunar um tilurð og uppbyggingu Byggðasafnsins Hvals má sjá að vegferð safnsins hefur byggst upp á samstilltu átaki fjölmargra í byggðalaginu, sem borið hafa sameiginlegan metnað fyrir því að búa til og efla menningarstarf í Dalvík og nágrenni. Starfsemin hefur tekið töluverðum breytingum á tímabilinu, frá því að byggja alfarið á sjálfbodavinnu yfir í faglegru vinnubrögð fastráðinna starfsmanna sem ganga skipulega til verks við söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun á þeim dýrgripum sem safnið býr yfir. Þessi þróun hefur haldist í hendur við vaxandi samfélag á Dalvík en jafnframt við breytingar á umhverfi þess, eins og í nágrennabygðum sunnan og norðan við byggðalagið, sem og á landsvísi. Á safnasviði hefur umhverfið gjörbreyst á undanföllum árum, eins og komið hefur fram, þar sem lögð er ríkari áhersla á samstarf stofnana og einnig hefur lagaumhverfi safna gert kröfur til handa byggðasöfnum sem Byggðasafnið Hvoll hefur þurft að taka tillit til. Sú breyting hefur skerpt á starfsemi safnsins og búið því gott veganesti fyrir starfið á komandi árum. Í Starfsáætlun fræðslu- og menningarsviðs

Dalvíkurbyggðar, sem gefin var út í ársbyrjun 2015 er hlutverk safnsins undirstrikað sem þjónustustofnun „sem gegnir mikilvægu hlutverki við að efla vitund um fortíðina og menninguna í samhengi við samtímamann“ (Starfsáætlun fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar, 2015, bls. 48). Þó svo að hér sé um nýja samþykkt að ræða um hlutverk safnsins, má segja að orðin eigi einnig við um þann hug sem forsprakkar safnamála í Dalvík báru til þess í árdaga.

## Heimildaskrá

Bréf varðandi samning á milli safnstjóra Haraldar Þórs Egilssonar, Minjasafnsins á Akureyri og Bæjarstjóra Dalvíkurbyggðar Svanfríðar Jónasdóttur 17. desember 2008 og 12. mars 2009. Héraðsskjalasafn Dalvíkurbyggðar.

Byggðasafn Dalvíkur IS/2003. (1991, 20. febrúar). *Umsókn til Þjóðbátíðarsjóðs*. Héraðsskjalasafn Dalvíkurbyggðar.

Byggðasafnið Hvoll. (2002–2009). *Árskýrslur Byggðasafnsins Hvals 2002–2009*. Dalvík: Byggðasafnið Hvoll. Héraðsskjalasafn Dalvíkurbyggðar.

Byggðasafnsnefnd, D–29/1. (1983–1997). Héraðsskjalasafn Dalvíkurbyggðar.

Bæjarstjórn Dalvíkur. (1998). Fundarboð 1. fundar bæjarstjórnar sameinaðs sveitarfélags 9. júní. Héraðsskjalasafn Dalvíkurbyggðar.

Erindisbréf íþróttá-, æskulýðs og menningarráðs, fjármála og stjórnsýslusvið Dalvíkurbyggðar 12. febrúar 2002. Héraðsskjalasafn Dalvíkurbyggðar.

Guðbjörg R. Guðmundsdóttir. (1984, 28. október). Safnað í 15 ár. *Morgunblaðið*, bls. 80.

Hannes. (1991, 16. febrúar.). Samlokur og kuðungar á byggðasafnið. *Morgunblaðið*, bls. 26.

Hjörtur E. Þórarinsson. (1994). *Saga sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 1874–1989* (1. bindi). Akureyri: Héraðsnefnd Eyjafjarðar.

Íris Ólöf Sigurjónsdóttir (2007). *Kirkjur Íslands* (9. bindi). Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Júlíus Kristjánsson. (1985, 24. apríl). Safnahúsið Hvoll: Menningarstaður við Lágina. *Norðurslóð – Svarfælsk byggð og bæ*. 9, bls. 1.

Kristján Eldjárn. (1984). Kirkjur í Svarfaðardal: ræða flutt við hátíðarmessu í Tjörn í Svarfaðardal. *Tíðindi Prestafélags hins forna Hólastifts*, 5(5), bls.25–32.

Náttúrugripasafn Gjörðabók D–29/2 (1983–1984). Héraðsskjalasafn Dalvíkurbyggðar.

Reglugerð fyrir byggðasafn Dalvíkur D–29/3. (1989, 15. nóvember). Héraðsskjalasafn Dalvíkurbyggðar.

*Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003–2008*. (2003). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

*Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2010–2014*. (2010). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Síðareglur ICOM. Aðgengilegar á [www.icom.is](http://www.icom.is).

*Starfsáætlun fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar*. (2015). Helga Björt Möller (ritstjóri). Dalvíkurbyggð.

Þjóðminjasafn Íslands. (1991, 7. maí). Bréf til byggðasafnsins Hvals. Skjalasafn Byggðasafnsins Hvals.



## Byggðasafn Norður-Þingeyinga Arndís Bergsdóttir

Byggðasafn Norður-Þingeyinga hefur varið mestum hluta tilveru sinnar í kössum. Engu að síður var það safn lengi í hugum marga Norður-Þingeyinga. Söfnun gripa í Byggðasafn Norður-Þingeyinga hófst að einhverju ráði upp úr 1950. Lengst af var þeim munum sem haldið var til haga safnað í kassa og þeim öllum komið fyrir á einum stað, á heimili Rannveigar Gunnarsdóttur og eiginmanns hennar, kaupfélagsstjórans Björns Kristjánssonar, á Kópaskeri. Í hartnær fjörutíu ár stækkuðu staflarnir, fyrst á heimili Rannveigar en síðar í kjallara Kaupfélags Norður-Þingeyinga á Kópaskeri. Í millitíðinni, árið 1963, var safnið stofnað formlega. Héraðsnefnd Norður-Þingeyinga fór með yfirstjórn þess og lagði fé til rekstursins ásamt framlagi úr ríkissjóði. Þótt í stofnskránni komi fram að markmið safnsins sé meðal annars að skrásetja, varðveita og forverja menningarsögulegar minjar úr sýslunni var enn beðið eftir heppilegu húsnæði. Það fannst ekki fyrr en 1982 þegar nýr barnaskóli tók til starfa á Kópaskeri og kassar með safngripum voru fluttir í aflagt húsnæði barnaskóla Presthólahrepps að Snartarstöðum, þar sem þeim var raðað í stafla sem náðu upp í rjáfur á efri hæð hússins. Allan þennan tíma lifði draumurinn um að koma gripunum upp úr kössunum og í viðeigandi húsnæði þar sem hægt yrði að hafa þá til sýnis. Hinn 28. júlí 1991 var því langþráður dagur en þá, eftir endurbýggingu skóláhússins og tveggja ára vinnu við

að koma gripunum upp úr kössum og í sýningarhæft horf, var Byggðasafn Norður-Þingeyinga loks opnað almenningi að Snartarstöðum.

Rannveig lést aðeins fáum mánuðum áður en byggðasafnið var opnað fyrir gestum og gangandi. Kristveig Björnsdóttir, dóttir Rannveigar, hafði þá fyrir löngu tekið við keflinu af móður sinni, enda hafa þeir gripir sem mörkuðu upphaf byggðasafnsins staðið henni nærri frá fyrstu tíð. Hún segir Rannveigu hafa verið ein þeirra sem ekki hafi getað fengið sig til að henda gömlum hlutum. Áhugi hennar á að safna munum úr sveitinni og koma á fót byggðasafni hafi verið mikill og nokkrir karlmenn hafi verið sama sinnis. Þannig má rekja upphaf Byggðasafns Norður-Þingeyinga til áhuga og jafnvel þarfar til að safna og varðveita eigin menningu, auk aðstöðu til að geyma muni. En það var ekki einungis meðal Norður-Þingeyinga sem áhugi á söfnun fann sér farveg. Sömu tilhneigingu mátti greina víða um landið þar sem áherslan á varðveislu bændamenningar, sem spratt fram samhliða gagngerum þjóðfélagsbreytingum, virtist veita söfnunaráhuga ákveðna kjölfestu og ramma hann inn í stofnanabundið form. Þörfin til að varðveita íslenska bændamenningu í formi gripa hafði skotið upp kollinum, og um allt land mátti finna fólk sem var tilbúið til að svara þessari þörf.

Hér verður fjallað um tilurð og stofnun Byggðasafns Norður-Þingeyinga, sem eftirleiðis verður



Mynd 64

kallað safnið að Snartarstöðum, fram að sameiningu þess við Menningarmiðstöð Þingeyinga árið 2007. Hér verður fjallað um þau áhrif sem lágu til grundvallar stofnun þess og samsetningu safnkostsins. Sérstaklega verður hugað að þeirri sérstöðu safnsins sem liggur í óvenju fjölbreyttu safni af handverki kvenna.

### „Í straumhvörfum breytinganna“

Það virðist engin tilviljun að sú söfnun sem byggðasöfnin byggja á hófst í langflestum tilfellum í kringum stofnun lýðveldis. Það er því þess virði að velta aðeins fyrir sér hvað gæti hafa legið til grundvallar þessum samtakamætti í sveitum landsins og uppgangstíma í íslensku safnastarfi. Það verður ekki litið framhjá því að sjálfstæðisbaráttan fól í sér flókið samspil nútímavæðingar og þjóðernisstefnu (Eiríkur Bergmann, 2008). Hins vegar væri það ofureinföldun að rekja stofnun og uppgang byggðasafna á landinu beint til þessara þátta, líkt og jafnan er gert þegar þáttur þjóðminjasafna í mótun þjóðernislegra ímynda er annars vegar (Katla Kjartansdóttir, 2005). Þótt auðvitað eigi byggðasöfn þar einnig stóran þátt (Chapman, 2007) virðist ákveðinn munur liggja í þörfinni að varðveita menningarheim sem virtist vera í þann mund að glatast og þeirri atorku sem sveitungar höfðu, og nýttu sér – oft umfram hugmyndir og stefnu stjórnvalda. Þar hafði hvað mest að segja afstaðan til þess samfélags sem var í mótun og fól í sér hugmyndir um verndun þeirrar menningar sem álitid var að ætti undir högg að sækja. Nýjungar ruddu sér til rúms og ógnuðu verulega þeirri

kjölfestu sem þjóðin hafði fundið í „gamalli íslenskri menningu“. Líkt og Eiríkur Bergmann (2008) hefur bent á er viðhald þjóðarsögunnar eitt þeirra haldreipa sem þjóðir hafa til að viðhalda sjálfum sér. Kapp er lagt á að halda fortíðinni til haga í tilraun til að skapa framtíð með því að sætta nútíð og fortíð (Eggert Þór Bernharðsson, 2013). Íslensk bændamenning var ekki síst sá menningarheimur sem talinn var vera í bráðri hættu og víða í sveitum landsins tóku íbúar til við að safna hlutum sem gætu flutt táknrænan boðskap inn í framtíðina.

Tengsl þjóðfélagsbreytinga og byggðasafna koma ef til vill hvað skýrast fram í grein eftir Árna Sveinsson, sem birtist í Búfræðingnum árið 1943, þar sem hann hvetur til stofnunar byggðasafna og segir: „Ennþá er íslenska þjóðin stödd í straumhvörfum breytinganna. Og enn getur enginn séð hvert stefnir né hvar þjóðarfleyið lendir að lokum“ (Árni Sveinsson, 1943, bls. 176).

Iðnvæðing og aukid mikilvægi fiskveiða (umfram landbúnað) fyrir efnahagslíf þjóðarinnar boðaði undanhald blómaskeiðs bændamenningar (Eiríkur Bergmann, 2008; Eggert Þór Bernharðsson, 2013). Búnaðarsamböndin tóku flótlega við sér og hvöttu til stofnunar byggðasafna víðs vegar um landið (Árni Sveinsson, 1943). Hluta þjóðarinnar fannst sem fótunum væri kippt undan menningu sinni og jafnvel tilgangi og var byggðasöfnum greinilega ætlað að vera fótfešta á tímum gagngerra breytinga. Árni Sveinsson heldur því til að mynda fram að:



Mynd 65

“Það virðist þó svo, að einhver lítill hluti þjóðarinnar sé farinn að óttast, að stefnan sé ekki sem réttust, að sú þjóð muni fyrr eða síðar verða í vanda stödd sem ekki vill „heiðra föður og móður“, og að sú menning muni tæpast traust né þjóðholl, er metur einskis þann arf þjóðarinnar, er liðnar kynslóðir létu henni í skaut falla. Hinn mikli áhugi víða í sveitum landsins fyrir stofnun byggðasafna sannar það meðal annars” (Árni Sveinsson, 1943, bls. 177).

Með þessum orðum kemur fram óttinn við að standast ekki samanburð við þá menningu sem var að ryðja sér til rúms og fólst í framförum á sviði menntunar,

atvinnuhátta og ekki síst hugsunarháttar íslensku þjóðarinnar. Þannig sér Árni ástæðu til að benda á að íslensk bændamenning hafi vissulega ekki verið hámenning en hún hafi engu að síður falið í sér „fornar dyggðir“ sem muni gleymast í þeirri öldu borgarmenningar sem ríði yfir landið (Árni Sveinsson, 1943, bls. 176). Byggðasöfn voru því ekki aðeins fóttfesta heldur einnig björgun frá gjálífi nútímasamfélagsins.

Búnaðarfélag Íslands lét ekki sitt eftir liggja og um árabíl ferðaðist Ragnar Ásgeirsson, ráðunautur félagsins og bróðir Ásgeirs Ásgeirssonar forseta, um landið og hvatti til söfnunar (Jóhanna Helga Halldórsdóttir, 2006; Kristveig Björnsdóttir, munnleg heimild, 19. desember 2015). Af starfsskrám Ragnars,



Mynd 66

14

sem um árabíl birtust í Búnaðarritinu, má ráða að þótt hvatningunni til að safna og varðveita íslenska bændamenningu hafi að einhverju leyti verið miðstýrt þá hafi íbúar sveita augljóslega sjálfir viljað hafa hönd í bagga þegar kom að varðveislu og miðlun þeirra eigin menningar. Mikill áhugi var á söfnun og að varðveita menningu til sveita. Reyndar var áhuginn það mikill að Ragnari þótti nóg um eljuna. Byggðasöfn spruttu upp og var enginn landshluti undanskilinn. Lögð voru drög að einu, og jafnvel tveimur, söfnum í hverri sýslu en að mati Ragnars hefði eitt safn í hverjum landsfórðungi þjónað þeim tilgangi sem lagt var upp með í byrjun (Ragnar Ásgeirsson, 1959). Sú stefna opinberra aðila virtist lifa áfram. Þótt Þór Magnússyni þjóðminjaverði hafi litist vel á safnið að Snartastöðum við opnun þess 1991, var hann ekki of ákafur um stofnun þess og hafði um það þau orð að ekki væri þörf á öðru byggðasafni í svo mikilli nálægð við Húsavík og byggðasafni þar (Kristveig Björnsdóttir, munnleg heimild, 19. desember 2015).

Kristveig Björnsdóttir bendir hins vegar á í samtali að samgöngur hafi ekki verið sem bestar og Norður-Þíngeyingar hafi búið við meiri einangrun en íbúar í mörgum öðrum landshlutum. Ekki hafi verið búið að leggja veginn yfir Tjörnes sem núna tengir þennan hluta Þíngeyjasýslu við Húsavík. Leiðin yfir Reykjaheiði hafi eingöngu verið fær yfir hásumarið en skipasamgöngur voru einu tengsl Norður-Þíngeyinga

við aðra landshluta flesta daga ársins. Landfræðileg nálægð hafi því ekki endilega þýtt „nálægð“ og gott aðgengi. Hér koma berlega í ljós mismunandi áherslur annars vegar íbúa sveita, sem voru stofnendur og eigendur safna, og hins vegar þeirra opinberu aðila sem hvöttu til stofnunar þeirra. Af hálfu þeirra síðar-nefndu var tilgangurinn með stofnun byggðasafna greinilega að varðveita bændamenningu til þess að hraði þjóðfélagsbreytinga æti ekki upp til agna einn af hornsteinum íslenskrar menningar með því að safna gripum sem mögulega gætu minnt á og haldið í henni lífi. Sýnishorn úr hverjum landsfórðungi myndu duga til þess, enda ekki mikill munur á milli landshluta hvað varðar landbúnaðartæki, áhöld til búrekstrar og gripi sem minntu á listhneigð sveitafólks (Ragnar Ásgeirsson, 1959). Sjónarhorn íbúa virtist hins vegar markast af því að halda skilgreiningum á því hvað þeir sjálfir töldu til sinnar heimabygðar. Þessu tengist einnig að jafnvel fram á þennan dag fær safnið að Snartastöðum senda muni frá brottfluttum Norður-Þíngeyingum sem vilja koma þeim þangað sem þeir eiga heima (Kristveig Björnsdóttir, munnleg heimild, 12. janúar 2015). Það rennir stöðum undir hugmyndir um hversu mikilvægt samband íbúa er við þá muni sem þeir álíta að tilheyri þeirra eigin afmarkaða sveitasamfélagi.





Mynd 67

### Í söfnunarferð

Árni Sveinsson hafði skýra sýn á bæði varðveislu og menntunarhlutverk byggðasafna og einnig þeim tilgangi sem munirnir áttu að þjóna; að minna á ákveðin verk, einstaklinga eða ættir (Árni Sveinsson, 1943, bls. 178). Munir sem vísuðu til listfengis íbúa áttu líka að eiga sinn stað á byggðasöfnum, sem vottur um að í sveitum hafi ekki verið „skrælingjar og villimenn“ heldur menningarþjóð sem hafi vaxið og dafnað þrátt fyrir erfið skilyrði. Í starfi Ragnars Ásgeirssonar, riflega tíu árum síðar, fólst m.a. að kemma landsbyggðirnar í leit að gripum sem þóttu verðugir til varðveislu, sem og að aðstoða við skráningu þeirra. Haustið 1959 var hann beðinn um að eiga viðkomu í Norður-Þingeyjarsýslu sem hann gerði (Kristveig Björnsdóttir, munnleg heimild, 19. desember 2015). Sumstaðar varð honum ágengt en annarsstaðar ekki. Að lokum hafði hann þó á nokkrum vikum safnað hundruðum gripa. Ragnar lýsir ferðinni svona í starfsskrá sinni sem birtist í Búnaðarritinu árið 1960:

“Þann 8. september fór ég norður í land, því ég hafði verið beðinn um að fara um Norður-Þingeyjarsýslu, einnig í söfnunarferð. Ég fór um allar sveitir sýslunnar og kom þar á flesta bæi og ýmislegt kom þar í leitirnar, alls á sjötta hundrað munir. Ég kom heim úr þeirri ferð 1. október” (Ragnar Ásgeirsson, 1960, bls. 122).

Allur gangur var hins vegar á því hvort gripirnir sem Ragnari hafði verið lofað skiluðu sér í geymslu. Einhverjar heimtur voru þó á munum sem fengu vist í húsnæði Rannveigar og Björns á Kópaskeri og síðar í kjallara Kaupfélagsins. Þá var tölverðum fjölda muna safnað á árunum 1960 til 1980 (Saga safnsins, 2015) þótt hlé virðist hafa orðið á söfnun handverks um nokkurra ára skeið (Kristveig Björnsdóttir, munnleg heimild, 12. janúar 2015).

### Handverk þingeyskra kvenna

Við söfnun virtist Ragnar fylgja þeirri sýn sem Árni Sveinsson hafði sett fram í grein sinni í Búfræðingnum. Á ferð Ragnars um Norður-Þingeyjarsýslu lagði hann því mesta áherslu á söfnun áhaldta tengdum landbúnaði. Sú söfnun sem Rannveig Gunnarsdóttir ástundaði var hins vegar af nokkuð öðrum toga. Hennar söfnun beindist m.a. að búshlutum og handverki (Kristveig Björnsdóttir, munnleg heimild, 12. janúar 2015) og lagði það grunninn að því mikla safni handverks kvenna sem einkennir safnið að Snartastöðum. Að sögn Kristveigar var móðir hennar mjög gefin fyrir handverk og hafði viðtæka þekkingu á því. Hún hafi stundað ótal gerðir þess, m.a. spunnið og ofið, enda hafi það legið djúpt í rótum hennar fólks að vera við handverk. En það var ef til vill ekki einungis áhugi hennar á handverki sem laðaði þá muni til

safnsins. Þekking hennar og dálæti virðist hafa fært henni traust á þessu sviði meðal sveitunga. Kristveig segir þessa sögu af skautbúningi sem í dag er hluti af safneign safnsins:

“Á því tímabili þegar ekkert gerðist í söfnun, þá er fjölskylda í sveitinni sem leysist upp því konan deyr, og það frá mörgum börnum. Síðar, þegar móðir mín er flutt til Reykjavíkur og orðin lasburða er tekið upp úr kössum. Þá kemur í ljós skautbúningur frá eiginmanni þessarar konu. Hann hafði verið uppi á háalofu, og geymdur vel innpakkaður í kistu. Eftirlifandi eiginmaðurinn, hann treystir henni [móður minni] fyrir þessu” (Kristveig Björnsdóttir, munnleg heimild, 12. janúar 2015).

Flestir handverksmuna safnsins eru frá nítjándu öld og fyrstu áratugum tuttugustu aldar; heimaunnið handverk, bæði þrjónles og útsaumur (English, 2015). Auk hefðbundinna þrjónaðra plagga, vettlinga og sokka, er mikið safn útsaumsverka á borð við sængurver, kraga og undirfatnað, aðallega kvenna. Enn fremur þjóðbúninga, skautbúninga og kyrtla. Safnið samanstendur mestmegnis af munum af svæðinu í kring, þótt örfáir utanaðkomandi hlutir séu þar líka. Í raun eru þær konur sem eiga handverk á safninu ekki svo margar og hafa munirnir fremur verið gerðir af húsfreyjum en vinnukonum. Handverkið tilheyrir konum sem höfðu fengið tækifæri til að mennta sig í hannyrðum, annaðhvort með veru á húsmæðraskóla eða með því að læra af öðrum húsmæðrum. „Það var ekki svo mikið á boðstólnum. Ekki svo margir möguleikar. Sumar lentu á góðu heimilum og gátu lært til heimilisstarfa. Aðrar komust ekki úr sporunum hvað þetta snertir“ (Kristveig Björnsdóttir, munnleg heimild, 12. janúar 2015).

Þegar árið 1906 hafa norður–þingeyskar konur sótt Húsmæðraskólann á Blönduósi. Mikil ásókn var hins vegar í skólann, sem og Húsmæðraskólann á Laugum, og erfitt var að fá skólavist. Þá kostaði það nokkra fjármuni. Þótt aldur handverksmunanna spanni ríflega hundrað ár eru flestir gripanna handavinna sem var unnin á húsmæðraskólum 1900–1930 (Jóhanna Helga Halldórsdóttir, 2006; Kristveig Björnsdóttir, munnleg heimild, 12. janúar 2015). Í handverkinu má því greina nokkra stéttaskiptingu og mismunandi tækifæri kvenna í upphafi tuttugustu aldar sem endurspeglast í safnkostinum. Slíkt er ekki einsdæmi í hinum vestræna heimi, en þótt konur fái pláss í frásögnum safna er það nær regla að raddir vinnukvenna og þeirra sem stunduðu ósýnilega vinnu er látnir liggja á milli hluta (Kavanagh, 1994; Porter, 1995).

Skrásetning munanna vekur athygli en þar er ekki einungis tekið fram hvaða konur áttu búningana,

heldur er handverksins og saumaskaparins getið sérstaklega. Þá er það tekið fram ef ekki er vitað hver saumaði búninginn og reynt að leiða líkum að því: „Ekki [er] vitað hvort hún saumaði búninginn sjálf en það er möguleiki á að hún hafi saumað hann er hún var á Eyrarlandi við Akureyri hjá frænku sinni að læra á orgel“ (Þjóðbúningar á safninu, e.d.). Tilvísanir sem þessar gefa örlitla innsýn í sögu þeirra kvenna sem gerðu og/eða áttu munina og veitir þeim töluverða sérstöðu meðal safngripanna, nokkuð sem sjaldgæft er að sjá á menningarminjasöfnum (Porter, 1995).

Kristveig bendir á að söfnunin hafi tekið kipp við opnun safnsins árið 1991 en í nær öllum tilfellum hafi verið um að ræða muni sem brottfluttar konur vildu senda heim í hérað. Formleg opnun safnsins árið 1991 virtist líka opna augu aðstandenda fyrir möguleikum þess en í gögnum safnsins má greina ákveðinn stíganda (Kristveig Björnsdóttir, munnleg heimild, 19. desember 2015). Þannig virðist safnið gera sér grein fyrir þeirri athygli sem handverkið vekur og þeirri sérstöðu sem því fylgir fyrir safnið, allt frá því að minnast ekki einu orði á handverk í stofnskrá (Bygðasafn Norður–Þingeyinga, e.d.) til þess að lýsa yfir eindregnum vilja til þess að halda söfnun handverks áfram, enda hafi „komið í ljós, að þessi þáttur hefur vakið verðskuldaða athygli“ (Stefanía Gísladóttir, e.d.). Safnið hefur nýtt sér þann áhuga bæði til að laða gesti að safninu og hvetja þá til að nýta safnkostinn. Á sýningunni „Að koma ull í fat...“ árið 2005, þar sem vettlingar, sokkar auk annarra plagga frá ýmsum aldursskeiðum voru til sýnis, voru gestir hvattir til að taka myndir af munstrum til að þrjóna eftir þeim (Sýningar, 2015).

### Skólahús og safnahús

Eins og komið hefur fram varð bið á að draumur Norður–Þingeyinga um húsnæði undir safnið rættist. Árið 1982 var barnaskólahús að Snartarstöðum aflagt en við það losnaði húsnæði sem hentaði undir rektur safnsins. Kassarnir með safngripunum voru fluttir úr kaupfélagshúsinu á Kópaskeri í gamla skólahúsið. Enn leið þó nær áratugur áður en safnið gat opnað formlega því að húsið þurfti að endurskipuleggja og lagfæra. Húsið er um margt merkilegt. Það var teiknað af Guðjóni Samúelssyni árið 1928, á fyrstu árum hans í starfi húsameistara ríkisins, en því starfi gegndi hann allt fram til ársins 1950. Upphaflegt hlutverk þess var að hýsa barnaskólann í Presthólahreppi, Núpasveitaraskóla, en úr ranni Guðjóns eru fjölmargar byggingar víðs vegar um land sem ætlaðar voru til skóla- og fundahalds.

Það sést vel á teikningum hússins að því var ekki einungis ætlað að vera skólahús heldur það sem nú myndi kallast fjölnota hús. Á neðri hæð þess er bæði gert ráð fyrir fundarsal og kennslusal og eru þau herbergi jöfn að stærð. Samkvæmt áfangaskýrslu fyrir húsafríðunarnefnd (Gláma–Kím, 2010) er kennslusalur

í upprunalegu ástandi þótt herbergjaskipan í risi hússins, þar sem heimavist skólans var áður, hafi verið breytt. Núpasveitarskóli var því mun meira en venjulegur skóli. Þangað fylktu sveitungar sér á samkomur og stærri fundi enda var húsið miðpunktur samfélagsins í sveitinni (Sigurður Blöndal, 1985). Samhliða því að vera heimili félagsstarfs í sveitinni var húsið einnig annað heimili þeirra nemenda sem gistu á heimavist en kennt var í því allt fram til ársins 1982. Eftir það var húsið klætt að utan og endurbýgt að innan. Efri hæð hússins var sérstaklega innréttuð með það í huga að hún ætti að hýsa byggðasafn með innbyggðum sýningarskápum undir súð. Samkvæmt því sem kemur fram í söfnunarstefnu Byggðasafns Norður-Þingeyinga hýsti þessi gamli skóli sýslubókasafn, útlánabókasafn, myndasafn og óformlegt skjalasafn, auk byggðasafnsins sem er til húsa á efri hæð hússins, gömlu heimavistinni, og einu herbergi á jarðhæð (Byggðasafn Norður-Þingeyinga, e.d.). Bókasafn Helga Kristjánssonar í Leirhöfn er hluti af byggðasafninu og er einnig á annarri hæð (Jóhanna Helga Halldórsdóttir, 2006). Í dag er húsið til helminga í eigu Menningarmiðstöðvar Þingeyinga og Sveitarfélagsins Norðurlþings.

### Úr kössum í sýningarsali

Þótt söfnun hafi byrjað með skipulegum hætti upp úr miðri síðustu öld er stofndagur Byggðasafns Norður-Þingeyinga hinn áttundi ágúst árið 1963. Það var þó ekki fyrir en þann 28. júlí 1991 sem safnið var opnað almenningi, eins og áður segir. Kassarnir sem fluttir höfðu verið í húsið biðu meðan verið var að gera það upp, en árið 1989 var loks hægt að hefjast handa við að taka upp úr þeim í nýju safnahúsi. „Við erum nokkur fengin til að taka uppúr þessum kössum, ég ásamt þremur körlum. Þetta var rykugt og illa komið en við höfumst handa við að verka þetta upp – og koma fyrir“, segir Kristveig Björnsdóttir, en karlarnir hafi svo hætt. „Ég tók við og fór af veikum mætti að reyna að kynna þvi hvernig ætti að umgangast þessar vörur“. Hún leitaði til Finns Kristjánssonar, forstöðumanns Safnahússins á Húsavík og fékk ráð hjá honum um skráningar og fleira. Upp úr kössunum komu þúsundir muna og að sögn Kristveigar skráði hún allt safnið og leitaðist við að nefna lögun gripanna, aldur þeirra og hverjir hefðu gefið þá til safnsins. Það hamlaði henni þó nokkuð að fólkið sem hafði lagt grunninn að safninu og þekkti hlutina því allra best var annaðhvort mjög lasburða eða látið og af þeim orsökum fór eitthvert magn upplýsinga forgörðum. Kristveig hélt áfram að skrá muni á safninu þar til skráningar voru fluttar í tölvutækt form.

Í stofnskrá safnsins, sem að öllum líkindum er gerð töluvert síðar en byrjað var að safna munum, kemur fram að markmið þess sé að „safna, skrásetja, forverja og varðveita, svo og rannsaka

menningarsögulegar minjar úr Norður-Þingeyjarsýslu“ (e.d.). Þar er ekki sérstaklega tilgreint hvað teljist til menningarlegra minja en eins og komið hefur fram ræðst sú skilgreining af því hver safnar og í hvaða tilgangi. Menningarminjar í augum þeirra aðila sem hvöttu til söfnunar vísuðu fyrst og fremst til landbúnaðar í bændamenningu en fyrir þá sem sáu um söfnun muna í heimabygð snerist menningarsaga svæðisins um handverk norður-Þingeystra kvenna. Í stofnskrá byggðasafnsins er tekið til hagnýtra þátta og sérstaklega er tekið fram að söfnun þurfi að takmarka við húsnæðið og því taki safnið aðeins á móti smærri hlutum. Plássleysi hamlaði þar með því að hægt væri að taka á móti eða safna stærri hlutum, þ.m.t. vélbúnaði, bátum, stærri veiðibúnaði eða tækjum frá upphafi sjónvarps- og tölvuvæðingar. Þá var vilji til að safna heyrinnslutækjum frá fyrri hluta aldarinnar, en þeim átti að koma fyrir í námunda við safnið. Hið takmarkaða rými átti ekki aðeins við um sýningarrými. Geymslurými safnsins var ekki síður aðþrengt. Örlítið geymslurými var í sjálfu safnahúsinu en til að bæta rýmið hafði safnið á leigu herbergi á Kópaskeri og útbúin voru geymslubretti undir súð í sýningarsal þess. Þá var hluti munanna í geymslu heima hjá gefendum (Stefanía Gísladóttir, e.d.).

### Safnkostur

Hér að framan hefur verið fjallað um þann hluta safnkostsins sem hefur vakið hvað mesta athygli á Byggðasafninu að Snartastöðum eftir að það var opnað almenningi; handverk kvenna. Safnið hefur þó að geyma ýmsa annars konar muni og er elsti gripurinn í vörslu þess útskorinn skápur frá 1726 (Saga safnsins, e.d.). Þá eru ótal ljósmyndir í eigu safnsins, m.a. myndir af öllum bændabýlum sýslunnar (Byggðasafn Norður-Þingeyinga, e.d.) auk ljósmynda af íbúum sveitanna sem hafa reynst þeim bæði til gagns og ánægju, en komið hefur fyrir að fólk hafi fundið gamlar myndir af sjálfu sér sem það vissi ekki að væru til (Jóhanna Helga Halldórsdóttir, 2006). Einnig teljast smíðaverkfæri eldsmiðs til safneignar sem og nokkuð af útskornum gripum, landbúnaðaráhöldum, smíðaverkfærum auk ýmissa muna sem varða heimilishald og heimilislíf. Þá eru nokkur málverk talin til safneignar, auk steinasafns en það var gefið af Óskari Sigvaldasyni einum afmvelgjörðarmönnum safnsins.

Á safninu má einnig finna muni úr framleiðslu Helga Kristjánssonar í Leirhöfn en hann rak, ásamt fjölskyldu sinni, umsvifamikla húfugerð á árunum 1927 til 1973 þar sem framleiddar voru húfur úr sítuðu lambaskinni fyrir einstaklinga og opinbera aðila á borð við Lögregluna í Reykjavík (Jóhanna Helga Halldórsdóttir, 2006). Þá gáfu Helgi og Andrea Jónsdóttir, eiginkona hans, sýslunni viðamiknið bóka-safn árið 1952, en Helgi hafði sjálfur bundið inn og gyllt stóran hluta þess. Það samanstendur meðal

annars af Íslendingasögum, skáldsögum, tímaritum og bæklingum; „allt frá svartasta klámi upp í magnaðasta guðsorð“ eins og Helgi orðar það sjálfur í viðtali við Morgunblaðið árið 1980. Bókasafn Helga á Leirhöfn var einnig flutt í safnahúsið að Snartarstöðum og hefur verið varðveitt með munum byggðasafnsins frá opnun þess. Sambýli þessara tveggja safna að Snartarstöðum hafði frekari áhrif á safnkost byggðasafnsins þar sem dætur frumherja í söfnun á svæðinu voru nú undir einu þaki.

„Við erum í þessu, ég og önnur kona. Dóttir Helga sá um bækurnar niðri en heimili hennar í Leirhöfn var mikið menningarheimili. Ég var á byggðasafninu uppi og báðar höfðum við sama áhuga. Það varð til þess að ýmislegt bættist við safnið, bæði úr búi sömu og einnig af heimilinu í Leirhöfn“ (Kristveig Björnsdóttir, munnleg heimild, 12. janúar 2015).

Hvað varðar framsetningu safngripa og sýningargerð þá hafði Kristveig sinn háttinn á sem byggði á ákveðnum sköðunum á gildi gripa og tengslum þeirra við samfélagið. Að hennar mati eiga safngripir ekki heima í kössum. „Það hefur enginn gaman að því sem er í kössum“, segir Kristveig. Safngripum eigi að stilla fram þótt það þýði að þeir standi þétt. „Ég var með sparikraga, barnakraga sem voru algengir á 19. öld, frá sömu konunni. Hún er frá Húsavík og er afskaplega flink. Svo fann ég ljósmynd af börnum sem voru með kraga eftir þessa sömu konu. Einn þeirra var meira að segja sá sami og í uppstillingunni“. Kristveig bendir á að fjöldi safngripa skapi sambengi, eitthvað sem hún segir að vanti í nútímanum (Kristveig Björnsdóttir, munnleg heimild, 19. desember 2015). Margt bendir til að hér vísi Kristveig ekki aðeins til sambengis milli safngripa heldur einnig samfélagslegs sambengis.

### Lokaorð

Frá stofndegi Byggðasafns Norður–Þingeyinga þann 8. ágúst 1963 og fram að sameiningu þess og byggðasafna Suður–Þingeyinga (að Grenjaðarstöðum, á Húsavík og Sjóminjasafnið) undir hatt Menningarmiðstöðvar Þingeyinga árið 2007, var safnið að Snartastöðum í eigu Norður–Þingeyinga (Menningarmiðstöð Þingeyinga, e.d.). Því var stýrt af stjórn Bóka- og byggðasafns Norður–Þingeyinga í umboði Héraðsnefndar sem fór með yfirstjórn þess. Þótt Bóka- og byggðasafnið væri rekið undir sama þaki þá var rekstur þeirra aðskilinn (Bóka og byggðasafn Norður–Þingeyinga, 2002). Lagði héraðsnefndin fé til rekstrar safnsins en aðrar tekjur komu úr ríkissjóði að fengnu samþykki þjóðminjaráðs samkvæmt 13.gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989. (Byggðasafn Norður–Þingeyinga, e.d.). Líkt og títt er um minni byggðasöfn var safnið að Snartastöðum

aðallega opið á sumrin en eftir samkomulagi að vetrum. Sem dæmi um gestafjölda heimsóttu á fjórða hundrad manns safnið árin 1998 og 1999 (Stefanía Björnsdóttir, 1998, 1999). Sá fjöldi jókst til muna á næstu árum en þá gefa skýrslur til kynna tvöföldun á fjölda safngesta (Bóka- og byggðasafn N–Þingeyinga, 2002, 2003). Starfsmannafjöldi safnsins fylgdi þessum breytilegu umsvifum.

Sú saga sem er að finna á byggðasöfnum fjallar ekki eingöngu um sveitina, áhöld sem var beitt við búskap eða matargerð, líkur sem hafa verið taldar eigulegar og hafa varðveist, handverk, tæki og tól. Hún er ekki aðeins upptalning á ártölum, skýrslum og vörðum sem marka söfnun og viðunandi sýningarrými fyrir safnkostinn. Saga minjasafna á Íslandi er meira en það. Í henni felst innsýn í það samfélag sem söfnunin sprettur úr; valdatengsl sem mætti ekki aðeins rekja á milli fólks heldur milli fólks og hluta, og endurspeglast í framsetningum byggðasafna. Hvað hefur verið metið að verðleikum og varðveitt? Og hvað hefur ekki verið varðveitt? Ef til vill er mikilvægasta spurningin hér; hvaða verðleikar voru lagðir til grundvallar safninu og hvers vegna? Hvaða gildi endurspeglar safnið? Og að hve miklu leyti eru þau sams konar eða frábrugðin þeim gildum sem endurspeglast á öðrum byggðasöfnum, á Íslandi sem og annars staðar í heiminum? Það eru hins vegar ekki einungis valdatengsl sem kristallast á byggðasöfnum. Þau endurspeglu líka tilfinningar. Tilfinningar til áthuga og samfélags sem birtast þegar brottfluttir einstaklingar senda hluti „heim í hérað“ (Ragna Ásgeirsson, 1959, bls. 147; Kristveig Björnsdóttir, munnleg heimild). Þær tilfinningar sem koma fram gagnvart upphafsmönnum og velgjörðarfólki, og koma fram í hlutum safna. Söfn endurspeglu mannleg tengsl, en líkt og Kristveig bendir á: „Að þeir sem vel hafi gert fái að njóta sín.“

### Heimildaskrá

Árni Sveinsson. (1943). Um byggðasöfn. *Búfræðingurinn*, 10(1), bls. 176–179.

Bóka og byggðasafn N–Þingeyinga. (2002). *Skýrsla um starfsemi Bóka og byggðasafns N–Þingeyinga*. Bóka- og byggðasafn N–Þingeyinga: Kópaskeri.

Bóka og byggðasafn N–Þingeyinga. (2003). *Skýrsla um starfsemi Bóka og byggðasafns N–Þingeyinga*. Bóka- og byggðasafn N–Þingeyinga: Kópaskeri.

Byggðasafn Norður–Þingeyinga. (e.d.). Stofnskrá Byggðasafns Norður–Þingeyinga. Byggðasafn Norður–

- Þingeyinga: Kópasker.  
Byggðasafn Norður-Þingeyinga. (e.d.). Söfnunarstefna Byggðasafns Norður-Þingeyinga. Byggðasafn Norður-Þingeyinga: Kópasker.
- Chapman, Ellen. (2007). What Makes a Museum National? *National Identities at Community Museums*. Sótt 26. apríl 2011 af <http://www.ep.liu.se>.
- Eggert Þór Bernharðsson. (2013). Sögusýn(ingar). *Söguþing 2012: Ráðstefnurit*. Sótt 15. desember 2014 af <http://skemman.is>.
- Eiríkur Bergmann. (2008). Þjóðernishugmyndir Íslendinga og afstaðan til Evrópu. *Bifröst Journal of Social Science*, 2, 89–103.
- English. (e.d.). Sótt 8. janúar 2015 af <http://www.islandia.is/boknord/enska.htm>.
- Gláma-Kím. (2010). Fundarhús og skólar í sveitum landsins: könnun á fjölda og ástandi varðveittra húsa frá fyrri hluta 20. aldar. Húsfriðunarnefnd. Sótt 8. janúar 2015 af <http://minjastofnun.eplica.is/media/husakannanir>.
- Hildur Helga Sigurðardóttir. (1980, 12. október). „Allt frá svartasta klámi upp í magnaðasta guðsorð“. *Morgunblaðið*, bls. 50.
- Jóhanna Helga Halldórsdóttir. (2006). Bóka- og byggðasafn Norður-Þingeyinga. *Heima er Best: Þjóðlegt heimilisrit*, 56(8).
- Katla Kjartansdóttir. (2005). Þjóðminjasöfn og mótun jódernismyndar. *SAGA*, 43(1), bls. 168–174.
- Kavanagh, G. (1994). *Museum Provision and Professionalism*. London: Routledge.
- Kristveig Björnsdóttir. (1998). *Ársskýrsla Byggðasafns Norður-Þingeyinga við Kópasker*. Byggðasafn Norður-Þingeyinga: Kópasker.
- Kristveig Björnsdóttir. (1999). *Ársskýrsla Byggðasafns Norður-Þingeyinga við Kópasker*. Byggðasafn Norður-Þingeyinga: Kópasker.
- Menningarmiðstöð Þingeyinga. (e.d.) Sótt 7. janúar 2015 af <http://www.husmus.is/>.
- Porter, Gaby. (1995). Seeing through Solidity: a feminist perspective on museums. *The Sociological Review*, 43(S1), bls. 105–126.
- Ragnar Ásgeirsson. (1959). Starfsskrá Ragnars Ásgeirssonar. *Búnaðarrit*, 72(1), bls. 142–148.
- Ragnar Ásgeirsson. (1960). Starfsskrá Ragnars Ásgeirssonar. *Búnaðarrit*, 73(1), bls. 120–122.
- Saga safnsins. (e.d.). Sótt 10. janúar 2015 af <http://www.islandia.is/boknord/sagabygg.htm>.
- Sigurður Blöndal. (1985, 29. október). Minning: Halldóra Friðriksdóttir frá Efri-Hólum. *NT*, bls. 14.
- Stefanía Gísladóttir. (e.d.). *Starfsstefna 2006–2010 fyrir Bóka- og byggðasafn N-Þingeyinga*. Bóka- og byggðasafn N-Þingeyinga: Kópaskeri.
- Þjóðbúningur á safninu. (e.d.). Sótt 8. janúar 2015 af <http://www.islandia.is/boknord/buningar.htm>.



## Þjóðleg menning Ragnar Ásgeirsson

Landið okkar hefir verið byggt í meira en þúsund ár.

Í meira en þúsund ár hafa forfeður okkar unnið hér margþætt störf, eftir því, sem staðhættir, hugsun þeirra og hjartalag sagði þeim fyrir. Öll þau störf, sem hér hafa verið unnin, til góðs, meðan aldirnar liðu, má nefna ræktunarstörf, alveg sama hvort það var hugur mannsins, gripir eða jurtir, sem ræktaðar voru.

Reynsla sú, sem fengizt hefir fyrir hin fjölþættu störf kynslóðanna, á andlegu eða verklegu sviði, hún er arfur okkar Íslendinga, sem nú lifum; hún er sá vaður, sem tengir okkur við forfeður okkar, tengir nútíð við liðna tíð. Verk forfeðranna ber okkur því að virða og halda í heiðri – og bóndanum og konu hans ber þó að virða þau framar öllum öðrum.

Þegar við lítum yfir landabréf af hinni strjálbýlu jörð okkar, þá veitum við því undireins eftirtekt, að hið óræktaða svæði er miklu víðáttumeira en hið ræktaða. Og ef til vill er það alveg eins, þegar við lítum yfir önnur svið, sem ekki eru bundin við moldina. Þau svið hafa þó ef til vill ekki síður þörf fyrir ræktun, en hin ófrjóa jörð, sem getur orðið góð og gefið svo mikinn arð, ef rétt er að farið. Og gætu auk þess veitt unað og holla nautn, ef vel tekst.

Víðar en hér á landi heyrast talað á þá leið, að bændastéttin sé ein allra mikilverðasta stétt þjóðfélagsins. Í mörgum löndum hefir hún verið það, og hún hefir í sumum löndum verið sá festarsteinn,

sem þjóðerni hefir verið tengt við öðru fremur, og sú undirstaða, sem tilvera margra annarra en þeirra, sem til hennar töldust, byggðist á. – Ef við göngu inn á þetta sjónarsvið, að bændastéttin sé að ýmsu leyti þýðingarmeiri en aðrar stéttir þjóðfélagsins, þá leiðir af því, að hún ber mikla ábyrgð og þungar skyldur á herðum, sem fullnægja verður, ef ekki á að fara illa fyrir henni sem heild og þeim einstaklingum, sem til hennar teljast. Því fylgir mikil ábyrgð, að vera bóndi.

Bóndi, eða búandi, heitir enginn annar en sá, sem býr á jörð, ræktar hana og nýttar. Hann á að skila henni af sér, betri en hann tók við henni, því annars er hann ekki góður bóndi, en jarðníðingur er andstætt hugtak og harla ófagurt.

Þá fer fyrst vel, ef bóndanum þykir vænt um jörð sína og áhöfn hennar, svo að hann metur það ekki eingöngu í krónum, þó að sá mælikvarði sé að vísu mikilsverður bæði fyrir hann og þjóðfélagið. Þó er bezt, ef bóndinn tekur svo mikla tryggð við jörð sína, að hún endist æfina út og að niðjar hans taki hana að sér með sama hugarfari. Þá kann svo að fara, að hún verði ódal ættarinnar, undirstaðan í tilveru margra manna, tilveru ættarinnar. Þaðan koma þá engir rótlausir menn, og þá er vel.

Það er gott, að halda tryggð við skyldmenni og vini, en átthagatryggðin er ekki síður mikilsverð. Sé hún í góðu lagi, þá þarf ekki að óttast fólksstrauminn úr sveitinni, ekki að óttast, að jarðir og land fari í

aðn. Eigum við Íslendingar nóga áttagatryggð? Fólksstraumurinn, úr sveitunum í kaupstaðina, bendir ekki á, að svo sé. Þarna er e.t.v. óræktarsvæði, sem þyrfti að bæta með því að reyna að lífga eða vekja tryggð unglínganna til áttaganna og ástina til þess fjölbreytta lífs, sem er á hverju býli, á hverju einasta koti á þessu landi.

Þarna er svið, sem skólarnir og þó einkum héraðsskólarnir ættu að starfa á, til þess að vinna að því, að nemendurnir færu þaðan heim í sveitina sína aftur, en síður í kaupstaðinn. En gera skólarnir skyldu sína í þessu mikilsverða máli? Því læt ég ósvarað hér.

Í fyrravetur kom ég afskekktan bóndabæ á Austurlandi. Þegar ég fór þaðan og lagði á heiðina um morguninn, átti ég samleið með bóndanum á beitarhúsin – og ég undradist, hvað sú leið var löng. Hálf annars tíma ganga hvora leið, fyrir utan röltið við kindurnar. Ég hafði orð á þessu við bóndann, og hann sagði: „Það er ekki hátt, tímakaupið mitt, útreiknað í peningum.“ En svo bætti hann við: „En ég fæ að vera úti í náttúrunni,“ og það mat hann meira en hátt tímakaup og grátt, malbikað stræti undir fótum.

Þessi hugsun, að líta á náttúru landsins sem andlegt verðmæti, lífsnautn sem mikið væri gefandi fyrir að fá að njóta, hún er allt of óviða til. Viða lifa menn hér í þessu yndislega landi svo að segja án þess að opna augu sín fyrir fegurðinni, sem hvarvetna blasir við þeim. Sumir meta ekki annað en hinn græna möttul Fjallkonunnar eða skýlausan bláan himin, en sjá ekki fegurð vetrarbúnings hennar, sem er þó engu minni. Sú ágæta kona skiptir oft um klæðnað á sumri og vetri og allir eru búningarnir fagrir og fara henni mæta vel.

Kunni menn að meta hið fagra, sem er í kringum þá, þá una þeir sér betur; fegurð er enginn hégómi. Og það, sem ófagurt er, má oft rækta og gera fagurt, og það er ef til vill hið göfgasta hlutverk, sem við menn höfum að vinna, hvort sem það er land eða lifandi vera eða óunninn efniviður, sem fengist er við.

Hvað er dýrmæst af því, sem við mennirnir eigum eða njótum? – Þessi spurning var einu sinni lögd fyrir mig, fyrir mörgum árum, og mér varð þá svarafátt. Væri hún lögd fyrir mig nú, þá hyggt ég, að ég myndi svara með einu orði: „Heimilið.“ Þeim er gott að hugsa til æskuheimilisins, sem hafa verið svo gæfusamir að eiga það gott. Þegar á æfina líður, þá er dýrmætt að eiga eigið heimili, þar sem hinum góðu venjum foreldranna er haldið við. Góðu heimilin eru ef til vill dýrmætasta eign þjóðfélagsins. Heimili bændanna ekki sízt, og þar hyggt ég einmitt, að sé svið, sem sýna ætti meiri rækt, en víða er gert.

Heimilismenningin hefir fleiri hliðar en eina. Ég ætla ekki að ræða hér um þá hlið, sem veit að fágun síðanna á heimilum, því það er ljóst mál, að í þeim þarf að vera bæði festa og fegurð og því aðeins verður

uppeldi unglínganna gott, að svo sé. Aðeins vil ég benda á hina hóflausu notkun blótsyrða, sem víða á sér stað hér á landi og mér virðist meiri hér, en í öðrum löndum, þar sem ég þekki til; en þar eru blótsamir menn ekki taldir stofu- eða samkvæmishæfir. Óhófleg notkun blótsyrða ber vitni um óræktað hugarfar og mjög svo takmarkaðan orðaforða til að lýsa hugsunum sínum.

En það var hin ytri hlið hífýlamenningarinnar, sem mig langaði til að minnast á hér, og það er mál, sem mig hefir lengi langað til að ræða um við íslenska bændur og konur þeirra. Og þó að mörg fræ kunni að falla í grýtta jörð, þá getur verið, að eitt og eitt korn falli í frjóa mold og vaxi og beri ávöxt einhvern tíma síðar.

Erlendur maður, sem var hér á ferð fyrir nokkrum tugum ára og skrifaði bók um ferðalag sitt, lýsir því, er hann kom á afskekktan sveitabæ, og segir, að þar hafi sér fundizt hann hafa komið á einna fullkonnasta heimili. Þar var hreinlegt og þokkalegt og ekkert til annað, en þeir hlutir, sem nytsamir voru. En þeir báru allir vandaðan og sérstakan svip, því þeir voru allir gerðir af innlendu fólki, báru því þjóðlegan svip og virðulegan. Sá svipur hafði mótast um aldaradir af hugsun og hagleik íslenzkrar alþýðu. Sérhver hlutur hafði sérstakt hlutverk að vinna og var vel til þess fallinn. En það var eigendunum ekki nóg; hann varð líka að vera fagur. Því voru asklokin rósum skreytt og rúmfalir og kistlar útskornir. Saudlitimír á heimaunnum ábreiðunum voru notalegir á að horfa, og allt var þetta innlent, sem þar var. Það var auðséð, að á bænum bjó fólk, sem kunni að búa að sínu, kunni að hagnýta sér sína eigin framleiðslu, kunni að hagnýta gæði landsins, hina innlendu framleiðslu á margvíslegan hátt. En það er þjóðmenning. Þannig var það víða með bændaþjóðum fyrir fáeinum áratugum.

En svo kemur nýi tíminn til sögunnar, með allar sínar framfarir og hið mikla los á öllu, hið ytra og innra. Verksmiðjuíðnaði fleygir fram á öllum sviðum, þörfum og óþörfum, og flóð af ódýrum munum streymir yfir löndin. Að sumu leyti framför, en að öðru leyti ekki. Nú var allt steipt í sama mót, og því verður ekki neitað, að sumt var nytsamt og hentugt. En þessa hluti vantaði þann persónulega blæ, sem einstakir menn höfðu gefið þeim áður og gert þá fagra, verðmæta, göfuga. Og alþýða landanna grípur þennan verksmiðjuíðnað fegins hendi – hér eins og annarsstaðar – og hinn gamli íðnaður heimilanna fellur niður og menn gleyma sínum gömlu íþróttum, því íþrótt er það og hún flestum öðrum betri, að kunna vel að beita verkfærum. Bóndinn missir þá tilfinningu, fyrir formi og fegurð nytsamra muna, sem hann hafði erfitt frá forfeðrunum, og þróast hafði með kynslóð eftir kynslóð, og hinn fagri svipur, sem rótföst gömul menning gefur hinu ytra lífi, máist smátt og smátt af.



Þetta kemur meðal annars af því, að menn báru ekki næga tryggð til hinna dauðu hluta, sem þeir höfðu sjálfir búið til eða forfeður þeirra. Það er ekki nóg að bera tryggð til ættingja og átttaganna, okkur verður einnig að þykja vænt um hina svonefndu dauðu muni, sem eru arfur frá forfeðrunum. Það eru ekki léleg trúarbrögð, sem Lapparnir hafa. Þeir trúa því, að á dómsdegi rísi allir dauðir hlutir, stokkar og steinar, upp og beri hinum látna vitni. Því má ekki umgangast þá ógætlega eða spilla þeim. Hefðum við trúað á stokka og steina á sama hátt, væri sumt öðruvísi og betra hér, en það er nú.

Þessi hnignun hinnar gömlu menningar bændanna hefir verið áhyggjuefni margra hugsandi manna í flestum löndum, sem vilja varðveita arfinn frá forfeðrunum vel. Marga hefir dreymt um, að endurvekja eða endurreisa eitthvað af hinu gamla á ný. „Varðar mest til allra orða undirstaða rétt sé fundin,“ segir bróðir Eysteinn í Lilju. Og eins er það hér. Það er kleift að endurreisa, sé það gert á réttri undirstöðu.

*Fyrsta sporið í áttina til þess er að safna leyfunum af hinu gamla, sem enn eru til og vernda þær frá glötun.*

Þetta hefir víða verið gert í nágrennalöndunum og svonefnd byggðasöfn hafa verið sett á stofn. Af merkustu byggðasöfnum í Noregi má nefna Bygdö við Osló og Maihaugen í Lillehammer, í Svíþjóð Skansen hjá Stokkhólmi og í Danmörku safnið í Lyngby á Sjálandi. Þar er arfurinn frá forfeðrunum, bændunum, varðveittur frá glötun og verður eftirkomendunum aðgengilegur með því að hafa söfnin opin á hverjum degi allan ársins hring.

Bóndabæir, sem merkilegir þykja, úr nálægum og fjarlægum landslutum, eru teknir niður, fluttir og endurbýggðir í þessum byggðasöfnum, hver hlutur, sem þeim tilheyrir, frá hinum merkilegustu til þeirra, sem kunna að sýnast auðvirkilegastir, settur á þann stað, sem hann var, meðan lífinu var lifað í þessum gömlu hýbýlum. Umsjónarmenn safnanna eru stundum í búningum af sömu gerð og notaðir voru í þessum húsakynnum, og þarna geta nútímamenn því séð lifandi mynd fortíðarinnar og sótt þangað margt, sem menn geta hagnýtt sér í daglegu lífi ásamt gömlum fyrirmyndum til skrauts og nytsemdar á heimilum nútíðarinnar.

Í svo miklum metum er hin gamla menning bændanna sumstaðar höfð, að jafnvel heimili kaupstaðabúa eru gerð eftir fyrirmyndum frá gömlu sveitabæjunum. Og bændurnir verða hreyknir af sinni sveit og sínu héraði, sem oft ber sinn eigin svip, hvað hina ytri heimilismenningu og klæðaburð snertir. Þá þarf ekki að spyrja, hvaðan maðurinn sé, sem gengur um borgarstrætið; það sést á honum. Hann er sveitalegur, í beztu merkingu þess orðs, er hreykinn af því og má vel vera það.

Höfuðborgirnar keppast við að koma upp slíkum byggðasöfnum hjá sér, til þess að geta sýnt íbúum sínum og erlendum gestum, sem ber að garði, menningarverðmæti landsins. Sýslur og héruð gera hið sama. Þau eru t.d. ekki fá byggðasöfnin í héruðum Noregs og Svíþjóðar, og ráðandi mönnum þar er vel ljóst, hve þýðingarmikil þau eru fyrir sjálfstæðistilfinningu landsmanna. Þeim er það ljóst, að þráðinn milli fortíðar og nútíðar má ekki slíta, og að hann þrinnast bezt í sveitum landsins, því þar var fólkið róttfastast meðan aldirnar liðu. Byggðasöfnin hafa kennt mörgum manni og konu úr kaupstað og úr sveit að elska og virða hið gamla og að skilja forfeður sína og sjálf sig betur á eftir sem áður.

Við Íslendingar höfum, að minnsta kosti hingað til, viljað vera norrænir menn, og sjálfir höfum við oft talið okkur eina göfugustu greinina á hinum norræna stofni, þar sem við tölum enn í dag tungu, sem stendur hinnu fornu norrænu tungu allra næst. Sjálfhælni er leiður ágalli og líklega er það frekar legu landsins og einangrun um aldir að þakka, en okkur sjálfum, hve vel norræn tunga hefir haldizt hér. Gamlar venjur og siði höfum við ekki haldið fast við og hvað meðferð gamalla gripa snertir, höfum við verið ærið laushentir og sýnt þeim of lítinn sóma. Er því margt glatað af hinu gamla og góða, sogað niður í hinni miklu hringiðu síðustu áratuga.

Að vísu eigum við allalítlegt safn forngrípa í Reykjavík, en það hefir aldrei verið farið með það eins og vera ber og það á skilið. Hornreka hefir það verið alla tíð og er það enn á því herrans ári 1941. Saga þess er hörmungarsaga, tákn þess, hvernig íslenzkir stjórnmálamenn virða þjóðleg verðmæti, arfinn frá forfeðrunum. Það var nýflutt af hinu gamla Landsbankalofti, þegar hann brann til kaldra kola – og þá á ný komið fyrir undir eldfimri súð Safnahússins, við þrengsli meiri en í nokkru öðru forngripasafni veraldarinnar. Nú mun því hafa verið komið fyrir í kjallara safnahússins, sem er óþægilega nálægt höfninni, og gæti eyðilagzt á stuttri stundu, ef sprengja, sem höfninni væri ætluð, hitti utan við mark sitt, eins og mörg dæmi eru til. Þannig býr höfuðstaður hins unga „sjálfstæða“ ríkis að aðalsafninu. Þannig er farið með þenna dýrmæta arf frá forfeðrunum, og er hann því nú sem stendur með öllu óaðgengilegur þeim, er þangað þurfa að leita, til að fræðast um gamla tíð af þessum heimildum. Því gripirnir sjálfir eru einhverjar hinar merkustu heimildir um menningarsögu þjóðarinnar.

Stjórnmálaflokkar og þingfulltrúar þeirra láta sig þetta stórmál litlu skipta; sama hvort þeir eru fulltrúar bæja eða sveita, borgara eða bænda. „Blýhólka“ og „stállungu“ ræða þeir meira um, og það sem verra er, er það, að þorri alþýðu til sveita og sjávar virðist vinna það til að rýma úr huga sér þjóðlegum verðmætum, til þess

að geta ginið sem bezt við fróðleikum um þessi áhöld og þaðan af fjarlægari vélar nútímans.

En hvenær skyldu menn í sýslum og héruðum landsins vakna til vitundar um, hve mikla þýðingu hið þjóðlega viðhorf gæti haft fyrir þjóðina?

Ég sé í huganum merkilegt byggðasafn rísa upp við fjölförnustu þjóðbraut landsins, þar sem sýnd væru híbýli bændanna á Suðurlandsundirlendinu, eins og þau voru á liðnum öldum, hið ytra og innra, með öllum þeim hlutum og húsum, sem til heyrðu á einni jörð, frá efstu byggð til sjávarsíðu. Ég sé menn og konur leggja leið sína þangað, til þess að kynnst þar þeim verðmætum, sem liggja eftir forfeður okkar; verðmætum, sem ber í heiðri að halda, ef þjóðleg menning sveitanna á að endurlifna í landinu. Hér er verkefni að vinna fyrir þá, sem vilja landi sínu vel, sem vilja hækka hlut byggðanna og vinna á móti hinni sorglegu minnimáttarkennd íslenska bóndans gegn kaupstaðabúanum.

En þó ég, Sunnlendingurinn, nefni hinar samliggjandi sýslur hins mikla undirlendis í þessu sambandi, gæti ég betur trúað, að íbúar annarra sýslna yrðu fyrri til að hreyfa þessu máli en Sunnlendingarnir mínir.

Ef til vill á þetta mál langt í land – en einhverntíma verður það af hendi leyst. Og takist giftusamlega, þá mun sannast, að þetta er menningarmál, sem varðar kynslóðir og tengir þær saman og líðandi stund við líðna tíð. Sýslur landsins eru nú að byrja að vakna til vitundar um að varðveita sögu sína og ýmislegt gamalt frá gleymsku. Þar reið síra Björn O. Björnsson, þá prestur í Ásum í Skaptártungu, á vaðið með bókina um Vestur–Skaftafellssýslu, 1930. Borgfirðingar komu næstir með sína héraðssögu, með hinum ágætu greinum Kristleifs Þorsteinssonar og Ásgeirs Bjarnasonar. Skagfirðingar hafa þegar hafizt handa um myndarlegt rit varðandi sögu héraðsins og Húnavtingar og Árnesingar munu vera nær því komnir af stað, og fleiri munu á eftir koma.

*En hvaða hérað verður fyrst, til að hefjast handa um að koma upp safni byggðarinnar?*

Þetta er málefni, sem bíður úrlausnar. Ef vel tækist um úrlausn þess, mætti það leiða til betri skilnings manna á þjóð sinni og sjálfum sér, aukinnar áthagatrygðar og meiri virðingar fyrir verkum forfeðranna – göfgunar og eflingar heimilanna. Þá myndi flóttinn áreiðanlega minnka úr sveitunum og lífið verða þar fjölbreyttara og skemmtilegra, en það getur verið í fámenni og strjálbýli. Og þjóðerni Íslendinga í minni hættu, en það er nú.

Það er til gamalt máltæki, sem kennir, að ekki skuli kasta gamalli flik fyrir en ný og betri sé fengin; en Íslendingur tuttugustu aldarinnar hefir ekki fylgt þeirri kenningu. Hann hefir, á mörgum sviðum kastað

hinu gamla, áður en reynsla var fengin fyrir því, sem kom í staðinn. Afleiðingarnar má sjá víða og ekki sízt í húsabyggingum og híbýlum bændanna. Hús upp á fleiri hæðir, eins og henta í kaupstöðum, þar sem hver fermeter kostar of fjár, hafa verið byggð í sveitum, þar sem segja má, að ekki þurfi að reikna lóðaverðið með. Húsmóðirin verður svo að röltu upp og ofan stigana guðslangan daginn, í stað þess að hafa mest allt á einni hæð. Húsgögnin, sem fóru svo vel í gamla bænum, eiga einhvernvegin ekki heima í nýja húsinu, og hinn ytri blær heimilisins verður þá miður fagur. Þar bíður mikið verkefni, að sameina gamalt og nýtt, þegar hús eru byggð í sveitum, og koma öllu þannig fyrir, að sá, sem þar kemur, hugsji um leið og hann stígur inn fyrir þröskuldinn: Hér býr íslenzkur bóndi með húsfreyju sinni – og kunni vel við sig í þeim híbýlum. En þá er heimilisræktin líka í góðu lagi, hið ytra, og venjulega er alltaf svipur með því, sem ytra er og hinu innra, eins og sagt er, að sál hvers manns lýsi sér venjulega í andliti hans. Bragur heimilisins er ef til vill mest undir góðri húsmóður kominn, en verður þó aldrei fullkominn nema þar, sem bóndi og húsfreyja hjálpast að.

Þjóðleg heimili og góð eru vafalaust mestu verðmæti þjóðfélagsins. Sé nóg af menningarheimilum í landinu, þarf ekki að óttast um þjóðerni, hversu margir sem erlendir „gestir“ kunna að verða. Ræktun heimilanna, ytra og innra, er því nauðsynlegast allrar ræktunar. Á þjóðlegum heimilum veltur það fyrst og fremst, hvort þjóðin stentz þá eldraun, sem hún er nú í – eða ekki.

Að endingu vil ég minna á gamla helgisögn, úr Biskupasögum:

Einu sinni var fátækur maður að síga bjarg eftir lífsbjörg handa sér og sínum. Honum varð vel til fanga; en þegar hann ætlaði að láta draga sig upp á brún með veiðina, kom grá, loðin lokka út úr bjargveggnum og brá beittri skálm á vaðinn, og skárust þegar sjö þættir hans í sundur. En á einn þáttinn beit skálm óvættarinnar ekki, því hann var vígður, og á honum bjargaðist veiðimaðurinn lifandi úr hættunni.

Við skulum vona, að í þeim vað, sem íslenska þjóðin hangir nú í, sé einnig vígður þáttur, sem hinum gráu loppum, sem hingað kunna að seilast, takist ekki að murka í sundur – hvað sem á gengur, en það er þáttur þjóðlegrar íslenzkrar menningar.

Ragnar Ásgeirsson. 1941. „Þjóðleg menning.“ *Jörð* 1(2), bls. 27–37.



## Myndaskrá

**Mynd 1** Bls. 9 Kristján Eldjárn, Þjóðminjavörður, aðstoðar við uppsetningu sýningar Bygðasafns Árnesinga. Með honum eru Skúli Helgason og Kristinn Vigfússon, smiður. Ljósmynd: Gísli Gestsson. Þjóðminjasafn Íslands.

**Mynd 2** Bls. 12–13 Ragnar Ásgeirsson á vettvangi. Ljósmynd: Tryggvi Samúelsson. Þjóðminjasafn Íslands.

**Mynd 3** Bls. 14 Þátttakendur á fundi bygðasafna á Norðurlandi sem haldinn var á Blönduósi 1982. F.v. Guðrún Jónsdóttir á Hnjúki í Vatnsdal, Þóra Sigurgeirsdóttir Blönduósi, Guðmundur Sigvaldason sveitarstjóri Skagatrönd, Guðmundur Karlsson formaður stjórnar Bygðasafns Húnavetninga og Stradamanna, Aðalbjörg Ingvarsdóttir umsjónarkona minjastofu Kvennaskólans á Blönduósi, óþekktur, Jónína Marteinsdóttir í stjórn Minjasafnsins á Akureyri, Elísabet Sigurgeirsdóttir safnstjóri við Heimilisiðnaðarsafnið, Svanhildur Þorleifsdóttir á Blönduósi, óþekktur, Gunnar Helgason frá Skagatrönd, óþekktur. Ljósmynd: Þór E. Magnússon. Þjóðminjasafn Íslands.

**Mynd 4–9** Bls. 20 Bátar í umsjá Bygðasafns Vestfjarða. Ljósmynd: Bygðasafn Vestfjarða.

**Mynd 10** Bls. 23 Safnasvæði Bygðasafns Vestfjarða. Ljósmynd: Bygðasafn Vestfjarða.

**Mynd 11** Bls. 26 Saltfiskbreiða á safnasvæði Bygðasafns Vestfjarða. Ljósmynd: Bygðasafn Vestfjarða.

**Mynd 12** Bls. 29 Vestfirðingabók. Ljósmynd: Bygðasafn Vestfjarða.

**Mynd 13–14** Bls. 34 Efri: Börn skoða sýningu Bygðasafns– og Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar *Börn í 100 ár*. Sýninguna hannaði Snorri Freyr Hilmarsson. Ljósmynd: Héraðsskjalasafn– og Bygðasafn Borgarfjarðar. Neðri: Safnfræðsla í Bygðasafni Borgarfjarðar. Ljósmynd: Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar og Bygðasafn Borgarfjarðar.

**Mynd 15** Bls. 39 Gestir skoða sýningu Bygðasafns– og Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar *Gleym þeim ei* sem sett var upp vegna 100 ára kosningaafmælis kvenna árið 2015. Ljósmynd: Héraðsskjalasafn– og Bygðasafn Borgarfjarðar.

**Mynd 16** Bls. 41 *Ævintýri fuglanna*, sýning í Bygðasafni Borgarfjarðar hönnuð af Snorra Frey Hilmarssyni. Ljósmynd: Héraðsskjalasafn– og Bygðasafn Borgarfjarðar.

**Mynd 17** Bls. 49 Bygðasafni Skagfirðinga færð gjöf. Ljósmynd Tíminn. Þjóðminjasafn Íslands.

**Mynd 18** Bls. 50 Áshúsið til vinstri og Gilsstofan til hægri. Á milli húsanna sést í gamla bæinn og kirkjuna. Ljósmynd: Bygðasafn Skagfirðinga.

**Mynd 19** Bls. 53 Rannsóknir og skráningar minja á vettvangi eru lykilatíði í þekkingarleit og þekkingarsköpun og varpa ljósi á safnmuni, landnýtingu, landbúnað og búskaparhætti. Ljósmynd: Bygðasafn Skagfirðinga.

**Mynd 20** Bls. 54 Tveimur árum eftir að fyrsta námskeið Fornverkaskólans hófst á Tyrfringsstöðum var þessi fallegi gimbrahópur tekinn á hús. Viðgerðir á húsum jarðarinnar urðu til þess að fjárbúskapur hófst á ný, eftir 40 ára hlé. Ljósmynd: Bygðasafn Skagfirðinga.

**Mynd 21** Bls. 60 Þórður Tómasson með kvarnarstokk hjá Tungunesi í Austur–Húnavatnssýslu. Ljósmynd: Þór E. Magnússon. Þjóðminjasafn Íslands.

**Mynd 22–23** Bls. 63 Efri: Bæjarhús frá Skál á Síðu og skemma frá Gröf í Skaftártungu. Ljósmynd: Skógasafn. Neðri: Skógakirkja. Ljósmynd: Skógasafn.

**Mynd 24** Bls. 64 Barnaskóli frá Litla–Hvammi í Mýrdal á safnasvæði Skógasafns. Ljósmynd: Skógasafn.

**Mynd 25** Bls. 66 Torfbærinn í Skógum í Eyjafjallajökulsgosinu 2010. Ljósmynd: Skógasafn.

**Mynd 26** Bls. 70 Þorsteinn Víglundsson safnstjóri Bygðasafns Vestmannaeyja árið 1969. Ljósmynd: Vilborg Harðardóttir. Þjóðminjasafn Íslands.

**Mynd 27** Bls. 73 Þorsteinn Víglundsson flytur safneign Bygðasafns Vestmannaeyja í Heimaeyjargosinu 1973. Ljósmynd: Bygðasafn Vestmannaeyja.

**Myndir 28–29** Bls. 74 Gestir skoða nýjar sýningar í Bygðasafni Vestmannaeyja. Ljósmynd: Bygðasafn Vestmannaeyja.

**Mynd 30** Bls. 84 Leikfangasýning í Pakkhúsinu er sérstaklega ætluð börnum, en Bygðasafn Hafnarfjarðar varðveitir stórt safn leikfanga. Ljósmynd: Bygðasafn Hafnarfjarðar.

**Mynd 31** Bls. 87 Á strandstígnum í Hafnarfirði er sýningaaðstaða ljósmyndasafns Bygðasafns Hafnarfjarðar. Ljósmynd: Bygðasafn Hafnarfjarðar.

**Mynd 32** Bls. 91 Frá þemasýningu í Góðtemplarahúsinu, Gúttó, þar sem fjallað er um menningar– og félagssögu Hafnarfjarðar. Ljósmynd: Bygðasafn Hafnarfjarðar.

**Mynd 33** Bls. 92 Á sýningunni *Þannig var...* er saga Hafnarfjarðar rakin og meðal annars hægt að fræðast um hernámið. Ljósmynd: Bygðasafn Hafnarfjarðar.

**Mynd 34** Bls. 99 Lárus Sigurbjörnsson t.v. tekur á móti gripum frá ónafngreindum manni. Ljósmynd: Gunnar Rúnar Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

**Mynd 35** Bls. 100 Sumardagur á Árbæjarsafni. Ljósmynd: Borgarsögusafn Reykjavíkur.

**Mynd 36** Bls. 103 Kornhúsið frá Vopnafirði í byggingu. Ljósmynd: Tíminn. Þjóðminjasafn Íslands.

**Mynd 37** Bls. 106 Húsflutningur á Árbæjarsafni. Ljósmynd: Róbert Ágústsson. Þjóðminjasafn Íslands.

- Mynd 38** Bls. 118 Hlóðaeldhús á Grenjaðarstað. Ljósmynd: Menningarmiðstöð Þingeyinga.
- Mynd 39** Bls. 120 Teikning Þorvaldar Þorvaldssonar af safnbyggingum Bygðasafns Suður–Þingeyinga. Mynd: Menningarmiðstöð Þingeyinga.
- Mynd 40** Bls. 122 Guðni Halldórsson tekur við starfi safnstjóra Bygðasafns Suður–Þingeyinga af Finni Kristjánssyni. Ljósmynd: Menningarmiðstöð Þingeyinga.
- Mynd 41** Bls. 124 Sýningin Mannlíf og náttúra – 100 ár í Þingeyjarsýslum. Ljósmynd: Menningarmiðstöð Þingeyinga.
- Mynd 42** Bls. 132 Fólk og hestar fyrir framan Húsið á Eyrarbakka. Verið að leggja af stað í Póstferðina til Gimli 1. júlí 2005. Ljósmynd: Elínborg Dagný Lýðsdóttir. Bygðasafn Árnesinga.
- Mynd 43** Bls. 135 Húsnæði Bygðasafn Árnesinga í tíð þess á Selfossi. Ljósmynd: Gísli Gestsson. Þjóðminjasafn Íslands.
- Mynd 44** Bls. 137 Rjórnabúið á Baugsstöðum. Ljósmynd: Gunnar Sigurgeirsson. Bygðasafn Árnesinga.
- Mynd 45** Bls. 138 Sýningin Brot af því besta í Assistentahúsi eftir jarðskjálftann 29. maí 2008. Ljósmynd: Lýður Pálsson. Bygðasafn Árnesinga.
- Mynd 46** Bls. 142 Sigurður Guðjónsson í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka á sjómánadaginn 1986. Ljósmynd: Magnús Karel Hannesson.
- Mynd 47** Bls. 150 Undirbúningur fyrir sýningu Bygðasafns Húnavetninga og Strandamanna árið 1967. Ljósmynd: Þór E. Magnússon. Þjóðminjasafn Íslands.
- Mynd 48** Bls. 153 Undirbúningur fyrir sýningu Bygðasafns Húnavetninga og Strandamanna árið 1967. Ljósmynd: Þór E. Magnússon. Þjóðminjasafn Íslands.
- Mynd 49–50** Bls. 154 Sýning Bygðasafns Húnavetninga og strandamanna 1967. Ljósmynd: Gísli Gestsson. Þjóðminjasafn Íslands.
- Mynd 51** Bls. 164 Ásbjörn Eggertsson var sjálfbóðaliði við Bygðasafn Reykjanesbæjar árið 2011 þegar sett var upp handavinnusýning í Ramma. Ásbjörn lagði til þennan púða. Ljósmynd: Sigrún Ásta Jónsdóttir.
- Mynd 52–53** Bls. 167 Úr safngeymslum Bygðasafns Reykjanesbæjar í Röst árið 2015. Ljósmynd: Haraldur Haraldsson.
- Mynd 54** Bls. 168 Sýningin Vertúðin, þyrping verður að þorpi, í Gryfunni í Duushúsum, 2012–2014. Sýningahönnuður Ólafía Ólafsdóttir. Ljósmynd: Oddgeir Karlsson.
- Mynd 55** Bls. 174 Fornleifafræðingarnir Bjarni F. Einarsson og Ármann Guðmundsson fræða ungið. Ljósmynd: Hornafjarðarsöfn.
- Mynd 56–57** Bls. 177 Úr geymslum Bygðasafns Austur-Skaftfellinga. Ljósmynd: Hornafjarðarsöfn.
- Mynd 58** Bls. 178 Gamlabúð árið 1980. Ljósmynd: Þór E. Magnússon. Þjóðminjasafn Íslands.
- Mynd 59** Bls. 186 Fuglasýning í Bygðasafninu Hvoli. Ljósmynd: Bygðasafnið Hvoll.
- Mynd 60** Bls. 187 Munir úr eldhúsum fyrri tíma. Ljósmynd: Bygðasafnið Hvoll.
- Mynd 61** Bls. 188 Á sýningunni Norðrið í norðrinu voru sýndir gripir og ljósmyndir frá vinabæ Dalvíkur, Ittoqqortoormiit á Grænlandi. Ljósmynd: Völundur Jónsson. Bygðasafnið Hvoll.
- Mynd 62** Bls. 191 Munir úr eigu Jóhanns K. Péturssonar Svarfdælings í Jóhannsstofu, Bygðasafninu Hvoli. Ljósmynd: Sigurjón Baldur Hafsteinsson.
- Mynd 63** Bls. 194 Kristján Ólafsson og Valgerður Guðmundsdóttir færðu Bygðasafninu Hvoli um 1.500 muni að gjöf sem tengdust heimilishaldi og atvinnulífi til sjós og lands í Svarfdælabýggð. Hér er Kristján innan um safnmuni sína 28. október árið 1984. Ljósmynd: Friðþjófur Helgason.
- Mynd 64** Bls. 198 Sýning Bygðasafns Norður–Þingeyinga. Ljósmynd: Menningarmiðstöð Þingeyinga.
- Mynd 65** Bls. 199 Munir á sýningu Bygðasafns Norður–Þingeyinga. Ljósmynd: Menningarmiðstöð Þingeyinga.
- Mynd 66** Bls. 200 Handverk á sýningu Bygðasafns Norður–Þingeyinga. Ljósmynd: Menningarmiðstöð Þingeyinga.
- Mynd 67** Bls. 201 Handverk á sýningu Bygðasafns Norður–Þingeyinga. Ljósmynd: Menningarmiðstöð Þingeyinga.

#### Umsögn um bókina:

*„Byggðasöfn hafa frá því um miðbik 20. aldar verið kjölfestan í sefnastarfi Íslendinga. Í þessu verki er í fyrsta sinn gerð tilraun til að safna saman sögu þeirra. Hér segir af förnfúsu starfi frumkvöðlanna og húsnæðisbasli frumbýlisáranna en líka hvernig söfnunum hefur vaxið fiskur um hrygg og tekist að verða leiðandi menningar- og menntastofnanir hvert á sínu svæði. Þau eru mikilvægir samstarfsaðilar Þjóðminjasafnsins, höfuðsafna á sviði menningarminja. Með þessu verki er lagður grunnur að sögu byggðasafnanna sem allar frekari rannsóknir hljóta að byggja á.“*

**Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður**



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS  
National Museum of Iceland



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
Rannsóknarsetur  
í safnafræðum